

**Fegurðin – Er –**  
Emily Dickinson í íslenskum bókmenntaheimi

Magnús Sigurðsson

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslensku- og menningardeild  
September 2019

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands  
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar  
við doktorspróf í almennri bókmenntafræði

Reykjavík, 22. júlí 2019

Torfi Tulinius  
deildarforseti

Doktorsnefnd:

Dr. Ástráður Eysteinnsson, leiðbeinandi

Dr. Gauti Kristmannsson

Dr. Guðrún Björk Guðsteinsdóttir

Doktorsnemi hlaut styrk úr Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands til 36 mánaða til að vinna að doktorsrannsókn þessari.

*Fegurðin – Er –. Emily Dickinson í íslenskum bókmenntaheimi*

© Magnús Sigurðsson  
Reykjavík 2019

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN: 978-9935-9491-0-3  
Prentun: Háskólaprent

Lesi ég bók og um mig læsist slíkur hrollur að enginn eldur fær yljað mér, veit ég að það er ljóðlist. Líði mér eins og efsti hluti höfuðsins hafi verið tekinn af, veit ég að það er ljóðlist. Ég kann ekki að dæma eftir öðrum leiðum. Eru aðrar leiðir til?

*Emily Dickinson*

Í vissum skilningi eru textinn og þýðandinn fastir í átökum – „Ég lagði til atlögu við þessa setningu, hún stóð hana af sér, ég lagði til atlögu við aðra, hún komst undan.“ En svo furðulega vill til í þessum slag að þegar þýðandinn sigrar, þá sigrar textinn líka.

*Lydia Davis*



## ÁGRIP

Eftirfarandi doktorsritgerð, um fyrri ummerki og flutning ljóða bandaríska skáldsins Emily Dickinson (1830–1886) inn í íslenskan bókmenntaheim, samanstendur af þremur meginþáttum: i) almennri umfjöllun um þau álitæfni sem í ljóðabýðingum eru fólgin, með sérstakri áherslu á þær áskoranir sem í ljóðum, handritageymd og höfundarvirkni Emily Dickinson búa (kaflar 1 og 2); ii) athugun á fyrri ummerkjum, mikilvægi og viðtökum Emily Dickinson í íslenskri menningar-, þýðinga- og bókmenntasögu (kaflar 3 og 4); og iii) túlkun ritgerðarhöfundar á ljóðaheimi Emily Dickinson og greinargerð á glímu hans við endursköpun valinna ljóða í þýðingu (kaflar 5 og 6). Nánar er efni ritgerðarinnar með eftirfarandi hætti:

1. kafli. *Þýðingaglíman – Þýðingaróttinn*. Almenn umfjöllun um þýðingafraedina sem slíka og þá tortryggni sem þýðingar hafa mætt í gegnum tíðina, og þá einkum og sér í lagi ljóðabýðingar. Helstu áskoranir og „deilumál“ í þýðingarferlinu eru tekin til umfjöllunar og rætt sérstaklega í hverju áskoranir ljóða Emily Dickinson eru fólgnar, m.a. út frá hinni bláþráðóttu málfræði ljóðanna sem lesandi/þýðandi þarf að fylla upp í, sem og með hliðsjón af samslætti upphafins tungutaks og talmálskenndari eiginleika í ljóðunum.

2. kafli. *Hið ljóðrana réttlæti*. Almenn umfjöllun um Emily Dickinson; þá goðsagnakenndu ímynd sem snemma náði mikilli útbreiðslu, og hvernig rannsóknir fræðimanna frá og með miðri síðustu öld hafa smám saman náð að endurheimta manneskjuna að baki goðsögninni. Þá er vikið að hinum ýmsu (og innbyrðis ósamrýmanlegu) birtingarmyndum Dickinson, bæði í ljóðunum sem slíkum sem og í viðtökusögunni almennt. Einnig er handritageymd ljóðanna rakin og rætt hvernig fyrstu útgefendur Dickinson og ritstjórar að segja má „þýddu“ handrit hennar lengi framan af, með ýmiss konar lagfæringum, styttingum, breytingum og öðrum hagræðingum sem gerðar voru á ljóðunum áður en þau voru gefin út. Jafnframt er vikið að sjálfri vinnuaðferð Dickinson, t.a.m. að þeim mörgu útkljáðu orðalagsmöguleikum sem handrit hennar geyma. Hugmyndir síðari tíma fræðimanna um handrit Dickinson sem myndræn listaverk eru ræddar, sem og þær fullyrðingar að breytileg rithönd Dickinson, dreifing ljóða hennar í bréfum til vina og vandamanna, uppsetning þeirra á hinum ýmsu pappírssneplum sem hún hripaði ljóð sín á og fleira geri að verkum að ljóð Emily Dickinson sé ekki hægt að *þýða* á prentað mál.

3. kafli. „*Emily Dickinson hjét amerísk stúlka*“. Farið er ofan í saumana á því með hvaða hætti Emily Dickinson er getið í íslenskum og vestur-íslenskum fjölmiðlum í tímans rás og þær birtingarmyndir settar í samhengi við áherslur og túlkningar fræðimanna á höfundarvirkni og ímynd hennar í seinni tíð. Hvernig breytist sú mynd sem dregin er upp af Emily Dickinson hér á landi eftir því sem líður á 20. öldina? Að hve miklu leyti ratar endurskoðun feminískra fræðimanna á 8. áratug síðustu aldar inn í hina íslensku umræðu? Hvert hefur verið vægi Emily Dickinson í íslenskri menningar- og bókmenntasögu?

4. kafli. „Ókunn finnum lönd“. Fjallað er með gagnrýnum hætti um þær þýðingar á íslensku sem til eru á ljóðum Dickinson, en í samanburðarskyni einnig kannaðar þýðingar á önnur mál, og þá einkum annað norrænt mál, sænsku. Rætt er hvernig sænskir þýðendur hafa ýmist lagt áherslu á formfestu Dickinson eða for-móðerníska þætti í ljóðum hennar, ekki síst með vísun til ólíkra túlkana á handritageymd ljóðanna.

5. kafli. *Sírenusöngur náttúrunnar*. Kafað er dýpra í ljóðaveröld Dickinson með hliðsjón af þematískum þráðum í túlkun ritgerðarhöfundar. Þannig er gerð grein fyrir því sjónarmiði og áhersluatriði ritgerðarsmiðs að í ljóðum Emily Dickinson megi að mörgu leyti greina formóðerníska eiginleika, bæði hvað stílbrögð og viðfangsefni snertir; að Dickinson hafi sem skáld kostað kapps að „dulbúa“ persónulega reynslu með tempruðu, hlutlægu tungutaki, þar sem „ímagísk“ fagurfræði og knappleiki ræður helst för. Þá er vikið að „pólunum“ í ljóðagerð Dickinson; að þeirri einföldu, barnslegu skynjunargleði sem getur að sjá svo víða, en þó einkum í náttúruljóðum hennar, samanborið við torskildari, brotakenndari og róttækari ljóð sem ætla má að stafi oftast en ekki af innri kvöl.

6. kafli. *Híð „harða, skarpa glit“*. Fjallað er sérstaklega um glímu ritgerðarhöfundar við endursköpun valinna ljóða og þær margvíslegu áskoranir sem í túlkunar- og þýðingarferlinu búa. Þannig er gagnrýnin athugun á þýðingaglímu ritgerðarsmiðs tengd við ýmis þau fræðilegu álitamál sem til umræðu hafa verið í fyrri köflum.

*Víðauki*. Úrval ljóða Emily Dickinson í frumgerð og þýðingu ritgerðarsmiðs.

Fyrirliggjandi doktorsverkefni er efnislega á mörkum íslenskra bókmennta og bókmennta enskrar tungu, en fræðilega og aðferðafræðilega á mörkum bókmenntafræði, þýðingafræði og ritlistar. Gildi og markmið ritgerðarinnar er ekki síst að efla fræðilegan skilning á vægi erlendra ljóðlistar í íslensku samhengi ásamt því að auðga íslenska ljóðlist með hinum nýju þýðingum á ljóðum Dickinson sem ritgerðinni fylgja í viðauka. Að rannsaka eigin þýðingarvinnu með gagnrýnum hætti hefur öðlast akademíska viðurkenningu sem rannsóknaraðferð á undanförunum áratugum. Á meðal rita sem rutt hafa aðferðinni braut má nefna bók John Felstiner's *Translating Neruda. The Way to Macchu Picchu* (1980), ritgerðasafn James Holmes *Translated!* (1988), rit Suzanne Jill Levine *The Subversive Scribe* (1991) og nýverið bók Lawrence Venutis *Translation Changes Everything* (2013). Markmið slíkrar rannsóknar er hvorki að skapa eins konar aukaafurð við þýðingarvinnuna né skýringarrit sem til verður eftir að þeirri vinnu er lokið, né enn síður að réttlæta þær þýðingarlausnir sem verða fyrir valinu, heldur fremur að takast á hendur fræðilega athugun sem fram fer samtímis og sem hluti af þýðingarvinnunni – en jafnframt má líta á þýðingarvinnuna sjálfa sem veigamikinn þátt í hinni fræðilegu og gagnrýnu rannsókn. Það er von ritgerðarhöfundar að með slíkri rannsóknaraðferð megi öðlast ferska innsýn inn í blæbrigði Emily Dickinson sem höfundar og eins inn í þá möguleika og takmarkanir sem búa í íslenskri tungu þegar hinni einkennandi rödd Emily Dickinson er fundinn staður í því tungumáli. Ein meginforsenda ritgerðarinnar er að verkefni bókmenntaþýðenda skarist í

senn við frumsaminn skáldskap og við túlkunarstarf gagnrýnenda og fræðimanna, en þýðingar myndi þó jafnframt sérstaka og að ýmsu leyti sjálfstæða gerð orðræðu. Ritgerðin byggir því að hluta til á því að leiða saman bókmenntafræði og bókmenntaiðju, og hún er jafnframt þverfræðileg í sampli viðtökurannsókna, bókmenntafræðilegrar greiningar og þýðingafræða, með áherslu á fræðilega umfjöllun um ljóðapýðingar.





## SUMMARY

This doctoral thesis, on how and to what extent the American poet Emily Dickinson (1830–1886) has been transferred into Icelandic literary culture, consists of three main strands: i) a general discussion of challenges faced when translating poetry, with special emphasis on issues related to the poetry, manuscripts and author function of Emily Dickinson (chapters 1 and 2); ii) an examination of translations and other forms of reception of Emily Dickinson in Icelandic literature and media (chapters 3 and 4); and iii) the doctoral student's interpretation of certain aspects of Dickinson's poetry, followed by an explication of challenges faced in the process of translating a number of her poems (chapters 5 and 6). The methodology applied rests on i) a reading of Dickinson's poetry on specific grounds (since no reading is innocent or "ungrounded"), but this reading is checked both ii) against an inquiry into the historical reception of her poetry, including the ways in which it materializes in existing translations, and iii) against the present author's own experience of translating this poetry, a hermeneutic, cross-cultural and interlingual process which will also be critically analyzed.

A detailed outline of the contents of each chapter is as follows:

Chapter 1. *Wrestling with – and Dreading – Translation*. A general discussion of Translation Studies as an academic field and the suspicion with which translations have been met throughout history, in particular translations of poetry. The main challenges and issues of disagreement concerning the translation process are addressed, with special reference to the obstacles faced in reading/translating Emily Dickinson's poetry. Such encounters and points of textual resistance include the spare and sometimes curtailed grammar of these poems, with grammatical gaps that pose challenges to readers, and perhaps especially translators, as well as Dickinson's intermingling of formal language and everyday speech in her poems.

Chapter 2. *Poetic Justice*. A general discussion of the widespread mythical aura which came to surround Emily Dickinson's poetic persona early on, and of how scholars started, from the mid-20<sup>th</sup> century, reclaiming the human being behind the legend, although each interpreter inevitably shapes his or her "own Emily" in such re-interpretations. The chapter also addresses the different states of Dickinson's manuscripts, and how Dickinson's first editors in a way "translated" her handwritten scripts into print by emending, cutting, changing and otherwise manipulating her poems before publication. In conjunction with this, Dickinson's writing procedure is analyzed, including the numerous variants left in the margins and at the bottom of her manuscript page or various scraps of paper. Consequently, ideas purporting that Dickinson's manuscripts are visual artworks are discussed, with growing number of scholars maintaining that because of the authorial intention behind the shape and form of Dickinson's handwriting, the distribution of her poems within letters written to friends and family and their

typographical layout on various pieces of paper, Dickinson's manuscripts cannot be *translated* into print.

Chapter 3. "*Emily Dickinson Was an American Girl*". Emily Dickinson's presence in Icelandic-speaking media (newspapers, magazines, public lectures, radio, television etc.) is traced and compared to recent reinterpretations of Dickinson's life and work. How does the image drawn of Emily Dickinson in Icelandic media change as the 20<sup>th</sup> century progresses? To what extent does the feminist reconsideration of Dickinson's oeuvre in the 1970's make its way into the Icelandic discussion? What has been Emily Dickinson's importance in the history of Icelandic culture and literature?

Chapter 4. "*Lands Away*". A critical discussion and evaluation of prior translations of Dickinson's poems into Icelandic, with comparisons of translations into other languages being made, especially into another Nordic language, Swedish. Examples of how Swedish translators have either emphasized Dickinson's traditional, formal aspects or endeavoured to bring forth and identify pre-modernist characteristics in her poems are given and discussed. Such internally incommensurate interpretations are based not least on a contrasting interpretation of the authorial intention latent in Dickinson's manuscripts.

Chapter 5. *The Siren Voice of Nature*. A deeper examination and interpretation of Dickinson's poetical universe is carried out by tracing certain stylistic and thematic aspects of her work. In this regard, the thesis argues that Dickinson's poetry can in many ways be viewed and read as a precursor to Modernism, both in terms of literary devices and subject matter. The thesis maintains that as a poet, Emily Dickinson endeavoured to "disguise" her personal experience through the use of a tempered, objective poetical language, in which "Imagistic" aesthetics and linguistic concision are often rigorously pursued. The chapter also discusses the two "axes" in Dickinson's poetry; the simple, childlike joy of experiencing the natural world, compared to her more obscure, fragmentary and experimental poems which more often than not intimate an inner turmoil.

Chapter 6. *The "Hard, Sharp Gleam"*. A discussion focused on the doctoral student's wrestle, as a translator, with a selection of Dickinson's poems, delving into the various challenges involved in the interpretive and translational process. The doctoral student's critical account of the translation practice is thus connected to the numerous theoretical concerns raised in previous chapters.

*Appendix*. A selection of Emily Dickinson's poems together with the present author's translations.

This doctoral thesis, in terms of its subject matter, straddles the borders of Icelandic and English-speaking literature, but in terms of theory and methodology its place is at an intersection of Comparative Literature, Translation Studies and Creative Writing. The value and aim of this thesis is not least to enhance critical and aesthetic understanding of the roles and

importance of foreign poetry in an Icelandic literary context, as well as to enrich Icelandic poetry through the creation of new translations of Emily Dickinson's poems. The act of critically exploring one's own task and text of translation has gained academic recognition in recent decades. Important examples include John Felstiner's *Translating Neruda. The Way to Macchu Picchu* (1980), James Holmes' *Translated!* (1988), Suzanne Jill Levine's *The Subversive Scribe* (1991) and recently Lawrence Venuti's *Translation Changes Everything* (2013). The aim of such exploration is not to put together a by-product of the translation or an after-the-fact commentary, and even less to justify the translations produced, but rather to pursue a scholarly scrutiny carried out alongside, but also as a part of, the translation – which in turn could be said to constitute a vital factor in the scholarly and critical inquiry. This procedure, it is hoped, will provide fresh insights into both the nuances of Dickinson's writing and the possibilities and limitations of Icelandic as a host language for Dickinson's distinctive poetic voice.

“World literature,” as David Damrosch notes in his book *What is World Literature?*, is “writing that gains in translation.” In line with this statement, the present study will inquire broadly not only into the “problems” of translating Dickinson's terse poems, but into the many threads activated in another linguistic culture when this poetry is recreated, in both likeness and difference. The aim and ambition of this dissertation is to enrich the fields on which it draws, both Comparative Literature and Translation Studies, and specifically the study of poetry as an international and multilingual medium and form of art, as well as to provide new insights both into Dickinson as a poet who speaks across cultural borders, and into the practice of modern poetry in Icelandic. Among the dissertation's main premises is that the task of literary translators intersects with both the realm of original writing and the interpretive activity of critics and scholars, but that translations also constitute a special and in significant ways independent form of discourse. As such, the thesis also entails a cross-over between theory and practice, as part of an interdisciplinary and comparative approach that draws on the reception and legacy of Emily Dickinson, literary analysis, a critical perusal of Translation Studies, and new translations-in-the making, emerging along with the process of coming to terms with Dickinson's poetry.

Translation Studies, an encompassing, flexible and in some ways still an emerging academic field with various interdisciplinary methods, offers “lines of inquiry” that differ to a certain extent from those of much traditional literary scholarship. Consequently, new approaches to established literary figures such as Emily Dickinson may present themselves in such terrain, and be enhanced through an engagement with her work in dialogue with another language, its long-standing poetry tradition and its innovative capacity.



## EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	4
SUMMARY	9
EFNISYFIRLIT	13
UM TILVÍSANIR Í TEXTA EMILY DICKINSON	17
INNGANGSORÐ	19
ÞÝÐINGAGLÍMAN – ÞÝÐINGARÓTTINN	29
<i>Hvað þýðir „að þýða“?</i>	31
<i>Tryggð og frelsi. Að „endurvirkja“ frumtexta</i>	33
<i>Útvíkkan þýðingarhugtaksins</i>	40
<i>Þýðingarlistin og arfleifð afbyggingarinnar</i>	44
<i>Stafsrókafantar og ræningjar. Þáttur Ezra Pounds</i>	48
<i>Tortryggni og hæfniskröfur</i>	52
<i>Hið „dásamlega vonleysi“ og „spámenn örventingarinnar“</i>	58
<i>Læsileiki, jafngildi og viðbót</i>	64
<i>Hið lifandi talmál og töfrablinda frumtextans</i>	73
<i>Bláþráðótt málfræði og for-móðernískur orðabúskapur</i>	76
<i>Mikilvægi leikgleðinnar</i>	81
HIÐ LJÓÐRÆNA RÉTTLÆTI	85
<i>Hin mörgu andlit Emily</i>	86
<i>Fráhvarf og fjölröddun</i>	91
<i>Hið „dulda Stríð / sem Innra geisar“</i>	96
<i>Uggur og ótti</i>	100
<i>Að yrkja fyrir sjálfan sig – og aðra</i>	104
<i>Snilligáfa og vansæld</i>	108
<i>Uppboð á mannsins hygð</i>	111

<i>Karakterinn í Amherst</i>	115
<i>Umfeðmið og miðjan. Emily og Stephan G.</i>	119
<i>Emily Dickinson í ljóðum fjögurra skálda</i>	123
<i>Hið ófrágengna ljóð</i>	137
<i>Nánar um þýðingu handritageymdarinnar</i>	142
<i>Hvar er hina sönnu Dickinson að finna?</i>	145
„EMILY DICKINSON HJET AMERÍSK STÚLKA“	151
<i>Yfirlit</i>	152
<i>Fyrstu ummerki (1924–1960)</i>	153
<i>Kettir og kynkuldí. Laumufarþegar í þýðingafarteskínu</i>	158
<i>Söngfugl sálarinnar</i>	169
<i>Þessi séni ...</i>	174
„Nú eru flestir horfnir nema hún“	180
„Í raun legg ég verk Dickinson og þessa einstöku eyju að jöfnu“	186
„ÓKUNN FINNUM LÖND“	197
<i>Stakar þýðingar</i>	198
<i>100 kvæði. Í þeysufötum íslenskerar kvæðagerðar</i>	216
„Ísmeygilega“ einföld. Viðbrögð og ritdómar	222
<i>Nánar um stuðla og staðfærslur</i>	229
<i>Norrænar þýðingar. Form-föst eða for(m)-móðernísk ljóð?</i>	235
<i>Órofin bragbeild eða „viltari, frjálslægri öndun“? Dickinson á sænsku</i>	238
„Eliot fyrir daga Eliots“	247
<i>Enn rýnt í handritin</i>	251
<i>Nánar um „sjónrænar“ þýðingar og „hljóðrænar“</i>	256
SÍRENUSÖNGUR NÁTTÚRUNNAR	259
<i>Náttúruskoðun hins smáa</i>	260
<i>Í nafni Hunangsflugunnar. Tær ljóð og tyrfin</i>	263
<i>Sírenusöngur veraldarinnar</i>	267
„Mæri – auðvelda Kvöl –“	270

<i>Nánar um úrfellingar og ímyndaðar persónur</i>	274
<i>Shakespeare og spakmálalístin</i>	277
<i>Hin ríkulega örbirgð</i>	280
<i>Huggun á hvolfi</i>	283
<i>Emily og ímagisminn</i>	285
<i>Innra landslag og austræn ábrif</i>	288
<i>Hin fullvalda mynd</i>	290
<i>„HIÐ HARÐA, SKARPA GLIT“</i>	293
<i>Gripíð miður í hinni alþjóðlegu viðtökusögu</i>	294
<i>Nánar um orðabúskap Dickinson og athafnafrelsi þýðandans</i>	299
<i>List bliðstæðunnar</i>	302
<i>Hið andlega forðabúr þýðandans</i>	306
<i>Vörpun og villtar náttur</i>	312
<i>Róðu-Grind líkama og sálar</i>	321
<i>Veröld full af skáldskap?</i>	323
<i>Hinn þráðlaus vegur</i>	325
<i>Frasinn, talmálið og línan</i>	331
<i>Eilífðarhafíð</i>	339
<i>Hinn skapandi (mis)skilningur</i>	340
<i>Hin ómálanlega ást</i>	345
<i>Dauðans dýrðlega flokkun</i>	347
<i>Orðin sem við segjum</i>	349
<i>Hið lífvæna ljóð</i>	351
<i>Orðsifjar og veidigleði</i>	354
<i>Hin þýða tónlist</i>	355
<i>Dýrleg febrúartíð</i>	357
<i>Hin fátæklega veröld</i>	358
<i>Vitund og veigrun</i>	360
<i>Fimm skref að lausn</i>	364

<i>Tveir heimar</i>	366
<i>Þegar viðfangsefni og bréfsefni skarast</i>	367
<i>Kólibrí og kókíní</i>	369
<i>Aðskilnaður og uppboðshald</i>	371
<i>Þjóðing sem höfn</i>	372
AÐ LOKUM	373
VIÐAUKI	377
HEIMILDASKRÁ	489



## UM TILVÍSANIR Í TEXTA EMILY DICKINSON

Til ljóða Emily Dickinson er vitnað í megintexta ritgerðarinnar með einkennisstöfum og númerum sem fylgja ljóðunum í þeim tveimur heildarútgáfum sem til eru af höfundarverki hennar. Þannig vísar bókstafurinn J og númer ljóðs til heildarútgáfu Thomas H. Johnsons, *The Poems of Emily Dickinson*. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University, 1955. Bókstafurinn F og númer ljóðs vísar til heildarútgáfu Ralph W. Franklins, *The Poems of Emily Dickinson. Variorum Edition*. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University, 1998. Allajafna er miðað við heildarútgáfu Franklins í ritgerð þessari og uppskrift hans með tilliti til línuskiptinga, hástafanotkunar og þankastrika fylgt, að öðru leyti en því að þankastrik Dickinson eru hér táknuð með „-“ en ekki með band- eða tengistrikinu „-“, en skiptar skoðanir eru um hvernig túlka beri rithönd Dickinson í þeim efnum. Í þeim tilvikum þar sem ljóð Dickinson eru til í fleiri en einni gerð, og ekki er vitnað til A-gerðar ljóðs, fylgir einkennisstafur (B, C, D ...) viðkomandi gerðar í kjölfar ljóðanúmers. Til bréfa Dickinson er vitnað með bókstafnum L og númeri bréfs, sem vísar til heildarútgáfu Thomas H. Johnsons á bréfum Dickinson, *The Letters of Emily Dickinson*. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University Press, 1958. Til textabrota Dickinson á lausum blöðum er vitnað með bókstöfunum PF og númeri, og eru brot þau sömuleiðis sótt í útgáfu Johnsons á bréfum Dickinson frá árinu 1958. Myndir af handritum Dickinson eru sóttar á vefsíðuna [www.edickinson.org](http://www.edickinson.org), „Emily Dickinson Archive. An Open-Access Website for the Manuscripts of Emily Dickinson“. Sé annað ekki tekið fram eru þýðingar á ljóðum Dickinson og annarra skálda ritgerðarhöfundar. Meginreglan er sú að vitnað er til frumtexta ljóða Dickinson og þýðinga ritgerðarhöfundar eða annarra á þeim saman, en í einhverjum tilvikum eru ljóð Dickinson birt óþýdd, ýmist sökum þess að umfjöllunin miðast við inntak hins enska frumtexta eða þýðingar þeirra ljóða bíða betri tíma af hálfu ritgerðarhöfundar.



## INNGANGSORÐ

Hver þarf aðra jörð?  
Þessi er alveg nógu himnesk  
sagði Emily

– *Gregory Orr*

Fyrsta upplifun þess sem hér skrifar af ljóðum Emily Dickinson var sem 18 ára menntaskólanemi í kennslustund á haustmánuðum árið 2002. Nemendum hafði verið falið að velja ljóð að eigin vali eftir enskumælandi höfund, flytja það og halda stutta framsögu um skáldið. Ekki man ritgerðarhöfundur hvaða skáld hann kynnti fyrir samnemendum sínum þennan haustdag, né hvaða skáld nokkurt af bekkjarsystkinum hans valdi, að einni bekkjarsystur undanskilinni. Sú flutti hinn kunna „útfararsálm“ Emily Dickinson „I felt a Funeral, in my Brain“. Eins og þrammið í blýklossum líkmannanna, messutrumban og skerandi hringing kirkjuklukknanna sem ljóðmælandi lýsir, þá var takföst hrynjandi og dularfullt inntak ljóðsins ógnvænlegt og dáleiðandi í senn. Áreiti hljóðanna er eins konar sírenusöngur sem bæði tælir og tortímur þeim sem á hlýðir, hvort sem það er ljóðmælandi sem hér virðist missa vitið (í allt að því bókstaflegri, „lóðréttri“ merkingu þess orðs) eða lesandi, sem eftir lestur þessa sérstæða „sálms“ veit varla hvaðan á sig stendur veðrið (F340):

Mér fannst – Útför – fara fram  
og Líkmenn, til og frá  
í Heila mínum – þamma – uns  
ég gat – fundið – þá

Og þegar allir settust  
kvað Messutrumban við –  
og drundi – drundi – uns mér þótti  
dofna Hugsunin

Og síðan heyrðust Blýklossarnir  
undir Kistunni  
klöngrast, yfir Sál mína,  
svo glumdu – Himnarnir

I felt a Funeral, in my Brain,  
And Mourners to and fro  
Kept treading – treading – till it seemed  
That Sense was breaking through –

And when they all were seated,  
A Service, like a Drum –  
Kept beating – beating – till I thought  
My Mind was going numb –

And then I heard them lift a Box  
And creak across my Soul  
With those same Boots of Lead, again,  
Then Space – began to toll,

heyrandi, ærandi  
Alheimsklukkuspil,  
og ég, og Kyrrðin, furðukyns,  
brotin, einsöm, til –

As all the Heavens were a Bell,  
And Being, but an Ear,  
And I, and Silence, some strange Race  
Wrecked, solitary, here –

Og síðan brast, í Vitund minni  
fjöl, og fall mitt hófst –  
Og skall á Veröld, við hvert högg,  
uns – Vitið – grófst –

And then a Plank in Reason, broke,  
And I dropped down, and down –  
And hit a World, at every plunge,  
And Finished knowing – then –

Síðasta erindi ljóðsins var sleppt í fyrstu útgáfu þess, sem birtist eftir daga Dickinson, eins og öll hennar ljóð að örfáum undanskildum. Lengi framan af sneiddu ritstjórar heilu erindin af ljóðum Dickinson eða breyttu orðalagi þar sem inntak þeirra þótti orka tvímælis. Hér gerir slík ritskoðun að verkum að innri átök ljóðmælanda hverfa í bakgrunninn. Víst er að fá ef nokkur önnur skáld Bandaríkjanna á þessum tíma ortu af viðlíka innsæi og dirfsku og Dickinson gerði um „andleg“ málefni, bæði í hugrænum og trúarlegum skilningi þess orðs. Ritstjórar Dickinson sáu lengi vel ástæðu til að vernda lesendur fyrir róttækustu ljóðum hennar af þessum sökum. „Skammturinn má ekki vera of stór,“ líkt og Millicent Todd Bingham, dóttir Mabel Loomis Todd, fyrsta ritstjóra Dickinson, sagði eftir á um vinnubrögð móður sinnar. „Jafnvel eftir að búið var að slípa ljóðin til, voru þau enn of dirfskufull fyrir marga lesendur.“<sup>1</sup>

Ugglaust er það rétt hjá Bingham að sannkristnir og siðprúðir lesendur Nýja Englands muni tæpast hafa verið reiðubúnir fyrir hið sérviskulega, byltingarkennda form og þær ögrandi, guðlausu hugmyndir sem einkenna stundum ljóðlist Dickinson. Ef til vill hafa markaðssjónarmið jafnframt ráðið nokkru um hvernig ritstjórar matreiddu ljóð hennar ofan í lesendur lengi vel, eða þar til fræðimenn fóru í auknum mæli að rannsaka eiginhandarrit Dickinson til þess að búa ljóð hennar til útgáfu í því sem næst stafréttri gerð. Ómögulegt er að segja hver viðbrögð samlanda hennar rétt fyrir aldamótin 1900 hefðu verið ef stafrétt útgáfa höfundarverksins alls hefði verið fánleg strax þá, skömmu eftir andlát Dickinson árið 1886, í stað öllu prúðari gerða handvalinna ljóða. En líkt og rakið verður síðar, var það ekki fyrr en rúmri öld eftir andlát Dickinson, eða árið 1998, sem endanleg prentútgáfa ljóðanna var tiltæk lesendum í fyrsta sinn.

Á okkar dögum vekja þó ljóð Dickinson og manneskjan á bak við þau enn sömu undrun. Hver var þessi einkennilega kona? Hvers vegna orti hún með þessum hætti? Og hvað merkja þessi torskildu ljóð eiginlega – hvað átti Dickinson við? Svörin eru jafnmörg og túlkendurnir, eins og oft vill verða um dularfulla höfunda, sem safna um sig skörum ritskýrenda – og bætist nú enn einn í hópinn. Oftar en ekki virðist Dickinson setja ljóð sín fram á táknrænan hátt, sem

---

<sup>1</sup> Millicent Todd Bingham. *Ancestor's Brocade. The Literary Debut of Emily Dickinson*, 1945, bls. 337.

eins konar allegoríur eða ráðgátur í krafti gegnumgangandi myndmáls og hliðstæðna, og er frelsi lesandans til túlkunar ef til vill þeim mun meira fyrir vikið. Ljóð F359 er eitt margra sem fellur vel að táknrænum lestri:

A Bird, came down the Walk –  
He did not know I saw –  
He bit an Angle Worm in halves  
And ate the fellow, raw,

And then, he drank a Dew  
From a convenient Grass –  
And then hopped sidewise to the Wall  
To let a Beetle pass –

He glanced with rapid eyes,  
That hurried all abroad –  
They looked like frightened Beads, I thought,  
He stirred his Velvet Head. –

Like one in danger, Cautious,  
I offered him a Crumb,  
And he unrolled his feathers,  
And rowed him softer Home –

Than Oars divide the Ocean,  
Too silver for a seam,  
Or Butterflies, off Banks of Noon,  
Leap, plashless as they swim.

„Nánast óhjákvæmilega hafa verið gerðar tilraunir til að lesa þetta og önnur náttúraljóð Dickinson á táknrænan hátt – með því að segja að ljóðmælandinn álíti fuglinn tákna mannsandann, eða að lesandinn skyldi að minnsta kosti gera það. [...] Ég get ekki fallist á slíkan lestur,“ segir bandaríski fræðimaðurinn og þýðandinn Joseph P. Clancy afdráttarlaust um táknsæislestur á ljóði F359.<sup>2</sup> Fremur en að seilst sé eftir yfirfærðri merkingu, álítur Clancy að líta beri á ljóðið einfaldlega sem ljóslifandi náttúrulýsingu. Fugl Dickinson stendur með öðrum orðum fyrir – fugl. En þótt eitt útiloki ekki annað, og efast megi um að nokkru sinni sé hægt að

---

<sup>2</sup> Joseph P. Clancy. „Ann Griffiths and Emily Dickinson“. *Other Words*, 1999, bls. 34.

varpa fram „hreinni“ náttúrulýsingu, án nokkurrar táknrænnar eða „hlaðinnar“ merkingar, getur sá sem hér skrifar ekki annað en tekið undir orð Clancys. Með yfirferðum lestri á þeirri hrifandi náttúrumynd sem Dickinson bregður upp er hætt við að ljóðið sé takmarkað við sérvalda hugmyndafræði, líkt og myndin *sem slík* sé ekki nægilega „skáldleg“, merking hennar ekki fullnægjandi ein og sér, sé hún ekki látin standa fyrir eitthvað annað, eitthvað stærra, líkt og mannsandann. Ljóð Dickinson eru þó vissulega ekki „bókstafleg“, öðru nær. En oftúlkun getur fært okkur frá hinni „hversdagslegu“ þungamiðju ljóðanna. Með áhrifamiklum smáatriðum – daggardropum grasblaðsins, herramannslegu hliðarhoppi fuglsins, hvarflandi perluaugum hans, fjaðráfingum flauelshöfuðsins, hinu silfraða áralagi, stökki fiðrildanna og sundtökum þeirra – er samskiptum og samfélagi hins smæsta í náttúrunni lýst af einstöku næmi, frá sjónarhóli manneskju sem bæði er áhorfandi og varfærinn þátttakandi í þessari litlu veröld, svo atburðarás ljóðsins tekur að spilast eins og örstutt hreyfimynd í kvikmyndasál lestrarhugans. Í þessum stutta kvikmyndabúti kristallast jafnframt sú samkennd, óttablandna virðing, forvitni, undrun og aðdáun sem einkennir jafnan náttúrusýn Dickinson, sem og sú skáldskaparaðferð hennar að láta myndina tala, oftast en ekki í sem fæstum orðum.

Með mikilvægi hins myndræna og knappa til hliðsjónar má rifja upp orð bandaríska ljóðskáldsins Ezra Pounds úr áhrifamikilli grein, „Nokkur bönn eftir ímagista“, en eins og vikið verður nánar að síðar er ýmislegt í skáldskaparfræði Dickinson sem bera má saman við áherslur ímagistanna ensku síðar meir:

Notið ekkert óþarft orð, ekkert lýsingarorð sem ekki afhjúpar eitthvað. [...] [H]ið náttúrulega viðfang er alltaf *fullnægjandi* tákn.<sup>3</sup>

Fugl Dickinson er „*fullnægjandi* tákn“ að mati Clancys, kannski ekki síst vegna þess að hann þarf ekki að standa fyrir annað og meira en sjálfan sig. Af svipuðum toga er eftirfarandi ljóð bandarísku skáldkonunnar Lorine Niedecker (sem raunar var sæmd virðingarheitinu „Emily Dickinson okkar tíma“ af skáldbróður sínum William Carlos Williams, vegna ýmissa líkinda í skapgerð jafnt sem skáldskap). Aftur er um beina náttúrulýsingu að ræða, nema hvað skáldið svarar hér sjálft spurningu sinni fyrir hvað myndin standi:

*Gríðarstór ugle*

Gríðarstór ugle  
á garðstaurnum úti  
hóf sig til flugs. Hvað

---

<sup>3</sup> Ezra Pound. „Nokkur bönn eftir ímagista“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Skírur*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 287–288. Orðalagið „*fullnægjandi* tákn“ er hér þýðing á orðunum „*adequate symbol*“.

er það til marks um?  
Það er til marks  
um uglu.<sup>4</sup>

Slíkar náttúrumyndir, þótt einfaldar séu í sniðum, geta leynt á sér. Þær eru í senn í fullu samræmi við náttúrulögmálin og hversdagsleikinn, en jafnframt allt að því dulúðugar – og undirstrika þannig hið óorðanlega en um leið *hversdagslega* kraftaverk sem lífið er, kraftaverk sem við verðum vitni að dag hvern, ef við bara opnum augu okkar og skynjum það sem slíkt. Slíka lífssýn boðar Dickinson víða, til að mynda í eftirfarandi ljóðlinum, þar sem ferðast er á milli hins *hversdagslega* og *himneska* í örfáum orðum, líkt og enginn grundvallarmunur sé á milli þeirrar tvenndar – og enn hafa fuglar orðið, í þetta sinn hinn litskrúðugi laufglói (F402):

To hear an Oriol sing  
May be a common thing –  
Or only a divine.

„Ég var að leiða að því hugann, í dag – af því að ég veitti því eftirtekt, að hið „Yfirnáttúrulega“ er í raun hið Náttúrulega, afhjúpað –“ kemst skáldið að orði í einu bréfa sinna (L280), og afbyggir þar með hina gamalgrónu tvennd þar sem hið yfirnáttúrulega er náttúrunni yfirskipað, kemur á undan, er að einhverju leyti forsenda hennar. Hjá Dickinson virðist þessu öfugt farið: náttúran kemur fyrst. Með því að öðlast skilning á náttúrunni opnast manningum fyrst sýn á þá guðlegu eða yfirnáttúrulegu veröld sem býr að baki henni eða er henni samrunnin, fremur en að hin yfirnáttúrulega fyrirætlun Guðs sé yfirfærð yfir á hin náttúrulegu fyrirbæri, eins og tíðkaðist um daga Dickinson.<sup>5</sup> Eða væri ef til vill réttara að segja að hið yfirnáttúrulega *búi í* fremur en *að baki* náttúrunni? Að minnsta kosti verða mörkin þarna á milli oft æði óljós í ljóðum Dickinson.

Í okkar eigin bókmenntum leitar þessi lífssýn hins hversdagslega dularmagns víða fram, bæði fyrr og síðar, en af síðari tíma höfundum mætti hér taka dæmi af verkum Gyrðis Elíassonar og vitna til fjórða „fuglaljóðsins“, þar sem hið „Yfirnáttúrulega“ og „Náttúrulega“, „alheimur“ og „innheimur“, virðist eitt og hið sama:

---

<sup>4</sup> Lorine Niedecker. *Collected Works*, 2002, bls. 104. Ljóðið birtist upphaflega í fyrstu bók Niedecker, *New Goose*, 1946.

<sup>5</sup> Hér ber þó að nefna „Transcendentalismann“ svokallaða og einn af helstu boðberum hans, skáldið og heimspekinginn Ralph Waldo Emerson. Ljóð Emersons og ritgerðir las Dickinson af áhuga og fann samhljóm í þeirri meginhugmynd hans að í náttúrunni finni maður guðdóminn í sjálfum sér, sinn „eðalborna“ innri mann, sem er líkt og framlenging af þeim guðlega mætti sem knýr náttúruna áfram. Um áhrif Emersons á Dickinson, sjá meðal annars Alfred Habegger, *My Wars Are Laid Away in Books*, 2002, bls. 219–221.

*Svarthvít mynd*

Úr fuglabók alheims og innheims

Stararnir í röð  
á gráa grindverkinu  
framan við húsið  
í þokunni

Þeir hefja sig  
til flugs

Upp úr þokunni  
á svörtum vængjum  
inn í ljósið<sup>6</sup>

Loks má taka dæmi af allsérstæðu ljóði Dickinson sjálfrar (F778), þar sem yfirfærðri eða trúarlegri merkingu náttúrunnar virðist alfarið vísað á bug, og má það teljast nokkuð nútímaleg og róttæk afstaða af hálfu 19. aldar höfundar sem ólst upp á strangkristnu heimili, í samfélagi þar sem fáir efuðust um „Tilgang“ sköpunarverksins eða veltu fyrir sér „Hlutverki“ trjáa, sem raunar „halda uppi himninum“, svo aftur sé vitnað til ljóðagerðar Gyrðis Elíassonar<sup>7</sup>, þótt öllu óljósara sé hverju tré Dickinson „Viðhalda“ hér:

Fjögur tré – á afskekktu Engi –  
án Ætlunar  
né Skipulags, né Augljóss Starfa –  
Viðhalda –

Four Trees – upon a solitary Acre –  
Without Design  
Or Order, or Apparent Action –  
Maintain –

Sólin – heilsar þeim að Morgni –  
og Blærinn  
enginn Nágranni – nærri –  
en Drottinn

The Sun – upon a Morning meets  
them –  
The Wind –  
No nearer Neighbor – have they –  
But God –

Af Enginu þiggja – Stað –  
Það – af Þeim – Athygli Ferðalangs –

The Acre gives them – Place –

<sup>6</sup> Gyrðir Elíasson. „Svarthvít mynd“. *Hugarfjallið*, 1999, bls. 29.

<sup>7</sup> Gyrðir Elíasson. „Að hausti“. *Nokkur almenn orð um kulnun sólar*, 2009, bls. 82.



Skugga, eða Íkorna, kannski –  
eða Drengs –

Hvaða Hlutverki þau gegna  
í Náttúrunni Almennt –  
hvaða Tilgangi þau þjóna – eða hamla –  
hvert um sig –

á því kann Enginn skil –

They – Him – Attention of Passer by –  
Of Shadow, or of Squirrel, haply –  
Or Boy –

What Deed is Theirs unto the General  
Nature –

What Plan  
They severally – retard – or further –  
Unknown –

Hvaða (van)skilningi er hér lýst, hvers konar náttúrusýn? Hefðbundnum leshætti kristninnar á náttúrunni sem „bók Guðs“ virðist í það minnsta hafnað. En þó er ekki þar með sagt að náttúruna megi ekki lesa, skilja og skynja með öðrum hætti, án fyrirframgefinnar túlkunar áhrifamikilla hugsunarkerfa. En slíkur lestur, slík skilningsþrá, er á margan hátt talsverð áskorun – bæði fyrir höfundinn og lesendur hans.

\* \* \*

Líkt og vikið mun að er enginn hörgull á úrtölumönnum sem efast um að þýðingar, og þá einkum ljóðabýðingar, séu yfirhöfuð mögulegar. Þegar nánar er að gáð virðist þessi þýðingarótti raunar gegnsýra menningu okkar. Tvö nýleg dæmi má nefna. „Að lesa ljóð í þýðingu er eins og að fara í sturtu í regnkápu“ segir ein af persónum kvikmyndarinnar *Paterson* frá árinu 2016.<sup>8</sup> Þá mætti hér vitna til ummæla Luisu Sobral, sem ásamt bróður sínum Salvador Sobral bar sigur úr býtum í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2017 með laginu „Amor Pelos Dois“, sem sungið var á portúgölsku:

Mér finnst tungumálið mitt fallett, hljóðin eru falleg og ég held að fólk skilji lagið út frá túlkun bróður míns. Ég held að fólk finni fyrir textanum og merkingunni eða því sem fólk á að finna fyrir í gegnum flutning hans á laginu. Þannig að mér finnst ég ekki þurfa að þýða textann, auk þess sem ég er ekki hrifinn af því að þýða ljóð. Mér finnst það skrátið[.]<sup>9</sup>

Svo stæk þýðingarfélni má heita nokkuð óvænt þegar haft er í huga hversu ríku hlutverki „þýðingar“ af ákveðinni gerð gegna í heimi tónlistarinnar, þegar tónlistarmenn taka verk annarra

---

<sup>8</sup> *Paterson*. Í leikstjórn Jim Jarmusch. Ummælin koma fyrir á mínútu 1:47:32.

<sup>9</sup> „Portúgalski keppandinn alvarlega hjartveikur“. Viðtal Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur við Luisu Sobral. 11. maí 2017. <http://ruv.is/frett/portugalski-keppandinn-alvarlega-hjartveikur>. Sótt 13. maí 2017.

til meðferðar með skapandi hætti og búa þeim nýjan búning sem „tökulög“ eða svokallaðar „ábreiður“.

Þá eru þeir engu færri efasemdarmennirnir sem telja að ógerningur sé, þegar öllu er á botninn hvolft, að skilja ljóð Emily Dickinson. Hún sé ávallt „handan seilingar“ eins og David Porter segir í riti sínu *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, og bætir við að ljóð Dickinson séu hátindur þess sem hann kallar „ljóðlist vanskilningsins“.<sup>10</sup> Cristanne Miller, annar áhrifamikill Dickinson-fræðingur, er svipaðrar skoðunar:

Sama hversu oft maður les bestu ljóð hennar, og hversu oft maður sannfærir aðra um að maður viti hvað þau „merki“, þá finnur maður eftir sem áður einhvern seiðing af óútskýrðri ráðgátu í ljóðinu; manni tekst ekki að sannfæra sjálfan sig um að maður hafi komist til botns í því; ljóðið, rétt eins og skáldið sjálft, er aldrei að öllu leyti á valdi manns.<sup>11</sup>

Paula Bennett tekur í sama streng í bók sinni *Emily Dickinson. Woman Poet*: „Hvorki sem ritstjórum né lesendum er okkur unnt að njörva hana niður. Það er ekki til viðsjálla skáld.“<sup>12</sup> Í hóp lesenda og ritstjóra má hér hiklaust bæta þýðendum. En þó ber einnig að horfa til þess sem Helen Vendler, einn gleggsti ritskýrandi Dickinson í seinni tíð, segir í upphafi bókar sinnar um þetta „viðsjála“ skáld, nefnilega að „lesendur hvaðanæva að, jafnvel þótt bakgrunnur þeirra sé ólíkur Dickinson, hafa flykkst að ljóðum hennar og hrifist af hreinskilni hennar, sorg og vitsmunum.“<sup>13</sup> Þrátt fyrir þá erfiðleika sem í ljóðum Dickinson búa er hún á meðal vinsælustu skálda heimsbókmenntanna nú á dögum og lesin víða um heim – og það á fjölmörgum tungumálum.<sup>14</sup> En þegar saman kemur hinn meinti ómöguleiki ljóðþýðinga og „óskiljanleiki“ Dickinson, skal engan furða að ófáir séu þeirrar skoðunar að ógerningur sé að þýða ljóð Emily Dickinson, líkt og nánar mun vikið að þegar hin alþjóðlega þýðinga- og viðtökusaga verður rædd. Þessi doktorsritgerð er því að einhverju leyti viðbragð við slíkum efasemdarröddum, og mynda ljóð Dickinson þann gagnabanka sem ritgerðarhöfundur leitar í á eftirfarandi blöðum, þar sem freistað mun að gera grein fyrir því hvernig unnt er að öðlast *skilning* á tilteknum höfundum, og koma þeim skilningi á framfæri í *þýðingu*.

---

<sup>10</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 38 og 208. Á ensku talar Porter um „poetry of incomprehension“.

<sup>11</sup> Cristanne Miller. *Emily Dickinson. A Poet's Grammar*, 1987, bls. 19.

<sup>12</sup> Paula Bennett. *Emily Dickinson. Woman Poet*, 1990, bls. 41.

<sup>13</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 1.

<sup>14</sup> Í bók sinni *Literary Translation and the Making of Originals* vikur fræðikonan og þýðandinn Karen Emmerich að þeim mikla fjölda þýðinga á ljóðum Dickinson sem litið hefur dagsins ljós frá aldamótunum síðustu (sjá Emmerich. *Literary Translation and the Making of Originals*, 2017, bls. 118). Nánar er fjallað um rit Emmerich síðar á þessum blöðum.

Af 1789 ljóðum Dickinson hafa ríflega 100 birst á íslensku. Auk stakra þýðinga á margvíslegum vettvangi (í blaðagreinum, á blogg síðum og sem hluti af skáldsagnaþýðingum þar sem vitnað er til ljóða Dickinson) þýðir Garðar Baldvinsson þrjú ljóð í bók sinni *Blóð á striga* (2008). Í bókum þeirra Árna Grétars Finnssonar *Leikur að orðum* (1982) og Tryggva Línalds *Gyðjuljóð og -sögur* (2003) er í hvorri um sig að finna þýðingu á einu ljóði. Mestu munar um þýðingaúrval Hallbergs Hallmundssonar, *100 kvæði* (1994), og er það eina safn þýðinga á ljóðum Emily Dickinson sem birst hefur á íslensku. Samanborið við viðtökur skálda á borð við Walt Whitman, Edgar Allan Poe og T.S. Eliot, sem hafa verið þýddir og endurþýddir af ólíkum skáldum og þýðendum og ratað með margvíslegum hætti inn í íslenskan bókmenntaheim, virðist því sem áhrif Emily Dickinson hér á landi séu lítil. Leitast verður við að útskýra hvernig á því standi, ekki síst þegar litið er til miðlægrar stöðu Dickinson ekki aðeins í bandarísku samhengi heldur einnig á vettvangi heimsbókmenntanna. Fyrirliggjandi doktorsverkefni er því jafnframt þáttur í endurskoðun íslenskrar bókmenntasögu, sem ekki verður afmörkuð við frumsaminn skáldskap eins og ætla má af hefðbundnum bókmenntasögurítum, heldur skyldi einnig taka til þess sem er þýtt – og jafnvel líta til þess sem ekki er þýtt.

Í ritgerðinni fer fram greining og mat á ljóðlist Emily Dickinson og er í senn litið til bandarískis samhengis hennar og alþjóðlegrar skírskotunar og viðtöku, þar sem íslenskur ljóðheimur verður prófsteinn í tvennum skilningi. Hvernig skiljum við bandarísk ljóð Dickinson frá sögulegum sjónarhóli íslenskrar ljóðlistar og hvernig stað má finna þessum ljóðum þegar þau eru færð inn í íslenskan málveruleika: hvernig mæla þau á íslenskri tungu? Þessi aðferð kallar á könnun á stöðu, miðlun og virkni skáldskapar Dickinson í enskum málheimi og bandarísku bókmenntakerfi – en jafnframt eru niðurstöður þeirrar könnunar lagðar á mælikvarða ljóðlistar í öðru máli og menningarkerfi. Með þessu móti opnast ný og margbreytileg sjónarhorn, ekki síst sjónarhorn þýðinga og þau ferli skilnings og túlkunar sem felast í því að færa ljóð Dickinson á milli tungumála. Rannsókn á forsendum þeirrar miðlægu stöðu sem Dickinson hefur sem bandarískt ljóðskáld verður tengd spurningum um lestur, túlkun og viðtökur ljóða hennar í öðru málsamhengi, þar sem forsendur eru aðrar sem og innri „dýnamík“ eða samræða bókmenntasögunnar. Spurt verður grundvallarspurninga um reynsluna af því að lesa, túlka og tileinka sér ljóð Dickinson, ekki síst með því að fjalla með beinum hætti um vandann við að fella ljóðin að „lögum“ hins íslenska málheims og brags. Í þessu samhengi verður unnið í breiðum skilningi með þýðingarhugtakið. Að rýna í texta, flytja rithönd yfir á prentmál, að hugsa um texta, að endurorða texta, til dæmis í gagnrýninni og fræðilegri umræðu, allt er þetta á vissan hátt þýðing, svo vísað sé til þess skilnings sem þýðingafræðingarnir George Steiner og James S Holmes hafa lagt í hugtakið í sínum verkum.<sup>15</sup>

---

<sup>15</sup> Hér eru einkum höfð í huga rit Steiners *After Babel. Aspects of Language and Translation* sem fyrst kom út árið 1975, og ritgerðasafn Holmes *Translated! Papers on Literary Translation and Translation Studies* sem út kom árið 1988.

Ljóð Dickinson eru þannig „þýdd“ með ýmsu móti í ritgerðinni: með fræðilegri greiningu og með útlekkingu í lausu máli, sem og með því að rýna í skírskotanir annarra ljóðskálda til hennar eða víðtækari umfjöllun þeirra samhliða því sem túlkanir fræðimanna og birtingarmyndir Dickinson á almannavettvangi dagblaða- og tímaritaútgáfu eru ígrundaðar. En einnig verða ljóðin þýdd með „beinum“ hætti, þ.e. með endursköpun valinna ljóða í íslensku ljóðmáli. Setja verður gæsalappir um orðið „beint“ og fjallað verður fræðilega um það krókotta ferðalag sem reynist oft liggja á milli frumtexta og þýðingar sem standa skal sem skáldverk í öðru tungumáli. Þýðing er alltaf að einhverju leyti rannsókn og túlkun á ætlun höfundar í víðum skilningi – eins og hún fyrirfinnst í textunum sjálfum, í samhengi þeirra og ýmsum heimildum. Ritgerðarhöfundur mun í senn rýna í skáldskap Dickinson og í eigin vanda við að flytja skáldskap hennar yfir á annað tungumál. Ein af forsendum rannsóknarvinnunnar er því nálægð hinna bókmenntafræðilegu og þýðingafræðilegu ígrundana við sjálft þýðingastarfið, flutning hugverks milli tungumála. Teoría og praxis, fræði og iðja, eru í virkri samræðu, nokkuð sem er undirstöðuatriði í yfirlitsriti leiðbeinanda fyrirbyggjandi verkefnis og Daniel Weissborts, *Translation – Theory and Practice* (2006). Hver þýðing er að nokkru leyti „innblásin fræði“, þar sem sýn þýðandans á höfundarverk viðkomandi skálds er lögð til grundvallar á skapandi hátt. Þessi óljósu mörk fræða og skáldskapar gera að verkum að þýðingafræðin býður að vissu leyti upp á sveigjanlegri aðferðir en hefðbundin bókmenntafræði til að fást við svo rækilega kanóníseraða höfunda sem Emily Dickinson er. Þýðingafræðin, sem enn er tiltölulega ung fræðigrein með ýmsa þverfaglega kosti, gefur því að sumu leyti kost á annars konar nálgun en hefðbundin, afmörkuð fræðimennska, og þar með kann að gefast tækifæri til að koma á nýjan hátt að lykilskáldum á borð við Emily Dickinson – kannski ekki síst þegar hún tekur þátt í samræðu við „framandi“ bókmenntahefð á borð við þá íslensku.

ÞÝÐINGAGLÍMAN – ÞÝÐINGARÓTTINN



*Hvað þýðir „að þýða“?*

Í inngangi að íslenskri þýðingu hinnar áhrifamiklu bókar belgíska þýðingafræðingsins André Lefeveres, *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*, vîkur Gauti Kristmannsson að nokkuð takmarkaðri sýn manna á þýðingarhugtakið í gegnum tíðina, en bók Lefeveres átti einmitt drjúgan þátt í útvíkkun þess:

Einhver hvimleiðasta lýsingin á þýðingum sem oft má finna í orðabókum felur í sér að snúa af einu máli á annað. Myndin er eins og af blaði sem snúa má við og þá er þýðingin komin [...].<sup>16</sup>

Að einhverju leyti mætti jafnvel ímynda sér að hér sé um hina „fullkomnu þýðingu“ að ræða. Eins konar samasemmerki sé á milli sagnanna *þýða* og *snúa*, þær séu jafnar stærðir hvað orðabókina varðar og hægt að hafa skipti á þeim, eða „færa yfir“ jafnaðarmerkið, eins og bókstafleg þýðing latnesku orðstofnanna *trans* og *latum* hljóðar upp á, án þess að nokkuð fari forgörðum. Enginn óþýðanleiki hér, sem sagt! Að þýða er að snúa og „omvendt“ – að snúa er að þýða.

Málið er þó sjaldnast svo einfalt. Í hinni fullkomnu þýðingu, ef hún er til, felst tæpast að höfð séu einhlít og tæmandi skipti á allsendis jafngildum orðum, svo að úr verður sama stærð hinum megin jafnaðarmerkisins, einungis táknuð með öðrum hætti, á öðru tungumáli, þar sem *árból* verður *tré* og *luż* verður *ljós*. Í þýðingarstarfinu felst sem betur fer annað og meira en að hella innihaldi milli tveggja glasa og gæta þess að ekkert fari til spillis. Merkingin er raunar fljótandi – og það *báðum megin* jafnaðarmerkisins, nokkuð sem vill gleymast þegar litið er á frumtexta sem einhvers konar óbreytanlegan merkingarfasta, sem aldrei skili sér allur. Og raunar er það svo að sjálf þýðingin getur hnikað þessum sama „merkingarfasta“ til, með því að varpa nýju ljósi á ýmsa eiginleika frumtextans, og þar með haft áhrif á frekari túlkanir og lestur. Þýðingarferlið er þannig tvíátta, það liggur ekki eingöngu frá frummáli til markmáls.

Tungumál heimsins hólfa veröldina niður og skilgreina hana hvert með sínum hætti, í krafti orðanna sem notast er við. Á litrófinu fellur íslenska orðið „gulur“ ekki yfir nákvæmlega sama gula skala og velska orðið „melyn“. „Rétt“ íslensk þýðing velska litarorðsins er vissulega *gulur*, en þó er ekki alfarið um sama lit að ræða.<sup>17</sup> „House“ og „hús“, „maison“ og „casa“ eru ekki að öllu leyti sama fyrirbærið, né heldur „building“ og „bygging“, „Gebäude“ og „edificio“. Á þetta hafa ýmsir bent, svo sem þýski guðfræðingurinn og túlkunarfræðingurinn Friedrich

<sup>16</sup> Gauti Kristmannsson. „Þegar hagrætt er í menningunni“. Í André Lefevere. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Þýð. María Vígðís Kristjánsdóttir, 2013, bls. 14.

<sup>17</sup> Í bók sinni *Mouse or Rat? Translation as Negotiation*, 2003, ræðir ítalski táknafræðingurinn og rithöfundurinn Umberto Eco litaorð nokkuð ítarlega með hliðsjón af þýðingum (sjá bls. 182–193).

Schleiermacher í kunnri grein, „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir“ frá árinu 1813, þar sem segir meðal annars að engin orð eigi sér „nákvæma samsvörun í orðum annars tungumáls.“<sup>18</sup> Í þessum efnum mætti sömuleiðis nefna gamansama umfjöllun Helga Hálfðanarsonar um danska orðið *kvinde*, sem ekki virðist eiga sér jafngilt orð á íslensku þegar nánar er að gáð:

Segja má að munur tungumála láti einkum til sín taka í ljóðskap, ekki sízt þegar bragur er meira eða minna bundinn. En vitaskuld gæti hans hvarvetna. Já, einhvern tíma hélt ég því fram, kannski í nokkrum hálfkæringi, að íslenzkt orð, sem alls kostar samsvarar danska orðinu *kvinde*, sé vandfundnið. Einhver kann að segja, að þar sé ekki langt að leita orðsins *kona*. Freysteinn þýðir *kvinde*: kona, kvenmaður. En hyggjum betur að. *Kona* getur þýtt eiginkona, en *kvinde* ekki. Það eitt virðist setja hugtakinu *kona* nokkru hærri aldursmörk. Og þar leggjast á eitt fjölmargar samsetningar af *kona*, sem væru óhugsandi af *kvinde*. Svo er býsna mikill munur á svip þessara tveggja orða; hljómur þeirra er harla ólíkur. *Kona* er fjarskalega einfalt orð og hreinlegt; það er kyrrlátt og siðgott. Orðið *kvinde* er hvíklátara, jafnvel ofurlítið léttúðugra. Það fær svip sinn af stuttu og snaggaralegu *i*-hljóði á undan hljómmiklu *n*-hljóði. Það er fjaðurmagnaður glæsileiki í orðinu *kvinde*; það er í því danssveifla, sem er ekki í orðinu *kona*. *Kvinde* hefur jafnvel nokkra kyntöfra, öllu fremur en *kona*, hefði ég nú haldið. Það er ekki fyrr en í eignarfalli fleirtölu, að *kona* getur ögn brugðið á leik, ef í það fer, svo sem fjölmargar samsetningar af *kevna*-bera vitni; enda hefur orðinu loksins þar áskotnast nokkuð af náttúru hins danska orðs. En hræddur er ég um að Einar Benediktsson verði samt að setta sig við það, að íslenzkt orð, sem samsvari danska orðinu *kvinde*, sé ekki til.<sup>19</sup>

Það má heita illgerlegt að þýða nokkurn skapaðan hlut ef ekki einu sinni hin danska *kvinde* og hin íslenska *kona* eru samþýðanlegar, og raunar öldungis ójafngildar þegar öllu er á botninn hvolft! Jafngildishugtakið (e. „equivalence“), sem hefur verið áberandi æ síðan þýðingafraeðin markaði sér skýran völl sem sérstakur fræðavettvangur á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar, er þó að mörgu leyti gagnlegt verkfæri, enda snýr það síður en svo að einstökum, afmörkuðum orðum að mati þess sem hér skrifar, heldur að virkni textans í heild sinni – að eins konar samlegðaráhrifum allra þeirra ólíku þátta sem saman koma í bókmenntatexta. Með heildrænni (og þar með öllu sveigjanlegri) sýn á virkni bókmenntatexta, felst í *jafngildinu* visst frelsi þýðandanum til handa, þótt þessu sama frelsi séu um leið nokkrar hömlur reistar, enda þarf jafngildið ávallt að uppfylla tiltekin skilyrði. Þá markast þýðing ekki síður af þeim *tilgangi* eða

<sup>18</sup> Vitnað eftir Ástráði Eysteinssyni, *Tvímáli. Þýðingar og bókmenntir*, 1996, bls. 88. Greinin er til í íslenskri þýðingu Martin Ringmars, sjá *Jón á Bægisá*. 14. árg., 2010, bls. 5–29.

<sup>19</sup> Helgi Hálfðanarson. „Ögn um þýðingar“. *Molduxi*, 1998, bls. 137–138.



*Skopos* sem býr þýðingastarfinu óhjákvæmilega að baki, svo vísað sé til hinnar svokölluðu Skopos-kenningar þýsku þýðingafraeðinganna Katharinu Reiss og Hans J. Vermeers. Kenningu sína settu þau Reiss og Vermeer fram í ritinu *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie* árið 1984, þar sem áhersla er lögð á eins konar stigveldisskiptingu ríkjandi (og víkjandi) viðmiða og eiginleika sem þýðandi kappkostar að ná fram í verki sínu. Það ræðst þannig af *tilgangi* eða *Skopos* þýðingarinnar hvaða eigindum og skírskotunum frumtextans er gert hátt undir höfði á meðan minna ber á öðrum eða þær eru látnar mæta afgangi. Eins og gefur að skilja kunna mismunandi þýðendur að leggja mismunandi stigveldisskiptingu og jafngildisleit til grundvallar störfum sínum, líkt og sjá má síðar á þessum blöðum þegar annars vegar *formfastar* og hins vegar *móðernískar* þýðingar á ljóðum Emily Dickinson á sænsku verða ræddar, en að baki svo gagnólíkum áherslum sama frumtexta liggja gagnólíkir *Skopoi*.

Um eðli hinnar opnu, sveigjanlegu jafngildisleitar, sem bandaríska ljóðskáldið Ezra Pound átti ekki síst þátt í að festa í sessi á síðustu öld með framsækinni þýðingariðju sinni, mætti ef til vill hafa þau orð Pounds að láta „ORDIN eiga sig“, en þýða þess í stað „MERKINGUNA“.<sup>20</sup> Áhersluna á að nálgast þýðingarstarfið út frá „heildarsummu“ texta (merkingu hans) fremur en einstökum þáttum (orðunum) er þó nokkuð sem má sækja allt aftur til Rómverja. En seinna átti Pound raunar eftir að ganga enn lengra, þegar hann gaf þýðanda sínum eftirfarandi „skáldaleyfi“ til nýsköpunar: „Ekki þýða það sem ég skrifaði, þýddu það sem ég ÆTLADI að skrifa.“<sup>21</sup>

Ljóst má því vera að það að þýða er jafnan talsvert annað og meira en „að snúa“.

#### *Tryggð og frelsi. Að „endurvirkja“ frumtexta*

Það kann að skjóta skökku við í hugum margra að þýðanda beri (eða dirfist) að setja sig í þær „skáldlegu“ stellingar sem Pound hvetur til, og bæti jafnvel við frá eigin brjósti ef þurfa þykir. Fáir munu þó telja að þýðingarstarfið sé „vélrænt“ í eðli sínu þegar bókmenntir eru annars vegar, enda vélþýðingar nú sem fyrr fjarlæg hugmynd þegar kemur að fagurbókmenntum, þótt framfarir hafi orðið á þýðingum staðlaðra texta á borð við veðurspár, lagaskjöl og aðra nytjatexta. Þegar hins vegar horft er til þess að (i) einstök orð geta oft falið í sér fleiri en einn merkingarkjarna (e. „denotation“) sem frumhöfundur bregður á leik með, auk (ii) margs konar (og oftar en ekki síbreytilegra) merkingarauka (e. „connotation“) sem þarf að taka afstöðu til hverju sinni, að (iii) þessi sömu marggildu orð má gjarnan þýða á ólíkan hátt yfir á annað tungumál þannig að fleiri en eitt og fleiri en tvö „jafngild“ orð koma til greina, og (iv) þegar horft er til þess að í beygingarmálum á borð við íslensku hefur þýðandi val um að raða þessum

<sup>20</sup> Tilvitnun sótt í Hugh Kenner. *The Pound Era*, 1971, bls. 150.

<sup>21</sup> Sama rit, bls. 150.

sömu orðum á margvíslega vegu, jafnvel í tiltölulega einföldum setningum, þá ætti að vera ljóst að *starðfræðilega* eru mögulegar þýðingarleiðir nær óþrjótandi, jafnvel þegar um stutta texta er að ræða. Sé gert ráð fyrir að þýða megi hvert orð á tvo ólíka vegu í texta sem telur aðeins 100 orð, er útkoma fjölda mögulegra samsetninga þess þýðingarreikningsdæmis  $2^{100}$ , og er þá ekki reiknað með margbreytilegri orðaröð. Þetta er svo óumræðilega stór tala að hún nálgast fjölda atóma í hinum sýnilega alheimi. Allt tal um orðréttar þýðingar sem réttari eða „trúari“ endursköpun en hinar frjálsari eru því orðin tóm. Möguleikarnir eru einfaldlega of margir til að réttlætlanlegt sé að leggja svo einræðan skilning í hina orðréttu þýðingaraðferð, enda aldrei aðeins *ein* leið fær. Þýðingarferlið er aldrei svo niðurnjörvað að valkostir þýðanda nálgist naumhyggju af nokkru tagi.

Sem dæmi um sveigjanleika þýðingarstarfsins má nefna ólíkar þýðingar bandaríska ljóðskáldsins Frank Bidarts á „Odi et Amo“, kunnu ljóði rómverska skáldsins Katúllusar, sem hljóðar svo á frummálinu:

Odi et amo. quare id faciam, fortasse requiris?  
nescio, sed fieri sentio et excrucior.

Í hrárrí „þýðingu“, orð fyrir orð, gætu línurnar útlagst svo:

Ég hata og ég elska. Hvers vegna ég geri það, má vera þú spyrjir?  
Ég veit það ekki, en ég finn það gerast og ég kvelst.

Ljóð Katúllusar er Bidart hugstætt, enda hefur hann í þrígang þýtt þessar frægu línur, sem fanga hugarástand hins ástsjúka elskanda:

*Catullus: Odi et Amo*

I hate *and* love. Ignorant fish, who even  
wants the fly while writhing.

*Catullus: Excrucior*

I *hate and—love*. The sleepless body hammering a nail nails  
itself, hanging crucified.

*Catullus: Id Faciam*

What I hate I love. Ask the crucified hand that holds  
the nail that now is driven into itself, why.<sup>22</sup>

Bidart kys að mestu að þýða ljóð Katúllusar ekki orð fyrir orð – *nec verbum verbo* – heldur merkingu fyrir merkingu – *sensum de sensu*. Orðalag þetta er allajafna rakið aftur til heilags Híerónýmusar, verndardýrlings þýðenda, og aðferðarinnar að baki hinni svokölluðu Vúlgötuþýðingu hans á Biblíunni síðla á fjórðu öld og á öndverði þeirri fimmtu eftir Krist. Aðferðinni sem slíkri hafði þó vitaskuld verið beitt áður, enda hugsanlegt að Híerónýmus vísi hér til ummæla rómverska ræðusnillingins Cicerós um þýðingar sínar úr grísku, eða jafnvel til heilræða Hórasar í riti hans um skáldskaparlistina, *Ars Poetica*, þar sem skáldið varar við orðréttri fylgispekt þegar frásagnir Grikkja eru endursagðar.<sup>23</sup> Ef til vill kann þó einhverjum að þykja að Bidart hafi hér seilst helstil of langt, með því að víkja frá (beinni) þýðingu sjálfra orðanna sem frumtexti Katúllusar samanstendur af, og bita svo höfuðið af skömminni með því að bæta við eigin líkingamáli (fiskurinn á önglinum; svefnleysið; hinn sjálf-krossfesti líkami, þótt „krossinn“ sé vissulega til staðar í sögninni „*excrucior*“).

Eflaust má færa fyrir því rök að hér sé um hið grúa svæði „enduryrkinga“ eða „endursköpunar“ að ræða, fremur en að Bidart geti talist hafa þýtt ljóð Katúllusar svikalaust. Munurinn á *þýðingu* og *enduryrkingu* er þó síður en svo klipptur og skorinn. Í eyrum íslensks málnotanda má að vísu ætla að nokkuð skýr greinarmunur sé á sagnorðunum „að þýða“ annars vegar og „að enduryrkja“ hins vegar (þótt leitarvél Google geri ráð fyrir að manni hafi orðið „fingraskortur“ á lyklaborðinu, og hafi ætlað að slá inn sögnina „að endurvirkja“ í staðinn – sem er raunar prýðileg lýsing á þýðingarstarfinu!). Þannig feli *þýðing* í sér tiltölulega nákvæma (trúa) fylgispekt við frumtexta, ef ekki frá orði til orðs þá að minnsta kosti frá einni setningu til annarrar, á meðan *enduryrking* sé öllu lausbeislaðri endursköpun, með tilheyrandi frávikum frá frumtexta. Í lögum um Bókasafnssjóð höfunda er þessi greinarmunur í málnotkun augljóslega til staðar, þótt athyglisvert sé að sjá að hann er ekki látinn ráða *lagalegum* mun:

3. gr. Rétt til úthlutunar vegna afnota bóka í bókasöfnum eiga samkvæmt lögum þessum:

---

<sup>22</sup> Þýðingarnar birtust (í þessari röð) í eftirfarandi ljóðabókum Bidarts: *The Sacrifice* (1983), *Desire* (1997) og *Watching the Spring Festival* (2008). Hér vitnað eftir Christopher Spaide. „Poetry in Review. *Half-light. Collected Poems, 1965–2016*, by Frank Bidart“. <https://yalereview.yale.edu/poetry-review-half-light-collected-poems-1965-2016-frank-bidart>. Sótt 25. okt. 2018.

<sup>23</sup> Sjá m.a. umfjöllun Ástráðs Eysteinsonar. *Trímáli*, 1996, bls. 38–39.

[...]

2. Þýðendur, svo og þeir sem enduryrkja, endursegja eða staðfæra erlendar bækur á íslensku.<sup>24</sup>

Þeir sem „enduryrkja, endursegja eða staðfæra“ eru þannig ekki beinlínis „þýðendur“, en njóta þó sömu lagalegu réttinda. Á norsku virðist munurinn enn óljósari, enda sagnirnar „oversette“ og „gjendikte“ notaðar svo til jöfnum höndum þegar um ljóðapýðingar er að ræða, líkt og segir í skilgreiningu *Store norske leksikon* á þýðingarhugtakinu (n. *oversettelse*):

Á norsku er oftar en ekki talað um *enduryrkingar* þegar kemur að ljóðapýðingum. Óljóst er í hverju munurinn á þýðingu og enduryrkingu er fólgin, enda færast mörkin milli þessara tveggja hugtaka til með tíð og tíma.<sup>25</sup>

Hér má enn fremur benda á að hugtakið „tolkning“ á sænsku er oftar en ekki notað þegar um ljóðapýðingar er að ræða í stað „översättning“, hins almenna þýðingarhugtaks sem nær til þýðinga á annars konar textum. Í þessari ritgerð mun lítið svo á að þýðing sé alltaf að einhverju leyti „gjendiktning“ eða „tolkning“; bæði í lestri og skilningi þýðanda á hinum ýmsu eigindum frumtextans sem og í endursköpun þess skilnings, þegar þess er freistað að koma samskonar hughrifum til skila. Um leið má segja að þýðing sé alltaf að minnsta kosti tvöfalt ferli: (i) sú „rauntímaþýðing“ sem lestur þýðandans er, það skynjunar- og túlkunarferli sem fram fer hið innra, og (ii) sú „fýsíska“ þýðing sem smám saman verður til á pappírnum, sem hluti af efnisveruleikanum. Af þessu leiðir að allir lesendur eru á sinn hátt þýðendur, enda lestrarferlið aldrei óvirkt; merkingarsköpunin er samstarfsverkefni höfundar og lesanda, líkt og Roland Barthes leggur svo þunga áherslu á í hinni kunnu ritgerð sinni „Dauði höfundarins“ (1967).

Ef ekki væri fyrir þessa tvöföldu (endur)sköpun, gætu tölvurnar ugglaustr tekið málin í sínar hendur. En kannski er það ekki síst til marks um hve margslungið þýðingarferlið er að þrátt fyrir allar þær stórstígu framfarir sem orðið hafa á gervigreind, leitarvélum, aðgengilegum textasöfnum, þýðingabönkum og hugbúnaði hvers konar á undanförunum árum og áratugum, þá eru vélþýðingar bókmenntatexta eftir sem áður nær óvinnandi vegur. Áður er minnst á að út frá sjónarhorni stærðfræðinnar séu mögulegar þýðingarleiðir í raun ótæmandi. Talningarfræðin, sem gerir grein fyrir fjölda hugsanlegra tilfella eða atburða miðað við gefnar forsendur hverju sinni, hefur nýst til að þróa skáktölvur sem geta upphugsað milljónir mögulegra leikja á augabragði, og þar með reiknað út hver þessara leikja sé best til þess fallinn að leggja andstæðinginn að velli. Eiginlega mátar (!) tölvan hvern leik við taflborðið og velur þann sem best hentar, með hliðsjón af skákinni í heild sinni, fram í tímann. Rétt eins og hver

<sup>24</sup> „Lög um bókasafnssjóð höfunda“. <https://www.althingi.is/lagas/133a/1997033.html>. Sótt 2. ágúst 2019.

<sup>25</sup> Sjá skilgreiningu á *oversettelse*: <https://snl.no/oversettelse>. Sótt 2. ágúst 2019. Þýðing MS.

ákvörðun þýðanda er tekin með hliðsjón af þýðingunni allri (raunar bæði því sem á undan fer og á eftir kemur), þá kortleggur tölvuheilinn og endurreiknar síkvikt „ákvarðananet“ skákarinnar með hliðsjón af afleiðingum hvers leiks, en með hugtakinu *ákvarðananet* innan þýðingafræðinnar er átt við flókið og síbreytilegt samhengi textans alls, sem stjórnast af margslungnu samspili innbyrðis tengdra þátta á borð við orðaval, brag, málsnið, „hljóm“, „rödd“, „andblæ“ og fleira. Þannig getur „röng“ ákvörðun þýðanda á einhverjum tímapunkti verið eins konar „afleikur“, sem takmarkar möguleika þýðandans og hefur áhrif á „þýðingarskákina“ alla, svo þéttriðið sem ákvarðananetið er.<sup>26</sup> En þótt framfarir undanfarinna ára og áratuga á sviði skákforritunar séu slíkar að stórmeistarar í dag geta ekki lengur sigrað ofurtölvur á borð við *Dimmblá*, þá veit hver sá sem fengið hefur send í tölvupósti bjöguð gylliboð um ábatasöm viðskiptasambönd að þýðingarforritin eru talsvert skemmra á veg komin. Enn hefur ekki tekist að hanna þýðingarvél sem greitt getur með sannfærandi hætti úr því flókna ákvarðananeti sem liggur öllum bókmenntaþýðingum til grundvallar, og efamál að slíkt sé yfirhöfuð hægt svo vel sé.<sup>27</sup>

Þyki mönnum Bidart ganga langt í Katúllus-þýðingum sínum hér að ofan, þá má ætíð ganga einu skrefi lengra; frá því að þýða með því að endurskapa merkingarkjarna ljóðs (svo illskilgreinanlegur og fljótandi sem hann getur verið) til eins konar tilraunamennsku og frjálsslegra tilbrigða við frumtexta sem þýðandi sækir í eftir þörfum, svo mörkin milli þýðinga og frumyrkinga verða enn óljósari. Hér mætti benda á bandaríska ljóðskáldið Robert Lowell og tilraunir hans í þýðingum sínum, með úrfellingum, rausnarlegum viðbótum, tilfæringum og öðrum „skurðaðgerðum“ í anda Frankensteins á frumtextanum – og kallaði afraksturinn *eftirlíkingar* fremur en þýðingar, í hinni umdeildu bók *Imitations* frá árinu 1961.

Alræmdar sömuleiðis eru þýðingar hjónanna Celiu og Louis Zukofskys á fyrrnefndum Katúllusi frá árinu 1969. Ólíkt Bidart, þýða Zukofsky-hjónin ljóð Katúllusar þó ekki „merkingu fyrir merkingu“ heldur „orð fyrir orð“, og raunar „hljóð fyrir hljóð“. Sú (meinta) tryggh við frumtexta sem allajafna einkennir orðréttar þýðingar er hins vegar víðs fjarri, að minnsta kosti hvað merkingu ljóðanna snertir. Í stað þess að þýða inntak orðanna, freista Zukofsky-hjónin þess nefnilega umfram annað að flytja *hljóm* þessara sömu orða yfir þýðingarmærin. Um svokallaðar „hómófónískar“ eða samhljóma þýðingar er að ræða, með því að orðanna hljóðan fremur en merking þeirra er „þýdd“ eða endursköpuð, oft með talsverðri hugkvæmni og

<sup>26</sup> Sjá Ástráð Eysteinnsson. *Tvímaði*, 1996, bls. 110–111.

<sup>27</sup> Til gamans má hér nefna „íslensku“ setninguna *taka stök til hærri jörð*, sem hljómaði í laginu „Higher Ground“, framlagi Dana til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2018, og mun vera vélþýðing á enska frasanum „take a leap to higher ground“. Árangur tölvurísans Microsoft á þessu sviði gefur þó fyrirheit um að draumurinn um æ fullkomnari vélþýðingar lifir enn, en snemma árs 2018 tilkynnti fyrirtækið að þýðingarvél þess væri nú fær um þýðingar á fréttatengdu efni af kínversku á ensku sem væru „að gæðum og nákvæmni“ sambærilegar þýðingum unnar af mönnum. Sjá <https://blogs.microsoft.com/ai/machine-translation-news-test-set-human-parity/>. Sótt 10. maí 2018. Framtíðin mun þó leiða í ljós hvort sjálfsmág gervigreindra tölvuheila á borð við þá sem Microsoft, Google og önnur tæknifyrirtæki hafa þróað á síðustu árum muni að lokum leiða til þýðingarvéla sem geta tekist á við þær margslungnu áskoranir sem í þýðingum bókmenntatexta felast.

tilheyrandi álagi á liði tungumálsins, sem er teygt og togað á alla kanta. Svona hljómar til að mynda „Odi et Amo“ í meðförum þeirra Celiu og Louis Zukofskys:

O th'hate I move love. Quarry it fact I am, for that's so re queries.  
Nescience, say th' fiery scent I owe whets crookeder.<sup>28</sup>

Þegar „Únglingurinn í skóginum“ birtist fyrst árið 1925, fylgdi Halldór Laxness kvæðinu úr garði með stuttum formála, þar sem höfundur útskýrir óhefðbundin efnistöð sín svo – og mætti ef til vill hafa þau útskýringarorð bakvið eyrað þegar þýðingar Zukofsky-hjónanna eru lesnar, *með eyrunum*:

Expressíónistiskum skáldskap er fremur ætlað að valda hughrifum fyrir hreims sakir og hljómrænnar notkunar orða en hins, að gefa einhverja eina rétta efnislausn.<sup>29</sup>

Ef þýðingar Frank Bidarts dansa á þýðingarlínunni hárfínu með því að víkja um of frá orðréttri endursköpun frumtextans og gefa þannig aðra „efnislausn“ en latneska fyrirmyndin, þá fara þau Celia og Louis svo nærri frumtextanum og orðmyndum hans að þýðingin er *merkingarfræðilega* úr fókus. Kannski mætti bera aðferð þeirra hjóna saman við safngest á málverkasýningu sem kys að virða málverkin fyrir sér með nefið klesst upp við strigann. Verkið birtist ekki í heild sinni. Úr þessari miklu nálægð ber þó ýmislegt forvitnilegt fyrir sjónir; hver pensilstroka er sýnileg, sjálfur efniviðurinn og hvernig hann er mótaður af skapara sínum.

Eflaust munu þó margir þeirrar skoðunar að „bókstafleg“ tilraunamennska Zukofsky-hjónanna (frá orði til orðs og hljómi til hljóms) geti enn síður en enduryrkingar Bidarts (frá merkingu til merkingar) talist þýðing, í öllum hefðbundnum skilningi þess orðs. En hvaða „hefðbundni“ skilningur er það sem allajafna er lagður í orðið þýðing? Er það þegar þess er samviskusamlega gætt að skila *merkingunni* – án þess þó að hvika sjónum *um of* frá sjálfum *orðum* frumtextans? Er það þegar hinn gullni meðalvegur milli orðréttrar og frjálslegrar millifærslu máls, merkingar og menningar er fetaður? Í ritgerð sinni „Verkefni þýðandans“ (1923), sem haft hefur mikil áhrif allt frá tilurð þýðingafraeðinnar sem sérstaks fræðasviðs frá og með sjöunda áratugnum, bendir þýski heimspekingurinn og bókmenntagagnrýnandinn Walter Benjamin á þá „línulausu togstreitu“ sem ríkir á milli þessara hálu hugtaka – frelsi og trygð, orð og merking:

---

<sup>28</sup> Celia og Louis Zukofsky. *Catullus*, 1969, blaðsíðutal vantar.

<sup>29</sup> Úr formála Halldórs Laxness að „Únglingnum í skóginum“. *Eimreiðin*, 1. jan. 1925, bls. 70.

Tryggð og frelsi – frelsi við endurframsetningu merkingarinnar og, í þjónustu hennar, tryggð gagnvart orðinu – eru hin arfhelgu hugtök í allri umræðu um þýðingar. Þau virðast ekki lengur geta gagnast kenningu sem leitar eftir öðru í þýðingu en endurframsetningu merkingar. Í hinni hefðbundnu notkun þessara hugtaka eru þau reyndar í linnulausri togstreitu. Því hvernig gagnast tryggð eiginlega við endurframsetningu merkingar? Tryggð í þýðingu einstakra orða megnar næstum aldrei að skila allri þeirri merkingu sem orðið hefur í frumtextanum.<sup>30</sup>

Segja má að metnaður Benjamins standi til annars og meira en yfirborðslegrar „endurframsetningar merkingar“. Hvað sem því líður, þá verður ekki undan því vikist að fást við „þýðingu einstakra orða“ – og raunar virðist Benjamin mælast til þess að orðunum, sem „frumefni þýðandans“, sé fylgt, fremur en heilum setningum:

Sönn þýðing hleypir birtu í gegn, hún þekur ekki frumtextann, hindrar ekki að ljós falli á hann, heldur lætur hið hreina mál, sem magnist það í miðli hennar, falla þeim mun skærar á frumtextann. Það er fyrst og fremst orðrétt yfirfærsla setningagerðar sem er þessa megnug og það er einmitt hún sem sannar að orðið, ekki setningin, er frumefni þýðandans. Því að setningin er múrveggurinn um tungumál frumtextans en hin orðréttu leið liggur um súlnagöngin.<sup>31</sup>

Á það hefur hins vegar oft verið bent að hættan sem getur falist í hinni orðréttu þýðingaraðferð er að textinn verði merkingarfræðilega misvísandi eða fái á sig hinn alræmda þýðingarblæ. Þó veldur hver á heldur í þessu sem öðru og mikilvægt að horfa ekki fram hjá þeim skapandi þætti orðsins sem Benjamin leggur áherslu á í grein sinni. Dæmi um þá hugvitssemi og frjálslegu en um leið trygglyndu endursköpun sem í orðréttri þýðingu getur falist er krossfestingarmyndmál Bidarts í fyrrnefndri þýðingu hans á ljóði Katúllusar. Mynd hins sjálf-krossfesta líkama sprettur af orðsifjafraðilegri þýðingu Bidarts á latnesku sögninni „*excrucior*“ – ég þjáist – sem geymir krossinn í orðstofnum sínum:

*Catullus: Excrucior*

*I hate and—love. The sleepless body hammering a nail nails  
itself, hanging crucified.*

---

<sup>30</sup> Walter Benjamin. „Verkefni þýðandans“. Þýð. Ástráður Eysteinnsson. Í Walter Benjamin. *Fagurfræði og miðlun*, 2008, bls. 195.

<sup>31</sup> Sama rit, bls. 197.

Með vissum sveigjanleika eru orðréttar þýðingar því síður en svo andlausar. Spurningin er fremur hvaða skilningur er lagður í orðin „orðrétt þýðing“ – hvort það sé hin vélræna fylgispekt við runu orðanna, hvert af öðru, eða „súlnagöngin“ sem Benjamin hvetur til að séu þrædd, og minna kannski einna helst á ormagöng (eða *orðagöng*, jafnvel) um víddir frumtextans, sem flutt geta þýðanda milli ólíkra tíma- og merkingarsviða í einni svipan. Þannig hafa ýmsir orðið til að halda merki orðréttra þýðinga á lofti, eða öllu heldur „réttu við orðstír“ þeirra, eins og Ástráður Eysteinnsson segir í bók sinni *Tvímaði*:

[O]rðréttar þýðingar þurfa ekki að vera þýðlenska og jafnframt merkir „orðréttur“ ekki að þýðandi eigi aðeins um eitt orðalag að velja, né heldur að þýtt sé orð fyrir orð. Nauðsynlegt er að draga mörk á milli *bókstafsþýðinga* og *orðréttra þýðinga*.<sup>32</sup>

Að mati Ástráðs getur óttinn við þýðlenskuna, og að sama skapi áhersla á *læsileika* og *lipurð* þýðingartextans, villt mönnum sýn „á þá möguleika sem kunna að felast í nærveru frumtextans.“ Nánar mun vikið að fagurfræði læsileikans síðar, og þeim takmörkunum sem í lipurðinni geta falist.

#### *Útvíkkun þýðingarbugtakans*

Þær ólíku leiðir sem þýðandi getur farið í starfi sínu og hafa verið þræddar lauslega hér að framan, eru kannski ekki hvað síst kunnar af þrískiptingu enska skáldsins og þýðandans John Drydens á þýðingarstarfinu. Ástráður Eysteinnsson rekur flokkun Drydens svo:

Víðkunn er þriggreining enska skáldsins og þýðandans Johns Drydens frá 1680, en þar segir að þýðandi geti í fyrsta lagi þýtt af nákvæmni orð fyrir orð („metaphrase“), í öðru lagi þýtt þannig að frumverkið sé ætíð í sjónmáli, en merkingu þess fylgt fremur en bókstaf („paraphrase“), og í þriðja lagi geti þýðandi stundað eftirlíkingu, þannig að hann taki ef til vill eingöngu vísbendingar frá frumtextanum en hagi svo útfærslu þeirra að eigin vild („imitation“).<sup>33</sup>

Undir „metaphrase“ gætu framúrstefnulegar en „orðréttar“ þýðingar Zukofsky-hjóna á ljóðum Katúllusar fallið. Þýðingar Frank Bidarts myndu á hinn bóginn teljast til „umorðana“ og falla undir „paraphrase“ – eða jafnvel þriðja flokkinn, eftirlíkinguna, þótt dæmi séu um enn

<sup>32</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Tvímaði*, 1996, bls. 137.

<sup>33</sup> Sama rit, bls. 60.



„glannalegri“ umgengni við frumtexta, með frjálsegum úrfellingum og viðbótum, og varla tilviljun að Robert Lowell skuli hafa valið fyrrnefndu þýðingasafni sínu titilinn *Imitations*, með skýrri höfuðbendingu til Drydens.

Þýðingarhugtakið er því að minnsta kosti þrefalt í roðinu. Þá hefur Ástráður Eysteinnsson bent á mikilvægan merkingarauka orðsins á íslensku:

Orðið „þýðing“ getur merkt „útlekking“, „útskýring“, en einnig „gildi“ eða „mikilvægi“ eins og í málsgreininni „Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir okkur?“ Með þeirri spurningu erum við að biðja um að einhver boð séu útlistuð fyrir okkur þannig að við áttum okkur á mikilvægi þeirra við tilteknar aðstæður [...] enda þýðum við texta úr einu máli á annað vegna þess að við reiknum með að hann geti haft eitthvert vægi þar, hafi hlutverki að gegna eða tómi að fylla [...].<sup>34</sup>

Raunar er það svo að *þýðingar* í sinni fjölbreytilegustu mynd eru órjúfanlegur hluti af öllum boðskiptum og (mis)skilningi manna á milli. Heilinn er sístarfandi þýðingavél. Þetta er ekki síst sá víði grundvallarskilningur sem George Steiner leggur í þýðingarhugtakið í bók sinni *After Babel* frá 1975. Hvers konar tjáskipti eða samgangur (milli menningarheima, tungumála, mismunandi málstiga sama tungumáls, listgreina o.s.frv.) reiðir sig á þýðingar. Að *skilja* og að *þýða* eru tvær hliðar á sama peningi að mati Steiners, og skiptir sá peningur um hendur í hvers konar menningarlegum við- og samskiptum. Að baki sérhverjum (mis)skilningi er skapandi (mis)þýðing. Undir þennan víðtæka grundvallarskilning á þýðingarhugtakinu tekur Ástráður Eysteinnsson í bók sinni *Tvímáli*:

Þannig er þýðing erkidæmi mannlegs skilnings. Hún er í senn *endurómur* frumtextans og *endursköpun* hans í nýju samhengi. Þýðing geymir því frumþætti manlegra samskipa: skilning, skuldbindingu, traust, úrvinnslu, svik, endurgjald. [...] Mótsögnin eða „veilan“ sem felst í eðli þýðinga er því ekki sérstakur galli þeirra heldur ófullkomleiki sérhvers tungumáls og þeirra samskipta sem fara fram innan þess. Það er alltaf einhver „annar“ sem tekur við því sem frá manni fer og gerir eitthvað við það. Eftir þá meðhöndlun er það aldrei hið „sama“ og fyrr, rétt eins og þýðing getur aldrei sagt nákvæmlega hið „sama“ og frumtexti [...]. Þýðing getur þó sýnt frumtexta margvíslegan trúnað. Að þýða er að taka þátt í hinni endalausum baráttu fyrir skilningi.<sup>35</sup>

---

<sup>34</sup> Sama rit, bls. 25.

<sup>35</sup> Sama rit, bls. 19–20.

Hér má líka velta fyrir sér hvort þýðingarhugtakið taki ekki sömuleiðis til sjálfsskilnings manneskjunnar, samskipta hennar við sjálfa sig; að þá þungu áherslu sem forn-grískir spekingar lögðu á að einstaklingurinn „þekki sjálfan sig“ mætti jafnvel orða svo: „Þýddu sjálfan þig.“ Í einu ljóða sinna segir palestínsk-bandaríska skáldkonan Naomi Shihab Nye:

Öll fæðumst við óplægður akur.

Það sem við erum í dag, sýnir hverju var sád.<sup>36</sup>

Að spyrja sig „hverju var sád“ og hvað óx af þeim fræjum, í því gríðarflókna samspili sem erfðir, uppeldi og samfélag er í mótun persónuleikans – kannski er það, þegar öllu er á botninn hvolft, flóknasta þýðingin, og líka sú *þýðingarmesta*: að öðlast heildstæðan skilning á sjálfum sér og stöðu sinni í veröldinni. Án slíks skilnings (sem hægt er að öðlast með margvíslegum hætti, en ef til vill eru bókmenntirnar eitt öflugasta verkfæri mannsandans á þessu sviði) er hætt við að einstaklingurinn sé rótlaus og úr tengslum, við sjálfan sig, samfélag sitt og samfélög annarra. Öflugur sjálfsskilningur er því nauðsynlegur til að hamingjan *þýðist mann*. Þess vegna, meðal annars, þýðum við. Þess vegna, meðal annars, eru þýðingar nauðsynlegar – eins og ég hygg raunar að flestir muni sammála um. Og í því ljósi fer kannski allt tal um svik, rýrnun og óþýðanleikann alræmda að hljóma sem lítið annað en málfræðilegt karp um keisarans skegg.

Svo víður skilningur á þýðingarhugtakinu er þó ef til vill óheppilegur, eða ónothæfur öllu heldur, fyrir fræðilega umfjöllun. En hvar á að draga mörkin? Frummál og þýðingarmál eru ekki endilega tvö mismunandi tungumál. Þannig er lítið á flutning texta milli sögulegra málstiga sama tungumáls sem þýðingar. Hin fornenska *Bjólfskviða* er til í rómaðri þýðingu írsku ljóðskáldsins Seamus Heaneys. Útgáfur á leikritum Shakespeares á nútímamáli njóta vaxandi vinsælda (*Shakespeare Made Easy, No Fear Shakespeare*), þar sem frummálið og þýðingarmálið standa hlið við hlið á opnunni. Líkt og Ástráður Eysteinnsson bendir á mætti jafnframt hugsa sér að þýðingarhugtakið nái til endurgerða ýmiss konar og aðlagana:

[Með útvíkkun þýðingarhugtaksins] fer að verða stutt yfir í margskonar endurgerðir verka á sömu tungu, jafnvel endursamningu kvæða á óbundnu máli, Íslendingasögur endursagðar fyrir börn, og þannig mætti lengi áfram telja. [...] [Þ]á er spurning hvort flutningur merkingar milli hverskonar táknerfa og tjáningarforma hlýtur ekki að teljast þýðing, eins og þegar tónverk er samið við kvikmynd eða ljóð um málverk.<sup>37</sup>

<sup>36</sup> Naomi Shihab Nye. „Rebellion against the North Side“. *Words Under the Words*, 1995, bls. 63.

<sup>37</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Tvímaði*, 1996, bls. 27.

Enn má spyrja sig hvort þýðingar þekkist ekki innan annarra táknerfa en tungumálsins. Árið 1957 „þýddi“ Pablo Picasso *Hefðarmeyjarnar* eftir Diego Velázquez frá árinu 1656, eitt þekktasta málverk spænskrar myndlistarsögu, með heildstæðu myndverki 58 málverka, sem öll sækja að einhverju leyti innblástur, myndefni og uppbyggingu sína í „frumtexta“ Velázquez, þótt stíleinkenni Picasso séu augljós. Slík af- og endurbygging þekkist sömuleiðis innan tónlistarinnar. Af mýmörgum dæmum má nefna með hvaða hætti bandaríski rapparinn Coolio nýtir sér melódíuna úr kanónu Pachelbels í D-dúr í lagi sínu „C U When U Get There“ frá árinu 1997. Annars konar „þýðingar“ á þessu fræga tónverki myndu ófáar dans-, trans- og teknóútgáfur þess; taktföst, dansvæn „remix“ sem eflaust hljóma sem helgisþjöll í eyrum sumra – líkt og óhefðbundnar þýðingar gera oftár en ekki. Af svipuðum toga og „remix“ (eða *endurbliðblöndun* eins og þessi þýðingaraðferð nefnist á íslensku) innan tónlistarinnar eru svo tökulög eða „ábreiður“ ýmiss konar, þegar tónlistarmenn syngja lög annarra, en þá jafnan með sínu nefi, líkt og Picasso endurgerir verk Velázquez eftir eigin höfði. Innan kvikmyndalistarinnar mætti loks nefna kvikmyndina *The Ladykillers* frá 2004, sem er endurgerð Coen-bræðra á samnefndri mynd William Rose frá árinu 1955. Sambærileg dæmi eru vitaskuld fjölmörg, á öllum sviðum listsköpunar.

Með útvíkkun þýðingarhugtaksins verða skilin óljósari, gráu svæðin fleiri og stærri. Til að skerpa á þessum skilum, en án þess þó að takmarka öllu víðari skírskotun þýðingarhugtaksins í seinni tíð, greinir rússneski málfræðingurinn Roman Jakobson á milli þrenns konar þýðinga í grein sinni „Um málvísindalegar hliðar þýðingar“ frá árinu 1957. Ástráður Eysteinnsson rekur sundurliðun Jakobsons svo:

1. Þýðing innan tungumálsins („intra-lingual translation“), þ.e. þegar tiltekin boð eru endurflutt í sama málkerfi, til dæmis þegar einhver saga er endursögð og löguð að breyttum aðstæðum en sama tungumál notað.
2. Þýðing milli tungumála („inter-lingual translation“), þ.e. flutningur merkingar af einu tungumáli á annað.
3. Þýðing milli táknerfa („inter-semiotic translation“), þar sem boð eru endurflutt með öðrum tákniðli, til dæmis þegar rituð saga er flutt sem látbragðsleikur. Kvikmyndun skáldsögu væri einnig dæmi um táknerfisþýðingu, en þar flækist málið vegna þess að tungumálið er notað ásamt myndmiðlinum og jafnvel tekin samtöl beint úr skáldsögunni, auk þess

sem oft er einnig notuð tónlist (sem einnig býr yfir þýðingargildi af þessu tagi).<sup>38</sup>

Við þessa flokkun mætti svo ef til vill bæta þýðingum innan annarra táknkerfa en tungumálsins, sem „þýðing“ Picasso á Velázquez má vera til dæmis um, sem eins konar undirflokkur við lið 1 í þrískiptingu Jakobsons.<sup>39</sup>

### *Þýðingarlistin og arfleifð afbyggingarinnar*

Hvaða flokki (eða flokkum jafnvel) sem þýðing tilheyrir, gefur þó augaleið að hvers konar tilfærsla merkingar reiðir sig á síkvika *sköpun* fremur en fastmótað verklag með fyrirframgefnum lausnum. Sá sköpunarandi sem þýðingarstarfið útheimtir hefur þó löngum mætt vissri tortryggni. Þó að róttækar kenningar manna á borð við Roland Barthes um „dauða höfundarins“ og Jacques Derrida um hinn „eilífa skilafrest merkingarinnar“ hafi grafið svo mjög undan eins konar snillingsímynd höfundarins að honum var loks steyppt af stóli sem „alráðum merkingarguði“ er líða tók á síðustu öld, þá virðist sem slíkar hugmyndir hafi lifað nokkuð lengur innan hinnar almennu orðræðu um þýðingar – og lífa kannski enn. Staða höfundarins sem óhagganlegrar og óvefengjanlegrar merkingarmiðju er óvída jafnstærk og þegar kemur að þýðingum; þegar ráðist er að þessari sömu (ímynduðu) merkingarmiðju og hún brotin upp, svo unnt sé að endurraða henni á nýjan leik hinum megin jafnaðarmerkisins. Hinn „stríði lestur“ afbyggingarinnar, sem hefur tíðkast innan bókmenntafræðinnar í kjölfar róttækra efasemdarkenninga um eðli máls og merkingar, virðist ekki umborinn með sama hætti innan hinnar almennu þýðingarorðræðu. Mótstaðan er enn til staðar, hugmyndin um fasta merkingu, um Höfundinn sem allt að því ósnertanlegan „snilling“ lifir enn, og endurspeglast kannski ekki síst í því skýra stigveldi sem ríkt hefur á milli hins yfirskipaða Höfundar og hinna undirskipuðu þýðenda, sem og í þeim ófáu klisjum sem vilja loða við þýðingarstarfið – að í því felist svik, rýrnun, það sé óvinnandi vegur og betur heima setið en af stað farið. Þannig rakst ritgerðarsmiður á eftirfarandi aðvörun í bloggþástli ónafngreinds síðuhaldara til þeirra lesenda sem hafa hug á að kynna sér verk Emily Dickinson á íslensku:

---

<sup>38</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Trímali*, 1996, bls. 27–28. Sjá jafnframt þýðingu Maríu Sæmundsdóttur á grein Jakobsons, „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*. 3. hefti 2004, bls. 173–180.

<sup>39</sup> Í bók sinni sem í enskri þýðingu nefnist *Experiences in Translation* vísar Umberto Eco nokkuð að þess konar „táknkerfisþýðingum“ út frá þrískiptingu Jakobsons, þótt hann vilji takmarka þýðingarhugtakið sem slíkt við flokk 2, enda sé fremur um „túlkarnir“ (e. „interpretation“) eða „ummyndanir“ (e. „transmutation“) að ræða þegar tjáningarmiðill hins afleidda verks er annar en frumverksins. Sjá *Experiences in Translation*. Þýð. Alastair McEwen, 2001, bls. 99–129.

Ekki reyna að hafa uppi á íslenskum þýðingum verkanna; ég veit ekki hvort þær fyrirfinnast og ég vona ekki. Sumt væri illa gert þó það sé vel unnið.<sup>40</sup>

Öllu lengra í þýðingarfélninni verður tæpast komist.<sup>41</sup>

Að mörgu leyti eru Katúllus-þýðingar Bidarts og ekki síður áðurnefndar þýðingar Zukofsky-hjónanna dæmi um augljósa þýðingafræðilega af- og endurbyggingu, og það í róttækari kantinum – eins og allar þýðingar eru raunar, en með misskýrum hætti. Í þýðingarstarfinu felst *bókstafleg* afbygging, svo unnt sé að endurbyggja hinum megin landamæra tungumáls og menningar. En það er einmitt þessi trú þýðandans á að merkingunni megi að einhverju leyti slá fastri (á frummálinu) og í kjölfarið koma henni til skila (á þýðingarmálinu) sem greinir hann frá róttækustu fylgjendum póstmóðernískrar efahyggju og tilheyrandi viðhorfum um djúpstæðan, óumflýjanlegan merkingarvanda tungumálsins. Þrátt fyrir ósegjanleikann – og óþýðanleikann – eru bækur eftir sem áður lesnar, á frummáli sem og í þýðingum. Belgíski þýðingafræðingurinn André Lefevere taldi raunar að með því að skella skollaeyrum við örvæntingarboðskap afbyggingarinnar hafi hinn almenni „áhugalesandi“ opinberað þá gjá sem hafi opnast á milli slíkra lesenda annars vegar og þeirra „faglesenda“ sem starfi innan múra fræðasamfélagsins hins vegar:

Það sem lýsir e.t.v. best einangrun hábókmennta og rannsókna á þeim um þessar mundir eru hin gífurlega ólíku áhrif afbyggingarinnar á fræðimenn og almenna lesendur. Þótt fræðimenn í röðum lesenda virðist meira eða minna sannfærðir um að afbyggingin hafi í raun og veru kippt sjálfum stöðunum undan vestrænni frumspeki, þá er ekki hægt að merkja að hinn almenni lesandi hafi gefið þessari mikilvægu staðreynd teljandi gaum og svo sannarlega ekki nærri eins mikinn og hversdagslegum málefnum eins og almannatryggingum eða stöðugleika fjármálastofnana.<sup>42</sup>

Í viðhorfi þeirra sem líta einkum til þess sem glatast við tilfærslu merkingar frá einu máli til annars (og mætti jafnvel kalla hið „glataða“ viðhorf til þýðingarstarfsins) má segja að hin óhlutkennda hugmynd Derrida um skilafrest og merkingarmun sé staðfest með áþreifanlegum, sjáanlegum hætti – í *ryrnumni*. En þýðingafræðin á krók á móti bragði, því þetta viðhorf gengur

---

<sup>40</sup> „Dánarfregnir“. Höf. óþekktur. <http://skottlaus.blogspot.is/2006/05/dnarfregnir.html>. Sótt 2. ágúst 2019.

<sup>41</sup> Svo rammt kveður raunar að þessari sýn á þýðingarstarfið – sem ógerning í eðli sínu – að hana má jafnvel finna í orðræðu og afstöðu þýðingafræðinganna sjálfra. Þannig segir í nýlegri meistaranitgerð: „Það er ekki annað hægt en að taka undir þá fullyrðingu og, eftir atvikum, þær gagnrýnisraddir að mikil hætta sé á því að eitthvað fari forgörðum í þýðingu, að þýðandanum takist ef til vill aldrei að endurskapa viðkomandi hugsun á sínu tungumáli.“ Dagný Björk Þórgnýsdóttir. *Orðræða í þýðingum á Íslandi í dag*. Ritgerð til M.A.-prófs lögð fram við Háskóla Íslands, 2011, bls. 9.

<sup>42</sup> André Lefevere. *Þýðingar, endurritun og bagræðing bókmenntaarfsins*. Þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir, 2013, bls. 25.

líka í hina áttina. Frumtextinn er á skilafresti; enn er von á þýðingu sem brúar bilið, líkt og Walter Benjamin gerir að einni megináherslu ritgerðar sinnar um „Verkefni þýðandans“. Í grein hans segir:

[H]ið hugsaða, innsta samband tungumálanna einkennist af sérstæðri samleitni. Það felst í því að tungumálin eru ekki framandi hvert öðru heldur eru þau *a priori* og hvað sem öllu sögulegu samhengi líður, skyld í því sem þau vilja segja. [...] Allur yfirsögulegur skyldleiki tungumála byggir miklu fremur á því að í hverju og einu þeirra sem heild býr ein og raunar sama merkingin, sem ekkert þeirra nær þó utan um eitt og sér, heldur einvörðungu heild áforma þeirra sem bæta hvert annað upp: hið hreina tungumál.<sup>43</sup>

Benjamin á það sameiginlegt með sporgöngumönnum sínum að líta á hinn „hreina“ merkingarkjarna tungumálsins sem eins konar óhöndlanlegan, falinn eiginleika. En það eru einmitt einna helst þýðingar og *þýðanleiki* tungumálanna sem geta opinberað „hið hreina mál“. Það sem greinir málspeki Benjamins frá öllu róttækari (eða svartsýnni) kenningum afbyggjenda síðar meir, er því sú áhersla sem hann leggur á að þessi óræði merkingarkjarni *sé til*, hann megi (fræðilega) nálgast, en aðeins með þeirri „heild áforma“ sem í tungumálunum býr, og þýðingar eru færar um að svipta að nokkru hulunni af.

Þrátt fyrir efasemdir afbyggjenda um að merkinguna megi fanga í eitt skipti fyrir öll, er veröldin *adgengileg* fyrir tilstilli tungumálsins, og það úr mörgum áttum – kannski ekki síst fyrir tilstilli þýðinga hvers konar, þegar mannshugurinn setur sig í spor annarra, reynir að skilja hugarheim annarra út frá sínum eigin, og útvíkkar hann um leið. Að mörgu leyti fer því þýðingarstarfið gegn afbyggingunni og efasemdarviðhorfum hennar, sem í sinni róttækustu (eða svartsýnustu) mynd fela í sér eins konar einangrunarvist hvers og eins innan múra tungumálsins. Forsendum afbyggingarinnar er þó ekki hafnað. Þess í stað er tekist á við hinn djúpstæða merkingarvanda af þrótti og sköpunargleði – þýðandinn *bregður á leik*, bæði sem lesandi og höfundur, svo vísað sé til kenninga póst-strúktúralískra fræðimanna á borð við Jacques Derrida um mikilvægi og nautn leiksins í hinum margvíslegu um- og uppbrotum textans.<sup>44</sup>

Í störfum þýðandans felst *skapandi útfærsla* á sameiginlegri merkingarsköpun höfundar og lesanda. En öfugt við hinn almenna lesanda, sem virðast fáar skörður reistar í kjölfar fæðingar hans fyrir tilstilli kenninga Barthes og annarra, þá hefur þýðandinn ef til vill ekki notið sama „athafnafrelsis“ í sínum störfum. Sú krafa er gerð, leynt og ljóst að ég tel, að hans lestur sé *málamiðlun*, í þeirri merkingu að þýðing sé hverju sinni nokkurs konar „meðaltalstúlkun“ eða jafnvel lægsti samnefnari allra hugsanlegra túlkana textans. Þannig hygg ég að allajafna sé ætlast

<sup>43</sup> Walter Benjamin. „Verkefni þýðandans“, 2008, bls. 189–191.

<sup>44</sup> Sjá t.d. Jacques Derrida. „Formgerð, tákni og leikur í orðræðu mannvísindanna“. Þýð. Garðar Baldvinsson. Í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, 1991, bls 129–152.

til þess að þýðandi sé fulltrúi sem flestra lesenda bókmenntaverks í starfi sínu, ekki eingöngu þröngs hóps – með öðrum orðum að hann geri sem flestum til geðs, stígi á sem fæst skott, hvorki höfundarins né væntanlegra lesenda. Fyrir þessu kunna að vera margar ástæður, frá hefðbundnu þjónustuhlutverki þýðenda í gegnum tíðina og hugmyndum um trygglyndi, til markaðsástæðna sem og hins almenna, „lýðræðislega“ miðlunarhlutverks, sem ég hygg að þýðendum sé allajafna bæði ljúft og skylt að undirgangast. Hvernig hinn ímyndaði „meðaltalslestur“ bókmenntatexta hljómar er þó vitaskuld ómögulegt að segja til um, enda kannski ekki til sem slíkur. Í hinu áhrifamikla riti sínu *The Translator's Invisibility* (1995) reynir bandaríski þýðingafræðingurinn Lawrence Venuti þó að kortleggja í hverju „læsileiki“ (e. „fluency“) þess konar meðaltalslestrar felst, og hvaða áhrif krafan um læsileika hefur á (ó)sýnileika þýðandans. Enda er það svo að vart fer á milli mála þegar vikið er frá slíkum lestri. Margir munu eflaust telja áðurnefndar hljómbýðingar Zukofsky-hjónanna á ljóðum Katúllusar sem og „enduryrkingar“ Frank Bidarts dæmi þar um – þetta séu vissulega þýðingar á Katúllusi, en þetta sé ekki Katúllus eins og hann er á frummálinu. Um *einkalegar* þýðingar sé að ræða fremur en *lýðræðislegar*. En líkt og Walter Benjamin segir afdráttarlaust í upphafi áðurnefndrar greinar sinnar, þá er aldrei „frjótt að taka tillit til viðtakandans andspænis listaverki eða listformi sem leitast er við að skilja.“ Orð Benjamins um „kjörviðtakandann“ sem fylgja í kjölfarið mætti, að breyttu breytanda, hafa um fyrrnefndan „meðaltalslestur“. Þá eru þau jafnframt fyrstu stöðirnar sem Benjamin skýtur undir þá róttæku sýn að þýðingar séu ekki unnar fyrir eða ætlaðar hugsanlegum lesendum, ekki fremur en frumtextinn er orðinn til vegna lesandans:

Ekki einasta að sérhver tengsl við ákveðinn hóp viðtakenda eða fulltrúa hans leiði menn afvega, heldur er hugmyndin um „kjörviðtakanda“ skaðleg í allri listfræðilegri umræðu, því að þar með er gert ráð fyrir ákveðinni verund og eðli mannsins. Listin gerir að vísu sjálf ráð fyrir líkamlegu og andlegu eðli mannsins – en í engu verka sinna gerir hún ráð fyrir athygli hans. Því að ekkert ljóð er ætlað lesandanum, engin mynd áhorfandanum, engin símfónía áheyrendum.<sup>45</sup>

Með þessari djörfu afstöðu Benjamins eykst svigrúm eða athafnafrelsi þýðandans umtalsvert. Þá má einnig hafa varnaðarorð Benjamins um kjörviðtakandann á bakvið eyrað þegar kemur að höfundarskap Emily Dickinson, svo „tillitslaus“ sem hún var gagnvart smekk og venjum samtíðar sinnar, og þóknaðist í raun engum nema sjálfri sér. Sú sjálf- eða „fráhverfa“ skáldskapariðkun verður nánar rædd síðar.

---

<sup>45</sup> Sama rit, bls. 185.

Benjamin, sem og Frank Bidart, Zukofsky-hjónin og fjöldi annarra þýðenda á öldinni sem leið, hafa víkkað út „verkefni þýðandans“, ekki síst með því að grafa undan viðteknum hugmyndum um þjónustuhlutverk starfsins. Ástæðulaust er þó að telja fyrrgreindar Katúllus-þýðingar þeirra Bidarts og Zukofsky-hjóna ótrúar. Ef til vill mætti fremur segja að í þeim felist *skapandi tryggð* við frumtexta. Þá má spyrja sig hvort í „málamiðluninni“ sem þýðingaraðferð felist meiri heilindi en í frjálslegri, róttækari nálgun. Eins og sagt er um þann sem vill þóknast öllum, þá er hætt við að „passasöm“ þýðing muni karakterslaus og þóknist þegar öllu er á botninn hvolft fáum ef nokkrum. Vissulega er það svo að þýðandi er í þeirri ómögulegu stöðu að þurfa að þjóna tveimur herrum í einu – ef ekki þremur. Hann þarf að samþætta áherslur og smekk höfundar við eigin áherslur og metnað, *innan ramma* þýðingarmálsins og allra þeirra óskráðu reglna, boða og banna sem í málkerfi og þýðingamenningu viðtökumálsins felast. Á milli þessara þriggja „átakasvæða“ fer þýðandinn með pappírsörkina, hið hvíta plagg sáttagjörðarinnar sem krafist er að þýðing sé, og reynir að stilla til friðar. Það er því í mörg horn að líta, og viðbúið að seint takist að lægja allar óánægjuraddirnar, eins og Helgi Hálfðanarson vikur óbeint að hér, þegar hann ræðir „óbilgirni“ frumtextans í ritgerð sinni „Ögn um þýðingar“ frá árinu 1987:

[Y]fir veslings þýðandanum stendur frumtextinn heimtufrekur og ógnandi með svípuna upp reidda í hverju orði; og það sem verra er, hann heldur áfram að steyta sig að verki loknu, enda þótt það megi augljóst vera, að fullgild þýðing er óhugsandi, að þýðandinn verður að setta sig við þá vitneskju, að hann er að reyna að gera það sem ekki er hægt, og vona samt að ekki sé með öllu unnið fyrir gíg.<sup>46</sup>

Kunni einhverjum að þykja einn mikilhæfasti þýðandi íslenskrar bókmenntasögu gefast hér fullauðveldlega upp fyrir óþýðanleikanum alræmda og játa afdráttarlaust að „fullgild þýðing er óhugsandi“, þá er athyglisvert að sjá með hvaða hætti þessi afstaða Helga til óþýðanleikans felur í raun sjálfan tilverugrundvöll þýðingarstarfsins í sér. Þannig eru það *frávik* þýðingar frá frumtexta sem tryggja að lokum *gildi* hennar:

Það hefur löngum verið haft til mats á þýðingum, hversu nákvæmlega þær samsvara frumtexta að merkingu, stíl og formi. Það kann því að skjóta skökku við, þegar ég læt að því liggja, að þá sé ekki aðeins miðað við tilætlun, sem vonlaust sé að framfylgja, svo ekki sé minnzt á að koma við hlutlægu mati, heldur væri þarflaust að varðveita sundurleitar þjóðtungur, ef þær gætu svo gersamlega speglað hver

---

<sup>46</sup> Helgi Hálfðanarson. *Molduxi*, 1998, bls. 134–135.



aðra; svo jafnvel læt ég í það skína, að þýðing kunni að eiga gildi sitt að nokkru leyti í því fólgið, hversu hún hlýtur að verða frumtexta sínum frábrugðin, ef hún á annað borð hefur nokkurt gildi.<sup>47</sup>

Líkt og vikið mun nánar að síðar hafa aðrir þýðendur einnig gert ómöguleika þýðingarstarfsins að sjálfri forsendu þess.

Af fyrrnefndri þrígreiningu John Drydens frá 1680 má ljóst vera að einkalegar eða frjálslugar þýðingar á mörkum frumyrkinga, sá flokkur sem Dryden kallar „eftirlíkingu“, hafa tíðkast um langt skeið. Hér má enn benda á rómverska skáldið Katúllus, sem í kunnu ljóði („Ille mi par esse deo videtur“) tekur traustataki eitt þekktasta ástarljóð grísku skáldkonunnar Saffóar („Phainetai moi“), þýðir það og snýr upp á eigin ástkonu, með tilheyrandi úrfellingum og viðbótum, svo erfitt er að segja hvort hið latneskja ljóð skuli telja frumsamningu eða „þýðingarskáldskap“. Dryden hallaðist sjálfur að miðkostinum, „umorðunum“, líkt og þýðendur hafa allajafna gert.<sup>48</sup> Með umbrotum móðernismans í upphafi 20. aldar má þó segja að þriðji kostur Drydens, eftirlíkingin, hafi í auknum mæli orðið fyrir valinu. Þetta gerist samhliða því öflugra þýðingarstarfi sem móðernismanum fylgdi, með beinum og óbeinum hætti – þegar hin klassíska grísk-rómverska fornöld jafnt sem trúarrit hindúa, miðaldaljóð franskra trúbadora sem og siðfræðifyrirlustrar Konfúsíusar voru „færðir yfir“ í nútímann, í ljóðum og skáldsögum höfunda á borð við T.S. Eliot, Ezra Pound og James Joyce. Þessir höfundar, með Ezra Pound þar fremstan í flokki, tóku sér ýmis „skáldaleyfi“ í þýðingarstörfum sínum, sem mættu talsverðri mótspyrnu fyrir vikið – kannski ekki síst af hálfu fræðimanna og háskólaprófessora sem kunnu nokkur deili á þeim klassísku bókmenntum og tungumálum fornaldar sem þýtt var úr. Pound verður þó ekki hankaður á skorti á latínukunnáttu hér, í þýðingu sinni á „Odi et Amo“ Katúllusar:

I hate and love. Why? You may ask but  
It beats me. I feel it done to me, and ache.<sup>49</sup>

Í bók sinni *Ezra Pound and Roman Poetry* víkur fræðimaðurinn og ljóðskáldið Peter Davidson að þýðingu Pounds með eftirfarandi orðum:

Áhrifamáttur þessa smáljóðs Katúllusar hefur leitt þýðendur út á ýmsar hálar,  
öfgakenndar brautir, svo einfalt sem skorinort málfæri þess er og merkingarþungi

---

<sup>47</sup> Sama rit, bls. 138.

<sup>48</sup> Ástráður Eysteinnsson bendir þó á að „eftirlíkingar“, eða frjálslæg endursköpun bókmenntatexta, hafi mjög tíðkast sem þýðingaraðferð á tímum nýklassisismans í Evrópu, og nutu þá gjarnan meiri virðingar sem ritlist en „eiginlegar“ þýðingar. Sjá *Tvímali*, 1996, bls. 76.

<sup>49</sup> Ezra Pound. *Translations*, 1963, bls. 408.

hvers orðs mikill. Pound hefur þó tekist að endurskapa frumtextann eftir sömu leiðum; að varðveita miskunnarlausan einfaldleika ljóðsins er lykilatriði ef vel á til að takast við þýðingu þess. Hin enska gerð Pounds leikur jafnvel hárfína hrynjandi latínunnar eftir. Þá felur hið talmálskennda slangur „beats me“ sem og „feel it done to me“ í sér hughrif sem auka merkingarslagkraft ljóðsins með virkum hætti. Yfir „It beats me“ er sami tilfinningasljóleiki og *nescio*, auk þess sem orðalagið gefur kvalir og þjáningu til kynna, sem skáldið virðist hvorki geta flúið né útskýrt með röklegum hætti. Merkingarblæbrigði „I feel it done to me“ eru af sama toga. Mótsögnina sem felst í frumtextanum, um vel máli farinn – jafnvel málgláðan – mann sem megnar aðeins að tjá sig með ruglingslegum og sársaukafullum einsatkvæðisorðum, mun vart unnt að færa á áhrifaríkari hátt til nútímahorfs en með því sljóa og örvæntingarfulla talmáli sem í þýðingu Pounds felst.<sup>50</sup>

Lestur Davidsons er næmur, ekki síst þegar kemur að hinum talmálskennda blæ sem í þýðingu Pounds býr. Bandaríska ljóðskáldið Robert Bly telur að fordæmi Pounds í upphafi síðustu aldar (í eigin frumortu ljóðum sem og þýðingum) hafi átt ríkan þátt í því að ljóð megi í dag yrkja „með hrynjandi talaðs máls að vopni“.<sup>51</sup> Einhverjum kynni að þykja að hin klassíska fornöld og talmálskennt, tímabundið orðfæri eigi illa saman – sígilda texta eigi að þýða á *sígilt* mál. En í samræmi við það slagorð sitt að bókmenntir, sannar bókmenntir, séu fréttir sem aldrei missi fréttagildi sitt („Literature is news that STAYS news“ líkt og segir í skáldskaparfræðiriti Pounds, *ABC of Reading*<sup>52</sup>), þá lagði Pound áherslu á að móðernískur – *nútímalegur* – skáldskapur takmarkaðist ekki við fyrstu áratugi 20. aldar, heldur mætti finna dæmi hans á öllum öldum, á hvaða tungumáli sem er – hjá Hómer, í klassískum ljóðum frá tímabili Tang-keisaraveldisins kínverska, í leikritum gamanleikjaskáldanna forn-grísku, hjá Dante og svo framvegis.

Þrátt fyrir margvíslega gagnrýni hafa þýðingar Pounds úr forn-ensku, latínu, próvensku og jafnvel kínversku staðist tímans tönn (og eflaust betur en sum af frumsömdum verkum hans að margra mati), og hin *skapandi tryggð* sem Pound viðhefur gagnvart fyrirmyndum sínum í kjölfarið fest sig í sessi sem nothæf þýðingaraðferð. Þá er vert að hafa hugfast að hin móðernísku umbrot ljóðmálsins birtust bæði fyrr og skýrar í þýðingum Pounds en frumsömdum verkum, kannski ekki síst í *Cathay* (1915), þýðingakveri Pounds á klassískum ljóðum frá tímabili Tang-keisaraveldisins kínverska. Sömuleiðis var það liður í margháttaðu kynningarstarfi Pounds sem hann réðst í að blása nýju lífi í höfunda á borð við rómverska 1. aldar skáldið Sextus Propertius, eins og glögglega kemur fram í viðbrögðum Pounds við þeirri harkalegu gagnrýni sem „eftirlíkingin“ eða „þýðingar-ljóðið“ *Homage to Sextus Propertius* fékk á sínum tíma: „Mitt

<sup>50</sup> Peter Davidson. *Ezra Pound and Roman Poetry. A Preliminary Survey*, 1995, bls. 62–63.

<sup>51</sup> Robert Bly. „The Eight Stages of Translation“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 76–77.

<sup>52</sup> Ezra Pound. *ABC of Reading*, 2010, bls. 29. Frumútgáfa 1934.

hlutverk var að vekja mann frá dauðum, að koma lifandi höfundu á framfæri.<sup>53</sup> Tilgangurinn helgar meðalið. Þýðingaraðferð Pounds og markmiðin að baki henni byggja enda á víðtækri heildarsýn fremur en kreddufastri „bókstafstrú“, þar sem stafkróknum er fylgt í þaula. Bandaríski ljóðapýðandinn Willis Barnstone hefur raunar talað um „stafkrókafanta“ (e. „literalist thug“) þegar orðvarir þýðendur eru annars vegar. En hann varar jafnframt við andstæðu stafkrókafantsins, „ræningjanum“ sem fer ránshendi um textaheim frumverksins, tekur það sem honum líst á ófrjálsri (eða kannski öllu heldur *frjálslegri*) hendi, en lætur annað óhreyft.<sup>54</sup> Það sé hlutverk þýðanda að þræða hinn gullna meðalveg þar á milli. Í þýðingar-ljóði sínu til Sextusar Propertiusar, sem ort er honum til heiðurs og sækir fyrir vikið með margvíslegum hætti í höfundarverk skáldsins rómverska, kemst Pound ansi nærri því að flokkast til slíkra „ræningja“, en í þessum skilningi er líka stundum talað um ljóðapýðingar sem eins konar *kannibalisma*<sup>55</sup>; þegar skáld ganga í verk annarra höfunda og fara ránshendi um þau með einum eða öðrum hætti, hvort sem tilgangurinn er að sækja þangað hugmyndir eða tileinka sér aðferð viðkomandi skálds.

Viðbrögðin við frjálslegum vinnubrögðum „ræningjans“ hafa löngum verið öllu harðari en gagnvart starfsaðferð „stafkrókafantsins“. En raunar þarf ekki ræningja til svo að þýðing verði að bitbeini. Þýðingar orka íðulega tvímælis. Viðnám *við* og *í* sjálfum þýðingartextanum er þó nauðsynlegt – án viðnáms myndast jú ekki ljós. Þannig talar fyrrnefndur Willis Barnstone um hinn „ómótstæðilega ómöguleika“ þýðingarstarfsins, í inngangi að þýðingum sínum á ljóðum Rainer Maria Rilkes, og ríma ummæli hans ágætlega við þá skoðun Helga Hálfðanarsonar að það sé sundurleitni hinna ýmsu þjóðtungna sem tryggir frjó og djarftæk efnistöð af þýðandans hálfu:

Ég hef velt við hverjum steini, leitað fanga sem víðast og reynt að komast nærri merkingu textans án þess að hvika frá formrænni hljómlist hans. Ómögulegt? Já, víst er það ómögulegt. En ómöguleiki hinnar fullkomnu yfirfærslu hefur sitt aðdráttarafl og liggur þýðingarlistinni raunar til grundvallar. Hinn ómótstæðilegi ómöguleiki knýr þýðanda til frjálsari efnistaka, ríkara ímyndunarafis og metnaðarfullri tilrauna til að gera list úr hinu ófullkomna.<sup>56</sup>

Ef þýðingar *orka tvímælis*, þá er sannarlega líka fólgin í þeim *orka tvímælisins*. Þýðingar eru oftast en ekki lífvatn hins frumorta skáldskapar sem veldur straumhvörfum í bókmenntum

---

<sup>53</sup> Ezra Pound. *The Selected Letters of Ezra Pound: 1907–1941*, 1971, bls. 149.

<sup>54</sup> Willis Barnstone. „Preferences in Translating Poetry“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 50.

<sup>55</sup> Hér má sérstaklega vísa til hugmynda og verka de Campos-bræðranna brasilíska, Augusto og Haroldo, á síðari hluta 20. aldar, sem litu mjög til Pounds og boðuðu róttæka endursköpun frumtextans.

<sup>56</sup> Willis Barnstone. „Rilke and the Ecstasy of Creation. On the Translation of *Sonnets to Orpheus*“. Í Rainer Maria Rilke. *Sonnets to Orpheus*, 2013. Inngangur, blaðsíðutal vantar.

viðtökumálsins. Rétt eins og þýðingariðja Ezra Pounds hafði ómæld áhrif á enskumælandi ljóðlist á fyrstu áratugum 20. aldar, er erfitt að ímynda sér þau umbrot sem urðu í íslenski ljóðagerð um miðja síðustu öld án þess öfluga þýðingarstarfs sem atómskáldin og aðrir stunduðu; með útkomu bóka á borð við *Annarlegar tungur* Jóhannesar úr Kötlum (undir dulnefninu Anonymous) sem og með þýðingum manna á borð við Jón Óskar, Hannes Sigfússon og Einar Braga á frönskum, norrænum og enskumælandi skáldum. Með lykilverkum fræðimanna á borð við George Steiner (*After Babel*) og Lawrence Venuti (*The Translator's Invisibility*) hefur staða þýðandans jafnframt breyst nokkuð. Sú síkvika sköpun sem liggur þýðingarstarfinu að baki er nú ríkari og viðurkenndari þáttur í allri umræðu um hlutverk og eðli þýðinga. Hin *skapandi tryggð* Pounds og annarra er ekki lengur fordæmd fyrirfram. Eftir sem áður skiptast bæði þýðendur og viðtakendur þó að ýmsu leyti í tvö horn, með og á móti „frjálslegum“ efnistöfum, og um það er þrátt að hvernig þessu margslungna starfi muni sinnt af mestum heilindum.

Ástæðulaust er þó að telja blinda, óhaggandi tvíhyggju liggja til grundvallar þýðingarstarfinu og þeim aðferðum sem þýðendur beita – að annaðhvort sé þýtt eftir bókstafnum eða andinn látinn ráða för. Grófar aðgreiningar, svo sem þrískiptingar Drydens og Jakobsons hér að framan, gefa nokkra hugmynd um *þýðingarófið*. Þau fjölmörgu orð sem notuð eru yfir þýðingarstarfið eru jafnframt til vitnis um margbreytileika þess. Að þýða er ekki bara að snara yfir á annað mál. Hægt er að hráþýða, beinþýða, lausþýða, enduryrkja, íslenska, skýra, stæla, endurorða, umorða, endurrita, túlka, heimfæra, staðfæra, aðlaga, umplanta, snúa, útleggja ... Blæbrigðin í merkingarmun sagnanna gefa nokkra hugmynd um allar þær ólíku leiðir sem hægt er að fara að tilfærslu merkingar. Hinar fjölmörgu, ólíku þýðingarsagnir eru enn fremur til marks um hvernig við *hugsum um* þýðingar. En þótt það sé ef til vill fátt klippt og skorið í þessum fræðum öllum, þá hygg ég að fáir muni verða til þess að mótmæla *sköpuninni* sem vel heppnuð þýðing útheimtir, af hálfu þýðanda jafnt sem lesanda. Auðlegð tungumálsins þegar kemur að þýðingariðjunni endurspeglar þessa sömu sköpun.

### *Tortryggni og hæfniskröfur*

Það hefur löngum verið gerður greinarmunur á hinum skapandi höfundi annars vegar og þýðandanum sem eins konar handverksmanni hins vegar. Í riti sínu *Translation Studies* bendir Susan Bassnett á að eftirfarandi orð rithöfundarins Hiloire Belloc frá árinu 1931, um virðingarstíga bókmenntalegrar sköpunar, eigi við enn þann dag í dag:

Þýðingarlistin er undirskipuð og afleidd list. Sökum þessa hefur hún aldrei notið sömu virðingar og frumsamin verk, og fyrir vikið legið óbætt hjá garði í allri almenntri

bókmenntaumfjöllun. Þetta sjálfgefna vanmat á vægi þýðingarlistarinnar hefur orðið til að lækka þær kröfur sem til hennar eru gerðar, og á vissum tímabilum nánast þurrkað hana alfarið út. Tilheyrandi misskilningur á eðli þýðingarlistarinnar hefur stuðlað enn frekar að niðurlægingu hennar: hvorki mikilvægi hennar né áskoranir eru mönnum ljósar.<sup>57</sup>

Sú skýra stigveldisröð sem ríkt hefur milli skálda annars vegar og þýðenda hins vegar birtist glögglega í því hvernig talað hefur verið um Magnús Ásgeirsson og ljóðapýðingar hans hér á landi. Magnús er iðulega sagður *skáld*, ekki þýðandi, líkt og honum sé skömm að þýðandanafnbótinni, eða hafi að minnsta kosti áunnið sér sæmdarheitið *skáld*, öfugt við önnur þýðingarsystkini sín, sem ekki hafi náð að skipa sér á skáldabekk – jafnvel ekki stórþýðandinn Helgi Hálfðanarson. Þannig leynist þýðingarfælnin víða. Með framangreind orð Bellocs í huga er jafnframt áhugavert að sjá hvaða augum Jóhann Jónsson leit þýðingarlistina um sama leyti og Belloc lét orð sín falla, en Gunnari Gunnarssyni skrifar Jóhann svo árið 1930, vegna þýskar þýðingar sinnar á *Svarfugli*, skáldsögu Gunnars:

[M]ín þýðingarambition hefur verið náskyld öðrum mínum ambitionum í listinni og á lítið skylt við einhverja Kunstgewerkliga hégómagirni, hvað þá heldur við finansspekulationir.<sup>58</sup>

Líkt og Jón Yngvi Jóhannsson bendir á, leggur Jóhann hér að jöfnu „metnað sinn til þýðinga og metnað til annarra listrænna starfa. Slíkt viðhorf til þýðinga er sjaldgæft fram á þennan dag, oftast eru þær settar skör lægra en frumsköpun og jafnvel látið eins og þær séu eintómt handverk.“<sup>59</sup> Mun ærin ástæða til að halda þessu viðhorfi Jóhanns á lofti. Hvað „finansspekulationirnar“ varðar, er víst óhætt að fullyrða að þýðingarstarfið muni enginn gróðavegur nú fremur en þá, hvorki fyrir þýðendur né útgefendur þeirra.

Svo er að sjá sem hið óttablandna, tortryggna og jafnvel yfirlætisfulla viðhorf sem tíðkast hefur í garð þýðinga einskorðist ekki við hinn frjálsa markað, þar sem þýðingar hafa þó löngum átt undir högg að sækja – svo mjög að nafn þýðandans var lengi vel ekki tilgreint á kápum bóka, og þannig látið í veðri vaka að um frumsamið skáldverk væri að ræða, til að fæla ekki hugsanlega lesendur frá. Sú markaðsaðferð hefur þó á undanförunum árum látið undan síga. En ef marka má reynslu ritgerðarhöfundar af háskóladvöl við menntastofnanir bæði í Svíþjóð og Bandaríkjunum, þá gætir síst minni efasemda (nú sem fyrr) af hálfu nemenda jafnt sem kennara gagnvart þýðingum *sem bókmenntaverkum*. Ef nauðsyn krefur, þegar frumtexti er á óaðgengilegu smámáli, eru verk lesin í þýðingum. En með þeim fyrirvara þess sem betur veit að

<sup>57</sup> Susan Bassnett. *Translation Studies*, 2014, bls. 15.

<sup>58</sup> Jón Yngvi Jóhannsson. *Landnám. Ævisaga Gunnars Gunnarssonar*, 2011, bls. 280.

<sup>59</sup> Sama rit, bls. 280.

óhjákvæmilega hafi ýmislegt spillst og færst til við flutninginn á milli málanna, og því gefi þýðingin ekki allskostar rétta mynd af höfundu – hér sé óhjákvæmilega um „útvatnaða“ gerð að ræða. „Hvers vegna ætti nokkur maður að lesa *þýðingar* á ljóðum Emily Dickinson, þegar sá hinn sami getur lesið þau á frummálinu,“ hváði ónefndur prófessor við Lundarháskóla þegar ritgerðarsmiður tjáði honum þýðingafyrirætlunir sínar fyrir margt löngu, en þetta má heita ein algengasta mótbáran við þýðingum þegar um „stórmál“ á borð við ensku er að ræða.<sup>60</sup>

Enn má svo nefna ótta hvers konar yfirvalds – stofnana og jafnvel heilu landsstjórnanna – við „spillingarmætti“ þýðinga, þegar brengluðum og afskræmdum útgáfum mikils metinna höfunda er komið á framfæri við þegnana. Hér má taka dæmi af dirfskufullum þýðingum kínverska skáldsins Feng Tangs á ljóðum indverska Nóbelskáldsins Rabindranath Tagores. Skömmu eftir útgáfu þýðingafns Tangs árið 2015 var ritið tekið úr almennri sölu í Kína. Tang, sem byggir þýðingar sínar á enskri gerð ljóðanna og kys að beita lífandi talmáli og innblásnum myndhverfingum, var harðlega gagnrýndur fyrir ónákvæmni og „óviðurkvæmilega“ málnotkun. Í þeim umræðum sem sköpuðust vegna útgáfu bókarinnar var þess meðal annars krafist að skýrari greinarmunur væri gerður á „þýðingu“ og „tilviljunarkenndum“ efnistöfum; ekki væri hægt að tala um „þýðingar“ lengur, svo frjálst væri meðhöndlun Tangs, og Tagore – sem og lesendum – gert rangt til með svikum; eiginlega væru þeir hafðir að fíflum. Í *Dagblaði alþjóðunnar*, málgaðni Kínverska kommúnistaflokksins, sagði til að mynda:

Feng Tang hefur fullt frelsi til að beita persónulegum stíl sínum, og sumir kunna að vera hrifnir af þeim stíl, en tilviljunarkennd þýðing án nokkurra hamla getur aldrei talist þýðing.<sup>61</sup>

Málsvörn Tangs, líkt og annarra þýðenda sem hafa löngum mátt sitja undir keimlíkri gagnrýni þegar látið er reyna á mörkin milli „stafkróka“ og „andblæs“, var þó einföld: Leyfið verkinu að tala, ég hef unnið það af heilindum, samkvæmt skilningi mínum og aðdáun á skáldskap Tagores.<sup>62</sup>

---

<sup>60</sup> Rithöfundurinn og þýðandinn Rúnar Helgi Vignisson hefur gert þetta viðkvæði margra að umtalsefni, og fært fyrir því rök að upplifun okkar af textum á tillærðu máli er ávallt frábrugðin lestrarupplifun sem fram fer á móðurmálinu: „Texti á tillærðu máli getur aldrei keppt við móðurmálstexta, því hann verður alltaf lesinn með hreimi, hvort sem er í huga eða á tungu, enda á tillært tungumál sér önnur heimkynni í mannssálinni en móðurmálið.“ Rúnar Helgi Vignisson. „Hvers vegna þýðum við úr ensku?“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. okt. 2007, bls. 11.

<sup>61</sup> Sjá umfjöllun breska dagblaðsins *Guardian*: „Chinese publisher pulls ‘vulgar’ translation of Indian poet“. Höf. óþekktur. <http://www.theguardian.com/world/2016/jan/01/chinese-publisher-pulls-vulgar-translation-indian-poet-rabindranath-tagore>. Sótt 2. ágúst 2019.

<sup>62</sup> Við þetta má svo bæta að Tang var helst legið á hálsi fyrir að þýða línuna „The world takes off its mask of vastness for his lover“, í enskri gerð ljóðanna, sem „Veröldin renndi niður buxnaklaufinni fyrir framan elskhuga sinn.“

Viðbrögð fræðimanna við frjálslegum þýðingum Ezra Pounds í upphafi síðustu aldar voru keimlík þeim ummælum sem um þýðingar Feng Tangs féllu. Í bók sinni um þýðingariðju og áhrif Pounds, *Digging for the Treasure*, hefur fræðikonan Ronnie Apter bent á að hin harkalegu viðbrögð megi ef til vill rekja til þess mikla árangurs sem enskir og þýskir 19. aldar samanburðarmálfræðingar höfðu náð – með orðrétta nákvæmni í sinni þýðingariðju að vopni.<sup>63</sup> En þegar öllu er á botninn hvolft útilokar eitt ekki annað í þessum efnun. Fræðin styrkja skáldskapinn, enda er oft heilmikil fræðimennska að baki skáldaleyfunum frjálslegu, líkt og Josephine Balmer rekur í bók sinni *Piecing Together the Fragments*. Þá má sömuleiðis velta fyrir sér hvort hinn trausti grunnur textafræðinnar, aukið aðgengi að frumtextum og öll hin „vindþurra“ fræðimennska „stafrókafantanna“ sem stundum er amast við, hafi ekki gefið þeim þýðendum sem á eftir komu aukið rými til frjálsari efnistaka. Þannig bendir Ronnie Apter á að nokkuð glannalegar þýðingar 20. aldar manna á borð við Kenneth Rexroth, John Warden, James J. Wilhelm og Frank O. Copley á klassískum höfundum byggi á nákvæmri fræðimennsku þeirra sem á undan komu, og væru í raun ekki mögulegar án þeirra:

Ef svo vildi til að þýðing verks væri af einhverjum ástæðum eina textaskýringin sem fyrirfyndist, væru úrfellingar og ýkjur Rexroths, Wardens, Copleys og Wilhelms óábyrgar. En í ljósi þess að heilu hillumetrarnir eru til af stafréttum þýðingum, endurorðunum og fræðilegum umfjöllunum um þau ljóð sem þeir meðhöndla með þessum hætti, þá er ásætlanlegt að beita úrfellingum og ýkjum í gagnrýnum tilgangi.<sup>64</sup>

Sú skapandi tryggð við frumtexta sem Apter segir að hafi oftast en ekki falist í frjálslegum efnistöku, skáldlegum þýðingum, á öldinni sem leið, byggir því um margt á fræðilegum grundvelli bókstafsþýðinga. Hin afdráttarlaus afstaða bandaríska ljóðskáldsins Burton Raffels í þessum efnun – „Þýðandi ljóða *verður* að vera ljóðskáld“ – á því tæpast rétt á sér.<sup>65</sup> Það verður að teljast vafasamt að hægt sé að gera svo skýran greinarmun á skáldi og fræðimanni þegar kemur að þýðingum, enda reynir á hvorntveggja hæfileikann þegar menningararfleifðin er í senn varðveitt og endursköpuð. Skýr skil milli fræðimennsku og fagurfræðilegra vinnubragða fela í sér óþarfa nauðhyggju og blindu á þær mörgu brýr sem liggja þar á milli. Í þessum efnun mætti vitna til ummæla þýðandans, fræðimannsins og ljóðskáldsins James S Holmes, sem má heita meðal áhrifamestu frumkvöðla og kenningasmiða síðustu aldar á sviði þýðingafræðanna, og þá ekki síst hvað ljóðaþýðingar varðar:

Því er oft haldið fram að til þess að þýða ljóð verði maður að vera skáld. Þetta er ekki alfarið satt, né er þetta sannleikurinn allur. Til þess að smíða ljóðtexta sem leiðir af

<sup>63</sup> Ronnie Apter. *Digging for the Treasure. Translation after Pound*, 1987, bls. 81.

<sup>64</sup> Sama rit, bls. 151.

<sup>65</sup> Barton Ruffel. *The Art of Translating Poetry*, 1988, bls. vii.

öðrum, þarf þýðandi<sup>66</sup> að bregða sér í nokkur (en þó ekki öll) hlutverk bókmenntarýnisins, nokkur (en þó ekki öll) hlutverk ljóðskáldsins, sem og nokkur hlutverk sem allajafna er hvorki ætlast til að bókmenntarýnirinn né heldur ljóðskáldið uppfylli. Líkt og bókmenntarýnirinn, þá kappkostar þýðandi að öðlast sem ítarlegastan skilning á hinum fjölmörgu einkennum frumtextans, með hliðsjón af höfundarverki viðkomandi skálds í heild sinni, þeirri bókmenntahefð sem verkið er sprottið úr, sem og tjáningarkostum frummálsins. Líkt og ljóðskáldið, þá kappkostar þýðandi að beita eigin sköpunargáfu, hann byggir á bókmenntahefðum síns eigin tungumáls, sem og tjáningarkostum þýðingarmálsins, með það fyrir augum að framkalla málræna smíð sem mun að lokum óhætt að kalla ljóð. Með öðrum orðum, þá er þýðandinn frábrugðinn bókmenntarýninum að því leyti hvernig hann vinnur úr fræðilegum athugunum sínum, og ljóðskáldinu að því leyti hvert hann sækir yrkisefni sitt.

Aðeins ljóðapýðandinn samþættir þessi tvö hlutverk, hið fræðilega og hið skáldlega. [...] Það eru þessir þrír þættir – skarpskyggni sem bókmenntarýnir, listfengi sem skáld og hæfileikinn til að greina og greiða úr málfars- og menningarlegum ágreiningi þvert á ólíkar hefðir um leið og teknar eru viðeigandi ákvarðanir – sem ráða því að hve miklu leyti ljóðapýðandi er fær um að skapa nýja málræna smíð, sem þrátt fyrir margvíslegan mismun hvað útfærslu varðar er að allri ytri og innri formgerð sambærileg frumtextanum sem ljóðræn sköpun.<sup>67</sup>

Í þessum efnum, þegar rætt er um ríkar hæfniskröfur góðra þýðenda og til hvers er af þeim ætlast, mætti einnig rífa upp þau orð enska skáldsins og þýðandans John Drydens að „hin sanna ástæða þess hversu fáar viðunandi þýðingar vér eigum“ sé einfaldlega „hversu fáir búa yfir öllum þeim hæfileikum sem þýðingarlistin krefst[.]“<sup>68</sup> Og hægt virðist „viðunandi þýðingum“ enskumælandi bókmennta hafa fjölgað, því tæpum tveimur öldum síðar tekur Skotinn John Stewart Blackie í sama streng, þegar hann veltir fyrir sér hvernig á því standi að framúrskarandi þýðingar séu svo sjaldgæfar sem raun bæri vitni:

---

<sup>66</sup> Hugtök Holmes yfir „þýðingu“ og „þýðanda“ eru hér „metapoem“ og „metapoet“. Á meðan skáldið (e. „poet“) smíðar ljóð sitt úr tilvísunum til veruleikans sem slíks, byggir þýðandinn (e. „metapoet“) verk sitt á tilvísunum til textaheims frumhöfundarins *sem og* á veruleikanum sjálfum. Þýðandi freistar þess að skapa sjálfstætt listaverk með starfi sínu enda þótt orð frumtextans liggi til grundvallar. Að baki þýðingu (e. „metapoem“) býr því tvenns konar tilgangur: hún er eins konar afleidd umsögn eða viðbrögð við frumtexta (e. „metaliterature“) *jafnt sem* frumskapandi bókmenntaverk, sem fyrir sitt leyti kallar á umsagnir og viðbrögð.

<sup>67</sup> James S Holmes. *Translated! Papers on Literary Translation and Translation Studies*, 1988, bls. 11–12.

<sup>68</sup> John Dryden. „On Translation“. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*, 1992, bls. 22. Ritgerð Drydens birtist upphaflega árið 1680.



[Þ]ýðingar eru í raun og sann einhver vandasamasta bókmenntasköpun sem um getur, enda krefjast þær slíkrar sameiningar lærdóms, dómgreindar, þolgæðis, ástríðu og smekks, sem sjaldan getur að finna í einum og sama manningum.<sup>69</sup>

Þeir Holmes, Dryden og Blackie horfa allir til þess margvíslega „lærdóms“ og „hæfileika“ sem og „skarpskyggni sem bókmenntarýnir“ sem þýðandi þarf að vera gæddur. Slíkar og aðrar náðargjafir hrökkva þó skammt ef litið er á þýðingarstarfið sem ókleifan múr þegar allt kemur til alls. Ef til vill birtist þetta viðhorf hvergi skýrar en í ritgerð enska 19. aldar skáldsins og þýðandans Matthew Arnolds, *On Translating Homer*. Arnold brýnir fyrir hinum ímyndaða þýðanda sem hann beinir orðum sínum til að ómögulegt sé að vita hvaða áhrif kviður Hómers höfðu á Forn-Grikkir á sínum tíma, en meginstoðin í fagurfræði Arnolds er sú að þýðing skuli eins og framast er kostur vekja sömu kenndir hjá lesanda og frumtextinn gerði upphaflega. En úr því að Forn-Grikkir eru ekki lengur til afspurnar um viðbrögð sín við ljóðum Hómers, ráðleggur Arnold þýðanda sínum að leita ráðgjafar hjá fræðimönnum

sem bæði búa yfir grískukunnáttu og hafa til að bera skáldlegt næmi og smekk. Í þeirra augum mun engin þýðing standast frumtextanum samanburð; en þeir einir eru þess umkomnir að segja til um hvort þýðingin hafi að meira eða minna leyti sömu áhrif á þá og frumtextinn. Þeir eru eini dómstóllinn sem hæfur er til að kveða upp úr um þessi mál. [...] Af þeim sökum skyldi þýðandi ekki treysta eigin hugmyndum um álit Forn-Grikkja á sjálfum sér [...] né skyldi hann treysta eigin dómgreind um verk sitt.<sup>70</sup>

Líkt og Ronnie Apter hefur bent á, þá afhjúpar þessi örvæntingarfulla, tortryggna ráðgjöf Arnolds Akkilesarhælinn í röksemdarfærslu hans, enda er hér gengið út frá því að þýðingarstarfið sé, þegar öllu er á botninn hvolft, ógjörningur:

Á sama tíma og hinn gagnrýni þýðandi skal vantreysta eigin dómgreind, ber honum að freista þess að endurskapa frumtextann með einhverjum hætti, jafnvel þótt slíkt sé óvinnandi vegur, úr því að „engin þýðing [mun] standast frumtextanum samanburð.“<sup>71</sup>

Enn hefur þýðingarfælnin því skotið upp kalli sínum.

---

<sup>69</sup> Vítnað eftir Josephine Balmer. *Piecing Together the Fragments. Translating Classical Verse, Creating Contemporary Poetry*, 2013, bls. 29. Ummæli Blackies eru frá árinu 1861.

<sup>70</sup> Vítnað eftir Ronnie Apter. *Digging for the Treasure*, 1987, bls. 86. Ritgerð Arnolds er frá árinu 1861.

<sup>71</sup> Sama rit, bls. 86.

Hið „dásamlega vonleysi“ og „spámenn örvæntingarinnar“

Birtingarmyndir þess „dásamlega vonleysis“ sem í þýðingum felst eru margar.<sup>72</sup> Þótt hægt sé að skila eins konar platónskri frummyndarmerkingu algengustu orða (stóll, móðir, tré) svo til óbrengráðri á milli mála, þá vandast málin heldur þegar kemur að *orðanna hljóðan*. Áður er rakin gamansöm umfjöllun Helga Hálfðanarsonar um hið „óþýðanlega“ danska orð „kvinde“. Í grein sinni „Ögn um þýðingar“ bendir Helgi enn fremur á hve hljómfræðilega ólík enska orðið „spring“ og hið íslenska „vor“ eru. Annars vegar sé hið glaðlega, kraftmikla í-hljóð enskunnar, sem segja má að gefi til kynna sprengikraft og gleði vorsins – orðið *springur út* eins og brum trjáanna. Hins vegar sé hið drungalega, langdregna o-hljóð íslenskunnar, sem endurspeglar kannski á sinn hátt hið íslenska vor (sem rímar við „gor“ og „hor“). Svo ólíkur er hljómur orðanna að hið íslenska „vor“ verður aldrei annað en daufur eftirómur hins enska „spring“ í þýðingu.<sup>73</sup> Af slíkum hljómfræðilegum ástæðum er því gjarnan haldið fram að ljóðlistin, sem sú grein bókmennta er helst reiðir sig á hljóm orðanna, tónlistina í tungumálinu, sé í eðli sínu óþýðanleg. Eftir stuttan samanburð á hinu kunnu viðlagi *nevermore* í ljóði Edgar Allan Poes „Hrafninum“ (sem Helgi þýddi raunar, en birti aldrei<sup>74</sup>) og þeim takmörkuðu, ófullnægjandi þýðingarlausnum sem íslenskt mál býður upp á þegar að viðlaginu kemur, segir í umfjöllun Helga Hálfðanarsonar um ljóðið:

Þessi ljóð sýna á sinn hátt, að góður skáldskapur er einatt svo kirfilega samgróinn sínu eigin frummáli, að þýðing á aðra tungu er vonlaus. Það er augljóst, að þeirri samfylgd merkingar og hljóms, sem setur svip sinn á kvæðið um hrafninn, verður ekki fram komið á íslenzku.<sup>75</sup>

Hinn virti bandaríski þýðandi Gregory Rabassa (sem er raunar fyrst og fremst þýðandi rómansk-amerískra skáldsagnahöfunda á borð við Gabriel García Márquez, Mario Vargas Llosa og Julio Cortázar) hefur sömuleiðis vikið að þessum óþýðanleika ljóðlistarinnar, þegar horft er til „samfylgðar merkingar og hljóms“:

*Tree er árbol*, engin spurning um annað. Lesendur sjá í öllum aðalatriðum sama hlutinn fyrir sér á hvoru tungumálinu sem er. En orðin sem notuð eru til að tákna þetta almenna fyrirbæri eru gerólík. Atkvæðafjöldi þeirra er ekki sá sami, og ef við gerum

<sup>72</sup> Í inngangi að riti sínu *Trímalum*, 1996, kemst Ástráður Eysteinnsson svo að orði, bls. 7.

<sup>73</sup> Helgi Hálfðanarson. „Ögn um þýðingar“. *Molduxi*, 1998, bls. 134–135.

<sup>74</sup> Um þessa þýðingu Helga má nánar fræðast í grein Ástráðs Eysteinnssonar og Eysteins Þorvaldssonar, „Gest ber að garði. Um „Hrafninn“ eftir Edgar Allan Poe og sjö íslenskar þýðingar kvæðisins“. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*. 2. hefti 2011, bls. 15–51. Þýðing Helga birtist í sama hefti.

<sup>75</sup> Helgi Hálfðanarson. „Ögn um þýðingar“. *Molduxi*, 1998, bls. 135.

okkur grein fyrir því að *r* stendur fyrir tvö ólík hljóð í ensku og spænsku, þá eiga orðin engin hljóðön sameiginleg. Auga hugans kann að vera eitt og hið sama þvert á tungumál heimsins, en eyra mannsins hefur þróast eftir mismunandi leiðum. [...] Það er ekkert sem við getum gert við *tree*, annað en vonað að einhver falin blæbrigði í orðsins hljóðan á frummálinu hafi ekki glatast við þýðingu þess. Þessi ómöguleiki er það sem gerir að verkum að ljóðlistin er óþýðanleg, þegar öllu er á botninn hvolft [...].<sup>76</sup>

Í kjölfarið vitnar Rabassa til lífseigra orða bandaríska ljóðskáldsins Robert Frosts um að það sé ljóðlistin sjálf sem fari forgörðum í þýðingu, þótt margs konar athugasemdir hafi verið gerðar við þá fullyrðingu síðan.<sup>77</sup> Fleiri hafa raunar orðið til að skilgreina ljóðlistina með hliðsjón af þýðingum, og þá með öfugum eða neikvæðum formerkjum; sem hið óræða, óápreifanlega eðli eða einkenni texta sem ógerlegt sé að endurskapa á öðru máli. Þýska skáldið Gottfried Benn er einn í langri röð slíkra „spámenna örvæntingarinnar“ – eins og James S Holmes nefnir kennimenn rýrnunarinnar – þegar Benn segir að ljóðið megi skilgreina „sem hið óþýðanlega“.<sup>78</sup> Þá segir afdráttarlaust í hinni áhrifamiklu grein Roman Jakobsons „Um málvísindalegar hliðar þýðingar“ að „ljóðlist [sé] samkvæmt skilgreiningu óþýðanleg. Aðeins skapandi tilfærsla er möguleg.“<sup>79</sup> Við slíkum „tilfærslum“ varar þó þýski heimspekingurinn Arthur Schopenhauer í greinarkorni sínu um þýðingar, þar sem segir: „Ljóð er ekki hægt að þýða; einungis er hægt að umræða þeim, sem ávallt kemur hjárænulega út.“<sup>80</sup> En líkt og raunin er um aðrar *er-ekki* eða óskilgreiningar fyrirbæra, er maður í raun litlu nær um fyrirbærin tvö sem látin eru varpa skuggum

---

<sup>76</sup> Gregory Rabassa. „If This Be Treason. Translation and Its Possibilities“. Í *Translation. Literary, Linguistic, and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 22.

<sup>77</sup> Oft er vitnað til þessara orða Frosts þannig að „poetry is what gets lost in translation“. Upphaflega hljóma ummálin svo: „I could define poetry this way: it is that which is lost out of both prose and verse in translation.“ Sjá *Conversations on the Craft of Poetry*. Ritstj. Cleanth Brooks og Robert Penn Warren, 1961, bls. 7. Þessi kunna mótbára einskorðast auðvitað ekki við ljóðþýðingar. Í almennri umfjöllun um þýðingar er að sjá sem ákveðinn „fórarkostnaður“ sé nær undantekningalaust tekinn með í reikninginn, og út frá því gengið að ýmislegt hljóti óhjákvæmilega að hafa glatast (án þess að vikið sé orðum að hugsanlegum ávinningi). Svo rammt kveður raunar að þessu „glataða“ viðhorfi, að jafnvel „listilega vel þýddar“ bókmenntir eru sama marki brenndar. Þannig segir í stuttri ritfregni um *Smásögur beimsins – Norður-Ameríka*, safn 13 smásagna í ritstjórn Rúnars Helga Vignissonar frá 2016: „Sögurnar eru vel valdar og listilega vel þýddar þar sem fátt glatast af upprunalega efninu.“ (*Stundin*, 2. júní 2016). Fátt – en sitthvað þó. Þrátt fyrir að „listilega vel“ hafi verið að þýðingum sagnanna staðið. Sigfús Daðason heggur í sama knérunn þegar „fullkomnar“ þýðingar Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi á skáldsögum Knut Hamsuns ber á góma: „Var ekki Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi eins fullkominn þýðandi og yfirleitt er hægt að biðja um? Og þýðingar hans er enn sama yndi að lesa og þá er þær komu fyrst út. Til þess að þekkja Hamsun þarf samt að lesa hann á frummálinu, sem heitir „hamsunska“.“ (Sigfús Daðason. „Takmörk og takmarkanir þýðinga“. *Ritgerðir og pistlar*, 2000, bls. 304).

<sup>78</sup> James S Holmes. *Translated!*, 1988, bls. 10.

<sup>79</sup> Roman Jakobson. „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“. Þýð. María Sæmundsdóttir. *Ritid. Tímarit Hugvísindastofnunar*. 3. hefti 2004, bls. 180.

<sup>80</sup> Arthur Schopenhauer. „On Language and Words“. Þýð. Peter Mollenbauer. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*, 1992, bls. 33.

hvort á annað með þessum hætti. Tortryggni gagnvart þýðingum er eitt, enda síður en svo sjálfgefið að treysta skilyrðislaust hvaða bókmenntatexta sem vera skal. Hið *fyrirframgefna, almenna* vantraust sem bókmenntaverk í þýðingu mæta jafnan<sup>81</sup> er þó af öðrum toga, og stendur ugglaut í beinu sambandi við óþýðanleikaumræðuna alræmdu, með tilheyrandi örvæntingu og sannfæringu um að þýðingar séu dæmdar til að vera eins konar daufar eftirmyndir frumtextans. Þó má vel ímynda sér að „rangan“ á fullyrðingu Frosts, þegar öllu er á botninn hvolft, komist nær sannleikanum, þegar sagt er að *ljóðlistin* sé það sem *auðgi sérhverja þýðingu*, enda óneitanlega til ógrynni vel heppnaðra (ljóða)þýðinga. Fyrir vikið myndi sjónarhorn okkar færast frá því að einblína á ómöguleika og rýrnun í þýðingarferlinu, og athyglinni fremur beint að möguleikum og virðisaukningu hvers konar. Ærin ástæða er til slíkrar áherslubreytingar.

Áður er nefnt með hvaða hætti Helgi Hálfðanarson sér í óþýðanleikanum sjálfan tilverugrundvöll þýðingarstarfsins. Hið óþýðanlega ljóð Poes og íslenskar þýðingar á því eru þar engin undantekning, hvort sem litið er til hrafns Einars Benediktssonar eða annarra íslenskaðra Poe-hrafna:

Hitt er svo annað mál, að [með þýðingu sinni] hefur Einar Benediktsson ei að síður skilað afbragðsgóðu íslenzku kvæði, sem enginn Íslendingur hefði frumort á líkan hátt. Um aðra sem þýtt hafa þetta kvæði má segja hið sama. Og ósjaldan ber það við, að ljóð verður að nýjum skáldskap, sem fær nýtt og sjálfstætt gildi, þegar það leitar sér landnáms í ólíku tungumáli[.]<sup>82</sup>

Skömmu síðar víkur Helgi að „Álfareiðinni“, rómaðri enduryrkingu Jónasar Hallgrímssonar á ljóði Heinrich Heines, „Durch den Wald, im Mondenscheine“, og má hér, auk þeirrar þversagnar sem í lokaorðunum felst, sérstaklega benda á það orðalag Helga að Jónas hafi *ort* ljóðið *sem þýðingu*.

Þess má einnig minnast, að eitt af eftirlætis-ljóðum Íslendinga, kynslóð eftir kynslóð, er hið rammíslenzka ljóð *Stóð ég úti í tunglsljósi*, sem Jónas orti sem þýðingu á býsna ólíku þýzku kvæði. Þessu kvæði Jónasar mættu Þjóðverjar gjarna reyna að snúa á þýzku, og hljóta a.m.k. aðgang að íslenzku alþýðulagi að launum. En vér Íslendingar megum fagna alíslenzkri ljóðperlu, sem á tilveru sína því að þakka, að þýðing af einni þjóðtungu á aðra er óhugsandi.<sup>83</sup>

---

<sup>81</sup> „Vantrú á þýðingum er samferða allri umræðu manna um þýðingar“ segir Sigfús Daðason í grein sinni „Takmörk og takmarkanir þýðinga“, sjá *Ritgerðir og pistlar*, 2000, bls. 303. „Lesendur þýddra texta búast oft við að samspil tjáningaraðferða sé áhrifamínni í þýðingu en í frumtextanum, eða öllu heldur setta sig við að „eithvað tapist“ við þýðinguna“ segir André Lefevere enn fremur, sjá *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Þýð. María Vígðís Kristjánsdóttir, 2013, bls. 137.

<sup>82</sup> Helgi Hálfðanarson. *Molduxi*, 1998, bls. 135.

<sup>83</sup> Sama rit, bls. 136.

Keimlíkri hugsun bregður fyrir í ritgerð spænska heimspekingsins José Ortega y Gasset um þýðingarlistina. Þar segir að ekkert vaxi eða verði til í veröldinni „nema raunveruleikinn og ári hins ómögulega séu látnir ganga í eina sæng.“ Af því leiðir að þótt þýðingar séu sagðar óhugsandi, er ekki þar með loku skotið fyrir þann „hugsanlega ljóma sem af starfi þýðandans stafar.“<sup>84</sup> Til mótvægis við framangreint óþýðanleikatal má jafnframt geta eftirfarandi ummæla í greinarkorni þýska málfræðingsins Wilhelm von Humboldts um þýðingar frá árinu 1816:

Þýðingar, og þá einkum og sér í lagi ljóðapýðingar, eru á meðal mikilhæfustu bókmenntastarfa sem um getur, að hluta til fyrir þá sök að þær opna augu þeirra sem ekki mæla á erlendar tungur fyrir listformum og mannlegri reynslu sem að öðrum kosti hefði verið þeim lokuð bók, en fyrst og fremst sökum þess að með þýðingum eykur þýðandinn við tjáningarmöguleika og merkingardýpt síns eigin máls.<sup>85</sup>

Þrátt fyrir hinn margumtalaða óþýðanleika má vera ljóst að „ljómandi“ góðar þýðingar bókmenntaverka eru óneitanlega til, sem er ef til vill eini raunverulegi mælikvarðinn á þýðingarstarfið, í stað eins konar g(r)átlista þar sem reynt er að merkja við þau atriði og eiginleika frumtextans sem hafi skilað sér yfir þýðingarmærin og þau sem geri það ekki – og hver þeirra muni *aldrei* komast til skila. Í ritgerð sinni „Dálítið um þýðingar“ vísar Sigfús Daðason að þessari hugmynd, að vel heppnaðar þýðingar séu á sinn hátt til sannindamerkis um gerleika starfsins:

Þeir sem tekið hafa málstað þýðinga hafa auðvitað bent á að framkvæmdin hljóti hér eins og annarsstaðar að skera úr; rétt eins og hreyfinguna sé auðveldast að sanna með því að ganga, þannig sanni þýðendur með starfi sínu að hægt sé að þýða.<sup>86</sup>

Umberto Eco hefur tekið í svipaðan streng, og tekur sömuleiðis mið af *breyfingu* í myndmáli sínu, áður en hann tilgreinir dæmi um veigamikla þýðingu sem menn hafa ekki séð ástæðu til að efast um:

Allar vel ígrundaðar og greinargóðar kenningar um mannlegt mál sýna að hin fullkomna þýðing er ómögulegur draumur. Eigi að síður fást menn við þýðingar. Þetta er eins og þversögnin um Akkilles og skjaldböckuna. Fræðilega séð, þá ætti Akkilles aldrei að geta elt skjaldböckuna uppi. En í raunveruleikanum gerir hann það. [...]

---

<sup>84</sup> José Ortega y Gasset. „The Misery and Splendor of Translation“. Þýð. Elizabeth Gamble Miller. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*, 1992, bls. 99.

<sup>85</sup> Wilhelm von Humboldt. „From the Introduction to His Translation of *Agamemnon*“. Þýð. Sharon Sloan. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*, 1992, bls. 56.

<sup>86</sup> Sigfús Daðason. *Ritgerðir og pistlar*, 2000, bls. 290.

Meginþorri kristinna manna hefur lesið guðspjöllin í þýðingu (hver þjóð á sinni tungu), en allir þeirra trúa því að Jesús hafi verið krossfestur og Jóhannes skírari afhöfðaður, ekki öfugt.<sup>87</sup>

Í ritgerð sinni gerist Sigfús Daðason þó enn einn „spámaður örvæntingarinnar“, með því að ætla þýðendum fyrst og fremst eins konar „skaðastjórnun“ í störfum sínum:

Nær sanni virðast þeir menn fara sem segja sem svo að þýðingar séu að vísu mögulegar, en í flestum textum nema hinum allra einföldustu sé þó eitthvað öldungis óþýðanlegt, eitthvað sem verður eftir hversu vel sem þýðandinn kann til verks. Hlutverk þýðandans og keppikefli sé það að gera þennan óþýðanlega afgang sem allra minnstan.<sup>88</sup>

Í niðurlagi ritgerðar sinnar segir Sigfús loks:

Ég hef aldrei algjörlega treyst mér til að mótmæla þeim mönnum sem segja að ekki sé hægt að þýða skáldskap. Það er hægt að komast töluvert áleiðis, en varla alla leið. [...] Getum vér ef til vill sagt að lokum að þýðandi skáldskapar geti komið næstum öllu áleiðis nema hinum „skáldlega tóni“, því að í honum er fólgin sjálfur leyndardómur persónuleikans.<sup>89</sup>

Hugmyndir Sigfúsar um hinn „skáldlega tón“ og „leyndardóm persónuleikans“ enduróma hin kunnu orðs Frosts um að ljóðlistin sjálf sé sá leyndardómur, sá skáldlegi tónn, sem aldrei komist „alla leið“ í þýðingu. „[V]íst er um það að þetta kvæði hefur dofnað“ eins og segir í „Grasaferð“ Jónasar Hallgrímssonar.<sup>90</sup> Undantekningar frá þessari reglu eru þó að mati Sigfúsar einmitt þýðingar Jónasar á kvæðum Heinrich Heines, ekki síst fyrir þá sök að Jónas „tekur sér listamannsvald til að fara sína leið óhikað, þó hann sé að þýða kvæði annars skálds, og verða þá til ljóð sem eiga sér enga líka í málinu. [...] Af því að Jónas var óviðjafnanlegur listamaður var tónn hans („hinn skáldlegi tónn“) óviðjafnanlegur.“<sup>91</sup> Sigfús tekur því undir með Helga Hálfðanarsyni hér að framan, en ýjar jafnframt að því að það sé fyrst og fremst *skáldið* Jónas sem stýrir pennastönginni, hinn „óviðjafnanlegi listamaður“, það sé ekki *þýðandinn* Jónas sem „taki sér listamannsvald“ gagnvart frumtextanum. Með orðalagi Helga Hálfðanarsonar, sem talar um að Jónas hafi *ort* ljóðið *sem þýðingu*, má þó segja að skáldið og þýðandinn renni saman,

<sup>87</sup> Umberto Eco. *Experiences in Translation*. Þýð. Alastair McEwen, 2001, bls. ix–x.

<sup>88</sup> Sigfús Daðason. *Ritgerðir og pistlar*, 2000, bls. 290.

<sup>89</sup> Sama rit, bls. 298.

<sup>90</sup> Jónas Hallgrímsson. „Grasaferð“. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* 1, 1989, bls. 292.

<sup>91</sup> Sigfús Daðason. *Ritgerðir og pistlar*, 2000, bls. 298.

nokkuð sem sá sem hér skrifar telur mikilvægt atriði í allri umræðu um ljóðapýðingar, og má hér hafa fyrrgreind orð James S Holmes um hið þrískipta hlutverk þýðingaskáldsins bakvið eyrað.

Þýðingar Jónasar á Heine, til að mynda „hið rammíslenzka ljóð *Stóð ég úti í tunglsljósi*“, nálgast mjög þriðja flokk Drydens, eftirlíkinguna. Að sama skapi er undirgefni og auðsveipni þess konar eftirlíkingar-þýðanda gagnvart frumtexta allajafna minni (þótt *virðing* hans sé söm) og vinnubrögðin djarfari. Því kemur nokkuð á óvart að Sigfús skuli í lokaorðum greinar sinnar velta fyrir sér hvort það séu „ef til vill hinir hógværðu og lítillátu eins og Sveinbjörn Egilsson“ sem séu „allir vegir færir“ og því helstu „undantekningar“ frá reglunni um óþýðanleikann.<sup>92</sup> Ástæðulaust mun þó að telja Sigfús hér í mótsögn við fyrri dæmi sín. Svo ólíkir þýðendur sem Jónas Hallgrímsson annars vegar, með sitt „listamannsvald“, og „hinn lítilláti“ Sveinbjörn Egilsson hins vegar, eru fremur til marks um sveigjanleika þýðingarstarfsins; að allsendis ólíkar leiðir eru færar að sama marki þegar að þýðingum kemur. Hinn vandrataði, gullni meðalvegur þýðingarstarfsins er því kannski ögn breiðari en margir vilja vera láta – og kvíslast líka!

Hafa skyldi hugfast að Sigfús var reyndur þýðandi sjálfur; meðal þýðinga hans var kvæðaflokkur franska Nóbelskáldsins Saint-John Perses, *Útlegð* (1992). Ekki síður margreyndur á þýðingasviðinu er bandaríska ljóðskáldið og þýðandinn Robert Bly, en á meðal þýðinga hans eru ljóð Tomas Tranströmers, hins norska Olav H. Hauges, Pablo Neruda og Rainer Maria Rilkes. Þó gætir svipaðs uppgjafarviðhorfs hér og hjá Sigfúsi gagnvart þýðingariðjunni, þegar Bly ræðir hverju þýðandi geti vonast eftir að verki loknu:

Við vitum að okkur hefur ekki tekist að fanga frumtextann; hinar bestu þýðingar líkjast röngunni á persnesku teppi – það má greina mynstrið, en ekki mikið meira en það.<sup>93</sup>

Aðra hæð má þó taka í þýðingarpólinn. Líkt og Helgi Hálfðanarson, sem lítur óþýðanleikann ekki alfarið neikvæðum augum, þá hefur Patricia Terry (sem meðal annars er höfundur enskrar þýðingar *Samundareddu*) fært fyrir því rök að það sé einmitt óþýðanleikinn sem geri þýðingu eftirsóknarverða – og *mögulega*. Samhangandi heildarmynd þýðingar sé til komin vegna þeirra áskorana og „ómöguleika“ sem frumtextinn felur í sér, sem að mati Terry þröngvar þýðanda til að koma á eins konar samvinnu eða samlegðaráhrifum milli ólíkra þátta þýðingarinnar – það sé með öðrum orðum ómöguleikinn sem geri þýðingu mögulega.<sup>94</sup> Í svipaðan streng tekur ljóðskáldið og þýðandinn Rosmarie Waldrop, sem hefur bent á að ófullkomleiki og hnökror í

---

<sup>92</sup> Sama rit, bls. 298.

<sup>93</sup> Robert Bly. „The Eight Stages of Translation“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 89.

<sup>94</sup> Patricia Terry. „The Invisible Difference. Notes on the Translation of Poetry“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Theoretical Perspectives*, 1984, bls. 54–67.

þýðingu geti í raun verið styrkur hennar þegar upp er staðið. Waldrop ber þýðingarferlið saman við veðrun höggmynda í tímans rás og telur að það geti falist „fegurð í rústunum sem rústum“ og að „styturústin, þýðingin sem gefur hina glötuðu fegurð frumtextans til kynna“ sé miklu mun „eftirsóknarverðari en hin lýtalausa afsteypa sem þykist vera frumtextinn sjálfur.“<sup>95</sup> Eins hefur bandaríski fræðimaðurinn og ljóðapýðandinn Willis Barnstone bent á að mótstaða bókmenntatextans, þegar þýðandi reynir afl sitt við hið óþýðanlega, geti leitt til stærstu sigra sem þýðandi vinnur með verki sínu; það sé hinn „ómótstæðilegi ómöguleiki“ þýðingarstarfsins sem geri þýðendum kleift að gera list úr hinu ófullkomna, ómöguleikinn hvetji þýðanda til „frjálsari efnistaka, ríkara ímyndunarafis og metnaðarfyllri tilrauna.“<sup>96</sup>

Áskorun sú sem í ljóðapýðingum felst er því að sumu leyti sambærileg við fagurfræði íslenskrar rímnahefðar, þegar nær óleysanlegar þrautir dýrt kveðinna vísna hvetja til skapandi braglausna. Rímnauðin er raunar ekki séríslenskt fyrirbrigði; trúbadorarnir próvensku (sem kenndir eru við sögnina „trouver“, að finna) leystu oftast en ekki sambærilegar þrautir í sínum kveðskap – „fundu“ nothæfar lausnir í þröngri stöðu. Hér mætti sömuleiðis benda á Oulipo-hreyfinguna frönsku og verk höfunda á borð við Raymond Queneau (*Exercices de Style*), Georges Perec (*La Disparition*) og Christian Bök (*Eunoia*), þar sem ýmiss konar stíl- og málfræðilegar takmarkanir reisa höfundi skorður, en ýta um leið undir frjó og nýskapandi vinnubrögð. Hvað „stíl- og málfræðilegar takmarkanir“ þýðinga varðar, er það loks skoðun Barnstones, Helga Hálfðanarsonar, Patriciu Terry, Rosemarie Waldrop, José Ortega y Gasset og margra annarra að það sé ekki síst sjálfur óþýðanleikinn sem *skapi* þýðinguna, og opni þýðingarmálinu um leið *nýjar tjáningarleiðir*. „Þýðingar gera tungumáli okkar gott, eins og leikfimisæfingar,“ líkt og þýska skáldið Friedrich Hölderlin sagði eitt sinn: „Tungan verður mjúk og liðug þegar henni er gert að laga sig að útlendri fegurð og mikilfengleika, og jafnvel að útlendum duttlungum.“<sup>97</sup> Sú *viðbót* (fremur en hin gamalkunnuga „rýrnun“) sem þýðingar geta haft í för með sér samhliða slíkum „leikfimisæfingum“, þegar margvíslegu *viðnámi* og jafnvel *ómöguleika* frumtextans er mætt á skapandi hátt, mun nú nánar skoðuð.

### *Læsileiki, jafngildi og viðbót*

Gagnvart „fölsuninni“ sem í þýðingu felst, þýðingarafsteypunni sem kemur í stað frumtextans, er Willis Barnstone talsvert annarrar skoðunar en Rosmarie Waldrop hér að framan, enda hvetur Barnstone þvert á móti til „fullkominnar eftirlíkingar“:

<sup>95</sup> Rosmarie Waldrop. „The Joy of the Demiurge“. Í *Translation. Literary, Linguistic, and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 42.

<sup>96</sup> Rainer Maria Rilke. *Sonnets to Orpheus*. Þýð. Willis Barnstone, 2013. Inngangur, blaðsíðatal vantar.

<sup>97</sup> Vitnað eftir Peter Robinson. *Poetry & Translation. The Art of the Impossible*, 2010, bls. 134.



Að lokum er það spurningin um óþýðanleikann. Það sem virðist ómögulegt að þýða er sannarlega ómaksins vert að reyna sig við. Vera kann að auðvelt sé að þýða sviplausan texta, en árangurinn kann líka að verða sviplaus. Fyrir þýðingarskáldið er það óþýðanlega ljóðið sem leiðir til bestrar niðurstöðu. Þýðandinn reynir afl sitt við mótstöðu textans, hið óþýðanlega eggjar hann áfram og nauðbeygir til frelsis og nýsköpunar. Ef gera á ljóðinu tilhlýðileg skil, verður ímyndunaraflið að hefja sig til flugs. En hvort sem hið upprunalega ljóð reyndist óþýðanlegt eða ekki, þá getur þýðandinn glaðst yfir hinni nýju afurð ef hún er vel gerð, ef hún er fullkomin eftirlíking. Fölsun hans getur þá blekkt með sanni. Og hin vafasama tilhneiging til að gera greinarmun á frumortum ljóðum og þýddum hverfur smám saman, því hið nýskapada ljóð mun óumdeilanlega hafa verið gætt sjálfstæðu lífi sem ekki verður bælt niður.<sup>98</sup>

Áhersla Barnstones á hina „fullkomnu eftirlíkingu“ sem þurrkar út „greinarmuninn á frumortum ljóðum og þýddum“ er umdeilanleg. Að mörgu leyti endurómar hún hugmyndir tékkneska þýðingafræðingsins Jirí Levýs, sem álitur að „í þýddu verki eigi textinn aldrei að ljóstra því upp að hann sé þýðing, heldur að vekja með lesandanum þá „blekkingu“ að hann sé að lesa frumsamið verk.“<sup>99</sup> Hinn kunní enski þýðandi Anthea Bell, sem á löngum ferli þýddi svo ólík bókmenntaverk sem ritverk Kafka og bækurnar um þá Ástrík og Steinrík, talaði á svipuðum nótum: „Í störfum mínum hefur mér alltaf þótt sem þýðendur ástundi blekkingarleik – og blekkingin er sú að lesandinn telji sig ekki vera með þýðingu í höndunum heldur ósvikna frumsmíð [e. „the real thing“].“<sup>100</sup> Ástráður Eysteinnsson hefur gagnrýnt slíka afneitun á uppruna þýðingartextans:

Þýðing er fyrir Levý raunsæislist sem hann líkir við leikrit á sviði; allt sem minni áhorfandann á að hann sé að horfa á sviðsleik trufla hina umsvifalausú innlifun. Því megi ekki heldur minna lesanda á að hann sé að lesa þýðingu. Þessi hugmynd um „lesvænar“ þýðingar er mjög útbreidd og hún er líka oftast mjög grunn. Werner Koller fullyrðir í inngangsríti sínu um þýðingafræði að venjulegur lesandi („Normalleser“) lesi bókmenntaþýðingu sem væri hún frumsaminn texti. Þetta virðist einnig eiga við um ýmsa gagnrýnendur, ef marka má hin margtuggðu hrósyrði þeirra um að þýðingin sé

---

<sup>98</sup> Willis Barnstone. „Preferences in Translating Poetry“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 52–53.

<sup>99</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Trímali*, 1996, bls. 133.

<sup>100</sup> Alison Flood. „Anthea Bell, ‘magnificent’ translator of Asterix and Kafka, dies aged 82“. <https://www.theguardian.com/books/2018/oct/18/anthea-bell-magnificent-translator-of-asterix-and-kafka-dies-aged-82>. Sótt 19. okt. 2018.

svo góð að halda mætti að verkið hefði verið frumsamið á þýðingarmálinu. Það er því eins og ósk viðtakandans sé hreinlega að fá að lesa frumtexta.<sup>101</sup>

Á öndverðum meiði við þau Levý, Bell, Barnstone og fleiri, er þýski rithöfundurinn og heimspekingurinn Rudolf Pannwitz í riti sínu *Krisis der europäischen Kultur* (1917). Í „Verkefni þýðandans“ vísar Walter Benjamin sérstaklega til eftirfarandi ummæla Pannwitz, og segir þau „ljóslega það besta sem birst hefur á sviði þýðingakenninga í Þýskalandi“:

Þýðingar okkar, jafnvel þær bestu, eru reistar á fölskum grunni, þeim er ætlað að þýska indverskuna, grískuna, enskuna, í stað þess að indverska, gríska, enska þýskuna. Þær bera miklu dýpri virðingu fyrir eigin málvenjum en anda hins framandi verks [...] grundvallarafglöp þýðandans eru að viðhalda tilfallandi ástandi eigin máls í stað þess að láta hið erlenda stugga ærlega við því. Honum ber, ekki síst þegar hann þýðir úr mjög fjarlægum máli, að brjóta sér leið til hinstu þátta tungumálsins sjálfs, þar sem orð, mynd, tónn verða eitt; honum ber að víkka og dýpka mál sitt með hinu framandi máli.<sup>102</sup>

Benjamin og Pannwitz leggja áherslu á þá *viðbót* eða auðgun sem falist getur í þýðingu þegar hið erlenda mál „stugga[r] ærlega“ við þýðingarmálinu. „Það er því ekki mesta lof sem borið er á þýðingu [...] að mál hennar sé eins og frumtexti aflestrar“ segir Benjamin.<sup>103</sup> Í þeim efnunum virðist Benjamin þó hafa talað fyrir daufum eyrum, enda „frumtextahrósið“ nú sem fyrr gjarnan viðhaft í almennri þýðingarumfjöllun blaða og tímarita, þegar þýðing telst vel heppnuð, lipur og læsileg, líkt og Ástráður Eysteinnsson bendir á.

Sambærilegu viðhorfi um hina snurðulausu aðlögun bregður að einhverju leyti fyrir í umfjöllun Helga Hálfðanarsonar um þýðingarstörf Jónasar Hallgrímssonar, enda þótt Helgi gangi þess ekki dulinn að Jónas hafi „víkkað og dýpkað“ íslenskt mál og hugsun með þýðingum á erlendum skáldum og fært út landamæri íslensks skáldskapar – og þá kannski ekki síst með „þýðingum“ erlendra bragarhátta, eins og Gauti Kristmannsson hefur fjallað nokkuð um.<sup>104</sup> Af orðum Helga má þó helst ráða að svo al-íslenskur hafi Jónas verið að öðrum en honum hefði orðið hált á svellinu, þeir verið slegnir töfragljúju hinnar erlendu menningar:

---

<sup>101</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Trímali*, 1996, bls. 133.

<sup>102</sup> Walter Benjamin. „Verkefni þýðandans“, 2008, bls. 199.

<sup>103</sup> Sama rit, bls. 197.

<sup>104</sup> Gauti Kristmannsson. *Literary Diplomacy I. The Role of Translation in the Construction of National Literatures in Britain and Germany 1750–1830*, 2005, bls. 21. Sjá einnig grein Gauta „Fleira fer á milli mála en orðin ein“ í *Jóni á Bægisá*, 10. árg., 2006, bls. 56–69.

Í vitund Íslendinga er nafnið *Jónas Hallgrímsson* samgróið öllu sem íslenzkt er, landinu, sögunni, tungunni, eðli og einkennum íslenzkrar náttúru, heitum grasa og dýra. Hraundrangi, Hekla, Kolbeinsey, Réttarvatn; jökull, berjalaut, brekkusóley, þröstur; nafnið Jónas Hallgrímsson er samnefni þessa alls. Og nafn Jónasar bergmálar í örnefninu *Gunnarshólmi* rödd þeirrar ættjarðarástar, sem með alúð og staðfestu verndar íslenzkt þjóðlíf, íslenzka tungu og menningu, þótt öfl eyðingar fari hamförum. Slíkum Íslendingi sem Jónasi Hallgrímssyni var óhætt að ganga á vit erlendra menningar í því skyni að tileinka sér það bezta og nytsamasta sem hún hafði að veita. Lítil hætta var á því, að hann yrði þar sjálfur bergnuminn.<sup>105</sup>

Sú afstaða sem birtist hér gagnvart erlendri menningu er ef til vill nokkuð óttablandin; líkt og því sem íslenskt er – *sannarlega* íslenskt – stafi hætta af óæskilegum erlendum áhrifum, sé fyrirstaðan ekki nægilega öflug. Ekki nema í tilfelli slíkra yfirburðamanna sem Jónas var, sé hættulaust að „ganga á vit“ erlendra menningar án þess að hverfa inn í fjöll hennar, verða af töfrum hennar „bergnuminn“. En ef til vill er einmitt slík fortakslaus hrifning sjálf forsenda auðgunarinnar sem í þýðingu getur falist. Án hennar, án þess að Jónas hafi verið „bergnuminn“ af töfrum sonnettunnar ítölsku svo dæmi sé tekið, má efast um að fyrsta íslenska sonnettan, „Ég bið að heilsa“, hefði verið ort. Hins vegar er það auðvitað svo að veldur hver á heldur, og óvíst að „þýðing“ Jónasar á því kröfuharða formi hefði tekist jafnvel og raun ber vitni ef þar hefði ekki farið maður „samgróinn öllu sem íslenzkt er.“

Hvað varðar „hrósyrðin margtuggðu“ að þýðing sé svo góð „að halda mætti að verkið hefði verið frumsamið á þýðingarmálinu“, má sérstaklega vísa til grundvallarrits Lawrence Venuti í þeim efnunum, *The Translator's Invisibility*. Venuti rekur með hvaða hætti áherslan á *lasileika* (e. „fluency“) þýðingartextans, það sem Pannwitz kallar að „þýska indverskuna“ fremur en að „indverska þýskuna“, hafi almennt ríkt sem viðtekin fagurfræði og krafa gagnvart þýðingum frá því á 17. öld og til okkar daga. Fyrir vikið sé frumtextinn beittur ýmiss konar þvingunum og valdi. Annarleiki frumtextans – hvort sem hann felst í málbeitingu, efnistöku, þeim menningar- og samfélagsgerðum sem lýst er eða öðru – er þurrkaður út, að því marki sem heimamenning þýðingarinnar rúmar ekki slíkan menningarmun. Hæll og tær eru með öðrum orðum sniðnar af, til að fóturinn passi í skóinn. Krafan um hina hnökralausu og áferðarfallegu þýðingu gerir þýðandann þó ekki aðeins að eftirlátum (og ósýnilegum) málamiðlara – hún takmarkar einnig mjög þann sköpunarkraft og nýmæli sem í þýðingu geta falist, líkt og Ástráður Eysteinnsson bendir á:

Frumleika þýðinga er sem fyrr segir skorinn mun þrengri stakkur og segja má að þýðingar fá ekki að vera þeir „frumtextar“, þeir nýju textar, sem þær eru. Ég tel að

---

<sup>105</sup> Helgi Hálfðanarson. „Heilsaði hún mér drottningin“. *Molduxi*, 1998, bls. 84–85.

Þetta sé einkar mikilvægt atriði í þýðingamenningu nútímans: *Væntingar þær sem hafðar eru til þýðinga veita þeim minna svigrúm í skapandi vinnubrögðum en frumsömdum textum.* Hugsunarlaust álíta menn að þýðingar eigi „eðli sínu samkvæmt“ ekki frumkvæði í listrænum umbrotum tungumálsins.<sup>106</sup>

Með áherslunni á læsileika þýðinga er þannig klippt á mögulega frijosemi þeirra í „listrænum umbrotum tungumálsins“. En það eru einmitt slík umbrot sem Walter Benjamin álitur að séu hluti af „verkefni þýðandans“ í samnefndri ritgerð sinni – og má hér sérstaklega benda á að Benjamin skuli tala um „umyrkingu“, nokkuð sem segja má að Helgi Hálfðanarson geri sömuleiðis með því orðalagi sínu að Jónas hafi *ort* „Stóð ég úti í tunglsljósi“ *sem þýðingu*.

Verkefni þýðandans er að leysa, í eigin tungumáli, hið hreina mál úr álögum framandi mála; að frelsa það úr verkinu með umyrkingu sinni. Í þágu þess brýtur hann fúna slagbranda eigin tungumáls: Lúther, Voss, Hölderlin, George færðu út landamæri þýskunnar.<sup>107</sup>

Með öðrum orðum, þá mælist Benjamin til þess, líkt og Pannwitz, að landamæri þýskunnar séu færð út með því að „indverska, gríska, enska“ hana, fremur en að sveigt sé – í nafni læsileika og lípurðar – framhjá ýmiss konar annarleika sem kann að orka tvímælis á þýðingarmálinu. Jafnvel „erlendir duttlungar“ geta stuðlað að nýjum tjáningarmöguleikum, líkt og segir í fyrrnefndum ummælum Friedrich Hölderlins. Í íslensku bókmenntasamhengi mætti hér taka dæmi af Hómersþýðingum Sveinbjarnar Egilssonar, þar sem saman fer „alveg íslenzkt yfirbragð“ sem og „annarlegur ómur“, líkt og Sigfús Daðason hefur bent á:

Hómersþýðingar Sveinbjarnar Egilssonar, sem mér finnst að séu merkilegasta þýðingarverk á íslenzku, hafa mikla sérstöðu: epískt málfar með alveg íslenzku yfirbragði, en þó þarf ekki að lesa nema eina línu til að skynja hinn fjarlæga, næstum því annarlega, óm.<sup>108</sup>

Stundum verður þó lítið úr hinum „fjarlæga“ eða „annarlega“ ómi, þegar menning viðtökutextans nauðbeygir þýðingu svo rækilega að eigin veruleika að hún verður aldrei annað en endurspeglun þess sama menningarheims. Jafnvægislistin milli þessara tveggja menningarheima er oftast en ekki ástunduð með tilvísun til eins algengasta hugtaks þýðingafræðanna, *jafngildisins* (eða annarra „jafngildra“ hugtaka á borð við „samstæðni“, „samsvörun“, „pörun“ o.fl.). Þannig leggur Willis Barnstone á það áherslu að skylda

<sup>106</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Tvímáli*, 1996, bls. 134. Skáletur í frumtexta.

<sup>107</sup> Walter Benjamin. „Verkefni þýðandans“, 2008, bls. 198.

<sup>108</sup> Sigfús Daðason. „Dálítið um þýðingar“. *Ritgerðir og pistlar*, 2000, bls. 291.

þýðingarskáldsins (eins og hann kallar ljóðapýðendur, og sver sig þar með í ætt við fyrrgreind ummæli Benjamins um „umyrkinguna“ sem og Helga Hálfðanarsonar þar sem skáldið og þýðandinn Jónas renna saman) sé að standast frumtextanum snúning – að hið nýskapaða ljóð sé að minnsta kosti jafngott og hið upprunalega verk: „Þýðing sem er minna en jafngild [e. „equal“] er ótrú.“<sup>109</sup> Umberto Eco hefur tekið í svipaðan streng:

[L]eiðarhnoða þýðingarstarfsins er ekki að bera á borð bókstaflegt „jafngildi“ af nokkru tagi, heldur fremur að endurskapa sömu áhrif í huga lesandans (augljóslega með hliðsjón af túlkun þýðandans) og frumtextanum var ætlað að skapa. Í stað þess að tala um jafngildi merkingar [e. „equivalence of meaning“], gætum við því talað um *virkenijafngildi* [e. „functional equivalence“]: góð þýðing verður að framkalla sömu áhrif og frumverkið stefndi að. Af þessu leiðir augljóslega að þýðandi byggir starf sitt á túlkunartilgátu um fyrirhuguð áhrif frumtextans, eða svo ég noti hugtak sem mér geðjast að – hann sinnir starfi sínu með því að vera trúur *ætlun textans*.<sup>110</sup>

Hvernig þessu „jafngildi“ er náð og hvað í því felst, því veldur þó hver á heldur hverju sinni, enda kunna að vera mismunandi leiðir að sama marki, og raunar ekki alltaf einhlítt hvert markið er, eins og Eco bendir á: „Margar tilgátur er hægt að leggja fram um ætlun textans, og því *umsemjanlegt* álitafni hverju sinni hvaða þætti hans þýðingin skuli endurskapa.“<sup>111</sup> Barnstone tekur í svipaðan streng: „Úr því að það er engin ein leið til að túlka texta, þá er heldur engin ein leið til að þýða hann.“<sup>112</sup> Þá má hér einnig geta þeirrar margvíslegu stigveldisskiptingar formlegra og merkingarbundinna þátta sem kann að liggja störfum þýðandans til grundvallar í samræmi við *Skopos* eða *tilgang* þýðingarstarfsins, og getur sá *tilgangur* verið ólíkur frá einum þýðanda til annars, svo sem þau Katharina Reiss og Hans J. Vermeer hafa fjallað um. Þannig felur jafngildishugmyndin sem „innbyggt samræmingar- og leiðsögutæki“ ekki í sér sömu niðurstöðu tveggja ólíkra þýðenda sem vinna með sama texta, líkt og Ástráður Eysteinnsson víkur að í riti sínu *Trímali* (aðeins helgisögnin um grísku Sjötíumannaþýðinguna má heita dæmi um slíkt þýðingafraðilegt kraftaverk):

---

<sup>109</sup> Willis Barnstone. „Preferences in Translating Poetry“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 53.

<sup>110</sup> Umberto Eco. *Mouse or Rat? Translation as Negotiation*, 2003, bls. 56. Skáletur í frumtexta. Hugmyndir Ecos nálgast hér talsvert kenningar hins kunna þýðingafraðings Eugene A. Nida, sem í grundvallarriti sínu *Toward a Science of Translation*, 1964, leggur á það áherslu að þýðing sé „í samræmi við ætlun hins upprunalega höfundar og boða hans“ og að áhrif þýðingarinnar samsvari áhrifum frumtextans. Til að svo megi verða beittir þýðandi svokölluðu *ábrifajafngildi* (e. „dynamic equivalence“), sem *virkenijafngildi* Ecos svarar hér til. Tilvitnun og þýðing í verk Nida sótt í Ástráð Eysteinnsson, *Orðaskil. Í heimi þýðinga*, 2017, bls. 132.

<sup>111</sup> Umberto Eco. *Mouse or Rat?*, 2003, bls. 56.

<sup>112</sup> Sama rit, bls. 49.

Ólíkar þýðingar eins frumtexta geta byggst á mismunandi jafngildi, enda er það oft raunin. Tvær þýðingar á ljóði geta vírst gagnólík verk en báðar kunna þær að stjórna af skýrri jafngildisleit. [...] Ekki er þar með sagt að þýðandi beiti úthugsuðu og rökfærðu „kerfi“; vel má vera að hann láti leiðast af tilfinningu fyrir því hvert „réttu orðið“ sé á vissum stað í textanum, líkt og sá sem frumsemur texta.<sup>113</sup>

Í þessum efnum má líka hafa hugfast að þýðingarferlið er tviátta. Rétt eins og mælingar eðlisfræðinga hafa áhrif á það sem mælt er, svo ekki er hægt að segja til um bæði staðsetningu agnar og hraða hennar með fullri nákvæmni samtímis, þá er ekkert bókmenntaverk til *an sich*, í tómarúmi, óháð túlkunum okkar og „mælingum“. Sérhver þýðingarlestur af- og endurbyggir hinn síbreytilega merkingarkjarna bókmenntaverks. Athuganir okkar hafa afleiðingar, þær eru ekki saklausar; engin leið er að skilja á milli huglægrar skynjunar og „eðlis“ þeirra hlutlægu fyrirbæra sem skynjunin beinist að. Á þetta bendir Emily Dickinson í kunnnum upphafslínunum, knöpp í stílunum eins og jafnan (F1103):

Perception of an object costs  
Precise the Object's loss –

Þannig getur þýðing – sem myndi hér svara til mælinga eðlisfræðinganna – á vissan hátt breytt sjálfum frumtextanum, til að mynda með því að draga fram þætti sem allajafna hafa legið í láginni í viðtökusögu verksins, með því að opna fyrir nýjar túlkunarleiðir eða varpa ljósi á ókannaða eiginleika frumtextans. Þannig kemur „þýðingaviðbótin“ ekki einungis fram í þýðingunni, heldur einnig sjálfum frumtextanum, líkt og Ástráður Eysteinnsson bendir á:

Þýðandinn er í raun á milli tveggja frumtexta: hins erlenda verks og síns viðtekna bókmenntakerfis. Rétt eins og þýðing bætir ætíð einhverri merkingu við frumtextann, þannig eykur þýtt verk einhverju við þær bókmenntir sem fyrir eru. Þýðandinn breytir báðum frumtextum sínum, skapar viðbót við þá. T.S. Eliot lét eitt sinn í ritgerð falla fleyg orð um að nýtt listaverk breytti öllu bókmenntakerfinu, öll hefðin hnikaðist til svo einhverju næmi. Þetta á jafnvel við á víðfeðmari hátt um þýðingar en frumsamin verk, því þýðing getur komið úr hinum ólíkustu áttum og tímum; jafnvel þýðing á ævafornu verki getur komið með nýjan tón í hljómkviðu bókmenntanna. Í orðum Eliots felst jafnframt vísun á einskönar þýðingaráhrif – með viðbót sinni þýðir hið nýja verk alla hefðina fyrir okkur, fær okkur til að líta hana frá nýju sjónarhorni.<sup>114</sup>

---

<sup>113</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Tvímalí*, 1996, bls. 96. Sjá einnig grein Gauta Kristmannssonar „Teoría, tryggð og túlkun“, *Jón á Bægisá*, 2. árg., 1995, bls. 5–22.

<sup>114</sup> Ástráður Eysteinnsson. *Tvímalí*, 1996, bls. 66–67.

Fram hjá þessu mikilvæga atriði er oft litið, svo undirskipuð sem staða þýðingar gagnvart frumtexta allajafna er. Þannig segir Walter Benjamin afdráttarlaust, á fyrstu síðum ritgerðar sinnar um „Verkefni þýðandans“:

Ljóst má vera að þýðing hefur aldrei neitt gildi fyrir frumtextann, hversu góð sem hún kann að vera. [...] Rétt eins og lífstjáning er í nánasta samhengi við þann sem lifir, án þess að hafa nokkurt gildi fyrir honum, þannig stígur þýðingin fram úr frumtextanum. Raunar ekki svo mjög úr lífi hans heldur með því að hann „lifir af“.<sup>115</sup>

Að mati Benjamins eru þýðingar „vettvangur framhaldslífs“ veigamikilla verka. En ef til vill er þetta orsakasamhengi sömuleiðis tvíátta, líkt og þýðingarstarfið sjálft, og verður ekki eitt frá öðru skilið. Hér mætti með öðrum orðum spyrja hvort komi á undan, „frumtextahænan“ eða „þýðingareggið“. Er ráðist í þýðingu verks af því að texti þess hefur lifað af, eða lifir textinn af því að hann hefur verið þýddur? Krákustígar framhaldslífs bókmenntaverka eru kannski ekki beinlínis órannsakanlegir, eins og sagt hefur verið um aðra vegi, þótt erfitt geti reynst að þræða þá til hlítar. En hér mun því að minnsta kosti haldið fram að umferðin á þeim vegum gangi í tvær áttir. Líkt og bandaríski bókmenntafræðingurinn David Damrosch heldur fram í riti sínu *What Is World Literature?*, þá eru heimsbókmenntirnar – og þar með taldar bókmenntir jaðarsvæða ýmiss konar – ekki síst þau verk sem *auðgast* í þýðingu.<sup>116</sup> Og raunar er það svo að Benjamin virðist draga nokkuð í land með þá afdráttarlausu fullyrðingu að þýðing hafi „aldrei neitt gildi fyrir frumtextann, hversu góð sem hún kann að vera“, enda segir nokkru síðar í ritgerð hans:

[F]rumtextinn breytist í framhaldslífi sínu, sem ekki verðskuldaði það nafn ef það fæli ekki í sér umskipti og endurnýjun hins lifandi fyrirbæris. Jafnvel hin fastskipuðu orð eiga sér eftirþroska.<sup>117</sup>

Hér mætti einnig tiltaka þau orð bandaríska ljóðskáldsins og þýðandans Peter Coles að „gagnkvæm aukning“ sé aðalsmerki góðra þýðinga, þegar þýðing gefur frumtexta annað líf og varpar á hann nýju ljósi, um leið og þýðingarmálið er auðgað með þeim umbrotum og nýmælum sem í þýðingunni felast.<sup>118</sup> Það er álit Walter Benjamins, Rosmarie Waldrop, Rudolf Pannwitz, Ástráðs Eysteinnssonar, Lawrence Venutis, Friedrich Hölderlins og margra annarra að þessi „aukning“, auðgun eða viðbót sé takmörkuð ef áherslan á læsileika og lipurð þýðingartextans

---

<sup>115</sup> Walter Benjamin. „Verkefni þýðandans“, 2008, bls. 187.

<sup>116</sup> David Damrosch. *What Is World Literature?*, 2003, bls. 281.

<sup>117</sup> Walter Benjamin. „Verkefni þýðandans“, 2008, bls. 189.

<sup>118</sup> Peter Cole. „Making Sense in Translation. Toward an Ethics of the Art“. Í *In Translation. Translators on Their Work and What It Means*, 2013, bls. 14.

verður yfirsterkari þeim umbreytingarmætti, óstýrileika og „duttlungum“ sem í frumtextanum kunna að leynast.

Segja má að fyrrnefndir kenningasmiðir og þýðendur mælist til þess að í þýðingu sé lesandi hrifsaður út fyrir „þægindaramma“ síns móðurmáls. Á móti hafa ýmsir spurt hvort réttlæt看legt sé að slík áhersla, slíkur annarleiki, sé þyngri á metunum en hin listrænu efnistöð, og verki jafnvel truflandi gagnvart lesanda þýðingar þegar engrar slíkrar truflunar gætir á frummálinu. Hér skal tekið undir að ánauð, undirgefni og jafnvel útfurðun þýðanda á altari læsileikans sé vissulega bæði vara- og vafasöm nálgun á þýðingarstarfið. En ber þýðanda skilyrðislaust að forðast *(g)læsileikann*? Kunn eru þau orð Vladimir Nabokovs að „[h]in klaufalegasta orðréttu þýðing er þúsund sinnum notadrýgri en hin fegursta umorðun.“<sup>119</sup> Segja má að harðlínuafstaða Nabokovs komi til af þeirri málvísindalegu rannsókn fremur en listrænu endursköpun sem hann telur að einkenna skuli þýðingariðjuna. Í grein sinni ræðir Nabokov þá ánægju sem hafa má af því að „kryfja“ frumtextann og „rannsaka með vísindalegum hætti“ allt niður í hans „smæstu lífrænu heildir“.<sup>120</sup> Sú „krufning“ sem þýðandi framkvæmir í störfum sínum fer þó ekki fram í sjálfri þýðingunni, heldur í neðanmálsgreinunum sem henni skulu fylgja, og Nabokov vill að teygi sig „eins og skýjakljúfar“ upp blaðsíðuna svo aðeins „glitti í“ staka þýdda línu – og skal sú ljóðlína eingöngu geyma „hina öldungis orðréttu merkingu“.<sup>121</sup> Sú bókstafsfylgna aðferð sem Nabokov boðar lætur því (g)læsileikann lönd og leið. *Skopos* eða tilgangur þýðingarstarfsins er hin mál- og bókmenntafræðilega rannsókn á kenjum og margbreytileika frumtextans. Áhersla þess sem hér skrifar er nokkur önnur, enda sýn hans á hlutverk þýðandans fremur sú að þar fari listamaður sem vinnur með „fundna“ eða aðfengna texta, *ready made*-efnivið, á skapandi hátt, en um leið af tryggð og trúmennsku gagnvart frumtexta sínum. Sú trygglynda sköpun reiðir sig óhjákvæmilega á sams konar mál- og bókmenntafræðilega rannsókn og Nabokov boðar. Þeirrar rannsóknar sér þó ekki endilega stað berum orðum, svart á hvítu, í „skýjakljúfum“ neðanmálsgreinanna, heldur býr hún að baki sérhverri skapandi lausn. Þannig útilokar eitt ekki annað: (g)læsileikinn, hin vísindalega krufning og viðbótin fara hönd í hönd.

Að því sögðu förum við loks að nálgast höfuðviðfangsefni þessarar ritgerðar, Emily Dickinson sjálfa, og þann umbreytingarmátt, viðbót og margvíslegu „duttlunga“ sem í ljóðmáli hennar búa.

---

<sup>119</sup> Vladimir Nabokov. „Problems of Translation. *Onegin* in English“. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*, 1992, bls. 127.

<sup>120</sup> Sama rit, bls. 135.

<sup>121</sup> Sama rit, bls. 143.



Bandaríska ljóðskáldið Robert Bly hefur bent á að eitt mikilsverðasta framlag Ezra Pounds til bandarískrar bókmennta- og ljóðþýðingasögu felist ekki síst í áherslu hans á hina *lifandi hrynjandi talmálsins*, og að þar sé hann í félagsskap þeirra Whitmans og William Carlos Williams:

Að spyrja eyrað út í sérhvert orðaval, spyrja það: „Hefurðu einhvern tíma heyrt einhvern segja þetta?“ [...] Almennt talað stigu 19. aldar þýðendur aldrei þetta skref; það voru Whitman, Pound og William Carlos Williams sem skerptu hlustir okkar fyrir ensku og bandarísku talmáli. Þær aðdáunarverðu þýðingar sem litið hafa dagsins ljós í Bandaríkjunum undanfarin 30 ár eða svo, eru að hluta til gjöf þessara þriggja manna, og sannfæringar þeirra að ljóð megi yrkja með hrynjandi talaðs máls að vopni.<sup>122</sup>

Ummæli sín setur Bly fram í grein um eigin þýðingu á einni af sonnettum Rainer Maria Rilkes. Leggur Bly þunga áherslu á hversu snar þáttur hin talmálskennda hrynjandi tungumálsins sé í ljóðum Rilkes, nokkuð sem enskumælandi þýðendur verka hans hafi allajafna litið fram hjá eða hreinlega ekki áttað sig á. Eftirfarandi orð Blys telur ritgerðarsmiður raunar að mætti að breyttu breytanda hafa um ljóðagerð Emily Dickinson:

Ljóð Rilkes, eins og ljóð allra stórskálda, blanda saman töluðu máli og rituðu með hárfínum hætti; ljóðmálið vegur salt á milli óformlegrar málbeitingar og formlegrar. En ljóðlist Rilkes er aldrei án þess rafmagnaða slagkrafts sem felst í hrynjandi talaðs máls.<sup>123</sup>

Allajafna hefur fremur lítill gaumur verið gefinn að birtingarmyndum talmáls eða hins óformlega í ljóðagerð Emily Dickinson.<sup>124</sup> Þannig lítur Bly fremur til Whitmans en skáldsysstur hans þegar hann tilgreinir þau skáld sem mest lögðu af mörkum til að „skerpa hlustir“ lesenda fyrir hljómbla talmálsins í enskumælandi skáldskap. Í blaðaviðtali í *The Paris Review* árið 1962 hafði þó einmitt eitt fyrrnefndra þriggja skálda, William Carlos Williams, gert að umtalsefni að í ljóðum Dickinson megi greina það sem Williams kallar „the American idiom“ – hið ómengaða, náttúrulega talmál, sem Williams vildi fanga í eigin ljóðagerð:

---

<sup>122</sup> Robert Bly. „The Eight Stages of Translation“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 76–77.

<sup>123</sup> Sama rit, bls. 74.

<sup>124</sup> Sjá þó athyglisverða grein David S. Reynolds, „Emily Dickinson and Popular Culture“ í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 167–191, þar sem Reynolds rekur til að mynda hvernig áróðursauglýsingar góðtemplara og orðræða áfengisbólsins rataði inn í ljóðlist Dickinson.

Þegar ég minnst á Emily Dickinson, þá á ég við að hún var frjáls andi. Hún gerði hvað hún gat til að brjótast undan of smásmugulegri túlkun. Hún vildi ekki málbinda sig við rím eða rökhyggju. [...] Og hún fylgdi hinni bandarísku mállýsku. Hún vissi ekki í hverju hún fólst, en hún fylgdi henni engu að síður. [...] Hún var villingur. Hún setti sig upp á móti hvers konar afturhaldi. [Í ljóðum sínum] beitir hún hinu talaða máli, mállýskunni, sem Oxford-enskan átti eftir að afskræma síðar meir.<sup>125</sup>

Í grein sinni „Poetry at the Mid-Century“ frá árinu 1950 benti bandaríska ljóðskáldið og þýðandinn Babette Deutsch enn fremur á að Dickinson og Whitman hefðu bæði verið „brautryðjendur þeirra bandarísku skálda sem sneru aftur til róta ljóðlistarinnar í sameiginlegum reynsluheimi og tungutaki hins lifandi talmáls.“<sup>126</sup> Sá sem hér skrifar hefur í þýðingum sínum á ljóðum Dickinson lagt sig eftir „hinu talaða máli“ þar sem þess er kostur og freistað þess að koma hinum „rafmagnaða slagkrafti sem felst í hrynjandi talaðs máls“ til skila, enda telur ritgerðarsmiður að nokkuð hafi verið horft fram hjá þeim látlausa, talmálskennda einfaldleika sem einkennir mörg ljóða Dickinson, þó að vissulega megi einnig benda á ófáa „heilabryta“ á tyrfnu máli.

James S Holmes, líkt og Robert Bly, hefur bent á að oftast en ekki megi greina víska tilhneigingu til upphafningar og formlegheita í ljóðapýðingum. Ástæðurnar kunna að vera margvíslegar. Til dæmis hættir þýðendum til að líkja um of eftir orðaforða og setningabyggingu frumtextans ef um tvö náskyld tungumál er að ræða, með þeim afleiðingum að málsnið þýðingarinnar verður annað. Grunnástæðan virðist þó vera sú að þýðandi hafi ekki opnað eyru sín fyrir talmálskenndum eiginleikum frumtextans, og vanræki því að „spyrja eyrað út í sérhvert orðaval, spyrja það: „Hefurðu einhvern tíma heyrt einhvern segja þetta?““ þegar þýðingarlausna er leitað, líkt og Bly leggur svo þunga áherslu á. Tekur Holmes dæmi af upphafslínu hins kunna ljóðs Goethes, „Söngur Mignons“:

Kennst du das Land, wo die Zitronen blühn?

---

<sup>125</sup> Sjá *Poets at Work. The Paris Review Interviews*. Ritstj. Donald Hall og George Plimpton, 1989, bls. 169. Williams slær raunar úr og í og erfitt að átta sig fyllilega á hvað hann meinir þegar hann segir að Dickinson hafi fylgt hinni bandarísku mállýsku án þess þó að vita hvað í henni hafi falist (e. „She didn't know it, but she followed it nonetheless.“). Skömmu síðar er líkt og Williams snúist hugur, þegar hann segir að Dickinson hafi ekki „áttað sig á“ hvaða stefnu ljóðlistin var að taka á þessum árum, í átt til frjálsari efnistaka, og nefnir Whitman sérstaklega, en er sömuleiðis jafnfljótur að undirstrika að Whitman hafi villst af leið og tekið upp stífara afbrigði „enskrar“ ensku, í stað hins bandaríska málafbrigðis. Ef til vill er Williams að skapa sér aukið olnbogaráymi, með því að taka hattinn ofan fyrir forverum sínum en stugga jafnharðan við þeim aftur, enda segir hann kokhraustur að sér hafi alltaf fundist „ég vera betra skáld [en Dickinson] af því að hin bandaríska mállýska var mér svo eiginleg“. Engu að síður er ljóst að Williams lítur til Dickinson sem fyrirmyndar, og gengur raunar svo langt að kalla hana „verndardýrting“ sinn – ekki síst sökum þess hve næmt eyra hún hafði fyrir hrynjandi talmálsins í ljóðum sínum.

<sup>126</sup> Vitnað eftir Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 682.

Ófáir enskir þýðendur þessarar að því er virðist einföldu ljóðlínu hafa ekki staðist þá freistingu að beinþýða (eða þýða *ekki*) málgreinarbyggingu og orðaforða þýska frumtextans. Í meðförum þeirra hljómar línan því svo:

Knowst thou the land where the lemon trees blossom?

Þessa „sjálfvirkni“ í þýðingarferlinu nefnir Holmes „sitrónuheilkennið“, enda færir hann sannfærandi rök fyrir því hvers vegna slík þýðing sé í raun ótæk:

Slagkraftur línunnar felst að mörgu leyti í hinum einkennandi samslætti Goethes á framandi ljóðmynd sítrónutrjáa í blóma og hinu látlausa tungutaki hversdagslegrar spurnar: „Kennst du das Stück, das jetzt im Theater spielt?“ „Kennst du das Haus, das gestern verbrannt ist?“

Vandalítið er fyrir enskan þýðanda að koma merkingu línunnar til skila, og gæti prósaþýðing með sama málsniði hljómað svo: „Do you know the country where the lemon trees blossom?“ eða „Do you know the country of the blossoming lemon trees?“ Í ljóðaþýðingum hins vegar, líkt og Jackson Mathews hefur bent á, er „mun erfiðara en í prósaþýðingu að standast þá freistingu að láta líkan frumtextans slá mann töfrablindu, líkja eftir augljósum eiginleikum hans, jafnvel sjálfri málgreinarbyggingunni ...“. Mathews hefði mátt bæta því við að sú freisting er til staðar jafnvel í þeim tilvikum þar sem setningabyggingin er að forminu til sambærileg, en hefur gerólík áhrif í þýðingarmálinu. Þeir ensku þýðendur sem hafa spreytt sig á ljóði Goethes í gegnum tíðina hafa ítrekað fallið í gryfju upphafslínunnar. Þannig hefur „Kennst du das Land ...“ margendurtekið verið þýtt sem „Knowst thou the land ...“ Setningar- og orðmyndunarfræðilega séð eru línurnar tvær nánast samhljóma. Þau umskipti sem orðið hafa á heildarskilaboðum [e. „total message“] ljóðlínunnar eru þó gagnger. Hin formlega spurnaruppbygging í stað hjálparsagnarinnar „do“, hin úrelta orðmynd 2. persónu eintölu sagnarinnar „knowst“ og fornafnsins „thou“, með því að þýða þýska orðið *Land* sem „land“ í stað „country“: öll þessi atriði í sameiningu stuðla að því að ljá hinni ensku þýðingu stífan og fornlegan blæ dauðrar hefðar, sem er víðs fjarri hinum talmálskennda þrótti þýskunnar.<sup>127</sup>

Sú freisting að láta „líkan frumtextans slá mann töfrablindu“, oft með tilheyrandi upphafningu og stirðleika, kann að eiga sér vissa skýringu í óttablandinni virðingu þýðanda fyrir frumtexta sínum, því sem Ronnie Apter hefur kallað „þrælslega fastheldni við merkingu fyrir merkingu,

---

<sup>127</sup> James S Holmes. *Translated!*, 1988, bls. 12. Til samanburðar má þess geta að Benedikt Gröndal fellur að sumu leyti í sömu gildru og þeir enskumælendi þýðendur sem Holmes tekur til bæna, en leyfir sér þó einnig visst frelsi. Í meðförum Gröndals hljómar línan svo: „Kennir þú land þar aldin gullin gljá“. *Ljóðmáli. Úrval*, 1985, bls. 260.

rím fyrir rím, bragarhátt fyrir bragarhátt“, áður en kom til kasta Ezra Pounds og annarra óstýrilátra formbyltingarmanna.<sup>128</sup> Robert Bly hefur talað í sama anda:

Oft er sársaukafullt að víkja frá orðaröð frumtextans; óreyndir þýðendur veigra sér einna helst við því; þeim finnst þeir vera ótrúir ef þeir færa sögnina úr stað. En sérhvert tungumál þróast með mismunandi hætti, og við getum ekki þurrkað út árþúsundir af málbreytingum með viljanum einum saman.<sup>129</sup>

Af þessum ástæðum leggur Bly áherslu á að þýðandi opni eyru sín fyrir hinni lifandi hrynjandi talmálsins; sé *trúir* móðurmáli sínu fremur en frumtexta, láti ekki orðaröð frumtextans nauðbeygja sig til þrælslegrar fylgispektar, slá sig töfrablindu. Eins og umfjöllun James Holmes sýnir eru það þó ekki eingöngu „óreyndir þýðendur“ sem veigra sér við að brjóta upp orðaröð frumtextans og víkja frá setningarfræðilegri uppbyggingu hans. Kúgunarvald frumtextans er mikið. Og ef til vill er það ekki fyrr en fjarlægðin er orðin nægileg og virðingarstaða frumtextans greinilega undirskipuð þýðingarmálinu, í „goggunarröð“ heimsmenningarinnar, sem fælingarmáttur frumtextans fer að láta undan.<sup>130</sup>

#### *Bláþráðótt málfræði og for-móðernískur orðabúskapur*

Það var einkum Walt Whitman sem ruddi leiðina fyrir T.S. Eliot, Ezra Pound og önnur lykilskáld móðernismans á fyrstu áratugum 20. aldar með hinum óbundnu, talmálskenndu

---

<sup>128</sup> Ronnie Apter. *Digging for the Treasure*, 1987, bls. 108. Umfjöllun Apter miðast að hluta til við nýstárlegar þýðingar Pounds og annarra á klassískum textum. Hér skal þó nefnt að í þýðingariðju fyrri alda var löngum algengt að vikið væri frá bragarhætti Hómers, sexliðahættinum. Þannig beittu franskir þýðendur alexandrinum og Alexander Pope tvírími í þýðingum sínum, á meðan hin franska Anne Dacier þýddi kviður Hómers á laust mál og hinn skoski James Macpherson á ljóðrænan prósa.

<sup>129</sup> Robert Bly. „The Eight Stages of Translation“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 76.

<sup>130</sup> Dæmi þessa má sjá af kunnnum digurmælum breska 19. aldar þýðandans Edward FitzGerald, höfundar áhrifamikillar og um leið nokkuð frjálsegrar þýðingar úr persnesku á ljóðaflokki Omar Khayyams, *Rubaiyat*, en FitzGerald segir borubrattur í bréfi til vinar að hann skemmti sér við að „fara eins frjállega og mér sýnist með þessa Persa sem eru ekki nógu mikil skáld (að mér finnst) til að fæla mann frá slíkum tilraunum og veitir ekki af dálitlu listfengi til að koma lagi á sig“ (tilvitnun sótt í André Lefevre, *Þýðingar, endurrítun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir, 2013, bls. 23). Ef til vill getur í einhverjum tilvikum verið stutt frá skapandi uppreisnaranda þýðanda til sams konar gorgeirs og gætir hér í orðum FitzGerald. Ég hygg þó að „tilraunir“ þýðenda og „listfengi“ hvers konar sem beitt er í (frjálselegum) þýðingum, eigi sjaldnast rætur að rekja til víðlíka yfirlætis gagnvart frumtexta og hér – sem ugglaut má fremur rekja til breskrar heimsvaldahugsunar, líkt og Ástráður Eysteinnsson og aðrir hafa bent á: „Ástæðan fyrir því að FitzGerald telur sig ekki hafa neitt að óttast er líklega fyrst og fremst sú að hann er að þýða verk sem er utan hins vestræna bókmenntakerfis. Hann er því að færa bókmenntum sínum allt að því hreina „viðbót“ sem verður jafnframt *hans verk* í víðtækari skilningi en alla jafna gildir um þýðingar[.]“ Ástráður Eysteinnsson. *Tvímalí*, 1996, bls. 84.

ljóðum sínum, en auk hins mikilvæga fordæmis Whitmans litu Pound og samferðamenn hans sömuleiðis til breskra skálda á borð við Gerald Manley Hopkins, Robert Browning og William Butler Yeats. Í mörgum ljóða Emily Dickinson má þó greina mun róttækara rof á hefðbundinni ljóðrænni framsetningu en í verkum þeirra Brownings og Yeats, svo dæmi séu tekin. Ljóð sín setur Dickinson fram á máli sem oft getur reynst erfitt að ráða í, ekki síst sökum þess að hún bregður á margvíslegan, vísvitandi *leik* með óræðri málbeitingu sinni – það eru óútfylltar eyður í margræðri málfræði ljóðanna. Um þetta hefur Cristanne Miller fjallað sérstaklega í þekktri bók, *A Poet's Grammar*:

Myndlíkingar Dickinson og víðtækar hliðstæður, óvanalegur knappleiki ljóða hennar, skortur á hefðbundinni greinarmerkjasetningu, sérviskuleg hagræðing mál- og setningarfræðinnar og orðnotkun – allt gerir þetta að verkum að koma má að ljóðum hennar úr mörgum ólíkum áttum og túlka með mismunandi hætti hverju sinni.<sup>131</sup>

Oftar en ekki er málfræði Dickinson raunar svo brotakennd að lesandi þarf bókstaflega að fylla í eyðurnar til að úr verði heilar setningar, rétt eins og gera þarf þegar kvæðabrot forn-grísku skáldkonunnar Saffóar eru túlkuð og lesin vegna takmarkaðrar handritageymdar ljóðanna á þeim papyrusslitrum sem fundist hafa.<sup>132</sup> Möguleikarnir eru því oft fleiri en einn og fleiri en tveir þegar geymdin eða framsetningin er slitrótt og ákvarða þarf beygingarmyndir sagna, setningarfræðilegt hlutverk nafnorða, tilvísanir fornafna eða kyn lýsingarorða út frá bláþráðóttri málfræði. Og raunar slitnar sá þráður oftast en ekki, þegar Dickinson „[segir] bara Setningarfræðina“ en lætur „Sögnina og Fornafnið niður falla“ (F277), svo vitnað sé til hennar eigin orða. Í umfjöllun sinni um eitt af kunnustu ljóðum Dickinson, „Það er viss Hallfleytt birta“ (F320), bendir Sharon Cameron á að hægt er að leggja í það minnsta þrenns konar mál- eða setningarfræðilegan skilning í eina hendingu ljóðsins, þar sem segir um hina „Hallfleyttu birtu“ vetrarsíðdegisins að „None may teach it – Any –“ (hugsanleg undanskilin orð eru innan hornklofa):

None may teach it – [not] Any[one else]

None may teach it – Any[thing]

None may teach it – [to] Any[one else]<sup>133</sup>

<sup>131</sup> Cristanne Miller. *Emily Dickinson. A Poet's Grammar*, 1987, bls. 2.

<sup>132</sup> Hin slitrótta handritageymd Saffóar varð Ezra Pound innblástur. Í smáljóði sínu „Papyrus“, sem sækir efnivið sinn til skáldkonunnar grísku, leikur hann handritageymdina eftir. Vísar þetta æskuljóð að vissu leyti fram á veginn, til brotakenndrar framsetningar *Cantos*-bálksins í heild sinni, þar sem lesandi þarf vissulega að yrkja í eyðurnar. Eyður Dickinson eru af öðrum toga. Í tilviki Pounds eru það ekki síst óljósar tengingar milli tilvísana og yrkisefna sem lesandi klórar sér í kollinum yfir. Í ljóðum Dickinson hins vegar eru það fremur orðin sjálf sem erfitt getur reynst að þræða saman; hvernig fylla skal upp í hina knöppu málfræði og úrfellingar.

<sup>133</sup> Sharon Cameron. „Dickinson's Fascicles“. Í *The Emily Dickinson Handbook*, 1998, bls. 147.

Hendingin er síður en svo einsdæmi í höfundarverkinu, og má hér sömuleiðis nefna lokaerindi ljóðs F393, þar sem hin undanskildu orð (14 samkvæmt „eyðufyllingum“ ritgerðarhöfundar) eru nánast jafnmörg og orðin sem erindið telur (16):

Erase the Root – [and there will be] no Tree –  
[erase] Thee – then – [there will be] no me –  
[and] The Heavens [will be] stripped –  
[and] Eternity’s vast pocket, [will be] picked.

Að mati Dickinson-fræðingsins Robert Weisbuchs fela öll ljóð Dickinson á einn eða annan hátt í sér „próf þar sem fylla þarf inn í eyðurnar“, og rétt svör í því eyðufyllingarprófi ótæmandi.<sup>134</sup> Þegar svo við bætast orðavalsmöguleikar Dickinson – „varíantar“ í orðalagi, sem hún skrifar hjá sér á spássíur handritanna en tekur ekki endanlega afstöðu til, svo mörg ljóða hennar eru í raun ófullfrágengin – er ljóst að síst mun ofmælt að koma megi að ljóðum hennar „úr mörgum ólíkum áttum og túlka með mismunandi hætti hverju sinni“, eins og Miller kemst að orði.

Auk margræðni málfræðinnar og „óstöðugleika“ ófárra ljóða sökum þess að Dickinson gerði í mörgum tilvikum aldrei upp hug sinn varðandi orðnotkun og orðalag, þá geta orðin sjálf verið hál og skroppið undan tilraunum okkar til endanlegrar merkingarákvörðunar. Eitt megineinkenni módernískrar ljóðagerðar má teljast leikurinn að margræðni tungumálsins. Að henni hefur fyrrnefndur James Holmes vikið, og eiga ummæli hans vel við málbeitingu Dickinson og þær áskoranir sem marggild ljóðlist hennar færir jafnt túlkendum sem þýðendum:

Við lestur ljóða felast í sjálfu forminu tilmæli til okkar um að hafa hugann opinn fyrir margræðni á öllum sviðum. Jafnvel þegar við höfum valið eina ákveðna merkingu, útilokum við ekki umhugsunarlaust aðra merkingarmöguleika, heldur geymum við þá á bakvið eyrað, líkt og svo marga þætti aðra í þeim margslungna merkingarvef sem við gerum ráð fyrir að sérhvert ljóð sé. Í þessari flóknustu smíð allrar málsköpunar renna saman heilu fylkingar merkingarbærra þátta, og ekki aðeins sú merking sem augljósust er eða rökréttust hverju sinni, og skapa þannig heildarmerkingu og -áhrif ljóðsins.<sup>135</sup>

„Svo árum skipti var Orðabókin minn eini vinur“ segir Dickinson í einu bréfa sinna, með nokkuð dæmigerðum ýkjum (L261). Þó mun óhætt að fullyrða að sjálf hafi hún haft „hugann opinn“ fyrir margræðni og ólíkum merkingarmöguleikum tungumálsins. Eftirfarandi ummæli koma fyrir í bréfi til æskuvinar:

---

<sup>134</sup> Vitnað eftir Fred D. White. *Approaching Emily Dickinson. Critical Currents and Crosscurrents since 1960*, 2008, bls. 20. White vitnar til greinar Weisbuchs „Nobody’s Business. Dickinson’s Dissolving Audience“.

<sup>135</sup> James S Holmes. *Translated!*, 1988, bls. 9.

Áður fyrr trúðum við því [...] að orðin væru ódýr & vanmáttug. Nú veit ég ekkert sem má sín jafn mikils. Fyrir sumum þeirra tek ég ofan hatt minn þegar ég sé þau sitja svo höfðingleg við hlið jafningja sinna á síðunni. Stundum festi ég orð á blað, og virði fyrir mér útlínur þess uns það tekur að glóa skærar en nokkur saffírsteinn.<sup>136</sup>

Dickinson hafði ýmis ráð til að láta orð sín glóa skært. Brotakennd framsetning og bláþráðótt málfræði, sérvískuleg notkun greinarmerkja (einkum þankastriksins) og hástafa,<sup>137</sup> og síðast en ekki síst *knappleiki* ljóða hennar – allt þetta í sameiningu varð til þess að einstök orð eru oftar en ekki hlaðin ítrustu merkingu. Þessi knappleiki ljóðmálsins og áhersla á merkingarþunga stakra orða var jafnframt í hrópandi andstöðu við langorðar skáldskaparvenjur samtímamanna Dickinson í Bandaríkjunum sem og málalengingar og orðskrúð viktóriönsku skáldanna bresku handan við hafið, sem móðernistarnir áttu eftir að bregðast við síðar. Á þetta bendir bandaríska ljóðskáldið Marvin Bell í ljóði sínu „The Mystery of Emily Dickinson“:

Á meðan hinir skrifuðu meira og lengra,  
skrifaðir þú miklu meira og miklu styttra.<sup>138</sup>

Nákvæmni Dickinson í orðavali og áhersluþungi orðanna, brotakennd framsetning og tilheyrandi margræðni merkingarinnar, sláandi myndvísi, óregluleg (og á köflum frjáls) hrynjandi, óljósar „lærðar“ tilvísanir, knappleiki ljóðmálsins, temprun hinnar persónulegu tjáningar og leikgleði hvers konar – allt eru þetta eiginleikar sem kallast mega *móðernískir*, og geymir ljóðlist Dickinson að þessu leyti vísi að þeirri formbyltingu sem varð í enskumælandi ljóðlist á fyrstu áratugum 20. aldar, þótt forvígismenn þeirrar byltingar hafi lítt ef nokkuð litið til fordæmis Dickinson. Lykilatriðið í því sem kalla mætti „for-móðerníska“ skáldskaparfræði Dickinson telur ritgerðarhöfundur þó að sé afstaða hennar til orðsins sem slíks og hvers það „má sín“ (F278). Áhrifamátt orðanna leysir Dickinson úr læðingi með ýmsum hætti, en kannski ekki síst með því að brjóta upp hefðbundinn brag og sjálfvirkni ríms með hrynjandi sinni og einkennandi notkun hálfríms. Patricia Terry hefur bent á hvaða áhrif það hefur á ljóðmálið, jafnt í þýðingu sem frumyrkingum, þegar vikið er frá fastri hrynjandi og kerfisbundnu rími:

<sup>136</sup> Richard B. Sewall. *The Lyman Letters. New Light on Emily Dickinson and Her Family*, 1965, bls. 78.

<sup>137</sup> Hér skal þó tekið fram að hástöfun lykilorða (einkum nafnorða og mikilvægra sagnorða) á sér langa hefð í enskumælandi ljóðagerð, og hélt raunar einna lengst í bandarískum sálmakveðskap. Hátturinn sem Dickinson orti jafnan undir, en sveigði að eigin þörfum, var hinn svokallaði „sálmaháttur“ eða „Hymn Meter“, og má ætla að hástafanotkun sína hafi hún að einhverju leyti numið af sálmabókum og kirkjusöng. Beiting Dickinson er þó bæði tíðari og óvanalegri – lýsingarorð og jafnvel atviksorð eru á köflum skrifuð með hástöfum í ljóðum hennar, þegar innihaldið svo krefur. Þá má sjá af lestri sendibréfa frá dögum Dickinson að rífleg notkun þankastrika var mun tíðari en nú. Eins og fjallað mun um síðar á þessum blöðum gegna þankastrik Dickinson þó sérstöku – að ekki sé talað um nýstárlegu – hlutverki í framsetningu og merkingarsköpun ljóða hennar.

<sup>138</sup> Marvin Bell. „The Mystery of Emily Dickinson“. Í *Visiting Emily*, 2000, bls. 2.

Þegar þessara þátta nýtur ekki lengur við, er ljóðskáldinu enn brýnni þörf en ella að gæða sjálf orðin auknum tilfinningalegum hljómbæl.<sup>139</sup>

Orðavalsmöguleikar Dickinson á spássíum handritanna eru til vitnis um að hún fann til þessarar „brýnu þarfar“ fyrir „auknum tilfinningalegum hljómbæl“ orðanna. Hún leitaði *le mot juste*, í þeim skilningi franska skáldsagnahöfundarins Gustave Flauberts að það sé nákvæmni orðavalsins sem ljái texta áhrifamátt, og hlutverk höfundar því að finna *hið rétta orð* hverju sinni. Þó má segja að sýn Dickinson á eðli og möguleika tungumálsins sé að mörgu leyti nútímalegri – á okkar póstmódernísku efahyggjutímum um fasta merkingu – en raunsæislegur skilningur Flauberts og traust á því að hið eina rétta orð megi alltaf fiska upp úr merkingardjúpinu. Dickinson gerir sér ljóst að möguleikarnir eru fleiri en einn og fleiri en tveir. Þeir geta þess vegna verið alls 13 talsins, eins og raunin er í drögum Dickinson að einu ljóða sinna. Stundum tekur hún endanlega afstöðu til orðavalsmöguleika sinna, annaðhvort með hreinskrift eða með því að strika undir þá gerð sem hún kys. Jafnoft er þó engin leið að ráða í afstöðu Dickinson til „varíanta“ sinna. Það hefur því komið í hlut ritstjóra hennar að velja á milli mismunandi orðalags og búa ljóð Dickinson til prentunar, með ýmiss konar tilfæringum og ritstjórnarlegri hagræðingu á handritsgerð ljóðanna, eins og nánar verður vikið að síðar. „Útgáfurnar“ af Emily Dickinson eru því sannarlega fleiri en ein.

Þá kann að virðast sem hvað rekist á annars horn í skáldskap Dickinson á köflum. Í ljóðum hennar birtist einlæg trúarsannfæring eina stundina, hnífskarpt trúarháð þá næstu; eina stundina er hún hefðbundið náttúruskáld hunangsflugna og blóma, þá næstu færir hún í orð sársaukann og örvæntinguna sem fylgir sálrænu áfalli, þegar hugurinn kiknar undir álaginu, „brestur“ (F340) eða „klofnar“ (F867B), og veruleikaskynið tapast. Einkennandi fyrir túlkunarhefðina, eða réttara sagt þær túlkunarhefðir sem sprottið hafa af höfundarverki Emily Dickinson, er því sá mikli mishljómur sem þar gætir og hve harðvítug átök fræðimanna um persónu Dickinson, fyrirætlanir, listræna stöðu og sjálft inntak ljóðanna hafa reynst á köflum. Hver túlkandi togar í sína átt og dregur upp eigin mynd af „Ráðgátunni frá Amherst“, ekki síst í krafti þeirrar óvissu sem ríkir um margt í ævi Dickinson, sem og þeirra margvíslegu mál- og merkingarfræðilegu eyða eða glufa (í skilningi viðtökufræðingsins Wolfgang Iser<sup>140</sup>) sem einkenna ljóð hennar. Enginn lestur er hlut- eða saklaus – hvort sem hann er af feminískum toga, trúarlegum, textafræðilegum, sögulegum eða skáldskaparfræðilegum/bókmenntasögulegum eins og raunin er að einhverju leyti í þessari ritgerð, með því að sjá í ljóðmáli Dickinson vísi að formbyltingu móðernistanna sem varð um hálfri öld eftir andlát hennar, og gera úr henni eins konar brautryðjanda þeirra umbrota. „Mál- og táknfræðilega eru ljóðin svo flókin að lesendum er í

<sup>139</sup> Patricia Terry. „The Invisible Difference. Notes on the Translation of Poetry“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 60.

<sup>140</sup> Hér má benda á grein Iser „The reading process: a phenomenological approach“ í *Modern Criticism and Theory*, 2. útgáfa, 2000, bls. 188–204, sem og á bók Iser *The Act of Reading. A Theory of Aesthetic Response* frá árinu 1978.



lófa lagið að sjá aðeins þann sannleika sem þeir eru reiðubúnir til að viðurkenna“ segir Cristanne Miller.<sup>141</sup> Ljóð Dickinson eru „opin“, þau er erfitt að njörva niður, merking þeirra er viðsjál og fljótandi. Ekki síst af þeim sökum telur fræðimaðurinn Jed Deppman að ýmislegt í ljóðaheimi Dickinson megi kenna við hina uppleystu merkingarmiðu póst-strúktúralískra leshátta, þótt hér gefist ekki ráðrúm til að fara ítarlega út í þá sálma.<sup>142</sup>

### *Mikilvægi leikgleðinnar*

Þó má einnig spyrja sig hvort of mikið hafi ekki verið gert úr margræðni Dickinson og tyrfni, og jafnframt hvort of rík áhersla hafi verið lögð á að varpa ljósi á hennar torskildustu, margbrotnustu ljóð, svo sem „My Life had stood – a Loaded Gun –“ (F764) eða „I felt a Funeral, in my Brain“ (F340). Fyrir vikið hafi sá einfaldleiki sem vissulega er einnig að finna í ýmsum ljóðum hennar mátt víkja fyrir „áleitnari“ spurningum um endanlega merkingu þeirra ljóða sem erfiðara hefur reynst að botna nokkuð í. Stundum er þó fátt eins merkingarbært og einfaldleikinn, þegar hugsunin er tærust og afstaðan skýrust, eins og hún er í þessu örljóði Dickinson – einu því fyrsta sem hún orti, og slær að mörgu leyti tóninn fyrir höfundarverkið í heild sinni (F23):

Í nafni Hunangsflugunnar –  
og Fiðrildisins –  
og Andvarans – Amen!

In the name of the Bee –  
And of the Butterfly –  
And of the Breeze – Amen!

Þá er ekki síður nauðsynlegt að hafa hugfast að ljóðlistin var Dickinson leikur sem hún lék af innri nauðsyn og jafnvel slægð, bæði í samskiptum sínum við aðra sem og í margháttaðri glímu sjálftrar sín við veröldina. Þó að ljóðlistin hafi verið vettvangur allt að því þráhyggjukendra þanka á köflum, var hún Dickinson líka tækifæri til þess að skemmta sjálfri sér – og öðrum. Setningabyggingu ljóða sinna, hina einhlítu merkingu og jafnvel sjálfan himnaföðurinn, allt þetta og ýmislegt fleira afbyggir Dickinson og skrumskælir á gáskafullan hátt. Um föður sinn sagði hún að hann hefði „aldrei leikið sér“, og taldi það skýra vanheilsu hans á efri árum, er hann var vinnuslitinn og þrotinn að kröftum (L360). Sjálf gætti Dickinson þess að gera ekki sömu mistök. Hún nálgast tungumálið „eins og könnuður sem nemur ný lönd“ segir Charles R. Anderson um þá rannsakandi sköpunargleði sem býr í málnotkun Dickinson, og bætir við:

---

<sup>141</sup> Cristanne Miller. *Emily Dickinson. A Poet's Grammar*, 1987, bls. 17.

<sup>142</sup> Jed Deppman. *Trying to Think with Emily Dickinson*, 2008, bls. 30–31.

Lendur tungumálsins buðu henni upp á spennuþrungna ævintýraleiðangra, uppgötvanir nýrra undra sem ekki hafði borið fyrir augu manna áður. Hún notaði orðin eins og hún væri sú fyrsta sem hefði verið ljáð mál, með gleði og lotningu sem ekki hafði sést í enskumælandi ljóðlist frá dögum skálda endurreisnarinnar. Og með tilheyrandi skáldaleyfum: í krafti frjálslegrar nýyrðasmíðar, djarfrar hagræðingar á þeim orðaforða sem hún hafði fengið í arf, með hinu ósagða á sviði setningagerðarinnar, fjaðrandi hrynjandi, skothentu rími.<sup>143</sup>

Þau atriði sem hér hafa verið rakin – einfaldleikinn og margræðnin, lifandi hrynjandi talmálsins og margvíslegur leikur Dickinson að byggingareiningum tungumálsins – kunna að virðast í andstöðu hvert við annað, og eru það að mörgu leyti. En kannski er það einmitt núningurinn á milli þessara andstæðu póla sem skapar þá sérkennilegu spennu sem ljóð Dickinson einkennast oftar en ekki af. Svo vitnað sé til fyrrgreindra orða Robert Bly um Rilke, að breyttu breytanda, þá blanda ljóð Dickinson saman „töluðu máli og rituðu með hárfínnum hætti; ljóðmálið vegur salt á milli óformlegrar málbeitingar og formlegrar.“<sup>144</sup> Með líkum hætti segir Cristanne Miller að „bæði í bréfum Dickinson og ljóðum vegast á óformleg og formleg málnotkun, talmál og tyrfni, nánd og fjarlægð.“<sup>145</sup> Þá talar David Porter um hina „talmálskenndu beinskeytni“ í ljóðmáli Dickinson; hún hafi beitt þeirri tækni að „stinga hvunn dagsmáli inn í formlegt tungutak sitt“ og fyrstu lesendur upplifað málfar hennar sem „óheflað“ fyrir vikið, svo mjög hafi orðfærið stungið í stúf við ríkjandi smekk á ofanverðri 19. öld. Það er ekki fyrr en talmálið leysir skrudmælgina af hólmi í skáldskap módernistanna í upphafi 20. aldar sem eyru okkar venjast hinni „djörfu“ málnotkun Dickinson.<sup>146</sup>

Að hafa næmt eyra fyrir hrynjandi *talaðs máls* í blæbrigðum skáldskaparmálsins og ljóðlist fortíðar sem *lifandi* bókmenntum, og að missa ekki sjónar á *leikgleðinni* í merkingarsköpun Dickinson: á þetta hefur ritgerðarsmiður lagt áherslu í þýðingum sínum, og þá ekki síst með hliðsjón af vægi *orðsins* í ljóðum hennar, sem grundvöll skáldskapar- og fagurfræði Emily Dickinson – vonandi án þeirrar „deyfðar“ sem Sigfús Daðason gerði eitt sinn að umtalsefni (og klæðist hér enn einkenniskufli „spámanna örvæntingarinnar“ þegar að ljóðapýðingum kemur):

[Það] er víst enginn efi á því að í ljóðþýðingum eru orðin oft og tíðum lögð í fjötra á ný, ef svo mætti segja, og held ég margir lesendur hafi veitt því eftirtekt að ærið oft

<sup>143</sup> Charles R. Anderson. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, 1966, bls. 3.

<sup>144</sup> Robert Bly. „The Eight Stages of Translation“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 74.

<sup>145</sup> Cristanne Miller. *Emily Dickinson. A Poet's Grammar*, 1987, bls. 5. Á blaðsíðum 104–106 í riti sínu fjallar Miller sérstaklega um áhrif talmáls á ljóðmál Dickinson, og byggir þar meðal annars á bók Britu Lindberg-Seyersted frá árinu 1968, *The Voice of the Poet. Aspects of Style in the Poetry of Emily Dickinson*.

<sup>146</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 170, 223, 224 og 225.

er eins og nokkurskonar deyfð vofi yfir orðunum, jafnvel í ljóðum höfuðskálda, þegar búið er að snúa þeim á annað mál.<sup>147</sup>

Þýðingar – og þá kannski sér í lagi þær sem kalla má „sérviskulegar“ eða „einkalegar“ – eru raunar furðulegur hlutur. Kannski mætti líkja þeim við þá vafasömu hegðun að gefa öðrum í jólagjöf það sem maður óskar sér heitast sjálfur. Þýðing segir: þetta elska ég, og ég elska það *svona*. Umfjöllun ritgerðarinnar mun þó vonandi sýna fram á hvers vegna eftirfarandi þýðing er ekki með öllu ótrú frumtexta sínum, þótt við fyrstu sýn kunni að virðast sem þýðandi hafi tekið sér fleiri „skáldaleyfi“ en góðu hófi gegnir (F620):

Klikkun er guðleg Spekt –  
hinu glögga Auga –

Spektin – klár Klikkun –

Álit meirihluta  
ræður hér, sem fyrr –

Samþykkið – með Sönsum  
Einþykkið – ekki –

færð  
í Hlekkinn –

Much Madness is divinest Sense –  
To a discerning Eye –  
Much Sense – the starkest Madness –  
‘Tis the Majority  
In this, as all, prevail –  
Assent – and you are sane –  
Demur – you’re straightway dangerous –  
And handled with a Chain –

---

<sup>147</sup> Sigfús Daðason. *Ritgerðir og pistlar*, 2000, bls. 297.



# HÍÐ LJÓÐRÆNA RÉTTLÆTI

*Birtingarmyndir skálds  
og texta*



## *Hin mörgu andlit Emily*

„Ég verð að segja ykkur frá *karakternum* í Amherst.“

– *Mabel Loomis Todd*

Í fyrirlestri sem bandaríski rithöfundurinn Joyce Carol Oates flutti árið 1991 vék hún talinu að skáldsysstur sinni með þessum orðum:

Emily Dickinson var ekki alkóhólisti, hún var ekki ofbeldismanneskja, hún var ekki taugasjúklingur, hún framdi ekki sjálfsmorð. Taugasjúklingar eða alkóhólistar sem krafla sig í gegnum lífið vekja umtal, fólk slúðrar og segir af þeim sögur. Þeir sem láta minna fyrir sér fara sinna einfaldlega sínum störfum.<sup>148</sup>

Hvort það sé allskostar rétt að Emily Dickinson hafi hvorki verið taugasjúklingur né svipt sig lífi eru raunar nokkur áhöld um. Víst er að margir telja ljóðlist hennar sprotna af innri átökum sem kunna að hafa orsakast af alvarlegri kvíðaröskun eða áfalli af einhverju tagi, og nefna sumir víðáttufælni í þeim efnunum, aðrir skort á móðurímmynd, og enn aðrir hryggbrott í ástarmálum á yngri árum. Þó má efast um hvort nokkuð sé yfirleitt unnið með því að sál- og sjúkdómsgreina ljóðlist Dickinson eins og hún leggur sig, eða smætta höfundarverkið niður með öðrum hætti. Sérniðnir þjófalyklar að skáldskap hennar geta snúist í höndum túlkandans og hreinlega orðið til þess að hann ljúki alltaf upp sömu dyrunum. „Þegar við höfum áttað okkur á hvernig í málunum liggur, þá verður líka flest það sem verið hefur á huldu um Emily Dickinson kristalstært“ segir Clark Griffith nokkuð digurbarkalega í bók sinni *The Long Shadow* frá árinu 1964, þar sem áratugalöng innilokun og önnur sérkennileg hegðun þessa skálds er rakin til sjúklegs ótta við breytingar og eyðingarmátt tímans, sem Dickinson hafi reynt að „stöðva“ með einangrun sinni.<sup>149</sup> En þótt túlkun Griffiths veiti innsýn í viss skuggsæl horn, þá segir hún tæpast alla söguna. Lykilforsenda sálgreinandans John Codys í bók hans *After Great Pain*, sem út kom nokkrum árum síðar, er að í æsku hafi Emily Dickinson upplifað „grimmilega höfnun af hálfu móður sinnar. Ýmsar yfirlýsingar, notkun vissra gegnumgangandi ljóðmynda og tákna, sem og lífshlaup hennar í heild sinni, skoðað út frá sjónarhóli sálgreiningarinnar, sýnir að þessi ályktun á við rök að styðjast.“<sup>150</sup> En þótt Cody sjálfur geri að umtalsefni að fyrri rannsóknir fræðimanna

<sup>148</sup> Vitnað eftir Kay Redfield Jamison. *Touched with Fire. Manic-Depressive Illness and the Artistic Temperament*, 1996, bls. 49.

<sup>149</sup> Clark Griffith. *The Long Shadow. Emily Dickinson's Tragic Poetry*, 1964, bls. 83. Sjá einnig bls. 106–107.

<sup>150</sup> John Cody. *After Great Pain. The Inner Life of Emily Dickinson*, 1971, bls. 2.

á forsendum sálgreiningar hafi um of takmarkast við þröng sjónarhorn – með því að leggja „ofuráherslu á einn þátt vandans á kostnað annarra“<sup>151</sup> – þá verður ekki annað sagt en að sú taugaveiklaða, niðurbrotna Emily Dickinson sem dregin er upp í bók Codys sé öll á eina bókina lærd. Afbrigðileg hegðun, þráhyggjukennd viðfangsefni, ótti við karlmenn, dauðaþrá, kynkuldi, sjálfsásakanir og samviskubit, samkynhneigðar kenndir, innibyrgd reiði: allt er rakið aftur til tilfinningakulda móðurinnar og takmarkaðra vitsmuna hennar.

Ýmsar athugasemdir hafa verið gerðar við bók Codys („*After Great Pain* er nauðgun á stórfenglegu skáldi“ segir Susan Howe tæpitungulaust<sup>152</sup>), og má segja að Emily Dickinson eldri, móðir skáldkonunnar, hafi loks hlotið uppreisn æru í ævisögu Alfred Habegggers *My Wars Are Laid Away in Books* árið 2001, þar sem áhrif „móður-málsins“ á skáldskap dótturinnar eru rædd. Að breyttu breytanda er það faðir Dickinson sem hefur ýmislegt á samviskunni samkvæmt nokkuð eldri bók Genevieve Taggard frá árinu 1930, *The Life and Mind of Emily Dickinson*. En þótt Edward Dickinson hafi um margt verið harður húsbóndi, dregur Richard B. Sewall upp nokkuð aðra og jákvæðari mynd af föður skáldsins í ævisögu sinni árið 1974, *The Life of Emily Dickinson*, riti sem reynst hefur lykilverk í öllum síðari tíma rannsóknum á ævi og störfum Emily Dickinson. Einna óvenjulegust er þó sú kenning John Evangelist Walsh í ævisögu hans *The Hidden Life of Emily Dickinson* frá árinu 1971 að áralanga innilokun Dickinson megi rekja til sérviskulegra látaláta, sem hún hafi alfarið sett á svið til að byrja með. Álitur Walsh að eftir að Dickinson hafði gefið skáldadrama sína upp á bátinn á miðjum fertugsaldri, hafi einkennilegt háttalag verið aðferð hennar til að vekja á sér eftirtekt. Smám saman hafi hún þó orðið fórnarlamb eigin leikrænu tilburða og dagað uppi í hlutverki hins hvítklædda meyjarskálds sem gat ekki þrífist í samfélagi manna. Walsh heldur því einnig fram (með gloppóttum rökum en af þeim mun meiri vandlætingu) að yrkisefnum, orðalagi og hugmyndum ljóða sinna hafi Dickinson að verulegu leyti stolið frá Ralph Waldo Emerson, Elizabeth Barret Browning og öðrum samtímahöfundum. Telur Walsh því að athyglissýki Dickinson og skömm hennar sem ritþjófur útskýri hvers vegna hún hafi að lokum horfið öðrum en sínum nánustu sjónum – kannski með þeim mótsagnakenndu formerkjum Dickinson sjálfar að „það að hverfa eykur sýnileika hlutanna“ (F1239).<sup>153</sup>

Viðmiðunarpunktur Susan Howe í bók hennar *My Emily Dickinson* frá árinu 1985 er að mörgu leyti hinn sami og í bók Walsh, sem sé að Emily Dickinson hafi verið „bóklegt“ skáld sem leitaði í verk annarra (Charles Dickens, fyrrnefndrar Elizabethar Barrett Browning og eiginmanns hennar Robert Brownings, systranna Charlotte og Emily Brontë, George Eliot, Emersons, Shakespeares o.s.frv.). Niðurstaða Howe er þó þveröfug, enda sér hún í textavefnaði Dickinson fordæmi þeirrar miklu tilvísanavirkni sem einkennir verk móðernískra höfunda á 20.

---

<sup>151</sup> Sama rit, bls. 9.

<sup>152</sup> Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. 24.

<sup>153</sup> John Evangelist Walsh. *The Hidden Life of Emily Dickinson*, 1971, bls. 211. Um „ritstuld“ Dickinson, sjá til dæmis bls. 99–109.



öld. „Gáfa hennar var að samþætta; hún notfærði sér aðra höfunda, greip hálmstrá úr hinum flókna vefnaði Tilvistarinnar hvar og hvenær sem henni hentaði. Hæfileiki hennar til að spinna gullþræði úr hálmri réð þar mestu. Meðfædd aðlögunarhæfni hennar var frjónvæð með einverunni. Hún var alæta sem gat valið og hafnað.“<sup>154</sup> Um þessa „aðlögunarhæfni“ Dickinson mætti kannski hafa þau kunnur orð T.S. Eliots að „óþroskuð skáld apa eftir, fullþroskuð stela“.<sup>155</sup> Í viðhorfi Eliots felst að mörgu leyti vinnuáferð módernistanna, og kannski réttlætning þeirrar áferðar að draga texta annarra inn í sína; áferð „samþættingarinnar“, sem Dickinson hafði þó tileinkað sér talsvert fyrir að mati Howe, og raunar Walsh sömuleiðis, þótt afstaða hans til áferðarinnar sé önnur.

Öfugt við þau Walsh og Howe fullyrðir Charles R. Anderson í bók sinni *Emily Dickinson's Poetry* frá árinu 1960 að sé það svo að Emily Dickinson „hafi í raun og veru einhvern tíma leitað í smiðju annars höfundar og setið sem lærlingur við fótskör meistara, þá sér þess hvergi stað í ljóðunum.“<sup>156</sup> Afstaða Andersons til innilokunar Dickinson er sú að fyrirmyndir einsetumunka fyrir á öldum og hugmyndir miðaldamanna um hið heilaga líf sem varið er til trúarlegrar íhugunar, sé „gagnleg viðlíking“ sem hjálpi okkur að skilja „bæði hvers vegna Dickinson dró sig í hlé frá umheiminum, sem og þá ljóðlist sem varð til fyrir vikið.“<sup>157</sup> Ákvörðunin hafi því verið sjálfstæð fremur en að Dickinson hafi nauðug viljug lokað sig af. Afstaða Andersons hvað þetta snertir er eftirtektarverð, enda höfðu flestir þeir sem fjallað höfðu um líf og list Dickinson fram yfir miðbik síðustu aldar tengt innilokun hennar við krankleika af einhverjum toga, og því séð Dickinson sem fórnarlamb fremur en geranda í eigin lífi. Þannig hafði Thomas H. Johnson velt fyrir sér í ævisögu sinni frá árinu 1955 hvort innilokunina mætti einfaldlega skýra með óvanalegri tilfinningalegri viðkvæmni, og einangrun Dickinson því í raun óhjákvæmilegt varnarviðbragð. Johnson bendir þó jafnframt á að innilokunina megi hvorttveggja í senn tengja við „sviðsskrekki leikarans sem og duttlungasemi prímadonnunnar“ og hittir þar kannski naglann á höfuðið.<sup>158</sup>

Um og upp úr 1960 fjölga þeim fræðimönnum sem sjá í lifnaðarháttum Dickinson meðvitað val eða „strategíu“ fremur en dapurleg, óviðráðanleg örlög. Lífshlaup Dickinson og verk eru í auknum mæli skoðuð út frá sjónarhóli feminískra kenninga eftir því sem líður á 20. öldina, með áherslu á Dickinson sem konu af holdi og blóði fremur en óspjallað, harmrænt meyjarskáld, og sú sérstaða sem hún markaði sér með uppreisnaranda af ýmsu tagi – á sviði trúmála, í ástarmálum, í máli og stíl o.s.frv. – gerð að þungamiðju rannsókna á ævi hennar og störfum. Með nokkurri einföldun má segja að fram að hinni feminísku endurskoðun hafi verið litið á Dickinson sem fórnarlamb fremur en skapara eigin lífs. Bróðurdóttir Dickinson hafði

<sup>154</sup> Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. 28.

<sup>155</sup> T.S. Eliot. *The Sacred Wood. Essays on Poetry and Criticism*, 1920, bls. 114.

<sup>156</sup> Charles R. Anderson. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, 1966, bls. 38.

<sup>157</sup> Sama rit, bls. 335.

<sup>158</sup> Thomas H. Johnson. *Emily Dickinson. An Interpretative Biography*, 1963, bls. 55. Frumútgáfa. 1955.

líkt henni við „hvítt náttfíðrildi“, fyrsti ritstjóri hennar við blaðrandi barn og æskuvínur hennar við marmarastyttu.<sup>159</sup> Lengi frameftir öldinni (og kannski að sumu leyti enn) var með öðrum orðum dregin upp mynd af ósnertanlegu, flekklausu stúlkubarni, með tilheyrandi áherslu á hrein- og heilagleika, sakleysi og valdaleysi. Í kjölfar hinnar áhrifamiklu ritgerðar bandarísku skáldkonunnar Adrienne Rich, „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“ (1976), má þó segja að skáldkonan volduga og viðsjárverða sé vakin til lífsins og meyjarskáldið harmræna og hlédræga að mestu lagt til hvílu. Í ritgerð sinni dregur Rich fram margvíslega þætti í ljóðagerð Dickinson sem farið höfðu lágt í viðtökusögu hennar fram að þeim tíma. Gerir Rich að umtalsefni hvernig hvorttveggja skólakerfið bandaríska og útgefendur Dickinson hafi löngum lagt megináherslu á það sem Rich kallar „smástelpu-ljóð“ þessa skálds; meinlaus kvæði um býflugur og þresti, ort í „kettlingalegum“ tón. Á sama tíma hafi legið óbætt hjá garði þau ljóð Dickinson sem ögruðu viðteknum venjum og hugmyndum ýmissa „hliðvarða“ um hvers konar viðfangsefni og efnistöð þóttu sæmandi kvenskáldum. Þetta eru „ókvenleg“ ljóð um ofbeldi og eyðileggingu og um innri sálarangist, ljóð sem einkennast af sjálfsöruggum uppreisnaranda, storkandi trúarhugmyndum og kynferðislegum undirtónum svo eitthvað sé nefnt, og hafi þessum óþægilegri hliðum á skáldskap Dickinson í raun verið haldið markvisst frá lesendum. En ef til vill er það til marks um hversu áhrifamikil ritgerð Rich hefur verið að það eru einmitt þessi „ókvenlegu“ ljóð sem Emily Dickinson er einna kunnust fyrir í dag, á meðan „smástelpu-ljóðin“ hafa þokast í bakgrunninn. Þá leggur Rich jafnframt ríka áherslu á að innlokun Dickinson hafi ekki verið af nauðung heldur sjálfvalið hlutskipti skálds sem mótaði tilvist sína eftir köllun sinni – að innan veggja sérherbergis þessa viljasterka skálds hafi ríkt frelsi til sköpunar á hennar eigin forsendum, ekki þrúgandi einangrun fórnarlambins.<sup>160</sup> Að sama skapi talar fræðikonan Suzanne Juhasz afdráttarlaust um lifnaðarhætti Dickinson sem „strategíska“ í bók sinni *The Undiscovered Continent* frá árinu 1983:

„Strategía“ þýðir að Dickinson valdi að halda sig innan veggja heimilisins, í herbergi sínu, að lifa innra lífi hugans fremur en í hinum ytri veruleika, í þeim tilgangi að ná fram vissum markmiðum og komast hjá eða sigrast á vissum ráðandi öflum í umhverfi sínu og reynsluheimi, sem stóðu í vegi þessara markmiða – einkum og sér í lagi þeim væntingum og viðmiðum sem feðraveldið áskapar konum, og eru ekki síst til trafala þegar hugur konu stendur til þess að verða skáld.<sup>161</sup>

<sup>159</sup> Paula Bennett. *Emily Dickinson. Woman Poet*, 1990, bls. 9–10.

<sup>160</sup> Adrienne Rich. „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“. *Parnassus. Poetry in Review*. 5. árg., 1. tbl., 1976. Vitnað efur <http://parnassusreview.com/archives/416>. Sótt 30. okt. 2018. Gæsalappir kringum orðin „hliðvarða“ og „ókvenleg“ eru ritgerðarhöfundar, ekki Rich. Fleiri rit mætti nefna frá þessum árum þar sem kynferði Dickinson er að mörgu leyti viðmiðunarpunktur rannsókna á ljóðum hennar og stöðu, svo sem *The Only Kangaroo Among the Beauty* (1979) efur Karl Keller, *Women Writers and Poetic Identity* (1980) efur Margaret Homans og *Emily Dickinson* (1982) efur Barböru Clarke Mossberg.

<sup>161</sup> Suzanne Juhasz. *The Undiscovered Continent. Emily Dickinson and the Space of the Mind*, 1983, bls. 4–5.

Þrátt fyrir þá áhrifamiklu feminísku bylgju sem reið yfir Dickinson-fræðin frá miðjum 8. áratug síðustu aldar, eru þó ýmsir enn sem setja spurningamerki við hið „strategíska“ val sem Juhasz færir rök fyrir í bók sinni, og aðrir hafa gert með sínum hætti í öðrum verkum. Öfugt við „strategistana“, leiðir ævisagnahöfundurinn Lyndall Gordon líkur að því í bók sinni *Lives Like Loaded Guns* frá árinu 2010 að flogaveiki skýri allt í senn gegnumgangandi myndmál örvæntingar, stjarfa og krampakasta í ljóðum Dickinson, þann augnsjúkdóm sem hún leitaði sér lækninga við á miðjum fertugsaldri, og loks innilokun hennar – enda flogaköst óútreiknanleg og skammarstimpill tengdur sjúkdómnum í þá tíð. „Jafnvel þótt [flogaveiki] hafi aðeins verið hluti leyndarmálsins, sjáum við eigi að síður lífsaðstæður Dickinson í skýru ljósi“ segir Gordon.<sup>162</sup> Þráin eftir hinu eina allsherjarsvari, sem útskýri „lífsaðstæður Dickinson“ fyllilega, svo að þær megi loks sjá „í skýru ljósi“, lifir því góðu lífi, þrátt fyrir allar þær „allsherjartilgátur“ sem fram hafa komið. Er sá margvíslegi fjöldi til marks um þann mishljóm sem gætir í túlkunum jafnt fræðimanna sem ævisagnaritara þegar kemur að ævi Dickinson og verkum. Og svo alger er mishljómurinn hvað kynferðismálin varðar til dæmis, að Dickinson hefur bæði verið líkt við „Brúði Krists“ í þeim efnum, líkt og Ruth Miller gerir í bók sinni *The Poetry of Emily Dickinson* árið 1968, og nú nýverið við kynferðislegt „rándýr“, með orðalagi Jerome Charyns í bók hans *A Loaded Gun* frá árinu 2016.

„Ævisagnaritun sannfærir okkur fyrst af öllu um það, að viðfangsefni ævisögunnar er flúið á braut“ sagði Dickinson sjálf á sínum tíma, um það að því er virðist óvinnandi ætlunarverk ævisagnaritarans að gera hinni lifandi manneskju tilhlýðileg skil á prenti (L97). Innsti kjarni manneskjunnar er viðsjálli – og flóknari – en svo að hann megi fanga með allsherjartilgátum ævisagnaritarans og annarra, og er Emily Dickinson sjálf og hinar fjölmörgu ólíku ævisögur og fræðirit sem um hana hafa verið rituð, hvert með sína tilgátu, ef til vill eitt besta dæmi þessa „flótta“ eða eilífa skilafrests sem virðist vera á endanlegum sannleika um hvaða manneskju hún hafði að geyma, og hvaða leyndarmál hún átti sér.

### *Frábvarf og fjölröddun*

Hvað andlát Dickinson varðar – hvort dauða hennar hafi borið að með „óedlilegum“ hætti – þá hafa sömuleiðis ýmsir velt fyrir sér hvort Dickinson kunni að hafa fallið fyrir eigin hendi. Óneitanlega fá slíkar vangaveltur byr undir báða vængi þegar það sem talið er að sé síðasta sendibréf hennar er lesið, enda virðist orðsendingin gefa í skyn að Dickinson viti að hún sé dauðanum merkt. Bréfið (L1046) skrifar Dickinson aðeins nokkrum dögum fyrir andlátíð og

---

<sup>162</sup> Lyndall Gordon. *Lives Like Loaded Guns. Emily Dickinson and Her Family's Feuds*, 2010, bls. 117.

sendir til Frances og Louise Norcross, frænkna sinna í móðurætt (báðar konur á miðjum aldri, þrátt fyrir ávarp bréfsins):

Litlu Frænkur,

Kölluð aftur.

Emily.

„Kölluð aftur“ („Called back“) eru jafnframt orðin sem Martha Dickinson Bianchi, bróðurdóttir Dickinson, valdi sem grafskrift á legstein frænku sinnar. Eflaust hefur Bianchi túlkað orðin á kristilega vísu, að Dickinson hafi í dauðanum verið „kölluð aftur“ í faðm skapara síns. Amherst, fæðingarbær Dickinson, ekki langt frá Boston á austurströnd Bandaríkjanna, var samfélag strangtrúaðra kalvínista, með tilheyrandi helvítisprédikunum og áherslu á náð hinna útvöldu. Rauður þráður í ljóðum Emily Dickinson er að sama skapi spurningin um handanlífið, sem hún virðist að lokum vantrúuð á, og persónuleiki Guðs, sem Dickinson kallar „afbrýðisaman“ (F1752), illviljaðan „Bolabít“ (F1332), „Innbrotspjóf“ og jafnvel „Bankamann“ (F39). Um fjölskyldu sína segir hún snemma að öll séu þau trúhneigð, að henni einni undanskilinni, og ávarpi „Sólmyrkva á hverjum morgni, sem þau kalla „Föður“ sinn“ (L261). Orðalagið er eftirtektarvert, enda átti „sólin“ eftir að gegna ríku hlutverki í ljóðlist Dickinson alla tíð, án þess að kalvínísk táradalsguðfræði myrkvaði þá jarðnesku gleði sem frá henni stafar.

Vaxandi vitsmunalegri einangrun lýsir Dickinson í bréfi til vinkonu sinnar árið 1850, þá tvítug að aldri:

Hve einmanaleg er ekki veröldin orðin [...]. Kristur boðar alla í kringum mig á sinn fund, allar vinkonur mínar hafa svarað kallinu, meira að segja elsku Vinnie mín telur sig uppfulla af ást, og treystir honum, og eftir stend ég í mótþróa og læt mér fátt um finnast. (L35)

„Af moldu ertu komin, að moldu skaltu aftur verða –“, lengra náði samþykki Dickinson á „rekakenningu“ kirkjunnar ekki að því er virðist, líkt og sjá má af ljóði F128. Þó unnir hún öðrum að njóta þeirrar hugsvölunar sem felst í trúnni á himnaríki – en í ljóðinu má líka sjá þann trúnað sem Dickinson leggur á hina *jarðnesku* paradís, á hina „forvitnilegu Jörð“:

I'm glad I don't believe it  
For it would stop my breath –  
And I'd like to look a little more  
At such a curious Earth!

I'm glad they did believe it  
Whom I have never found  
Since the mighty Autumn afternoon  
I left them in the ground.

Þá ber ljóðmælandi Dickinson nokkurn svip af efasemdamaninum Tómasi í eftirfarandi ljóði, þar sem sett eru viss skilyrði fyrir því að láta af hendi eða „sjá af“ því sumri jarðlífsins sem við upplifum hér og nú. Líkt og Tómas, sem trúði ekki á hinn upprisna Jesú fyrr en hann fékk að þreifa á sárum hans, þá dugar ljóðmælanda Dickinson ekkert minna en að vera stödd í Edensgarði til að trúá á hina himnesku paradís (F51):

Þegar ég tel fræin  
sem í jörðu er sáð –  
svo blómstra megi, síðar –

When I count the seeds  
That are sown beneath –  
To bloom so, bye and bye –

Þegar ég lít fólkið  
sem í jörðu er lagt –  
svo upp megi stíga –

When I con the people  
Lain so low –  
To be received as high –

Þegar ég trúi á garðinn  
sem dauðlegir sjá ekki í –  
tíni, fróm, blóm hans  
og forðast hans Bý,  
skal ég sjá af þessu sumri –  
vissu minni í.

When I believe the garden  
Mortal shall not see –  
Pick by faith its blossom  
And avoid its Bee,  
I can spare this summer – unreluctantly.

Það má því vel hugsa sér að „Kölluð aftur“ merki hreinlega jarðneskt afturhvarf Dickinson til náttúrunnar. Þá er *Called Back* jafnframt titill vinsællar skáldsögu eftir enska rithöfundinn Hugh Conway, sem Dickinson las sér til ánægju og hafði áður minnst á í bréfi til Norcross-systra. Það má því túlka hinstu orðsendingu Dickinson á ýmsa vegu, líkt og raunin er um höfundarverk hennar allt.

Víst er að stríðið um Dickinson er háð á mörgum vígstöðvum, allt frá eignarréttinum á eftirlátnum handritum og bréfum og ólíkum útgáfum ljóðanna, til kynhneigðar Dickinson, trúarafstöðu, mikilvægis í bókmenntasögunni og skýringa á andláti hennar – að „rétttri“ merkingu sjálfra ljóðanna ógleymdri. Túlkendur Dickinson skiptast í ýmsa ólíka hópa, kannski ekki síst vegna þess sem fræðimaðurinn Christopher Benfey hefur nefnt *withdrawal* í málbeitingu hennar, eða eins konar „fráhvarf“ Dickinson frá hinu augljósa eða auðtúlkana. Með því á Benfey við að sérviskulegt og órætt ljóðmál Dickinson sé fráhverft viðtekinni

samfélagslegri skírskotun og sveipi merkingu ljóða hennar vissum leyndarhjúi fyrir vikið, í raun á sama hátt og einangrun eða „fráhvarf“ Dickinson sjálfrar jók á dulúð hennar.<sup>163</sup> Benfey tekur því í sama streng og David Porter, sem í lykilriti sínu *Emily Dickinson. The Modern Idiom* leggur þunga áherslu á að í ljóðum Dickinson sé fyrst og fremst að finna „tungumál í samræðu við sig sjálf, en ekki í samskiptum við hinn ytri veruleika.“<sup>164</sup> Á móti því viðhorfi má þó benda á allan þann fjölda ljóða sem Dickinson sendi ástvinum sínum og ættingjum í árána rás, sem óneitanlega fela í sér „samskipt[í] við hinn ytri veruleika“.

Ljóst er að sem ógift, trúlaus kona, ögraði Dickinson þeim samskiptasáttmálum og viðmiðum sem ríktu í formföstu samfélagi Amherst-búa um hlutverk og skyldur ungra kvenna, gagnvart Guði jafnt sem (eigin)mönnum. Á sama hátt fór Dickinson eigin leiðir í ljóðum sínum. Um þá fjölróddun sem þau einkennir segir fræðimaðurinn David S. Reynolds að Dickinson hafi í raun „brugðið sér í svo mörg ólík gervi, allt frá hinni barnalegu „Daisy“ til hinnar höfðinglegu „Keisaraynju“, að illgerlegt sé að festa hendur á hennar raunverulega, ævisögulega sjálfi.“<sup>165</sup> Til marks um þessi „mörgu ólíku gervi“ er uppsetning brasilíska leikstjórans Eduardo Wotziks á kunnnum einleik William Luce um líf og list Emily Dickinson, *The Belle of Amherst*, en í uppfærslu Wotziks frá árinu 1989 fóru alls 8 leikkonur með hlutverk skáldsins „af því að Emily er margar konur í senn, innra líf hennar var með eindæmum ríkulegt.“<sup>166</sup> Þá tekur Reynolds fræðimönnum vara fyrir of þröngum lestri á ljóðum Dickinson, hvort sem honum er ætlað að leiða í ljós feminískar áherslur eða draga upp mynd af Dickinson sem sérvitri piparjónku, þar sem aðalsmerki ljóða hennar felist ekki síst í „fádæma sveigjanleika, getu hennar til að vera allt í senn hlédræg, árásargjörn, heimilisleg, rómantísk, for-feminísk, and-feminísk, tepruleg og munúðarfull.“<sup>167</sup> Emily Dickinson „rúmast ekki innan bókmenntastefna – hvorki hinnar rómantísku, transcendentalísku, metafýsisku né medítatívu; hún rúmast ekki innan landamæra – hvorki Nýja Englands né Bandaríkjanna; hún rúmast ekki innan flokkana – hún er hvorki kvenlegt skáld né lýrískt skáld; trúarskáld, tilvistarlegt skáld né náttúruskáld. Hún ber einhver merki alls þessa í senn“ segir Richard B. Sewall í ævisögu sinni.<sup>168</sup> Sjálf skrifar Dickinson í einu af fyrstu bréfum sínum til Thomas W. Higginsons – þess manns sem hún kaus sér sem eins konar bókmenntaráðunaut – til útskýringar á ljóðum sínum: „Þegar ég tiltek mig, sem Fulltrúa þessara Ljóða – þá á ég ekki við – sjálfa mig – heldur ímyndaða persónu“ (L268). Það ætti því ekki að koma á óvart þótt Dickinson reynist vera „í mótsögn við sjálfa sig“ eins og segir með

---

<sup>163</sup> Christopher Benfey. „Emily Dickinson and the American South“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 46.

<sup>164</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 116.

<sup>165</sup> David S. Reynolds. „Emily Dickinson and Popular Culture“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 182.

<sup>166</sup> Vitnað eftir Carlos Daglian. „Emily Dickinson in Brazil“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 144.

<sup>167</sup> Sama rit, bls. 183.

<sup>168</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 722.

kunnum hætti í ljóði Walt Whitmans, því rétt eins og Whitman þá „rúmar“ Dickinson með sínum hætti „heila mergð“.<sup>169</sup>

Sérinna, uppreisnargjörn, fjölradda og margræð málnotkun skáldkonunnar segir Christopher Benfey að hafi gert „ólíkum aðdáendum Dickinson kleift að búa sér til sína eigin Emily: kvenfrelshetjuna Emily; undirgefnu ástkonuna Emily; stríðsskáldið Emily; móðerníska brautryðjandann Emily; Emily sem vildi halda hefðbundin gildi Nýja Englands í heiðri; o.s.frv.“<sup>170</sup> Þá eru ljóð Dickinson margvísleg að gerð og innihaldi, allt frá því að fela í sér heimspekilegar vangaveltur, orðskviði og biblíulegar útleggingar, til gotneskra frásagnarkvæða, gátuljóða, ástarkvæða, náttúrulýsinga, sálfræðilegra hryllingskvæða og lýrískra stemmninga, svo fátt eitt sé nefnt. „Það sem hrífur okkur einna mest í ljóðaveröld Dickinson“, segir einn gleggsti ritskýrandi Dickinson, bandaríska fræðikonan Helen Vendler, eru þau „allt að því takmarkalausni sniðmót“ sem hún hafi mótað ljóð sín eftir, svo sem:

tímaás ára, árstíða, klukkustunda og mínútna;  
hringlaga rúmfræði miðju, ummáls og þeirra „pílára“ sem liggja þar á milli;  
lóðréttur ás sem teygir sig frá því sem liggur „undir kjallara bjöllunnar“ upp til  
stjarnanna;  
láréttur ás sem teygir sig frá döguninni í austri til sólarlagsins í vestri;  
landfræðilegir punktar sem ná frá Nýja Englandi til pólanna;  
menningarbundnar godsagnir, sem rekja rætur allt aftur til Grikklands, Rómar og  
Jerúsalem;  
svæði hins framandlega, sem liggur um Evrópu, Asíu, Afríku og Indland;  
hnitakerfi tíma, rúms og hitastigs, sem er ýmist tjáð með þrepum, kvörðum, gráðum,  
skrefum eða stökkum;  
skali fólksfjöldans, sem nær frá einni manneskju til múgs;  
guðfræði sem nær frá bænasöng til örvæntingar;  
sjúkdómafræði tilfinningalífsins, sem spannar allt frá doða til sturlunar.<sup>171</sup>

Vendler bætir við að sérkenni Dickinson felist ekki síst í því hvernig þessum „hnitakerfum“ eða „sniðmótum“ sé raðað hverju ofan á annað, þannig að skyndilega er stokkið úr einni vídd í aðra, frá einu myndsviði til þess næsta (F372):

Fætturnir, vélrænir, fara um –  
Trénaðan veg

The Feet, mechanical, go round –  
A Wooden way

<sup>169</sup> Walt Whitman. *Söngurinn um sjálfan mig*. Þýð. Sigurður A. Magnússon, 1994, bls. 98.

<sup>170</sup> Christopher Benfey. „Emily Dickinson and the American South“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 46.

<sup>171</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 10.

Jarðar, eða Loftis, eða Neins –  
Samgrónir þeim,  
Kvarskennnd fró, einsog Steins –

Of Ground, or Air, or Ought –  
Regardless grown,  
A Quartz contentment, like a stone –

Það má því vera ljóst að Dickinson er síður en svo einhöm í skáldskap sínum, þótt sérhver túlkandi hljóti óhjákvæmilega að leggja áherslu á eitt fremur en annað, og skapa þannig „sína eigin Emily“, með orðum Benfey's. Og hér má raunar hæglega skipta út túlkanda fyrir þýðanda, sem er undirseldur sömu lögmálum í sínu huglæga starfi – að velja og hafna þegar kemur að því að brjóta höfund til mergjar og leggja fram sína eigin útgáfu. Ef til vill er það helst ævisagnahöfundurinn sem þyrfti að velja við hverjum steini og gæta þess að öllu sé haldið til haga. Í tilviki Dickinson mun slíkt þó ekkert áhlaupaverk. Þannig viðurkennir Richard B. Sewall í inngangi bókar sinnar *The Life of Emily Dickinson* að hann finni til sektarkenndar yfir að hafa „þynnt“ skáldið og verk hennar, og bætir við að framsetning Dickinson á sannleikanum um sjálfa sig sé svo tryggilega klædd í myndmál sem túlka megí á ólíka vegu, að þrátt fyrir ítarlegar rannsóknir fræðimanna sé enn sem fyrr hæpið að slá nokkru föstu um líf hennar og list.<sup>172</sup> Í þessum efnum mætti jafnframt vitna til orða Thomas W. Higginsons í einu bréfa hans til Dickinson, þar sem hann kvartar undan því hversu erfitt hann eigi með að botna nokkuð í henni – og grípur hér til myndmáls sem minnir einna helst á gjörningaveður galdranorna sem þær hafa magnað upp til að dyljast viðmælendum sínum: „[P]ú sveipar þig eldglæringamóðu svo ég get ekki nálgast þig, heldur aðeins glaðst yfir hinum sjaldgæfu ljósblossum“ (L330a).

*Híð „dulda Stríð / sem Innra geisar“*

Hvort sem Emily Dickinson féll fyrir eigin hendi eða dó af völdum nýrnasjúkdóms sem hana hrjáði, líkt og almennt er talið, þá má víða greina það sem kannski mætti kalla nokkuð galgopalega „drög að sjálfsmorði“ í ljóðum hennar.<sup>173</sup> Ófá fjalla þau um hugarangur sem Dickinson reynir að „knýja til kyrrðar“. <sup>174</sup> Þannig er engu líkara í kunnu ljóði en ljóðmælandi spyrji hvernig öðlast megí frið frá ofsóknum hugans, öðruvísi en með því að grípa til þess örþrifaráðs að ganga á milli bols og höfuðs á sjálfum sér (F709):

<sup>172</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 3.

<sup>173</sup> Um sjálfsmorðsþanka í ljóðum Dickinson má lesa meðal annars hjá John Cody, *After Great Pain*, 1971, bls. 296–298, hjá David Porter, *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 287–291, sem og í ritgerð Adrienne Rich, „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“, 1976, sjá <http://parnassusreview.com/archives/416>. Sótt 30. okt. 2018.

<sup>174</sup> William Shakespeare. *Hamlet Danaprins*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Í *Leikrit* V, 1970, bls. 64.



Bannfæra Mig – frá Mér  
ef Ég kynni –  
mitt Vígi – óvinnandi  
hvaða Manni –

Me from Myself – to banish –  
Had I Art –  
Invincible My Fortress  
Unto All Heart –

En fyrst Ég – herja á Mig –  
hvernig finn Ég frið  
nema með undirokun á  
Meðvitundinni?

But since Myself – assault Me –  
How have I peace  
Except by subjugating  
Consciousness?

Og fyrst Við deilum Völdum  
ógerlegt er  
nema með Afsögn –  
Minni – á Mér – ?

And since We're Mutual Monarch  
How this be  
Except by Abdication –  
Me – of Me – ?

Eins og víða í ljóðum Dickinson má kannski heyra enduróm frá leikritum Shakespeares hér, ef ekki beina tilvitnun. Í *Ríkharði III*, skömmu fyrir dauða sinn, andvaka af samviskukvölum og ótta, þylur Ríkharður upp fyrir sjálfum sér:

Hvort er hér bófi nokkur? Nei. Jú, ég.  
Þá er að flýja! frá mér sjálfum? Hví þá?  
Frá minni hefnd! Hvað? sjálfs mín gegn mér sjálfum?<sup>175</sup>

Bollaleggingar þeirra Emily og Ríkharðs hafa svipaðan hljóm, þótt af ólíkum toga séu. Mannshugurinn – bæði allt að því takmarkalaus geta hans til að fanga veraldarundrið (sjá t.d. ljóð F598 hér á eftir) og eins sú byrði og þjáning sem meðvitundin er á stundum – var Dickinson drjúgur efniviður. Svona hljómar fyrsta erindi ljóðs F579:

The Soul unto itself  
Is an imperial friend  
Or the most agonizing Spy  
An Enemy could send

Þá er æði drungalega ort í lokaerindi ljóðs F887, um „Vitundina“ og „Verusjúkdóminn“ sem engin „Lyf“ önnur en dauðinn duga á:

---

<sup>175</sup> William Shakespeare. *Ríkharður III*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Í *Leikrit II*, 1983, bls. 423.

No Drug for Consciousness – can be –  
Alternative to die  
Is Nature’s only Pharmacy  
For Being’s Malady –

Upphafshendingar ljóðs F1076 slá keimlíkan tón, um hina „agalegu Vitund“ sem fylgir manni hvert fótspor:

Of Consciousness, her awful Mate  
The Soul cannot be rid –

Í sama anda er lokaerindi ljóðs F1325, um ógnina sem af „Vitundinni“ getur stafað:

Dví veit ég engan dirfast	I do not know the man so bold
að mæta í myrku Sundi	He dare in lonely Place
þeim skæða fjanda – Vitund sinni	That awful stranger – Consciousness
vísvitandi –	Deliberately face –

Nánari lýsingu á þessari innri ógn má lesa í kunnu ljóði, F407. Þar sem manneskjan hittir sjálfa sig fyrir koma slagbrandar eða skotvopn ekki að nokkru gagni:

One need not be a Chamber – to be Haunted –  
One need not be a House –  
The Brain has Corridors – surpassing  
Material Place –

Far safer, of a Midnight Meeting  
External Ghost  
Than its interior Confronting –  
That Cooler Host.

Far safer, through an Abbey gallop,  
The Stones a’chase –  
Than Unarmed, one’s a’self encounter –  
In lonesome Place –

Ourself behind ourself, concealed –  
Should startle most –

Assassin hid in our Apartment  
Be Horror's least.

The Body – borrows a Revolver –  
He bolts the Door –  
O'erlooking a superior spectre –  
Or More –

Með hliðsjón af ljóðum Gyrðis Eliassonar hefur ljóðskáldið Sigurbjörg Þrastardóttir fjallað um „óttann við að fá óvæntar heimsóknir inn í sín kirfilega læstu hóbýli.“<sup>176</sup> Ljóst er að ýmislegt í „arkitektúr“ ljóða Emily Dickinson er af svipuðum toga; í höfði þessara skálda „gengur á ýmsu, þar eru heilu herbergin, milliveggirnir, breytileg birtuskilyrði og umferð torkennilegra dýra“, eins og segir í grein Sigurbjargar, með tilheyrandi ógn sem af slíkum „heimsóknum“ stafar.<sup>177</sup> Af framangreindum dæmum má því glögglega ráða að baráttu Dickinson var ekki síst háð hið innra, enda fjalla ófá ljóða hennar með beinum hætti um hið „dulda Stríð / sem Innra geisar“ (F1230). Hún glímdi ekki síður við þann „kuldalega gestgjafa“ (F407) sem vitund manns getur verið en við umhverfi sitt og samfélag, og yrkir með eftirfarandi hætti um þá baráttu (F138):

Að berjast upphátt, er afar djarft –  
en *hugaðri* veit ég, er sá  
sem mætir Hermdarsveitum  
innanfrá –

To fight aloud, is very brave –  
But *gallanter*, I know  
Who charge within the bosom  
The Cavalry of Wo –

Sigri hann, sér það enginn –  
falli hann – berst engin frétt –  
því dauðablikið mærir engin  
Stjórnmalastétt –

Who win, and nations do not see –  
Who fall – and none observe –  
Whose dying eyes, no Country  
Regards with patriot love –

Við treystum að Englarnir, skreyttir  
fiðri, og klæddir í snjó,  
standi Heiðursvörð  
honum, sem þannig dó.

We trust, in plumed procession  
For such, the Angels go –  
Rank after Rank, with even feet –  
And Uniforms of snow.

Með orðalagi David Porters var Dickinson „óbærilega meðvituð“, en Porter víkur þó jafnframt að því að ljóð þessa skálds lýsi bæði yfir „sigri meðvitundarinnar og angist.“<sup>178</sup> Þá gerir

<sup>176</sup> Sigurbjörg Þrastardóttir. „Höfuð Gyrðis. Hellaskoðun í ljóðasafni frá 1987“. Í *Okkurgulur sandur*, 2010, bls. 85.

<sup>177</sup> Sama rit, bls. 86.

<sup>178</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 158 og 238.

Adrienne Rich sömuleiðis hina tvöföldu virkni meðvitundarinnar í ljóðaheimi Dickinson að umtalsefni í ritgerð sinni „Vesuvius at Home“; að meðvitundin sé í senn vettvangur angistarinnar og hinnar skáldlegu uppljómunar.<sup>179</sup> „[I]nniluktar / mannverur eru óvarðar gegn / meðvitund sinni, sem er sjúkdómur, sótthiti án lausnar“ segir í einu ljóða finnsk-sænska skáldsins Gösta Ågrens, og kannski ekki örgrannt um að þá „sjúkdómslýsingu“ mega heimfæra upp á Emily Dickinson, bæði hagi hennar og ljóð.<sup>180</sup> En þó er nauðsynlegt að hafa jafnframt hugfast það sem þau Porter og Rich benda á – að Dickinson vann líka sína stærstu sigra á þessum vettvangi, líkt og vikið mun að síðar. En fyrst mun sá beygur sem oft leynist að baki ljóðum Dickinson nánar ræddur.

### *Uggur og ótti*

Efalítið varð ljóðlistin til þess að auðvelda hinni „óbærilega meðvituðu“ Dickinson samneytið við sjálfa sig og þann „skæða fjanda“ sem vitund manns getur verið, nokkuð sem ritgerðarhöfundur telur grundvallaratriði þegar meta skal og freista þess að öðlast skilning á margbrotnu æviverki þessa skálds. Þannig skrifar Dickinson í einu af fyrstu bréfum sínum til Higginsons að hún yrki af því að hún hafi undanfarið „fundið til skelfingar“ sem hún geti „engum tjáð – svo ég syng, eins og Drengurinn í Kirkjugarðinum – af því að ég er hrædd“ (L261). Ljóst er að Dickinson gat ekki allskostar leitað huggunar við „skelfingu“ sinni í faðmi kirkjunnar eða kristinnar trúar. Ljóðin sem hún orti og sendi ástvinum eða fól læstum kistli í herbergi sínu til varðveislu, drógu hins vegar úr þeirri einangrun sem varð að lokum (sjálfvalið?) hlutskipti hennar. Vissulega fela ljóð hennar að mörgu leyti í sér einhliða samskipti við umheiminn. Þau eru, með hennar eigin kunnu orðum: „bréf mitt til Heimsins / sem sendi Mér aldrei svar –“ (F519). En þau eru jafnframt innra samtal Dickinson við sjálfa sig. Að mati Richard B. Sewall fyllti Dickinson með orðlist sinni upp í tómarúmið sem afneitun hennar á sálhjálparrorðræðu kristinnar skapaði – hún leitaði lífsfyllingar í krafti orðsins, síns eigin Orðs.<sup>181</sup> Og hún hafði sínar leiðir til að koma „kennisetningum“ sínum á framfæri:

Ljóðskáld á borð við Emily Dickinson kunna að „ljúga“ með ýkjum sínum og mælsku. Þau kunna að setja sig í stellingar og fela sig á bakvið grímur og tala með röddum annarra. En í öllum grundvallaratriðum, þegar horft er til þess hvar þau byrja og hvar þau enda og hvernig þau komust þangað, þá ljúga þau ekki. Það var ævilangt keppikefli

<sup>179</sup> Adrienne Rich. „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“. *Parnassus. Poetry in Review*. 5. árg., 1. tbl., 1976. Vitnað eftir <http://parnassusreview.com/archives/416>. Sótt 5. ágúst 2019.

<sup>180</sup> Gösta Ågren. *Voraldir*. Þýð. Lárus Már Björnsson, 1992, bls. 41.

<sup>181</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 238.

Emily Dickinson, lífstilgangur hennar, að gera „sannleika“ sinn ljósan. Í ljóðum hennar, þessum „knöppu, skörpu vangaveltum sem hverfast um sjálfan veltiás raunveruleikans“, sjáum við hana freista þess til hins ítrasta að auka skilning sinn orðum, dýpka hann og skýra og orða með sífellt nákvæmari hætti. Kannski er þetta skýringin á því hvers vegna hún sneri sér aftur og aftur að sömu yrkisefnunum, og tókst stundum að ljá þeim nýja merkingu, stundum bætti hún einhverju við og stundum fór henni aftur (leiðin lá ekki alltaf upp á við), en alltaf stefndi hún í áttina að því sem hún kallaði „Umfeðmið“ [e. „Circumference“].<sup>182</sup>

Auk beygsins sem Dickinson sagðist finna til var hin ríka skilningsþrá hennar jafnframt einn helsti drifkraftur höfundarverksins alla tíð. En Dickinson varar líka við þeirri dul að ætla sér að skilja og skilgreina lífsundrið til hlítar: „Þótt við hefðum ekki nema minnsta grun um hver Skilgreining Lífsins er, myndu jafnvel hin yfirveguðustu okkar ganga af Vitinu!“ (L492) skrifar hún í einu bréfa sinna; hver sem af dramblæti sínu gerir tilraun til að „plægja það Hyldýpi“ sem lífsundrið er, hættir á að „sturlast“ (F1325):

Ég frétti aldrei andlát  
án tilhugsunar um  
að Lífslíkurnar sanna  
útþurrkun,

I never hear that one is dead  
Without the chance of Life  
A fresh annihilating me  
That mightiest Belief,

svo sönn, í Dagsins önn,  
að hugurinn sem plægir  
það Hyldýpi, stöðugt,  
sturlast, annað slagið –

Too mighty for the Daily mind  
That tilling its abyss,  
Had Madness, had it once or, Twice  
The yawning Consciousness,

Feigðin hjúpar Beyginn  
Veigrunarorðum,  
Lífið deyðir  
litið berum Augum –

Beliefs are Bandaged, like the Tongue  
When Terror were it told  
In any Tone commensurate  
Would strike us instant Dead –

Því veit ég engan dirfast  
að mæta í myrku Sundi  
þeim skæða fjanda – Vitund sinni  
vísvitandi –

I do not know the man so bold  
He dare in lonely Place  
That awful stranger – Consciousness  
Deliberately face –

---

<sup>182</sup> Sama rit, bls. 240.

Þessi kaldhæðna afstaða Dickinson til fánýtra og allt að því fjarstæðukenndra heilabrota mannsins og hversu afdráttarlaust hún hafnar því að höndla megi nokkur endanleg sannindi um „veruleikann að baki veruleikanum“ minnr að sumu leyti á guðlausa tilvistarspeki þýsku- og frönskumælandi heimspekinga um miðbik 20. aldar.<sup>183</sup> Ljóðmælandi Dickinson „veit að eina merking lífsins er sú merking sem hún kys að ljá því“ að mati Paulu Bennett, og er það „einmitt sú vitneskja sem fyllir sál hennar skelfingu“.<sup>184</sup> Hér sem víðar er það þó ekki síst *gráglettni* sem Dickinson beitir til að halda angistinni sem getur fylgt merkingarleysi tilverunnar í hæfilegri fjarlægð, til dæmis með galgopalegu orðalagi á borð við að „sturlast, annað slagið“ og með því að koma á skuggalegum fundi manns og vitundar „í myrku Sundi“. Þó er ekki þar með sagt að sársaukinn sem er förunautur hinnar undirliggjandi tilvistarangistar dyljist lesanda; hann býr á sinn hátt að baki grályndri gamanseminni, og er kannski, af þeim sökum, þeim mun ískyggilegri. „[M]jissirinn er móðir fegurðarinnar í reiknivísi Dickinson. Kaldhæðni hennar er af módernískum toga“ segir David Porter.<sup>185</sup> Og sá missir nær ekki eingöngu til ástvina sem hafa verið „þurrkaðir út“; hann getur vísað allt í senn til sakleysis æskuáranna (sem Dickinson reyndi þó, og tókst að mörgu leyti, að halda í), til glataðs tíma og tækifæra, sem og til þeirrar ljúfu fáfræði sem einkennir bernskuárin, áður en „Vitundin“ snýst að sumu leyti gegn sjálfri sér, svo nauðsynlegt reynist að „hjúpa“ sannleikann um lífsins staðreyndir ýmiss konar „Veigrunarorðum“.

„[Emily] varð að brjóta heilann – hún var sú eina af okkur sem þurfti þess“ sagði Lavinia, systir Dickinson, að henni látinni.<sup>186</sup> Sjálf mun Dickinson eitt sinn hafa haft á orði við Higginson, af nokkru yfirlæti og jafnvel með vott af öfund: „Hvernig fara allar þessar manneskjur að því að lifa hugsunarlaust?“ (L342a). Keimlíkri öfund hafði brugðið fyrir rúmum áratug fyrr, í bréfi Emily til æskuvinkonu sinnar, þar sem hún ræðir „hina frelsuðu“: „Það er yfir þeim alveg sérstök ró, og raddir þeirra eru svo blíðar og ljúfar, og augu þeirra fyllast svo gjarnan af tárnum. Ég er ekki frá því að ég öfundi þá“ (L35). Löngu seinna sagðist hún „vinna til að hrekja beyginn á brott“, að því er virðist til að öðlast sambærilega ró og hinir frelsuðu, en þó sé beygurinn það sem „knýi“ hana og verk hennar áfram, hann sé forsenda sköpunarinnar (L891). Í þessum orðum birtist því hin gamalkunna mótsögn um skáldið sem skrifar sig *frá* einhverju með því að skrifa *um* það.

Sé fallist á að afstaða og verk Dickinson eigi ýmislegt sammerkt með tilvistarspeki 20. aldar, má um leið ætla að „beygur“ Dickinson standi í beinu orsakasamhengi við þá einmanalegu, guð- og tilgangslausu veröld sem heimspekingar á borð við Martin Heidegger, Jean-Paul Sartre og Albert Camus boðuðu í verkum sínum frá þriðja áratug 20. aldar og fram yfir miðbik hennar.

---

<sup>183</sup> Um tilvistarstefnuna, sjá nánar <https://plato.stanford.edu/entries/existentialism/>. Sótt 6. ágúst 2019.

<sup>184</sup> Paula Bennett. *Emily Dickinson. Woman Poet*, 1990, bls. 35.

<sup>185</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 229.

<sup>186</sup> Vitnað eftir <https://www.emilydickinsonmuseum.org/lavinia-norcross-dickinson-1833-1899-sister/>. Sótt 6. ágúst 2019.

Að í ljóðum Dickinson megi greina eins konar forsmekk að umfjöllunarefnum, afstöðu og boðskap tilvistarspekinnar er að mörgu leyti viðmiðunarpunktur Clark Griffiths í bók hans *The Long Shadow* (1964). Griffith leggur þunga áherslu á hið harmræna í ljóðum Dickinson – of þunga gætu einhverjir talið – og sér í þeim óvenju nútímalega lífssýn:

Þegar kemur að því hvaða augum Emily Dickinson leit veröldina, er unnt að tala með þunga og vissu. Í þeim skilningi sem tilvistarspekin leggur nú í þessi hugtök, þá var lífsviðhorf hennar undirlagt angist, beyg og skelfingu. Dickinson var með eindæmum næm fyrir þeirri grimmd sem lífið leggur á herðar einstaklingnum, og skynjaði glögg þá neind sem mannleg tilvist virðist ofurseld.<sup>187</sup>

Sá beygur sem Griffith nefnir hér er að segja má tvífeldur í bókartitli Søren Kierkegaards, *Uggur og ótti* (d. *Frygt og Bæven*), sem út kom árið 1843, en jafnan er talað um Kierkegaard sem einn af helstu forgöngumönnum tilvistarspekinnar. Umfjöllunarefni *Uggs og ótta* er frásögn 1. Mósebókar af því þegar Guð krefst þess af Abraham að hann fórni frumburði sínum Ísak. Um þennan „riddara trúarinnar“ fjallaði Dickinson líka, en þó með öllu gráglettnari hætti en Kierkegaard. Birtist hrekkjótt gamansemi Dickinson, sem stappar ansi nærri goðgá, ekki síst í lokaorðum eftirfarandi ljóðs, þar sem „Mannasiðum“ hinna dauðlegu er stillt upp andspænis siðferði „Bolabítsins“ almáttuga (auk þess sem Ísak lifir að „ráða / sínum Börnum heilt“ í íslenskrri þýðingu ljóðsins, fremur en „ráða þeim bana“, eins og faðir hans sjálfs hugðist gera (F1332)):

Að drepa  
skipunin gall –  
Ísak var Unglamb –  
Abraham karl

Hiklaust hlýddi  
Abraham –  
en Fylgispektin mýkti  
Harðstjórann –

Ísak – lifði að ráða  
sínum Börnum heilt:  
  
stundum getur

Abraham to kill him  
Was distinctly told –  
Isaac was an Urchin –  
Abraham was old –

Not a hesitation –  
Abraham complied –  
Flattered by Obeisance  
Tyranny demurred –

Isaac – to his Children  
Lived to tell the tale –  
Moral – with a Mastiff  
Manners may prevail.

---

<sup>187</sup> Clark Griffith. *The Long Shadow. Emily Dickinson's Tragic Poetry*, 1964, bls. 6.

Bolabítur  
Mannasiði lært.

Gamansemi Dickinson, líkt og ljóð F1325 og F1332 eru ágæt dæmi um, er oftast en ekki sambland af ögrandi háði og gálghúmor með djúpum tilvistarlegum sökum. Telur ritgerðarhöfundur mikils vant ef horft er framhjá þessari vídd í ljóðlist hennar og áherslan fremur alfarið lögð á „angist, beyg og skelfingu“ sem og á þá „grimmd sem lífið leggur á herðar einstaklingnum“ eins og Clark Griffith gerir í áðurtilvitnuðu riti sínu.<sup>188</sup>

*Að yrkja fyrir sjálfa sig – og aðra*

Að Dickinson hafi að mestu leyti „ort fyrir sjálfa sig“ kann að virðast borðleggjandi, en skiptir sköpum þegar reynt er að gera sér í hugarlund hvaða augum hún leit eigin skáldskap, hvers hún vænti af ljóðum sínum og hver tilgangur þeirra ljóða var sem aldrei komu fyrir augu annarra en hennar sjálfar. Hér er mikilvægt að hafa hugfast að þótt þeir sem stóðu Dickinson næst hafi vitað af skáldskapariðkun hennar, þá rak systur hennar Lavinia í rogastans þegar hún áttaði sig á fjölda þeirra ljóða sem Dickinson lét eftir sig (og má líklega kallast afkastamesta skúffuskáld heimsbókmenntanna fyrir vikið, að portúgalska skáldinu Fernando Pessoa hugsanlega undanskildu). Engan grunaði að afköstin hefðu verið með þessum ósköpum. Skýringin – hvort sem hún tekur til fjölda ljóðanna eða þeirra fjölmörgu ólíku „persónuleika“ sem þau hafa að geyma – er kannski ekki önnur en sú að við erum önnur í ljóðum okkar. „Lífsskilyrði ljóðlistarinnar liggja handan hvers einstaks lífs, í undursamlegri fjarlægð frá allri hversdagslegri framvindu“ segir Susan Howe í bók sinni um Dickinson.<sup>189</sup> Það er sérstakur veruháttur að lifa í ljóðum, hvort sem er sem höfundur eða lesandi. Ljóðlistin er hliðarveröld, þar sem önnur lögmál gilda en í hefðbundnum veruleika, þar sem unnt er að ögra samfélagslegum siðvenjum, reglum, valdamynstrum og samskiptamátum.

Dickinson leitaði í þennan veruleika ljóða sinna, þar sem hennar eigin lögmál giltu. Kaldhæðnislega og af nokkru yfirlæti segir hún í einu bréfa sinna að í raunveruleikanum tali fólk „um innantóma hluti, upphátt, svo að hundurinn minn blygðast sín“ (L271). Þá ræðir Dickinson í sama bréfi að fólk sé líklegast til að hvá forviða og skilningssljótt í hvert sinn sem hún sjálf opni munninn. Jafnvel bróðir hennar Austin kvartaði eitt sinn undan því að hann ætti erfitt með að botna nokkuð í bréfum hennar. „En það *þakklæti*, fyrir alla mína fínu heimspeki!“ svarar hún í gamansömum tón. Vonbrigði hennar yfir viðbrögðum Austins fara þó ekki á milli mála, um leið og Dickinson dregur sundur og saman í háði þá ímynd kvenlegs blíðleika og barnslegrar

<sup>188</sup> Clark Griffith. *The Long Shadow. Emily Dickinson's Tragic Poetry*, 1964, bls. 6.

<sup>189</sup> Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. 13.



undirgefni sem virðist búa að baki þeirri kröfu Austins (og kannski þess feðraveldis sem hann er á vissan hátt fulltrúi fyrir) að hún einfaldi mál sitt:

Ég sem reyndi að upphefja mig, haldandi að ég gæti náð upp til *þín*, og á meðan ég mása og staulast og klíf það ský sem næst mér er, gengur þú í hægðum þínum á inniskónum niður af Empýreum, og án *minnsta* gaums biðurðu mig um að stíga niður! Eins *einfalt* og þig lystir, *einfaldasta* gerð af einfalt – ég skal vera oggulítill einfeldningur – oggulítill kisakis, oggulítill Rauðhetta, ég skal næla Býflugu í Hattinn minn og stínga Rósarhnappi í hárið [...]. (L45)

Önnur nátengd og nærtæk skýring á óbirtum ljóðum Dickinson (það er að segja þeim ljóðum sem hún sendi ekki Susan Dickinson mágkonu sinni, Higginson bókmenntaráðunauti sínum og öðrum trúnaðarvinum í áranna rás, og munu hafa verið tæplega 600 alls, eða um þriðjungur höfundarverksins) en frelsi til margvíslegs hlutverkaleiks, er hugsvölun ljóðlistarinnar. Í bókmenntafræði nútímans er víst lítið pláss fyrir svo höfundarmiðaðar bollaleggingar. Áherslan er fremur á haldbærum sönnunargögnum; á textanum sem slíkum og því sem sagt verður um margslungið samspil textasmíðar og samfélags. Auðvitað er það svo að sálarlíf Emily Dickinson og annarra höfunda er okkur að mestu lokuð bók þegar öllu er á botninn hvolft – jafnvel þótt sálarlífið liggja bókum höfunda til grundvallar! Vangaveltur okkar um ætlun höfundar, eða þess þá heldur *líðan*, standast illa þær kröfur sem gerðar eru til akademískra vinnubragða. En kannski er nokkur réttlætning fólgin í sjálfu yfirheiti þeirra vísinda sem verk Emily Dickinson falla undir. Hugvísindi eru *huglæg* vísindi, í orðsins fyllstu merkingu. „Gamaldags“ hugmyndir á borð við sáluhjálp og hugsvölun eru því vonandi ekki ótækar með öllu til að útskýra að einhverju leyti svo umfangsmikið höfundarverk sem tæplega 1800 ljóð Emily Dickinson eru, ekki síst í ljósi þess að tveir þriðjuhltar þess komu aldrei fyrir sjónir annarra en höfundar á meðan hún lifði. Bandaríska ljóðskáldið Gregory Orr tekur afdráttarlaust til orða þegar hann segir að „*með því að* yrkja ljóð sín“ hafi Dickinson „komist lífs af“, og að okkur, lesendum hennar, standi til boða sama „lífsbjörg“ með því sem hann nefnir „lýríska samsömun“:

[L]ífsbjörg *hennar* reynist *okkar* lífsbjörg; *hennar* tók á sárri reynslu, *hennar* máttuga samtenging á geðhrifum og atburðum reynist *okkar* máttur. Þannig er hinni innilegu sáluhjálparaðferð persónulegrar ljóðagerðar háttað[.]<sup>190</sup>

Í kjölfarið vitnar Orr til ljóðs F659, um „Skyldu“ þeirra sem hafa reynt sársaukann á „eigin Skinni“ til að „lína Hugarvél“ þeirra sem enn hafa ekki vanist þjáningunni:

---

<sup>190</sup> Gregory Orr. „From the Province of the Saved. Emily Dickinson and Healing“. Í *Wider than the Sky. Essays and Meditations on the Healing Power of Emily Dickinson*, 2007, bls. 13.

Skylda hinna Frelsuðu  
skyldi Frelsun – hinna –  
af sjálfnuminni Færni –  
Fræði Grafarinnar

The Province of the Saved  
Should be the Art – To Save –  
Through Skill obtained in Themselves –  
The Science of the Grave

fær enginn Maður skilið  
en Sá sem hefur reynt  
Upplausnina – á eigin Skinni –  
Þeim Manni – er unnt

No Man can understand  
But He that hath endured  
The Dissolution – in Himself –  
That Man – be qualified

að lina hinna Óreyndu  
nýja Hugarvél –  
sem telja hvert Tjón – Dauðadóm –  
uns þeir venjast – því –

To qualify Despair  
To Those who failing new –  
Mistake Defeat for Death – Each time –  
Till acclimated – to –

Ófá ljóð Dickinson fela í sér „hið svalandi Orð sem leggur líkn með þraut“ (L859). Á sama tíma er mikilvægt að forðast hin gamalkunnu ritklif um Dickinson sem bjargarlítið fórnarlamb sem hafi flúið harðneskjulega veröld inn í öryggi bóka og ljóða. Sú var ekki raunin að mati þeirra ævisagnahöfunda og fræðimanna sem í seinni tíð hafa smám saman undið ofan af klisjunum og ýkjnum í hinna goðsagnakenndu mynd af Emily Dickinson sem lengi vel var dregin upp. Sú mynd sem hefur tekið að birtast í stað hinnar brjóstumkennanlegu og/eða goðsagnakenndu ráðgátu er af geranda í eigin lífi – af Dickinson sem höfundi eigin lífs; af manneskju – konu, skáldi – af holdi og blóði. Fyrir vikið er ekki litið svo á að innilokun Dickinson hafi verið nauðungarval, heldur fremur frjáls – og nauðsynleg – ákvörðun listamanns, svo sem áður er getið. Sjálf talar Dickinson um „ljúfa innilokun“ í ljóði F1204, sem má ímynda sér að fjalli um það næði sem starf ljóðskáldsins getur krafist (jafnvel þótt ljóðin séu aðeins tvær línur, eins og hér er raunin):

Skyldu þau koma – hef ég gripið til varna      Lest they should come – is all my fear  
ljúft innilokuð – hérna                                      When sweet incarcerated – here

Í minningargrein Susan Dickinson um mágkonu sína segir að eftir því sem árin færðust yfir hafi Emily í auknum mæli haft félagsskap af „hinu mikla ríkidæmi eigin ímyndunarafis“ og setið að segja má „í skini eigin elds“.<sup>191</sup> Þannig mun Dickinson eitt sinn hafa neitað að taka á móti gesti sem kominn var í heimsókn, þar sem „mín eigin Orð kæla mig svo og brenna.“<sup>192</sup> Ljóðlistin var

<sup>191</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 671.

<sup>192</sup> Sama rit, bls. 676.

henni athvarf, félagsskapur og styrkur. Að mati David Porters „hrúgaði Dickinson orðum upp í tómið í huggunarskyni.“<sup>193</sup> Þegar augnsjúkdómur hrjáði hana á fullorðinsárum, og læknir hennar hafði fyrirskipað algera hvíld frá lestri og bréfaskrifum, laumaðist hún engu að síður til að hripa nokkur orð til Higginsons: „Læknirinn er búinn að gera pennann upptækan,“ skrifar hún með blýanti. „[E]n ég held samt áfram störfum í Fangelsi mínu, og býð eigin Gesti velkomna“ (L290). „Gestirnir“ sem stytta Dickinson stundirnar og auðvelduðu vist hennar í „Fangelsinu“ voru að öllum líkindum ljóð hennar, sem hún virðist (að minnsta kosti í einhverjum tilvikum) hafa kosið fremur en gesti af holdi og blóði. Rúmum áratug síðar (1877), eftir andlát föður síns, skrifar hún Higginson: „Þú spyrð hvort ég yrki þessa dagana? Ég á mér ekki aðra Leikfélaga –“ (L513). Áður hafði hún byrjað eitt ljóða sinna svo, sem fangar í senn þá leikgleði og angist sem er að mörgu leyti viðmiðunarpunktur ritgerðarhöfundar á þessum blöðum (F872):

Svipt öðrum Veisluhöldum,  
skemmti ég Sjálfri Mér –

„Kannski var það svo að sú sára kvöl sem Dickinson upplifði dags daglega, varð til þess að hún hóf að leita leiða til að koma sársaukanum í orð. Kannski varð andlegt ójafnvægi hennar þess valdandi að hún leitaði athvarfs í stöðugleika orðanna“ segir Clark Griffith í bók sinni *The Long Shadow*, og tekur af öll tvímæli nokkru síðar, í niðurlagsorðum bókarinnar: „Þegar allt kemur til alls, þá orti Emily Dickinson ljóð sín til að létta hugarangrinu. [...] Að öðlast frelsi til að færa sársaukann í orð var henni jafnnaúðsynlegt og að fá að draga andann.“<sup>194</sup> Í sama streng tekur Maryanne Garbowsky í bók sinni *The House without the Door* (sem fjallar um meinta víðáttufælni Dickinson), þar sem segir að hún hafi „brugðið hinu skrifaða orði á loft sem voldugum brandi gegn ótta sínum“ enda hafi orðin sem slík „veitt henni vissa stjórn yfir lífi sem hún var ófær um að breyta.“<sup>195</sup> Í þessum efnum mætti jafnvel grípa til orða Stefáns Harðar Grímssonar, sem sagðist hafa „kveðið óróleikann niður“ með tveimur ástarljóðum sínum.<sup>196</sup> Dickinson virðist hafa glímt við sambærilegan óróleika, hver sem ástæða hans var, og freistað þess að kveða hann niður með ljóðagerð sinni. Á þetta benda Clark Griffith, Susan Dickinson, David Porter, Richard B. Sewall, Helen Vendler, Gregory Orr og fleiri – að Dickinson sjálfri ógleymdri (F955, L261, L265, L290, L513 og víðar).

---

<sup>193</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 160.

<sup>194</sup> Clark Griffith. *The Long Shadow*, 1964, bls. 255 og 297.

<sup>195</sup> Vitnað eftir Fred D. White. *Approaching Emily Dickinson. Critical Currents and Crosscurrents since 1960*, 2008, bls. 61.

<sup>196</sup> Vitnað eftir Eysteini Þorvaldssyni. *Grunað vængjatak. Um skáldskap Stefáns Harðar Grímssonar*, 2000, bls. 188. Ljóðin sem um ræðir eru „Morgunljóðin“ tvö sem birtust í síðustu bók Stefáns Harðar, *Yfir heiðan morgun*.

## *Snilligáfa og vansæld*

Hvaða varnagla sem menn kunna að slá um hina klisjukenndu hugmynd um skáldsninginginn sem þjáist, þá gefur margt til kynna að vansældin, snilligáfan og hin huggunarrika ljóðlist hafi að mörgu leyti haldist í hendur í ævi og störfum Emily Dickinson. Þetta ræðir norska skáldið Olav H. Hauge í dagbókarfærslu árið 1958, en Hauge mun koma frekar við sögu síðar:

„Snilligáfa og vansæld“, þessi orð Wergelands rifjuðust upp fyrir mér. Og ég leiði hugann að Villon, Nerval, Dickinson og Södergran. Hölderlin kemur einnig upp í hugann. Fyrir Södergran var ljóðlistin lífsnauðsynleg – í öllum hennar þrautum. Það er ekki alltaf sem ljóðlistin er bráð nauðsyn.<sup>197</sup>

Árið 1973 bætir Hauge svo um betur, og má segja að hér taki hann allshugar undir „klisjuna“ um hið raunamædda skáld:

Af hverju yrkja hinir óhamingjusömu best? Já, það er verðugt umhugsunarefni. Tökum Emily Dickinson, Emily Brontë, Annette von Droste-Hülshoff og Edith Södergran sem dæmi, – og hefur einhver sungið betur en þær?<sup>198</sup>

Þótt ekki sé horft til annars en umfangs höfundarverksins, má ætla að ljóðlistin hafi verið Dickinson „lífsnauðsynleg – í öllum hennar þrautum“ eins og Hauge kemst að orði um skáld systur hennar Edith Södergran. Þá er tilvistarangistin víða tjáð með býsna ótvíræðum hætti í ljóðum Dickinson. Á okkur er lögð byrði þess að vera til, virðist hún segja hér, án þess að við höfum nokkuð um það að segja (F1050):

Ég óttast að eiga Líkama –  
Ég óttast að eiga Sál –

I am afraid to own a Body –  
I am afraid to own a Soul –

---

<sup>197</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band I)*, 2000, bls. 631.

<sup>198</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band IV)*, 2000, bls. 97. Eins og jafnan er um klisjur eru þær ekki allskostar réttar. En þær eru ekki heldur alfarið rangar. William Styron bendir á í bók sinni um þunglyndissjúkdóminn, *Sýnilegt myrkur*, að rannsóknir sýni að listamönnum sé hættara við að þjást af þunglyndi en öðrum – og að af listamönnum séu það ljóðskáldin sem séu einna líklegust til að glíma við sjúkdóminn. Á hið sama bendir sálfræðingurinn Kay Redfield Jamison í bók sinni *Touched with Fire. Manic-Depressive Illness and the Artistic Temperament*. Rannsóknir á þessu sviði eru raunar ekki einhljóða, þótt sú hugmynd sé gamalkunnug – allt frá dögum Aristótelesar – að á milli snilligáfu og geðrænna kvilla ríki augljós (en þó óljós!) tengsl. Má í þessum efnum jafnframt benda á þau afdráttarlausu orð Alfred Habeggars, eins ævisagnaritara Dickinson, að af ljóðum hennar og lífi megi dæma „að hina einstöku snilligáfu [Dickinson] sé ekki hægt að skilja frá andlegum kvillum [hennar].“ Sjá Alfred Habegger. *My Wars Are Laid Away in Books. The Life of Emily Dickinson*, 2002, bls. 622.

Djúpstæð – tvísýn Yfirráð –  
Forráð, ósjálfráð –

Profound – precarious Property –  
Possession, not optional –

Í grein sinni „Trying to Think with Emily Dickinson“ bendir Jed Deppman á að orðið „hugur“ (e. „mind“) kemur 79 sinnum fyrir í ljóðum Dickinson, „hugir“ (e. „minds“) 9 sinnum, „heili“ (e. „brain“) 26 sinnum og „meðvitund“ (e. „consciousness“) í einhverri mynd alls 40 sinnum. Hins vegar kemur orðið „líkami“ (e. „body“) aðeins 10 sinnum fyrir, og „líkamar“ (e. „bodies“) einu sinni.<sup>199</sup> Hér mætti jafnframt benda á að í umfjöllun sinni um áhrif og birtingarmyndir Walt Whitmans í íslenskum bókmenntaheimi stillir Sigurður A. Magnússon þeim Whitman og Dickinson upp sem eins konar andstæðum *hugar* og *líkama*: annars vegar sé hin vitsmunalega hefð sem Dickinson sverji sig í ætt við, og hins vegar öllu tilfinningaríkari og „hrjúfari“ nálgun Whitmans:

Í viðleitni minni til að öðlast skilning á raunveruleika Nýja heimsins, hafði ég leitað í hina „púritönsku“ hefð bandarískrar ljóðagerðar og orðið fyrir áhrifum frá skáldum á borð við Emily Dickinson, Edgar Allan Poe, Pound og Eliot. Þessi skáld virtust þó fremur höfða til vitsmuna minna og þess hluta persónuleika míns sem var upptekinn af jafnvægi, reglufestu og siðsemi. [...] Aðdráttarafi Walt Whitmans var af allt öðrum toga. Hann höfðaði beint til innstu tilfinninga minna og þarfa – með því að leggja kapp á að láta til sín taka í hinum hrjúfa veruleika allt í kring, leggja á hann nýtt mat, fylla hann nýrri merkingu [...].<sup>200</sup>

Það mun raunar óhætt að segja að Dickinson hafi á sinn hátt hlýtt kalli Whitmans, eins og Sigurður túlkar það hér, og „lagt mat“ á hinn hrjúfa veruleika allt í kring á sjálfstæðan hátt, óháð hinni ráðandi útskýringarorðræðu predikunarstólsins og í trássi við þá borgaralegu háttprýði sem faðir hennar og fjölskylda var að mörgu leyti fulltrúi fyrir. Til annars konar samburðar má svo benda á að „fiðrildi“ skjóta 31 sinni upp kollinum í ljóðum Dickinson og „sólin“ 170 sinnum, sem einhverjir myndu segja að flokkist tæpast til hins „hrjúfa veruleika allt í kring“. Slík tölfræði, þótt samhengislaus sé, ætti engu að síður að gefa nokkra mynd af því sem oftast en ekki leitaði á huga Dickinson – nefnilega eðli hugsunarinnar; hennar eigin meðvitund, en iðulega með hliðsjón af þeirri veröld sem við lifum og hrærumst í og hvernig hún orkar á skynjun okkar, til góðs eða illis.

*Mín* Emily Dickinson – svo vitnað sé til titilsins á hinni kunnu bók Susan Howe um skáldsysstur sína, sem opnaði augu margra fyrir því hversu traustum fótum Dickinson stendur í

<sup>199</sup> Jed Deppman. „Trying to Think with Emily Dickinson“. Í *The Emily Dickinson Journal*. 14. árg., 1. hefti, 2005, bls. 86.

<sup>200</sup> Sigurður A. Magnússon. „Whitman in Iceland“. Í *Walt Whitman of Mickle Street. A Centennial Collection*, 1994, bls. 238–239. Þýð. MS.

bandarískum raunveruleika og menningu, þrátt fyrir allt tal um sérvisku og einangrun – er skáld bæði hinnar „jarðnesku paradísar“ allt í kring og eins sársaukans sem kann að knýja dyra. Að baki þeim fögnuði ýmist eða örvæntingu sem svo mörg ljóða Dickinson hverfast um, býr jafnframt skilningsþrá mannsandans: „[H]ið óþekkt er það sem vitundin hefur dýpsta þörf fyrir, þó engum detti í hug að þakka Guði fyrir það“ (L471). Kunni þær áherslur að hljóma nokkuð hátíðlegar, telur ritgerðarsmiður jafnframt mikilvægt að hafa „litlu greiðana“ hugfasta, hinar smáu gjafir sem Dickinson var einna þakklátust fyrir, hvort sem það voru sendibréf frá ástvinum, berin og blómin úr aldingarði heimilisins, fuglarnir á greinum ávaxtatrjána, hundurinn Carlo, leikrit Shakespeares eða marglesid eintak hennar af *Aurora Leigh*, hið vinsæla frásagnarljóð Elizabethar Barrett Browning, sem rekur ljóðrænan þroska skáldkonunnar Auroru Leigh og þær byrðar sem samfélagið leggur á herðar skapandi konum. Í þessum efnum mætti vitna til orða brasilísku leikkonunnar Beatriz Segall, sem lék Dickinson í þarlandri uppfærslu á leikverki William Luce, *The Belle of Amherst*:

Eitt af því mikilvægasta sem Emily kennir okkur er að elska hversdaginn, að meta litlu hlutina; bláma himinsins, söng fuglanna og annað sem við erum vön að láta okkur svo litlu skipta.<sup>201</sup>

Að þessu leyti, eins og svo mörgu öðru, má kannski segja að Dickinson hafi verið á undan sinni samtíð – með því að boða helstu kennisetningar núvitundarspekinnar, 150 árum áður en þau fræði náðu almennri útbreiðslu!

Grundvallaratriðið í afstöðu Dickinson til lífs og listar eru stundum dregin saman með því að segja að „[l]jóðlistin [hafi verið] sú trú sem Emily Dickinson iðkaði“, líkt og Susan Howe kemst að orði í fyrrnefndri bók sinni *My Emily Dickinson*.<sup>202</sup> Á sama hátt segir Charles R. Anderson að „líkt og fyrir svo mörg hinna móðernu skálda“ sem á eftir fylgdu, þá hafi „listin komið í stað þeirrar trúar sem Dickinson hlaut í arf“; ekki hafi „aðrar leiðir til opinberunar“ verið henni færar en á vettvangi ljóðlistarinnar.<sup>203</sup> Við þau orð Andersons má bæta að það var ekki síður hið jarðneska sköpunarverk náttúrunnar, „þessi Allsherjartilraun með Grænt“ (F1356), sem var Dickinson „uppspretta guðlegrar opinberunar“, líkt og Paula Bennett færir rök fyrir í bók sinni *Emily Dickinson. Woman Poet*.<sup>204</sup> Svo samtvinnuð er náttúruskynjun Dickinson því sem kalla mætti trúarlega afstöðu hennar að eitt verður ekki frá öðru skilið. Sambærilegan „samruna“ hins náttúrulega og guðlega má greina í áhrifamiklum ritgerðum Ralph Waldo Emersons, enda Dickinson vel heima í skrifum sveitunga síns. „Slík

---

<sup>201</sup> Vitnað eftir Carlos Daglian. „Emily Dickinson in Brazil“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 143.

<sup>202</sup> Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. 48.

<sup>203</sup> Charles R. Anderson. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, 1966, bls. 65.

<sup>204</sup> Paula Bennett. *Emily Dickinson. Woman Poet*, 1990, bls. 86.

andartök opinberunar – það er skoðun mín – voru Dickinson ígildi þess að upplifa himnaríki. Og þau skýra hvernig henni reyndist unnt að sækja bæði trúarlegan grundvöll sem og ljóðrænan styrk til náttúrunnar,“ segir enn fremur í bók Bennett.<sup>205</sup>

Hitt er svo annað mál að í seinni tíð hefur Dickinson sjálf orðið eins konar átrúnaðargoð eða verndardýrtingur ljóðskálda og annarra, dýrkuð og dáð í ófáum „helgiritum“ sem skrifuð hafa verið henni til heiðurs, hvort sem það eru fræðirit, skáldsögur, ljóð, barnabækur, leikrit, dansverk, tónverk, myndlist eða listaverk af öðrum toga, sem „endurritað“ hafa „Ráðgátuna frá Amherst“. Má sú iðja að ýmsu leyti teljast óbein þýðingarstarfsemi, þar sem frumtextinn er Emily Dickinson í öllu sínu veldi. Allt er þetta til marks um hve víðtæk áhrif ljóð Emily Dickinson hafa haft, frá því að Lavinia systir hennar fann þau í kistlinum í herbergi hennar – þessi „litlu samansaumuðu / pappírs-Everestfjöll“ eins og skáldkonan Alice Friman kallar hin snyrtilega sauðuðu ljóðahefti Dickinson.<sup>206</sup> Mun nú nánar vikið að útgáfu þeirra – eða réttara sagt útgáfulysis, á meðan Dickinson lifði.

### *Uppboð á mannsins hyggð*

Af þeim 1789 ljóðum sem Emily Dickinson orti á ævinni, er talið að aðeins 10 hafi birst á prenti á meðan hún lifði, án hennar leyfis að því er fræðimenn telja og nafnlaust. Þau ljóð sem rötudu með þessum hætti fyrir sjónir almennings, í blöðum og tímaritum, og síðar, eftir andlát Dickinson, í sérstökum ljóðasöfnum, voru afbökud með margvíslegum hætti af ritstjórum. Orðum var skipt út fyrir önnur, til að leiðrétta rímleysur og ófullburða málfræði, draga úr slagkrafti ögrandi hugmynda og einfalda hugsun Dickinson þar sem merkingin þótti óljós. Þá eru dæmi þess að heilu erindin hafi verið felld brott, greinarmerkjasetning Dickinson nær undantekningalaust þurrkuð út og lýsandi titlar settir við ljóðin, sem bæði takmarka merkingarsvið þeirra og ræna lesandann ánægjunni af að leysa sjálfur þær þrautir sem Dickinson leggur fyrir lesendur sína.

Þrátt fyrir slíkar „lagfæringar“ var ójöfn hrynjandi Dickinson, skotrím og óhefðbundin efnistöð lengi vel beinlínis rakin til kunnáttuleysis höfundar. Dickinson þótti viðvaningslegt skáld; að vísu áhugaverð, sem nokkurs konar furðufyrirbæri á skáldabekk, en talin skorta þá grundvallarþekkingu á skáldskaparlistinni og lögmálum hennar sem þurfti til að fylgja einföldustu bragfræðireglum. Um þessi fyrstu viðbrögð lærðra manna við ljóðlist Dickinson og bragfræðilegum „annmörkum“ hennar, mætti kannski hafa eftirfarandi orð Stephans G. Stephanssonar – um reglupésana í hópi fræðimanna:

---

<sup>205</sup> Sama rit, bls. 105.

<sup>206</sup> Alice Friman. „Of Women Who Wear White“. Í *Visiting Emily*, 2000, bls. 34. Friman vísar til hinna svokölluðu „fascicles“ eða ljóðahefta Dickinson, 40 alls, sem hún lagði samansaumuð í kistil sinn.

Sumir fræðimenn beita dómgreind sinni helst til þess að skoða undir rófunu á einstökum orðum. Það er eflaust vísdómur út af fyrir sig, en sjaldan eru þeir menn andlega glöggvir. [...] [D]ýrasta auðlegð hvers tungumáls liggur fremur í yfirgripsmiklum hugsunum en tómum málfræði-útbrotum. [...] [Sá sem eykur] einni einustu snjallri hugsun inn í málið [hefur unnið því] stórgagn, jafnvel þó hann hafi brotið með því eitthvert boðorð í málfræðinni.<sup>207</sup>

Í svipaðan streng tók Thomas W. Higginson í formála sínum að fyrstu útgáfu ljóða Dickinson, þar sem segir (þrátt fyrir margs konar „úrbætur“ Higginsons sjálfs og Mabel Loomis Todd, meðritstjóra hans, á rími, hrynjandi, myndmáli og orðnotkun Dickinson):

Þegar [nýstárleg] hugsun kemur manni til að súpa hveljur, hljómar taut um málfræði eins og hver önnur ósvífni.<sup>208</sup>

Ef til vill var það þó hin „krampakennda“ hrynjandi ljóðanna (e. „spasmodic“; lýsingarorðið er Higginsons, L409) sem réð því að Higginson ráðlagði Dickinson upphaflega að bíða með að birta ljóð sín opinberlega, skömmu eftir að bréfaskipti þeirra hófust árið 1862. Í ávarpi sínu „Letter to a Young Contributor“, sem birtist í tímaritinu *Atlantic Monthly* fyrr á því sama ári, hafði Higginson kallað eftir framlögum frá óþekktum höfundum. Dickinson svaraði kallinu. Þann 15. apríl 1862 skrifar hún Higginson eftirfarandi bréf, sem markaði upphafið að vináttu sem Dickinson sagði síðar meir að hefði „bjargað lífi“ hennar (L330), og stóð næstu 23 árin:

Hr. Higginson

Muntu of önnum kafinn til að segja mér hvort Ljóð mín lifi?

Hugurinn stendur sjálfum sér of nærri – hann sér ekki, glögg – og ég get engan spurt –

Skyldi þér þykja þau anda – og hefðir tóm til að tjá mér, myndi ég lifandis þakklát

Ef mér hafa orðið á mistök – að þú skirrist ekki við að tjá mér svo – myndi enn auka álit mitt – á þér –

Ég læt nafn mitt fylgja – og spyr þig, ef þú vildir vera svo vænn – Herra – að tjá mér, hvort heldur sé?

Að þú svíkir mig ekki – er óþarfi á að minnast – því Sæmdin leggur sjálfa sig að veði – (L260)

---

<sup>207</sup> Sjá ævisögu Viðars Hreinssonar, *Landneminn mikli. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar (fyrri bindi)*, 2002, bls. 393.

<sup>208</sup> Tilvitnunin er sótt í inngang Hallbergs Hallmundssonar að þýðingasafni hans *100 kvæði*, 2012, bls. 22. Þýðingin er Hallbergs.



Þeirri tillögu Higginsons að hún bíði með birtingu ljóða sinna, væntanlega vegna hinnar „krampakenndu“ hrynjandi, svarar Dickinson af yfirvegum og sjálfsöryggi í þriðja bréfi sínu, þótt vera kunni að hún setji sig hér „í stellingar“ gagnvart honum:

Ég brosi með sjálfri mér þegar þú leggur til að ég „bíði með að birta“ – enda er það eins fjarri huga mínum sem Festingin er Sporðinum – (L265)

Hvort sem afbakanir ritstjóra eða skilningsleysi þeirra, viðbúið fálæti almennings, föðurleg tilmæli um að hún skyldi ekki birta ljóð sín eða annað réð mestu um að Dickinson kaus að skrifa heldur fyrir skúffuna en hinn „frjálsa markað“, þá treysti hún einungis vinum og fjölskyldumeðlimum fyrir ljóðum sínum svo lengi sem hún lifði. Alfred Habegger leiðir að því rök í ævisögu sinni að sú vanþóknun sem faðir Dickinson hafði á konum sem létu til sín taka á opinberum vettvangi, hvort heldur á sviði bókmennta eða stjórn mála, hafi gert að verkum að hefðbundin útgáfa hafi verið dóttur hans lokaðar dyr svo lengi sem hann lifði.<sup>209</sup> Hugmyndir Edward Dickinsons voru í takt við ríkjandi skoðanir þess tíma um hlutverk kvenna og þau „viðfangsefni“ sem þeim hæfðu best. Viðhorfið er vel þekkt: „Mér er ekki mikið um það breiðist út að ég sé að fást við þess háttar; það hefur aldrei þótt mikil þryði á kvenfólki“ segir systir sögumanns um skáldskapariðkun sína í „Grasaferð“ Jónasar Hallgrímssonar.<sup>210</sup> Paula Bennett telur þó kyn Dickinson ekki helstu ástæðu þess að ljóð hennar hafi aldrei komið út á bók, heldur hafi sjálft efni þeirra og framsetningin einfaldlega gert Dickinson „óbirtingarhæfa“, svo mjög hafi ljóðlist hennar storkað ríkjandi fegurðarsmekk og viðhorfum.<sup>211</sup>

Þekkt er ljóð Dickinson sjálfrar, „Publication – is the Auction“ (F788), um hvílk óhæfa opinber birting er, en fyrsta erindi þess hljómar svo, í þýðingu Hallbergs Hallmundssonar:

Birting—öðru nafni útgáfa—  
er uppboð á mannsins hygð.  
Fátækt er ef til vill afsökun  
á slíkri viðurstyggð.

Publication – is the Auction  
Of the Mind of Man –  
Poverty – be justifying  
For so foul a thing

Lokalínur ljóðsins draga svo saman afstöðu Dickinson til þeirrar „viðurstyggðar“ að verðleggja það sem engir efnislegir mælikvarðar ná yfir:

<sup>209</sup> Alfred Habegger. *My Wars Are Laid Away in Books. The Life of Emily Dickinson*, 2002, bls. 550.

<sup>210</sup> Jónas Hallgrímsson. „Grasaferð“. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I*, 1989, bls. 293. Hér má einnig benda á umfjöllun Helgu Kress um útskýfun systurinnar (og þýðandans) í sögu Jónasar, „„Sáuð þið hana systur mína?“ Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar“. Í *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntabefð og bókmenntasögu*, 2000, bls. 315–349.

<sup>211</sup> Paula Bennett. *Emily Dickinson. Woman Poet*, 1990, bls. 25.

en enginn minnki mannsins anda  
með því að verðleggja hann.<sup>212</sup>

But reduce no Human Spirit  
To Disgrace of Price –

Í ljóði sínu „The Deconstruction of Emily Dickinson“ telur bandaríska ljóðskáldið Galway Kinnell að fremur en ofríki föður hennar eða „óbirtingarhæf“ viðfangsefni, hafi afskræmingar „skynlausra“ ritstjóra og „þröngsýn viðbrögð“ bókmenntamanna við þeim fáu ljóðum Dickinson sem voru prentuð á meðan hún lifði gert hana afhuga frekari birtingum:

gjáin á milli þeirrar ljóðrænu tilfinningasemi  
sem þá var í tísku og hennar eigin grjóthörðu vissu  
opnaði augu hennar fyrir því að ljóðin  
myndu ekki skilin á hennar dögum;  
og þess vegna hét hún því, þvert  
gegn vilja sínum, að birta aldrei framar.<sup>213</sup>

Þessa skýringu gefur svo Olav H. Hauge í dagbók sinni árið 1948, tæpum þremur áratugum áður en hin áhrifamikla grein Adrienne Rich „Vesuvius at Home“ birtist, með sömu áherslu á sjálfstæði Dickinson gagnvart kröfum og væntingum annarra sem forsendu hinnar óviðjafnanlegu ljóðlistar hennar:

Ef maður skrifar fyrir aðra, er hætta á að tónninn verði dauflegur. Emily Dickinson skrifaði fyrir sjálfa sig og bar sigur úr býtum. Gleðin yfir því að skapa var henni næg hugsvölun, hún þarfnadist ekki þeirrar fáfengilegu gleði sem fylgir því að sýna verk sín öðrum. Hefði hún skrifað fyrir samtíðarmenn sína, hefðu verk hennar trauðla orðið það sem þau eru. Stórbrotna Emily! Stærst allra skálda!<sup>214</sup>

Ef kalla má púrítönsk trúarviðhorf Amherst-búa til náðar og fordæmingar *fanatíske*, þá virðist afstaða Dickinson til ljóðlistarinnar – þeirrar trúar sem hún játaðist, og iðkaði að mestu í einrúmi, en þó með útbreiðslu „fagnaðarerinda“ sinna til sérvalinna viðtakenda – hafa verið engu öfgaminni. Það má því heita vel við hæfi að ljóðlistin, fremur en útvalningin, hafi tryggt henni margumræddan ódauðleika, sem er jafnframt sá þráður sem gengur einna oftast í gegnum höfundarverkið. Mörg af þekktustu ljóðum Dickinson, svo sem „I heard a Fly buzz – when I died –“ (F591) og „Because I could not stop for Death –“ (F479), eru tilbrigði við (ó)dauðleikastefið. Ef til vill mætti ganga svo langt að segja að umfjöllunarefnið sé þráhyggjukennt í meðförum Dickinson. Á móti kemur að þráhyggja á mörkum hins sjúklega

<sup>212</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 88.

<sup>213</sup> Galway Kinnell. „The Deconstruction of Emily Dickinson“. Í *Visiting Emily*, 2000, bls. 51.

<sup>214</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band I)*, 2000, bls. 225.

einkennir oftast en ekki verk ýmissa stórra höfundna, hvort sem það er sökin og blygðunin í sögum Franz Kafka, dauðaþrá í ljóðagerð Sylvíu Plath, brjálsemi og ofbeldi í ljóðum argentínsku skáldkonunnar Alejöndru Pizarník, ímynd karlmennskunnar í verkum landa hennar Jorge Luis Borges, hálfbakaðar hagfræðikenningar í ljóðsöngvum Ezra Pounds eða annað.

### *Karakterinn í Amherst*

Ljóst er að þvert á tilvitnuð orð Joyce Carol Oates í upphafi – um þá sem „láta minna fyrir sér fara“ en ógæfufólk ýmiss konar, og vekja því síður umtal – þá var raunin sú að hin hlédræga Emily Dickinson var löngum á milli tannanna á fólki í heimabæ sínum fyrir að fara eigin leiðir. 17 ára gömul, í Mount Holyoke-stúlknskólanum, neitaði hún að beygja sig undir vald skólastýrinnar Mary Lyon, „ljóngrimmis“ trúboða, og frelsast til kristinnar trúar, líkt og skólasystur hennar gerðu flestar. Emily mun einkum hafa lagt áherslu á náttúruvísindafög í námi sínu við Amherst Academy og síðar við Mount Holyoke, og þar kom að frú Lyon neyddist til að játa sig sigraða og setti Dickinson í hóp þeirra stúlkna sem hún taldi „handan vonar“. Til marks um þekkingu og áhuga Dickinson á hinum „hörðu“ vísindum má raunar til gamans skjóta því að hér að orðtíðnirannsóknir sýna að tækni- og vísindahugtök eru fjölmennasti hópur sérfræðiorða í ljóðagerð hennar. Sá næststærsti snýr að heimilisstörfum.<sup>215</sup>

Bæði fjölskyldumeðlimir og vinir Dickinson létu frelsast í þeirri trúarbylgju sem reið yfir Massachusetts-fylki á unglingsárum hennar. Dickinson stóð ein eftir, sem vakti bæði nokkrar áhyggjur hennar sjálfrar og ekki síður umtal þeirra sem stóðu henni næst. Henni varð þó ekki haggð. Ekki þarf að koma á óvart að einþykki Dickinson, sérvíska og sjálfskipuð einangrun gerði að verkum að bæjarbúar í Amherst tóku að slúðra um „Ráðgátuna“ í bænum, sem sótti ekki kirkju, gekk ekki í hjónaband og lokaði sig að endingu svo kirfilega af gagnvart samfélagi sínu að hún sté vart fæti út fyrir lóðamörk heimilisins síðustu tvo áratugi ævinnar. Ein helsta heimildin um „karakterinn“ Emily Dickinson frá síðari hluta ævi hennar er bréf Mabel Loomis Todd til foreldra sinna, ritað árið 1881, eftir að Todd hafði búið um tveggja mánaða skeið í Amherst:

Ég verð að segja ykkur frá *karakternum* í Amherst. Það er kona sem bæjarbúar kalla *Ráðgátuna*. Hún er systir hr. Dickinsons, & virðist vera sú alskrytnasta af öllum í fjölskyldunni. Hún hefur ekki stigið fæti út fyrir hússins dyr í fimmtán ár, nema einu sinni til að sjá nýreista kirkju, og laumaðist þá út að næturlagi, & virti hana fyrir sér í tunglskininu. Þeir sem koma að heimsækja móður hennar eða systur sjá hana aldrei,

<sup>215</sup> Sjá Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 354. Sewall vitnar til greinar William Howards, „Emily Dickinson’s Poetic Vocabulary“, frá árinu 1957.

en hún hleypir litlum börnum endrum og sinnum inn til sín, einu í einu, og gefur þeim köku eða sælgæti, eða aðrar góðgjörðir, þar sem hún er afar hrifin af smáfólkinu. En oftast lætur hún góðgætið síga niður til þeirra í reipi út um herbergisgluggann. Hún klæðist eingöngu hvítu, & hugur hennar er sagður vera fullkomlega dásamlegur. Hún yrkir prýðileg ljóð, en það sér hana *aldrei* neinn. Systir hennar, sem var í veislu frá Dickinson, bauð mér að koma & syngja fyrir móður þeirra við tækifæri. [...] Mér er sagt að *rúðgátan* muni heyra hvern tón – hún muni vera nærri, en óséð. [...] Er þetta ekki eins og upp úr skáldsögu? Svo áhugavert.<sup>216</sup>

Dickinson er á einhvern undarlegan hátt bæði nálæg og fjarverandi í senn. Hún er „nærri, en óséð“, það sér hana „*aldrei* neinn“, en samt getur Todd fullyrt að hún „klæðist eingöngu hvítu“. Goðsögnin Emily Dickinson tekur þannig á sig allt að því guðlega mynd hér, svo leyndardómsfull er óséð en alltumlykjandi návist hennar. Sjálf segir Dickinson raunar í einu bréfa sinna, um annan frægan einbúa, sem bæði stóð henni nærri og fjarri og var bæði hvarvetna og hvergi allt hennar líf: „Guð mun vera alls staðar, samt ímyndum við okkur Hann alltaf sem einsetumann“ (L551).

Svo virðist sem einkennileg hegðun Dickinson hafi aukist hægt og bítandi eftir því sem leið á ævi hennar. Þannig lýsa ævisagnaritarar því hvernig samskipti hennar við gesti á Dickinson-heimilinu hafi á stundum takmarkast við orðaskipti sem fram fóru í gegnum lokaðar dyr að herbergi hennar eða á milli hæða, úr öruggu skjóli efst í stiganum þar sem enginn sá hana. Öllu „apókrýfari“ er óstaðfest lýsing á því hvernig lækni, sem kallaður hafði verið til vegna veikinda Dickinson, var fyrirskipað af sjúklingnum að framkvæma skoðunina í gegnum harðlæstar svefnherbergisdyr hennar. Málamiðlunin sem sæst var á var að Emily lyki upp hurðinni eitt andartak, og gengi framhjá dyrunum, og skyldi læknirinn byggja greiningu sína á þeirri „læknisskoðun“.<sup>217</sup> Það skyldi því engan undra þótt Amherst-búar hafi í tíðindaleyfi bæjarlífsins skemmt sér við slúður um „hvítklæddu konuna“ á Dickinson-heimilinu, undarlegu piparjónkuna sem klæddist aðeins hvítu, orti ljóð og kaus fremur félagsskap barna, hæðanna í kring og hundsins Carlos, en um það leyti sem bréfaskipti Dickinson við Thomas W. Higginson hefjast, þá rúmlega þrítug, svarar hún spurningu Higginsons um „Vinfengi“ svo:

Þú spyrð um Vinfengi mitt. Hæðirnar – herra – og Sólarlagið, og Hundur á stærð við sjálfa mig, sem Faðir minn gaf mér – (L261)

---

<sup>216</sup> Tilvitnun sótt í Söndru M. Gilbert. „The Wayward Nun beneath the Hill“. Í *Emily Dickinson. A Collection of Critical Essays*, 1996, bls. 20.

<sup>217</sup> Þessa frásögn dregur Alfred Habegger raunar mjög í efa í ævisögu sinni, sjá *My Wars Are Laid Away in Books*, 2002, bls. 624.

Líkt og áður segir „blygðaðist“ hundur Emily sín að hennar sögn þegar manneskjurnar sem eigandinn umgekkst fóru að tala „upphátt“ um „innantóma hluti“ (L271). Önnur ummæli í bréfum Dickinson sýna að Carlo var henni stoð og stytta og mikilvægur félagi. Hversu mikilvægur þessi ferfætti vinur hennar var, má kannski helst ráða af því að dauði hans árið 1866 virðist hafa orðið til að auka enn einangrun hennar. „Mér þykir líklegt að Carlo hafi skipað stærri andlegan og efnislegan sess [í lífi Dickinson] en nokkur önnur lífvera“ segir Jerome Charyn í bók sinni *A Loaded Gun*, áður en hann bætir við: „hún hefði ekki getað þrífist án hans.“<sup>218</sup> Í 16 ár hafði Carlo verið eins konar lífsförunautur skáldsins. Við andlát hans sendi hún Higginson þessa skorinorðu dánartilkynningu, sem segir ef til vill meira en mörg orð um mikilvægi þessa tryggja vinar (L314):

Carlo er dáinn –  
E. Dickinson  
Getur þú leiðbeint mér núna?

Hver sem ástæðan að baki innilokun Dickinson var (ef regnhlífahugtakið *levði* nægir ekki til útskýringar, svo ósveigjanlegur fangavörður og kvalari sem hann getur verið), þá má ef til vill segja að enn stærri og áhugaverðari spurning sé hvernig Dickinson tókst að glæða ljóð sín lífi þegar haft er í huga hversu einangrad líf hennar virðist hafa verið – að minnsta kosti á hinn borgaralega mælikvarða fjölskyldulífs og fastmótaðs hlutverks í gangverki samfélagsins. Þekkt er sú setning úr ævisögu Irisar Origo, *A Study in Solitude*, um dapurlegt lífshlaup ítalska stórskáldsins Giacomo Leopardis, að tuttugu og eins árs gamall hafi allt sem gerðist í lífi Leopardis þegar gerst. Samt hafði *ekkert* gerst. Út á við gerðist heldur ekki margt í lífi Emily Dickinson. Hún hlaut ágæta menntun og ferðaðist nokkuð sem ung kona, ekki síst til að leita sér lækninga við augnsjúkdómi sem hana hrjáði, en að öðru leyti var líf hennar fremur tilbreytingarsnautt, markað rútinuvenjum heimilisstarfanna og reglubundnum andlátum vina og ættingja. Áður hefur verið minnst á að ljóðlistin hafi verið eins konar hliðarveröld sem Dickinson kaus að lifa að mestu í. Um slíkt eru auðvitað fjölmörg dæmi, hvort sem litið er til fyrrnefnds Leopardis, bandaríska skáldsins og lögfræðingsins Wallace Stevens, sem skipti tíma sínum á milli ljóðagerðar og forstjórastöðu í stóru tryggingafyrirtæki, eða norska ljóðskáldsins Tor Ulvens, sem líkt og Dickinson lokaði sig af innan veggja æskuheimilisins svo árum skipti. Okkur kann að þykja slíkt hlutskipti bágt, en þó er ekki þar með sagt að „innra líf“ þessara skálda sé ekki fjörugt. Svona fjálglega lýkur til að mynda Robert Graham Lambert bók sinni um stílinn á sendibréfum Emily Dickinson:

---

<sup>218</sup> Jerome Charyn. *A Loaded Gun. Emily Dickinson for the 21<sup>st</sup> Century*, 2016, bls. 71.

[Emily Dickinson var] óbuguð, gamansöm og samúðarfull kona frá smábæ í Nýja Englandi sem lifði einhverju því ákafasta lífi sem nokkur manneskja hefur lifað hér í þessu landi, eða jafnvel á jarðarkúlunni allri. Emily Dickinson var gefið sérherbergi og lítill trjágardur. Það var nóg.<sup>219</sup>

Í dagbókarfærslu árið 1970 kemst Olav Hauge enn fremur svo að orði, um „lífsaðstæður“ nokkurra skálda og hugsuða:

Þau byggðu sinn eigin heim, fyrir sig sjálf. Hversu ríkuleg var ekki veröld Emily Dickinson! Og Blakes! Eða Tómasar frá Kempis!<sup>220</sup>

Þá bregst Hauge við Dickinson-þýðingum norska skáldsins Inger Hagerup með svohljóðandi hætti árið 1978, og virðist hér hafa steinglymt fyrri ummælum um „vansældina“ og „hina óhamingjusömu“ sem „syngja best“:

Það er ekki auðvelt að skilja hvers vegna Inger Hagerup skrifar svona skammarlega um hana. Næstum eins og hún kenni í brjósti um hana. Kenni í brjósti um Emily Dickinson! Svo ríkulegu og stórbrotnu lífi sem hún lifði! [...]

Líf Emily Dickinson var ekki sorglegt, það var stórbrotið! Líf sem var helgað sköpuninni og innsæinu.

Ég vil líka taka annað fram: Mér falla þýðingar á ljóðum E.D. ekki í geð. Tóninn vantar! Þetta er ekki hún!<sup>221</sup>

Nokkru áður hafði Hauge skrifað hjá sér í dagbókina eftirfarandi orð bandaríska ljóðskáldsins Allen Tate, sem færsla hans endurómar að mörgu leyti: „All pity for Miss Dickinson’s starved life is misdirected. Her life was one of the richest and deepest ever lived on this continent.“<sup>222</sup> Um „tóninn“ og þýðingar á ljóðum Dickinson verður nánar fjallað síðar.

---

<sup>219</sup> Robert Graham Lamber. *The Prose of a Poet. A Critical Study of Emily Dickinson’s Letters*, 1996, bls. 210.

<sup>220</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band III)*, 2000, bls. 613.

<sup>221</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band IV)*, 2000, bls. 422. Sama ár segir Hauge þó frá upplestrarkvöldi í Osló sem hann var viðstaddur, þar sem Inger Hagerup las meðal annars þýðingar sínar á ljóðum Dickinson, og fær hún þá eftirfarandi umsögn í dagbókinni: „Las vel, vel þýtt.“ Sama rit, bls. 427.

<sup>222</sup> Sama rit, bls. 170.

## *Umfeðmið og miðjan. Emily og Stephan G.*

Þegar Higginson spyr árið 1862 um umfjöllunarefni Dickinson, svarar hún skorinort: „Viðfangsefni mitt er Umfeðmið [e. „Circumference“]“ (L268). Orðið „circumference“ kemur víða fyrir í ljóðum Dickinson, og er víðfeðmt, en með því virðist hún hreinlega eiga við veröldina eins og hún leggur sig, út að ystu mörkum hins skiljan- og skynjanlega. Andstæða „circumference“ – ummálsins, endimarkanna, víddarinnar, breiddarinnar – er hin þrönga, einstrengingslega miðja. Mörgum árum síðar segir Dickinson í öðru bréfi: „The Bible dealt with the Centre, not with the Circumference“ (L950), sem mætti ef til vill þýða sem svo að Biblían hafi „einblínt á Miðjuna, ekki Umfeðmið“. Í „Umfeðminu“ telur Richard B. Sewall að sé fólgin sá ásetningur Dickinson að ná að „umfaðma sannleika lífsins, allan skala mannlegrar reynslu, og fanga með einhverju móti í ljóðum. Hún einsetti sér að vera Skýrandi, Túlkur, Rannsakandi, Orfeifur – allt í senn.“<sup>223</sup>

Hugsun mannsins er takmarkalaus og frjáls, ef við bindum hana ekki á klafa trúarbragða eða annarra fyrirframgefina hugsanakerfa, líkt og Dickinson neitaði að gera strax sem ung kona. Í grein sinni „Trying to Think with Emily Dickinson“ bendir Jed Deppman raunar á að vantrú Dickinson á „ráðandi skýringarorðræður síns tíma“ feli í sér afstöðu sem einkenni helst hina póst-móðernísku hugveru í seinni tíð: tortryggni gagnvart stórsögum (e. „metanarratives“) hvers konar.<sup>224</sup> En í þessum efnum – og raunar fleirum – er athyglisverður samhljómur milli þeirra skáldsystkina Emily og Stephans G. Stephanssonar. Í ritgerð frá árinu 1888 ræðir Stephan um hina „íhugunarlausu játningu“, þá „blindu trú“ sem boðuð er af kirkjunnar mönnum „sem annað hvort einstrengja menn við gamaldags hugmyndir, eður reyna til að reisa upp þröngar skorður kringum hug og meiningar manna“, svo hömlur eru lagðar á þroska mannsins og frjálsa hugsun.<sup>225</sup> Trúarhugmyndir Stephans – sem og Dickinson – takmörkuðust ekki við „fastheldni manna við gamlar hugmyndir um eina æðstu veru og viðbúð hennar við mennina,“ líkt og segir í öðrum fyrirlestri Stephans um líkt leyti.<sup>226</sup> Þær voru flóknari en svo – og *nútímalegri*, mótaðar undir áhrifum af skrifum fríþenkjandi hugsuða á borð við Ralph Waldo Emerson. Í huga Stephans fólst í trúnni „samband mannsins við allt sem er, þýðing hans í alheiminum, ákvörðun hans, þrár og farsæld. Þetta eru in dýpstu spursmál trúarinnar, og mannsandinn hvílist aldrei nema hann fái þeim svarað.“<sup>227</sup> Rétt eins og í tilviki Dickinson, gerði skilningsþrá Stephans að verkum að hann gat ekki fellt sig við að aðrir hefðu forræði yfir hugsun hans, og því bráði

---

<sup>223</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 700.

<sup>224</sup> Jed Deppman. „Trying to Think with Emily Dickinson“. *The Emily Dickinson Journal*, 14. árg., 1. hefti, 2005, bls. 86.

<sup>225</sup> Vítnað eftir Viðari Hreinssyni. *Landneminn mikli*. Fyrra bindi, 2002, bls. 289–291.

<sup>226</sup> Sama rit, bls. 297.

<sup>227</sup> Sama rit, bls. 297.

barnatrúin fljótlega af honum, eftir því sem hann varð eindregnari í andstöðu sinni við fyrirframgefin sannindi kristinnar kenningar:

Í æsku tók ég eins og barn  
alheimskunnar trúna.  
Með aldri varð ég efagjarn.  
Engu trúi ég núna.<sup>228</sup>

Sjálf hafði Dickinson ort á keimlíkum nótum nokkru fyrir, að því er virðist út frá sams konar ósveigjanlegri *allt eða ekkert*-afstöðu hins efagjarna, þar sem „minnsta klausa“ sem hrakin er dugar til að hnekkja lögmáli trúarinnar í heild sinni (F632):

Að glata Trúnni – er verra  
en að missa sitt Bú –  
Því Bú má vinna að nýju  
ekki – sína trú –

To lose One's faith – surpass  
The loss of an Estate –  
Because Estates can be  
Replenished – faith cannot –

Barnatrúna fáum við  
í Arf – sem Lífsins auð –  
Minnsta klausa hrakin –  
og eftir stöndum snauð –

Inherited with Life –  
Belief – but once – can be –  
Annihilate a single clause –  
And Being's – Beggary –

Í öðru ljóði (F701) yrkir Dickinson um „efalaus“ barnatrúna, sem er „jafnvíðfeðm – og Sólarupprásin“ til að byrja með, en með „beiskri reynslu“ fellur smám saman á töfraljóma hennar. Í trúleysi Stephans og Dickinson er þó ekki fólgið áhuga- eða afskiptaleysi gagnvart kristinni kenningu. Hér má hafa aðgreiningu Stephans sjálfs á „heiðnum“ skáldum og „kristnum“ til hliðsjónar, líkt og Viðar Hreinsson rekur í ævisögu sinni um Stephan G.:

Heiðnu skáldin neita að lægja sig fyrir guði en kristnu skáldin lægja sig aftur á móti í auðmýkt. Hann segir að Bjarni Thorarensen, Jón Vídalín og Bólu-Hjálmar séu heiðnir „í anda, hvað mikið sem þeir rausa um trú“, því þeir tali uppréttir við guð.<sup>229</sup>

Það má vera ljóst að Stephan skipar sér í fyrri hópinn (í þeim síðari eru skáld á borð við Hallgrím Pétursson og Matthías Jochumsson). Eins ljóst má vera að Dickinson neitaði að „lægja sig fyrir guði“ heldur talaði hún upprétt við hann alla tíð, og á því vel heima ásamt Stephan, Bólu-

<sup>228</sup> Stephan G. Stephansson. *Andvökur* I, 1953, bls. 12.

<sup>229</sup> Vitnað eftir Viðari Hreinssyni. *Landneminn mikli*. Fyrri bindi, 2002, bls. 348.



Hjálmari og fleirum í flokki hinna heiðnu. Við þetta má raunar bæta að Dickinson vísaði til sjálftrar sín sem „heiðingja“ undir lok ævinnar (L867).

Í trúmálum sem öðru synti Dickinson á móti strauinum, þótt ekki hafi hún verið jafnötull boðandi hugmynda sinna á opinberum vettvangi og Stephan G. var, sem barðist fyrir hugsanafrelsi í ræðu og riti um árabíl. Róttæk afstaða Dickinson mun þó hafa verið hennar nánustu vinum og fjölskyldumeðlimum kunn – og látin óátalin. Svo virðist þó sem bæjarbúar í Amherst hafi farið að líta á sérviskulega hegðun Emily (að hún skyldi ekki sækja kirkju, ganga í hjónaband, yfirgefa heimili sitt o.s.frv.) sem snert af *geðveilu*. Jafnvel Higginson kallar Dickinson „hálf-klikkaða“ (e. „partially cracked“) í bréfi sem hann skrifar systur sinni árið 1876.<sup>230</sup> Sú ímynd lifði góðu lífi lengi fram eftir 20. öldinni, jafnt í fræðiritum sem í bandarískri dægurmenningu og vitund almennings um „klikkuðu piparjónkuna“ frá Amherst, og gerir kannski enn.<sup>231</sup>

Sjálf yrkir Dickinson í áður tilvitnuðu ljóði af innsæi um viðbrögð samfélagsins við kynlegum kvistum sem rekast illa í flokki, stinga í stúf og eru ef til vill af þeim sökum álitnir ógn við þá samfélagsgerð sem meirihlutinn hefur komið sér saman um – þar með talið hverjir skuli teljast „með Sönsum“ og hverjir ekki (F620):

Klikkun er guðleg Spekt –  
hinu glögga Auga –

Spektin – klár Klikkun –

Álit meirihluta  
ræður hér, sem fyrr –

Samþykki – með Sönsum  
Einþykki – ekki –

færð  
í Hlekki –

Much Madness is divinest Sense –  
To a discerning Eye –  
Much Sense – the starkest Madness –  
‘Tis the Majority  
In this, as all, prevail –  
Assent – and you are sane –  
Demur – you’re straightway dangerous –  
And handled with a Chain –

Enn má sjá hliðstæður á milli Dickinson og Stephans G. Stephanssonar, sem í ljóði sínu um „Jón hrak“ er á svipuðum slóðum, um „álit meirihlutans“ þegar einstaklingur sker sig úr fjöldanum:

<sup>230</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 6.

<sup>231</sup> „Einveran hefur aldrei skaðað nokkurn mann. Emily Dickinson bjó ein, og orti einhver fegurstu ljóð sem heimsbyggðin hefur kynnst ... áður en hún varð bandbrjáluð.“ Þannig kemst til að mynda Lisa Simpson að orði í þættinum „The Secret War of Lisa Simpson“ frá árinu 1997, úr 8. þáttaröðinni um Simpson-fjölskylduna.

Ei tjáir  
snilli mikils manns né sómi  
móti fólksins hleypidómi.<sup>232</sup>

Þótt sjaldnast sé talað berum orðum um „geðveiki“ í þeim bókum sem skrifaðar hafa verið um Emily Dickinson, ljóð hennar og sálarlíf í seinni tíð, má velta fyrir sér hvort orðið *sérviska* – sem er iðulega notað – sé ekki eins konar milduð útgáfa, nánast veigrunaryrði, sem tjáir hugmyndina gömlu um snillinginn sem bindur bagga sína öðrum hnútum en aðrir, fremur en að horfst sé í augu við sársauka og vanmátt þess sem á einhverjum tímapunkti ævinnar missir tökin, finnur hugann „klofna“ (F867B) eða „bresta“ (F340). Orðnotkunina má því útskýra með þeim skammarstimpli sem löngum hefur fylgt geðrænum kvillum og þeim þagnarhjúpi sem umlykur andlega sjúkdóma. Í rannsókn sinni á innra lífi Emily Dickinson bendir sálgreinandinn John Cody á gegnumgangandi tilhneigingu þeirra sem um líf og list Dickinson hafa fjallað til að „normalísera“ hegðun hennar og geðsmuni, mikið til á sama hátt og fyrstu ritstjórar Dickinson sniðu „sérviskulegt“ orðalag hennar að smekk og venjum samtímans:

Sá óumdeildi virðingarsess sem ljóð Emily Dickinson skipa í dag, þýðir að nú er í engu hróflað við sérviskulegri stafsetningu, setningagerð eða greinarmerkjasetningu ljóðanna. En sama viðleitni til að normalísera og samræma er enn að verkum, nema hvað núna snýr hún að ævi skáldsins. [...] [Fræðimenn] hafa löngum freistað þess að slétta úr hinu hrjúfa og leitað skynsamlegra útskýringa á því sem kann að virðast órókrétt í fari Emily Dickinson. Fyrir vikið hafa geðsmunir hennar smám saman verið takmarkaðir við sálarlíf þeirra sem teljast „í andlegu jafnvægi“, með því að gera sem minnst úr eða þurrka alfarið út hið brenglaða og afbrigðilega í háttum hennar.<sup>233</sup>

Aðrir ganga enn lengra og vilja afmá sjálfan sérviskustimpilinn. „Manni getur gramist sá smásálarháttur að gera sérkenni einstaklings einatt að sérvisku hans“ skrifar Marianne Moore í tímaritið *Poetry* árið 1933.<sup>234</sup> „Afsakaðu að ég skuli vera með fullu viti, frá Holland, í vitfirrtum heimi“ segir Dickinson sjálf í bréfi árið 1856 (L185), sem minnir óneitanlega á þær vangaveltur í skáldsögu Einars Mús Guðmundssonar *Englum albeimsins* frá árinu 1993 hvort það sé hinn geðklofa einstaklingur sem sé veikur á geði, eða jafnvel heimurinn sjálfur sem stundum er ekki með öllum mjalla, klofinn í sundur af ótal röddum.

Hvort heldur er fer vísast eftir „áliti meirihlutans“ hverju sinni – það er hann sem fer með skilgreiningarvaldið, eins og Dickinson og Stephan G. Stephansson benda bæði á í ljóðum sínum.

<sup>232</sup> Stephan G. Stephansson. *Andvökur* I, 1953, bls. 432.

<sup>233</sup> John Cody. *After Great Pain*, 1971, bls. 13.

<sup>234</sup> Marianne Moore. „Emily Dickinson“. *Poetry*. 41. árg., 1933, bls. 222.

Allt frá fyrstu útgáfu Thomas W. Higginsons og Mabel Loomis Todd á völdum ljóðum Dickinson árið 1890, fjórum árum eftir andlát hennar, hefur áhuginn á „ráðgátunni“ eða „goðsögninni“ Emily Dickinson aukist hægt og bítandi. Í dag er hún eitt af mest þýddu skáldum heims, og jafnan stillt upp við hlið Walt Whitmans sem annað af tveimur helstu skáldum Bandaríkjanna á 19. öld. Auk þýðinga á fjölmörg tungumál, hefur fjöldi annars konar „þýðinga“ eða „endurritana“ verið gerður á verkum Dickinson, þegar horft er til allra þeirra ólíku listamanna sem sótt hafa innblástur í og túlkað ljóð hennar á sinn hátt, og þannig brugðið upp ólíkum birtingarmyndum af „frumtextanum“ Emily Dickinson. Listinn nær allt frá tónverkum (frá „Twelve Poems of Emily Dickinson“ eftir Aaron Copland, 1950, til hljómplötu Cörlu Bruni *No Promises*, 2007) og skáldsögum (*The Secret Life of Emily Dickinson*, 2011, eftir Jerome Charyn, *I Never Came to You in White*, 1996, eftir Judith Farr, *The Sister*, 2006, eftir Paolu Kaufmann) til ljóðabóka (*The Master Letters*, 1997, eftir Lucie Brock-Broido), smásagna (*Wild Nights!*, 2008, eftir Joyce Carol Oates), leikrita (*The Belle of Amherst*, 1976, eftir William Luce), barnabóka (*The Mouse of Amherst*, 2001, eftir Elizabeth Spires), teiknimyndasagna (*Mujeres Célebres*, 1966), kvikmynda (*A Quiet Passion*, 2016, í leikstjórn Terence Davies), myndverka ýmiss konar (álskúlptúrar Roni Horn, trékassar Joseph Cornells), leikinna sjónvarpsþátta (gamanþáttaröðin *Dickinson*, 2019), dansverka (*Breath*, 1996, eftir Lynn Wichern) og listaverka af margvíslegum öðrum toga. Öll sækja þessi verk efnivið sinn í lífshlaup Dickinson, og er þá síður en svo allt talið.<sup>235</sup> Að sjálfum túlkunarheiminum ógleymdum, sem spröttið hefur upp í kringum höfundarverkið, hvort sem lítið er til fræðirita hvers konar, fjölda ævisagna, ólíkra heildarútgáfna, tímarita sem eingöngu eru helguð Dickinson-fræðum, þýðinga eða endurþýðinga á önnur tungumál – allt saman í þeirri von að bregða frekari birtu á ráðgátuna um Emily Dickinson, sem hvarf umheiminum sjónum eins og frægt er og „[sté] ekki fæti út fyrir garð föður [s]íns“ að lokum, líkt og Dickinson segir í bréfi til Higginsons árið 1869 að hún geri ekki, þegar hann býður henni að hitta sig í Boston (L330). Þá átti hún enn tæpa tvo áratugi ólífaða.

Einn þátturinn enn í viðtökusögu Dickinson er gestahlutverk hennar í ljóðum annarra. Hér mun nú lítið á fjögur ólík dæmi þess hvernig skáldskapur Dickinson og dulúðin í kringum persónu hennar rataði inn í verk annarra á öldinni sem leið. Höfundarnir sem um ræðir eru japanska ljóðskáldið Hasegawa Shiro (1909–1987), Billy Collins, fyrrum lærviðarskald

---

<sup>235</sup> Um þau fjöldamörgu tónverk sem byggð eru á ljóðum Dickinson má fræðast í riti Carlton Lowenbergs, *Musicians Wrestle Everywhere. Emily Dickinson and Music*, 1992. Um áhrif Dickinson á síðari kynslóðir rithöfunda og skálda má svo lesa í verki Thomas Gardners, *A Door Ajar. Contemporary Writers and Emily Dickinson*, 2006. Loks rekur Maryanne M. Garbowsky í bók sinni *Double Vision. Contemporary Artists Look at the Poetry of Emily Dickinson*, 2002, með hvaða hætti ljóð Dickinson hafa ratað inn í verk ýmissa myndlistarmanna samtímans.

Bandaríkjanna (f. 1941), samlandi hans, skáldkonan áhrifamikla Adrienne Rich (1929–2012) og loks norskri eplabóndinn og módernistinn Olav H. Hauge (1908–1994).<sup>236</sup>

Hvað sem allri „sérvisku“ Emily Dickinson og dulúð líður, þá er hvergi vikið að slíku í ljóði japanska skáldsins Hasegawa Shiros – að minnsta kosti ekki berum orðum:

*Rússneskan hennar Dickinson*

Nýlega rakst ég á Richard Brautigan.

Hann húkti úti í horni á búllu í

Roppongi-hverfinu í Tókýó.

Hann muldraði:

„Veistu hvað, ég tróð Emily Dickinson  
milli ofnpípanna hjá mér í San Francisco,  
og á veturna blístrar hún: *Hochitse-ryba!*  
Ég er að velta því fyrir mér hvað þetta  
geti þýtt?“

Á hótélherbergi sínu í Saratov

vaknaði Maxím Gorkí iðulega á morgnana

við það að gufupípurnar við gluggann kölluðu:

*Hochitse-ryba!*

„Langar þig í fisk?“

„Takk fyrir að segja mér þetta!“

hrópaði Brautigan og smellti fingrum.

„Ég vissi ekki að Emily Dickinson

hefði kunnað rússnesku!“<sup>237</sup>

Shiro byggir ljóð sitt ekki á textaheimi Dickinson, eins og samlandar hennar Billy Collins og Adrienne Rich gera hér á eftir með margvíslegum tilvísunum í höfundarverkið og jafnvel útgáfusögu ljóðanna, né sækir Shiro með beinum hætti í þá dulúð sem umleikur lífshlaup Dickinson. Ljóð Shiros krefst ekki ítarlegrar forþekkingar, hvorki á skáldskap Dickinson né ævi.

---

<sup>236</sup> Á vefsíðunni [www.emilydickinson.org](http://www.emilydickinson.org) má finna ítarlegan lista yfir þá höfunda sem hafa ort til Dickinson (sjá *Titanic Operas. A Poet's Corner of Responses to Dickinson's Legacy*). Þá hafa verið gefnar út í það minnsta tvær sýnisbækur með ljóðum sem ort hafa verið Dickinson til heiðurs, *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*, 2000, og *Emily Dickinson. Letters from the World*, 1970. Efni þeirra takmarkast þó við enskumælandi ljóðagerð. Ritgerðarhöfundur lætur því „annarlegar tungur“ Japanans Shiros og Norðmannsins Huges fylgja með í umfjöllun sinni.

<sup>237</sup> Ljóðið þýddi Gyrðir Eliasson, og birtist það í þýðingasafni hans *Tunglið braust inn í húsið*, 2011, bls. 61.

Þó er ekki þar með sagt að nafni Dickinson megi auðveldlega skipta út fyrir annað. Þótt Shiro styðjist ekki við ævisögulegar staðreyndir eða beinar tilvitnanir, þá er „kúltúrkapítal“ Dickinson slíkt að ætla má að ærslafullur tónn ljóðsins og sérstætt skopskyn fengi annan blæ ef í stað Dickinson kæmi til að mynda nafn Sylviu Plath eða Anne Sexton, svo dæmi sé tekið af tveimur þekktum skáldsystrum og samlöndum hennar. Ljóð Shiros er þó að mestu frístandandi gagnvart arfleifð Dickinson, enda mun það ort bandaríska ljóðskáldinu, rithöfundinum og vini Shiros Richard Brautigan, til heiðurs. Vísast sækir Shiro tón ljóðsins að einhverju leyti til kímniðáfu Brautigans.

Þá er freistandi að velta fyrir sér hvort ekki megi líta á ævintýralegt lífshlaup Brautigans sem nokkurs konar óbeina lýsingu, lýsingu með öfugum formerkjum, á lífi Dickinson – það er að segja á öllu því sem líf hennar *var ekki*. Rótlaus þvælingur og ferðalög Brautigans um heiminn þveran og endilangan, hvatvísi hans, fátækt og nóturleg bernskuár, mislukkuð hjónabönd, fjölmörg ástarsambönd, mannblendni, drykkjusýki, ofbeldisfull hegðun og að lokum byssuskotið sem endaði líf hans: ekkert af þessu á við Dickinson, og er þá vísast ekki allt talið. Ólíkari persónur/höfunda má vart ímynda sér, en Shiro parar þau Brautigan og Dickinson engu að síður saman. Þriðja hjólið undir vagninum er svo rússneski raunsæishöfundurinn Máxím Gorkí. Ljóð Shiros má einnig á sinn hátt teljast til marks um hversu víða áhrif Emily Dickinson hafa ratað. Hér teygja þau sig alla leið frá San Francisco til Rússlands og þaðan á japanskan bar, eftir ókortleggjanlegum krókaleiðum tilviljana, eins og gjarnan er með ljóðræn áhrif. Þá má sömuleiðis ímynda sér að „fjölkyngi“ Dickinson sé gerð að umtalsefni, með óbeinum hætti, með því að Brautigan telji að einsetukonunni frægu frá Amherst hafi ekki orðið skotaskuld úr því að verða fullnuma í rússnesku í herbergi sínu á annarri hæð Dickinson-heimilisins.

Ólíkt Shiro, sem fer um víðan völl í ljóði sínu, heimsálfanna á milli, þá leiðir Billy Collins lesanda beint inn í „helgustu vé“ Dickinson, með því að staðsetja ljóð sitt „Taking off Emily Dickinson’s Clothes“ í hinu víðfræga svefnherbergi hennar, og rýfur þar með að vissu leyti friðhelgi skáldsins. Líkt og fram hefur komið virðist Dickinson ekki hafa hleypt öðrum inn í svefnherbergi sitt eftir því sem líða tók á ævina, hvorki gestum né læknum. Collins þverbrýtur þetta „nálgunarbann“ með því að fara djörfum höndum bæði um líkama Dickinson og höfundarverk í ljóði sínu, og fremur að sumra mati helgispjöll með svo fingralangri fjölþreifni:

*Emily Dickinson afklædd*

Fyrst er það silkisjalið,  
auðveldlega lyft af öxlum hennar og lagt  
á bak tréstölsins.

Og hatturinn,  
slaufan leyst með því að toga laust í bordann.

Að því loknu síði hvíti kjóllinn, ögn  
flóknara verk, perlukúptu  
hnapparnir niðureftir bakinu  
svo smágerðir og óendanlegir að það tekur heila eilífð  
áður en hendur mínar geta flett klæðinu frá  
eins og sundmaður sem ryður frá sér vatni  
og smogið innundir.

Eflaust fýsir ykkur að vita  
að hún stóð við opinn glugga  
í svefnherbergi á annarri hæð,  
hreyfingarlaus, vítt á milli augnanna,  
og horfði yfir trjágardinn fyrir neðan,  
hvítur kjóllinn í kuðli við fætur hennar  
á breiðum harðviðarfjöllum.

Umfang kvennærfatnaðar  
í Ameríku á níttjándu öld  
er ekkert gamanefni,  
og ég hélt áfram eins og heimskautakönnuður  
í gegnum klemmur, spennur og akkeri,  
krækjur, ólar og lífstykki úr hvalbeini,  
á siglingu í áttina að ísjakanum sem var nekt hennar.

Seinna skrifaði ég í stílabók mína  
að það hefði verið einsog að ferðast á svani inn í nóttina,  
en auðvitað get ég ekki sagt ykkur allt –  
hvernig hún lokaði augunum sem horfðu yfir trjágardinn,  
hvernig hárið bylgjaðist þegar þrjónarnir losnuðu,  
hvernig það voru óvænt þankastrik  
í hvert sinn sem við sögðum eitthvað.

Það sem ég get sagt ykkur er  
að það var ógnvænlega hljótt í Amherst  
þennan hvíldardagseftirmiðdag,  
ekkert nema skrölt í vagni sem fór hjá,  
fluga sem suðaði í gluggakistunni.

Svo ég heyrði hana greinilega grípa andann á lofti  
þegar ég losaði efstu krækjuna  
á lífstykkinu

og dæsa þegar böndin losnuðu,  
eins og sumir lesendur dæsa þegar þeir átta sig á  
að Vonin er fiðruð,  
að vitundin er fjöl,  
að lífið er hlaðin byssa  
sem starir á þig með sínu gula auga.<sup>238</sup>

Það er engu líkara en Collins yrki ljóð sitt sem svar við áskorun skáldkonunnar Lee McCarthy, sem í ljóði sínu „In the Flesh“, ort Dickinson til heiðurs, segir: „Ég væri til í að hitta þó ekki væri nema einn karlmann sem hefði vit á að elska hana í holdinu.“<sup>239</sup> Ljóð Collins er ort út frá og sækir áhrifamátt sinn til ímyndarinnar um Dickinson sem óspjallaða konu. Þannig leggur Collins áherslu á hvíta litinn í myndmáli sínu, sem tákn sakleysis og hreinleika. Og raunar er það álit margra að Dickinson hafi viljað gera slíkt hið sama, með því háttalagi að klæðast einungis hvítum kjólum eftir að hún komst á fullorðinsár. Í ljóði sínu „Of Women Who Wear White“ yrkir bandaríska skáldkonan Alice Friman þó svo um skilaboðin sem felast í klæðaburði Dickinson, þar sem saman fara „munúð“, „skírlífi“ og „völd“:

Þetta hvíta.  
Munúðarfullt

Skírlífi þess.  
Hvítuklettar Dover og krúna  
allra fatahengja.

Valdaddressið.  
Moby D. hátískunnar.<sup>240</sup>

---

<sup>238</sup> Ljóðið birtist fyrst í tímaritinu *Poetry* árið 1998, og síðar í samnefndri bók Collins, *Taking off Emily Dickinson's Clothes*, 2000.

<sup>239</sup> Lee McCarthy. „In the Flesh“. Í *Visiting Emily*, 2000, bls. 59.

<sup>240</sup> Alice Friman. „Of Woman Who Wear White“. Í *Visiting Emily*, 2000, bls. 34. Um klæðaval Dickinson og táknræna merkingu hvíta kjólsins má nánar lesa í grein Söndru M. Gilbert, „The Wayward Nun beneath the Hill. Emily Dickinson and the Mysteries of Womanhood“ í *Emily Dickinson. A Collection of Critical Essays*, 1996, bls. 20–40.

Í ljóði Collins er það þó ekki af kjólnum hvíta heldur fremur nekt Dickinson sem hvítleikanum stafar (þótt „hvítur kjóllinn [liggi] í kuðli við fætur hennar“). Ljóðmælandi er „heimskautakönnuður“ sem ferðast með höndum sínum og orðum um líkamslandslag og hörund Dickinson, eftir því sem klæðisplöggnum fækkar og „ísjakinn“ sem nekt hennar er líkt við kemur í ljós. Auk kjólsins og hörundsins föla sem leynist innundir þeim „umfangsmikla kvennærfatnaði“ sem lýst er, má ætla að „silkisjalið“, „perlukúptu hnapparnir“, „lífstykki úr hvalbeini“ og „svanurinn“ sem ljóðmælandi ferðast á „inn í nóttina“ kveiki hvítar myndir í hugskoti lesanda.

Tónninn í ljóði Collins er munúðarfullur og yrkisefnið djarft. Sjálf er Dickinson raunar síður en svo tepruleg eða „siðprúð“ í eigin ljóðum, þótt samfélagið kunni að hafa krafist slíks af konum í hennar stöðu. Vissulega leikur Dickinson hlutverk sakleysingjans aðdánlega í mörgum ljóða sinna og bréfa. Og svo sannfærandi er leikurinn raunar, að Clark Griffith sér ástæðu til að benda á að ástarljóð hennar séu „með öllu sneidd erótískum smáatriðum“, og bætir um betur þegar hann lýsir því afdráttarlaust yfir að „sú tilhugsun að Emily Dickinson hafi haft kynóra, hvað þá getað tjáð þá í ljóðum sínum“ hafi löngum misboðið siðgæði lesenda hennar, og muni í raun óhugsandi.<sup>241</sup> Á seinni árum hafa fræðimenn þó í auknum mæli gefið gaum að þeim kynferðislega undirtóni sem víða má greina í ljóðunum. Í bókinni *Emily Dickinson. Woman Poet* fjallar fræðikonan Paula Bennett svo dæmi sé tekið um ávalt myndmál blómknappa, ávaxtafræja og perla í ljóðum Dickinson, sem hún álitur að endurspegli anatómíu kvenskapa. Þá er kynferðislegur *undirtónn* sumra ljóða Dickinson allur á *yfirborðinu*, ef svo mætti segja (F269):

Villtar – Villtar nætur!  
ef ég væri þér við hlið  
Villtar nætur væru  
óhófsemi!

Wild nights – Wild nights!  
Were I with thee  
Wild nights should be  
Our luxury!

Til einskis – vindar –  
Hjarta í höfn –  
Óþarfur er Kompás –  
Óþarft er Kort!

Futile – the winds –  
To a Heart in port –  
Done with the Compass –  
Done with the Chart!

---

<sup>241</sup> Clark Griffith. *The Long Shadow. Emily Dickinson's Tragic Poetry*, 1964, bls. 163 og 179. Griffith leggur með eindæmum þunga áherslu á *híð sjúklega* í lífi Dickinson og list, og svo er einnig um kynóra hennar – og er hér hvergi til sparað í ályktunum og orðalagi: „Óhamingja Emily Dickinson var að sökum hugsýki sinnar [e. „neurosis“] einblíndi hún á hina rotnandi höfuðskel að baki hverri mannlegri nánd. Þessi brenglaða upplifun olli því að hún gerði ekki mun á ástaratlotum og nauðgun, og gat ekki aðskilið holdlegt samræði frá hinu ógeðslega og viðurstyggelega“ (bls. 183).



Að róa í Eden –  
Ah – það Haf!  
Fyndi ég bara – var –  
í kvöld –  
í þér!

Rowing in Eden –  
Ah – the Sea!  
Might I but moor –  
tonight –  
In thee!

Collins tekur upp þráðinn frá Dickinson hér, og gott betur raunar, því segja má að fantasía hennar í viðtengingarhætti („ef ég væri“, „Viltar nætur væru“, „Fyndi ég bara“) verði að raunverulegum fundi tveggja elskenda. Samdráttur þessara elskenda – þessara tveggja höfunda – einskorðast þess utan ekki við þá líkamlegu nánd sem ljóðið lýsir. Collins fleygar ljóðlínur sínar með margvíslegum tilvísunum til ljóðaheims Dickinson, beinum jafnt sem óbeinum. Eins og segir í *Makebøð*, þá „skrýðir“ Collins ljóðmál sitt „lánuðum flíkum“ (sem má raunar heita vel við hæfi, þegar hugað er að yrkisefninu).<sup>242</sup> Collins yrkir ljóð sitt ekki í anda Dickinson, hann líkir ekki eftir formi hennar eða stílbrögðum, en þó er tungutak hans Dickinson-skotið – orðflíkurnar eru hennar. Úr verður eins konar samruni tveggja ljóðaheima, með þeim „óvæntu þankastrikum“ sem eru í samræðum elskendanna og með tilvísunum Collins til „skröls í vagni sem fór hjá“ („Because I could not stop for Death –“, F479) og flugnasuðsins í gluggakistunni („I heard a Fly buzz – when I died –“, F591). Þá er andvarpi Dickinson þegar lífstykkið losnar borið saman við ánægjudæs lesenda þegar þeir lesa ljóð á borð við „„Hope“ is the thing with feathers –“ (F314), „I felt a Funeral, in my Brain,“ (F340) og „My Life had stood – a Loaded Gun –“ (F764). Ljóð Collins krefst því talsverðrar forþekkingar á höfundarverki Dickinson, enda síður en svo allt talið þegar að lántökum hans kemur: silkisjalið, hattinn, trjágardinn, hvíldardagseftirmiðdaginn hljóðláta og fleira – allt þetta sækir Collins í ljóðaveröld skáldsystur sinnar.

Híð sama má að mörgu leyti segja um ljóð Adrienne Rich, sem vísar þar að auki bæði til bréfaskipta Dickinson og „blóði drifinnar“ útgáfusögu ljóða hennar:

„Ég er í Hattu stödd – Herra –“

„Hálf-klikkuð“ að mati Higginson, lifandi,  
seinna fræg í afskræmdum útgáfum,  
safn þitt af ljómandi fögrum bréfnifsum orðinn vígvöllur,  
hárnetið þitt gamla

nú mölvarið í Harvard

---

<sup>242</sup> „[H]ví er ég skrýddur / lánaðri flík“ spyr Makbøð þegar hann er ávarpaður sem „Kagða-tan“. William Shakespeare. *Makebøð*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikrit* III, 1964, bls. 130.

og þú í heildarútgáfu minnisvarðans  
tvíræð allt til loka –  
hver ertu?

Hvort sem þú hirtir um dagliljuna  
eða straukst fætur vínglasanna,  
þá æddi hugur þinn áfram að baki  
pappírspunnu enni,

þú, kona, karlmannleg  
í einþykkni,  
fyrir þér var orðið meira  
en sjúkdómseinkenni –

lífsskilyrði.  
Þar til loftið suðaði af fölskum orðum  
og söng í eyrum þér  
um Meinsæri

og á þinn hálf-klikkaða hátt kaustu  
þögnina þér til skemmtunar,  
kaust að lokum að vera  
þinn eigin herra.<sup>243</sup>

Á frummálinu hljóma lokálnurnar svo: „chose to have it out at last / on your own premises“, þar sem „premises“ felur í sér leik Rich að tvíræðni orðsins, sem getur þýtt bæði „forsenda“ og „yferráðasvæði“ eða „heimili“. Merkingin myndi því eitthvað á þá leið að Dickinson hafi að lokum ákveðið að „fylgja ráðum engra nema sjálfrar sín, á yferráðasvæði heimilis síns“. Með orðasambandinu „að vera sinn eigin herra“ næst sú merking að mestu, auk þess sem lokálina þýðingarinnar kallast með þessu móti á við titil ljóðsins, og mætti þá ef til vill skilja hana sem svo að Dickinson hafi að lokum hafnað öðrum herrum en sjálfri sér. Þá er hinu „fallósentríska“ valdaorði *herra* að nokkru leyti snúið á haus, þar sem orðið vísar hér til konunnar Dickinson. Að uppræta og afbyggja fallósentríska orðræðu með því að valda „kynusla“ í merkingarsköpun tungumálsins má teljast í samræmi við feminískar áherslur í ljóðagerð Adrienne Rich sjálfrar, sem raunar leikur svipaðan afbyggingarleik með því að lýsa Dickinson sem „karlmannleg[ri] í einþykkni“ sinni. Þá má hér minna á að víða í ljóðum Dickinson er ljóðmælandi karlkyns.

---

<sup>243</sup> Adrienne Rich. „I Am in Danger – Sir –“. *Necessities of Life. Poems 1962–1965*, 1966, bls. 33–34.

Títilinn að ljóði sínu sækir Rich í eitt af fyrstu bréfum Dickinson til bókmenntaráðunautar síns Thomas W. Higginsons. Í framhaldinu lýsir Rich örlögum ljóðahefta Dickinson („seinna fræg í afskræmdum útgáfum“), hinna svokölluðu samansaumuðu „fascicles“, 40 alls, sem segja má að hafi verið eins konar sjálfsútgáfa Dickinson á eigin verkum, þótt enginn hafi séð þau nema kistillinn. Í seinni tíð hafa fræðimenn í auknum mæli rannsakað ljóð Dickinson með hliðsjón af ritunartíma þeirra og samhengi í ljóðaheftunum. Ekkert var tilviljunum háð í skáldskaparlist Emily Dickinson, og að mati ýmissa fræðimanna er tilefni til að ætla að svo hafi einnig verið þegar litið er til þess hvaða ljóð völdust í hvaða hefti, áður en Dickinson stakk saumnál sinni í gegnum kjölinn og þræddi arkirnar saman.<sup>244</sup>

Með „afskræmdum útgáfum“ vísar Rich til þess að ljóðahefti Dickinson voru bókstaflaga rifin í sundur af fyrsta útgefanda hennar, Mabel Loomis Todd, og hugsanlegri „litrænni heild“ þeirra þar með raskað. Þær „afskræmdu útgáfur“ sem áunnu Dickinson frægð taka sömuleiðis til þeirra margvíslegu „lagfæringa“ (þegar haft er í huga að útgefendur Dickinson störfuðu þrátt fyrir allt í góðri trú) sem gerðar voru á ljóðunum, bæði þeim sem birtust á meðan Dickinson lifði en ekki síður að henni látinni. Þungamiðjan í ljóði Billy Collins er dirfskufullt brot hans á friðhelgi Dickinson, með því að staðsetja ljóðmælanda sinn og orðfæri í sjálfum helgidóminum: herberginu þar sem ljóðin urðu til (svo ekki sé minnst á það sem ekki er vikið að berum orðum, það er að segja líkamlegu samneyti persónanna, sem segja má að fullkomni þann textalega samruna sem Collins byggir ljóð sitt á). Á margan hátt vísar Rich að sambærilegu friðhelgisbroti í sínu ljóði, þótt spellvirkin snúi að efnislegri mynd ljóðanna fremur en (óspjölluum) líkama Dickinson. Rich harmar að röð og regla Dickinson hafi verið að engu höfð af ritstjórum hennar. Um leið grefur hún rækilega undan lítillækkandi karakterlýsingu Higginson á Dickinson sem „hálf-klikkaðri“.

Með þriggja binda heildarútgáfu Thomas H. Johnsons árið 1955, útgefinni af Harvard-háskóla, var í fyrsta sinn tekið tillit til ólíkra handritsgerða og „varíanta“ í orðavali Dickinson samkvæmt eftirlátnum handritum. Fram að því höfðu ritstjórar valið og hafnað og þannig, upp að vissu marki, skapað „sína eigin Dickinson“, líkt og fræðimenn, ævisagnaritarar, útgefendur og ekki síst þýðendur gera óhjálkvæmilega í sínum verkum. Heildarútgáfa Johnsons tryggir því að hún muni „tvíráð allt til loka –“. „Hver ertu?“ spyr Rich í kjölfarið, líkt og Dickinson gerir sjálf í einu af sínum þekktari ljóðum (F260):

---

<sup>244</sup> Hér mætti vitna til rits Ruth Miller *The Poetry of Emily Dickinson*, 1968, og þeirrar kenningar hennar að ljóðaheftin samanstandi af innbyrðis tengdum ljóðum, svokölluðum „link-poems“. Þá ræðir Daneen Wardrop það þematíska samtal og gotneska myndmál sem greina má í ljóðum 16. heftis í grein sinni „Emily Dickinson and the Gothic in Fascicle 16“. Áður hafði Dorothy Huff Oberhaus bent á í riti sínu *Emily Dickinson's Fascicles. Method & Meaning*, 1995, að 40. og síðasta hefti Dickinson megi lesa sem úthugsaðan ljóðasveig sem byggir á aldalangri hefð kristinna hugleiðslubókmennta; að saman myndi ljóðin eins konar innra eintal sálarinnar, frá trúarefa til sannfæringar. Flestir eru þó ósannfærðir um að nokkur innbyrðis tengsl sé að finna í ljóðaheftunum 40. Þannig segir David Porter að höfundarverk Dickinson sé byggt upp „múrstein fyrir múrstein án þess að nokkur bygging rísi, heldur einungis hrúga af múrsteinum. Jafnvel ljóðaheftin eru án nokkurs sýnilegs skipulags[.]“ David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 139.

I'm Nobody! Who are you?  
Are you – Nobody – Too?

Með útgáfu Johnsons og síðar Ralph W. Franklins, *The Poems of Emily Dickinson. Variorum Edition* frá árinu 1998, sem nú telst komast næst eftirlátnum gerðum Dickinson sjálfrar og aldursröð ljóðanna, er hverju smáatriði gaumur gefinn. Þá eru skannaðar eftirmyndir af handritum Dickinson nú aðgengilegar á vefnum. Eflaust kynni einhverjum að þykja nóg um þau stafkrókafræði sem hafa verið stunduð í kjölfar þessa aukna aðgengis að sjálfri handritageymdinni. Til dæmis hafa fræðimenn velt vöngum yfir því hvort mismunandi lengd hinna kunnu þankastrika Dickinson sé merkingarbær, og jafnvel hvort máli skipti hvort þau vísi upp eða niður í handritum hennar.<sup>245</sup> Slík vinnubrögð eru þó til marks um þann síaukna nákvæmnislestur sem einkennt hefur túlkanir fræðimanna á verkum þessa skálds í seinni tíð. Öllum steinum er velt við, til þess að öðlast aukinn skilning á þeim hugsunum sem „æddu að baki / pappírspunnu enni“ Dickinson, eins og segir í ljóði Rich.

Eitt af því sem skilur ljóð Rich frá ljóðum karlskáldanna þriggja er að hún er sú eina sem ávarpar Dickinson beint – en þó jafnframt sú eina sem nefnir hana ekki á nafn. Þá fæst Rich með afdráttarlausari hætti en skáldbræður hennar við manneskjuna á bak við orðin. Í ljóði sínu spyr hún *hver* Emily Dickinson var, *hvernig* og *hvers vegna*. Þó er ljóst að bæði Collins og Rich krefjast talsverðrar forþekkingar af lesandans hálfu á lífshlaupi og verkum Dickinson. Þau byggja orðfæri og myndmál ljóða sinna að þónokkru leyti á skáldskap Dickinson sjálfrar, með tilvísunum til handrita hennar og með umorðunum á einstaka ljóðlínnum, sem og á hversdagslegum kringumstæðum; vísað er til herbergis hennar á efri hæðinni og trjágardísins fyrir neðan, garðyrkjustarfa og heimilisverka. Með því að spinna ljóð sín úr þráðum sem rekja má beint til Dickinson sjálfrar, má segja að Collins og Rich standi ekki allskostar á eigin fótum. Þótt hvorki Collins né Rich beiti hálfrími Dickinson eða líki eftir hrynjandi hennar (sem reyndar ekkert af skáldunum fjórum gerir), þá reida þau sig í mun ríkari mæli á orðheim hennar og ævi en Japaninn Hasegawa Shiro gerir í sínu ljóði, eða þá norska skáldið Olav H. Hauge hér á eftir. Ekki síst er hætt við því að kröfur Rich um forþekkingu á bréfaskiptum Dickinson og Higginsons og útgáfusögu ljóðanna geri öðrum en mestu áhugamönnum um líf og störf Emily torvelt fyrir.

Af þeim ljóðum að dæma sem hér eru til umfjöllunar virðist sem auðveldara sé að komast undan skugga Dickinson þegar ort er á öðru tungumáli en ensku. En öfugt við Shiro, sem ef eitthvað er bætir bara í skringilegheitin í kringum líf hennar og ljóð, þá fangar Olav H. Hauge

---

<sup>245</sup> Þankastrik Dickinson í ritgerð þessari eru táknuð með „–“ í stað skipti- eða bandstriksins „-“. Einnig þekktist að notast sé við lengri gerð þankastriks, „—“, í „þýðingum“ eða umritunum á rithönd Dickinson. Sú leið til umritunar sem á þessum blöðum er farin ræðst að nokkru leyti af íslenskum ritvenjum, en ekki síður af smekk ritgerðarhöfundar, sem telur skipti- eða bandstrikið helst til veigalítið en lengri gerð þankastriksins að sama skapi of ríflega. Hér er því farið bil beggja.

með einföldum og áhrifaríkum hætti tvö af skýrustu persónueinkennum Dickinson í sínu ljóði: ást hennar á gjöfum náttúrunnar og stöðugt ljóðapárið á þau „ljómandi fögru bréfsnifsi“ sem fyrir henni urðu, og náðu allt frá símskeytum og bakhliðum kökuuppskrifta til súkkulaðibréfa og tepakkninga:

*Ég er með þrjú ljóð*

Ég er með þrjú ljóð,  
sagði hann —  
og hann telur ljóðin.  
Emily fleygði þeim í kistu,  
ég held ekki  
að hún hafi talið þau,  
hún opnaði bara tepakka  
og orti nýtt.  
Hún gerði rétt. Gott ljóð  
á að lykta af tei.  
Eða af rakri mold og nýhöggnum viði.<sup>246</sup>

Þótt ekki sé þörf á að lesa ævi Hauges inn í ljóð hans, má velta fyrir sér hvort áhrifamátt þess megi ekki að einhverju leyti rekja til vissra líkinda sem greina má á milli þeirra skáldsystemna, þveröfugt við Richard Brautigan hér að framan. Líkt og Dickinson, þá var Hauge lítill selskapsmaður og varði mestum hluta ævinnar einangraður á eplabúgarði sínum í Norður-Noregi. Hann stóð að mörgu leyti utan við samfélagið, eins og skáldin sem hann telur upp í dagbókarfærslu árið 1966:

Þau stóðu utan við samfélag broddborgaranna, utan við „menninguna“. Blake, Verlaine, Baudelaire, Rimbaud, Hopkins, Dickinson, já, og ekki má gleyma Poe, — hann gerði það líka. Og Corbière sömuleiðis.<sup>247</sup>

Ljóðlist Hauges er allajafna tær og myndrík, og minnir lífsvíska og náttúrustemningar þeirra oftast en ekki á forna hefð kínverskra og japanskra smáljóða. Hauge var þó síður en svo á eina bókina lærður heldur sótti sér áhrif víða, bæði til bóka og þeirrar kennslu sem í daglegum störfum hans og náttúruskoðun fólst, líkt og segja má um Dickinson. „Reynsla“ þeirra beggja af veraldarvílinu var þó nokkuð afmarkaðri en annarra, í ljósi þeirrar einangrunar, eða kannski

---

<sup>246</sup> Ljóðið þýddi Óskar Árni Óskarsson, og birtist það í úrvali hans af ljóðum Hauges, *Glermeistarinn*, 2000, bls. 49. „Eg har tri dikt“ heitir ljóðið á frummálinu, úr bókinni *Dropar í austavind*, 1966.

<sup>247</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band III)*, 2000, bls. 67

öllu heldur „afmörkunar“, sem þau kusu sér bæði. Sú afmörkun var þó ekki endilega á kostnað hins innra lífs, né varð hún til að takmarka upplifun þeirra af veröldinni hið ytra. Að þessu viku Hauge í dagbókarfærslu árið 1950, og tiltekur Dickinson sem hluta af „lestrarpensúminu“:

Sú mynd af hversdagsleikanum sem raunveruleikinn bregður upp, og allir sjá, er hún eitthvað til að skrifa um? Nei, hafi gluggar og gler einhverju sinni opnast inn í annars konar raunveruleika, þá skaltu skrifa um hann.

Lestu Goethe, Shelley, Blake, Browning, Thompson, Wergeland, Bull, Aukrust, Nygard, Fröding, Södergran, Dickinson í nokkur ár, lifðu einn með sjálfum þér og þú munt öðlast reynslu af æðri raunveruleika, þú munt heyra söng himintunglanna og sjá lífið í skýrara ljósi.<sup>248</sup>

Í dagbókarfærslu árið eftir segir enn fremur:

Alltaf gagntekin, alltaf frá sér numin, aldrei eins og við, aldrei hversdagsleg, aldrei prósaísk, þannig eru ljóðskáldin sem okkur þykir vænst um. Skáld á borð við Wergeland, Emily Dickinson, Nygard, alltaf glóandi, alltaf upptendruð, algjörlega á valdi skáldskaparins. Í því er mikilfengleiki þeirra og leyndardómur fólgin.<sup>249</sup>

Að skáldin sem mestu áhrifin hafa á okkur séu aldrei „prósaísk“ leiðir hugann að orðalagi Dickinson sjálfur í bréfi til mágkonu sinnar Susan árið 1851, þar sem hún segir að þær láti sig stundum dreyma um að þær séu „einu skáldin – og allir hinir *prósa*“ (L56). Þá hljómar upphafslína ljóðs F466 svo: „Ég dvel í Húsi Möguleikans – / fegurra en Prósans –“.

Þrátt fyrir þá hárómantísku sýn Hagues á ljóðlistina að í henni sé fólgin „æðri raunveruleiki“, er tónninn í ljóðum hans mildur, djúpvitur og heimilislegur. Lesandi gengst hlýlegum og sannfærandi ljóðstíl hans auðveldlega á hönd, sem má kannski best lýsa með orðinu *hversdagslegur*, þrátt fyrir efasemdir um „hið hversdagslega“ í framangreindum dagbókarfærslum. Í dagbókarfærslu árið 1968 viku Hauge raunar að mikilvægi hins hversdagslega í ljóðlistinni – og tiltekur enn Dickinson sem dæmi máli sínu til stuðnings:

Það gerði nefnilega Emily Dickinson, hún fann alltaf eitthvað í hversdagsleikanum til að yrkja um, eitthvað nógu lítið, já, engin hugdetta var of smávægileg til að skrifa hana ekki niður.<sup>250</sup>

---

<sup>248</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band I)*, 2000, bls. 259.

<sup>249</sup> Sama rit, bls. 263.

<sup>250</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band III)*, 2000, bls. 357.

Að Hauge skuli í ljóði sínu um Dickinson vísa til hennar með skírnarnafni eingöngu (sá eini sem það gerir af skáldunum fjórum), líkt og hann sé málkunnugur henni, er enn fremur til marks um þann blíða, afslappaða tón sem einkennir þetta ljóð hans, og raunar fleiri. Síðast en ekki síst tjáir Hauge skáldskaparfræði sína í ljóðinu með eftirminnilegum hætti: „gott ljóð / á að lykta af tei. / Eða af rakri mold og nýhöggnum víði.“ Þau „náttúrulegu“ skilyrði er óhætt að segja að bæði Hauge og Emily hafi uppfyllt með glans. Þá undirstrika skilyrðin jafnframt „organíska“ afstöðu beggja til skáldskaparins, sem iðju eða köllunar sem einstaklingurinn helgar sig í ríki náttúrunnar, þar sem „söngur himintunglanna“ heyrir, og er sjálfur eins konar framlenging þess söngs, þeirrar náttúru. Að líf og skáldskapur sé að þessu leyti eitt og óaðskiljanlegt endurspeglast kannski best í þeim línnum Hauges að Emily hafi ekki „talið“ ljóð sín eða komið þeim sérstaklega á framfæri heldur „opnaði bara tepakka / og orti nýtt.“ Þetta afskiptaleysi gagnvart vegtyllum umheimsins sem Dickinson tileinkaði sér með árunum (en vert er að hafa hugfast að ýmislegt bendir til að hún hafi ekki verið afhuga frægð og frama fyrir ljóð sín framan af<sup>251</sup>) virðist búa að baki þessari dagbókarfærslu Hauges frá 1951:

Sæl var Emily Dickinson sem aldrei gekk á fund forlags með ljóð sín, hún hafði frið í hjarta og gat leitt hugann að nýjum ljóðum í stað þess að hafa áhyggjur af viðbrögðunum. Fáir eru svo sterkir á svellinu að þeir þoli gagnrýni! Fáir þeir jákvæða gagnrýni, stígur hún þeim til höfuðs; fáir þeir neikvæða gagnrýni, missa þeir móðinn.<sup>252</sup>

Svipaðri hugsun bregður fyrir í dagbókarfærslu árið 1960:

Nei, Emily Dickinson vissi hvað hún var að gera þegar hún læsti ljóðin sín ofan í kistu. Hún fékk frið og gat ort nokkur á dag.<sup>253</sup>

Stétt og staða Dickinson gerði henni kleift að sinna ljóðlistinni samhliða ýmsum skylduverkum innan veggja heimilisins. Ungri konu af lægri stéttum hefði vart staðið til boða að draga sig úr samfélaginu og helga sig köllun sinni jafneinarðlega og Dickinson gafst kostur á, í sérherbergi í föðurhúsum. Sjálf benti Emily bróður sínum á kosti þess að vera stundum einn með sjálfum sér, þegar Austin kvartaði undan einmanaleika í Boston, þar sem hann var þá staddur við kennslustörf, fjarri fjölskyldu og vinum (L54):

---

<sup>251</sup> Þannig skrifar hún mágkonu sinni Susan Dickinson svo árið 1861, þegar hún átti enn sína stærstu sigra á ritvellingum óunna: „Ef ég gæti gert þig og Austin – stolt – einhvern tíma – í fjarlægri framtíð – gengi ég létt í spori“ (L238). Nokkrum árum síðar, eftir að Thomas Higginson hefur ráðlagt henni að bíða með birtingu verka sinna, svarar hún ráðunauti sínum svo, og virðist hér forvitri um örlög ljóða sinna: „Ef frægðin tilheyrði mér, gæti ég ekki flúið hana –“ (L265).

<sup>252</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band I)*, 2000, bls. 288.

<sup>253</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band II)*, 2000, bls. 204.

[E]f þú talar ekki við neinn, safnarðu á sama tíma hugsunum sem munu bjartar og gullslegnar fyrir þá sem þú sagðir skilið við heima – við hittum vini okkar, og stanslaus samskipti *sólunda hugsunum* og tilfinningum manns, og þá neyðumst við til að *endurfylla* og *endurnýja* – við upplifum ekki hina *fleytifullu* tilfinningu, sem aðeins er hægt að öðlast í *einrúmi*.

Hina „fleytifullu tilfinningu“ má öruggt telja að bæði Emily og Hauge hafi þekkt, og einrúmið verið þeim nauðsynleg forrétindi til að upplifa hana, og veita henni í kjölfarið út í ljóð sín.

Engar almennar ályktanir um birtingarmynd Emily Dickinson í ljóðum seinni tíma skálda er hægt að draga af dæmunum fjórum hér að framan. Sérstök rannsókn á þessum hluta viðtökusögu hennar gæti þó varpað skýrara ljósi á vissa þætti sem eingöngu hefur verið minnst á lauslega. Til dæmis að hve miklu leyti önnur skáld hafa tekið upp skotrím Dickinson, greinarmerkjasetningu og hrynjandi í eigin ljóðum, hvort sem þau eru ort sérstaklega til Dickinson eða ekki.<sup>254</sup> Hvað með ljóðlínur hennar og yrkisefni? Er merkjanlegur munur á enskumælandi ljóðskáldum og öðrum í þessu tilliti? Að hve miklu leyti tekst skáldum að forðast klisjurnar sem vilja loða við Dickinson – „piparjónkuna“ sem „gekk af göflunum“? Er merkjanlegur munur á efnistöfum karl- og kvenskálda sem yrkja Dickinson til heiðurs?

Einnig má velta fyrir sér hver ástæðan sé fyrir öllum þeim aragrúa ljóða og annars konar listaverka sem Emily Dickinson er eins konar kartöflumóðir að, og sér raunar ekki fyrir endann á þeirri uppskeru. Hvers vegna hafa svo mörg og ólík seinni tíma skáld tekið sér penna í hönd og ort Emily Dickinson til heiðurs, fremur en landa hennar Walt Whitman til að mynda, eða skáldsystur og samlöndu Sylvii Plath, svo dæmi séu tekin af tveimur þekktum skáldum? Líklegt má telja að Emily Dickinson sé það skáld á síðari tímum sem einna oftast hefur verið ort til, og jafnvel þótt horft sé lengra aftur í tímann. Hver er ástæða þessa? Sú skýring sem liggur beinast við er að með því að hafna svo afdráttarlaust að „bjóða upp“ hug sinn og „verðfella“ mannsins anda, með þeirri viðurkenningu sem misskilin og „afskræmd“ verk hennar hlutu að lokum, og með þeirri einskæru ástríðu sem Dickinson helgaði sig ljóðlistinni, þá hafi hún smám saman orðið að eins konar verndardýrtingi eða helgimynd hins *sanna ljóðskálds* sem engar málamiðlanir leyfir og öllu fórnar fyrir list sína.

Ef svo er, þá er óhætt að segja að Emily Dickinson og skáldlist hennar hafi hlotið „ljóðrænt réttlæti“ að lokum – svo lesið sé bókstaflega í merkingu enska orðaparansins *poetic justice* – þegar

---

<sup>254</sup> Í þeim safnritum sem hér hafa verið nefnd, *Visiting Emily*, 2000, og *Letters from the World*, 1970, eru engin dæmi þess að höfundar taki upp aðferðir Dickinson og „stæli“ með einum eða öðrum hætti. Hins vegar hefur bandaríski fræðimaðurinn, skáldið og þýðandinn Joseph P. Clancy beitt bæði þankastrikum Dickinson og frjálslegu rími í þýðingum sínum á ljóðum Ann Griffiths, velsku 19. aldar trúarskáldi, enda sér Clancy umtalsverð líkindi með þeim skáldsystur (sjá ritgerð Clancys „Ann Griffiths and Emily Dickinson“ í *Other Words. Essays on Poetry and Translation*, 1999, bls. 17–41).



haft er í huga með hvaða hætti verk hennar færðust smám saman úr jaðarstöðu og inn að miðju hefðarveldis bandarískra bókmennta á öldinni sem leið. Útgáfu- og viðtökusaga ljóðanna var þó lengi vörðuð margvíslegum hindrunum, þegar litið er til „leiðréttinga“ fyrstu ritstjóra Dickinson á handritum hennar og öðrum ófullkomnum útgáfum, allt þar til heildarútgáfa R.W. Franklins birtist árið 1998. En raunar telja ýmsir að handrit Dickinson séu með öllu „óþýðanleg“ yfir á prentað mál. Svo samtvinnnaður sé merkingarheimur ljóðanna handritageymdinni, rithönd Dickinson og jafnvel sjálfum pappírnum og sneplunum sem hún ritar ljóð sín á, að ógerningur sé að gera eiginhandarritum hennar tilhlýðileg skil í prentuðum bókum. Óþýðanleikahugmyndin lætur því víða á sér kræla, og mun nú nánar vikið að sjálfri handritageymd þeirra 1789 ljóða sem eftir Emily Dickinson liggja og spurt hvaðan efasemdir ýmissa fræðimanna um að ljóð hennar sé yfir höfuð hægt að „þýða“ á prentað mál séu sprotnar, sem og hvaða áhrif handritageymdin geti haft á þýðingar ljóðanna á erlendar tungur.

### *Hið ófrágengna ljóð*

„Ég reyndi að þræða saman  
Hugsanir og Orð“ (F867)

Viku eftir jarðarför Emily Dickinson fann systir hennar Lavinia sér til mikillar furðu gríðarmikinn stafla af lausum blöðum sem og saumuðum ljóðakverum í lokuðum kistli í svefnherbergi hennar. Nánustu fjölskyldumeðlimir og vinir vissu af skáldskapariðkun Dickinson, en engum bauð í grun hversu stórtækt „ljóðafiktið“ var fyrr en kistlinum var lokið upp. Þegar umfang höfundarverksins varð ljóst, vaknaði áhugi Laviniu Dickinson á því að koma út úrvali af ljóðum systur sinnar á bók. Í kjölfarið hófst löng og flókin saga þessara handrita, sem átti eftir að leiða til langvarandi fjölskylduerja og jafnvel dómsmála, en ekki er hægt að rekja þá sögu hér.<sup>255</sup> Í sem skemmstu máli, þá leitaði Lavinia fyrst til Susan Dickinson, mágkonu Emily og helstu trúnaðarvinkonu, og bað hana að velja og ritstýra úrvali af ljóðum hennar. Eðlilegt má telja að Lavinia hafi fyrst snúið sér til mágkonu þeirra systra. Bæði var að Dickinson sendi Susan fleiri ljóð en nokkrum öðrum (ríflega 250 talsins) og var hún því kunnugri skáldskap hennar en aðrir, auk þess sem vitað er að Dickinson leitaði hjá henni ráða og bar ljóð sín undir hana. En Susan sóttist verkið seint, og að lokum þvarr Laviniu þolinmæði. Næsti leikur hennar var einkar djarfur, með því að hún fól Mabel Loomis Todd – hjákonu Austin Dickinsons, eiginmanns Susan – handrit að rúmlega 700 ljóðum, og fór þess á leit við Todd að hún ynni úr blöðunum litla bók til útgáfu. Todd hafði hraðar hendur, og kom fyrsta ljóðasafn Emily Dickinson út árið 1890 í ritstjórn hennar og T.W. Higginsons. Fjögur ár voru þá liðin frá andláti

---

<sup>255</sup> Þessa flóknu sögu rekur Lyndall Gordon frá öllum hliðum í bók sinni *Lives Like Loaded Guns. Emily Dickinson and Her Family's Feuds*, 2010.

skáldsins. Bókin naut mikilla vinsælda, og áður en öldin var úti höfðu tvö ljóðasöfn bæst við til að mæta ört vaxandi eftirspurn, auk ófárra endurprentana.

Fyrstu ritstjórar Dickinson gerðu líkt og áður segir margvíslegar breytingar á handritagerð ljóða hennar. Sérviskulegu orðfæri, óreglulegum línuskiptingum, óvanalegri greinarmerkjasetningu, bjögudu hálfrími og höktandi hrynjandi – slíkum og öðrum „annmörkum“ á skáldskap Dickinson var útrýmt og ljóð hennar því að forminu til færð nær þeim skáldskaparvenjum og bókmenntasmekk sem tíðkaðist um aldamótin 1900. Þá voru gerðar margvíslegar breytingar á innihaldi ljóðanna, ekki síst þegar um djarfari kvæði Dickinson var að ræða, og má segja að í þeim tilvikum sé nær að tala um ritskoðun en ritstjórn, enda upprunaleg merking og höfundarætlun Dickinson að engu höfð í sumum tilvikum. Finna má dæmi þess að sláandi orðum hafi verið skipt út fyrir meinlausari systkini og jafnvel heilu erindunum sleppt, ef ljóst þótti að djarfar hugmyndir Dickinson myndu standa í væntanlegum lesendum hennar. Um slíkar „endurritanir“ fjallar belgíski þýðingafræðingurinn André Lefevere í bók sinni *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins* (1992), þar sem segir meðal annars:

Hvort sem endurritarar vinna þýðingar, bókmenntasögu eða ágrip, uppflettirit, sýnisbækur, gagnrýni eða ritstýrðar útgáfur, þá aðlaga þeir og hagræða að einhverju marki upprunalegu verkunum sem unnið er með, venjulega í þeim tilgangi að þau falli að hugmyndafræðilegum og skáldskaparfræðilegum meginstraumi eða -stráumum samtímans.<sup>256</sup>

Um hálfri öld eftir fyrstu útgáfu á ljóðum Dickinson, þegar fræðimenn voru í auknum mæli farnir að rannsaka upprunalegar handritagerðir ljóðanna, og uppgötvuðu fyrir vikið þau fjölmörgu „skáldaleyfi“ sem fyrstu ritstjórar Dickinson höfðu tekið sér, réttlætti Millicent Todd Bingham, dóttir Mabel Loomis Todd, vinnubrögð móður sinnar svo:

Móður minni til varnar, þá vil ég ítreka að hún hafði þennan háttinn á til að vernda Emily. Skammturinn má ekki vera of stór. Jafnvel eftir að búið var að slípa ljóðin til, voru þau enn of dirfskufull fyrir marga lesendur.<sup>257</sup>

Út úr réttlætingu Bingham má lesa að með því að einfalda ljóðin, hafi móðir hennar viljað koma til móts við lesendur Dickinson – og fyrir vikið stækka hugsanlegan lesendahóp hennar, enda var þeim breytingum sem gerðar voru á handritagerð ljóðanna ætlað að „normalisera“ eða jafnvel „leiðrétta“ framsetningu og hugsun Dickinson í anda ríkjandi viðmiða. Með orðalagi þýðingafræðanna má því segja að ljóð Dickinson hafi að mörgu leyti verið *dómestíkeruð* eða

<sup>256</sup> André Lefevere. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir, 2013, bls. 31.

<sup>257</sup> Millicent Todd Bingham. *Ancestor's Brocade. The Literary Debate of Emily Dickinson*, 1945, bls. 337.

heimfærð af fyrstu ritstjórum hennar, með því að „slípa ljóðin til“ eins og Bingham kemst að orði, og aðlaga þar með handritin að óskráðum en viðteknum venjum, þörfum og smekk viðtökumenningarinnar. Svo notast sé við orðalag þýðingafræðingsins Lawrence Venutis, má halda því fram að grundvallaratriðið í „endurritunum“ þeirra Todd og Higginsons hafi verið að *lasileiki* ljóða Dickinson var aukinn með ritstjórnaraðgerðum þeirra.

Fyrsta útgáfan á ljóðum Dickinson sem segja má að hafi verið *trú* frumtextanum – svo enn annað hugtak úr heimi þýðingafræðinnar sé notað – birtist ekki fyrr en árið 1955, þegar *The Poems of Emily Dickinson* í ritstjórn T.H. Johnsons kom út. Í fyrsta sinn höfðu lesendur nú aðgang að höfundarverki Dickinson nánast eins og það lagði sig, 1775 ljóð alls í útgáfu Johnsons, og í fyrsta sinn var tillit tekið til mismunandi gerða einstakra ljóða og valmöguleika í orðavali. Þó var enn talsvert verk óunnið, ekki síst að ákvarða ritunartíma ljóðanna og endurskapa upprunalega gerð handsaumudu ljóðakveranna 40, hinna svokölluðu „fascicles“, sem varðveittu megnið af kveðskap Dickinson frá því um 1858 til 1864, en frá þeim tíma eru mörg hennar kunnustu ljóð. Hvert og eitt ljóðakver var í raun nokkurs konar eindæmabók eða *unicum*, og samanstóð jafnan af 16 til 24 örkum af samanbrotnu bréfsfni sem ljóðin voru skrifuð á. Dickinson, sem kunní ágætlega að fara með nál og tvinna eins og stallsystur hennar á þessum tíma, stakk saumnál sinni í gegnum kjöl heftanna og batt arkirnar saman með borða áður en hún lagði kverin til öruggrar vörslu í kistilinn góða. Kannski er það til þessa „saumaskapar“ sem hún vísar í ljóðinu um kóngulóna og saumaskap hennar (F1163A):

Kónguló saumaði að Kveldi  
fjarri Eldi  
brot af sínu Hvíta veldi –

A Spider sewed at night  
Without a light  
Upon an Arc of White –

Handritabækur Dickinson voru eyðilagðar af fyrstu ritstjórum hennar, sem bókstaflega rifu þær í sundur eins og áður segir. Það féll í hlut Ralph W. Franklins að endurskapa upprunalega röð kveranna, og birti hann afrakstur þeirrar vinnu árið 1981 í bók sinni *The Manuscript Books of Emily Dickinson*. Árið 1998 kom svo út heildarsafn ljóða Emily Dickinson í ritstjórn Franklins í þremur bindum, 1789 ljóð alls, ásamt orðalagsvariöntum, öllum þekktum uppdráttum og gerðum einstakra ljóða, viðtakendum, línuskiptingum samkvæmt handritum Dickinson, útgáfusögu hvers og eins ljóðs, útlistunum á þeim breytingum sem gerðar voru á ljóðunum í fyrri útgáfum og áætluðum ritunartíma þeirra.

Ritstjórnarlegt þrekvirki Franklins virðist hafa sett punktinn aftanvið ríflega aldarlanga sögu bjagaðra „þýðinga“ eða „endurritana“ á eiginhandarritum Dickinson, með því að gefa lesendum loks kost á að kynna sér ljóð Dickinson eins og hún skildi við þau, ófrágengin mörg hver og í eilífri togstreitu á milli óuppgerðra valmöguleika í orðavali og mismunandi gerða. Þannig má segja að „frumtexti“ ljóðanna sé nú aðgengilegur lesendum, óbreyttur frá höfundarins hendi að öðru leyti en því að blekstafi handritanna er búið að umrita í prentstafi

bókverksins. Þó er það skoðun margra að með slíkri framsetningu sé Dickinson rænd bæði myndrænni og merkingarbærri höfundarætlun – að í „þýðingu“ á milli rithandar og prents sé ýmislegt í ljóðum hennar sem glatist. Þannig eru ljóð Emily Dickinson, eins og þau birtast lesendum á hinni prentuðu síðu, „ekki frumtextinn“ að mati David Porters heldur textasafn sem búið er að hagræða með ýmsum hætti og „þýða á prentað mál.“<sup>258</sup> Hvað sem því líður, þá er ljóst að útgáfur Johnsons og Franklins varpa skýrri mynd á vinnubrögð Dickinson, þessa mikla nákvæmnisskálds sem gaf minnstu smáatriðum gaum. Þannig gefst dýrmæt innsýn inn í hið harðsótta sköpunarferli og metnaðinn að baki ljóðagerð Dickinson þegar breytingar milli uppdráttu eru skoðaðar, en til að mynda hafa alls 7 mismunandi gerðir af einu og sama ljóðinu (F124) varðveist í einu tilviki.

Til að mæta þörfum hins almenna lesanda bjuggu þeir Johnson og Franklin einnig lesvænar útgáfur til prentunar, þar sem valið er á milli orðavalsmöguleika Dickinson sem og á milli mismunandi gerða sama ljóðs. Þannig er hvert ljóð takmarkað við einn leshátt, með því að velja og hafna þeim valmöguleikum sem Dickinson velti fyrir sér en tók í mörgum tilvikum aldrei endanlega afstöðu til. Í raun er því enn um eins konar „þýðingu“ að ræða, þar sem ritstjórar Dickinson, rétt eins og þýðendur hennar, standa frammi fyrir því að þurfa að velja á milli ólíkra túlkunarleiða. Sú leið sem farin er – sá orðalagsmöguleiki sem ritstjóri velur á kostnað annarra, sú merking sem þýðandi kys með orðavali sínu að undirstrika umfram aðra(r) – hlýtur að ákvarðast af huglægum skilningi og túlkun jafnt sem gildismati ritstjóra/þýðanda á ætlun Dickinson hverju sinni. Í bók sinni *Dickinson Unbound* vísar Alexandra Socarides að þeim vandkvæðum sem ritstjóri stendur frammi fyrir þegar velja skal á milli orðalagsmöguleika Dickinson með þessum hætti, í því skyni að koma „ætlaðri“ eða „upprunalegri“ merkingu frumtextans til skila. Að breyttu breytanda eiga orð Socarides sömuleiðis við um starf þýðandans, sem oftast en ekki þarf að gera upp hug sinn á milli orða sem eru svipaðrar merkingar í þýðingarmálinu, í þeirri von að fanga megi hinn óræða „kjarna“ frumtextans:

Þegar ritstjóri velur á milli orðalagsmöguleika Dickinson, gengur hann eða hún ekki einungis út frá því sem vísu að unnt sé að velja þeirra á milli, heldur jafnframt að undir valmöguleikunum leynist einhvers konar innri kjarni sem afhjúpast að valinu loknu.<sup>259</sup>

Taka má dæmi af ljóði F1577, „The Bible is an antique volume“. Handrit Dickinson sýna alls 13 orðavalsmöguleika yfir það lýsingarorð sem best gæti fangað eðli og einkenni þess „Sagnamanns“ sem leynist milli lína Ritningarinnar:

---

<sup>258</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 82.

<sup>259</sup> Alexandra Socarides. *Dickinson Unbound. Paper, Process, Poetics*, 2012, bls. 146.

Had but the Tale a [...] Teller,  
All the Boys would come –

Hér er úr vöndu að ráða. Á meðal boða og banna ímagistanna (raunar hið fyrsta) var að lýsingarorð skyldi ekki nota nema í þeim fælist afhjúpun eða opinberun.<sup>260</sup> Eflaust hefur Dickinson talið fyrsta val sitt – lýsingarorðið „thrilling“ – of hefðbundið til að það nái að afhjúpa „innri kjarna“ þess sagnamanns sem býr að baki frásögnum Biblíunnar. Uppdráttur tvö hefur því að geyma eftirfarandi lista:

typic  
heartly  
bonnie  
breathless  
spacious  
tropic  
warbling  
ardent  
friendly  
magic  
pungent  
winning  
mellow

Þegar Dickinson gekk frá þriðju og síðustu gerð þessa ljóðs valdi hún lýsingarorðið „warbling“ úr listanum, og tók þar með ómakið af ritstjórum framtíðarinnar, sem eflaust kunna henni kærar þakkir fyrir. Sá á kvölina sem á völinu, í þessum efnunum sem öðrum.<sup>261</sup>

Þegar litið er til útgáfusögu Emily Dickinson er því um að minnsta kosti 5 ólíkar gerðir af ljóðum hennar að ræða:

- 1) Ljóðin eins og þau er að finna í bréfum til náninna vina og ættingja sem og í upphaflegri handritagerð, á köflum ófullfrágengin og í togstreitu á milli ólíkra orðalagsmöguleika og uppdrátta (þótt nauðsynlegt sé að hafa hugfast að þau ljóð sem Dickinson lætur fylgja með bréfum sínum eða sendir ein og sér ástvinum og pennavinum, eru í öllum tilvikum „frágengin“; í þeim tilvikum eru engir óhnyttir endar af höfundarins hálfu);

---

<sup>260</sup> Ezra Pound. „Nokkur bönn eftir ímagista“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Skírnir*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 287.

<sup>261</sup> Í umfjöllun sinni um ljóðið rekur Helen Vendler hugsanlegar ástæður þess að lýsingarorðið „warbling“ varð fyrir valinu. Sjá *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 491–495.

- 2) endurprentanir/ljósmyndir af handritum og bréfum Dickinson, sem bæði má finna á vefnum ([www.edickinson.org](http://www.edickinson.org)) og í ritum á borð við útgáfu Ralph W. Franklins á ljóðakverum Dickinson, *The Manuscript Books of Emily Dickinson*;
- 3) útgáfur fyrstu ritstjóra Dickinson, hvort heldur sem er í dagblöðum á meðan hún lifði eða í sjálfstæðum ljóðasöfnum eftir hennar dag, jafnan „heimfærðar“ og að mörgu leyti einfaldaðar, ef ekki hreinlega ritskoðaðar, og *lasileiki* þeirra að sama skapi aukinn, í anda ríkjandi hugmynda og bókmenntasmekks;
- 4) fræðilegar útgáfur þeirra Thomas H. Johnsons og Ralph W. Franklins, sem freista þess að koma minnstu blæbrigðum handritanna til skila, frá yfirstrikunum Dickinson og óvanalegri greinarmerkjasetningu til mismunandi gerða einstakra ljóða og orðalagsmöguleika, auk ritunartíma, viðtakenda, bréfsfnis o.fl.;
- 5) lestrarútgáfur þeirra Johnsons og Franklins; eins konar lesvænar „þýðingar“ ritstjóranna á hinni margslungnu handritageymd, þar sem merkingin er á sífelldum skilafresti á milli allra þeirra ólíku orðalagsmöguleika og uppdrátta sem Dickinson tók í mörgum tilvikum aldrei endanlega afstöðu til.

#### *Nánar um þýðingu handritageymdarinnar*

Af þessum fimm ólíku gerðum hafa lestrarútgáfur þeirra Johnsons og Franklins vanalega verið lagðar til grundvallar við þýðingar á erlend mál. Í seinni tíð hefur þó færst í vöxt að fræðimenn jafnt sem þýðendur gefi handritum Dickinson nánari gaum. Þessi aukni áhugi er kannski ekki síst til kominn sökum þess viðhorfs ýmissa að „ljóðlist Emily Dickinson hentar verr til þýðingar á prentað mál en ljóðlist nokkurs annars skálds“, en svo segir í kynningartexta Harvard University Press-útgáfunnar á *The Manuscripts Books of Emily Dickinson*. Hvað átt er við með *þýðingu* er útskýrt svo:

Þar eð Dickinson gafst aldrei kostur á að fylgja eigin verkum úr hlaði, er ómögulegt að segja til um með hvaða hætti hún hefði kosið að haga óvanalegri hástafanotkun sinni, greinarmerkjasetningu, línu- og erindaskiptingum og mismunandi lesháttum á prenti. Einkum og sér í lagi bjagast hárfín greinarmerkjasetningin með umritunum í hefðbundna punkta eða jafnvel þankastrik.<sup>262</sup>

<sup>262</sup> „The Manuscript Books of Emily Dickinson“. Kynningartexti. Höf. óþekktur. <http://www.hup.harvard.edu/-catalog.php?isbn=9780674548282>. Sótt 6. ágúst 2019.

Cristanne Miller hefur lagt áherslu á mikilvægi þess, fyrir hvers konar lestur og túlkun á ljóðagerð Dickinson, með hvaða hætti fræðimenn setja fram og vinna með ljóð hennar. Skilur Miller í þessum efnum á milli tvenns konar ritstjórnarlegra „þýðinga“ í framsetningu handritageymdarinnar, *hljómrænna* og *sjónrænna*, eftir því á hvaða þætti skáldskaparins þyngst áhersla er lögð í uppskrift handritanna. Þennan greinarmun Miller útskýrir Alexandra Socarides svo:

Í þýðingu þar sem hljómræni þættir ljóðs eru lagðir til grundvallar (línu- og erindaskiptingar í samræmi við bragskema, án þeirra orðavalsmöguleika sem oftast en ekki er að finna í handritum Dickinson), er ljóðið meðhöndlað sem 19. aldar fyrirbæri. Þýðing sem á hinn bóginn gengur út frá sjónrænum þáttum ljóðs (orðin eins og þau koma fyrir á síðunni, ásamt orðavalsmöguleikum), „styður óbeint póstmóderníska lestraráherslu á margbreytileika merkingarinnar, sjónræna höfundarætlun og vísitandi textarof af höfundarins hálfu.“<sup>263</sup>

Árið 2012 byggði sænska skáldið og þýðandinn Ann Jäderlund Dickinson-þýðingar sínar, *Gång på gång är skogarna rosa*, á upprunalegum handritum Dickinson, og má segja að þýðingar hennar styðji óbeint þær „póstmódernísku lestraráherslur“ sem Socarides nefnir. Þýðingar sínar vann Jäderlund með hliðsjón af endurprentunum Ralph W. Franklins á eiginhandarritum Dickinson eins og þær getur að líta í bók hans *The Manuscript Books of Emily Dickinson*. Þessi djarfa ákvörðun mótir þýðingarstarfið á ýmsa áhugaverða vegu eins og Jäderlund sjálf vísar að í umfjöllun sinni um þýðingarnar, enda hefur áhersla á *sjónræna* þætti ljóðanna fremur en *hljómræna* – svo notast sé við greinarmun Miller – grundvallaráhrif á hvernig við lesum og túlkum ljóðlist Emily Dickinson:

Ég ákvað að reyna að vera trúrri upprunagerð handritanna en venjan hefur verið hingað til. [...] Ég hef líka reynt að haga línuskiptingum í samræmi við sjálfa handritageymdina. [...] Eftir því sem ég hélt lengra áfram, þeim mun eftitektarverðari tóku mér að þykja línuskiptingar hennar. Að í þeim sé fólgin villtari, frjálslægri öndun. Og að þær standi á einhvern áhugaverðan hátt nærri ljóðlist okkar eigin tíma.<sup>264</sup>


Þýðingar Jäderlund færa ljóðagerð Dickinson óneitanlega nær ljóðlist okkar tíma, þegar horft er til þess að hún reynir hvorki að endurskapa hina reglubundnu hrynjandi frumtextans né einkennandi skotrím Dickinson. Þess í stað segir Jäderlund að mikilvægara hafi verið fyrir hana „að varðveita mál- og merkingarfræðilega þætti ljóðs fremur en að reyna að halda til haga

---

<sup>263</sup> Alexandra Socarides. *Dickinson Unbound. Paper, Process, Poetics*, 2012, bls. 18.

<sup>264</sup> Ann Jäderlund. „Efterord“. Í Emily Dickinson. *Gång på gång är skogarna rosa*, 2012, bls. 128.

formlegum/lístrænum einkennum þess.<sup>265</sup> Með þessa vinnuáferð í huga er athyglisvert að skoða sérstaklega lokaerindi eins af þekktustu ljóðum Dickinson, „I felt a Funeral, in my Brain“ (F340), eins og það kemur fyrir í handriti og í sænskri þýðingu Jäderlund:



266

And then a Plank in  
Reason, broke,  
And I dropped down, and  
down –  
And hit a World, at every  
\*plunge,  
And \*Finished knowing – then –  
Crash – \*Got through –

Och då – en Planka i  
Förnuftet, brast,  
Och jag föll ner, och  
ner –  
Och slog emot en Värld, i varje  
Duns,  
Och upphörde att veta – då –  
Krasch – Bröt jag  
Igenom –

Af endurprentun handritssíðunnar má sjá að Dickinson hefur stjörnumerkt orðin *\*plunge* og *\*Finished*. Neðst á síðunni má svo sjá þá orðavalsmöguleika sem Dickinson hefur íhugað að nota í þeirra stað, *Crash* og *Got through*. Þessa valmöguleika hefur Jäderlund þýtt sem tvær sjálfstæðar ljóðlínur („Krasch – Bröt jag / Igenom – “), með þeirri skýringu við þýðinguna að bæði Johnson og Franklin hafi „alfarið sleppt síðustu línu ljóðsins“ í lesútgáfum sínum, það er

<sup>265</sup> Sama rit, bls. 126.

<sup>266</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/401794](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/401794). Sótt 13. júní 2018.



að segja valmöguleikunum *Crash og Got through*.<sup>267</sup> Svona lítur ljóðið út í „prentþýðingu“ Ralph W. Franklins:

And then a Plank in Reason, broke,  
And I dropped down, and down –  
And hit a World, at every plunge,  
And Finished knowing – then –

Jäderlund segir þýðingar sínar „nærýnni“ en fyrri Dickinson-þýðingar, ekki síst þar sem hún hafi kappkostað „að vera trúrri upprunagerð handritanna en venjan hefur verið hingað til.“ Með því að einblína á „orðin eins og þau koma fyrir á síðunni“, í anda þeirrar *sjónrænu* áherslu sem Miller og Socarides gera að umtalsefni, virðist Jäderlund hins vegar loka augunum fyrir þeirri afmörkuðu hrynjandi (4/3/4/3) og rímskema (hálftrím annarrar og fjórðu línu hvers erindis) sem *hljómfraðileg* uppbygging frumtextans gerir ráð fyrir og framsetning Franklins endurspeglar. Þetta eru þau „formlegu/listrænu einkenni“ á ljóðlist Dickinson sem Jäderlund segist hafa látið sitja á hakanum. Fyrir vikið virðist Jäderlund ekki greina á milli einnar þekktustu lokallínu í höfundarverki Dickinson og þeirra orðavalsmöguleika sem Dickinson skrifar niður í kjölfar hennar, valmöguleika sem Dickinson kaus ekki að nota (þeir eru ekki undirstrikaðir) en gefa ef til vill nokkra hugmynd um þau blæbrigði sem hún vildi ná fram í lokaerindi þessa stórbrötna ljóðs.<sup>268</sup> Að vissu leyti má því færa fyrir því rök að Jäderlund – vísitandi eða af vangá – hafi þýtt vinnuþagg Dickinson, ekki ljóðið sjálft. Síðar í ritgerð þessari mun nánar fjallað um „sjónrænar“ þýðingar Jäderlund og þær bornar saman við „hljómrænar“ Dickinson-þýðingar samlöndu hennar Ann-Marie Vinde.

*Hvar er hina sönnu Dickinson að finna?*

Dickinson orti ljóð sín bæði fyrir augað og eyrað. Með því að leggja of þunga áherslu á handritin sem slík, er hætt við að okkur yfirsjáist þessi einfalda staðreynd; vera má að við opnum augu okkar einungis á kostnað þess að loka eyrunum[.]<sup>269</sup>

---

<sup>267</sup> „Óljóst er hvernig Dickinson hafði hugsað sér að ljúka ljóði sínu“ segir Jäderlund, og veltir í kjölfarið fyrir sér hugsanlegum túlkunum á handritageymdinni. En í raun tekur hún af öll tvímæli hvað eigin túlkun varðar með þeim orðum sínum að „Franklin och Johnson har helt uteslutit den sista raden“, þar sem sænska orðið „rad“ er ekki hægt að skilja öðruvísi en „ljóðlína“. Sú „ljóðlína“ geymir þó einungis orðavalsmöguleika Dickinson. Sjá Emily Dickinson. *Gång på gång är skogarna rosa*. Þýð. Ann Jäderlund, 2012, bls. 134.

<sup>268</sup> Hver þessi hugsanlegu blæbrigði eru rekur Helen Vendler í bók sinni *Dickinson*, 2010, bls. 143.

<sup>269</sup> John Shoptaw. „Listening to Dickinson“. *Representations*, 2004, bls. 21.

Svo segir í grein bandaríska fræðimannsins og ljóðskáldsins John Shoptaws, „Listening to Dickinson“. Um leið má segja að „hin þunga áhersla“ Jäderlund „á handritin sem slík“ verði til þess að hún skellir skollaeyrum við hljómfalli Dickinson hér að framan, og rænir hana þar með einni glæsilegustu lokálínu höfundarverksins. Frá sjónarhóli bókmenntafræðinnar gefur vinnulagið að baki ljóðlistariðju Dickinson – vangaveltur hennar um orðaval, misheppnaðar tilraunir, breytingar milli uppdráttu – margháttða innsýn inn í sköpunarferli einstaks skálds. En er það hlutverk þýðanda að fara ofan í saumana á hverri vangaveltu höfundar, hverri tilraun, hverri textabreytingu á fyrri stigum? Það er vissulega svo að ófá ljóða Dickinson eru ófrágengin af höfundarins hálfu. Hugmyndir nýrýninnar um ljóðið sem fullvalda, afmarkaðan heim eiga því ekki allskostar við, enda verða ljóð Dickinson tæpast lesin nema í samhengi höfundarverksins og með hliðsjón af tilurð þeirra. Þannig má segja að ljóð Dickinson séu oftast en ekki „á fyrri stigum“, að minnsta kosti í þeim tilvikum þar sem endanleg mynd liggur ekki fyrir. Þó má velta fyrir sér hvort þýðandi sé ekki í nokkuð annarri stöðu gagnvart ljóðlistariðju Dickinson en bókmenntafræðingurinn. Jafnvel þegar um „endanleg“ skáldverk er að ræða – fullfrágengin af höfundarins hálfu – er texti bókmenntaverks aldrei endanlegur. Hér gildir því greinarmunur Roland Barthes á verki og texta.<sup>270</sup> Vera kann að verkið sem slíkt rúmist í bókahillunni, þar sem ganga má að því sem vísu, en textann sjálfan er aldrei hægt að njörva niður. Merkingin er á sífelldu iði, leikur tákmyndanna er óendanlegur. En það er einmitt við þennan óendanleika sem þýðandinn glímir og reynir að koma nokkru taumhaldi á. Sérhver þýðing er óhjákvæmilega afmarkaður lestur, þar sem reynt er að ná valdi á þeim óstöðuga, hvarfgjarna merkingarkjarna sem þýðandi telur sig greina í frumtexta. Þýðandi á ekki annan kost en að takast á við óendanleika þess merkingarheims sem frumtextinn býr yfir. Til að slík glíma sé gerleg, má segja að þýðandi geri sér í hugarlund eins konar endanlega mynd þess bókmenntaverks sem þýða skal, *jafnvel* í þeim tilvikum þar sem enga endanlega mynd textans sjálfs er að finna, líkt og víða er raunin í handritum Dickinson. Með orðalagi tákfræðinnar, þá afmarkar lestur og túlkun þýðandans tákmið frumtextans. Þó er ekki þar með sagt að þýðingin sjálf sé afmörkuð eða merking hennar endanleg. Þvert á móti, þá skapar þýðandi nýjan óendanleika með öllum þeim túlkunarleikjum sem vonandi skapast í frjórri þýðingu.

„Ekki þýða það sem ég skrifaði, þýddu það sem ég ÆTLAÐI að skrifa.“<sup>271</sup> Þessi djörfu tilmæli Ezra Pounds til þýsks þýðanda síns, sem áður hafa komið fyrir á þessum blöðum, mega vera til marks um þá sköpun sem allajafna felst í þýðingarstarfinu. Ekki síður er krafa Pounds til vitnis um nauðsyn þess að þýðandi taki sjálfstæða, skapandi afstöðu til hinnar óræðu höfundarætlunar hverju sinni, og yrki í eyðurnar ef þurfa þykir, sé ekki hlutlaus „mála-miðlari“. Kannski á þetta ekki síst við í þeim tilvikum þar sem frumtextinn er ófullfrágenginn af höfundarins hálfu, sem þó sýnir vissa „viðleitni“ til endanlegrar tjáningar. Öfugt við

<sup>270</sup> Sjá grein Roland Barthes „Frá verki til texta“. Í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Þýð. Guðlaug Richter, 1991, bls. 181–190.

<sup>271</sup> Vitnað eftir Hugh Kenner. *The Pound Era*, 1971, bls. 150.

bókmenntafræðinginn, sem oft á í nokkuð stríðu sambandi við viðfangsefni sitt og framkvæmir störf sín jafnan í fræðilegri fjarlægð, þá byggir þýðandi starf sitt á nánd. Tryggð og ábyrgð þýðanda fagurbókmennta lýtur í og með að því sem ef til vill mætti kalla *listrænt gildi* textans. Að þessu leyti er þýðandi óneitanlega í nokkuð annarri stöðu gagnvart ljóðum Dickinson en bókmenntafræðingurinn. Á sama tíma má vel ímynda sér að nákvæm kortlagning handritanna hafi veitt þýðendum Dickinson aukið svigrúm til frjálsari túlkunar og leiks, nú þegar byggja má á traustum grundvelli þeirra Johnsons og Franklins. Djarfar þýðingar Ann Jäderlund nýta sér þetta svigrúm, rétt eins og framsæknar þýðingar manna á borð við Kenneth Rexroth, Frank Bidart, Louis og Celiu Zukofsky og Ezra Pound á klassískum höfundum fornaldar byggðu um margt á nákvæmri fræðimennsku forgöngumanna þeirra.

Þýðingar Jäderlund eru þó jafnframt liður í þeirri „af-ritstýringu“ á verkum Dickinson sem fræðimenn á borð við Mörthu Nell Smith hafa kallað eftir. Að mati Smith felst hrein og klár fölsun í merkingaraukum prentmálsins, miðli sem umbreytir textabrotum handritanna í fullfrágengin ljóð og handskrifuðum einkaskilaboðum í tímalaus bókmenntaverk. Smith álitur að prentþýðingar Johnsons og Franklins, sama hversu nákvæm stafkrókafræði þeirra séu, nái aldrei að gera skil „blæbrigðum og ætlun rithandarinnar, enda fletja þær út sjónræna tjáningu handritanna með vélrænni stafrófsskrift hins staðlaða prentmáls.“<sup>272</sup> Smith vill frelsa ljóðlist Dickinson undan ofríki prentmálsins með því að beina athygli okkar að „frumtexta“ handritanna, þar sem málleg og sjónræn höfundarætlun Dickinson blasir milliliðalaus við, óbjöguð af fölskum „þýðingum“ ritstjóra og prentvéla. Af sama meiddi er sú eindregna skoðun ljóðskáldsins og fræðikonunnar Susan Howe að það sé einvörðungu í handritunum „sem *hún, Emily Dickinson*, opinberar sitt innsta sjálf.“<sup>273</sup>

Fyrir utan gryfjurnar sem kunna að leynast í því textafræðilega trúlyndi sem Smith, Howe, Jäderlund og fleiri eru forsvarsmenn fyrir (eyrunum er lokað um leið og augun eru opnuð), þá má hér geta þeirra varnagla sem fræðikonan Betsy Erkkila hefur slegið í þessum efnun. Erkkila geldur nokkurn varhug við því sjónarmiði að Dickinson sé einvörðungu að finna í sjálfri handritageymdinni og setur spurningarmerki við vaxandi tilhneigingu fræðimanna til að telja að í handritum Dickinson „blasi ætlun hennar við augum okkar í eitt skipti fyrir öll.“<sup>274</sup> Með því að leggja áherslu á að í eiginhandarritum Dickinson sé að finna „eins konar uppsprettu óspjallaðs tungumáls, ætlunar og merkingar“<sup>275</sup> höfum við að mati Erkkila enn á ný fallið í þá

---

<sup>272</sup> Martha Nell Smith. <http://www.clemson.edu/cedp/Tech%20Colloquium%202001/Martha%20Nell%20-Smith.htm>. Sótt 8. ágúst 2016. Við síðari skoðun er að sjá sem grein Smith hafi verið fjarlægð af vefnum, og fannst hún ekki þegar hennar var leitað 6. ágúst 2019. Um rannsóknir Smith á handritageymd Dickinson, og hvaða áhrif „þýðingar“ rithandar hennar á prentað mál hafa á túlkunir okkar, má þó frekar fræðast í riti hennar *Rowing in Eden. Rereading Emily Dickinson*, 1992.

<sup>273</sup> Susan Howe. *The Birth-Mark. Unsettling the Wilderness in American Literary History*, 1993, bls. 20.

<sup>274</sup> Betsy Erkkila. „The Emily Dickinson Wars“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 25.

<sup>275</sup> Sama rit, bls. 23.

gryfju að draga upp mynd af Dickinson sem „einangruðum snillingi sem orti ljóð sín ein og sér, án ytri áhrifa í tíma og rúmi.“<sup>276</sup> Erkkila bætir við:

Í stað þess að glæða skilning okkar á áhrifum ytri þátta á Dickinson og ljóðlist hennar [...], þá virðast deilur um ritstýringu verkanna undanfarið þvert á móti vera að leiða okkur í þveröfuga átt: aftur á bak inn í herbergið, að kistlinum og handritunum, þar sem óspjölluð höfundarætlun Dickinson leynist kirfilega geymd.<sup>277</sup>

Fremur en að leggja áherslu á það sem fer forgörðum í þýðingu – hvort sem hún er á pennableki til prentsvertu, af ritstjórnarlegum toga eða á milli tungumála – þá beinir Erkkila sjónum að því sem ávinnst, þegar hún minnir okkur á þakklætisorð Lavíníu Dickinson í garð T.W. Higginsons í kjölfar fyrstu útgáfu ljóða Emily Dickinson árið 1890: „Ef ekki hefði verið fyrir frú Todd & þig sjálfan, þá hefðu „ljóðin“ dáið í kistlinum þar sem þau fundust.“<sup>278</sup>

Í bók sinni *Literary Translation and the Making of Originals* bendir þýðingafraeðingurinn Karen Emmerich enn fremur á að með því að boða að það sé eingöngu í ósnortnum „frumtexta“ handritanna sem Dickinson „opinber[í] sitt innsta sjálf“, svo notast sé við orðalag Susan Howe, sé sjálft þýðingarhugtakið um leið gert að eins konar blóraböggli. Að mati Emmerich felst viss *elítismi* eða einangrunarstefna hinna innvígðu í áherslu ýmissa fræðimanna á að það sé aðeins í óspjallaðri handritageymdinni sem hina sönnu Dickinson sé að finna. Um leið afhjúpar hið viðtekna orðalag að rithönd Dickinson sé ekki hægt að „þýða“ á prentað mál þá fordóma sem þýðingarlistin hefur mátt búa við um aldir: að í henni felist í besta falli rýrnun og svik, en í versta lagi sé hún ógjörningur í eðli sínu sem beri að fordást. Sú afstaða að ljóð Dickinson skuli með réttu eingöngu lesin af sjálfri handritasíðunni felur að mati Emmerich í sér að Dickinson sé þar með gerð „að einu skýrasta dæminu sem fyrirfinnst um hið meinta algildi óþýðanleikans, og er Dickinson í raun látin standa fyrir enn eina sönnun þess að þýðingarlistinni séu óhjákvæmilega og ætíð skorður settar.“<sup>279</sup> Enn hefur þýðingarfélmin því skotið upp kalli sínum. Þrátt fyrir þetta, líkt og Emmerich bendir á í kjölfarið, hafa þó hvorki fleiri né færri en ríflega 100 þýðingasöfn með ljóðum Dickinson litið dagsins ljós á hinum ýmsu tungumálum aðeins frá aldamótunum síðustu. Tölurnar tala því öðru máli en hinar „einstrengingslegu röksemdir um að handritum Dickinson sé ekki hægt að miðla. Með öðrum orðum, þá eru þýðingar ekki ómögulegar; þær eiga sér stað á degi hverjum[.]“<sup>280</sup>

Ritstjóri, líkt og þýðandi, skapar merkingu. Hann eða hún er ekki hlutlaus miðlari höfundarætlunar frá einni mynd til annarrar. Það sem kann að glatast í því ferli má segja að séu

---

<sup>276</sup> Sama rit, bls. 12.

<sup>277</sup> Sama rit, bls. 20.

<sup>278</sup> Sama rit, bls. 13.

<sup>279</sup> Karen Emmerich. *Literary Translation and the Making of Originals*, 2017, bls. 118.

<sup>280</sup> Sama rit, bls. 118–119.

hreinir smámunir samanborið við ávinninginn, þegar kistillinn er opnaður. Í stað þess að einblína á óþýðanleikann margumrædda, þá getur þýðing jafnframt – hvort sem hún er milli mála eða, í víðari skilningi, af ritstjórnarlegum toga – veitt innsýn inn í menningarframleiðslu, bókmenntasmekk og ríkjandi hugmynda- og fagurfræði þegar viðkomandi þýðing var gerð. Meðhöndlun fyrstu ritstjóra Dickinson á ljóðum hennar eru dæmi þar um, þegar horft er til ýmiss konar hagræðinga þeirra á formi og innihaldi frumtextans, breytingar og tilfæringar sem segja má að hafi allar verið gerðar í því augnamiði að auka „læsileika“ ljóðanna, í skilningi Lawrence Venutis.

Af öðrum en þó skyldum toga er ímynd Emily Dickinson í almannarými dagblaða og tímarita. Prentmiðlar, rétt eins og þýðingar, eru menningarleg tímahlki sem veita dýrmæta innsýn í höfundarvirkni skálda og rithöfunda á ólíkum tímasteiðum. Úr birtingarmyndum Emily Dickinson í íslenskum prentmiðlum má enda að sumu leyti lesa hvernig hún „[í] síauknum mæli kemur okkur fyrir sjónir sem hápunktur menningarskeiðs, ekki (eins og lengi var álitid) sem minniháttar og afkáralegt afsprengi“ eins og Richard B. Sewall kemst að orði í ævisögu sinni.<sup>281</sup> En hin klisjukennda ímynd fórnarlambins og sérvitringsins er sömuleiðis aldrei langt undan. Verða spor Emily Dickinson í íslenskum prentmiðlum nú rakin.

---

<sup>281</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 671.



„EMILY DICKINSON HJET AMERÍSK STÚLKA“





## Yfirlit

199 niðurstöður fengust þegar nafn „Emily Dickinson“ var slegið inn í leitarvél *timarit.is* í ágústmánuði árið 2019. 7 niðurstöður bættust við þegar leitað var að „Emilie Dickinson“. Enn safnast 5 niðurstöður í sarpinn þegar rithátturinn er „Emily Dickenson“, sem og þegar „Emely Dickinson“ er leitað. Hvorki misritunin „Emilie Dickenson“ né „Emely Dickenson“ ber þó árangur. Heildarniðurstöður úr stafrænu safni *timarit.is*, þegar ummerki Emily Dickinson í íslenskum og vestur-íslenskum prentmiðlum eru skoðuð frá fæðingarári hennar 1830 til ársins 2019, eru því 216 talsins. Til samanburðar skilar „Walt Whitman“ 456 niðurstöðum og „Edgar Allan Poe“ 1477. Öllu örðugra er að grafast fyrir um nákvæman fjölda þegar sveitungi og samtíðarmaður Dickinson, heimspekingurinn og skáldið Ralph Waldo Emerson, er annars vegar, þar sem Emerson-nafnið er nokkuð algengt, en tilfellið virðast þó ekki færri en þúsund talsins. „Henry David Thoreau“ skilar 119 niðurstöðum en „Thoreau“-nafnið eitt og sér 411. Þótt skekkjumörk leitar af þessu tagi séu ugglaut nokkur, má ljóst vera að af þekktustu höfundum Bandaríkjanna á 19. öld er Emily Dickinson rétt tæplega hálfdrættingur í prentsvertu talið samanborið við þá Whitman og Thoreau, á meðan umtalsvert fleiri dálksentimetrar hafa verið helgaðir þeim Emerson og Poe í íslenskum og vestur-íslenskum prentmiðlum.<sup>282</sup>

Þegar farið er nánar ofan í saumana á umfjöllun blaða og tímarita um Emily Dickinson kennir ýmissa grasa, og ljóst að verk þessa skálds og sérstætt lífshlaup hafa ratað með ýmsum hætti á borð íslenskra lesenda í gegnum tíðina, þótt jafnan sé líka stutt á þessum vettvangi í hina klisjukenndu ímynd sérvitringsins í hvíta kjólnum, meyjarskáldið og fórnarlambið sem lokaði sig af gagnvart umheiminum. Mun nú stiklað á stóru í þessari sögu.

## Fyrstu ummerki (1924–1960)

Emily Dickinson er fyrst getið í Morgunblaðsgrein árið 1924, undir fyrirsögninni „Hitt og þetta“. Umfjöllunin birtist í kjölfar útgáfu Mörthu Dickinson Bianchi á því sem hún nefndi *The Complete Poems of Emily Dickinson* það sama ár, þótt frekari útgáfur hafi bæst við síðar í ritstjórn Bianchi. Hljóðar greinarkorn þetta svo í heild sinni, innan um ýmsar tilkynningar síns tíma á sömu opnu, svo sem um takmarkaðar birgðir af þakjárnri sem borist hafi með Botníu og umfjöllun um gæði dósamjólkur:

---

<sup>282</sup> Um margvíslega snertifletí Edgar Allan Poes við íslenskar bókmenntir má nánar fræðast í grein Ástráðs Eysteinnssonar, „Úr pokahorni Poes“. *Andvari*, 2014, bls. 131–161.

Emily Dickinson hjét amerísk stúlka, er var skáld gott. Fyrst nú, er hún er löngu komin undir græna torfu, er farið að veita ljóðum hennar eftirtekt. Hefir frænka hennar, Martha Dickinson Bianchi, nýlega látið gefa út öll ljóð hennar. Hjer er eitt af smákvæðum hennar, birt fyrir þá lesendur blaðsins, sem ensku skilja. Er það úr kvæðaflokki, sem hún kallar „ást“:

My river runs to thee  
Blue sea, wilt welcome me?

My river waits reply.  
Oh, sea! Look graciously!

I'll fetch the[e] brooks  
From spotted nooks, —

Say, sea,  
Take me!

Emily Dickinson var fædd í Nýja Englandi og ól þar aldur sinn.<sup>283</sup>

Greinarhöfundur virðist telja að yfirskrift kvæðaflokksins sé frá hendi Dickinson sjálfar komin, þótt setningarfræðin sé raunar ekki ótvíræð hér, en lesendum til hægðarauka hafði Bianchi þann háttinn á að skipa ljóðum Dickinson í ennisflokka. Ólíkt fyrri útgefendum, þeim Mabel Todd og T.W. Higginson, valdi Bianchi ljóðunum þó ekki lýsandi titla heldur lét fyrstu línu hvers kvæðis vera yfirskrift þess. Í síðari útgáfum númeraði hún ljóðin og hefur þeirri hefð verið fylgt allar götur síðan. Aðrar áherslur Bianchi drógu dóm af vinnubrögðum fyrri ritstjóra, svo sem hvað notkun hástafa og greinarmerkjasetningu varðar, og var hvorttveggja að mörgu leyti samræmt ríkjandi smekk. Bianchi lét þó ógert að hrófla við orðalagi Dickinson eða „leiðréttu“ hálfírím hennar, líkt og Todd og Higginson gerðu jafnan. Urðu útgáfur Bianchi á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar á áður óbirtum ljóðum Dickinson til að vekja að nýju áhuga manna á verkum hennar, sem segja má að hafi legið í dvala frá fyrstu útgáfum Mabel Todd um aldamótin 1900. Þá vísuðu vinnubrögð Bianchi að mörgu leyti fram á veginn, ekki síst viðleitni hennar til að víkja sem minnst frá upprunalegu orðalagi handritanna.

Næstu almennu umfjöllunina um ævi og verk Dickinson í íslenskri prentsögu er að finna tuttugu árum síðar, í jónablaði *Vikunnar* árið 1944, þar sem getur að líta stutt yfirlit yfir ævi og verk tuttugu „heimsfrægra, amerískra höfunda“. Í þeim hópi er Emily Dickinson, ásamt

---

<sup>283</sup> Höf. óþekktur. „Hitt og þetta“. *Morgunblaðið*. 18. sept. 1924, bls. 2.

skáldum og rithöfundum á borð við Walt Whitman, Ralph Waldo Emerson, Edgar Allan Poe, Henry David Thoreau, Willu Cather, Herman Melville, Mark Twain, Robert Frost og ýmsa aðra. Um eins konar jólagetraun er að ræða, þar sem æviatriði og andlitsmyndir höfundanna eru ekki í réttri röð, og lesendum boðið að gera sér það „til gamans að vita, hve marga höfunda þeir þekkja.“ Um Emily Dickinson segir:

Emily Dickinson, 1830–1886, lifði mjög innilokuðu lífi, og sagt er, að hún hafi ekki komið út fyrir dyr eftir að faðir hennar dó 1879. Hún orti mikið af ljóðum, ekkert var birt af þeim fyrr en eftir dauða hennar. Hún þykir mjög einstæður höfundur.<sup>284</sup>

Þótt upplýsingarnar séu ekki allskostar réttar er umfjöllunin til vitnis um að Dickinson er smám saman að færast inn að miðju hefðarveldis bandarískra bókmennta, og er kynnt sem slík fyrir lesendum *Vikunnar*. Hið óvanalega lífshlaup Dickinson fremur en sjálft höfundarverkið er þó stærsti hlutinn af ímynd þessa „einstæða höfundar“.

Hinn sérkennilegi æviferill virðist jafnframt búa að baki nokkuð einkennilegri skrýttu sem birtist fjórum árum síðar, á síðum *Morgunblaðsins*, og segir af heimsókn Calvin Coolidge Bandaríkjaforseta á heimili Dickinson í Amherst, undir fyrirsögninni „Með morgunkaffinu“:

Hús amerísku skáldkonunnar Emily Dickinson í Amherst hefur verið varðveitt eins og hún skildi við það, þegar hún dó. Þegar Coolidge var forseti Bandaríkjanna, átti hann eitt sinn leið um Amherst og kom þá við í þessum helgidóm skáldkonunnar. Forsetanum var sýnt allt húsið, og honum leyft að handfjatla ýmsa dýrmæta gripi, sem annars var stranglega bannað að snerta við. Að lokum var honum vísað inn í lítið herbergi uppi á lofti, þar sem skáldkonan hafði orkt flest sín dýrustu ljóð. Þar opnaði vörður inn [í] skáp og dró út með mikilli varúð eiginhandarhandrit af einhverjum bestu kvæðum Dickinson og rjetti Coolidge þau. Forsetinn skoðaði handritin nokkra stund, rjetti verðinum þau síðan aftur, og sagði um leið: „Skrifið með penna“. Og það var það eina, sem forsetinn sagði í þeirri heimsókn.<sup>285</sup>

Ritgerðarmiður verður að viðurkenna að honum er ekki með öllu ljóst hvað Bandaríkjaforseta hefur gengið til með skriffæratilmælum sínum, en margar skringilegar sögur af Coolidge má lesa á síðum íslenskra dagblaða á 5. áratugnum. Mörgum áratugum síðar, nánar tiltekið árið 2011, er svo aftur minnst á heimili Dickinson-fjölskyldunnar í íslenskum prentmiðlum, í þetta sinn í tengslum við skáldsögu Brock nokkurs Clarkes, *An Arsonist's Guide to Writers' Homes in New England*. Fjallar bók Clarkes í sem stystu máli um ungan pilt sem verður á að kveikja í hinu

<sup>284</sup> Höf. óþekktur. „Amerískir rithöfundar“. *Vikan*. 14. des. 1944, bls. 27.

<sup>285</sup> Höf. óþekktur. „Með morgunkaffinu“. *Morgunblaðið*. 4. nóv. 1948, bls. 14.

víðfræga heimili Dickinson, og fær bókin þá sérstöku umsögn í *Lesbók Morgunblaðsins* að vera „[s]kemmaileg en nokkuð langdregin.“<sup>286</sup> Ekkert er þó minnst á íbúann heimakæra.

Varnarliðið bandaríska á Keflavíkurflugvelli gaf um árabíl út fréttablaðið *The White Falcon*. Á meðal reglulegs efnis á 6. áratug síðustu aldar var dálkur séra James R. Woodruffs, prests varnarliðsins, með hugleiðingum hans um daginn og veginn. Árið 1955, undir fyrirsögninni „Alert!!!“, berst faðir Emily Dickinson í tal. Boðskapur Woodruffs minnir þó jafnframt á þá þætti í ljóðlist og lífssýn Dickinson sjálfar sem hafa verið gerðir að umtalsefni fyrr á þessum blöðum – nefnilega áhersla hennar á „litlu greiðana“ og þá „jarðnesku paradís“ sem við höfum fyrir augunum hverja lifandi stund, ef við bara gefum henni gaum. Pistill Woodruffs fylgir því hér í þýðingu, enda ýmislegt í „jarðneskri“ hugvefju hans sem rímar við veraldarsýn Dickinson:

Kvöld eitt fyrir skömmu er ég stóð upp úr rakarastólnum, áður en ég lagaði skyrtukragann og bindið, greiddi fyrir klippinguna og hélt áfram mínum daglegu störfum, varð mér litið út um gluggann, á stórbrotið, roðagyllt sólarlagið. Á heimleiðinni, er ég gekk aftur til vistarvera minna, leiddi ég hugann að því hversu mörgum stundum við verjum á degi hverjum í að sinna okkar jarðnesku verkum, svo sem að gæta þess að einkennisbúningurinn sé hreinn og pressaður, skórnir bónaðir, hárið vel snyrt – allt saman brýnt og þarft að sjálfsögðu – en látum um leið hið himneska sjónarspil allt í kring framhjá okkur fara. Rífaðist þá upp fyrir mér hið brjálæðislega athæfi föður Emily Dickinson, sem hringdi brunabjöllunum til að bæjarbúar myndu þyrpast út á göturnar og berja augum „undursamlegan kvöldhimininn, baðaðan logarauðum geislum sólar.“ Líkt og dr. Halford Luccock segir um uppátæki þetta, þá er það „sannarlega prýðisgóð hugmynd – að hringja brunabjöllunni til að vekja athygli á sólarlaginu.“ Kannski lét ég mér tækifæri til að þeyta viðvörunarbjöllurnar úr greipum ganga þetta kvöld – svo menn gætu dáðst að sólsetrinu. Ég er viss um að mörg okkar myndu glöð grípa slík tækifæri til að vekja gaum á því sem er svo sannarlega fagurt í henni veröld. Bjarmaband norðurljósanna á vetrarhimninum, brimrótið sem skellur á klettaströndum Reykjanesskagans, grágrænar mosabreiðurnar sem liggja yfir úfnu hraungrýtinu, skjótt og hljóðlaust flug kríunnar, fyrstu geislar rísandi sólar sem gylla snjóhettur fjallanna í austri, piltur rjóður í vöngum sem aðstoðar litlu systur eftir ísilagðri götu – allt er þetta sjón að sjá og vert að geyma í minni sér.<sup>287</sup>

---

<sup>286</sup> Árni Matthíasson. „Erlendar bækur“. *Morgunblaðið*. 30. jan. 2011, bls. 44.

<sup>287</sup> James R. Woodruff. „Chaplain’s Column. Alert!!!“. *The White Falcon*. 26. mars 1955, bls. 2.

Rúmensk-þýska skáldið Paul Celan hafði á orði að ljóð væru gjafir til þeirra sem hefðu augun hjá sér. Pólska skáldið Wislawa Szymborska tekur í svipaðan streng, gagnvart veraldarundrinu og gjöfum þess, í ljóði sínu „Á markaðstorgi undranna“, þar sem segir meðal annars:

Það er undur að líta í kringum sig:  
veröldin er allsstaðar nálæg.<sup>288</sup>

Þessa veraldarsýn boðar Dickinson víða í ljóðum sínum – að heimurinn sé undur, ef við bara stillum okkur inn á að skynja hann sem slíkan.

Árið 1957 birtir Helgi Sæmundsson, þá ritstjóri *Alþýðublaðsins* og löngum áhrifamaður í íslensku menningarlífi, harðorða grein í blaðinu um menntunarástand þjóðarinnar og skort á íslenskum bókmenntaþýðingum. Tiltekur Helgi vanþekkingu Íslendinga á ljóðum „slíkra snillinga“ sem Emily Dickinson sem dæmi um það „myrkur um miðjan dag“ sem ríki í bókmenntalífinu. Satt best að segja er um sannkallaða heimsósómagrein að ræða. Talar Helgi um „andlega einangrun“ og „sorglega fákunnáttu“ íslenskra lesenda þegar kemur að erlendum stórhöfundum, jafnvel hinum enskumælandi. Og raunar sé ólesturinn slíkur að mikið megi gerast ef Íslendingar eigi ekki að reynast „sjónlausir á sálaraugunum“ í framtíðinni:

Íslendingar lesa ensku og skilja hana jafnvel betur en Norðurlandamál. Hins vegar mun enn ekki hafa verið þýdd á íslensku nein bók eftir aðra eins skáldsagnahöfunda og Herman Melville, Willu Cather, Francis Scott Fitzgerald og Thomas Wolfe, og ljóð slíkra snillinga sem Walt Whitman, Sidney Lanier, Emily Dickinson, Edwin Arlington Robinson, Carl Sandburg, Stephen Benét, Robert Frost, Wallace Stevens, Robinson Jeffers og Archibald MacLeish þekkja fæstir Íslendingar nema af hæpinni afspurn. Þvílíkt og annað eins er þó sannast sagt myrkur um miðjan dag.<sup>289</sup>

Þótt skáldin sem Helgi telur upp hafi staðist tímans tönn misvel, er upptalningin eigi að síður til marks um að um og eftir miðbik síðustu aldar er Emily Dickinson í auknum mæli talin til öndvegisskálda bandarískra bókmennta hér á landi.

Á sams konar bölsýni um menningarástandið og fram kemur í grein Helga örlar í viðtali sem árið 1960 birtist í *Skólablaði* Menntaskólans í Reykjavík við ungan námspilt, Sverri Hólmarsson að nafni, undir nokkuð kokhraustri yfirskrift: „Niður með meðalmennskuna!“ Síðar meir átti námspiltur þessi eftir að láta gjörðir fylgja orðum, með því að takast af hispursleysi á við marga af torþýddustu höfundum engil-saxneskra bókmennta. Helst ber þar að nefna þýðingu Sverris á *Eyðilandi* T.S. Eliots, sem og á fleiri ljóðum þess skálds.

<sup>288</sup> Wislawa Szymborska. *Útópía – Fyrirmyndarlandið*. Þýð. Þóra Jónsdóttir, 1996, bls. 121.

<sup>289</sup> Helgi Sæmundsson. „Sendibréf til séra Jóns“. *Alþýðublaðið*. 3. mars 1957, bls. 7.

Auk norrænna og enskumælandi skáldsagnahöfunda má jafnframt geta þýðinga Sverris á verkum þeirra Ted Hughes og Sylvíu Plath, Wallace Stevens, Harold Pinters og William Shakespeares (*Macbeth*). Emily Dickinson er ekki í þessum góða hópi, en hana ber á góma í fyrrnefndu viðtali, þegar Sverrir er spurður hvort hann sé þeirrar skoðunar „að skáld eigi að yrkja fyrir lýðinn og að þeim sé lífsnauðsyn að ljóð þeirra séu lesin“ eða hvort það sé þeim nóg „að yrkja sér til hugarhægðar og geyma kvæðin niðri í skúffu“:

Vissulega getur það verið nóg. Þess má geta, að hin ágæta skáldkona Emily Dickinson gaf aldrei út ljóð sín, og enginn vissi um tilvist þeirra, fyrr en að henni látinni. En yfirleitt eru slík skúffuskáld mjög innhverf.<sup>290</sup>

Enn gætir nokkurrar ónákvæmni hvað útgáfusögu Dickinson snertir. Þá er einangrun hennar og meint pukur við ljóðagerðina orðum aukið, enda raunin sú að ljóð Dickinson rötudu víða; til vína, ráðgjafa á borð við Higginson og skyldmenna, bæði í bréfum hennar og með annars konar orðsendingum, oftast en ekki ásamt blómum úr garðinum eða öðrum smálegum gjöfum. Það er þó ekki fyrr en á síðari hluta 20. aldar sem takmarkandi merkimiðar á borð við „innhverf“ (það lýsingarorð sem Sverrir velur Dickinson) og jafnvel „hálf-klikkuð“ (lýsingarorð Higginsons) byrja að flosna frá höfundarímyndinni. Í íslenskum prentmiðlum loða þó hinar klisjukenndu hugmyndir áfram við Dickinson, líkt og vikið mun að, og hafa kannski aldrei að fullu horfið.

#### *Kettir og kynkuldí. Laumufarþegar í þýðingafarteskínu*

Í smásögu bandaríska rithöfundarins Harry Mark Petrakis, „The Eyes of Love“, sem birtist í íslenskri þýðingu í *Víkunni* árið 1964 undir titlinum „Augu ástarinnar“, bregður Emily Dickinson fyrir, þótt ekki sé hún þar alfarið manneskja af holdi og blóði. Í sögu Petrakis segir af tildragelsi rithöfundarins Petes og píanóleikarans Andreu, sem er blind, og hefur af dálæti sínu á ljóðum Dickinson nefnt kisu sína eftir henni:

„Ég varð blind tíu ára, upp úr heilabólgu. Emily Dickinson orti um dauðann, og þegar ég las kvæði hennar, löngu eftir að ég var orðin blind, þá skildi ég það til fulls — eins og fluga flögri suðandi á milli ljóssins og þín, og svo slokknar ljósið og þú sérð ekkert frammar . . .“<sup>291</sup>

<sup>290</sup> „Niður með meðalmennskuna!“. *Skólabláðið*. 1. okt. 1960, bls. 18–19.

<sup>291</sup> Harry Mark Petrakis. „Augu ástarinnar“. Þýð. ótilgreindur. *Víkan*. 25. mars 1964, bls. 37.

Orð Andreu um dauðann og fluguna sem suðar „á milli ljóssins og þín“ vísa til eins af þekktustu ljóðum Dickinson, „I heard a Fly buzz – when I died –“ (F591). Pete virðist þó ekki átta sig á tilvísuninni. Honum gengur enda illa að ávinna sér traust kattarins Emily, sem ýmist starir „illkvittnislega“ á hann eða „blimskakkar“ á hann „gulum, tortryggislegum glyrnunum“. Þá gengur Pete engu betur að stíga í vænginn við Andreu lengi framan af, sem virðist líkt og köttur hennar eins konar holdgervingur skáldkonunnar, eða þeirra klisja öllu heldur sem henni tengjast:

„Ég vil ekkert um ást ræða“, sagði hún um leið og hún reis á fætur og gekk yfir gólfíð út að glugganum.

„Etlarðu þá að lifa ein og ógift alla ævi?“ spurði ég, „í þessari þröngu og myrku íbúð og kenna börnum að leika á píanó, sem ekki hafa minnstu löngun eða hæfileika til þess?“

„Ég get séð um mig sjálf“, sagði hún. „Og ég þarfnast ekki heldur neins til að sjá mér farborða“.

„Við höfum öll þörf fyrir hvort annað“, sagði ég.

„Ég get séð um mig sjálf“, endurtók hún, og það var eins og orðin tættu hennar eigið hold frá beinum. „Ég þarfnast ekki neinnar meðaumkunar“. Hún flúði frá glugganum, flúði lengra frá mér inn í skuggana og brynjaði sig þögninni. Og ég lá þarna einn í mánalýsuni ...<sup>292</sup>

Allt að því sjúklegur ótti Andreu (sem hún vinnur þó bug á að lokum) gagnvart ástleitni Petes, minnir óneitanlega á þá mynd sem lengi vel var dregin upp af Dickinson sem „hálf-klikkaðri“ piparjónku; sérvitringi sem af einhverjum innri sálarmeinum kaus ekki hlýju hjónasængurinnar heldur klæddi sig í hvítt, til marks um „hreinleika“ líkama síns – eins og hún hafi með táknaðum hætti viljað taka undir orð Andreu hér að framan, sem reynir ítrekað að sannfæra sjálfa sig og Pete um að hún geti „séð um sig“ sjálf, að hún þarfnist ekki annarra.

Í sögu Petrakis, líkt og í ófáum túlkunum á ævi og skapgerð Dickinson, er að sjá sem einlífi Andreu ráðist ekki af sjálfstæðri ákvörðun, heldur hafi hún nauðug viljug verið dæmd til einsemdar, til þess að lifa „ein og ógift alla ævi“, hvort sem einsemdin er til komin af tortryggni, biturri reynslu, andlegum eða líkamlegum krankleika, líkamlegri ásýnd eða öðru. Reyndar er það svo að æði stutt kann að virðast á milli þeirra einvíðu staðalmynda sem finna má í bókmenntum og hugsunarhætti Viktoríutímans og þeirra klisjukenndu hugmynda sem hafa lifað allt fram á okkar daga þegar kemur að „karlmannslausum“ konum. Auk „óðu konunnar á háaloftinu“, sem *The Madwoman in the Attic*, hið kunna rit þeirra Söndru Gilbert og Susan Gubar dregur nafn sitt af, og piparjónkunnar vansælu, má segja að „klikkaða kattarkonan“ sé að mörgu leyti þriðja birtingarmynd þeirrar „hálf-klikkuðu“ konu sem af einhverjum ástæðum er ekki við karlmann

---

<sup>292</sup> Sama rit, bls. 40.

kennd, heldur lifir á skjön við venjur og hefðir samfélagsins. Þannig er í sögu Petrakis náíð stallsystrasamband á milli Andreu og kattarins Emily, sem í sameiningu brynja sig gegn innrás Petes í einkalíf þeirra.

Þó væri synd að segja að Emily Dickinson sjálf hafi svarið sig í ætt „kattarkvenna“, hvort heldur er raunverulegra eða ímyndaðra. Af traustum vináttuböndum hennar og hundsins Carlos má ætla að Emily hafi fremur verið „hundamanneskja“ en kattarvinur. Þá er að sjá af bréfum að henni hafi verið nokkuð í nöp við heimiliskettina. Árið 1876, þegar enn hefur bæst í kattahóp systur hennar Laviniu, skrifar Emily Norcross-systur, frænkum sínum, svo:

Þið munið að uppáhaldskötturinn minn er alltaf með risastóra rottu á milli tannanna og er rétt um það bil að hverfa sjónum – þótt það eitt og sér að hann hverfi sjónum vekji líka sérstaka ánægjukennd. (L471)

Ef til vill fólst „ánægjukennd“ Dickinson í því að þegar kötturinn lét sig hverfa, voru söngfuglarnir í trjágarði hennar óhultir um hríð.

Ekki er þó öll sagan sögð þegar kemur að hamskiptum Emily Dickinson á vettvangi blaða og tímarita, því næst þegar hún skýtur upp kollinum í íslenskri prentsögu er það aftur í kattarlíki! Árið 1968 birtist í *Húsfreyjunni* smásagan „Kattarkrilið“ eftir bandaríska rithöfundinn Louise Dickinson Rich, sem mun hafa átt Dickinson að langfrænku, og var einna kunnust fyrir sjálfævisöguleg skrif um líf sitt og daga í Nýja Englandi, á heimaslóðum þeirra frænkna. Eitthvað virðist Rich líka hafa svipað til frænku sinnar, því af smásögu hennar að dæma var óbeit hennar á kattarkyninu síst minni en Dickinson:

Kettir eru alltaf vitlausu megin við hurð, sem opnuð er. Þeir stökkva upp um allt, fella blómavasa, brjóta skrautmuni, leggja undir sig beztu stólana, tæta húsgagnaáklæðið, þvælast fyrir fótum manns í eldhúsinu með átakanlegum veinum, svo beinbrot og slys eru alltaf yfirvofandi. Ég vil ekki eiga kött, punktum og basta!<sup>293</sup>

Svo fer þó að sögumaður situr uppi með bröndóttan kettling sem sonur hennar hefur dregið inn á heimilið. Eftir að hafa mátt þola margs konar raunir af hálfu kettlingsins, brestur Rich loks þolinmæðina þegar sú bröndóttu klifrar upp gluggatjöldin og eyðileggur þau fyrir henni:

Ég flengdi hana með dagblaði, lét hana niður í kjallara og lokaði hurðinni. Eftir hálf tíma opnaði ég dyrnar og bjóst við að lúpuleg og iðrandi kisa þyti á móti mér. Hún hafði hringað sig á stigapallinum og leit upp á mig ósvífnu augnaráði, deplaði augunum og reigði sig, eins og hún vildi segja. „Hugsaðu ekki um mig, mér líður

---

<sup>293</sup> Louise Dickinson Rich. „Kattarkrilið.“ *Húsfreyjan*. Þýð. S. Th. 1. júlí 1968, bls. 31.



prýðilega.“ Hún minnti mig sterklega á föðursystur mína, sem hegna átti með því að loka hana inni í skáp, þegar hún var krakki, en henni féll einvera svo prýðilega, að það var síður en svo nokkur raun fyrir hana að sitja inni í skápnum. Ég skellti uppúr og sagði. „Jæja, Emily Dickinson, þú mátt koma upp.“<sup>294</sup>

Ketti Andreu í smásögu Petrakis og kattarkrili Rich svipar óneitanlega saman. Augnaráðið er ýmist „illkvittnislegt“ eða „ósvífið“, og viðmótið eftir því. Ástæðan fyrir nafngiftinni í smásögu Rich er þó ekki dálæti sögumanns á ljóðum Dickinson líkt og í tilfelli Andreu í sögu Petrakis. Skýringin er fremur sú að hegðun kattarins minnir Rich á viðbrögð „föðursystur“ hennar við því að vera sett í skammarkrókinn – eða skammar*skápinn* öllu heldur – eins og mun hafa verið gert við Dickinson í æsku í refsingarskyni, þegar fyrirferðin á henni keyrði úr hófi. Af kunnu ljóði að dæma, „They shut me up in Prose –“ (F445), hafði refsingin þó ekki tilætluð áhrif, enda ógjörningur að hafa hemil á fyrirferð „Heilans“:

Þau læstu mig í Prósa –  
líkt og áður fyrr  
er ég var sett í Skápinn –  
til að vera „kyrr“ –

They shut me up in Prose –  
As when a little Girl  
They put me in the Closet –  
Because they liked me “still” –

Kyrr! En hefðu kíkt –  
og séð – hve Heilinn – snýst –  
Þau gætu allteins, fyrir Landráð  
Fugl – í Gerði – hýst –

Still! Could themselves have peeped –  
And seen my Brain – go round –  
They might as wise have lodged a Bird  
For Treason – in the Pound –

Hann þarf bara að vilja  
og hæglega sem Stjarna  
hlær hann hátt, að Prísundinni –  
líkt og ég – hérna –

Himself has but to will  
And easy as a Star  
Look down upon Captivity –  
And laugh – No more have I –

Á þessum síðum hefur áður verið vikið að ógninni sem Dickinson virðist hafa stafað af meðvitundinni, þeim „kuldalega gestgjafa“ (F670) sem maðurinn getur verið sjálfum sér, og stundum engin leið að forðast miður lystilegar trakteringar eigin huga. En eins og ljóð F445 er ágætt dæmi um, þá gat Dickinson sömuleiðis haft ánægju og félagsskap af ímyndunarafli sínu – setið „í skini eigin elds“ eins og mágkona hennar orðaði það síðar meir.<sup>295</sup>

---

<sup>294</sup> Sama rit, bls. 32.

<sup>295</sup> Vitnað eftir Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 671.

Rich gerir sér smám saman grein fyrir því að skammir og refsingar koma lítt að gagni gegn kettlingnum Emily Dickinson, sem fer sínu fram hvað sem tautar og raular. Og svo fer að lokum að hún getur ekki hugsað sér að segja skilið við kattarkrílið, svo hlýtt er sögumanni orðið til litla „angurgapans“:

Ég segi við sjálfa mig, að ég hafi alveg jafnmikla andúð á köttum og áður, en Emily Dickinson sé engum öðrum ketti lík. Hún er alveg einstakur köttur, óvenjulega gáfaður köttur og gamansamur. Þar að auki þurfum við að hafa kött til að verjast músunum.<sup>296</sup>

Hamskipti Emily Dickinson í sögum þeirra Petrakis og Rich mega heita spaugileg þegar haft er í huga hversu blendnar tilfinningar hún sjálf hafði til tegundarinnar. Á þessum árum, um og upp úr miðri síðustu öld, virðist raunar sem samanburður á Dickinson og „kattarlegum“ eiginleikum ljóða hennar hafi sviðið yfir vötum vestanhafs. „Það er auðvitað orðum aukið, en þó er á köflum í verkum hennar engu líkara en að upp að okkur gangi köttur sem er mælandi á enska tungu“ segir í grein skáldsins og bókmenntagagnrýnandans Richard Palmer Blackmurs árið 1956.<sup>297</sup> Nokkrum árum síðar átti ljóðskáldið Louise Bogan sömuleiðis eftir að líkja hinu brogaða ljóðmáli Dickinson við kött sem reynir að gera sig skiljanlegan á ensku.<sup>298</sup> Eins og áður segir, þá harmar Adrienne Rich jafnframt að skólakerfið bandaríska skuli löngum hafa lagt megináherslu á það sem Rich kallar „smástelpu-ljóð“ Dickinson, þar sem tónninn sé „kettlingalegur“.<sup>299</sup> Ef hins vegar trúa má endurminningum Mörthu Dickinson Bianchi, bróðurdóttur Emily, þá vílaði frænka hennar ekki fyrir sér að drekkja fjórum nýfæddum kettlingum sem var „ofaukið“ á heimilinu í fötu af saltþækli í kjallara Dickinson-heimilisins eitt árið, og er fátt „kettlingalegt“ eða „smástelpulegt“ við þær aðfarir.<sup>300</sup>

Þessa óvægnu hlið á Dickinson, svipmynd af konu sem gerir meira en gott þykir svo heimilishaldið gangi sinn vanagang, er kannski ágætt að hafa bakvið eyrað. Til frekara mótvægis við ímynd sakleysingjans mætti hér enn fremur vitna til hrekkjóttra og jafnvel nokkuð kaldranalegra bréfaskrifa Dickinson til æskuvinkonu sinnar, um „blóm Satans“ sem hún teygi sig eftir og tíni, og minnir lýsingin einna helst á barnasöguna góðkunu af Láka jarðálfi sem hafði unun af því að gera ljótt:

---

<sup>296</sup> Louise Dickinson Rich. „Kattarkrílið.“ *Húsfreyjan*. Þýð. S. Th. 1. júlí 1968, bls. 32.

<sup>297</sup> Vitnað eftir Jerome Charyn. *A Loaded Gun. Emily Dickinson for the 21<sup>st</sup> Century*, 2016, bls. 40.

<sup>298</sup> Vitnað eftir Karl Keller. *The Only Kangaroo Among the Beauty. Emily Dickinson and America*, 1979, bls. 180.

<sup>299</sup> Adrienne Rich. „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“. *Parnassus. Poetry in Review*. 5. árg., 1. tbl., 1976. Sjá <http://parnassusreview.com/archives/416>. Sótt 30. okt. 2018.

<sup>300</sup> Vitnað eftir Lyndall Gordon. *Lives Like Loaded Guns. Emily Dickinson and Her Family's Feuds*, 2010, bls. 332.

Vegur dyggðarinnar er sannarlega ljótur á að líta, og sá staður sem hugur minn stendur til mun vingjarnlegri að sjá, þar er friðsælt Sæti, það er svo margfalt auðveldara að breyta rangt en rétt, svo margfalt ánægjulegra að vera vondur en góður, ég er ekki hissa á því að góðu englarnir gráti en þeir vondu syngi. (L30)

Þeim sem um Dickinson og verk hennar hafa fjallað hefur löngum hætt til að gera úr henni allt að því ójarðneska veru; flekklausan dýrling eða kynlausan engil, sem um leið er svipt mannlegum eiginleikum, og þá ekki síst þeim eiginleikum sem af einhverjum ástæðum hafa talist óæskilegir á einum eða öðrum tímapunkti í viðtökusögunni, eiginleikar sem hafa rímað illa við ímynd hinnar hvítklæddu, vammlausu piparjónku sem sá sér ekki annað fært en að loka sig af gagnvart umheiminum. Mætti þar nefna myndmál losta og jafnvel samkynja ásta, trúarefa og trúarháð sem stappar nærri guðlasti, lýsingar sálrænna áfalla, sem og myndmál ofbeldis og dauðaþrár. En að baki hættulitlum klisjunum leynist mun margslungnara – og áhugaverðara – skáld en ætla mætti af hinni takmörkuðu höfundarímynd, og hefur það ekki síst fallið í hlut feminískra fræðimanna að draga mannlega (sem og *kevenlega*) eiginleika Dickinson betur fram undanfarna áratugi.

Eitthvað kann „kattahatur“ Dickinson þó að vera orðum aukið, því að eitt af eftirminnilegri ljóðum hennar lýsir ketti í veiðihug á hlýjan og gamansaman hátt, án þess þó að kisa nái að læsa klónum í bráð sína, þröstinn góða, sem flýr „á hundrað tám“. Eftirtektarvert er að sjá með hvaða hætti Dickinson lætur sagnorð og þankastrík fyrstu tveggja erinda ljóðsins keyra atburðarásina áfram, en hægir á henni í þriðja erindinu, þegar segja má að lagt sé út af umfjöllunarefninu – um hina sýndu veiði sem ekki er gefin, um sæluna sem kann að virðast rétt innan seilingar en erfitt getur reynst að klófesta (F507):

She sights a Bird – she chuckles –  
She flattens – then she crawls –  
She runs without the look of feet –  
Her eyes increase to Balls –

Her Jaws stir – twitching – hungry –  
Her Teeth can hardly stand –  
She leaps, but Robin leaped the first –  
Ah, Pussy, of the Sand,

The Hopes so juicy ripening –  
You almost bathed your Tongue –  
When Bliss disclosed a hundred Toes –  
And fled with every one –

Ljóð F507 er til í tveimur harla ólíkum íslenskum þýðingum, eftir Hallberg Hallmundsson (vinstri) og Eirík Örn Norðdahl (hægri), sem hljóma svo:

Hún eygir fugl og fagnar  
fletur sig, skriður svo  
hleypur og virðist þó lappalaus—  
loghnettir augun tvö.

Kjálkarnir kvika af hungri  
kjafturinn fullur vatns.  
Hún stekkur, en spörvinn flýgur fyrst—  
og farin er von til þess

að krækja í krásir sætar.  
Æ kisa, það er ekki gott  
þegar heppnin setur út hundrað tær  
og hleypur á öllum—brott.<sup>301</sup>

Hún eygir Fugl – hún hlær –  
hún leggst flöt – og skriður –  
hún hleypur án fótasjónar –  
augu hennar stækka í Knetti –

Kjálkar hennar bærast – vipra – svangir –  
Tennur hennar standast varla –  
hún stekkur, en Þröstur stökk á undan –  
ah, Kisulóra, úr Sandinum,

Vonirnar svo safaríkar þroskast –  
Þér fenguð nærri tungu yðar baðað –  
þegar Alsælan afhjúpaði hundrað Tær –  
og flúði með þær allar.<sup>302</sup>

Þýðingu sína birti Eiríkur Örn á vefsíðu sinni í tilefni af 187. fæðingarafmæli Dickinson, ásamt eftirfarandi klausu um aðferð og lestur:

Þið afsakið annars frjállega þýðinguna – ég lét formið eiginlega alveg eiga sig. Ég er ekki viss um að þetta þyki eitt af mikilfenglegri ljóðum hennar – hálfgerð barnavísa um kött á veiðum – mér þykir það skemmtilega holdlegt einhvern veginn. Það dregur að vísu dálítið úr því á íslensku („her eyes increase to Balls“ og „ah, Pussy, of the Sand“) en það hefði verið fulllangt gengið að þýða þá auk[a]merkingu fasta inn í textann. Og kannski er þessi klúri „he he“ lestur minn bara einhver afleiðing af því að hafa verið í hausnum á Bon Scott of lengi. Ég skal ekki segja.<sup>303</sup>

Hinn „klúri“ lestur sem Eiríkur hefur annað augað á, burtséð frá hugarheimi Bon Scotts, söngvara áströlsku rokksveitarinnar AC/DC, má vera til marks um hversu mjög fræðimenn og þýðendur hafa á undanförunum árum opnað augu sín fyrir hinu holdlega í ljóðum Dickinson.<sup>304</sup>

<sup>301</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 69.

<sup>302</sup> Eiríkur Örn Norðdahl. „507“. <http://fallabaksleidin.norrdahl.org/2017/12/11/1440/>. Sótt 7. ágúst 2019.

<sup>303</sup> Sama heimild.

<sup>304</sup> Af nokkuð öðrum toga – en þó holdlegum sömuleiðis – er meinleg þýðingarvilla eins af þýðendum Dickinson á spænsku, þegar línun „His mighty Balls – in death were thick –“ (F529B), ljóðlína sem lýsir augasteinum (e. „eyeballs“) deyjandi tígurs, varð í meðförum viðkomandi þýðanda þannig að á spænskunni sagði: „Hans

Um smásögur þeirra Petrakis og Rich í *Vikunni* og *Húsfreyjunni* er það að segja að þótt þær bæti litlu við sögu Emily Dickinson í íslenskum bókmenntaheimi sem slíkar, staðfesta þær þó síaukið mikilvægi Dickinson og útbreiðslu um og upp úr miðri síðustu öld. Þá þegar er henni tekið að bregða fyrir í verkum annarra höfunda, og flyst í þeim „ham“ inn í íslenskan bókmenntaheim. Þýddar eru og birtar á íslensku sögur, fyrst og fremst í afþreyingarskyni að því er ætla má, þar sem Emily Dickinson kemur inn í íslenskt bókmenntasamhengi sem eins konar laumufarþegi. Hún birtist í textum erlendra rithöfunda sem staðfesta mikilvægi hennar og viðmiðunargildi í bókmenntaheiminum, og bera með því móti „höfundarvirgni“ hennar inn í íslenskan málheim, áður en um eiginlegar þýðingar á höfundarverkinu sjálfu er að ræða. Er þetta hrífandi dæmi um hvað þýðingar geta verið margbreytilegur farvegur; það er ýmislegt í farteskinu.

Og raunar eru sögurnar fleiri þar sem nafn Emily Dickinson ber á góma. Í smásögu breska rithöfundarins William Somerset Maughams, „Eiginkona ofurstans“, sem birtist í *Vikunni* árið 1971, segir frá kulnandi hjónabandi ofurstans George Peregrines og konu hans Evu, sem er skáldmælt, en fer með ljóð sín eins og mannsmorð fyrir eiginmanninum. Í stað þess að stinga ljóðmælum sínum öllum í læstan kistil hefur þó birist eftir hana bókin *Though Pyramids Decay* (titillinn er sóttur í eina af ljóðlínunum Dickinson, F1115). Nokkur eintök berast Evu með póstinum einn daginn. Ofurstinn rekur augun í skírnarnafn eiginkonu sinnar á kili bókarinnar, og tekur kverið af skyldurækni til aflestrar á skrifstofu sinni:

Hann sá, að bókin var ekki nema níutíu síður. Ágætt. Þegar hann fletti blöðunum sá hann hins vegar, að mörg ljóðin hennar Evie voru óregluleg og órímuð.

Þetta eru engin ljóð, hugsaði hann. [...] Hann las nokkur þeirra. Þetta virtust ágætis ljóð, en hann skildi ekki beint, hvað þau voru um.

Veslings Evie! andvarpaði hann.<sup>305</sup>

Í ljós kemur þó að bókin rennur út „eins og bráðið smjör“ á meðal bókmenntafólks í London, ekki síst eftir lofsverðan dóm Henry nokkurs Dashwoods, „frægasta bókagagnrýnanda landsins“, sem ofurstinn hittir fyrir tilviljun á klúbba á St. James Street, í einni af erindisferðum sínum til borgarinnar (sem einkum eru farnar til að eiga ástarfundi með ungri konu). Mennirnir taka tal saman:

— Vill kannski svo vel til, að frú Peregrine sé í London? spurði hann. — Mig langar mikið til að hitta hana.

---

gríðarstóru Eistu – á banastundu bólgin –“. Vitnað eftir Mörtu Dahlgren. „„Preciser what we are“. Emily Dickinson's poems in translation. A study in literary pragmatics“. Í *Journal of Pragmatics*, 2005, bls. 1090–1091.

<sup>305</sup> William Somersaut Maugham. „Eiginkona ofurstan“. Þýð. ókunnur. *Vikan*, 17. júní 1971, bls. 18.

— Nei, konan mín er ekki hrifin af London. Hún vill heldur vera í sveitinni, sagði George ákveðinn.<sup>306</sup>

Líkt og T.W. Higginson í tilviki Dickinson, er Dashwood tengiliður Evu við hringiðu bókmenntalífsins í stórborginni, þótt hún kjósi heldur sjálf að „vera í sveitinni“ rétt eins og Dickinson, sem fékkst ekki til að mæla sér mót við Higginson í Boston á sínum tíma. Samskipti Evu og Dashwoods eru því bréfleiðis:

— Hún skrifaði mér fallett bréf um gagnrýnina mína. Það gladdi mig mikið. Það kemur nefnilega oftast fyrir, að gagnrýnendur fái ávitur en hrós, eins og þér vitið kannski. Ég var yfir mig hrifinn af bókinni hennar. Hún er fersk og frumleg, svo nýtízkuleg án þess að vera óskiljanleg. Henni veitist jafnlétt að yrkja rímað sem órímað. Það má að vísu segja, að formskyn hennar sé óskýrt á köflum, leyfði hann sér svo að bæta við sem gagnrýnandi, því að gagnrýnendum ber að gagnrýna, — en það á nú líka við Emily Dickenson.<sup>307</sup>

Álit Dashwoods á ljóðlist Evu er mjög samhljóma viðbrögðum Higginsons við sýnishornum þeim sem Dickinson sendi með bréfinu afdrifaríka árið 1862, þegar hún bað hann álits á því hvort „Ljóð mín lifi“. Higginson var ljóst að höfundur ljóðanna sem fylgdu bréfinu bjó yfir „ferskri og frumlegri“ tjáningu, að hér var um „nýtízkulega“ ljóðagerð að ræða, þótt Higginson hafi jafnframt kvartað undan „krampakenndri“ hrynjandi – með öðrum orðum að „formskyn“ Dickinson hafi verið „óskýrt á köflum“. Viðbrögð ofurstans við orðum Dashwoods eru þó á allt öðrum menningarslóðum:

George Peregrine skildi hvorki upp né niður í þessu þvaðri. Maðurinn var viðbjóðsleg menningarsleikja.<sup>308</sup>

Skilningur ofurstans á tilfinningalífi eiginkonu sinnar er litlu meiri en á „þvaðri“ Dashwoods, enda kemur á daginn að ljóðabók Evu fjallar á opinskáan hátt um ástarsamband hennar við sér yngri mann. Eiginkona ofurstans leitar í faðm elskhuga síns til að flýja tómlætið heima fyrir. En grátbroslegt skilningsleysi ofurstans – hvort sem er á ljóðunum sem hann „skildi ekki beint“ um hvað voru eða á eiginkonu sinni – stendur óhaggað allt til loka, og lýkur sögunni svo:

---

<sup>306</sup> Sama rit, bls. 19.

<sup>307</sup> Sama rit, bls. 19.

<sup>308</sup> Sama rit, bls. 19.

En það er nú eitt, sem ég skil ekki og mun aldrei skilja, þótt ég verði hundrað ára.  
Hvað í skollanum sá strákurinn við hana?<sup>309</sup>

Árið 1978 tekur þýðing Auðar Haralds á *Litlu stúlkunni við endann á trjáögöngunum*, spennu- og hryllingssögu bandaríska rithöfundarins Laird Koenigs, að birtast sem framhaldssaga í *Vikunni*. Koenig, líkt og áður nefnd Louise Dickinson Rich, er ættaður frá Nýja Englandi, og Dickinson honum því ef til vill hugleikin af þeim ástæðum. Saga hans fjallar um Rynn, þrettán ára móðurlausa stúlku með ýmislegt á samviskunni, og ljóðelskan föður hennar, sem enginn veit hvar er niðurkominn. Í einstæðingsskap sínum virðist það helst í ljóðum Emily Dickinson sem Rynn getur leitað athvarfs:

Úr vasa sínum dró hún pappírskilju. Ljóð eftir Emily Dickinson. Hún skoðaði teikninguna á kápunni, ungu konuna í einfalda svarta kjólnum, dökkt hárið skipt í miðju, alvarlegt og óendanlega viturt andlitið með risastórum augunum. Að mörgu leyti, fyrir utan augun, fannst Rynn hún og Emily Dickinson óhemju líkar hvor annarri. Rynn og þessi kona, sem hafði látist fyrir níutíu árum, og sem eins og annað skáld hafði orðað það, hafði lagt hlustirnar við heiminum.<sup>310</sup>

Leiðir Rynn og föður hennar liggja saman að lokum, þótt hann sé þar í dulargervi og gerist trúnaðarvinur hennar undir heitinu Mario. Samband þeirra feðgina verður líkamlegra eftir því sem á líður. Á sama tíma fær spennuþrungin frásögnin á sig eins konar gotneskan hryllingsblæ, og því vel við hæfi að Rynn skuli fara með upphafserindi eins af kunnustu hryllingsljóðum Dickinson fyrir Mario á ástarfundi þeirra. Þýðing Auðar er svo til orðrétt, þótt hvorki sé greinarmerkjasetningu né hástafanotkun Dickinson fylgt (F224):

Ógurlegt fárviðri kramdi loftið.  
Skýin voru teygð og fá.  
Sorti — eins og vofuhjúpur  
huldu himin og jörð sýnum.

An awful Tempest mashed the air –  
The clouds were gaunt, and few –  
A Black – as of a spectre’s cloak  
Hid Heaven and Earth from view –

Vættirnir hlökkudu á þökunum  
og blístrudu í loftinu  
og skóku hnefana  
og gnístu tönnum  
og sveifluðu vitstola hárinu.<sup>311</sup>

The creatures chuckled on the Roofs –  
And whistled in the air –  
And shook their fists –  
And gnashed their teeth –  
And swung their frenzied hair –

<sup>309</sup> Sama rit, bls. 47.

<sup>310</sup> Sama rit, 9. nóv. 1978, bls. 27.

<sup>311</sup> Sama rit, 11. jan. 1979, bls. 19.

Síðar ber Dickinson aftur á góma á leynifundi þeirra feðgina, og enn hefur faðir Rynn ekki látið grímuna falla:

„Þau eru þegar farin að undrast af hverju þau sjá mig aðeins örsjaldan í þorpinu.“ Hún brosti við. „Við getum ekki látið þau fara að undrast um þig líka.“

„Að hverju brosirðu?“

„Þér. Mér.“

„Nei. Þú varst að hugsa um eitthvað annað.“

„Emily Dickinson.“

„Og hvernig hún fór aldrei út úr húsi nema hún væri tilneydd?“

„Nema því eins að neyðin leiði mig við hönd sér.“

„Heldurðu að hún hafi falið fola uppi í svefnherberginu sínu?“

„Ég vona það.“ Hún flissaði, mjúkar varir hennar á vörum hans.<sup>312</sup>

Með orðum sínum um neyðina vitnar Rynn til sendibréfs Dickinson til æskuvinkonu sinnar Abiah Root frá árinu 1854, þar sem Emily hafnar heimboði Root með eftirfarandi orðum (þá 24 ára gömul, svo hún hefur snemma hneigst til heimakærni):

Ég þakka þér Abiah, en ég fer ekki út úr húsi, nema neyðin leiði mig við hönd sér, og þá geri ég það treglega, og dreg mig til hlés ef ég get. (L166)

Talsvert frábrugðin mynd er dregin upp af Dickinson í smásögu lítt kunns höfundar, Frances Days, sem birtist á síðum *Vikunnar* fjórum árum síðar. Í stað blóðskammar föður og dóttur er í sögu Days sagt frá kulnandi ástarbríma hjóna líkt og í smásögu Maughams – og aftur eru fyrstu merkin þau að hin ófullnægða eiginkona fer að grufla við skáldskap:

Hún komst að þeirri niðurstöðu að hún vildi verða skáld svo að margar andvökunætur fóru í að reyna að finna endarím. Hann vaknaði á nóttunni og sá að hún var ekki búin að slökkva. Hafði hún ekki nóg að gera á daginn? Þurfti hún líka að vaka allar nætur?<sup>313</sup>

Svo fer að hjónin hætta að tala saman og snúa bökunum hvort í annað í hjónasænginni. Kraftar eiginmannsins fara allir í grænmetis- og kornrækt á landareign þeirra, og eiginkonan heldur áfram að yrkja sín ljóð:

---

<sup>312</sup> Sama rit, 18. jan. 1979, bls. 27.

<sup>313</sup> Frances Day. „Vaxtarverkir“. Þýð. ótilgreindur. *Vikan*. 25. nóv. 1982, bls. 19.



Hann leit upp og sá að hún var að horfa á hann. Hann beit á jaxlinn þegar hann sá hana standa þarna úfna á náttkjólnum. Hver hélt hún að hún væri? Emily Dickinson? Hvers vegna var hún orðin svona skritin? Hann hrópaði eitthvað sem hún heyrði ekki og benti dónalega.<sup>314</sup>

Þessi „úfna“, „skritna“ og kynkalda birtingarmynd Emily Dickinson virðist ekki líkleg til að fela neina „fola“ uppi í svefnherbergi sínu, líkt og Rynn vonar í skáldsögu Koenigs. En það er raunar einmitt það sem hún gerir í ljóði Billy Collins, „Emily Dickinson afklædd“, sem er á sinn hátt til marks um þær breytingar sem smám saman urðu á höfundarímynd Dickinson eftir því sem leið á öldina – frá hinni ósnertanlegu, hvítklæddu brúði Krists til konu, kynveru, af holdi og blóði. Þá er athyglisvert að í smásögum þeirra Maughams og Days um skáldmæltar konur, sem berjast við að finna hæfileikum sínum farveg en mæta fordómum og takmörkuðum skilningi, skuli Emily Dickinson ekki vera langt undan í báðum tilvikum, sem eins konar holdgervingur slíks hlutskiptis af blöðum bókmenntasögunnar.

### *Söngfugl sálarinnar*

Ummerki Emily Dickinson hér á landi færast að nokkru leyti af vettvangi blaða og tímarita og yfir í útvarp og sjónvarp eftir því sem líður að lokum 8. áratugarins. Um svipað leyti hættir Dickinson að bregða fyrir í þýddum smásögum á síðum *Vikunnar*.

Árið 1975 fjallar listfræðingurinn og rithöfundurinn Björn Th. Björnsson um Emily Dickinson í þætti sínum í Ríkisútvarpinu „Á hljóðbergi“. Leiða má að því líkur að þáttur Björns, „Sjálfsmynd á æskudögum. Úr bréfum og ljóðum bandarísku skáldkonunnar Emily Dickinson frá árabílinu 1845 til 1858“, sé fyrsta almenna, sjálfstæða umfjöllunin hér á landi um ævi og verk Emily Dickinson sem ekki er bein eða óbein þýðing eða endursögn á erlendum fréttamolum, greinaskrifum eða bókarköflum. Áður hafði nafn Dickinson borið á góma í yfirlitsgrein bandaríska bókmenntafræðingsins Robert E. Spillers árið 1965 um T.S. Eliot og áhrifavalda hans, en að þeim fjölskyldusvip sem Spiller og aðrir sjá með skáldskap Eliots og Dickinson verður vikið síðar, þegar módernískir eiginleikar ljóða hennar verða teknir til umfjöllunar.<sup>315</sup> Aftur ber Dickinson á góma í yfirlitsgrein um þróun bandarískra bókmennta árið 1976. Greinin birtist í sérstöku aukablaði með *Alþýðubladinu*, í tilefni þess að 200 ár voru þá liðin frá sjálfstæðisyfirlýsingu Bandaríkjana. Ljóst er að verk Dickinson teljast nú til hefðarveldis bandarískra bókmennta, þótt umfjöllunin sem slík sé rýr í roðinu og klisjukennd og Dickinson sett skör lægra en Whitman:

<sup>314</sup> Sama rit, bls. 20.

<sup>315</sup> Robert E. Spiller. „T.S. Eliot“. *Sumudagsblaðið*. Þýð. ótilgreindur. 21. feb. 1965, bls. 132.

Emily Dickinson (1830–1886) var ekki eins áhrifamikil og Whitman, en mjög vinsæl skáldkona. Hún var frá Nýja Englandi, varð fyrir vonbrigðum í ástamálum og dró sig í hlé frá mestöllu samneyti við annað fólk en lokaði sig inni og orti ljóð sem enn eru víðlesin.<sup>316</sup>

Eftir því sem vegur Dickinson eykst, bæði vestanhafs og á meginlandi Evrópu, fjölgar um leið dálksentimetrinum hér á landi. Þá er í auknum mæli farið að leita rökstuddra svara við ýmsu í lífshlaupi hennar. Í ítarlegum ævisögum, fræðiritum og bókmenntarannsóknum á ævi Dickinson og verkum eru nú margvíslegar spurningar settar við þau „vonbrigði í ástamálum“ eða aðrar allsherjartilgátur sem áður hafði verið varpað fram til útskýringar á því hvers vegna þetta skáld „dró sig í hlé frá mestöllu samneyti við annað fólk“ og kaus að birta ekki ljóð sín. Lykilverk í þessari bylgju fræðirita um líf og daga „Ráðgátunnar frá Amherst“ er ævisaga Richard B. Sewalls sem út kom árið 1974 í Bandaríkjunum, og stendur enn fyrir sínu sem ein gagnmerkasta heimildin um líf og list Emily Dickinson, kannski ekki síst fyrir þá sök að Sewall fordást að draga of víðtækar ályktanir af ýmsum allsherjarskýringum á borð við hin títtnefndu „vonbrigði í ástamálum“. Í þýddri yfirlitsgrein í *Morgunblaðinu* árið 1977 tiltekur enska skáldkonan Margaret Drabble ævisögu Sewalls sem eina af bókum ársins 1976 í Bretlandi:

Minnisstaðasta bók ársins fyrir mér er *Life of Emily Dickinson* eftir Richard Sewall (Faber). Bæði bindin voru yfirfull af nýjum upplýsingum um þessa konu, eitthvert sérkennilegasta ljóðskáld okkar. Það er sjaldgæft að finna bók, sem segir svo margt nýtt um manneskju sem er svo athyglisverð.<sup>317</sup>

Ævisögur Emily Dickinson eru fleiri, og má auk rits Sewalls benda á bók Alfred Habeggers frá árinu 2001, *My Wars Are Laid Away in Books*, sem segja má að hafi fyrir fullt og allt kveðið niður þá fórnarlambsimynd af Dickinson sem oftast en ekki var dregin upp á 20. öldinni. Habegger leggur áherslu á sjálfstæði Dickinson sem geranda í eigin lífi fremur en umkomulausan þolanda óviðráðanlegra aðstæðna, hvort sem þær aðstæður eru fyrrgreind „vonbrigði í ástamálum“, hugsanleg víðáttufælni eða aðrir innri krankleikar, sú óendurgoldna ást sem hún kann að hafa borið til mágkonu sinnar eða aðrar. Um bók Habeggers var fjallað í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 2001, undir fyrirsögninni „Einangrun Emily Dickinson“:

Út er komin ný ævisaga eftir Alfred Habegger um bandaríska ljóðskáldið Emily Dickinson, og heitir hún *My Wars Are Laid Away in Books: The Life of Emily Dickinson* (Ég finn frið í bókunum: Líf Emily Dickinson). Samkvæmt umsögnum vikurits

<sup>316</sup> Höf. óþekktur. „Þróun bandarískara [sic] bókmennta – stutt yfirlit“. Þýð. ótilgreindur. *Alþýðublaðið*. 4. júlí 1976, bls. 14.

<sup>317</sup> Höf. óþekktur. „Bækur ársins í Bretlandi“. Þýð. ótilgreindur. *Morgunblaðið*. 26. feb. 1977, bls. 15.

útgefenda er hér um að ræða mikið vandaverk. Í framsetningu sinni og fræðilegri afstöðu tekur höfundur mið af þeirri endurskoðun á Dickinson og verkum hennar sem fræðimenn af feminíska skólanum hafa unnið að undanfarna þrjá áratugi. Fjallar höfundur um þá líf[s]sýn sem Dickinson tjáir í skáldskap sínum í ljósi viðhorfa Vik[t]oríutímans og bendir á hvernig skáldkonan hafnaði þeim félagslegu skyldum sem konum þess tíma voru settar, með því að einangra sig í föðurhúsum og skapa sér rými til frjálsrar tjáningar í skáldskap sínum.<sup>318</sup>

Svo stökkið sé enn lengra fram í tímann, þá birtist ein ítarlegasta umfjöllunin um líf og list Emily Dickinson í íslenskum blöðum og tímaritum í *Morgunblaðinu* árið 2010, þegar Hólmfríður Gísladóttir fjallar um „Leyndarmál konunnar í hvíta kjólnum“ með hliðsjón af ævisögu suður-afrísku fræðikonunnar Lyndall Gordon frá því sama ári, *Lives Like Loaded Guns. Emily Dickinson and Her Family's Feuds*. Í umfjöllun Hólmfríðar segir meðal annars:

En það eru ekki allir á eitt sáttir um ímynd Dickinson sem viðkvæma og sérvitra skáldkonan. Rithöfundurinn og fræðikonan Lyndall Gordon hefur skrifað ævisögu Emily Dickinson, *Lives Like Loaded Guns*, þar sem hún setur fram sínar eigin kenningar. Þar bendir hún á að hart hafi verið barist um réttinn til að stjórna arfleifð Dickinson og að í þeirri baráttu hafi saga hennar verið aðlöguð til að gæta hagsmuna þeirra sem í hlut áttu. Sjálf heldur Gordon því fram að skáldkonan hafi alls ekki verið sú kvalda sál sem margir vilja meina, heldur hafi hún verið haldin flogaveiki og viljað leyna því, enda fylgdu miklir fordómar flogaveiki á þessum tíma. Gordon hefur lesið sjúkdómseinkenni úr ljóðum Dickinson; hún lýsir til dæmis í nokkrum þeirra köstum þar sem hún ræður ekki við líkama sinn. Ennfremur höfðu að minnsta kosti tveir ættingjar hennar fengið veikina og gögn sýna að þau lyf sem Dickinson fékk ávísað þessi ár eru sambærileg þeim lyf[j]jum sem notuð eru við flogaveiki í dag. Flogaveiki var talinn skammarlegur sjúkdómur, sérstaklega fyrir konur. Menn tengdu hann við móðursýki, sjálfsfróun, sárásótt og greindarskort. Það er mjög skiljanlegt, ef hún var haldin sjúkdómnum, að hún hafi viljað fela hann.

Ef líf og ljóð Emily Dickinson eru skoðuð út frá þeim forsendum sem Lyndall Gordon gefur sér, birtist allt önnur mynd en sú sem mágkona hennar og vinkona, Susan Dickinson, og ástkona Austins bróður hennar, Mabel Loomis Todd, drógu upp í erjunum um réttinn að verkum hennar. Í tilraun til að sýna fram á að hollusta Dickinson hafi legið þeirra megin, talaði mágkonan um hana sem viðkvæma sál með brostið hjarta, en Todd vildi meina að hún hefði verið fórnarlamb illgjarnrar mágkonu sinnar. Kenningar Gordon virðast byggðar á ítarlegri rannsóknarvinnu á bréfum og

---

<sup>318</sup> Höf. óþekktur. „Erlendar bækur“. Þýð. ótilgreindur. *Lesbók Morgunblaðsins*. 20. okt. 2001, bls. 2.

ljóðum Dickinson og verða kærkomin lesning þeim sem hafa upplifað þann kraft sem býr í ljóðum skáldkonunnar en hefur hingað til vantað í umfjöllunina um líf hennar.<sup>319</sup>

Hin feminíska endurskoðun á lífi og list Dickinson, sem þau Habegger og Gordon byggja bækur sínar að mörgu leyti á, virðist þó enn ekki hafa náð allsendis fram að ganga í hinni almennu orðræðu þegar langt er liðið á 20. öldina. Þannig er í þættinum „Menning og listir“ á Stöð 2 árið 1988 flutt bandarísk fræðslumynd frá sama ári um ævi og störf skáldkonunnar frá Amherst, með eftirfarandi kynningu í *Dagblaðinu Vísir*, þar sem áherslan er enn á Dickinson sem „viðkvæmum listamanni“ sem hafi nauðug viljug hrökklast inn í hið „verndaða umhverfi“ herbergis síns í föðurhúsum:

Emily Dickinson fæddist í Amherst í Massachusetts 10. desember 1830. Emily orti mikið af ljóðum um ævina en aðeins sjö þeirra birtust opinberlega meðan hún var á lífi. Flest þeirra eru ort á árunum 1860–1866 en flest þeirra birtust ekki almenningi fyrr en eftir dauða hennar. Hún var viðkvæmur listamaður sem lifði í vernduðu umhverfi alla sína ævi og giftist aldrei. Hún lést 15. maí 1886.<sup>320</sup>

Sami dagskrárliður er kynntur með keimlíkum hætti í *Morgunblaðinu* á sama tíma, og þar talað um að þrátt fyrir að Dickinson hafi „dvalið næstum allt sitt líf á heimili foreldra sinna í Massachusetts þykir skáldskapur hennar ná yfir flest svið mannlífsins“.<sup>321</sup> Áður en heimildarmynd þessi var sýnd, hafði Emily Dickinson birst á skjám landsmanna á Suðvesturhorninu – eða öllu heldur leikkonan Julie Harris, í gervi Dickinson, í kvikmyndinni „Belle of Amherst“ sem sýnd var í Kanásjónvarpinu svonefnda árið 1980, með svofelldri dagskrárkynningu í *The White Falcon*:

MOVIE: Belle of Amherst—Julie Harris, in a startling one-woman show, depicting the life of Emily Dickenson, one of America’s greatest poetesses. Although she lived her life as a recluse, she wrote about life; its joys and its sorrows.<sup>322</sup>

Líkt og í dagskrárkynningu *Morgunblaðsins*, þar sem innlokun Dickinson er samviskusamlega tekin fram, er hér lögð áhersla á að ljóð Dickinson fjalli eigi að síður „um lífið; gleðistundir þess og harma“; að þrátt fyrir einangrun höfundar nái ljóð hennar yfir „flest svið mannlífsins“.

Árið 1987 flutti Joseph Allard, lektor í bókmenntum við háskólann í Essex, opinberan fyrirlestur í boði heimspekideildar Háskóla Íslands sem nefndist „Emily Dickinson. The

<sup>319</sup> Hólmfríður Gísladóttir. „Leyndarmál konunnar í hvíta kjólnum“. *SunnudagsMogginn*. 21. feb. 2010, bls. 53.

<sup>320</sup> Höf. óþekktur. „Menning og listir“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 17. des. 1988, bls. 68.

<sup>321</sup> Höf. óþekktur. „Ljóðskáldið Emily Dickinson“. *Morgunblaðið*. 18. des. 1988, bls. 40.

<sup>322</sup> Höf. óþekktur. „Movie. Belle of Amherst“. *The White Falcon. Entertainment Weekly*. 1. ágúst 1980, bls. 2.

Regulation of Belief<sup>323</sup> Þegar hér er komið sögu munu þeir landsmenn sem á 9. áratugnum horfðu á fræðslumynd Stöðvar 2, sáu kvikmyndina *Belle of Amberst* í Kanasjónvarpinu og sóttu loks fyrirlestur Allards því orðnir margs vísari um ævi og störf Emily Dickinson. Um almenna innlenda umfjöllun virðist þó ekki að ræða fyrr en Árni Blandon flytur útvarpsþátt sinn „Söngfugl sálarinnar“ árið 1993 í Ríkisútvarpinu, og eru þá liðin 18 ár frá þætti Björns Th. Björnssonar um æskuverk Dickinson á sama vettvangi. Dagskrárkynningin er svohljóðandi – með sínum föstu liðum hvað útgáfusögu Dickinson og lífshætti varðar:

Skáldkonan Emily Dickinson (1830–86) er eitt af fremstu ljóðskáldum Bandaríkjanna. Hún orti yfir 1700 ljóð en aðeins 6 þeirra birtust á prenti meðan hún lifði. Hún bjó í föðurhúsum alla ævi, giftist aldrei og fór helst ekki út fyrir lóðamörkin. Hún klæddist hvítu, lit englanna, síðustu áratuginna og í mörgum ljóða hennar er lýst mikilli sálarangist. Fá eða engin ljóð hennar hafa birst á íslensku en nú verður bætt þar um í þættinum Söngfugl sálarinnar. Þar verða lesin mörg af hennar þekktustu ljóðum í þýðingu Hallbergs Hallmundssonar. Auk þess er æviferill hennar rakinn.<sup>324</sup>

Enn er minnst á Emily Dickinson í útvarpi allra landsmanna árið 2011, í pistlaröð Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur um brautryðjendur úr röðum kvenna í rithöfundastétt síðustu rösku hundrað árin, konur sem höfðu í senn eigin djöfla að draga og glímdu við fjandsamleg viðhorf í karllægu samfélagi. Nefndist pistlaröð þessi „Konur, geðveiki og sköpunarþráin“, og er Dickinson þar í hópi skálda og rithöfunda á borð við Charlotte Perkins Gilman, Kate Chopin, Anne Sexton og Sylvii Plath.

Árið 1991 höfðu þrjú ljóða Dickinson birst í þýðingu Hallbergs Hallmundssonar í tímaritinu *Andvara*. Það er því ekki öldungis rétt að „engin ljóð“ Dickinson hafi birst á íslensku fyrr en árið 1993, líkt og ýjað er að í kynningu á þætti Árna Blandon. Auk þýðinga Hallbergs hafði jafnframt Árni Grétar Finnsson birt þýðingu á einu ljóða Dickinson í bók sinni *Leikur að orðum* árið 1982. Þá hefur þýðingar Auðar Haralds frá árinu 1979 á hluta af ljóði F224 þegar verið getið. Áður hafði jafnframt fyrra erindi ljóðs F144 birst á íslensku, í þýðingu Siglaugs Brynleifssonar í *Tímanum* árið 1965. Vitnað er til ljóðsins í skáldsögu rússneska rithöfundarins Valeriy Tarsis, *Deild 7*, sem kom út á bók í þýðingu Siglaugs (úr ensku) árið 1966, eftir að hafa birst sem framhaldssaga á síðum *Tímans*. Þýðing Siglaugs (til vinstri) á fyrra erindi ljóðs F144 er ansi hrá, en til samanburðar er þýðing Hallbergs Hallmundssonar á sömu línunum með eftirfarandi hætti (til hægri):

---

<sup>323</sup> Höf. óþekktur. „Joseph Allard heldur fyrirlestur“. *Morgunblaðið*. 29. mars 1987, bls. 40.

<sup>324</sup> Höf. óþekktur. „Söngfugl sálarinnar“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 2. feb. 1993, bls. 24.

Ég heyri aldrei orðið „flótti“  
án þess að blóðrásin örvist,  
skyndileg eftirvænting  
og viðbúnaður.<sup>325</sup>

Ég heyri aldrei orðið „strok“  
svo auki ei hjartað slátt:  
vonir allt í einu  
um að fljúga brott.<sup>326</sup>

Á frummálinu hljóðar erindið svo, ort árið 1860 og sent Susan Dickinson, áður en Dickinson hafði svo til alfarið „strokið“ inn í sjálfskipaða þrúnað sína:

I never hear the word “Escape”  
Without a quicker blood,  
A sudden expectation –  
A flying attitude!

*Þessi séni ...*

Það má heita vel við hæfi að Emily Dickinson – sem það skáld bókmenntasögunnar er einna þrálátast hefur fjallað um dauðann og handanlífið í verkum sínum – skuli rata inn í minningargreinar ritaðar á íslensku. Nafni Dickinson á þessum vettvangi bregður fyrst fyrir árið 1988, þegar vitnað er, á frummálinu, til eins af hennar allra þekktustu ljóðum – um Dauðann sem kemur eins og herramaður á biðilsbuxunum og býður ljóðmælanda að stíga upp í vagn sinn (F479).<sup>327</sup> Í minningargrein árið 1994 er svo vísað til lokálínanna í ljóði hennar „The last Night that She lived“ (F1100), þar sem vikið er að því „hræðilega tómi“ sem gefst til að íhuga líf og dauða í kjölfar andláts ástvinar.<sup>328</sup> Loks er svo ljóð Dickinson „If I can stop one Heart from breaking“ (F982) þýtt í minningargrein árið 2008, skrifaðri af Anný Ingimarsdóttur:

Mig langar til að ljúka orðum mínum á eftirfarandi ljóði og um leið að þakka þér fyrir ógleymanlegar stundir.

Ef ég get forðað einu hjarta  
frá því að breyta  
hef ég ekki lifað til einskis.  
Ef ég get létt einni mannveru róðurinn,

<sup>325</sup> Valeriy Tarsis. *Deild 7*. Þýð. Siglaugur Brynleifsson. *Tíminn*. 29. okt. 1965, bls. 11.

<sup>326</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 38.

<sup>327</sup> Rosína Myrtle Vilhjálmsdóttir. „Minningargrein“. *Morgunblaðið*. 11. des. 1988, bls. 32.

<sup>328</sup> Sólveig Eggerz. „Minningargrein“. *Morgunblaðið*. 20. maí 1994, bls. 28.

línað þjáningu einnar mannveru  
eða lyft vanmáttugum þresti upp í hreiður hans  
hef ég ekki lifað til einskis.<sup>329</sup>

Á frummálinu hljómar ljóðið svo:

If I can stop one Heart from breaking  
I shall not live in vain  
If I can ease one Life the Aching  
Or cool one Pain

Or help one fainting Robin  
Unto his Nest again  
I shall not live in vain.

Til þessa sama ljóðs vísar þingkonan Guðfríður Lilja Grétarsdóttir í pistli sínum um „kvenlega“ áhrifavalda, „Fyrirmyndir, tilvitnanir og ein milljón dollara“, sem birtist í *Morgunblaðinu* árið 2008:

Að lokum er það svo Emily Dickinson, ljóðskáldið. Ég get ekki beinlínis sagt að mig langi til að líkjast henni sem persónu en þegar ég var lítil ætlaði ég að verða ljóðskáld og fyllti allar stílabækur af ljóðum, og hví þá ekki að taka Emily Dickinson sér til eftirbreytni? „Ef við getum bjargað einum smáfugli aftur í hreiðrið sitt, þá hefur líf okkar ekki verið til einskis,“ sagði Emily.<sup>330</sup>

Þótt Guðfríði Lilju hugnist „ekki beinlínis“ að líkjast Dickinson „sem persónu“, þá er það einmitt hinn sérlundaði persónuleiki skáldkonunnar sem bandaríska listakonnan Judy Chicago vildi komast í kynni við, og kynna öðrum, og bauð því til ímyndaðs borðhalds ásamt 39 öðrum „merkiskonum úr gyðju- og kvenkynssögunni“ í innsetningarverki sínu frá árinu 1979, „The Dinner Party“. Um þetta fræga konuboð fjallaði mannfræðingurinn Inga Dóra Björnsdóttir í *Helgarpóstinum* árið 1981.<sup>331</sup> Í grein sinni „Ekkert val?“, sem fjallar um langvinnar þjáningar af völdum Sjögrens-sjálfsöfnæmissjúkdómsins, bendir Agnes Lára Magnúsdóttir enn fremur á þann styrk sem hafa má af félagsskap og fordæmi Emily Dickinson, og snarar að hluta einu af kunnari ljóðum hennar á laust mál í lok greinar sinnar (F314):

---

<sup>329</sup> Anný Ingimarsdóttir. „Míningargrein“. *Morgunblaðið*. 11. okt. 2008, bls. 43.

<sup>330</sup> Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. „Fyrirmyndir, tilvitnanir og ein milljón dollara“. *Morgunblaðið*. 12. apríl 2008, bls. 6.

<sup>331</sup> Inga Dóra Björnsdóttir. „Kvennaveislan (eða konuboðið)“. *Helgarpósturinn*. 30. jan. 1981, bls. 9.

Til allra þeirra, sem berjast fyrir því að láta sér líða vel, langar mig að vitna í orð Emily Dickinson. „Vonin er sá vængjaði hnoðri sem hreiðrar um sig í sál minni og syngur þar söngva án orða og þagnar aldrei. En fegurst syngur hann þó þegar á móti blæs.“<sup>332</sup>

Til sama ljóðs er vitnað í umfjöllun um viðureign körfuboltaliðanna Hauka og ÍR í *Morgunblaðinu* árið 2012, og því ljóst að áhrif Dickinson geta ratað víða – orð hennar og ljóð hafa mörg hver reynst fleyg, líkt og vonin:

„Vonin er það sem er með fjaðrir,“ skrifaði Emily Dickenson og Haukarnir náðu að fresta klippingu vængja sinna í gær. Þeir unnu, 92:87, í mjög spennandi og skemmtilegum leik.<sup>333</sup>

Á frummálinu hljómar þetta kunna ljóð svo, auk þýðingar ritgerðarsmiðs; um vonina og styrkinn sem hún veitir þegar við kennum til „í stormum okkar tíða“, eins og Stephan G. Stephansson orti nokkru síðar, norðan landamæranna:

„Vonin“ er fiðraða veran – sem á sér í sálinni stað – og syngur sinn orðlausa lagstúf – sama hvað –	“Hope” is the thing with feathers – That perches in the soul – And sings the tune without the words – And never stops – at all –
Sem gleggst – í Stormum – heyrst – og hvasst er það bál – sem yfirgnæfði Smáfugl þann sem yljaði ófám –	And sweetest – in the Gale – is heard – And sore must be the storm – That could abash the little Bird – That kept so many warm –
Í frostbyljum – á Furðusjóm – var mér röddin nær – sem aldrei – þó – í Nauðum bað, um brauðmola – frá mér.	I’ve heard it in the chilliest land – And on the strangest Sea – Yet – never – in Extremity, It asked a crumb – of me.

Um ljóð Dickinson sjálfur er eins farið, enda hafa þau reynst mörgum haldreipi þegar á móti blæs.<sup>334</sup> Þegar litið er til birtingarmynda hennar í íslenskri prentsögu eftir því sem líður á 20.

<sup>332</sup> Agnes Lára Magnúsdóttir. „Ekkert val?“. *Morgunblaðið*. 27. maí 2000, bls. 58.

<sup>333</sup> Kristinn Friðriksson. „Vonin heimtar fjaðrir“. *Morgunblaðið*. 16. mars 2012, bls. 4.

<sup>334</sup> Hér má til dæmis nefna bókina *Wider Than the Sky. Essays and Meditations on the Healing Power of Emily Dickinson* í ritstjórn þeirra Cindy Mackenzie og Barböru Dana. Eins og titillinn gefur til kynna er í greinasafni þessu að finna ritgerðir og hugleiðingar um þann heilunarmátt sem býr í ljóðum Emily Dickinson.



öldina er áherslan þó æði oft á ýmsum kostulegum háttum Dickinson og sérkennilegum skáldferli fremur en á verkum hennar sem slíkum. Þegar safnast saman fer umfjöllunin í auknum mæli að minna á bæjarlúðrið sem gekk manna á milli í Amherst á sínum tíma, um kynlega kvistinn á Dickinson-heimilinu. Kannski lætur hin hefðbundna íslenska sagnaþrá eftir sérkennilegum einstaklingum að einhverju leyti á sér kræla hér. Í umfjöllun *Tímans* árið 1981 um einkennilegt háttalag skálda og rithöfunda segir til að mynda:

Emily Dickinson var bandarísk skáldkona sem orti ljóð sem „thrills millions today“, ef marka má heimildir okkar. Ljóð hennar fjalla um allt milli himins og jarðar og þar fyrir ofan en sjálf fór Emily ekki víða. Raunar fór hún nákvæmlega einu sinni út fyrir fylkismörk Massachusetts þarsem hún bjó alla ævi. Þá skrapp hún til Washington að heimsækja karl föður sinn sem þar húkti á bekkjum fulltrúadeildarinnar. Emily var svo feimin og útaffyrir sig að þegar hún fékk gesti heim til sín vildi hún ómögulega vera í sama herbergi og þeir en talaði við þá úr næsta herbergi gegnum gat í veggnum. Þessi sénéí ...<sup>335</sup>

Rúmum áratug síðar er sami þráður tekinn upp í *DV*, undir yfirskriftinni „Blessuð veröldin“:

Vegna feimni var bandaríska skáldkonan Emely Dickinson vön að tala við gesti sína úr öðru herbergi en þeir voru í.<sup>336</sup>

Í blaðinu *Austurlandi* árið 1994 er svo enn höggvið í sama knérunn, undir yfirskriftinni „Ja hérna!“, og fylgir með skopmynd af Dickinson:

Ljóðskáldið Emily Dickinson var með afbrigðum feimin. Hún bjó alltaf ein og ef hún fékk gesti urðu þeir að vera í öðru herbergi og ræða við hana í gegn um opnar dyr. Hún fór aðeins einu sinni frá heimili sínu í Massachusetts til að heimsækja föður sinn sem bjó í Washington.<sup>337</sup>

Aftur skýtur svo Dickinson upp kollinum í dálki *DV* um „blessaða veröldina“, þegar sagt er frá því árið 1995 að hún hafi lent í 10. sæti yfir þá einstaklinga sem skrifstofu alfræðiritsins *Encyclopedia Britannica* bárust flestar fyrirspurnir um árið 1992 (rétt á eftir löndum sínum Robert Frost og Edgar Allan Poe). Eflaust hefur feimni Dickinson, kjóllinn hvíti og innilokun hennar borið á góma í þessum fyrirspurnum almennings.<sup>338</sup>

<sup>335</sup> Höf. óþekktur. „Bókmenntalíf“. *Tíminn*. 7. júní 1981, bls. 32.

<sup>336</sup> Höf. óþekktur. „Blessuð veröldin“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 20. ágúst 1992, bls. 37.

<sup>337</sup> Höf. óþekktur. „Ja hérna!“. *Austurland*. 14. sept. 1994, bls. 5.

<sup>338</sup> Höf. óþekktur. „Blessuð veröldin“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 26. apríl 1995, bls. 44.

Loks er útgáfusaga Dickinson á meðal þeirra fróðleiksmola sem lesendur *Fréttablaðsins* gátu lesið með morgunkaffinu árið 2004, undir yfirskriftinni „Vissir þú ...“:

... að Emily Dickinson skrifaði meira en 900 ljóð en aðeins fjögur fengust birt meðan hún lifði[?] <sup>339</sup>

Útgáfusagan er enn sem fyrr á reiki, og er það sömuleiðis í nokkrum „fæðingar- og dánartilkynningum“ í *Fréttablaðinu* á fyrsta áratug þessarar aldar. Sú fyrsta birtist árið 2003 <sup>340</sup>, og ári síðar er spakmæli Dickinson um eilífðina rifjað upp: „Eilífðin er sett saman úr núum.“ <sup>341</sup> Árið 2009 er fæðingardags Dickinson svo minnst í þriðja sinn á síðum *Fréttablaðsins*, þótt fæðingarárinu virðist hér ruglað saman við fjölda ljóðanna í heildarútgáfu Ralph W. Franklins frá 1998:

EMILY DICKINSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1789.

„Hundar eru mönnum fremri, þar sem þeir búa yfir vitneskju sem þeir ljóstra ekki upp.“

Emily Dickinson var bandarískt ljóðskáld. Hún var nánast óþekkt meðan hún lifði en öðlaðist frægð eftir andlát sitt og er nú talin vera með bestu skáldum Bandaríkjanna á 19. öld. Ljóð Dickinson hafa verið gefin út í íslenskri þýðingu Hallbergs Hallmundarsonar. <sup>342</sup>

Þá er dánardags Emily Dickinson getið í tvígang á síðum *Fréttablaðsins* á fyrsta áratug þessarar aldar. Fyrst árið 2006, ásamt kjarnyrði hennar um eilífðina, sem einhverjir lesendur blaðsins kunna að hafa kannast við frá árinu 2004. <sup>343</sup> Þá er dánardagsins minnst árið 2008 með því að snara ljóði F278, um áhrifamátt orðanna og framhaldslíf þeirra: „Sumir segja að orðið deyi þegar það er sagt. Ég segi að þá hefji orðið líf sitt.“ <sup>344</sup>

Að orðin „líf sinn frömuð“ ef svo má segja, þegar horft er til framhaldslífs Dickinson í bókmenntasögu Bandaríkjanna og víðar (og raunar ýmsum listgreinum öðrum), setur títtnefnda útgáfusögu hennar í nýtt og annað samhengi, líkt og bent er á í stuttri upptalningu í *DV* árið 2012. Í greininni er fjallað um brösuga leið hæfileikafólks á hátind frægðar sinnar – svo sem að

<sup>339</sup> Höf. óþekktur. „Vissir þú“. *Fréttablaðið*. 20. apríl 2004, bls. 8.

<sup>340</sup> Höf. óþekktur. „Þetta gerðist“. *Fréttablaðið*. 10. des. 2003, bls. 22.

<sup>341</sup> Höf. óþekktur. „Þetta gerðist“. *Fréttablaðið*. 10. des. 2004, bls. 40.

<sup>342</sup> Höf. óþekktur. „Tímamót“. *Fréttablaðið*. 10. des. 2009, bls. 42.

<sup>343</sup> Höf. óþekktur. „Tímamót“. *Fréttablaðið*. 15. maí 2006, bls. 22.

<sup>344</sup> Höf. óþekktur. „Tímamót“. *Fréttablaðið*. 15. maí 2008, bls. 38.

kvikmyndafyrirtækið 20<sup>th</sup> Century Fox hafi neitað Marilyn Monroe um hlutverk á sínum tíma, þar sem yfirmenn fyrirtækisins töldu hana „óaðlaðandi“. Yfirskriftin er „Aldrei að gefast upp!“, og Dickinson getið svo:

Emily Dickinson[.] Ljóðskáldið fékk aðeins örfá ljóð útgefin í lifanda lífi. Í dag hafa komið út yfir 1.800 verk eftir Dickinson.<sup>345</sup>

Þá er Dickinson sömuleiðis hluti af umfjöllun *DV* þetta sama ár um hæfileikafólk ýmiss konar sem ekki hafi bundið bagga sína sömu hnútum og aðrir. Undir yfirskriftinni „Galli eða gjöf“ eru leiddar að því líkur að einhverfa af einhverju tagi kunni að skýra afburðahæfileika manna á borð við Albert Einstein, Isaac Newton, W.A. Mozart, H.C. Andersen og fleiri. Í þessum mæta karlahópi er Emily Dickinson að finna.<sup>346</sup>

Samhliða stuttum, spaugilegum og/eða forvitnilegum ábendingum um „furðufuglinn“ Emily Dickinson, skýtur hún líka með jöfnu millibili upp kollinum sem höfundur ljóðrænna spakmæla á síðum íslenskra blaða og tímarita, og eru þau sótt bæði í ljóð hennar og bréf. Árið 1942 er vitnað til ummæla ýmissa nafnkunnra heimspekinga og rithöfunda um fegurðina á síðum *Samtíðarinnar*, og er Emily Dickinson þeirra á meðal:

Fegurðin er eitt af þeim viðfangsefnum, sem jafnan hefur orðið mönnum óþrotlegt aðdáunar- og umræðuefni, í hverju sem hún hefir verið fólgin. [...] Emily Dickinson sagði: — Fegurð stafar af engu nema sjálfri sér.<sup>347</sup>

Tilvitnunin er að öllum líkindum sótt í ljóð F654:

Híð fagra – gerist ekki –  
Fegurðin – Er –

Beauty – be not caused – It Is –

Um hálfri öld síðar eru svo ummæli Dickinson um ríkidæmi vináttunnar tiltekin í *DV*:

Vinir mínir eru minn fjársjóður. Fyrirgefið mér þá eigingirni að safna þeim.<sup>348</sup>

Orðin koma fyrir í bréfi til Samuel Bowles (L193), góðvinar Dickinson og ritstjóra hins framsækna blaðs *Springfield Republican*. Við öllu harkalegri tón kveður þegar önnur ummæli

<sup>345</sup> Höf. óþekktur. „Aldrei að gefast upp!“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 26. okt. 2012, bls. 42.

<sup>346</sup> Höf. óþekktur. „Galli eða gjöf“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 4. apríl 2012, bls. 64.

<sup>347</sup> Höf. óþekktur. „Um fegurð“. *Samtíðin*. 1. okt. 1942, bls. 14.

<sup>348</sup> Höf. óþekktur. „Spakmæli“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 13. mars 1990, bls. 29.

Dickinson um vinfengi eru rifjuð upp tæpum áratug síðar, í umfjöllun *Vikunnar* um „besta vin mannsins“:

Þú spyrd mig um vini mína. – Fjöllin, herra, og sólsetrið og stór hundur sem faðir minn gaf mér. Öll eru þau betri en mennirnir, þau skilja en segja ekki frá.<sup>349</sup>

Áður hefur verið minnst á þessi orð Dickinson, sem koma fyrir í svarbréfi hennar til T.W. Higginsons, og minna þau einna helst á hin fleygu ummæli Friðriks II Prússakonungs, að því betur sem hann kynnist mönnunum, því vænna þyki honum um hundinn sinn. Þá eru Dickinson eignuð eftirfarandi hinu orð í *Alþýðublaðinu* árið 1995, þótt heimildin þeim að baki sé óljós:

Nú, er þetta allt og sumt?<sup>350</sup>

Lokaorðin í þessari syrpu kjarnyrða og ummæla sem ratað hafa á síður íslenskra prentmiðla eru hins vegar ljóðlína Dickinson um ástina, sótt í ljóð F652, sem kemur fyrir í umfjöllun *DV* um ástæður og afleiðingar hjónaskilnaða:

Áður en ég elskaði lifði ég ekki – nóg.<sup>351</sup>

Ef til vill kunna ummælin að koma spáskt fyrir sjónir, þegar haft er í huga hversu „feimin og útaffyrir sig“ Dickinson var. En eins og ófá opinska ljóð Dickinson sem og „Master“-bréfin dularfullu sýna (eldheit, torræð ástarbréf sem Dickinson gerði nokkur uppköst að en sendi aldrei, svo vitað sé, hinum óþekktu viðtakanda), þá var Dickinson fjarri því að vera sú teprulega, niðurbælda, „hálf-klikkaða“ piparjónka sem lengi vel var haldið að lesendum, fram að hinni feminísku endurskoðun um miðjan 8. áratug síðustu aldar. Óneitanlega lifir sú mynd þó lengur á vettvangi fjölmiðla hérlendis, og ef til vill um leið á bylgjum almannarómsins.

„Nú eru flestir borfnir nema hún“

Um og eftir aldamótin 2000 má segja að Emily Dickinson fari að rata með beinni hætti en áður inn í íslenska bókmenntaumræðu, þótt í litlu sé. Ein fyrstu merki þess að verk hennar séu kunn íslenskum höfundum og hafi orkað á þá með einum eða öðrum hætti er að finna í

---

<sup>349</sup> Höf. óþekktur. „Besti vinur mannsins“. *Vikan*. 18. jan. 2000, bls. 30.

<sup>350</sup> Höf. óþekktur. „Lokaorð dagsins“. *Alþýðublaðið*. 22. feb. 1995, bls. 2.

<sup>351</sup> Höf. óþekktur. „Hvert stefnir hjónabandið?“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 14. júlí 2010, bls. 43.

ritstjórnargrein *Morgunblaðsins* frá árinu 1991. Greinin er merkt „M“, sem næsta áreiðanlegt er að standi fyrir Matthías Johannessen:

Í draumheimum getur skáldið upplifað kvíðalaust og án nagandi sársauka þann veruleika sem deyr á því andartaki sem það opnar augun. Ef ég man rétt þá var það bandaríska skáldkonan misskilda sem nú er flestum öðrum skáldum þekktari, Emily Dickinson, sem sagði það væri löng leið að opna augun.<sup>352</sup>

Nokkrum árum síðar minnst Matthías aftur á skáldsystur sína, að þessu sinni í viðtali sem Silja Aðalsteinsdóttir tekur við hann í *Tímariti Máls og menningar*:

Ég sagði þér áðan að þegar ég var ungur skildi ég Walt Whitman, en þegar ég eldist skil ég betur Emily Dickinson. Hún var hin hliðin á bandaríska peningnum. Hún var andfélagslegt skáld og ljóðin lokuð eins og hún sjálf. Dickinson var hin ósýnilega kona 19. aldarinnar. Nú eru flestir horfnir nema hún.<sup>353</sup>

Orð Matthíasar um hin „andfélagslegu“ og „lokuðu“ ljóð Dickinson minna á fyrrgreind ummæli Christopher Benfeys um „hlédrægnina“ eða „fráhvarfið“ í málbeitingu Dickinson, það sem hann nefnir *withdrawal* frá hinu augljósa eða auðtúlkanlega.<sup>354</sup> Og enn, í viðtali sem Kolbrún Bergþórsdóttir tekur við Matthías árið 2000, ber hina „ósýnilegu konu“ á góma:

Ég hef sagt að ég setjist ekki niður til að yrkja. Ég hef líkt skáldinu við tré sem fyllist af fuglum og tréð fer að syngja án þess að stjórna söngnum. Það er með manninn eins og skóginn, hann á sitt blómaskeið en einnig sinn vetur. Bandaríska skáldkonan Emily Dickinson líkti vetrinum við ljóshærðan morðingja. Þetta er dramatísk og svartýn líking og ég vil ekki tala á þann veg heldur lít ég á veturinn sem eðlilegt fyrirbrigði sem kemur inn í líf okkar og á sínar ævintýralegu hliðar.<sup>355</sup>

Matthías vitnar til eins af þekktari ljóðum Dickinson, F1668, ort árið 1884, eftir að Dickinson hafði mátt sjá á eftir móður sinni, vini sínum Samuel Bowles, dómaranum Otis Lord, sem Dickinson átti síðbúna ástarreynslu með, og loks Gilbert Thomas Dickinson, syni þeirra Austins og Susan, sem dó aðeins 8 ára gamall og var öllum mikill harmdauði. Andlát svo náinna ástvina, á skömmu tímabili, kann að útskýra hina „dramatísku og svartýnu líkingu“ Dickinson.

---

<sup>352</sup> M[atthías Johannessen]. „Helgisþjall“. *Morgunblaðið*. 26. maí 1991, bls. 22.

<sup>353</sup> Silja Aðalsteinsdóttir. „Kónguló sem spinnur inn í tómið“. *Tímarit Máls og Menningar*. 1. sept. 1996, bls. 28.

<sup>354</sup> Christopher Benfey. „Emily Dickinson and the American South“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 46.

<sup>355</sup> Kolbrún Bergþórsdóttir. „Skáldskapur er ástríða“. *Dagur*. 23. des. 2000, bls. 6.

Náttúrusýn ljóðsins minnir jafnframt talsvert á hina afskiptalausú náttúru sem lýst er í ljóði F778, „Fjögur tré – á afskekktu Engi –“. Á frummálinu hljómar þetta kunna ljóð svo, ásamt þýðingu ritgerðarhöfundar:

Það virðist furða Blómið lítt	Apparently with no surprise
sem unír glatt	To any happy Flower
við sitt	The Frost beheads it at its play –
	In accidental power –
að vera af slysi í Frostsins leik	The blonde Assassin passes on –
höfuðstytt –	The Sun proceeds unmoved
	To measure off another Day
Og Launmorðinginn ljósi	For an Approving God –
heldur brott –	
og Dagur fylgir Nótt	
Og óhrærð Sólin skín á það	
sem Guð	
segir Gott –	

Næturfrostið, „Launmorðinginn ljósi“, afhöfðar „Blómið“ sem „unír glatt / við sitt“. Þó stjórnast þessi böðull ekki af illsku, hvorki sinnar né annarra – vald hans er hendingu háð. Rétt eins og Morrinn í ævintýrasögum finnslandssænska rithöfundarins Tove Jansson, skilur frostið óafvitandi eftir sig slóð eyðileggingar og dauða hvert sem það fer, á hverju sem það snertir.

Hvort það er til þessara „hausaveiða“ og „aflimana“ frostsins sem Sigurður Hróarsson vísar í dómi sínum í *Fréttablaðinu* árið 2008 um ljóðabók Kristínar Ómarsdóttur, *Sjáðu fegurð þína*, skal ósagt látið, en ljóðlist Dickinson er þar höfð til samanburðar:

Leynimyndum í skáldskap hinnar óviðjafnanlegu Emily Dickinson hefur verið líkt við hausaveiðar og mannlegt kjötkveðjuát en hún er fræg fyrir aflimanir í ljóðum sínum og litfagrar sláturafurðir mannslíkamans undir rós. Aflimun er skáldinu okkar hugleikin og streymir í nokkrum kvíslum með frjósömum tungum á milli. Ein þessara kvísla er bókstafleg og minnir á þegar Emily hjó hægri höndina af drottnei allsherjar[.]<sup>356</sup>

---

<sup>356</sup> Sigurður Hróarsson. „Fyndin og beitt, háð og spott“. *Fréttablaðið*. 14. okt. 2008, bls. 14.

Sigurður vísar til ljóðs F1581, þar sem afdráttarlaus greinarmunur er gerður á „Þei[m] – sem dóu þá“ og hinum sem lifa og deyja nú, í guðlausum heimi að því er virðist:

Þeir – sem dóu þá vissu að leiðin lá Guði á Hægri Hönd – Sú Hönd er afsneidd nú og Guð er hvergi að sjá –	Those – dying then, Knew where they went – They went to God’s Right Hand – That Hand is amputated now And God cannot be found –
Að hafna Trúnni gerir Hegðunina smáa – Betra er mýrarljósið en myrkrið bláa –	The abdication of Belief Makes the Behavior small – Better an ignis fatuus Than no illumine at all –

Samanburður Sigurðar á ljóðum Kristínar Ómarsdóttur við skáldskap Emily Dickinson virðist ekki úr lausu lofti gripinn. Tveimur árum fyrr hafði birst viðtal Sigurbjargar Þrastardóttur við Kristínu í *Lesbók Morgunblaðsins*, þar sem Kristín segir undir lokin af lítillæti:

Ef ég væri ekki að skrifa leikrit og sögur myndi ég óska þess að vera ljóðskáld eins og Emily Dickinson. Svona dreymir mig stóra drauma.<sup>357</sup>

Og ekki er það aðeins í draumum Kristínar Ómarsdóttur sem Emily Dickinson bregður fyrir. Skáldið Hallfríður J. Ragnheiðardóttir lýsir áhrifum Dickinson á ljóðlist sína í viðtali í *Morgunblaðinu* árið 2012:

Auk Þorsteins [frá Hamri] skapaði annað skáld sér sess í draumum mínum en það var Emily Dickinson. Eitt ljóða hennar talaði sérstaklega sterkt til mín en það fjallar um lítið maríuvandarblóm sem reyndi að vera rós og mistókst. Það var svo ekki fyrr en undir vetur sem þetta litla fjólubláa villta blóm náði að blómstra. Dickinson hittir mig í hjartastað með þessu ljóði, bæði vegna þess að ég skynjaði í sjálfri mér þessa viðleitni til að laga mig að því sem mér hafði verið innprentað fremur en að leggja mig fram um að finna mitt sanna sjálf og eins hins að blómið blómstraði seint og leitín að minni rödd, mínum sannleika, hafði verið löng. Kannski vakti þetta ljóð Dickinson með mér von.<sup>358</sup>

<sup>357</sup> Sigurbjörg Þrastardóttir. „Snæuglan er blönk“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 16. des. 2006, bls. 14.

<sup>358</sup> Kolbrún Bergþórsdóttir. „Þorsteinn frá Hamri birtist í draumi“. *Morgunblaðið*. 20. feb. 2012, bls. 26.

Hallfríður vísar til ljóðs F520. Uppvöxtur maríuvandarblómsins minnir einna helst á ævintýri H.C. Andersens um litla ljóta andarungann, sem fyrst kom út árið 1843, tuttugu árum áður en Dickinson yrkir ljóð sitt um „litlu ljótu rósina“.<sup>359</sup> Athygli vekur að vetrarfrostið er hér ekki dauðadómur, líkt og það er í ljóði F1668 um „Launmörðingjann ljósa“. Fremur en að ganga á milli bols og höfuðs blóminu, þá er fyrsti snjórinn, norðanvindurinn og vetrarfrostið merki um að tími maríuvandarins sé loksins kominn – nú sé sviðið hans:

God made a little Gentian –  
It tried – to be a Rose –  
And failed – and all the Summer laughed –  
But just before the Snows

There rose a Purple Creature –  
That ravished all the Hill –  
And Summer hid her Forehead –  
And Mockery – was still –

The Frosts were her condition –  
The Tyrian would not come  
Until the North – invoke it –  
Creator – Shall I – bloom?

Áhrif Dickinson einskorðast ekki við bókmenntirnar; hún skýtur upp kollinum á ólíklegustu stöðum á vettvangi íslenskra prentmiðla. Áður er minnst á tilvísun til ljóðs hennar um hina fiðruðu von í umfjöllun um viðureign tveggja körfuboltaliða. Þá ratar nafn Dickinson jafnvel inn í fregnir af íslensku viðskiptalífi, þegar heildsalan Ó. Johnson & Kaaber fagnar hundrað ára afmæli:

Helga Guðrún Johnson, stjórnarmaður í stjórn fyrirtækisins [segir] að vissulega sé freistandi að horfa á 100 ára gamalt fyrirtæki sem elliært gamalmenni. „Við höfum því ákveðið að gera orð Emily Dickinson að okkar: Við verðum ekki eldri með árunum, heldur nýrri með hverjum deginum,“ segir Helga.<sup>360</sup>

---

<sup>359</sup> Í bók sinni *Lives Like Loaded Guns* (bls. 88) bendir Lyndall Gordon á að Susan Dickinson vísar til ævintýra H.C. Andersens í einu bréfa sinna til Emily. Eflaust hefur Dickinson því verið kunnug verkum ævintýrahöfundarins danska.

<sup>360</sup> Höf. óþekktur. „Nýrri með hverjum deginum“. *Morgunblaðið*. 9. sept. 2006, bls. 4.



„We turn not older with years, but newer every day.“ Orðin koma fyrir í bréfi Dickinson til Louise Norcross árið 1872 (L379), og mætti kannski heimfæra þau upp á Dickinson sjálfa, „skáldkon[una] misskild[u] sem nú er flestum öðrum skáldum þekktari“ með orðum Matthíasar Johannessens, og virðist sífellt geta birst okkur með nýjum hætti.

Fyrir kemur í umfjöllun um erlenda höfunda á síðum íslenskra blaða og tímarita að nafn og verk Emily Dickinson séu höfð til samanburðar. Svo er um kynningu Oskar Vistdals á ljóðlist norsku skáldkonunnar Inger Hagerup (sem þýddi ljóð Dickinson á sínum tíma) í *Alþýðublaðinu* árið 1989<sup>361</sup>, sem og í umfjöllun Jóhanns Hjálmarssonar um ungverskar bókmenntir í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 1999.<sup>362</sup> Þá birtist í *Lögbergi-Heimskringlu* í Vesturheimi árið 1990 kafli úr ritgerðasafni vestur-íslenska ljóðskáldsins og rithöfundarins Bill Holms, *Coming Home Crazy*.<sup>363</sup> Kaflinn lýsir fyrirlestrahaldi Holms um ævi og verk hinnar „óþýðanlegu“ Emily Dickinson frammi fyrir kínverskum háskólastudentum. En þrátt fyrir óþýðanleikann kemur á daginn að ófáir nemendur hafa lært ljóð Dickinson utanbókar og eru vel með á nótunum þegar Holm kennir þeim að syngja „Because I could not stop for Death –“ við laglínu sálmsins kunna „Amazing Grace“, en bæði eru ljóðin ort undir svokölluðum sálmahætti.

Önnur umfjöllun á enskri tungu, þótt höfundurinn sé í þetta sinn alíslenskur, er pistill rithöfundarins Eiríks Arnar Norðdahl. Í greininni „Speaking Like A God“, sem birtist í *Reykjavík Grapevine* árið 2009, fjallar Eiríkur um hljóðaljóð Æra-Tobba og annars konar framúrstefnuljóðlist í aldanna rás – og virðist þá stutt í „brjálsemina“ sem kemur fram í titlinum á ritgerðasafni Holms, sem og raunar í nafni Æra-Tobba, og loks í því kunna ljóði Dickinson sem Eiríkur vísar til:

[P]erhaps Emily Dickinson had something like gibberish in mind when she wrote “Much madness is divinest sense / To the discerning eye; / Much sense the starkest madness.” And maybe Kurt Schwitters said it all, when he said: “Ziiuu ennze ziiuu nnskrmmüüü, / ziiuu ennze ziiuu rinnzkrmmüüüü; / rakete bee bee, rakete bee zee”.<sup>364</sup>

Ein sterkustu tengsl Emily Dickinson og íslenskrar menningar, og þau sem minnstan svip bera af þeim gamalkunnu klisjum sem hafa viljað loða við hana, koma hins vegar úr nokkuð óvæntri átt – í gegnum heim myndlistarinnar, með bandarísku listakonuna og Íslandsvininn Roni Horn sem millilið. Mun nú vikið að drjúgum þætti Roni Horn í áhrifum og ummerkjum Emily Dickinson í íslenskri menningu.

---

<sup>361</sup> Oskar Vistdal. „Straumar og stefnur í norskum bókmenntum“. *Alþýðublaðið*. 5. des. 1989, bls. 9.

<sup>362</sup> Jóhann Hjálmarsson. „Ungverjar fyrstir í Frankfurt“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 9. okt. 2010, bls. 8.

<sup>363</sup> Bill Holm. „In China, Loving Lady Chatterley“. *Lögberg – Heimskringla*. 9. mars 1990, bls. 7.

<sup>364</sup> Eiríkur Örn Norðdahl. „Speaking Like A God“. *Reykjavík Grapevine*. 25. sept. 2009, bls. 38.

„Í raun legg ég verk Dickinson og þessa einstöku eyju að jöfnu“

Í viðtali árið 1990 er Horn spurð út í áhrifavalda sína. Telur Horn upp heimspekinga á borð við Hegel, Kant og Heidegger, sem og ljóðskáldin Elizabeth Bishop, Marianne Moore, Wordsworth, Keats og fleiri, auk Emily Dickinson.<sup>365</sup> Úr þessum fríða hópi virðast áhrif Dickinson einna djúpstæðust í listsköpun Horn. Í ófáum verkum hefur Horn sótt í líf samlöndu sinnar og ljóð og endurskapað þau með sínum hætti, oft í formi skúlptúra og ljósmynda sem byggja með einum eða öðrum hætti á ljóðlínum Dickinson og hinu sérstæða lífshlaupi hennar.

Það sem vekur þó sérstaka athygli er með hvaða hætti Ísland og íslenskt landslag tengist þessum verkum, og verður í raun þriðja viddin í þeim listræna veruleika sem skúlptúrar og myndverk Horn bjóða áhorfandanum að ganga inn í. Að þessum langvarandi tengslum er vikið í nokkrum viðtölum, greinum og fyrirlestrum um Horn og verk hennar frá 10. áratug síðustu aldar og fram yfir aldamótin. Þannig segir í endursögn *Morgunblaðsins* árið 1995 á grein sem birst hafði skömmu áður um Horn í bandaríska tímaritinu *Elle*:

Í *When Dickinson Shut Her Eyes*, sem er íhugull texti um skáldkonuna Emily Dickinson úr bókaröð Horn, *To Place*, segir: „Í ljóðum sínum talaði Dickinson um Vesúvius heima. Í verkum sínum sagðist hún ferðast þegar hún lokaði augunum og leggjast til svefnis líkt og hún færi til annars lands.“

Síðan segir í *Elle*: Horn sneri aftur og aftur til Íslands og skrifaði „Dickinson hélt kyrru fyrir heima til að ferðast um hnöttinn. En eyja eins og þessi hér er heima. Og ég kem hingað til að finna miðju heimsins.“<sup>366</sup>

Hversu víða Dickinson fór rekur Domhnall Mitchell í inngangi sínum að yfirlitsriti um alþjóðlega viðtökusögu hennar, og eru hér síður en svo öll ferðalögin talin:

Eins og frægt er orðið, þá ferðaðist Dickinson aldrei út fyrir landsteina fósturjarðarinnar – þótt finna megi tilvísanir í bréfum hennar til Noregs (L311), Japans (L976) og til „fegurri himna alla leið til Ítalíu“ (L184), sem og til „Jamaíku-eyja Minnisins“ (F1630), „norsks víns“ (F400) og „Rússnesks Snjós“ (F921).<sup>367</sup>

Dickinson er vissulega um margt skáld hins heimilislega nærumhverfis, líkt og drepið hefur verið á. En þó skyldi ekki loka augunum fyrir því hversu gríðarlega víðfeðmt tilvísanasvið

<sup>365</sup> Hallgrímur Helgason. „Ísland er mitt andlega heimili“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 21. apríl 1990, bls. 2.

<sup>366</sup> Höf. óþekktur. „List, eldur og Ísland“. *Morgunblaðið – Daglegt líf*. 31. mars 1995, bls. 7.

<sup>367</sup> Domhnall Mitchell. „Introduction. Emily Dickinson Abroad“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 1.

hennar er, frá hinu myndhverfða vesturhafi dauðans til Jerúsalem í austri og pólanna beggja á milli, auk þess að spanna lóðréttan ás sem nær allt frá „Kjallara Bjöllunnar“ (F1068) og „upp á Topp“ Himnaríkis (F800). Það er því ekki öldungis rétt sem Úlfhildur Dagsdóttir segir í ritdómi sínum um *Höggstað*, ljóðabók Gerðar Kristnýjar, að Dickinson hafi „aldrei [farið] út fyrir garðinn sinn“, hvorki sem manneskja né í ljóðum sínum:

Það er stundum sagt að eitt af því sem skilji að ljóð kvenna og karla sé það að ljóð karla vísi oft til klassískrar bókmenntahefðar, hetja og stórmenna, en ljóð kvenna séu persónulegri og sértækari, fjalli meira um heimilið og það nærtæka, svona líkt og hjá bandarísku skáldkonunni Emily Dickinson sem fór aldrei út fyrir garðinn sinn, hvorki í eigin persónu né í ljóðum.<sup>368</sup>

Jafnframt er vert að hafa hugfast að hið heimilislega eða „nærtæka“ í ljóðlist Emily Dickinson kemur ekki í veg fyrir að hún takist með ýmsu móti á við, og vinni með, hina „klassísku bókmenntahefð“, hvort sem þar er um að ræða forn-grískar goðsagnir, rit Biblíunnar, sálmakveðskap Isaac Watts, leikrit Shakespeares eða aðrar „karlmannlegar“ bókmenntir „hetja og stórmenna“ – að ógleymdum þeim bresku kvenrithöfundum sem Dickinson hafði í hávegum. Má þar nefna verk höfunda á borð við George Eliot, systurnar Charlotte, Anne og Emily Brontë, Elizabeth Barrett Browning, Elizabeth Gaskell, Christinu Rossetti og fleiri. Til þessara skáldsystra leitaði Dickinson með ýmsum hætti, bæði sem almennur lesandi og sem höfundur. Geyma bréf hennar margvíslegar tilvísanir sem og beinar tilvitnanir í verk þessara skálda, og má ráða af þeim orðum sem Dickinson velur sumum eftirlætishöfundum sínum í þessum bréfum („drottningar, núna!“ um þær Barrett Browning og franska skáldsagnahöfundinn George Sand, (L234) „dýrð“ um George Eliot (L254)) hversu drjúgur hluti af bókmenntalegu viganesti Dickinson slíkar fyrirmyndir í rithöfundastétt voru.<sup>369</sup>

En svo snúið sé frá forverum Dickinson aftur að vægi hennar fyrir Roni Horn: árið 1997 vikur Horn að tengslum sínum við Ísland í viðtali í *Lesbók Morgunblaðsins*, þar sem hún útskýrir

---

<sup>368</sup> Úlfhildur Dagsdóttir. „Höggstaður“. <https://bokmenntaborgin.is/umfjollun/hoggstadur>. Sótt 4. júlí 2018.

<sup>369</sup> Í riti sínu *Trying to Think with Emily Dickinson* vikur Jed Deppman að þeim mikilvægu fyrirmyndum á rithöfundasviðinu sem þær George Eliot, Charlotte Brontë og Elizabeth Barrett Browning og kvenhetjur þessara þriggja rithöfunda voru Dickinson, sjá *Trying to Think with Emily Dickinson*, 2008, bls. 160–184. Á meðal ófárra fræðimanna og ævisagnahöfunda sem fjallað hafa um áhrif breskra 19. aldar kvenrithöfunda á þroska, sjálfsmynd og ritstörf Emily Dickinson má jafnframt nefna umfjöllun Cristanne Miller í bók hennar *A Poet's Grammar*, 1987, bls. 160–186, en Miller leggur þar sérstaka áherslu á þau þrjú ljóð sem Dickinson orti í kjölfar andláts Elizabethar Barrett Browning. Ritgerð þessi er ekki könnun á bókmenntalegum bakgrunni Emily Dickinson, og því gefst ekki tóm hér til að ræða nánar með hvaða hætti fyrrnefndir kvenhöfundar, sem og samtímamenn og samlandar á borð við Ralph Waldo Emerson, Henry David Thoreau, Nathaniel Hawthorne og fleiri, höfðu áhrif á Emily Dickinson og verk hennar. Hér má þó rifja upp áður nefnd orð Susan Howe um vinnuaðferð þessa skálds, að „[g]áfa“ Dickinson hafi verið „að samþætta; hún notfærði sér aðra höfunda, greip hálmstrá úr hinum flókna vefnaði Tilvistarinnar hvar og hvenær sem henni hentaði.“ Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. 28.

nánar hvernig flökkubrúin dró hana æ og aftur hingað til lands – og hvernig þetta farfuglalíf megí í raun rekja til „staðfestu“ Dickinson:

Í rauninni vissi ég aldrei af hverju ég fór til Íslands fyrr en ég byrjaði að lesa Emily Dickinson. [...] Ég minnst þess að hafa lesið um það í einu bréfa Dickinson hvernig hún fór upp í svefnherbergið sitt og læsti sig þar inni, fyrir hana varð herbergið uppspretta frelsis, hennar staður til að vera frjáls. Og ég held að lestur minn á Dickinson hafi komið mér í skilning um að Ísland er sá staður í heiminum þar sem ég hef svigrúm til að vera eins og leyst úr fjötrum.<sup>370</sup>

Einkar áhugavert er að sjá með hvaða hætti Horn hefur endaskipti á hinu gamalkunna viðhorfi um innilokun Dickinson. Í stað eins konar „nauðungarvistar“ eða ósjálfráðs flótta, lítur Horn svo á að herbergið hafi verið „uppspretta frelsis“, staður Dickinson „til að vera frjáls“. Ferðalög Dickinson um hugarlendurnar ræðir Horn svo sérstaklega í viðtali í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 1998 – og enn er afstaða Horn til innilokunar samlöndu sinnar eindregin og róttæk:

- *Í einni Íslandsbóka þinna, Pooling Waters, ber bandarísku skáldkonuna Emily Dickinson á góma. Hún hefur haft mikil ábrif á þig?*

„Það er ekki að ósekju að Emily Dickinson skipar veglegan sess í heimsbókmenntunum – snilligáfa hennar er augljós. Þá er hún auðvitað líka þekkt fyrir að hafa stigið, að eigin vilja, út úr þjóðfélaginu og skapað nýjan heim eftir sínu höfði. Hún hélt sig heima en ferðaðist eigi að síður víðar en flestir – með því að loka augunum. Verk hennar hafa alla tíð höfðað sterklega til mín og haft mikla þýðingu fyrir sjálfsmat mitt sem listamanns. Líf hennar og verk standa mér einhverra hluta vegna svo undarlega nærri, þetta er allt eitthvað svo kunnuglegt. Þegar ég les Dickinson finnst mér ég muna hluti sem ég hef aldrei upplifað!“

- *Er það rétt að tengsl þín við Dickinson séu hvergi sterkari en á Íslandi?*

„Já, það er rétt. Þegar ég les ljóð og bréf hennar kemst ég ekki hjá því að hugsa um Ísland og þörf mína fyrir að koma hingað með reglulegu millibili. Af manneskju sem fór ekki út fyrir hússins dyr hæfir þessi fjarlægí en ómissandi staður henni fullkomlega. Í raun legg ég verk Dickinson og þessa einstöku eyju að jöfnu.“<sup>371</sup>

Fyrir utan þá afdráttarlausu hliðstæðu sem Horn dregur á milli Dickinson og Íslands, svoleiðis að hún leggur í raun „verk Dickinson og þessa einstöku eyju að jöfnu“, þá er ekki síður athyglisvert að Horn skuli tala um að Dickinson hafi stigið „að eigin vilja“ út úr þjóðfélaginu.

<sup>370</sup> Höf. óþekktur. „Bragð af landslaginu“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 31. maí 1997, bls. 2.

<sup>371</sup> Orri Páll Ormarsson. „Þar sem hjartað slær“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 19. sept. 1998, bls. 6–7.

Eins og rætt hefur verið, var lengi vel litið svo á að Dickinson hefði hrökklast inn í þrjú fýr þúsund ára sögu föðurhúsanna, nauðug viljug, ellegar í raun aldrei sloppið þaðan, undan járnaga föður síns. Í seinni tíð hefur þó í auknum mæli verið litið á innilokun hennar sem val fremur en harmræn, óviðráðanleg örlög. Í ávísögu sinni bendir Richard B. Sewall á að Dickinson-fjölskyldan öll hafi verið heimakær og að sú tilhneiging hafi birst snemma hjá fyrri ættliðum; á heimakærni Emily og annarra fjölskyldumeðlima hafi aðeins verið stigsmunur en ekki eðlis, og því sé varhugavert að telja innilokun hennar til marks um einhvern djúpstæðan, sálfræðilegan krankleika. Næðið sem ritstörfin kröfðust hafi vegið þyngra: „Strax á unga aldri (hver svo sem ástæðan var) hafði Emily lært að segja nei. Það varð henni eðlislægt, og eftir því sem hún helgaði sig í auknum mæli köllun sinni varð það henni lífsnauðsynlegt.“<sup>372</sup> Orðalag Horn er til marks um þessa varnagla Sewalls, og síðar algjöran viðsnúning feminískra fræðimanna á borð við áður nefnda Suzanne Juhasz, sem í riti sínu *The Undiscovered Continent* frá árinu 1983 talar um „strategískt“ val Dickinson sem hafi að segja má sagt sig úr lögum við hið karllæga samfélag feðraveldisins svo að skáldadraumar hennar gætu orðið að veruleika.<sup>373</sup>

Snemma spunnust margs konar slúðursögur um ástæðurnar að baki innilokun Dickinson. Kjaftaganginn reyndi Lavinia systir hennar að kveða niður að Emily látinni, ef til vill með nokkurri einföldun. Talaði hún um að einangrun systur sinnar hefði einungis verið „nokkuð sem gerðist“ (e. „only a happen“) og mætti að hluta til rekja til veikinda móður þeirra, sem krafðist mikillar umönnunar. Emily hefði tekið að sér umönnunarhlutverkið, með þeirri stanslausu viðveru á heimilinu sem hjúkrunin útheimti, og látið sér vel líka að hafa bækur sínar til aflestrar og aldingarðinn að hlúa að þegar laus stund gafst.<sup>374</sup> Af ýmum orðum Dickinson sjálfar má enn síður ætla að hún hafi harmað hlutskipti sitt í föðurgarði: „Heima er skilgreiningin á Guði“ (L483). „Heimilið er heilagt – hvorki efi né vantraust ratar inn um þess blessuðu gætt ... hér má svo sannarlega líta á að sé örlítil skiki af Edensgarði“ (L59). Richard Sewall bendir jafnframt á að enginn af þeim sem stóðu Dickinson næst – hvorki Lavinia né Austin, systkini hennar, né Susan mágkona hennar – hafi talið einangrun hennar óeðlilega. Sérviskuleg hegðun Dickinson hafi ágerst hægt og rólega, án þess að vekja ugg eða undrun meðal nánustu aðstandenda hennar, svo hægfara hafi þróunin verið. Sewall gerir þó ekki lítið úr ýmsu í fari Dickinson sem hljóti að teljast „óeðlilegt“, bæði á 19. aldar mælikvarða sem og okkar daga, og þá ekki síst í augum ókunnugra, þeirra sem ekki hafi umgengist Dickinson frá degi til dags. Við sem á eftir komum erum óhjákvæmilega í þeim hópi, og kunnum því að reka upp stór augu gagnvart mörgu í háttum þessa skálds.<sup>375</sup>

Út úr hinum „þrívíða“ veruleika sem Emily Dickinson, Roni Horn og íslensk náttúra mynda, sprettur svo önnur þrennd árið 1999, þegar bandaríski listfræðingurinn og ljóðskáldið

<sup>372</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 39 og 656.

<sup>373</sup> Suzanne Juhasz. *The Undiscovered Continent. Emily Dickinson and the Space of the Mind*, 1983, bls. 4–5.

<sup>374</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 153.

<sup>375</sup> Sama rit, bls. 154.

Eva Heisler flytur fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum sem nefnist „Roni Horn and the Doubling of Emily Dickinson“. Í fyrirlestrinum ræðir Heisler það sem hún kallar „þrívíddar-tvöföldun“ Horn á ljóðum Dickinson, þegar tvívítt rúm blaðsíðunnar verður að þrívíðum skúlptúrum. Að efnistöfum Horn vikur Heisler nánar í viðtali sem tekið er í tilefni af fyrirlestri hennar:

Áhrifa nítjándu aldar ljóðskáldsins Emily Dickinson gætir víða í verkum myndlistarkonunnar Roni Horn[.] Eva Heisler vinnur að Ph.D. verkefni um tengslin milli sjónlista og tungumáls og áhrif ljóða Emily Dickinson á verk Roni Horn. Hún kom fyrst hingað til lands haustið 1997 á Fulbright styrk í tengslum við rannsóknir sínar og hefur verið hér með annan fótinn síðan[.]

„Ég hef lengi haft mikinn áhuga á tengslum orða og ímyndar, einkum og sér í lagi þegar þau tengsl koma fram í nútímalist. Sjálf er ég einnig ljóðskáld og mér finnst mjög áhugavert að sjá þrívíddarframsetningu Roni Horn á verkum Emily Dickinson, sem er mjög erfitt skáld. Verk hennar einkennast af því hvernig hún talar í kringum hlutina. Tungumál hennar er mjög ákaft og ástríðufullt en það er ekki alltaf sérlega skýrt og setningarfræðilega og málfræðilega er það mjög erfitt. Hún breytir til dæmis gjarnan um fornafn í miðju ljóði. Þegar maður les hana verður maður virkilega að hægja á og velta orðunum fyrir sér,“ segir Eva Heisler. [...] „Það hefur fjöldinn allur af nútímalistamönnum notað Emily Dickinson og verk hennar sem innblástur en það sem mér finnst áhugavert við framsetningu Roni Horn á verkum hennar er að hún heldur sig í fjarlægð frá ævisögulegum þælingum og einbeitir sér að lestrarreynslunni,“ segir Heisler.<sup>376</sup>

Áhugasömum bauðst að hlýða á annan fyrirlestur Evu Heisler þetta sama ár, 1999, um myndverk Horn undir áhrifum frá ljóðum Dickinson, í þetta sinn undir titlinum „The Artist as Reader / Reading as Sculpture“. Áhrifa Dickinson í íslensku menningarlífi er því tekið að gæta allnokkuð um árpúsundamótin, þótt með óbeinum hætti sé, í gegnum heim myndlistarinnar. Þá tóku eins konar dagbókarfærslur Heisler að birtast í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 2005, þar sem hún hugleiðir myndlist í íslensku menningarlandslagi. Í færslu Heisler um Roni Horn ber Dickinson á góma:

Það var sérvíska nítjándu aldar skáldsins Emily Dickinson og strangur einfaldleiki póstmínimalíska myndhöggvarans Roni Horn sem dró mig til Íslands. Í lok níunda áratugarins varð ég heilluð af fjórum bálkum verka sem byggðust á lestri Horn á Dickinson. Línur úr tuttugu og þremur ljóðum Dickinson og einu bréfi eru sýndar í

---

<sup>376</sup> Margrét Sveinbjörnsdóttir. „Tengsl orða og ímyndunar“. *Morgunblaðið*. 14. okt. 1999, bls. 37.

formi álstanga og ferhyrninga. Sumir áhorfendur álitu þessa umbreytingu á gáskafullum ljóðmælum Dickinson yfir í hárnákvæma vélunna hluti vanhelgun á vífilengjum og tætingslegum línunum Dickinson. Mér fannst þessir hlutir næmir gagnvart setningarfræðilegum skringilegheitum skrifa Dickinson um leið og þeir voru þvermóðskulega þrívíðir. Þetta vakti forvitni mína; þótt verk grundvölluð á texta hafi verið algeng í listum síðan á þriðja áratugnum, þá voru Dickinson-verk Horn tilkomumikil í rannsókn sinni á því hver upplifunin af skúlptúr er og hver upplifunin af ljóðrænum texta er.<sup>377</sup>

Í umfjöllun sinni um ljósmyndasýningu Roni Horn frá árinu 2003, „Þetta er ég. Þetta ert þú“, vikur Ragna Sigurðardóttir að mörgu því sem hér hefur verið gert að umtalfeni – ríkidæmi einsemdarinnar, óskoruðu ferðafrelsi hugarflugsins og samruna manns og náttúru, þegar einstaklingurinn verður aðnjótandi nýs og fyllri veruleika í krafti skynjunar sinnar:

Roni Horn [hefur] líkt Íslandsáhuga sínum og dvöl sinni hér við sjálfskipaða einangrun bandaríska níttjándu aldar ljóðskáldsins Emily Dickinson sem hefur verið Roni innblástur í gegnum árin. Dickinson dvaldi síðustu tuttugu ár ævi sinnar heima við, hún smækkaði veröldina niður í húsið sitt og garðinn, líkt og besta leiðin til að velta fyrir sér umheiminum væri að upplifa hann í öruggri fjarlægð.<sup>378</sup>

Lokahnúttinn á „afstæð tengsl“ Horn við Ísland og þátt hinnar staðföstu Dickinson í listsköpun og heimshornaflakki löndu sinnar, bindur Fríða Björk Ingvarsdóttir í viðtali við Horn í *Lesbók Morgunblaðsins* árið 2007, þar sem Dickinson er getið með eftirfarandi hætti:

Árið 1980 lýsti Roni Horn því í bókinni *Making Being Here Enough* hversu afstæð tengsl hennar við Ísland eru. Á sama hátt og skáldið Emily Dickinson lokaði augunum til að ferðast um lendur hugans í skáldskap sínum var Horn meðvituð um afstæð tengsl sín við Ísland, landið sem hún heimsótti til að rannsaka: „Dickinson hélt sig stöðugt heima. Innilokuð í herberginu sínu á efri hæðinni fann hún upp nýja tegund ferðalaga og sótti staði heim. [...] Um stund er Dickinson hér hjá mér – á Íslandi,“ segir í textanum.<sup>379</sup>

---

<sup>377</sup> Eva Heisler. „Svörður atkvæðanna, setningar úr pappa“. Þýð. Fríða Björk Ingvarsdóttir. *Lesbók Morgunblaðsins*. 5. feb 2005, bls. 4–5. Ritgerðarhöfundur er ekki með öllu ljóst hvers vegna Heisler segir ljóðlínur Dickinson „vífilengjur“ og „tætingslegar“; víst er að margir telja vandfundið það skáld sem lagt hafi meiri áherslu á samþjöppun, nákvæmni og hnitmiðun ljóðlína sinna en Emily Dickinson. Rétt er þó að slá þann varnagla hér að ritgerðarhöfundur hefur ekki aðgang að frumtexta Heisler, einungis tilvitnaðri þýðingu.

<sup>378</sup> Ragna Sigurðardóttir. „Þegar einn plús einn verða þrjár“. *Morgunblaðið*. 7. ágúst 2003, bls. 22.

<sup>379</sup> Fríða Björk Ingvarsdóttir. „Tvítungt gólf og jöklar í útrýmingarhættu“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 5. maí 2007, bls. 4.

Ekki er þó öll sagan sögð þegar kemur að „þrívíddar-tvöföldun“ á verkum Dickinson, því árið 2012 birtist ljóðabók áður nefndrar Evu Heisler, *Reading Emily Dickinson in Icelandic*. Eins og getið hefur verið kom Eva Heisler fyrst hingað til lands sem Fulbright-styrkþegi árið 1997, og laut doktorsrannsókn hennar meðal annars að áhrifum ljóða Emily Dickinson á listsköpun Roni Horn. Áhrif Dickinson á listsköpun Heisler sjálfar eru jafnframt umtalsverð, eins og titill ljóðabókar hennar gefur til kynna. Heisler bjó hér og starfaði í níu ár, og fjalla mörg ljóða hennar um upplifun ljóðmælanda af íslenskum raunveruleika, upplifun sem oftast en ekki mætti ef til vill kenna við „lost in translation“-heilkennið, þegar ýmislegt fer á mis í lestri og skilningi einstaklings á framandi umhverfi og siðum. Þýðingarmisgengið einskorðast þó ekki við samfélagið sem slíkt, enda gengur Emily Dickinson og hugsun um ljóð hennar *á íslensku* sem rauður þráður í gegnum bók Heisler, sem freistar þess hvorttveggja að öðlast skilning á ljóðum samlöndu sinnar og því framandi tungumáli sem þau hafa verið þýdd á:

I turn back to the house and an Emily Dickinson poem in Icelandic. I struggle with the Icelandic for “uncertain lease” and “uncertain grasp.” I misread “to remember” as “to memorize.”<sup>380</sup>

Heisler vitnar hér til ljóðs F1059 („Uncertain lease – developes lustre“). Þá afritar ljóðmælandi íslenska þýðingu á hinu kunna ljóði „There’s a certain Slant of light“ (F320), en ekki vill betur til en svo að „ljós“ verður „ljóð“ við uppskriftina:

I copy the Icelandic, my hands plaster-of-Paris-white and my face marble-cold. I miscopy *ljósið* [the light] as *ljóð* [poem]: “There’s a certain Slant of poem, / Winter Afternoons –”.<sup>381</sup>

Loks skoðar ljóðmælandi sérstaklega þýðingu á ljóði F1779, um „býflugurnar og blómin“ og draumhyglina sem hinn eina nauðsynlega förunaut á lífsins engi:

I read Emily Dickinson in Icelandic: *Að gera slétta grund*.

“Prairie”–

two syllables that might sound like “prayer” if spoken quickly–  
is a grunt in Icelandic: *grund*.

No, I am mistaken.

---

<sup>380</sup> Eva Heisler. „It Sounds Like a Poem“. *Reading Emily Dickinson in Icelandic*, 2012, bls. 15.

<sup>381</sup> Sama rit, bls. 58.



*Grund* is not “prairie.”

*Slétta*—the word for “smoothness”—  
assumes the form of “prairie.”

*Að gera slétta grund*: “to make a prairie.”

I read the first line.

After each line, I stop to pick at a thread or turn a plant.<sup>382</sup>

Ljóst má vera að Heisler hefur hér þýðingu Hallbergs Hallmundssonar á ljóði F1779 til hliðsjónar, sem birtist í safni hans með ljóðum Dickinson *100 kvæði*, og hljóðar svo:

Að gera slétta grund	To make a prairie it takes a clover and one bee,
grass þarf smára og bý;	One clover, and a bee,
bara smára og bý	And revery.
og barns dreyrna lund.	The revery alone will do,
Og þó—	If bees are few.
ef brestur bý	
er barnslund nóg. <sup>383</sup>	

Skriður er kominn á orð Dickinson svo *grund* og *grunt*, *prairie* og *prayer* renna allt að því saman. Orðunum er léð ný áferð, þeim er komið fyrir í nýju landslagi. Jafnframt má segja að í verkum Heisler og Horn fái staður Dickinson (herbergi hennar, heimili, garðurinn) enduróm og spegilmynd – og um leið *nálægð* – í íslensku landslagi og tungumáli. Myndar þetta óneitanlega áhrifamikla andstæðu við þær umsagnir þar sem skáldkonan birtist sem fjarlæg, einangruð og svo ríglega staðbundin að hún kemur okkur nánast fyrir sjónir sem innilokað „kúríósítet“ á heimili föður síns, og eftir því óaðgengileg og sambandslaus við umheiminn. Þær Heisler og Horn koma þvert á móti á beinu talsambandi við verk Dickinson, með því að gera hana að órjúfanlegum hluta eigin listsköpunar, jafnframt því sem verk þeirra sækja innblástur og efnivið til íslenskrar náttúru og menningar. Útkoman er að mörgu leyti sambærileg þeirri „syntesu“ sem hlýst af samruna frumtexta/frumtextamenningar og þýðingarmáls/þýðingarmenningar í þýðingu; forvitnilegur „blendingur“ sem ber ættarmark beggja foreldra sinna. Sá blendingsskapnaður sem þýðingar óhjákvæmilega eru hefur þó löngum mætt vissum fordómum

---

<sup>382</sup> Sama rit, bls. 61.

<sup>383</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 140.

úr röðum „púristanna“, sem tortryggja hina tvöföldu höfundarvirkni og kjósa fremur hreinræktaðan, „óspjallaðan“ frumtexta. En líkt og listsköpun þeirra Horn og Heisler má teljast glögg dæmi um, þá eru listaverk sjaldnast „eingetin“, heldur býr að baki gríðarflókið samspil meðvitaðra og ómeðvitaðra áhrifavalda og forvera sem hinn skapandi listamaður vinnur með. Bókmenntirnar eru þar engin undantekning. Hugmyndin um hinn hreina frumtexta, hið hreina verk, er því að mörgu leyti á misskilningi byggð, enda efniviður og hugmyndir sem þegar fyrirfinnast „yfirfærðar“ með margvíslegu móti og þeim léðar nýjar birtingarmyndir í störfum hvers konar frumskapandi listamanna – og munu ýmsir vilja flokka þýðendur þar á meðal. Þannig er öll listsköpun, frá vissum sjónarhóli séð, margslungin og framsækin þýðingariðja.

Fórnarlambs- og einfarastimpillinn þráláti loðir þó enn við höfundarímynd Emily Dickinson, að minnsta kosti þegar litið er til „innlendra“ birtingarmynda hennar í íslenskum prentmiðlum. Þannig er vikið að æviferli Dickinson með heldur snautlegum hætti í umfjöllun DV um kvikmyndina *A Quiet Passion* árið 2017, en myndin fjallar um líf og list Dickinson:

Dickinson var einfari, fór sjaldan að heiman og síðustu árin talaði hún við gesti bak við luktur dyr. Hún lést 55 ára gömul og það var ekki fyrr en eftir dauða sinn sem hún öðlaðist frægð.<sup>384</sup>

Á þeim tæpu hundrað árum sem liðin eru frá því að Emily Dickinson er fyrst getið í íslenskum prentmiðlum, á síðum *Morgunblaðsins* árið 1924, virðist því fátt hafa breyst. Áherslan er enn á afbrigðileika hennar og innilokun, og sömu klisjurnar í raun endurtekna áratugum saman. Framlag Dickinson og staða sem eitt merkasta ljóðskáld vestrænnar bókmenntasögu á síðari öldum kemst því ekki fyllilega til skila. Til þess er ára sérvitringsins og fórnarlambins hreinlega of sterk. Á undanförunum áratugum hafa þó ýmsir sett spurningarmerki við hið harmræna hlutskipti Dickinson, svo sem getið hefur verið. Sú mynd sem dregin hefur verið upp í kjölfarið er mun heilsteyptari. Í stað hinnar barnslegu, engilblíðu, hvítklæddu og raunamæddu ráðgátu, birtist Dickinson í auknum mæli sem gerandi í eigin lífi, sem kona af holdi og blóði, sem af hugrekki og uppreisnaranda sveigði ytra umhverfi karllægs samfélags að köllun sinni og að kröfum eigin tilfinningalífs. Enn sem komið er hafa þó fá merki þessa sést í íslenskri prentsögu, en helstu undantekningarnar má finna í verkum og ummælum þeirra Roni Horn og Evu Heisler.

\* \* \*

Ef til vill hefur Hallberg Hallmundsson haft „Dalvísu“ Jónasar Hallgrímssonar meðvitað eða ómeðvitað í huga við þýðingu ljóðs F1779 hér að framan, og þá „grónu grund“ sem

---

<sup>384</sup> Kolbrún Bergþórsdóttir. „Nixon leikur Dickinson“. <http://www.dv.is/folk/2017/3/31/nixon-leikur-dickinson/>. Sótt 20. feb. 2018.

ljóðmælandi Jónasar „unir best hjá“, rétt eins og ljóðmælandi Dickinson.<sup>385</sup> Í næsta kafla mun nánar farið ofan í saumana á þýðingum Hallbergs og annarra á ljóðum Dickinson og grafist fyrir um hvað felist í því „að lesa Emily Dickinson á íslensku“, svo þýddur sé bókartitill Heisler.

---

<sup>385</sup> Jónas Hallgrímsson. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I*, 1989, bls. 179.



„ÓKUNN FINNUM LÖND“

*Dattir úr íslenskeri og alþjóðlegri  
þýðinga- og viðtökusögu Emily Dickinson*



## Stakar þýðingar

Þegar flett var í skrám Gegnis og leitað að íslenskum þýðingum á verkum Emily Dickinson í ágústmánuði árið 2019, voru uppgefnir þýðendur aðeins þrír: Árni Grétar Finnsson þýðir eitt ljóð í ljóðabók sinni *Leikur að orðum* (1982), Garðar Baldvinsson þrjú í ljóðabýðingasafni sínu *Blóð á striga* (2008), og loks Hallberg Hallmundsson sem er atkvæðamestur og birti árið 1994 safn sitt af Dickinson-þýðingum, *100 kvæði*. Til samanburðar má nefna að þýðendur ljóða Walt Whitmans á íslensku eru 14 talsins síðla árs 2019 samkvæmt Gegni. Þýðendur Dickinson eru þó fleiri en þrír, eins og vikið var stuttlega að í síðasta kafla. Auk þýðingar Annýar Ingimarsdóttur á ljóði F982 og lausamálsþýðingar Agnesar Láru Magnúsdóttur á ljóði F314, má finna í framhaldssögum *Tímans* og *Vikunnar* á 7. og 8. áratug síðustu aldar nokkuð orðréttar þýðingar þeirra Siglaugs Brynleifssonar á fyrra erindi ljóðs F144 og Auðar Haralds á hluta af ljóði F224. Þá birtust þýðingar Maríu Bjarkadóttur á nokkrum ljóða Dickinson sem hluti af þýðingu hennar á grein Margaret H. Freeman, „Ljóðlist og víðfemi myndhvarfa“, í *Ritinu* árið 2006, auk þess sem Eiríkur Örn Norðdahl hefur þýtt ljóð F507. Enn má hér nefna þau ljóð Emily Dickinson er koma fyrir í kvikmynd Terence Davies *A Quiet Passion* frá árinu 2016 og Freydís Ósk Daníelsdóttir, íslenskur þýðandi kvikmyndarinnar, snarar með nokkuð orðréttum hætti. Mun nú nánar fjallað um þessar og aðrar þýðingar á ljóðum Dickinson sem ritgerðarhöfundur er kunnar, áður en sjónum verður beint að þýðingasafni Hallbergs Hallmundssonar. Síðar í kaflanum, að lokinni umfjöllun um fyrirbyggjandi íslenskar þýðingar, mun svo hugað að viðtökum ljóða Emily Dickinson í víðara samhengi, með áherslu á tjáningarform ljóðanna og handritageymd, og lítið sérstaklega til afstöðu og vinnubragða tveggja sænskra þýðenda í þeim efnum.

\* \* \*

Þýðingar þeirra Annýar, Agnesar, Auðar, Siglaugs, Maríu, Eiríks Arnar og Freydísar Óskar eiga það sameiginlegt að leggja megináherslu á merkingarinntak ljóðanna fremur en „fagurfræðilega“ ytri þætti á borð við hrynjandi, greinarmerkjasetningu, knappleika, notkun hástafa, rím og fleiri atriði, þótt auðvitað sé illgerlegt að skilja alfarið á milli forms og inntaks ljóða með svo einföldum hætti. Almennt má þó segja að þýðingaraðferðin sem beitt er í þessum tilvikum miðist fremur við að skila merkingu orðanna en listrænum áhrifum þeirra í hvívetna. Sem dæmi má nefna þýðingu Maríu Bjarkadóttur á ljóði F861 í fyrrnefndri grein Margaret H. Freeman, þar sem hin svo til orðréttá, beina þýðing þjónar öðru fremur hlutverki eins konar „gagnabanka“ þeirra myndlíkinga sem Freeman rannsakar í ritgerð sinni:

Sagt er að „tíminn  
sefi“ -  
tíminn hefur aldrei sefað -  
raunveruleg þjáning  
styrkist  
eins og sinar gera - með aldrinum

They say that “Time  
assuages” -  
Time never did assuage -  
An actual suffering  
strengthens  
As Sinews do - with Age

Tíminn er prófsteinn  
erfiðleika -  
en ekki lækning -  
ef hann reynist slík  
sannar það einnig  
að það var aldrei neitt mein <sup>386</sup>

Time is a Test of  
Trouble -  
But not a Remedy -  
If such it prove, it  
prove too  
There was no Malady -

Freeman vitnar til ljóða Dickinson eins og þau koma fyrir í handritum hennar, án hinna „hljómrænu“ línuskiptinga í lesútgáfum Johnsons og Franklins samkvæmt atkvæðafjölda í braglínunum, auk þess sem hún ritar þankastrik Dickinson sem bandstrik. Til samanburðar hljóma þýðingar Hallbergs Hallmundssonar (vinstri) og ritgerðarhöfundar (hægri) svo:

Þeir tjá mér að tíminn græði.  
Tíminn græddi aldrei neitt.  
Aldurinn— eins og sinum—  
eykur kvölinni þrótt.

Sagt er að „Tíminn líní“ –  
Tíminn línar aldrei –  
Sönn kvöl, einsog Sinar,  
styrkist með Aldri –

Tímann álit ég eldraun  
ekki læknisdóm.  
Sé hann slíkur, sannar það líka  
að sárið var ímyndun tóm. <sup>387</sup>

Tíminn er Prófsteinn Rauna –  
ekki Lyfjagras –  
Reynist hann svo, er raunin sú  
að ekkert var að –

Auk framangreindra þýðinga sem leynast í blöðum og tímaritum, er ótalin þýðing sú á ljóði F1286 (J1263) sem gestum Bókakaffisins á Selfossi gefst kostur á að lesa þegar inn er komið. Þýðing þessi hangir þar innrömmuð á vegg, ásamt frumtexta (í útgáfu Johnsons), og hljómar svo:

---

<sup>386</sup> Margaret H. Freeman. „Ljóðlist og víðfemi myndhvarfa. Drög að hugrænni bókmenntakenningu“. Þýð. María Bjarkadóttir. *Ritíð*, 2006, bls. 213.

<sup>387</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 86.



Með engu skipi eins og bók  
ókunn finnum lönd,  
á síðu af ljóðum líða má  
langt frá heimaströnd –  
allslaus siglir engin gjöld  
aftra ferðum hans,  
hve furðulítinn farkost þarf  
að flytja sálu manns.

There is no Frigate like a Book  
To take us Lands away  
Nor any Coursers like a Page  
Of prancing Poetry –  
This Travel may the poorest take  
Without offence of Toll –  
How frugal is the Chariot  
That bears the Human Soul.

Þýðingin er merkt „AH“, sem mun standa fyrir Atla Harðarson heimspeking. Ólíkt þeim Anný, Agnesi, Siglaugi, Auði, Maríu, Eiríki Erni og Freydísi Ósk fellir Atli þýðingu sína að íslenskum bragvenjum, án nokkurs afsláttar á reglum um stuðla, höfuðstafi og alrím. Gerist Atli þannig kaþólskari en páfinn að segja má, enda lætur Dickinson skotrím nægja („away“/„Poetry“, „Toll“/„Soul“). Greinarmerkjasetningu frumtexta er að nokkru leyti fylgt, þótt Atli láti ógert að rita helstu nafnorð (og lýsingarorðið „Human“) með hástöfum. Sömuleiðis má nefna að líkingu Dickinson á ljóðlistinni við eins konar dansandi „gæðingafimi“ („Coursers“, „prancing“) í línum 3 og 4 er sleppt. Þess í stað heldur Atli skipalíkingu sinni (og Dickinson) út í gegnum ljóðið. Sá „farkostur“ sem flytur „sálu manns“ í lokallínunum ljóðsins er því enn bókarskipið í 1. línu þýðingarinnar, þótt Dickinson hafi þá tekið sér far með „fábrotum Vagni“ í frumtexta. Löng hefð er fyrir því í íslenskri ljóðagerð að skáldskapurinn sé kenndur við skip (hann er til að mynda „dverga skip“ í hinu forna skáldamáli). Gegnumgangandi líkingarmál Atla er því vel við hæfi.<sup>388</sup>

Ljóð Dickinson um hinn „fábrotna Vagn“ sem mannsandinn finnur sér í bókum er eins konar inngangsljóð að vinsælu úrvali ljóða hennar sem gefið var út árið 1934, og var einkum stílað á yngri lesendur eins og segir í titli safnsins: *Poems for Youth*. Nokkuð hefur verið rætt hér um þær ólíku myndir sem dregnar hafa verið upp af Emily Dickinson, meðal annars með hliðsjón af gagnrýni Adrienne Rich á að „smástelpu-ljóðum“ þessa skálds hafi löngum verið haldið að lesendum á kostnað annarra og viðsjárverðari ljóða.<sup>389</sup> Líklegt má telja að Adrienne Rich hafi haft bækur á borð við *Poems for Youth* í huga þegar hún setti fram gagnrýni sína, en í sýnisbók þeirri er það hin glaðværa, barnvæna og áhyggjulausa Dickinson sem hefur unun af leikjum, gátum og vinsemd við fugla og dýr náttúrunnar sem kynnt er til sögunnar af ritstjórum bókarinnar, en dekkri og nóturlegri hliðar ljóðlistar hennar látnar liggja á milli hluta. Óhætt er

---

<sup>388</sup> Þess má geta að í ritgerð sinni „Líkingar og hvörf“ vísar annar heimspekingur, Þorsteinn Gylfason, til fyrstu tveggja lína þessa ljóðs og þeirra stílbragða tvíraðninnar sem „[s]káldkonan neytir [...] til fulls.“ Sjálfur þýðir Þorsteinn línurnar svo, með ljóðstöfum að íslenskum sið líkt og kollegi sinn: „Engin freigáta er sem bók / ef út þú vilt um lönd.“ Sjá Þorsteinn Gylfason. *Að hugsa á íslensku*, 1996, bls. 148.

<sup>389</sup> Adrienne Rich. „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“. *Parnassus. Poetry in Review*. 5. árg., 1. tbl., 1976. Vitnað eftir <http://parnassusreview.com/archives/416>. Sótt 5. ágúst 2019.

þó að segja að þessari Dickinson hafi verið tekið fagnandi, því bókin var margendurútfingin á öldinni sem leið.

Á meðal ljóða *Poems for Youth* er F982, „If I can stop one Heart from breaking“, en ljóðið er eitt þeirra sem Adrienne Rich beinir sérstaklega sjónum að í ritgerð sinni og tiltekur sem dæmi um þá meinleysilegu mynd sem löngum hafi verið dregin upp af skáldinu frá Amherst á meðan aðrir og ískyggilegri þættir í ljóðagerð hennar hafi legið í láginni. Minnst hefur verið á þýðingu Annýar Ingimarsdóttur á ljóðinu, sem birtist í minningargrein árið 2008. Áður hafði þó birst þýðing hæstaréttarlögmannsins Árna Grétars Finnssonar á þessu vinsæla ljóði, í bók hans *Leikur að orðum* frá 1982. Er þetta fyrsta „skráða“ Dickinson-þýðing íslenskrar bókmenntasögu, og hljómar hún svo:

*Ef ég megna að hugga*

Ef ég megna að hugga eitt sorgbitið hjarta,  
þá hefur sinn tilgang mín jarðardvöl.  
Ef mér auðnast að létta einhverjum lífið  
eða lina annars kvöl,  
eða hjálpa fölnum ungum  
að finna hreiðrin sín,  
þá hefur ei orðið til einskis, ævin mín.<sup>390</sup>

Í *Lífsþori*, heildarsafni ljóða sinna og þýðinga sem út kom árið 2010, hafði Árni gert nokkrar bragarbætur á þýðingu sinni, sem hljómar nú svo:

Ef ég megna eitt sorgbitið hjarta að hugga,  
þá hefur sinn tilgang mín jarðardvöl.  
Ef mér auðnast einhverjum sporin að létta  
og annars að lina kvöl,  
eða hjálpa óflegum ungum  
heim aftur í hreiðrin sín,  
þá hefur ei liðið til einskis – ævin mín.<sup>391</sup>

Með því að flytja sagnorðin „hugga“ og „létta“ aftast í línunum 1 og 3, herðir Árni á stuðlasetningu og hrynjandi fyrstu fjögurra lína ljóðsins frá fyrri gerð. Þá hjálpar ljóðmælandi nú „óflegum“ ungum í hreiðrin sín, sem lagfærir innsláttarvilluna „fölnum“. Í frumtexta talar

---

<sup>390</sup> Árni Grétar Finnsson. *Leikur að orðum. Ljóð og þýðingar*, 1982, bls. 104.

<sup>391</sup> Árni Grétar Finnsson. *Lífsþor*, 2010, bls. 98.

Dickinson um „fainting Robin“, eða „vanmáttugan þröst“ eins og segir í þýðingu Annýar Ingimarsdóttur, en ugglaut er „Þröstur“ Dickinson vankaður eftir að hafa fallið úr hreiðri sínu. Hvorki Anný né Árne Grétar fylgja hástafanotkun frumtextans, en segja má að þankastrikið sem Árne Grétar tekur upp í endurskoðaðri gerð sinni árið 1997 feli í sér vissa höfuðhneigingu til Dickinson, þótt hún beiti ekki þessu sérkenni sínu í ljóði F982.

Þýðing Árna Grétars er nokkuð formföst, bæði stuðluð og rímuð líkt og þýðing Atla Harðarsonar á ljóði J1263 hér að framan. Þýðing Hallbergs Hallmundssonar á hinu hugljúfa ljóði Dickinson um hjálpsemina (sem þar með er til í 4 gerðum, fleiri en nokkurt annað ljóð hennar á íslensku) sver sig enn fremur í sömu ætt íslenskrar braghefðar – felld í stuðla og alrím, og enn er sneitt hjá hinni einkennandi hástafanotkun frumtextans:

Fái ég hindrað eitt hjarta að bresta	If I can stop one Heart from breaking
hefur líf mitt nýst;	I shall not live in vain
fái ég þrautir eins lífsskeiðs létt	If I can ease one Life the Aching
eða linað kvöl fyrir víst	Or cool one Pain
eða hjálpað unga upp í hreiðrið sitt	Or help one fainting Robin
heyri ég angistartíst	Unto his Nest again
hefur líf mitt nýst. <sup>392</sup>	I shall not live in vain.

Þýðingar Garðars Baldvinssonar á þremur ljóðum Dickinson eru allt öðru marki brenndar, en þær birtust í safni hans *Blóð á striga* árið 2008, ásamt þýðingum á ljóðum annarra öndvegisskálda sem og minna þekktara í enskumælandi bókmenntum frá síðari hluta 19. aldar til nútímans. Garðar kys að beita hvorki stuðlum né rími í þýðingum sínum, né fylgir atkvæðatalning og hrynjandi braglína hans föstu skipulagi. Þá er sú Dickinson sem birtist hér, í ljóði J501 (F373), nokkuð frábrugðin þeirri hugþekku og hjálpfúsu skáldkonu sem hefur orðið í F982. Í stað hins einfalda sannleika og lífstilgangs hjálpseminnar, þótt í litlu sé, rekur Dickinson efasemdir og (ófullnægjandi) svör við hinu rökm tilverunnar í þessu magnaða ljóði, hvort sem svaranna er leitað í „Heimspeki“ aldanna, „Ráðgátu“ dauðans, „Þekkingu“ lærdómsmanna eða „Trú“ þeirra sem standa í predikunarstólnum og pata:

Þessi heimur er ekki niðurstaða.	This World is not conclusion.
Dýrakyn stendur fyrir handan –	A Species stands beyond –
ósýnilegt, eins og tónlist –	Invisible, as Music –
en jákvætt, eins og hljóð –	But positive, as Sound –
það bendir og það undrar –	It beckons, and it baffles –

<sup>392</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 102.

heimspeki – veit ekki –  
 og að lokum fyrir tilstuðlan gátunnar –  
 vitið mikla, verður að fara –  
 ágiskun um það ruglar fræðimenn –  
 til að ná því hafa menn alið  
 fyrirritningu kynslóðanna  
 og krossfestingu, sýnt –  
 trúna förlast – og hún hlær og öskrar –  
 roðnar ef einhver sér –  
 plokkar í grein sönnunarinnar –  
 og spyr vindhana til vegar –  
 mikið handapat úr ræðustólnum –  
 sterkt rennur hallelújað –  
 vímuefni fá ekki sefað tönnina  
 sem nagar sálina –<sup>393</sup>

Philosophy – don't know –  
 And through a Riddle, at the last –  
 Sagacity, must go –  
 To guess it, puzzles scholars –  
 To gain it, Men have borne  
 Contempt of Generations  
 And Crucifixion, shown –  
 Faith slips – and laughs, and rallies –  
 Blushes, if any see –  
 Plucks at a twig of Evidence –  
 And asks a Vane, the way –  
 Much Gesture, from the Pulpit –  
 Strong Hallelujahs roll –  
 Narcotics cannot still the Tooth  
 That nibbles at the soul –

Dickinson byrjar á því að fullyrða, án nokkurra tvímæla, að hinn jarðneski „Heimur“ sé ekki „Endalok“ alls; það bíði „Dýrakyn“ eða sköpunarverk einhvers konar handan dauðans, sem sé bæði „ósýnilegt, eins og tónlist“ og „jákvætt, eins og hljóð“. Raunar er ljóðmælandi svo öruggur í trú sinni að Dickinson setur sjaldséðan punkt aftanvið fullyrðingu upphafslínunnar (en „Conclusion“ í frumtexta er eins konar orðaleikur, og getur vísað bæði til „Endaloka“ sem og „Niðurstöðu“ eða „Svars“). Ef til vill ber þó að varast að líta á fullyrðinguna sem afstöðu Dickinson sjálf. Fremur er hér um nokkurs konar rannsóknartilgátu eða „tesu“ að ræða, sóttá í kristna kenningu og loforð hennar um handanlíf, fyrirheit sem síðan er rannsakað frá hinum ýmsu hliðum í ljóðinu. Einna háðulegustu útreiðina fær raunar „Trúin“, sem skrikar fótur, roðnar og fálmar eftir „grein sönnunarinnar“ til að verjast falli – áður en hún biður „vindhanann“ að vísa sér rétta leið! Að lokum er komist að niðurstöðu í síðustu tveimur línum ljóðsins: engin „vímuefni“ geta sefað „tönnina“ (tönn efans? vantrúarinnar? kvíðans?) sem „nagar sálina“. Dickinson virðist því tæplega samþykkt hinni kunnunni staðhæfingu Karls Marx, sem litið hafði dagsins ljós um 20 árum fyrr, að trúarbrögðin séu ópíum fólksins. Eins og Helen Vendler segir í umfjöllun sinni um lokalínurnar: „Ef Trúin getur flutt fjöll, þá getur Tönnin nagað þau aftur til grunna.“<sup>394</sup>

Sem fyrr segir fellir Garðar þýðingu sína ekki að hefðbundnum bragreglum íslenskrar kvæðahefðar líkt og þeir Atli, Árni Grétar og Hallberg gera allir. Þess í stað er orðalagi frumtextans fylgt ansi náíð, oft með þeim afleiðingum að texti og hugsun Dickinson – sem er

<sup>393</sup> Garðar Baldvinsson. *Blóð á striga. Ljóðþýðingar*, 2008, bls. 28.

<sup>394</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 175.

óneitanlega nokkuð snúin á frummálinu – verður jafnvel tyrfnari en efni standa til í þýðingunni. Sem dæmi má nefna 5. línu ljóðsins, „það bendir og það undrar“. Um nánari lýsingu á sköpunarverkinu dularfulla handan grafar virðist að ræða (fremur en „Þess[um] heim[i]“, þótt „it“ geti setningarfræðilega bæði vísað til „World“ og „Species“). Línuna „It beckons, and it baffles“ mætti því útskýra sem svo að handanlífið „kallar eftir athygli okkar“ eða jafnvel „boðar okkur til sín með valdi“ (e. „beckons“) sem og „veldur undrun“ (e. „baffles“) – og „tælir“ raunar líka, svo þriðja merking sagnarinnar laundrjúgu „beckon“ sé höfð í huga. Lesandi er þó í nokkrum vanda staddur þegar hann reynir að átta sig á þessari línu Dickinson á íslensku. Sú „bending“ sem felst í hinni orðréttu þýðingu, „það bendir og það undrar“, er óljós, auk þess sem þýðinguna má skilja sem svo að umrætt „Dýrakyn“ sé „undrandi“, samanber ópersónulega notkun sagnarinnar í orðalaginu „mig undrar“, þótt nærtækara sé að það *valdi undrun* okkar, að við stöndum á gati gagnvart því. Segja má að hér standi hin orðréttu þýðing enn of nærri enska frumtextanum; það eigi enn eftir að skila inntaki línunnar til fulls þótt orðin hafi verið þýdd. Líku máli gegnir um sagnorðið „að plokka“ nokkru síðar. Þótt sögnin sé samstofna ensku sögninni „to pluck“, er merking hennar á íslensku – að reyta, tína, pilla – talsvert önnur en á ensku hér, enda lætur Dickinson trúna fremur „þrífa til“ eða „fálma eftir“ „grein sönnunarinnar“ til að styðja sig við.

Ekki fylgir Garðar hástafanotkun Dickinson fremur en aðrir þýðendur sem hér hafa verið ræddir. Greinarmerkjasetningu hennar fylgir hann þó náíð, án þess að freista þess að endurskapa hrynjandi frumtextans og rím, en eftirtektafvert er hversu víða kommur og þankastrík skipta ljóðlínunum og hrynjandi Dickinson til eins konar áhersluhelminga hér:

Invisible, as Music –  
 But positive, as Sound –  
 It beckons, and it baffles –  
 Philosophy – don't know –

Þessum knappa *stakkató*-rytma er erfitt að koma við í íslenskri þýðingu:

ósýnilegt, eins og tónlist –  
 en jákvætt, eins og hljóð –  
 það bendir og það undrar –  
 heimspeki – veit ekki –

Líkt og áður segir um þýðingar sem fylgja frumtexta nokkuð náíð, er síður en svo útilokað að aðferðin skili „listrænum“ áhrifum frumtextans, í hverju svo sem slík áhrif kunna að felast. Bláþráðótt málfræði Dickinson gerir þó að verkum í ljóði J501 (og víða annars staðar) að

varasamt getur reynst að leysa ekki sjálft inntak ljóðlína hennar úr böndum þeirra málfræðilegu styttinga sem Dickinson beitir:

ágiskun um það ruglar fræðimenn –  
til að ná því hafa menn alið  
fyrirlitningu kynslóðanna  
og krossfestingu, sýnt –  
trúna förlast

Setningarfræði hinnar íslensku þýðingar er óljós hér og málnotkunin illskiljanleg, þegar talað er um að menn hafi „alið fyrirlitningu ... og krossfestingu“, þegar merkingin er öllu fremur sú að menn hafi mátt „þola fyrirlitningu“ í aldanna rás. Þá er óljóst hvað átt er við með orðalaginu „sýnt – / trúna förlast“. Í frumtexta beitir Dickinson knappri hrynjandi og stuðlasetningu til að hnýta línur sínar saman:

To guess it, puzzles scholars –  
To gain it, Men have borne  
Contempt of Generations  
And Crucifixion, shown –

Erfitt er að sjá að „shown“ stýri falli í frumtexta, líkt og sögnin er látin gera í hinnar íslensku þýðingu, þegar sagt er að „menn“ hafi „sýnt – / trúna förlast“. Líklegra er að hér beiti Dickinson ítrústu málfræðistyttingum:

And Crucifixion [has been] shown [to Men] –

Brag- og efnisleg erindaskipan ljóðsins, í fimm fjögurra lína „erindi“, þó án hefðbundinnar skiptingar þeirra á milli, gefur enn fremur tilefni til að ætla að skil séu á milli „shown –“ og næstu línu, „Faith slips – and laughs, and rallies –“, sem stendur sjálfstæð, sem upphafslína 4. „erindis“ ljóðsins, og því stýri sagnmyndin „shown“ ekki falli.

Í grein sinni „„Preciser what we are“. Emily Dickinson’s poems in translation“ bendir sænska fræðikonan og þýðandinn Marta Dahlgren á sams konar áskoranir og hér hafa verið ræddar, þegar þýðandi stendur frammi fyrir „afbrigðilegri setningarfræði“ Dickinson og „eyðunum“ í ljóðagerð hennar:

Í mörgum ljóða Dickinson er setningarfræði hennar og orðnotkun með eindæmum knöpp. Á sama tíma hnýtir hún ljóð sín svo rækilega saman með því sem gefið er í skyn að þýðandi hættir á að hugsanlegar túlkunarleiðir rakni upp ef hann sker á þau

bönd. Þegar Dickinson beitir eyðum í ljóðagerð sinni, eða þegar hún snýr upp á alvanalegt orðalag, verður slíkt iðulega til að auka áhrifamátt ljóða hennar, og má að mínu mati ekki síst rekja áhrifin til aukinnar margræðni og samsvarandi túlkunarglímu lesandans. Í þýðingu skapar þetta vanda, þar sem þýðandi verður að ákveða hvort hann viðhaldi afbrigðilegri setningarfræði ljóðanna eða kjósi að einfalda þau í þýðingu sinni.<sup>395</sup>

Undir þessi orð getur ritgerðarhöfundur tekið, en vill þó slá nokkra varnagla. Ef til vill má segja að Dahlgren einblíni hér um of á torskildari ljóð Dickinson, á ánægjuna sem „túlkunarglíman“ við helstu heilabryóta hennar veitir, og á þann vanda sem slík ljóð kunna að skapa þýðendum. Auk þess má velta fyrir sér hvort hugsanlegar lausnir á þessum vanda séu eins afgerandi, eins klipptar og skornar, og Dahlgren leiðir líkur að. Vel má hugsa sér að „afbrigðilegri setningarfræði“ Dickinson sé haldið þótt henni sé ekki fylgt í hvívetna, hvar sem hún kemur fyrir í frumtexta, enda kunna að vera fleiri en ein leið til að fylgja eða leika eftir margræðni í setningaskipan textans, án þess að ljóðin séu einfölduð um of eða hreinlega „útvötnuð“, með því þjónustuhlutverki sem þýðingum er stundum ætlað að gegna.

Síðar í grein sinni bendir Dahlgren á að nauðsynlegt kunni að reynast að „þýða í“ eyðurnar sem víða verða á vegi lesanda í ljóðlist Dickinson:

Ljóðlistin er í eðli sínu bókmenntagrein sem lætur reyna á þolmörk samhengisins. Lesandi þarf fyrir vikið að leggja hart að sér til að bera kennsl á rökleg tengsl hugmynda og hugtaka og glöggva sig á framvindu og þróun ljóðs með tilliti til tíma og rúms. Ef fórnarkostnaður þess að viðhalda eyðunum er setningarfræðileg rangtúlkun, er kannski heillavænlegast að „fylla upp í tómið“.<sup>396</sup>

Rofið í margræðri málfræði Dickinson, þegar hún slítur hinn hárfína þráð í byggingu ljóða sinna, er gott dæmi um þær áskoranir sem þýðendur hennar standa frammi fyrir, ekki síst þegar um flóknari ljóð hennar er að ræða (vart þarf að taka fram að ljóð J501, „This World is not Conclusion“, rataði ekki inn í hina aðgengilegu og barnvænu *Poems for Youth* á sínum tíma). Þau „þolmörk samhengisins“ sem Dickinson lætur reyna á í ljóði J501, með aðferð hins undanskilda, setningarfræðilegum „eyðum“ og því sem eingöngu „gefið er í skyn“, tekst Garðari ekki allskostar að leika eftir í þýðingu sinni. Með orðalagi Dahlgren má segja að „fórnarkostnaður“ hinnar orðréttu þýðingaraðferðar hér sé „setningarfræðileg rangtúlkun“, auk þess sem ekki er gerð tilraun til að endurskapa fagurfræðileg einkenni á borð við hrynjandi og rím. En þótt þýðing Garðars sé ekki gallalaus, fremur en aðrar þýðingar, má segja að formleysi

---

<sup>395</sup> Marta Dahlgren. „„Preciser what we are“. Emily Dickinson's poems in translation. A study in literary pragmatics“. *Journal of Pragmatics*, 2005, bls. 1087.

<sup>396</sup> Sama rit, bls. 1090.

hennar sé eftirtektarvert, og til marks um þau módernísku umbrot í ljóðmáli Dickinson sem munu nánar rædd síðar.

Í ljóði J501 er það leyndardómur handanlífsins sem Dickinson freistar að færa í orð. Jafnoft beinir hún þó sjónum að veröldinni „hér og nú“, að hinni *jarðnesku paradís*, sem Dickinson lofar og hugleiðir í svo mörgum ljóða sinna. Þýðing Garðars Baldvinssonar á ljóði J668 (F721), um vankunnáttu okkar og vangetu til að fanga einfaldleika náttúrunnar í orð – ljóð sem raunar er að orðfæri og setningarfræði venju fremur *einfalt* – hljómar svo:

„Náttúran“ er það sem við sjáum –  
hæðin – síðdegisd –  
íkorni – myrkvi – hunangsflugan –  
nei – náttúran er himnaríki –  
náttúran er það sem við heyrum –  
bóbólink – sjórinn –  
þruman – krybburnar –  
nei – náttúran er samræmi –  
náttúran er það sem við vitum –  
en höfum þó enga list til að tjá –  
svo getulaus er vísdómur okkar  
gagnvart einfaldleika hennar<sup>397</sup>

“Nature” is what we see –  
The Hill – the Afternoon –  
Squirrel – Eclipse – the Bumble bee –  
Nay – Nature is Heaven –  
Nature is what we hear –  
The Bobolink – the Sea –  
Thunder – the Cricket –  
Nay – Nature is Harmony –  
Nature is what we know –  
Yet have no art to say –  
So impotent Our Wisdom is  
To her Simplicity

Í stað þess að leita svara við handanheimsspurningunum, einblínir Dickinson á það sem blasir við augum okkar og öðrum skilningarvitum í náttúrunni. En það er erfitt að koma orðum að því sem augun sjá; sjálf náttúran virðist „ónefnanleg“ – hún býr í því sem við vitum, en komum þó ekki orðum að:

Nature is what we know –  
Yet have no art to say –

Þrátt fyrir þessa vantrú á getu okkar til að færa „Náttúruna“ í orð, skortir Dickinson þó ekki orðin yfir fyrirbærin sem hún sér og heyrir og þylur upp, nánast eins og um litaníu í guðspjónustu sé að ræða: „Hæðin“, „Síðkveldið“, „Íkorninn“, „Myrkvinn“, „Hunangsflugan“, „Rísstarlinn“, „Hafið“, „Þruman“, „Krybban“ o.s.frv. Rétt eins og Adam í sköpunarsögu Biblíunnar, þá orðar Dickinson veröldina í ljóði sínu eftir því sem hún kemur fyrir augu hennar og eyru. Og raunar þarf ekki að fara allt aftur til sköpunarsögunnar til að finna bókmenntalega

---

<sup>397</sup> Garðar Baldvinsson. *Blóð á striga. Ljóðafýðingar*. 2008, bls. 29.



hliðstæðu við ljóð J668. Í „Dalvísu“ Jónasar Hallgrímssonar má finna sams konar upptalningu og ákall til fyrirbrigða náttúrunnar sem umlykja ljóðmælanda í allri sinni dýrð:

Fífilbrekka! gróin grund!  
grösug hlið með berjalautum!  
flóatetur! fífusund!  
fífilbrekka! smáragrund!  
yður hjá ég alla stund  
uni best í sæld og þrautum;  
fífilbrekka! gróin grund!  
grösug hlið með berjalautum!<sup>398</sup>

Aðferð Garðars er söm og áður (e.t.v. fyrir utan „núllþýðingu“ hans á „Bobolink“, hinum norðurameríska söngfugli rísstarlanum, sem skýtur svo oft upp gulum kalli sínum í ljóðum Dickinson), og má segja að ljóð J668 henti hinni orðréttu aðferð betur en J501. Að minnsta kosti leiðir hún þýðanda hér ekki í setningarfræðilegar ógöngur. Hallberg Hallmundsson fer allt aðra leið í þýðingu sinni. Ólíkt Garðari fellir hann Dickinson að forminu til að íslenskri kveðskaparhefð stuðla og ríms (þótt hálfrími sé beitt), auk þess sem náttúra Nýja Englands fær á sig íslenskulegan sveitablæ í meðförum Hallbergs – með tilheyrandi „úthafsbrimi“ við ysta haf og hryssingslegri „hryðju á glugga“:

Náttúran er hvað augun sjá:  
aftanskin, gróinn ás  
heimalningur, hunangsfluga—  
nei, hún er paradís.  
Náttúran er hvað eyrun heyra:  
úthafsbrim, sendlingur  
þruma, hundgá, hryðja á glugga—  
nei, hún er samhljómur.  
Náttúran er hvað vitum við  
þó vanfær að gefa róm.  
Hjá hennar ómælda einfaldleik  
er okkar viska hjóm.<sup>399</sup>

---

<sup>398</sup> Jónas Hallgrímsson. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar* I, 1989, bls. 179.

<sup>399</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 83.

„Íkorni“ Dickinson, „Myrkvinn“ og „Krybban“ eru horfin. Í þeirra stað setur Hallberg „heimalning“, „hundgá“ og „hryðju á glugga“. Þá er „rísstarlanum“ norðurameríska skipt út fyrir hinn hánorræna „sendling“. Þýðingarlausnir Hallbergs miða allar að því að staðfæra og aðlaga ljóð Dickinson að íslenskum veruleika, jafnt form þess sem inntak. Og raunar haldast þessir þættir í hendur, þegar stuðlasetningin að segja má þröngvar þýðanda til að kynna „heimalninginn“, „hundgána“ og „hryðjuna“ til leiks – en öll stuðla þau á móti „hún“. Minna verður úr klifun ljóðsins á því hvað „Náttúran“ er, þegar í stað fullyrðinga frumtexta um margvíslegt edli „Náttúrunnar“ er notast jöfnum höndum við persónufornafnið „hún“, sem óneitanlega er öllu svípminna orð. Þessi klifun er jafnframt undirstrikuð með samhljómi „Nay“ og „Na-ture“ í frumtexta, en þeirri „náttúrulegu harmóníu“ er vandviðkomið í þýðingu, og gerir hvorugur þýðenda tilraun til að leysa úr þeim „óþýðanleika“.

Þegar lokalínur ljóðsins eru skoðaðar, þar sem Dickinson kemst að eins konar niðurstöðu í spakmælastíl eins og hún gerir svo víða í ljóðum sínum (til dæmis í J501 hér að framan), nýtur Hallbergs góðs af formfestu ríms og stuðla og hefur bæði hrynjandi og rímskraut fram yfir öllu prósalegri línur Garðars, þegar „Viska“ Dickinson er felld í fastar skorður brags. En raunar getur brugðið mjög til beggja átta með þessa aðferð Hallbergs, enda línurnar tvær á undan lokalínunum hálfgerð hnoð:

Nature is what we know –  
 Yet have no art to say –  
 So impotent Our Wisdom is  
 To her Simplicity

náttúran er það sem við vitum –  
 en höfum þó enga list til að tjá –  
 svo getulaus er vísdomur okkar  
 gagnvart einfaldleika hennar

Náttúran er hvað vitum við  
 þó vanfær að gefa róm.  
 Hjá hennar ómælda einfaldleik  
 er okkar viska hjóm.

Þriðja ljóð Dickinson í safni Garðars Baldvinssonar er ljóð J1400, og aftur er yrkisefnið hið ónefnanlega edli náttúrunnar sem við stöndum að mörgu leyti skilningsvana frammi fyrir. Hin dularfulla náttúra vekur bæði aðdáun og ótta í ljóði J1400, ótta sem ef til vill má kenna við *hið súblíma*, hið háleita eða mikilfenglega, og þann beyg sem náttúran getur vakið í brjósti okkar, ekki síst þegar öfl hennar og fyrirbrigði eru handan mannlegs skilnings. Rétt eins og

„brunnurinn“ í upphafserindum ljóðsins virðist „botnlaus“, líkt og „sjórinn“ er sagður vera í 4. erindi, þá má segja að ljóðmælandi Dickinson *botni ekki* í dulmagni þeirra náttúrufyrirbrigða sem hún virðir fyrir sér. Þannig er brunnvatninu lýst sem „annarsheimslegum nágranna“, og vatnsyfirborðinu líkt við „ásjónu hyldýpis“. Sú „ógn“ og að því er virðist „sorg“ sem ljóðmælandi skynjar andspænis öflum sem hún kann ekki tilhlýðileg skil á, er undirstrikuð í síðustu erindum ljóðsins, þegar náttúrunni er líkt við „draugahús“ og „vofu“, áður en Dickinson lýkur ljóði sínu á eins konar spakmælum líkt og fyrr:

Hvílík dul smýgur inn í uppsprettu!  
 Vatnið býr svo fjarri –  
 nágranni úr öðrum heimi  
 sem dvelur í krukku

What mystery pervades a well!  
 That water lives so far –  
 A neighbor from another world  
 Residing in a jar

og enginn hefur séð mörk hans,  
 heldur aðeins glerlokið –  
 eins og að horfa þegar maður vill  
 inn í auglit hyldýpis!

Whose limit none has ever seen,  
 But just his lid of glass –  
 Like looking every time you please  
 In an abyss's face!

Ekki virðist grasið hrætt,  
 ég undrast oft að það  
 geti staðið svo nærri og horft svo fast  
 á það sem skelfir mig.

The grass does not appear afraid,  
 I often wonder he  
 Can stand so close and look so bold  
 At what is awe to me.

Jafn skyld og þau eru  
 stendur störin næst sjónum –  
 þar sem hún hefur ekki gólf  
 og lætur ekki í ljós hlédrægni

Related somehow they may be,  
 The sedge stands near the sea –  
 Where he is floorless  
 And does no timidity betray

en náttúran er enn furðulegri;  
 þeir sem vísa mest í hana  
 hafa aldrei gengið hjá draugahúsi,  
 eða einfaldað vofu hennar.

But nature is a stranger yet:  
 The ones that cite her most  
 Have never passed her haunted house,  
 Nor simplified her ghost.

Vorkunn við þá sem ekki þekkja hana  
 fær stoð í iðrun yfir því  
 að þeir sem þekkja hana, þekkja hana

To pity those that know her not  
 Is helped by the regret  
 That those who know her, know her less

minna                      The nearer her they get.  
því nær sem þeir komast henni.<sup>400</sup>

Í þýðingu sinni talar Garðar um „uppsprettu“ í stað „brunns“, sem dregur nokkuð úr skýrleika líkingarmálsins. Þá er það „störin“ en ekki „sjórinn“ sem „hefur ekki gólf“ samkvæmt túlkun Garðars á 4. erindi ljóðsins. Sú hliðstæða sem Dickinson dregur upp á milli hins „takmarkalausa brunns“ og hins „botnlausa sjávar“ er því óljósari en efni standa til. Auk þess má velta vöngum yfir þýðingu orðsins „timidity“ í síðustu línu 4. erindis. Garðar talar um að störin láti enga „hlédrægni“ í ljós. Ef til vill mun Dickinson þó fremur hafa haft „beyg“ eða „óttá“ í huga, með hliðsjón af latneskri rót orðsins, sagnarinnar *timere*, „að óttast“. Fyrri orðalagsmöguleiki í handritum Dickinson rennir stoðum undir þá túlkun: „And of fear no evidence gives he“. Sem áður er þýðing Garðars frjáls í forminu, sem segja má að hafi bæði kosti og galla, og eru kostirnir helstir þeir að þýðandi hefur frjálsari hendur en ella til að koma að ljóðlínunum Dickinson úr nýrri átt, óbundinn af ýmsum formrænum kvöðum frumtextans. En auknu frelsi má segja að fylgi aukin ábyrgð. Ef horfið er frá fastri hrynjandi, rími og samþjöppun í tungutaki Dickinson, þarf með einhverju móti að bæta slíka formræna þætti upp – til dæmis með því að nýta með einhverju móti það frelsi sem í formleysunni býr (ef ljóð má nokkru sinni kalla formlaust). Þetta frelsi nýtir Garðar sér ekki, heldur er hann þvert á móti óþarflega bundinn af bæði orðaröð og orðalagi frumtexta.

Gallarnir í þýðingu Garðars koma ef til vill helst í ljós þegar Dickinson dregur eins konar þversagnarkennda niðurstöðu af umfjöllunarefni ljóðsins í kjarnyrðum lokaerindisins. Sú snerpa og skerpa í málbeitingu sem slík spakmæli krefjast til að lesandi gangist inn á „sannindin“, láti sannfærast, er ekki til staðar í lokalínunum þýðingarinnar. Fremur má segja að þýðing Garðars nálgist beina prósaþýðingu hér, þótt línuskipt sé, og þýðingin að sama skapi óþarflega vélræn:

Vorkunn við þá sem ekki þekkja hana  
fær stoð í iðrun yfir því  
að þeir sem þekkja hana, þekkja hana minna  
því nær sem þeir komast henni.

Um hið þversagnarkennda viskukorn frumtextans mætti ef til vill hafa keimlík ummæli, sem ýmist hafa verið eignuð Alberti Einstein eða Sókratesi, og nálgast eins konar þýðingu á merkingarinntaki Dickinson: „Því meira sem ég læri, því betur geri ég mér grein fyrir því hve lítið ég veit.“ Hitt er svo annað mál að þegar Dickinson sendi mágkonu sinni Susan Dickinson eintak af tveimur síðustu erindum ljóðsins, skipti hún orðinu „nature“ út fyrir „Susan“, sem þar með verður hið óræða viðfang sem ljóðmælandi segir ógerlegt að komast nokkru sinni til botns

---

<sup>400</sup> Garðar Baldvinsson. *Blóð á striga. Ljóðaþýðingar*. 2008, bls. 30–31.

í. Má slík grundvallarbreyting vera til marks um hve sveigjanleg „not“ Dickinson hafði af ljóðum sínum, þessum verkfærum til tjáskipta, leiks og skilningsleitar sem hún beitti með listamannsvaldi sínu.

Enn er ótalin þýðing Tryggva V. Líndal á ljóði F207, „I taste a liquor never brewed“, sem birtist í bók hans *Gyðjuljóð og -sögur* árið 2003, en sú bók Tryggva geymir bæði frumsaminn skáldskap og þýddan. Á meðal þýddra skálda eru E.E. Cummings, Geoffrey Chaucer, Dylan Thomas, T.S. Eliot og William Shakespeare, og þýðir Tryggvi meðal annars hina frægu sonnettu „Shall I compare thee to a summer’s day?“ á óbundið mál. Áþekkri aðferð beitir Tryggvi í Dickinson-þýðingu sinni, þótt rími og stuðlasetningu bregði fyrir á stöku stað. Þýðinguna byggir Tryggvi á fyrstu útgáfu ljóða Dickinson árið 1890, sem er nokkuð frábrugðin síðari útgáfum þeirra Johnsons og Franklins á þessari kunnu „drykkjuvísu“:

*Á óáfengu víni bergi ég*

Á óáfengu víni bergi ég;  
af drykkjarkrúsum greiptum sem í perlustein;  
já, þrúgnaámur allar Rínarlands  
gefa ekki eftir slíkum keim!

Drykkjumaður lofts er ég,  
og daggardropa svelgur  
um endalausá sumardaga riða ég  
í öldurhúsa himinlendum.

Er landeigendur vísa frá  
býflugum drukknum úr skrautjurtagarði þínum,  
er fiðrildi snúa baki við púpum sínum  
skal ég bara drekka þess meira!

Þar til er englarnir sjálfir snúa við  
með sína snjóvgu hatta  
og dýrlingarnir að gluggunum hlaupa  
til að líta típlarann sinn litla  
er styður sér við sjálfa sólina!<sup>401</sup>

I taste a liquor never brewed,  
From tankards scooped in pearl;  
Not all the vats upon the Rhine  
Yield such an alcohol!

Inebriate of air am I,  
And debauchee of dew,  
Reeling, through endless summer  
days,  
From inns of molten blue.

When landlords turn the drunken bee  
Out of the foxglove’s door,  
When butterflies renounce their  
drams,

I shall but drink the more!

Till seraphs swing their snowy hats,  
And saints to windows run,  
To see the little tippler  
Leaning against the sun!

---

<sup>401</sup> Tryggvi V. Líndal. *Gyðjuljóð og -sögur*, 2003, bls. 26.

Hástafir Dickinson og þankastrík eru þurrkuð út í þeirri útgáfu frá 1890 sem Tryggvi byggir þýðinguna á, sem og gæsalappir í handriti í kringum orðin „Landlords“ og „drams“. Í ritgerð sinni „Emily Dickinson and Popular Culture“ bendir David S. Reynolds á að gæsalappirnar þjóni eins konar ábendingarhlutverki; þær séu til marks um að Dickinson sæki hér í orðræðu templarahreyfingarinnar bandarísku, en talsmenn hennar létu mikið að sér kveða um miðja 19. öldina.<sup>402</sup> Dickinson snýr þessari orðræðu á haus á gamansaman hátt. Hún neitar að sverja bindindisheit, enda er vínið sem hún bergir á „óáfengt“. Þess í stað „ölvar“ ljóðmælandi sig á „loftinu“ og „daggardropunum“, og „drekur þess meira“ þegar „húsráðendur fingurbjargarblómsins“ fleygja hunangsflugunni drukkinni á dyr og fiðrildin „afpakka“ örlítinn „dreitil“ í viðbót. Dickinson tekur því franska ljóðskáldið Charles Baudelaire sannarlega á orðinu, sem orti um líkt leyti hið þekktá prósaljóð sitt „Ölvið ykkur“, með þessum fyrirmælum:

Við eigum sífellt að vera ölvuð. Allt er undir því komið: það eitt skiptir máli. Ef þið viljið ekki finna ógnarhramm tímans leggjast á herðar ykkar og sliga ykkur í duftið, þá verðið þið að ölvu ykkur viðstöðulaust. [...] Losið ykkur undan þræsldómsoki tímans með því að vera sífellt ölvuð. Af víni, skáldskap eða dyggðum, allt eftir geðþótta.<sup>403</sup>

Hinn „smágerði svallari“ (e. „little tippler“) Dickinson styðst „við sólina“ í lokaerindi ljóðsins, ólíkt fyrraflutnum sem hallar sér rænulítt upp að götuluktinni. Áhrifamáttur ljóðsins felst ekki síst í því hversu ísmeygilega og áreynslulaust Dickinson tekst að fella hina klisjukenndu orðræðu og útjaskaðar ímyndir drykkjuskapar að eigin lífssýn. Og þótt inntak ljóðsins megi eflaust draga saman í þá kunnu speki að gleðin sé besta víman, þá eru myndir Dickinson ferskar og sláandi, kannski ekki síst í lokaerindinu, þar sem hinir sexvængjuðu „serafar“ Biblíunnar sveifla „snævi þöktum höttum“ sínum (sem minnir á englana í ljóði F138, sem sagðir eru klæðast „einkennisbúningum úr snjó“) og flykkjast ásamt „dýrlingunum“ að „gluggunum“ til að berja „lítla svallarann“ augum.

Þýðing Tryggva er að mestu leyti frjálís í forminu, þótt örlí bæði á stuðlasetningu (-ámur, allar, ekki; drykkjumaður, daggardropa) og sérhljóðarími (perlustein, keim; svelgur, himinlendur) í fyrstu tveimur erindunum, sem jafnframt eru nokkuð liprari en þau sem á eftir koma. Síðari erindin tvö eru öllu lausbeislaðri, bæði hvað brag og hrynjandi varðar. Þá verður „fingurbjargarblómið“ í 3. erindi að „skrautjurtagarði þínum“ (Drottins?) og „húsráðendur“ þess að „landeigendum“, svo líkingarmál Dickinson – blómkrónan sem öldurhús býflugnanna – missir marks, auk þess sem „dreitillinn“ eða „smásoparnir“ sem fiðrildin afpakka verða hér að „púpum“, þótt ekki sé ljóst hvers vegna sú lausn verður fyrir

---

<sup>402</sup> David S. Reynolds. „Emily Dickinson and Popular Culture“. *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 174.

<sup>403</sup> Charles Baudelaire. „Ölvið ykkur“. Þýð. Jón Óskar. *Ljóðastund á Signubökkum*, 1988, bls. 72.

valinu. Jafnframt má ætla að orðið „tiplari“, sem nokkuð hugvitssöm hljómbýðing á „tippler“, sé engu að síður ögn óljóst, í merkingunni „svallari“ eða „drykkjuhrútur“ í lokaerindi ljóðsins.

Til samanburðar hljómar þýðing Hallbergs Hallmundssonar á sama ljóði svo (byggð á útgáfu Johnsons frá 1955, J214):

Ég bergi enn óbruggað vín  
úr bikar af perlum ger.  
Rínarlanda áma engin  
áfengi slíkt ber.

I taste a liquor never brewed –  
From Tankards scooped in Pearl –  
Not all the Frankfort Berries  
Yield such an Alcohol!

Ég drekk mig fulla af drúfum lofts  
og dagga svolgra tár  
slagandi heiða hásumardaga  
um himinblámans krár.

Inebriate of Air – am I –  
And Debauchee of Dew –  
Reeling – thro endless summer days –  
From inns of Molten Blue –

Er „barþjónar“ vísa býum drukknnum  
á Blómkrónunnar dyr  
og fiðrildin sverja „sopann“ af sér  
svalla ég því meir!

When “Landlords” turn the drunken Bee  
Out of the Foxglove’s door –  
When Butterflies – renounce their “drams” –  
I shall but drink the more!

Uns englarnir veifa hrímum höttum  
og helgir menn gá út  
að sjá þar fyllisvínið litla  
sólina drekka af stút!<sup>404</sup>

Till Seraphs swing their snowy Hats –  
And Saints – to windows run –  
To see the little Tippler  
From Manzanilla come!

Líkt og áður, þá er stuðlasetning Hallbergs og hrynjandi föst og rím í föstum skordum þótt hálfrími bregði fyrir. Þankastrik og hástafi Dickinson lætur Hallberg ógert að „þýða“. Athyglisvert er þó að sjá að „Blómkróna“ 3. erindis er hér með hástaf, sem er hugkvæm leið þýðanda til að gefa lesanda til kynna að hér sé í og með átt við *öldurbúsið* Blómkrónuna, þótt það séu „barþjónar“ en ekki sjálfir kráareigendurnir sem vísi „býunum“ á dyr, svo stuðlasetningin haldist. Þá viku Hallberg frá myndmáli lokaerindisins. Sú mynd sem dregin er upp af „fyllisvíninu litla“ að drekka „sólina af stút“ er þó engu síðri. Gamansemi hennar og inntak er í góðu samræmi við ljóðið í heild sinni.

Sá stakkur sem Hallberg sníður þýðingum sínum er hins vegar þröngur á köflum. Oftar en ekki reynist honum því nauðsynlegt að víkja allnokkuð frá hefðbundinni orðaröð, auk þeirra „skáldaleyfa“ sem hann tekur sér með tilliti til frumtexta. Slík frávik eru bæði eðlileg og

---

<sup>404</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 42.

nauðsynleg í þýðingu. Hins vegar er það svo að fylgispekt og forgangsöröðun Hallbergs miðast á köflum um of við kveðskaparreglur stuðla og höfuðstafa, með hina íslensku ferskeytlu sem eins konar bragfræðilegt sniðmát. Mun nú nánar vikið að þýðingasafni Hallbergs Hallmundssonar sem út kom árið 1994, *100 kvæði*, og er veigamesta safn Dickinson-þýðinga sem birst hefur á íslensku.

### *100 kvæði. Í peysufötum íslenskrar kvæðagerðar*

Þýðingum sínum á þremur ljóða Dickinson sem birtust í tímaritinu *Andvara* árið 1991 fylgdi Hallberg eftir með greinargóðum eftirmála þar sem helstu æviatriði og yrkisefni Dickinson eru rakin. Bendir Hallberg á líkindi milli sálmabragts Dickinson og ferskeytlunnar íslensku, en í báðum tilvikum skiptast oftast fer- og þríkvæðar braglínur á. Ugglaust hafa þessi líkindi að mörgu leyti ráðið þeirri formfestu sem einkennir þýðingar Hallbergs. Raunar má segja að hann færi skáldkonuna frá Amherst „í peysuföt“ íslenskrar kveðskaparhefðar, svo notast sé við orðalag Hallbergs sjálfs um þýðingar sínar á ljóðum Bandaríkjamannsins Stephen Cranes, sem út komu árið 1992 undir heitinu *Svartir riddarar og aðrar bendingar*. Í formála þess safns segist Hallberg ekki aðeins hafa freistað þess „að koma efninu til skila, heldur einnig leitast við að íslenska það“, með því að klæða lausbeisluð ljóð Cranes í „viðhafnarföt“ hefðbundinna bragarháttar, ríms og ljóðstafasetningar.<sup>405</sup> Beitir Hallberg sömu aðferðum í Dickinson-þýðingum sínum.

Eftirmáli Hallbergs við þýðingar þær sem birtust í *Andvara* árið 1991 hljómaði svo, og mun hann rækilegasta kynning á ævi og skáldskap Emily Dickinson sem birst hafði á íslenskum bókmenntavettvangi þegar þarna var komið sögu:

Ef skáld hefur nokkurn tíma ort fyrir skrifborðsskúffuna sína, þá var það Emily Dickinson. Meðan hún var og hét, birti hún ekki á prenti nema sjö stutt ljóð, en þegar hún dó, lét hún eftir sig um tvö þúsund! Það var þó vitaskuld ekki kvæðafjöldinn sem skipað hefur henni sess á æðsta palli bandarískra skálda, heldur þróttur og magn ímyndunarafis þess og tilfinninga, sem hún hneppir á sinn stutturhátt oftast í látlausar ferhendur. Hún orti um það, sem sumir hafa kallað hina einu þrenningu sem um sé vert að fjalla: ástina, dauðann og eilífðina. Ljóð hennar eru því gjarnan innhverf, þótt hún noti tíðum líkingar úr náttúrunni. Og þótt dulúð hennar geti stundum minnt á breska skáldið William Blake, er svipmót kvæða hennar einatt svo persónulegt, að

---

<sup>405</sup> Hallberg Hallmundsson. „Um höfund *Svartir riddara* og íslenska gerð þeirra“. Í Stephen Crane. *Svartir riddarar og aðrar bendingar*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 1992, bls. 17.



varla getur nokkurn tíma leikið vafi á því hver höfundurinn er. Íslendingar ættu að kunna vel að meta formið, sem er náskylt ferskeytlunni.

Emily Dickinson fæddist í Amherst í Massachusetts ríki hinn 10. desember 1830. Hún var af gömlum púritönum komin; ættin hafði búið í Nýja Englandi í átta kynslóðir. Afi hennar var einn af stofnendum Amherst College, sem enn telst meðal merkari menntastofnana vestanhafs, og faðir hennar virtur lögfræðingur, sem um skeið átti sæti á þingi Bandaríkjanna í Washington.

Í æsku hlaut Emily góða menntun, fyrst í Amherst en síðan í Mount Holyoke kvennaskólanum í South Hadley, skammt frá Amherst. Hún er sögð hafa verið frísk og fjörug stúlka, en fremur ófrið og einstaklega heimakær; hún hætti í kvennaskólanum eftir ár af því að henni leiddist að heiman. Hún dvaldist eftir það alla tíð í föðugarði og giftist aldrei – fór raunar ekki nema sjaldan út fyrir bæjarmörkin í Amherst. Þá ferðaðist hún einhvern tíma til Boston og stóð við bæði í New York og Fíladelfíu á leið að heimsækja föður sinn í Washington meðan hann sat á þingi.

Innan við tvítugt varð Emily ástfangin af ungum lærisveini föður hennar, Benjamin Newton. Ekki er vitað með vissu hvort hann endurgalt tilfinningar hennar, en bæði var, að hann var berklaveikur og dó fáum árum síðar, og eins hitt, að hann var of fátækur til að stofna til hjúskapar, jafnvel þótt faðir Emily, strangur og siðavandur sem hann var, hefði gefið samþykki sitt. Vitað er þó að þau áttu mikið saman að selda um skeið, og Newton hafði sterk áhrif á hina verðandi skáldkonu – ýtti undir uppreistarkennd hennar og sjálfræði. Seinna mun Emily hafa fellt ástarhug til C[h]arles Wadsworth, sem var kvæntur prestur í Fíladelfíu, en hann heimsótti hana nokkrum sinnum í Amherst eftir fyrstu kynni þeirra í heimaborg hans. Þegar hann hlýddi kalli til brauðs í Kaliforníu 1862, varð það áfall fyrir Emily, eins og sum ljóð hennar bera vitni um. Það eru þessi tvö tilfinningaslit, sem hún er talin eiga við, þar sem hún segir í einu af seinni ljóðum sínum: „Tvisvar lokaðist lífið mér / fyrir lok þess ...“

Þegar á leið ævina, gerðist Emily æ sérlundaðri og nánast alger einfari, fór sjaldan út úr húsi og klæddist ekki öðrum lit en hvítu. Hartnær einu mökin sem hún átti við vini sína – og umheiminn yfirleitt – voru gagnorð bréf, sem hún ritaði ógrynni af og lét þá oft kvæði fljóta með.

Á bókmenntasviðinu voru það einkum tvær manneskjur, sem hún átti samneyti við. Önnur var æskuvinkona hennar, Helen Hunt Jackson, sem kunn er fyrir skáldsöguna Ramónu. Henni var vel ljóst hvert skáld Emily var og hvatti hana eindregið – en árangurslaust – til að fá ljóðin út gefin. Hin var Thomas W. Higginson, rithöfundur, prestur og herforingi, sem stjórnaði fyrsta blökkumannaherfylkinu í Þrælastriðinu. Hann var um langt skeið bókmenntalegur ráðunautur hennar, en réði henni frá útgáfu – taldi ljóðin ekki mundu falla að tíðarandanum.

Þegar Emily Dickinson lést, 14. maí 1886, lét hún, sem fyrr segir, eftir sig um tvö þúsund kvæði á ýmsu stigi – sum fullgerð, sum ekki nema brot. Hluti þessa safns var fyrst gefinn út árið 1890. Um þá útgáfu sáu Higginson og Mabel Loomis Todd, skáldkona sem nú er betur kunn einmitt fyrir þau umsvif sín en eigin skáldskap. Viðtökurnar voru slíkar að þau birtu annað bindi árið eftir og Todd hið þriðja árið 1896. Tveim árum áður, 1894, hafði hún einnig ritstýrt fyrsta bréfasafni skáldkonunnar. Síðan hafa birst fjölmargar útgáfur bæði á ljóðum Dickinsons og bréfum. Þá sem best er talin undirbjó Thomas H. Johnson, sem einnig reit ævisögu hennar. Hvortveggja kom út árið 1955.<sup>406</sup>

Ekki er allskostar rétt að Dickinson hafi birt „sjö stutt ljóð“ meðan hún „var og hét“, heldur voru þau ljóð sem prentuð voru meðan hún lifði birt að henni forspurðri að því er fræðimenn telja. Einnig má setja spurningarmerki við það orðalag Hallbergs að Dickinson hafi fellt ljóðagerð sína „á sinn stutturða hátt oftast í látlausar ferhendur“ – og þá kannski ekki síst lýsingarorðið *látlaus*, sem segja má að beri nokkurn keim af þeim einsleitu hugmyndum sem löngum einkenndu viðtökur þessa skálds og takmörkuðu hana við smágerða, kvenlega fegurð, hjálpfýsi og meinleysi. Dickinson mun raunar síður en svo hafa verið skaplaus kona, ef marka má ýmsar „apókrýfar“ sögur. Þá er fátt „látlaust“ við eftirfarandi ljóðlínur (F103):

Hefði ég fallbyssu stóra  
gæti ég þurrkað mannkynið út  
í dýrðarljóma!

Had I a mighty gun  
I think I'd shoot the human race  
And then to glory run!

Enn fremur má benda á að þáttur Susan Dickinson, mágkonu Emily, liggur óbættur hjá garði þegar Hallberg ræðir þær manneskjur á bókmenntasviðinu sem hún átti helst samneyti við. Bæði er að Dickinson sendi engri manneskju fleiri ljóð en mágkonu sinni, auk þess sem vitað er að hún ráðfærði sig við hana um drög að minnsta kosti eins ljóðs (F124, „Safe in their alabaster chambers“) og brást við athugasemdum hennar. Ekki er vitað til þess að Dickinson hafi ráðfært sig við aðra um „verk í vinnslu“ með þessum hætti, þótt auðvitað sé það ekki útilokað. Þá hafa ævisagnaritarar og fræðimenn í seinni tíð haft uppi efasemdir um hversu afdráttarlaus þau „tilfinningaslit“ sem Hallberg ræðir voru fyrir sálarlíf Dickinson; ef til vill ekki síst Richard B. Sewall, sem í ævisögu sinni dregur mjög í efa að vonbrigði hvers konar í ástarmálum hafi sært Dickinson slíku holundarsári að hún hafi hrökklast inn í öryggi föðurhúsanna fyrir vikið.

Árið 1992 birtist gagnrýni í *Morgunblaðinu* um hefti *Andvara* frá árinu áður, skrifuð af Erlendi Jónssyni. Viðbrögð hans við Dickinson-þýðingunum þremur („Grasið er ekki

---

<sup>406</sup> Hallberg Hallmundsson. „Nokkur orð um Emily Dickinson“. *Andvari*. 1. jan. 1991, bls. 63–64.

iðjúsamt“, „Ég var erlendis árabil“, „Sálin velur sjálf sitt bræðralag“) eru nokkuð jákvæð, ólíkt þeim gagnrýnisröddum sem áttu síðar eftir að heyrast um þýðingarstarf Hallbergs:

Loks eru þarna ljóð eftir Emily Dickinson í þýðingu Hallbergs Hallmundssonar. Hallberg er höfundur nokkurra ljóðabóka sem fengið hafa góða dóma en þó ekki vakið mikla athygli. Hann hefur lengst af verið búsettur í Bandaríkjunum. Ef til vill hefur hann nú fundið sinn rétta tón. Emily Dickinson var nægilega innhverf og dulúðug til að vekja áhuga nútímaskálda. Hún var frumleg fyrir sinn tíma. Og hún lét svo lítið yfir sér að eftirlifendunum gafst þeim mun betri kostur að »uppgötva« hana. Þýðing Hallbergs ber hvort tveggja með sér: að hann skilur tungutak skáldkonunnar en geymir líka í minni móðurmál sitt. Vonandi á hann eftir að vinna meira einmitt á þessu sviðinu.<sup>407</sup>

Ekki þurfti Erlendur að bíða þess lengi að Hallberg ynni meira „á þessu sviðinu“, því tveimur árum síðar birtist úrval hans af ljóðum Dickinson, *100 kvæði*. Í eftirmála þýðanda kemur fram að Hallberg hafi þýtt sitt fyrsta Dickinson-ljóð (F800, „I never saw a Moor“) „um miðjan sjötta áratuginn“, og því drjúg forsagan að baki þýðingasafninu sem út kom árið 1994.<sup>408</sup>

Um útgáfu *100 kvæða* og hina „hlédræg[u] piparmey“, skáldið að baki ljóðunum, birtist ritfregn í *Fjarðarþóstinum* árið 1994, undir yfirskriftinni „H.H. skrifar frá New York“, og getur þar tæpast verið um aðra að ræða en sjálfan þýðandann:

Nýlega kom í helstu bókaverslanir landsins ljóðabókin *100 kvæði* eftir bandarísku skáldkonuna Emily Dickinson í vandaðri íslenskri þýðingu sem Hallberg Hallmundarsson hefur gert.

Emily Dickinson er, ásamt Walt Whitman, almennt talin höfuðskáld Bandaríkjanna á 19. öld.

Gagnstætt Whitman, sem var mannblendinn og flæktist víða, var Dickinson hlédræg piparmey, sem ól aldur sinn í smábænum Amherst í Massachusettses ríki og fór sjaldan að heiman. Síðustu ár sín var hún nær alger einfari.

En hugs[a]na- og tilfinningalíf hennar var fjölskrúðugt og djúpt, og það tjáði hún í hátt á annað þúsund ljóðum, sem fundust í hirslum hennar að henni látinni; meðan hún var lífs er ekki vitað til að hún hafi birt nema tíu ljóð.

Kveðskapur Dickinson er ekki alltaf auðskilinn, því að hugmyndir hennar voru einatt margbrotnar, en formið er knappt og einfalt – og minnir raunar mjög á íslenskar ferhendur.<sup>409</sup>

<sup>407</sup> Erlendur Jónsson. „Þjóðvínafélagsrit“. *Morgunblaðið*. 10. mars 1992, bls. 15.

<sup>408</sup> Hallberg Hallmundsson. „Eftirmáli þýðanda“. Í Emily Dickinson. *100 kvæði*, bls. 141.

<sup>409</sup> H[allberg] H[allmundsson]. „Orðabelgur“. *Fjarðarþósturinn*. 20. okt. 1994, bls. 9.

Keimlíkar ritfregnir birtust í *Alþýðublaðinu*, *Tímanum*, *DV* og *Morgunblaðinu* þetta sama ár. Þá fóru Vestur-Íslendingar ekki varhluta af útkomu bókarinnar, því um sama leyti birtist svo til samhljóða frétt í *Lögbergi-Heimskringlu*, þýdd á ensku, og verður að telja líklegt að enn haldi Hallberg sjálfur um pennann og sinni kynningarstarfi í kjölfar útgáfunnar. Á sömu opnu *Lögbergs-Heimskringlu* er bókin jafnframt auglýst með eftirfarandi orðum – og ekkert til sparað til að vekja athygli Íslendinga og annarra í Vesturheimi á útgáfunni:

If ED had been able to read Icelandic, this is how she would have chosen to have her poems rendered.

Many critics regard Emily Dickinson the greatest U.S. poet of the 19<sup>th</sup> century. Here are 100 of her purest gems in a masterly translation into the tongue of Stephan G.<sup>410</sup>

Viðtal Einars Fals Ingólfssonar við Hallberg í tilefni útkomu þýðinganna árið 1994 birtist í *Morgunblaðinu* þetta sama ár. Eftir stutta samantekt á helstu æviatriðum Dickinson, spyr Einar Falur hvernig standi á vinsældum hennar:

Hallberg segir ekki auðvelt að svara því hvað dragi lesendur sífellt að ljóðum Emily Dickinson, hvað valdi því að endalaust sé verið að skrifa bækur um skáldskap hennar, eða af hverju hann hafi hrifist af verkum hennar til að byrja með. „Og þó, hún er mjög einföld á yfirborðinu og það getur dregið mann að,“ segir Hallberg. „En þegar til kastanna kemur þá er hún alls ekki einföld. Hún er dálítið mystísk, sem er alltaf heillandi á sinn hátt. Alveg eins og hvaðeina sem dulúðugt er. Svona mystík ætti sjálfsagt ekki að höfða til mín sem guðleysingja, en gerir það samt!“ segir hann og hlær. „Aðdráttaraflíð er óneitanlegt.“ Margir eru á þeirri skoðun að ásamt Walt Whitman sé Dickinson merkasta skáld Bandaríkjanna á 19. öldinni. Þau voru þó ákaflega ólík, bæði í lífi og skáldskap. Hann vildi umfaðma heiminn meðan hún lokaði sig af og hugði frekar að hinu smáa. „Hennar heimur er miklu smærri en Whitmans. En hugarheimur hennar var víður. Eins og hún segir á einum stað: „Heilinn er víðari en himin[n]inn.“<sup>411</sup>

Þá vikur Hallberg að áherslum sínum í glímunni við ljóðin, þar sem athygli vekur að greiðfærasta leiðin til að „komast eins nærri frumtextanum og hægt er“ virðist að mati Hallbergs sú „að umsemja“ viðkomandi ljóð hverju sinni. Hér er því boðuð talsvert frjálsleg endursköpun frumtexta í *þágu* trygglyndis:

<sup>410</sup> Höf. óþekktur. „Auglýsing“. *Lögberg-Heimskringla*. 4. nóv. 1994, bls. 16.

<sup>411</sup> Einar Falur Ingólfsson. „Að þýða ljóð er eins og að leysa krossgátur“. *Morgunblaðið*. *Menning*. 19. nóv. 1994, bls. C 8.

Hallberg vill meina að ljóðapýðing felist í því að umsemja ljóð á annað mál, og reyna á þann hátt að komast eins nærri frumtextanum og hægt er. „Það er auðvitað hægt að þýða ljóð orðrétt, en þá er það ekki ljóð lengur. Það er nú eitt af því sem mér finnst dálítið vafasamt í umsögnum um þýðingar sem ég hef lesið, að það er eins og sumir sem um þetta fjalla haldi að það sé mest um það vert að vera sem nákvæmastur. En eins og dæmin sanna þarf það bara alls ekki að vera! Það má sjá í Heine-þýðingum Jónasar. Ég dæmi þýðingar eftir því hvernig ljóðin eru á íslensku. Á því máli sem þýtt er á. Það er í rauninni það eina sem hægt er að dæma; ef ljóðið er lífvænlegt á því máli sem þýtt er á þá er það góð þýðing.“<sup>412</sup>

Í kjölfarið vikur Hallberg nánar að þeim áskorunum sem ljóð Dickinson fela í sér – og kannski við hæfi að lausnirnar við sumum þeirra hafi vitnast honum við heimilisverkin, í svipuðum aðstæðum og líklegt má telja að mörg ljóðanna hafa orðið til. Þá er enn vísað til „íslensku ferhendunnar“ sem áþekks bragarhátтар þegar formið á ljóðum Dickinson ber á góma:

[„]Emily Dickinson getur verið torskilin. Sumt í kvæðunum var ég búinn að stúdera lengi, dag eftir dag, þar til það laukst skyndilega upp hvað hún átti við, og hvernig ég geti leyst það á íslensku. Þetta var mikil glíma, vakinn og sofinn gat ég verið að velta fyrir mér orðum og setningum. Ein vísan féll þannig í ljúfa löð einn laugardaginn þegar ég var að brjóta saman þvott. Og það kom fyrir að ég fór frammúr eftir að ég var kominn í háttinn vegna þess að þá laust niður í mig hvernig væri hægt að leysa vandamál í einhverri tiltekinni línu.“

Í þessum þýðingum notast Hallberg við íslenska bragarhætti og segir að þrátt fyrir að það geti verið bagalegt á stundum, þá séu þeir líka ágætt hjálpargagn sem auðveldi meðal annars leit að orðum. „Ég ætla nú ekki að fara að segja að á íslensku séu til orð yfir allt sem hugsað er á jörðu, eins og Einar Ben. sagði, en það er fjöldinn allur af orðum sem hægt er að velja úr engu að síður.

Ég bregð þó út af forminu eins og mér finnst hæfa, það verður skemmtilegra þannig. Og Dickinson sjálf varpaði forminu iðulega fyrir róða ef það þjónaði kvæðunum. Þetta verður leiðigjarnt til lengdar ef það er alltof háttbundið. En það má geta þess að bragarhættir Dickinson eru afskaplega svipaðir íslenskum ferhendum. Og hún er meira að segja oft rammstuðluð, þótt ég viti ekki hvort það hafi verið með ásettu ráði gert.“<sup>413</sup>

---

<sup>412</sup> Sama rit, bls. C 8.

<sup>413</sup> Sama rit, bls. C 8–9.

Athyglisvert er að sjá að Hallberg virðist fallast á að hinir íslensku bragarhættir geti verið „bagaleg[ir] á stundum“ þótt takmarkanir stuðlasetningarinnar geti einnig reynst hjálplegar í þýðingarglímunni, en líkt og fram kemur í þeim ritdómum sem birtust um Dickinson-þýðingar Hallbergs, og brátt verður vikið að, þá er það ekki síst hinn „þröngi stuðlastakkur“ sem Hallberg sníður ljóðunum á íslensku sem gagnrýnendur hafa efasemdir um. Til Dickinson sjálfur lítur Hallberg þó sem fyrirmyndar um frjálsræði gagnvart stífum formkröfum. Sjálf hafi hún „varpað forminu [...] fyrir róða ef það þjónaði kvæðunum“ enda verði þetta „leiðigjarnt til lengdar“ ef formfestan er allsráðandi. Í næsta orði vikur Hallberg þó að líkindum Dickinson við kveðskaparhefð íslensku ferhendunnar, líkt og hann gerir í áður nefndri umfjöllun sinni um ævi og verk Dickinson í *Andvara* árið 1991, þar sem segir að „Íslendingar ættu að kunna vel að meta formið“ á ljóðum Dickinson, enda sé það „náskýlt ferskeytlunni“. Ferskeytluhefðin íslenska er því að mörgu leyti formræn fyrirmynd Hallbergs, þótt hann kveðist sömuleiðis líta til Dickinson sjálfur og bregða út af forminu „eins og mér finnst hæfa, það verður skemmtilegra þannig.“ Frávik Hallbergs frá kórréttri bragfræði felast þó helst í sambærilegu hálfrími og sjá má í ljóðum Dickinson; þýðingar hans standa alljafna í stöfunum að öðru leyti. Í ljósi þess hve íslenska ferskeytlan hvílir á mikilli hefð og hefðarvana, og stundum beinlínis vélgengi, má raunar velta fyrir sér hvort Hallbergi takist fyllilega að kraftvæða þetta íslenska bragform til móts við margslunginn frumtexta Dickinson. Eins má velta fyrir sér hvort ferhendan íslenska sé að öllu leyti sambærilegur bragarháttur þegar formið á ljóðum Emily Dickinson er annars vegar, líkt og vikið mun að.

„Ísmeygilega“ einföld. Viðbrögð og ritdómar

Sama ár og þýðingasafn Hallbergs kom út birtist nokkuð jákvæð gagnrýni Jóhanns Hjálmarssonar skálds og þýðanda, „Rödd einsemdar og einlægni“, í *Morgunblaðinu*, þar sem segir meðal annars:

Meðal sérkenna Dickinson er málbeiting hennar, en bragform hjá henni var ekki alltaf samkvæmt ströngustu reglum. Hallberg auðnast að sýna þetta víða í þýðingum sínum þótt hann sé nokkuð háður íslenskri hefð. Þýðingarnar bera vitanlega svipmót þýðandans.

Emily Dickinson á sér marga aðdáendur eins og ljóst ætti að vera. Sjálf mun hún ekki hafa gert sér grein fyrir gildi ljóða sinna, að minnsta kosti ekki fyrir aðra. Hún líkti birtingu ljóða eða útgáfu við uppboð og kallaði hana jafnvel viðurstygð. Ekki átti að verðleggja anda mannsins.

Í mikilli einsemd sinni og einangrun sá hún betur en flestir aðrir hjóm lífsins.<sup>414</sup>

Ef til vill er sú túlkun Jóhanns að í „mikilli einsemd sinni og einangrun“ hafi Dickinson séð „betur en flestir aðrir hjóm lífsins“ dregin ögn dekkri dráttum en efni standa til, enda ófá ljóð Dickinson sem vegsama lífið af miklum innileika, þótt vitaskuld séu fleiri og dekkri strengir í hörpu hennar. Einnig er ljóst að ýmsir eru ósammála því að Dickinson hafi ekki „gert sér grein fyrir gildi ljóða sinna“ – þvert á móti, þá hafi *aðrir* ekki áttað sig á vægi þeirra á sínum tíma.

Í gagnrýni sinni setur Jóhann spurningarmerki við helst til „skáldleg[t]“ og jafnvel „aldurnigi[ð]“ orðfæri Hallbergs á stöku stað.<sup>415</sup> Þá enduróma þær vangaveltur Jóhanns að Hallberg sé „nokkuð háður íslenskri hefð“ í gagnrýni Silju Aðalsteinsdóttur, „Ég er engin. En þú?“, sem birtist í *DV* snemma árs 1995. Silja hefur gagnrýni sína á stuttri kynningu á þeirri spennandi ráðgátu sem Emily Dickinson hefur löngum verið. Enn sem fyrr er þung áhersla lögð á hógværð þessa skálds og innilokun. Ahyglisvert er þó að sjá að kímni Dickinson er hér einnig nefnd til sögunnar, en sá eiginleiki ljóða hennar hefur jafnan farið heldur lágt:

Bandaríska skáldkonan Emily Dickinson er spennandi ráðgáta. Hún lifði að því er virðist viðburðalitlu lífi, dó 1886 í sama húsi og hún fæddist í 56 árum áður, 1830, var hógvær svo jaðraði við að vera sjúklegt og fór ekki út úr húsi síðustu árin. Þó var hún vel menntuð og í ljóðum hennar má sjá að hún lifði auðugu innra lífi. Megineinkenni þeirra er djúpur sársauki og svartýni sem stundum eru tjáð á kíminn hátt.<sup>416</sup>

Um þær áskoranir sem íslenskur þýðandi Dickinson stendur frammi fyrir segir Silja:

Fram að þessu hafa íslenskir þýðendur lítið sinnt Emily; til dæmis hafa Magnús Ásgeirsson, Helgi Hálfðanarson og Sigurður A. Magnússon ekkert þýtt eftir hana. Og þegar rýnt er í ljóð hennar er auðvelt að skilja hvers vegna. Öll góð skáld eru erfið í þýðingu en Emily er sérstaklega erfið vegna þess að hún notar form sem virðist einfalt en er það ekki. Það nýstárlega við ljóð hennar var að hún gerði uppreisn gegn vélrænu rími, notaði hálfrím eða ekkert rím þar sem lesandinn á eindregið von á rímorði og braut líka oft upp hrynjandina. (Það sem helst minnir á hana af íslenskum kveðskap eru ljóðin í annarri bók Sjödægri eftir Jóhannes úr Kötlum, „Rímþjóð“ o.fl.) Fyrstu útgefendur Emily létu þetta fara í taugarnar á sér og voru sífellt að „leiðrétta“ vísurnar hennar, en það sem hún nær fram með þessari þá frumlegu aðferð er að lesandinn verður að lesa eftir merkingu í stað ríms og hrynjandi, eins og formið væri frjálst. [...]

<sup>414</sup> Jóhann Hjálmarsson. „Rödd einsemdar og einlægni“. *Morgunblaðið*. 9. sept. 1994, bls. 20.

<sup>415</sup> Sama rit, bls. 20.

<sup>416</sup> Silja Aðalsteinsdóttir. „Ég er engin. En þú?“ *Dagblaðið Vísir – DV*. 3. mars 1995, bls. 31.

Þetta form virðist stundum barnalegt á frummálinu, og því fylgir einfalt og barnslegt mál sem er í hrópandi andstöðu við heimspeki og skáldlega sýn. Ef forminu er haldið í þýðingu er hættan sú að það virki klaufalegt og skyggi á innihaldið, og mér þykir trúlegt að sú hættan hafi bægt þýðendum frá.<sup>417</sup>

Það er reynsla ritgerðarhöfundar, eftir að hafa reynt að finna ljóðum Dickinson sannfærandi tjáningarhátt á íslensku, að ein helsta áskorun í þýðingu ljóðanna sé einmitt sá undarlegi samsláttur sem Silja gerir hér að umtalsefni, þegar saman fer hversdagslegt og jafnvel barnalegt mál og sú skáld- og heimspekilega sýn sem ljóðin tjá jafnan. Um þýðingar Hallbergs sérstaklega segir Silja:

Nú hefur Hallberg Hallmundsson sýnt þann hetjuskap að gefa út 100 kvæði eftir Emily Dickinson í eigin þýðingu og með ágætum formála um ævi hennar og viðtökur ljóða hennar. Þó að honum takist stundum að leysa vandann sem hér hefur verið tæpt á (til dæmis í 7, 42, 47, 64, 73, 78), eru ljóðin ekki eins áhrifamikil á íslensku og frummálinu. Meginfallinn virðist mér sá að Hallberg nær ekki nógu vel ísmeygilega einföldu orðfæri Emily og afdráttarlausri tjáningu. Eins og oft vill verða hættir íslenskunni til að teygja málið og stuðlarnir kalla á vonða orðkosti, eins og þegar „grass“ verður „svörður“ í dæminu hér á eftir, ljóðinu um hinn óþægilega grun:

Presentiment is that long shadow on the lawn  
Indicative that suns go down;

The notice to the startled grass  
That darkness is about to pass.

Hugboð er skuggi sem firnalangur um flötina skríður  
og flytur þau boð að sólar gangi til viðar.

Vísbending felmtruðum sverði að sjá:  
senn muni dimman skella á.<sup>418</sup>

Athyglisverð er sú túlkunaráhersla Silju að með því að gera „uppreisn gegn vélrænu rími“ og brjóta iðulega upp hrynjandi sína, knýi Dickinson lesandann til að lesa „eftir merkingu í stað ríms og hrynjandi, *eins og formið væri fjálsst*“ [leturbreyting MS]. Það má því segja að Silja

---

<sup>417</sup> Sama rit, bls. 31.

<sup>418</sup> Sama rit, bls. 31.



greini viss m3derna'sk einkenni 3 lj3d3m3li Dickinson, enda tiltekur h3un til samanbur3ar sams konar uppreisn J3hannesar 3r K3t'lum gegn hinni 3slensku r3m- og stu3lahef3i 3 b3k hans *Sj3d3gru* fr3 3rinu 1955. 3 henni yrkir J3hannes til 3d mynda „Ferskeytlur“ samkv3emt k3rr3ttri hrynjandi, en 3n stu3lasetningar og r3ms:

Rennur gegnum hjarta mitt  
bl33sins heita elfur:  
upp 3 strauminn bylta s3r  
kaldir sorgarfiskar.<sup>419</sup>

3 3essari „ferskeytlu“ h3fum vi3 3v3 3d kalla m3 tv3faldan samanbur3 3 einu og sama erindinu: hin for-m3derna'sku umbrot 3 bragformi Dickinson, sem Silja l3kir vi3 sams konar uppreisn 3 lj33um J3hannesar fr3 K3t'lum h3r 3 landi, sem og 33 3alal3ngu kve3skaparhef3i ferskeytlunnar 3slensku sem Hallberg segir lj33m3l Dickinson minna allnokku3 3. 33 m3 spyrja sig hvort l3kindin s3u 3 raun svo 3kjamikil. Burts33 fr3 sj3lfu innihaldi 3essara og annarra lj33a J3hannesar, 33 er hrynjandi hans j3fn og sl3tt h3r, hvergi er brug3i3 3t af v3lgengi bragfr33innar hva3 atkv33atalningu og l3nuskiptingar snertir. 33 r3mi og stu3lasetningu undanskilinni er hef3bundnum brageinkennum – hn3gandi h3- og l3gkve3um – ekki raska3, og hi3 jafna fl33i 3 „ferskeytlum“ J3hannesar 3v3 3neitanlega langt fr3 3eirri skrykkj3ttu, „krampakenndu“ hrynjandi sem einkennir svo m3rg af lj33um Dickinson. 33 mati 3ess sem h3r skrifar ber form Dickinson takmarka3an keim af 3slenskri ferskeytluger3, hvort heldur sem horft er til hinnar hef3bundnu ferskeytluhef3ar sem Hallberg tekur mi3 af e3a hins r3m- og stu3lalausar afbrig3is J3hannesar 3r K3t'lum sem Silja 33alsteinsd3ttir bendir 3 3d hafa megi til hli3sj3nar. Tj3ningarform Dickinson er n3t3malegra, og kannski umframt allt *33tveiknanlegra* en svo.

Silja telur 3d megingallinn 3 3y3ingum Hallbergs s3 s3 3d honum takist ekki n3gilega vel 3d koma „3smeygilega einf3ldu or3f3eri Emily og afdr3ttarlausri tj3ningu“ til skila, kannski ekki s3st s3kum 3ess 3d knappleika lj33anna er erfitt 3d vi3halda („[e]ins og oft vill ver3a h3ttir 3slenskunni til 3d teygja m3li3“) auk 3ess sem „stu3larnir kalla 3 vonda or3kosti“. Fyrir viki3 s3u lj33in „ekki eins 3hrifamikil 3 3slensku og frumm3linu.“ Silja tiltekur 33 hi3 kunna lj33 Dickinson um „ofsabirtu sannleikans“ sem d3mi um vel heppna3a 3y3ingu. 3 frumm3linu (3 3tg3fu Johnsons, J1129, sem Hallberg mi3ar vi3) hlj3mar 3a3 svo:

Tell all the Truth but tell it slant –  
Success in Circuit lies  
Too bright for our infirm Delight

---

<sup>419</sup> J3hannes 3r K3t'lum. *Sj3d3gru*, 1955, bls. 33.

The Truth's superb surprise  
As Lightning to the Children eased  
With explanation kind  
The Truth must dazzle gradually  
Or every man be blind –

Ljóðið er ágætt dæmi um leikgleði Dickinson (tvíræðni sagnmyndarinnar „lies“, í þessu ljóði um sannleikann), óreglulega stuðlasetningu (*Tell, Truth, Success, Circuit, superb, surprise*) og „rímskraut“ (endurtekin *a*-hljóð í áhersluatkvæðum, aðalhending „*bright*“ og „*Delight*“ í 3. línu og endurómur hennar í „*Lightning*“ 5. línu). Þýðing Hallbergs er nokkru formfastari hins vegar og rímlausn síðara erindisins þvinguð, þótt hér skuli ekki lítið gert úr þeirri áskorun sem í mótsögn orðaparsins „dazzle gradually“ hefur falist:

Sannleikann allan segja skyldi  
en segja helst á ská.  
Furðuljós hans er oss aumum  
allt of skært á brá.

Sem elding milduð óvitum  
með útlistun skyldi sann-  
leiksbirtan séð aðeins í áföngum.  
Annars blindar hún mann.<sup>420</sup>

Óhætt er að taka undir þau orð að Emily Dickinson sé „ísmeygilegt“ skáld; stundum einföld og barnaleg á yfirborðinu, en undir niðri háðsk, harmræn, kímín, hrekkjótt og allt þar á milli, svo erfitt getur reynst að festa á henni hendur. Afskiptum Silju Aðalsteinsdóttur af ljóðum Dickinson var þó ekki lokið með ritdómi hennar í *DV* árið 1995. Hana ber einnig á góma í umfjöllun Silju um íslenska ljóðlist í fimmta bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* sem út kom árið 2006. Silja ræðir þar ljóðið „Í Úlfdöllum“ eftir Snorra Hjartarson og skrifar:

Aðferðin minnir til dæmis á ljóð bandarísku skáldkonunnar Emily Dickinson. Henni hafði enginn beitt fyrr hér á landi á sama hátt og Snorri, en ekki ólíka aðferð notaði Jóhannes úr Kötlum í *Rímþjóð* sinni sem birtist fyrst 1947 og síðan í *Sjödagra* (1955).<sup>421</sup>

---

<sup>420</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 118.

<sup>421</sup> Silja Aðalsteinsdóttir. „Formbylting og mótternismi“. Í *Íslensk bókmenntasaga*. 5. bindi, 2006, bls. 96.

Samanburðurinn við ljóðlist Snorra Hjartarsonar er að mati þess sem hér skrifar nærtækari en þau líkindi sem Silja sér með ljóðagerð Dickinson og Jóhannesar úr Kötlum. Er það ekki síst listileg notkun Snorra á endurtekningum sérhljóða og hálfrími sem sver hann í ætt við skáldsystur hans vestanhafs. Fyrsta erindi „Í Úlfdöllum“ hljómar svo, og má hér auk alríms upphafs- og lokalínu erindisins, gegnumgangandi hálfríms og endurtekinna ó-hljóða (!) einnig benda á innrímshendingar „óður“, „eyðiskóg“ og „leið“; „gisti“ og „kvistum“; „vor“ og „morgunsvala“ sem og „morgunsvala“, „sólardyr“ og „ylfrjór“:

Það gisti óður  
minn eyðiskóg  
er ófætt vor  
bjó í kvistum,  
með morgunsvala  
á sólardyr  
leið svefninn ylfrjór  
og góður.<sup>422</sup>

Form og innihald er hér sameinað, sú þýða tónlist sem býr í ljóðmáli Snorra er jafnframt sá „óður“ sem ort er um. Fá ljóðskáld íslensk hafa beitt hálfrími af viðlíka listfengi og Snorri Hjartarson, og er Dickinson nærtækur forveri líkt og Silja bendir á, þótt hér verði ekkert fullrytt um bein áhrif; skothendingar íslenskrar rímna- og dróttkvæðahefðar hafa ugglaustr verið Snorra einna lærdómsríkasta fyrirmyndin í þeim efnum. Samanburður Silju er þó mikilvægt atriði, enda hefur Emily Dickinson hér komist á spjöld skráðrar íslenskrar bókmenntasögu í fyrsta (og hingað til eina) sinn.

Eins og vikið hefur verið að ræðir Silja í ritdómi sínum í *DV* að í hinu nýstárlega formi Dickinson hafi verið fólgin „uppreisn gegn vélrænu rími“, auk þess sem hún hafi „líka oft [brotið] upp hrynjandina“, svo að lesandi sé í raun knúinn til að lesa „eftir merkingu í stað ríms og hrynjandi, eins og formið [sé] frjálst.“<sup>423</sup> Ekki síst af þessum sökum – þegar horft er til þess hversu ófyrirsjáanleg, frjálst og „brögðótt“ Dickinson er – má velta fyrir sér hvort sá stuðlastakkur sem Hallberg Hallmundsson sníður þýðingum sínum þrengi um of að tjáningu hans. Sú er að minnsta kosti niðurstaða Boga Þórs Arasonar í gagnrýni hans í *Morgunblaðinu* árið 2012, sem birtist í kjölfar endurútgáfu *100 kvæða* það sama ár, eftir andlát Hallbergs árið áður. Í umfjöllun Boga Þórs segir meðal annars:

---

<sup>422</sup> Snorri Hjartarson. *Kvæði*, 1944, bls. 7.

<sup>423</sup> Silja Aðalsteinsdóttir. „Ég er engin. En þú?“ *Dagblaðið Vísir* – *DV*. 3. mars 1995, bls. 31.

Nýstárleiki Dickinson fólst m.a. í frumlegum bragarháttum, mikilli notkun á þankastrikum, auk nýstárlegs myndmáls. Í ljóðunum notaði hún rím og hálfím en stundum sleppti hún alveg rími. Fyrstu útgefendunum þótti reyndar nóg um og þeir breyttu mörgum ljóðanna til samræmis við viðteknar reglur. Löngu síðar voru ljóðin birt óbreytt.

Hallberg Hallmundsson var afburðagóður þýðandi, orðhagur íslenskumaður með mikla þekkingu á ensku og eftir hann liggja vandaðar þýðingar á ljóðum eftir mörg af bestu skáldum enskrar tungu, m.a. Walt Whitman og Edgar Lee Masters. Þýðingar hans á ljóðum Dickinson eru þó miklu síðri.

Ástæðan er sú að þýðandinn ákvað að færa ljóð Dickinson í bundið mál, með stuðlum og höfuðstöfum. Þegar vel tekst til getur útkoman verið glæsileg en þegar á heildina er litið tapast of mikið af merkingu frumtextans í þýðingunni. Dickinson er of þröngur stakkur skorinn.

Ljóð Dickinson geta verið óræð og torskilin en enn torveldara er að skilja sum kvæðin í þýðingunni vegna þeirrar óþörfu kvaðar að troða inn stuðlum og höfuðstöfum.<sup>424</sup>

Þá veltir Bogi Þór orðavali Hallbergs fyrir sér, líkt og þau Jóhann og Silja gera:

Í þýðingunni eru stundum notuð sjaldgæf orð úr skáldamáli þegar Dickinson notar algeng orð. Til að mynda bregður þýðandinn á það ráð að nota orðið „stá“ (tökuorð sem rímnaskáld notuðu, d. stá) í staðinn fyrir „standa“ vegna þess að „stár“ rímar við „nár“.

Þýðandinn notar einnig illskiljanleg orð á borð við „votekin andlit“ í merkingunni „lömuð andlit“ og „geirrikti“ (gerikti/gluggakarmur) þegar Dickinson notaði einfaldlega orðið „wall“. Í þýðingunni bregður einnig fyrir orðinu „Hrímkell“ þegar Dickinson lét sér nægja orðið „frost“. [...]

Hallberg tekst betur upp [...] þegar ljóð Dickinson líkjast spakmælavísu og stuðlasetning getur hentað. Stundum er aðdáunarvert hvernig hann leysti vandamál sem komu upp við þýðinguna og kostuðu augljóslega mikil heilabrot. Þegar allt er saman tekið er samt hægt að draga þann lærdóm af ljóðabókinni að ógjörningur er að troða Dickinson í þröngan stuðlastakk – úr því að Hallberg tókst það ekki, þeim snjalla þýðanda.<sup>425</sup>

---

<sup>424</sup> Bogi Þór Arason. „Dickinson í þröngum stuðlastakk“. *Morgunblaðið*. 21. nóv. 2012, bls. 38.

<sup>425</sup> Sama rit, bls. 38.

Það kann að orka tvímælis að gera athugasemdir við þýðingu einstakra orða eins og Bogi Þór, Silja og Jóhann gera. Í öllum tilvikum lýtur gagnrýnin þó fremur að heildaraðferð Hallbergs, og dæmin tekin gagnrýninni til stuðnings. Kvaðir stuðlanna geta bæði kallað á „vonda orðkosti“ eins og bent er á í fyrrnefndum ritdómum og eins leitt til viðbóta í þýðingu sem virðast eingöngu tilkomnar ljóðstafasetningarinnar vegna. Þannig verður „Sea“ að skáldlegri „hrönn“ í eftirfarandi ljóði, og sú „reynsla“ sem þetta kunna ljóð (J875) Dickinson fjallar um kölluð „gömul“ í ofanálag, sem segja má að feli bæði í sér óþarfa tvítekningu og dragi úr slagkrafti lokalinunnar (og mætti kannski í þessum efnum rifja upp þá áherslu Ezra Pounds og ímagistanna ensku að nota „ekkert óþarft orð, ekkert lýsingarorð sem ekki afhjúpar eitthvað“<sup>426</sup>):

Af einum planka á annan  
ég ofurvarkár steig  
með stjörnuhaft um höfuð mér  
og hrönn að fótalaug.

I stepped from Plank to Plank  
A slow and cautious way  
The Stars about my Head I felt  
About my Feet the Sea.

Ég skildi að skref mitt hvert  
gat sköpum mínum rennt.  
Svo gafst mér það tvíráða göngulag  
sem gömul reynsla er nefnt.<sup>427</sup>

I knew not but the next  
Would be my final inch –  
This gave me that precarious Gait  
Some call Experience.

Jafnframt því sem stuðlasetning og háttbundin atkvæðatalning getur leitt þýðanda á heldur óheillavænlegar slóðir (svo sem hið sjaldséða orð „vengi“ hér á eftir, sem þýðing á „Floor“), getur þýðandi bragsins vegna neyðst til að víkja með róttækum hætti frá merkingu frumtexta. Þekkt er að ljóðmælandi Dickinson er á stundum karlkyns líkt og hér, í hinu kunna ljóði um snákinn, „kumpánan granna í grasinu“ sem verður á vegi ljóðmælanda og skilur hann eftir með „hroll í merg og bein“ (eða „Zero at the bone“, eins og sláandi orðalag Dickinson hljómar). Hrynjandinnar vegna að því er virðist verður „Strákur“ Dickinson hins vegar að „stelpu“ í meðförum Hallbergs. Styttist lýsingarorðið „berfætt“ þar með um eitt atkvæði. Þá má velta fyrir sér hvort orðmyndin „hvurt“ sé ekki nokkuð þvinguð, sem alrím á móti „burt“, þegar skotrímm „hvort“ og „burt“ hefði vel getað talist í anda Dickinson:

<sup>426</sup> Ezra Pound. „Nokkur bönn eftir ímagista“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Skírni*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 287.

<sup>427</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 99.

Raklendi vel á við hann  
 —vengi korni af svöl.  
 Sem berfætt stelpa stundum  
 á stjákli um miðdagsbil  
 fann ég—að ég hélt—ól úr svipu  
 endilanga en hvurt  
 sinn er ég hljóp til að höndl'ana  
 hlykkjaðist hún á burt — —<sup>428</sup>

Það má heita nokkuð kaldhæðnislegt að þær ógöngur sem ljóðstafasetningin leiðir þýðanda í hér, kannski ekki síst í hinni illskiljanlegu línu „vengi korni af svöl“, skuli eiga uppruna sinn í rammstuðluðum línum Dickinson sjálfrar (1986):

He likes a *Boggy Acre*  
 A Floor too wool for *Corn* –  
 Yet when a *Boy*, and *Barefoot* –  
 I more than once at Noon  
 Have passed, I thought, a *Whip lash*  
*Unbraiding* in the *Sun*  
 When stooping to secure it  
 It wrinkled, and *was* gone –

Þá má benda á eins konar innrím í línu 2 („Floor“, „for“, „Corn“) sem Dickinson tekur aftur upp í 4. línu („more“), auk hendinga í línu 5 („passed“, „lash“) og 6 („*Unbraiding*“, „*Sun*“) sem og þrítekens *ú-sérhljóðs* þeirrar 7. („*stooping*“, „*to*“, „*secure*“). Það má því ljóst vera að ekkert áhlaupaverk hefur verið að þýða þessar línur.

Auk íslenskrar ljóðstafasetningar bregður staðfærslum og tilvísunum til íslenskrar bókmenntahefðar fyrir í þýðingum Hallbergs. Áður hefur verið minnst á hvernig náttúra Nýja Englands umbreytist í heldur hryssingslegt, íslenskt sveitalandslag við ysta haf í ljóði J668, „Náttúran er hvað augun sjá“. Svipaðri aðferð beitir Hallberg í ljóði J76:

Fögnuður er för á sjóinn	Exultation is the going
fýsileg hverri afdalssál:	Of an inland soul to sea,
Lögð að baki hús og höfðar	Past the houses – past the headlands –
haldið djúpt á tímans ál.	Into deep Eternity –

---

<sup>428</sup> Sama rit, bls. 106.

Farmannshjarta—fær það skilið  
fjallabarnsins ölvun þá  
himneska, er það hefur farið  
heila röst landi frá?<sup>429</sup>

Bred as we, among the mountains,  
Can the sailor understand  
The divine intoxication  
Of the first league out from land?

Öðrum þræði virðist ljóð Dickinson fjalla um fögnuð sálarinnar þegar hún losnar úr viðjum líkamans og heldur út á Eilífðarhafið. „Eternity“ verður að „tímans ál“ í þýðingu Hallbergs, sem dregur úr vísun Dickinson til framhaldslífs mannsálarinnar á regindjúpum eilífðarinnar. Þýðingin er þó hugkvæm og með nokkuð „íslenskulegum“ blæ, ekki síst fyrir tilstilli samsettu orðanna „afdalssál“, „farmannshjarta“ og „fjallabarnsins“.

Ljóðið var ort árið 1860 og sent Susan Dickinson, áður en Dickinson dró sig nær alfarið til hlés, andstætt þeim „fögnuði“ og „ölvun“ ferðalangsins sem ljóðið lýsir, og áður en samband þeirra Susan kulnaði, af ókunnum ástæðum. Næsta ljóð úr penna Dickinson, sem sömuleiðis var sent Susan, hljómar hins vegar svo – um hið sjálfgerða „rimlabúr“ að því er virðist (J77):

Ég heyri aldrei orðið „strok“  
svo auki ei hjartað slátt:  
vonir allt í einu  
um að fljúga brott.

I never hear the word “escape”  
Without a quicker blood  
A sudden expectation  
A flying attitude!

Ég heyri aldrei um hlekkjamann  
sem haldi sleppur úr  
án þess að skekja árangurslaust  
eigið rimlabúr.<sup>430</sup>

I never hear of prisons broad  
By soldiers battered down,  
But I tug childish at my bars  
Only to fail again!

Í þýðingasafni sínu tekst Hallberg á við mörg af torskildustu ljóðum Emily Dickinson. Eitt þeirra er ljóð J754 (F764), „My Life had stood – a Loaded Gun –“, þar sem „brosi“ byssunnar er lýst með eftirfarandi hætti, og skotvopninu, sem jafnframt er sjálfur ljóðmælandinn, líkt við eldfjallið Vesúvíus:

And do I smile, such cordial light  
Upon the Valley glow –  
It is as a Vesuvian face  
Had let its pleasure through –

<sup>429</sup> Sama rit, bls. 37.

<sup>430</sup> Sama rit, bls. 38. Áður hefur verið minnst á þýðingu Siglaugs Brynleifssonar á fyrri erindi ljóðsins, sem birtist sem hluti af þýðingu hans á skáldsögu rússneska rithöfundarins Valeriy Tarsis, *Deild 7*.

Í ljóði F1691 talar Dickinson um „Vesuvius at Home“, sem er heiti hinnar áhrifamiklu greinar Adrienne Rich um „eldfjallið“ Emily Dickinson og verk hennar. Þá vísar Dickinson enn fremur til þessa kunna eldfjalls, sem eins og þekkt er lagði ítölsku borgina Pompeii í rúst árið 79, í ljóðum F165 og F517 sem og í bréfi L233. Í þýðingu sinni kýs Hallberg þó að færa myndmál Dickinson nær íslenskum lesendum, með því að hafa „eldfjallaskipti“ í líkingu erindisins:

Og brosi ég þá bregður ljósi  
um breiðan dalinn þvert  
sem hyrjarblossar Heklu skinið  
hafi leifturskært.<sup>431</sup>

Líkt og stundum áður virðist formfesta ljóðstafasetningarinnar knýja Hallberg til lausna sem bæði fela í sér óþarfar viðbætur (lýsingarorðið „breiðan“) og tyrfnara orðalag en efni standa til (eignarfallsmyndin „hyrjar-“, sem einkum bregður fyrir í fornum skáldskaparkeningum). Þá glatast nokkuð af ísmeygilegum tóni Dickinson, og jafnvel kynferðislegum, þegar lýsingarorðið „cordial“ og nafnorðið „pleasure“ eru látin lýsa eyðingarmætti vopnsins, en þeirra sér ekki stað með beinum hætti í þýðingunni. Í ljósi tíðra vísana Dickinson til Vesúvíusar í ljóðum sínum og bréfum má loks velta fyrir sér hvort „Hekla“ búi hér yfir jafngildri tilvísanavirkni.

Slíkar heimfærslur, hvort sem er í myndmáli eða orðalagi sem talist getur séríslenskt, geta þó heppnast með ágætum, líkt og hér, í fyrsta erindi ljóðs J812:

Á vorin vaknar ljós  
sem verður tæpast greint  
á öðrum tíma ársins  
en einmánuði seint.<sup>432</sup>

Aðferð sinni samkvæmt seinkar Hallberg komu vorsins um nokkrar vikur í þýðingu sinni, enda er hér lýst ljósbrigðum íslensks vors. Á frummálinu hljómar erindið svo:

A Light exists in Spring  
Not present on the Year  
At any other period –  
When March is scarcely here

---

<sup>431</sup> Sama rit, bls. 91.

<sup>432</sup> Sama rit, bls. 96.



Áður er minnst á efasemdir Boga Þórs Arasonar um að nefna frostið „Hrímkel“ upp á íslenska vísu. Segja má að betur takist til þegar ljóðaheimur Dickinson er færður nær íslenskum veruleika (og íslensku máli) með óbeinum tilvísunum til íslenskrar bókmenntahefðar. Þessari aðferð beitir Hallberg í þýðingu sinni á hinu kunna ljóði Dickinson um dauðastundina, „I heard a fly buzz – when I died“ (J465). Ugglaut vísar Hallberg hér óbeint til lýsingar í *Njálsögu* af „haglí“ því sem „hraut úr augum“ Þórhalls Ásgrímssonar þegar málaferli í kjölfar Njálsbrennu hófust á alþingi, en orðalaginu bregður víðar fyrir í íslenskum fornþekktum:

Hvert hagl af auga hrotið var  
og hljótt um andardrátt  
fyrir kippinn hinsta er kunngerandi mundi  
kóngurinn veldi sitt.<sup>433</sup>

The Eyes around – had wrung them dry –  
And Breaths were gathering firm  
For that last Onset – when the King  
Be witnessed – in the Room –

Þá vísar Hallberg með skemmtilegum hætti til karlmannlegra lokaorða Þormóðar Kolbrúnarskálds í *Fóstbræðrasögu* í snjallri þýðingu sinni á ljóði J1355, en á frummálinu bregður fyrir óhefðbundnu rímskema al- og hálfríms og gegnumgangandi *t*-samhljóðarími:

Hugurinn lifir á hjartanu  
sem hvert annað sníkjudýr.  
Hangi oss fita um hjartarætur  
mun hugurinn ekki rýr.

The Mind lives on the Heart  
Like any Parasite –  
If that is full of Meat  
The Mind is fat.

En hafi hjartað svelt  
þá horast andinn jafnt  
því annað er æti hins  
eitt og samt.<sup>434</sup>

But if the Heart omit  
Emaciate the Wit –  
The Aliment of it  
So absolute.

Þrátt fyrir vangaveltur ritgerðarhöfundar um aðferð og ákvarðanir Hallbergs og efasemdir gagnrýnenda um ýmislegt í þýðingum hans sem hér hafa verið raktar, þá er óhætt að taka undir með Boga Þór Arasyni að lausnir Hallbergs séu á tíðum hugvittissamar. Þá tekst honum stundum ágætlega að koma gamansemi Dickinson til skila. Gott dæmi þessa er hið víðfræga ljóð „I’m Nobody! Who are you?“ (J288), þar sem Dickinson fetar í fótspor Ódysseifs og kynnir sig til sögunnar sem „Engan“. Aðrir sjá í orðunum tilvísun til lokaorða Desdemónu í leikriti Shakespeares, *Ópelló*: „Enginn, nema ég sjálf; og vertu sæl“.<sup>435</sup> Enn aðrir álíta að Dickinson geri hér bragarbót á ljóði skoska ljóðskáldsins Charles Mackays, „Little Nobody“ (ljóðið birtist í

<sup>433</sup> Sama rit, bls. 66.

<sup>434</sup> Sama rit, bls. 127.

<sup>435</sup> William Shakespeare. *Ópelló*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Í *Leikrit* IV, 1986, bls. 435.

*Springfield Republican* árið 1858), þar sem segir „I’m but little Nobody – Nobody am I. // Who would be a Somebody? – Nobody am I“. Hvað sem líður áreiðanleika slíkra tilgáta mega þessir ólíku (hugsanlegu) áhrifavaldar – háir og lágir – á sinn hátt vera til marks um hversu víða Dickinson leitaði fanga í ljóðum sínum:<sup>436</sup>

Ég er engin. En þú?	I’m Nobody! Who are you?
Ert þú það kannski líka? Nú	Are you – Nobody – too?
þá erum við þokkappar!	Then there’s a pair of us!
En þegiðu! Það yrði básúnað!	Dont tell! they’d banish us – you know!

Að vera einhver—hve ömurlegt!	How dreary – to be – Somebody!
Jafnopinber hverja stund	How public – like a Frog –
og froskur sem þindarlaust þenur gúl	To tell your name – the livelong June –
fyrir þegnsamlegt mýrarsund! <sup>437</sup>	To an admiring Bog!

Upphafslínur ljóðsins eru ágætt dæmi þess að einföldustu ljóðlínur geta oftari en ekki reynst ansi harðsóttar í þýðingu. Þá er vandasamt að leika eftir hendingar fyrstu línu annars erindis („dreary“, „be“, „Somebody“). Þeirri broslegu senu sem Dickinson bregður upp í lokalinum ljóðsins kemur Hallberg þó prýðilega til skila.

Það er ekki síst fyrir sakir þýðinga á erlend mál sem Dickinson er nú „einhver“, „jafnopinber“ og kunn og froskurinn sem þenur sig „þindarlaust“ í mýrinni. Það er því eflaust við hæfi að ljúka þessari umfjöllun um þýðingar Hallbergs og annarra íslenskra Dickinson-þýðenda á eftirfarandi ljóðlínunum Vésteins Lúðvíkssonar, sem jafnframt eru lokaorð bókar hans *Sumir láta einsog holdið eigi sér takmörk*, áður en vikið verður að erlendum þýðingum í samanburðarskyni:

Nú veit ég eins vel  
og Emily Dickinson  
how dreary it is  
to be somebody<sup>438</sup>

---

<sup>436</sup> Um lestur og lestrarhætti Dickinson fjallar Richard B. Sewall sérstaklega í ævisögu sinni, sjá „Books and Reading“ í *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 668–706.

<sup>437</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 49.

<sup>438</sup> Vésteinn Lúðvíksson. „Óður blindingjans“. *Sumir láta einsog holdið eigi sér takmörk*, 2006, bls. 73.

Til samanburðar við hina íslensku þýðingasögu er forvitnilegt að horfa til viðtökusögu Emily Dickinson á erlendum vettvangi, og þá ekki síst á hinum Norðurlöndunum. Mun hér sérstaklega litið til sænskra þýðinga á ljóðum Dickinson, en nýleg þýðingasöfn þar í landi undirstrika vel gagnólíka afstöðu þýðenda og lesenda almennt til Dickinson sem höfundar. Þannig leggur fræðikonan og þýðandinn Ann-Marie Vinde einkum áherslu á það sem hún álítur íhaldssemi og formfestu Dickinson í þýðingasafni sínu *Min flod flyter mot dig* frá árinu 2010. Ljóðskáldið og þýðandinn Ann Jäderlund á hinn bóginn freistar þess ekki síst að endurskapa framsækna orðnotkun og nútímalegt form ljóða Dickinson í úrvali sínu frá árinu 2012, *Gång på gång är skogarna rosa*. Munu þessir ólíku „pólar“ ræddir hér, sem og önnur álítaefni.<sup>439</sup>

Í grein sinni „Emily Dickinson in Norway“ bendir Domhnall Mitchell á að framan af 20. öldinni hafi Norðurlandabúar fyrst og fremst haft kynni af verkum Dickinson (sem og annarra enskumælandi höfunda) í gegnum sænskar þýðingar og umfjallanir:

Þýðingasaga Emily Dickinson virðist hefjast um svipað leyti á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu (og raunar í heiminum öllum ef því er að skipta). Kveikjan að þessum áhuga er almennt talið að hafi verið útgáfa Conrad Aikens á *Selected Poems* (1924), sem og bresk útgáfa Mörthu Dickinson Bianchi á *The Complete Poems of Emily Dickinson* (1924). Til beggja rita er vitnað í grein Margit Abenius (1899–1970) í *Bonniers Litterära Magasin*, og raunar má með sanni segja að saga Emily Dickinson í norskum bókmenntum hefjist árið 1934, á sænsku. [...] Grein Abenius um Dickinson birtist í septemberhefti *Bonniers* árið 1934, og er þörf áminning um hversu mjög sænskt og norskt menningarlíf skarast: Norðmönnum er hægur vandi að lesa og skilja sænsku (og dönsku, ef því er að skipta), og má rekja fyrstu kynni margra norskra lesenda af enskumælandi höfundum á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar til þýðinga og umfjallana á sænsku.<sup>440</sup>

Söfn með ljóðum Dickinson á sænsku eru að minnsta kosti sjö talsins fram til ársins 2012, og þýðingar á einstökum kvæðum munu árið 2013 hafa verið um 700 alls á um 450 ólíkum ljóðum.<sup>441</sup> Árið 1949 birtu skáldin Erik Blomberg og Johannes Edfelt þýðingar sínar á 28 ljóðum Dickinson, *Dikter av Emily Dickinson*, og var það fyrsta úrval Dickinson-þýðinga á sænsku.

---

<sup>439</sup> Í eftirfarandi umfjöllun er þess ekki freistað að veita tæmandi yfirlit yfir þær þýðingar á ljóðum Dickinson sem til eru á öðrum norrænum málum, heldur miðast umfjöllunin fremur við að lýsa ólíkum túlkunaráherslum, og þá ekki síst með hliðsjón af handritageymd ljóðanna. Þau hið minnsta þrjú söfn þýðinga á dönsku sem til eru af ljóðum Emily Dickinson eru því ekki tekin til sérstakrar umfjöllunar hér, svo dæmi sé tekið.

<sup>440</sup> Domhnall Mitchell. „Emily Dickinson in Norway“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 76.

<sup>441</sup> Ann-Marie Vinde. „Which Emily Dickinson in Translation?“ *Moderna språk*. 107. árg., 2. tbl., 2013, bls. 132.

Tannlæknirinn Ellen Löfmarck birti rit sitt *Emily Dickinson. En introduktion med lyriska tolkningar* árið eftir. Það var svo ekki fyrr en árið 1986 sem þriðja safn Dickinson-þýðinga kom út, *Mitt brev till världen. Dikter i urval av Sven Christer Swahn*, sem innihélt þýðingar eftir sex ólíka þýðendur. Árið 1993 gaf Lennart Nyberg út safn sitt *Emily Dickinson. Urval*, og það sama ár birtist rit Patrik Reuterswårds *I lost a World the Other Day! Emily Dickinson. Liv och diktning med ett urval tolkningar*. Ann-Marie Vinde gaf út safn sitt *Min flod flyter mot dig* árið 2010, og loks kom fyrrnefnt safn Ann Jäderlund út árið 2012, *Gång på gång är skogarna rosa*.

Í inngangi sínum að bók Jäderlund vikur bókmenntafræðingurinn Staffan Söderblom stuttlega að þeim verkum sem hér hafa verið talin upp. Svo ólík eru þessi þýðingasöfn hvert frá öðru, að sögn Söderbloms, að erfitt er að sjá á köflum að einn og sami höfundurinn búi þar að baki. Söderblom gerir að umtalsefni að fyrstu þýðendur Dickinson á sænsku hafi haft tilhneigingu til að „normalísera“ orðalag hennar og innihald og gert hvorttveggja „settlegra“. <sup>442</sup> Slíka nálgun megi þó að einhverju leyti útskýra með hliðsjón af ófullnægjandi textafræðilegum útgáfum; fyrri þýðendur hafi ekki haft aðgang að handritagerðum ljóðanna – með þeim orðalagsmöguleikum og línuskiptingum sem ræddar hafa verið – líkt og raunin sé um Jäderlund og aðra. Má segja að Söderblom búi lesendur hér undir hina róttæku þýðingaraðferð Jäderlund, sem fylgir handritum Dickinson mun nánar en áður hafði sést. Svo óvanaleg eru tók Jäderlund raunar að í umfjöllun sinni um þýðingarnar fullyrðir bókmenntagagnrýnandinn Mikael van Reis að fremur sé um „nýja bók úr smíðju Ann Jäderlund“ sem frumskapandi höfundar að ræða heldur en viðbót við fyrri Dickinson-þýðingar á sænsku. <sup>443</sup> Eitt ætti þó ekki að útiloka annað í þessum efnum, og ummælin raunar forvitnileg í ljósi þess trúnaðar við upphaflega handritagerð ljóðanna sem Jäderlund leggur til grundvallar þýðingarstarfi sínu.

Í umfjöllun sinni um þýðingar Ann-Marie Vinde tekur Björn Kohlström í sama streng og Söderblom þegar kemur að samanburði við eldri Dickinson-þýðingar á sænsku. Segir Kohlström að „fyrri tilraunir til að berja í bresti ljóðanna, meðal annars með því að beita alrími í stað hálfríms, hafi gefið okkur tilfinningasama mynd af skáldinu“. Vinnubrögð fyrstu þýðenda Dickinson hafi þannig gefið í skyn að um „(nokkuð) hefðbundinn, handlaginn orðasmið ljóðrænna smámynda“ hafi verið að ræða, nokkuð sem óneitanlega gangi í berhögg við mynd okkar af Dickinson nú á dögum sem framsæknum höfundi sem fetað hafi eigin slóðir. <sup>444</sup> Eins og rætt hefur verið eru andlit Dickinson mörg – eina stundina er hún meinlaus og hefðbundin, þá næstu ögrandi helgimyndabryótur.

---

<sup>442</sup> Staffan Söderblom. „Förord“. Í *Emily Dickinson. Gång på gång är skogarna rosa*. Þýð. Ann Jäderlund, 2012, bls. 10.

<sup>443</sup> Vitnað eftir Matildu Södergran. „Jäderlund som kannibal? Den litteraturkritiska diskursen kring poesiöversättarens röst i fyra svenska Dickinsonöversättningar“. Lokaritgerð til meistaraáráðu í þýðingafraði við Háskólann í Lundi, 2013, bls. 5.

<sup>444</sup> Sama rit, bls. 18.

Sökum þess hve fáar þýðingar hafa birst á ljóðum Dickinson á íslensku er erfitt að skipta þeirri þýðingasögu og vinnubrögðum þýðenda upp í ólík tímabil líkt og þeir Söderblom og Kohlström gera. Þó má benda á að þýðingar Atla Harðarsonar og Árna Grétars Finnssonar sverja sig að nokkru í ætt við þær sænsku þýðingar sem Söderblom segir að hafi „normalíserað“ framsetningu Dickinson og gert hana „settlegrí“ en efni standa til, meðal annars með því „að beita alrími í stað hálfríms“, líkt og Kohlström bendir á. Þá vekur enn fremur athygli að enginn þýðenda Dickinson á íslensku, að Eiríki Erni Norðdahl undanskildum, fylgir einkennandi notkun hennar á hástöfum og greinarmerkjum, en þau frávik „normalísera“ óneitanlega bæði mynd ljóðanna á síðunni sem og þá „krampakenndu“ hrynjandi sem sér í lagi þankastrik Dickinson kalla fram. Þýðingar Garðars Baldvinssonar eru þær frjálustu í forminu, sem hefur líkt og áður segir bæði kosti og galla í för með sér. Segja má að Hallberg Hallmundsson sé frjálsegur og formlegur í senn – en þó frjálsegur í öðrum skilningi en Garðar er, með því að sveigja til orðalag Dickinson, staðfæra myndmál hennar á köflum, sem og með því að beita hálfrími þegar svo ber undir, en án þess þó að hvika frá stífum formkröfum íslenskrar ljóðstafasetningar. Sú aðferð er giftudrjúg á köflum, en getur þó jafnframt reynst þýðanda fótakefli.

Árin 2008 og 2009 birtist heildarsafn ljóða Emily Dickinson í þýðingu norska ljóðskáldsins Kurt Narvesens, og er það fyrsta og eina heildarþýðing höfundarverksins á norrænt mál enn sem komið er. Fylgir Narvesen orðfæri og greinarmerkjasetningu Dickinson náíð, en lætur með öllu ógert að endurskapa rím hennar eða hrynjandi. Verður að segjast eins og er að kappið ber Narvesen víða ofurlíði í þýðingum þessum, sem á köflum líkjast einna helst ókláruðum drögum sem enn eiga talsvert í land. Ýmsir höfðu áður þýtt einstök ljóð og styttri úrvöl á norsku, svo sem skáldkonan Tone Hødnebo í safni sínu *Skitne lille hjerte* frá árinu 1995. Þá hafa sömuleiðis birst úrvöl og þýðingar einstakra ljóða á dönsku. *Sig sandbeden*, þýðingasafn Poul Borums, kom út árið 1984, og um svipað leyti gaf guðfræðingurinn og skáldið Niels Kjær út þýðingar sínar (*Elysium* árið 1984 og *Hesperidernes sommer* árið 1985). Árið 2005 birtist svo safn Bente Clod, *Þá min vulkan*. Eins og gjarnan er raunin þarf þó ekki lengi að leita í viðtökusögu þessara þýðinga áður en óþýðanleikinn alræmði skýtur upp kollinum og úrtöluraddirnar gamalkunnugu taka að hljóma. Hér er það bókmenntagagnrýnandinn Mai Misfeldt sem gerist enn einn „spámaður örvæntingarinnar“:

Það krefst hugrekkis að þýða Emily Dickinson. Kannski er það líka allsendis ónauðsynlegt. Heimskulegt hreinlega. Það virðist ekki hægt. Yfirhöfuð. Hver þýðingartilraunin á dönsku hefur reynst verri en sú næsta á undan.<sup>445</sup>

---

<sup>445</sup> Mai Misfeldt. <http://prmdn.dk/min-emily-dickinson/>. Sótt 16. jan. 2017. Við síðari skoðun er að sjá sem Misfeldt hafi fjarlægð færsluna af vef sínum, og fannst hún ekki þegar hennar var leitað.

Á færeysku hefur loks rithöfundurinn og skáldið Carl Jóhan Jensen leitað fanga í ljóðum Dickinson. Skáldsaga hans *Eg síggi teg betur í myrkri* frá árinu 2014, sem byggir að einhverju leyti á ævi Einars Benediktssonar skálds, sækir titil sinn í ljóð F442, og hljómar þýðing Carl Jóhans á fyrsta erindi þess svo:

Eg síggi teg betur – í myrkri –	I see thee better – in the Dark –
Eg krevji ikki ljós –	I do not need a Light –
Tokkin til tín – veri ein strenda –	The Love of Thee – a Prism be –
Skærari enn fjóla – <sup>446</sup>	Excelling Violet –

*Órofin bragbeild eða „vilttari, frjálslegri öndun“? Dickinson á sænsku*

Áður hefur verið vikið að eftirmála sænska ljóðskáldsins Ann Jäderlund við þýðingasafn sitt *Gång på gång är skogarna rosa*. Aðferð sína útskýrir hún svo:

Þýðingar mínar byrjuðu sem tilraun. Ég vildi sjá hvað myndi gerast ef ég þýddi ljóð Emily Dickinson á sænsku eins orðrétt og mér væri framast unnt. Allt niður í minnstu hræringar í setningagerð ljóðanna. Ef ég breytti eins litlu og hægt væri.<sup>447</sup>

Fljótlega hafi henni hins vegar orðið ljóst að slíkt væri hægara sagt en gert:

Því lengra sem á leið óx mér verkefnið sífellt í augum. [...] Það sveið undan efasemdum um ófullnægjandi orðalag. Ég fann að ég hefði aldrei átt að fara af stað:

Beauty – be not caused –  
It is<sup>448</sup>

Um leið og Jäderlund ber eigin þýðingar saman við eldri Dickinson-þýðingar, gerir hún grein fyrir sýn sinni á verklag og skáldskaparfræði Dickinson sjálfar:

Samanborið við fyrri þýðingar á ljóðum hennar eru mínar nærsýnni, og stirðari. En það var mikilvægara fyrir mig að varðveita mál- og merkingarfræðilega þætti ljóðs

---

<sup>446</sup> Carl Jóhan Jensen. „Eg síggi teg betur – í myrkri –“. <http://www.listaportal.com/bokmentir/2014/8/6/eg-sggi-teg-betur-myrkri->. Sótt 9. ágúst 2019.

<sup>447</sup> Ann Jäderlund. „Efterord“. Í Emily Dickinson. *Gång på gång är skogarna rosa*, 2012, bls. 125.

<sup>448</sup> Sama rit, bls. 125.

fremur en að reyna að halda til haga formlegum/lístrænum einkennum þess. Ég hef reynt að líkja eftir aðferðum Dickinson sjálfrar hvað þetta varðar, jafnvel á enn „veraldlegri“ vísu.

Fyrir mér er ljóðlist Dickinson sett saman úr nákvæmu orðfæri. Stundum með fastri hrynjandi og rími, stundum frjálssari í forminu en svo. En jafnvel í þeim tilvikum virðist mér bygging þeirra vera „föst“. Líkt og hvert orð sé bundið öðru. Og geti aðeins bundist saman á þann eina hátt sem þau gera. Örlítill blæbrigði í setningagerðinni bera uppi mikilvæga þætti í uppbyggingu ljóðanna.

En jafnframt – frá öðru sjónarhorni séð – eru ljóðin opin og kvik. Taka sér nútímaleg skáldaleyfi. Leyfa sér að vera „óskiljanleg“. Mótsagnakennd. [...] Nokkuð sem ljær [orðunum] tvíræða, eða öllu heldur margfalda merkingu. Hún sýnir að merking orða er aldrei föst – hvað þá augljós frá einni stund til annarrar. Varpar ljósi á merkingarauka þeirra.<sup>449</sup>

Um hin „nútímalegu skáldaleyfi“, aðferð Dickinson, segir Jäderlund skömmu síðar:

Ég get ekki varist þeirri hugsun að aðferð hennar – sem mér sýnist hafa þróast með tímanum, jafnvel í átt að frjálssari erindaskiptingum – sé tilkomin vegna hennar eigin „innri þankagangs“.<sup>450</sup>

Eins og getið hefur verið fyrr á þessum blöðum fylgir Jäderlund handritagerð ljóðanna fremur en prentútgáfum þeirra Johnsons og Franklins. Í eftirmála sínum færir hún rök fyrir þessari ákvörðun. Um leið er frekari innsýn í „innri þankagang“ bæði Dickinson sjálfrar sem og Jäderlund sem þýðanda gefin:

Það er frelsi og hreyfanleiki í handritagerðunum sem erfitt er að leika eftir eða varðveita í prentaðri gerð. Og það eru erfiðleikar fólgnir í túlkun þeirra sem aldrei er hægt að leysa fyllilega úr. Stendur punktur fyrir punkt, kommu eða þankastrik? Er millistór stafur há- eða lágstafur? Í handritunum er líka oft að finna ólíkar gerðir einstakra ljóða sem velja þarf á milli. Dickinson tekur ekki af skarið um lokagerðir ljóða sinna. Þrátt fyrir þessa erfiðleika ákvað ég að reyna að vera trúrri upprunagerð handritanna en venjan hefur verið hingað til. Þar sem um ólíkar gerðir einstakra ljóða er að ræða hef ég á köflum leyft mér að blanda gerðunum saman.

Ég ákvað að varðveita hástafi þar sem þeir koma fyrir. Þrátt fyrir að illgerlegt sé að slá því föstu, í hverju einstöku tilfelli, hvort raunverulega sé um hástaf að ræða eða

---

<sup>449</sup> Sama rit, bls. 126.

<sup>450</sup> Ann Jäderlund. „Efterord“. Í Emily Dickinson, *Gång på gång är skogarnar rosa*, 2012, bls. 128.

ekki. Eða hversu þungvægur hann er. Að hefja ljóðlínu á hástaf var vissulega venjan á þessum tíma. En ég lít svo á að þeir gegni oftari en ekki merkingarbæru hlutverki. Þegar Dickinson kys að skrifa að fegurðin „skapist“ ekki – heldur „Er“, eða kallar gröfina „Milda“ – tel ég að heimur hennar myndi skreppa saman ef ekki væri tekið tillit til þessa. Eða þegar „Brjóst“, „Munnur“ og „Hjarta“ fá hástafi – en ekki „fætur“.

Ég ákvað líka að fylgja línuskiptingum handritanna nokkuð náíð. Eftir langa umhugsun. Því hér sem fyrr er í raun og veru ekki hægt að slá því föstu hvers vegna Dickinson skiptir línunum sínum eins og hún gerir. (Ástæðurnar geta verið fleiri en ein.) Til að byrja með áleit ég að línuskiptingar hennar réðust af plássleysi. Eftir því sem á leið sá ég þó dæmi þess að sama ljóði, þar sem það kom fyrir í ólíkum gerðum, var skipt á sama eða líkan hátt á milli lína. Og byrjaði sjálf að reyna að fylgja handritaskiptingum ljóðanna.<sup>451</sup>

Það er rétt að Dickinson „tekur ekki af skarið um lokagerðir ljóða sinna“ í handritageymdinni. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa hugfast að þau ljóð sem Dickinson sendi vinum og ættingjum á lífsleiðinni eru ávallt *endanleg* eða fullkláruð, að því leyti að þar hefur Dickinson valið á milli orðalagsmöguleika sinna, „tekið af skarið“. Þetta er mikilvægt að muna þegar höfundarætlun Dickinson er annars vegar – þau ljóð sem hún „birti“ með sínum hætti, bréfleiðis til (ást)vina, voru ævinlega heil. Þá getur Jäderlund þess ekki hvaða ljóð það séu sem Dickinson skipti „á sama eða líkan hátt á milli lína“ þótt í ólíkum gerðum séu. Raunar tekur hún fram að hún hafi ekki „farið í gegnum öll ljóðin, um 1800 talsins, eða rannsakað þetta í þaula.“<sup>452</sup> Slík rannsókn leiðir í ljós að allajafna virðast línuskiptingar handritanna miðast við plássleysi, eins og Jäderlund áleit í fyrstu. Hér verður þó að leggja sérstaka áherslu á orðið *allajafna*. Ekki er útilokað að greina megi vissa framsækni og „for(m)-móðernísk“ einkenni á ljóðum Dickinson í þessum efnum, líkt og Jäderlund leiðir líkur að í umfjöllun sinni, sem óneitanlega er forvitnileg tilgáta (og mun nánar vikið að síðar):

Eftir því sem ég hélt lengra áfram, þeim mun eftirtektarverðari tóku mér að þykja línuskiptingar hennar. Að í þeim sé fólgin villtari, frjálsglegri öndun. Og að þær standi á einhvern áhugaverðan hátt nærri ljóðlist okkar eigin tíma. [...] Sjálf fann ég oftari en ekki hjá mér þörf til að nýta mér þetta „frelsi“ í enn ríkari mæli. Enda þótt sérhver þýðingarlausn sé háð vissu samþykki með tilliti til frumtexta.<sup>453</sup>

---

<sup>451</sup> Sama rit, bls. 127–128.

<sup>452</sup> Sama rit, bls. 128.

<sup>453</sup> Sama rit, bls. 128.



Af orðum Jäderlund um „frelsi“ Dickinson, sem hún sem þýðandi beitir í eigin þágu, og „samþykki“ með tilliti til frumtexta, má ráða að hvaða leyti þýðingarstarfið er hverju sinni eins konar sáttaumleitan eða samningagerð, eins og stundum hefur verið bent á.<sup>454</sup>

Bókmenntafræðingurinn og Dickinson-þýðandinn Ann-Marie Vinde hefur hins vegar gagnrýnt þá ákvörðun Jäderlund að fylgja handritaskiptingum Dickinson fremur en prentútgáfum þeirra Johnsons og Franklins. Í grein sinni „Which Emily Dickinson in Translation?“ bendir Vinde á að það sé ekki fyrr en upp úr 1861, í kjölfar þess að rithönd Dickinson stækkar og tekur að breiða úr sér á síðunni – en *ekki* sem breyting á aðferð og fagurfræði Dickinson „með tímanum“ líkt og Jäderlund telur hugsanlegt – að ljóðlínur hennar rúmast ekki lengur heilar og óskiptar innan þeirrar hefðbundnu atkvæðatalningar sem meirihluti ljóða Dickinson er ortur undir, 8/6/8/6 atkvæðatalning sálmabragssins svokallaða. Hugsanlega má rekja breytingarnar á rithönd Dickinson til versnandi sjónar hennar um og upp úr 1860. „Línuskiptingar“ handritanna, að mati Vinde, sem verða æ tíðari eftir því sem rithöndin stækkar, séu með öðrum orðum tilkomnar af plássleysi eingöngu, þær séu ekki gerðar af brag- eða fagurfræðilegum ástæðum.<sup>455</sup>

Vinde tiltekur ólík dæmi máli sínu til stuðnings. Handritsgerðir nokkurra ljóða eru skoðaðar og sýnt fram á að bragheild ljóðlínu sé aðeins raskað þegar Dickinson verður uppiskroppa með pláss á hægri spássíu.<sup>456</sup> Þá bendir Vinde glögglega á að Dickinson láti jafnan ógert að hefja „línubút“ á hástaf þegar hún hefur orðið að skipta braglínu í tvennt, en það geri hún undantekningalaust þegar um *nýja* braglínu er að ræða. Enn fremur sýnir Vinde að mismunandi línuskiptingar sama ljóðs – til dæmis í handriti annars vegar og í bréfi hins vegar – ráðast af því svigrúmi sem Dickinson hefur hverju sinni á síðunni. Á þetta hafa fleiri bent. Í ritgerð sinni „Emily Dickinson, Ralph Franklin, and the Diplomacy of Translation“ rekur Domhnall Mitchell hvernig mismunandi gerðir Dickinson af ljóði F895 velta á sentímetraspursmáli blaðsíðunnar hverju sinni fremur en nýstárlegum tilraunum með línuskiptingar og rof á hefðbundnum brag.<sup>457</sup>

Fleiri dæmi styðja mælingar Mitchells og Vinde. Benda má á ljóð F814 sem til er í þremur ólíkum gerðum, A, B og C, og verður ekki annað séð en að línuskiptingar Dickinson ráðist í öllum tilvikum af svigrúmi pappírsarkarinnar. Hinar þrjár ólíku gerðir virðast þannig gefa tilefni til að ætla að heilar, óskiptar braglínur hafi verið eins konar frumgerð Dickinson, sem hún vókur

---


<sup>454</sup> Hér mætti sérstaklega vísa til bókar ítalska táknfræðingsins Umberto Eco (frumskrifuð á ensku): *Mouse or Rat? Translation as Negotiation*, 2003.

<sup>455</sup> Ann-Marie Vinde. „Which Emily Dickinson in Translation?“ *Moderna språk*. 107. árg., 2. tbl., 2013, bls. 116.

<sup>456</sup> Hér má til gamans benda á að í ljóði F1668 er orðið „God“ meira að segja skrifað lóðrétt upp eftir spássíunni, sem „bókstafstrúaðir“ Dickinson-fræðingar kynnu jafnvel að vilja túlka sem „týpógrafíska“ endurspeglun á himneskri uppstigningu

<sup>457</sup> Domhnall Mitchell. „Emily Dickinson, Ralph Franklin, and the Diplomacy of Translation“. *The Emily Dickinson Journal*. 8. árg., 2. tbl., 1999, bls. 39–52. Sjá sérstaklega bls. 48.

frá af nauðsyn fremur en vilja, *enda raskar hún ekki* bragheild línanna í þeirri einu gerð ljóðsins þar sem pappírinn þrengir ekki að undirliggjandi 6/6/8/6 atkvæðatalningu þess (gerð C):




F814A

“Soto” – Explore  
Thyself –  
Therein – Thyself  
shalt find  
The “Undiscovered  
Continent” –  
No Settler – had  
the Mind –<sup>458</sup>

---

<sup>458</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/237247](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/237247). Sótt 20. maí 2017.




F814B

“Soto” – Explore Thyself –  
Therein – Thyself shalt  
find  
The “Undiscovered  
Continent” –  
No Settler, had  
the mind –<sup>459</sup>

---

<sup>459</sup> Sjä [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/240375](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/240375). Sótt 20. maí 2017.




F814C

Soto! Explore Thyself!  
Therein thyself shalt find  
The "Undiscovered Continent" –  
No Settler had the Mind.<sup>460</sup>

Mitchell gengur þess þó ekki dulinn að Dickinson hafi verið framsækið og tilraunakennt umbyltingaskáld sem hafi notið sín einna best í millibilsástandi margræðninnar, og því sé erfitt að fullyrða nokkuð af eða á í þessum efnum. Afstaða Vinde er afdráttarlausari. Telur hún að hinn bragfræðilegi rammi eða grind sem beri ljóðlínur og erindi Dickinson uppi sé til marks um fastmótaða, venjubundna hrynjandi ljóðanna sem sjaldan sé vikið frá – enda hafi Dickinson verið „harla íhaldssöm að forminu til.“<sup>461</sup> Við þetta sjónarhorn má gera vissar athugasemdir. Skemmst er að minnast títtnefndra orða Higgingsons um hina „krampakenndu“ hrynjandi Dickinson, auk þess fjölda ljóða þar sem vikið er frá hefðbundinni 8/6/8/6 atkvæðatalningu sálmabragisins og sú „grind“ útfærð með margvíslegum hætti – bæði hvað hrynjandi varðar *jafnt sem* uppsetningu ljóðanna á síðunni. Með hliðsjón af athugunum Mitchells og Vinde má hér benda á einkar forvitnilega uppsetningu Dickinson á ljóði F403. Ljóðið er til í tveimur gerðum. Í þeirri fyrri, F403A, er „týpógrafísk“ uppsetning ljóðlínanna frjálslæg; bæði eru þær inndregnar sem og skipt með óreglulegum hætti, óháð plássleysi handritssíðunnar, auk þess sem undirstrikunum til áhersluauka er beitt. Allt gerir þetta að verkum að „týpógrafía“ handritsins minnir hér einna helst á framsetningu erkimóðernistans Ezra Pounds í æviverki hans *The Cantos*, eða á hinn svokallaða „breytilega brag“ (e. „variable foot“) William Carlos Williams, þar sem línuskiptingar ráðast öðru fremur af andardrætti ljóðmálsins. Þá verður hið „níhilíska“ inntak eftirfarandi ljóðlína jafnframt að teljast æði nútímalegt:

<sup>460</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/236219](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/236219). Sótt 20. maí 2017.

<sup>461</sup> Ann-Marie Vinde. „Which Emily Dickinson in Translation?“, 2013, bls. 130.



I reason –  
Earth is short –  
And Anguish – absolute –  
And many – hurt –  
But, *What* of *that*?  
I reason –  
We should ...<sup>462</sup>

Forvitnileg dæmi um óhefðbundna uppsetningu af hálfu Dickinson eru fleiri. Þó er ljóst af handritum Dickinson að þar ræður plássleysið oftast skiptingum fremur en nýstárleg fagurfræði línuskiptinga í mórernískum anda, líkt og bandaríski fræðimaðurinn og ljóðskáldið John Shaptow rekur í grein sinni „Listening to Dickinson“. Bendir Shaptow til að mynda á tilvik þar sem orð eru hreinlega klippt í tvennt („Alabas/ter“ í F124F, „Delig/ht í F1636, „Bu/gles“ í F1655). Sé hins vegar gengið út frá því að Dickinson skipti línunum sínum meðvitað í eins konar *vers libre*-stíl, má spyrja sig hvort línuskiptingarnar standist þær hljómrænu, merkingarbundnu eða á annan hátt fagurfræðilegu kröfur sem ætla má að skáld á borð við Dickinson – svo úthugsuð og þaulunnin sem ljóðlist hennar er – geri til sjálftrar sín og formlegra þátta í ljóðagerð sinni. Stutta svarið að mati Shoptaws er nei, línuskiptingarnar séu allajafna „tilgangslaugar“.<sup>463</sup> Til dæmis megi spyrja sig hvað sé áunnið með eftirfarandi „línuhlaupi“<sup>464</sup> í upphafslínu(m) handritsgerðar ljóðs F359C, eins af kunnari ljóðum Dickinson:

<sup>462</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/235690](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/235690). Sótt 31. okt. 2016.

<sup>463</sup> John Shoptaw. „Listening to Dickinson“. *Representations*. 86. árg., 1. tbl., 2004, bls. 40.

<sup>464</sup> Með *línuhlaupi* er átt við línuskiptingu sem heggur skarð í hugsun og setningarfræði samhangandi merkingarfrasa. Með *línuskiptingu* er hér almennt átt við niðurröðun ljóðlína á blaðsíðu. Þannig eru öll línuhlaup línuskiptingar, en ekki eru allar línuskiptingar línuhlaup.

A Bird, came down the  
Walk –

Að mati ritgerðarsmiðs er hin óvanalega komma sem Dickinson setur á eftir „Bird“ mun athyglisverðari hér, hvað lestraráherslu og óhefðbundna framsetningu snertir, en hin flatneskjulega línuskipting. Einnig mætti taka dæmi af handritsgerð hins sérstæða ljóðs um „Trén fjögur“ (F778):

Four Trees – opon a solitary  
Acre –

Öðru máli telur Shoptaw gegna um margvísleg frávík Dickinson frá *hljómfalli* sálmabragssins svokallaða, þessa grunnforms ljóðanna sem Dickinson teygir á alla hugsanlega kanta á sinn „krampakennda“ hátt. Í slíkum frávikum, fremur en merkingarlausum „línuhlaupum“, telur Shoptaw að helst megi greina vísi að frjálsari hrynjandi – frjálsri, en þó undir styrkri, meðvitaðri stjórn höfundar síns, sem hefur ýmsar leiðir til að hægja á eða hraða lestri lesandans.

Auk óvanalegrar greinarmerkjasetningar, á borð við kommunitkun Dickinson hér að framan, mætti nefna þankastrik hennar, sem Shoptaw og aðrir álíta að feli gjarnan í sér eins konar bendingu til lesanda um hik eða þögn. Sambærilegum „lestrartilmælum“ virðist Ezra Pound beita árið 1913, þegar hið kunna ljóð hans „In a Station of the Metro“ birtist fyrst, í aprílhefti tímaritsins *Poetry*, nema hvað í stað þankastrika gefur Pound hinn hikandi lestur til kynna með auknu bili milli lykilorða – eða *ordknippa* – ljóðsins:

The apparition of these faces in the crowd :  
Petals on a wet, black bough .<sup>465</sup>

Í síðari útgáfum þessa ljóðs, sem átti eftir að verða eins konar táknljóð þeirrar módernísku skáldskaparbyltingar aðhaldssemi og myndvísi sem Ímagista-hreyfingin hratt af stað, hurfu orðabilin, og ljóð Pounds „skrapp saman“ sem þeim nam. En kannski mætti beita hinni einkennandi greinarmerkjasetningu Dickinson til að „þrýsta“ því aftur út, og undirstrika þar með þá áherslu á lykilorð og hina höktandi („krampakenndu“?) hrynjandi sem upprunaleg framsetning Pounds á ljóðinu gefur til kynna – aðferð sem ritgerðarhöfundur vill meina að eigi sér skýran fyrirrennara í ljóðlist Emily Dickinson, þótt ekki sé því haldið fram hér að Pound leiti meðvitað í smiðju skáldsystur sinnar:

---

<sup>465</sup> Ezra Pound. „In a Station of the Metro“. [https://www.poetryfoundation.org/poetrymagazine/-/browse?contentId=12675](https://www.poetryfoundation.org/poetrymagazine/browse?contentId=12675). Sótt 10. ágúst 2019.

The apparition – of these faces – in the crowd  
Petals – on a wet, black – bough

John Shaptow furðar sig raunar á að Pound skuli hafa látið Dickinson framhjá sér fara, ólíkt ýmsum lykilskáldum af hans kynslóð, svo sem Robert Frost, Wallace Stevens, H.D., Louise Bogan, Marianne Moore og William Carlos Williams. Og víst er að ýmsir hafa séð í ljóðum Dickinson vísi hinnar módernísku byltingar í enskumælandi ljóðagerð, líkt og nú mun vikið að.

„*Eliot fyrir daga Eliots*“

Sú skáldskaparaðferð William Carlos Williams að láta línuskiptingar ljóða sinna í auknum mæli ráðast af hrynjandi andardráttarins fremur en af setningar- eða merkingarfræðilegum þáttum, er ekki síst áhugaverð þegar fyrrnefnd orð Jäderlund um þá „viltari, frjálsegri öndun“ sem hún telur sig greina í ljóðlist Dickinson eru höfð í huga, öndun sem geri að verkum að ljóð hennar „standi á einhvern áhugaverðan hátt nærri ljóðlist okkar eigin tíma.“<sup>466</sup> Jäderlund er raunar síður en svo ein um þessa skoðun, að Dickinson sé að mörgu leyti frumkvöðull og ljóð hennar forboði þeirra módernísku umbrota sem áttu sér stað í bandarískri og evrópski ljóðagerð um og upp úr aldamótunum 1900, og er af ýmsu að taka þegar hin alþjóðlega viðtökusaga Dickinson er skoðuð. Í yfirlitsritgerð þýska bókmenntafræðingsins Armin Paul Franks um bandaríska ljóðlist frá árinu 1977 er Dickinson til að mynda markaður sess sem „hlekkurinn á milli hins rómantíska módernisma Whitmans og hins „klassíska“ módernisma Pounds og Eliots.“ Kallar Frank ljóðin „símskeyti hvergi að“ og sér hliðstæðu með „leitandi, óræðum og hljómfögurum sýmbólisma“ Dickinson og ljóðagerð Wallace Stevens.<sup>467</sup> Þá lét svissneski bókmenntafræðingurinn Roland Hagenbüchle svo um mælt árið 1990 að „stíllig tilþrif Whitmans [virðast] hófstíllt – jafnvel afturhaldssöm í samanburði við *Modern Idiom* (Porter) Dickinson.“<sup>468</sup> Í svipaðan streng hefur pólski bókmenntafræðingurinn og þýðandinn Stanislaw Baranczak tekið í ritgerð um þýðingarreynslu sína af ljóðum Dickinson. Ólíkt fyrri þýðendum, sem hafi fært Dickinson í búning pólskrar síð-rómantíkur, segist Baranczak þvert á móti „upplifa Dickinson sem módernískt skáld í öllum grundvallaratriðum, og því ber að varast að slétta yfir sérviskuleg stílbrögð hennar eða ljá henni hefðbundnara yfirbragð en efni standa til.“<sup>469</sup>

<sup>466</sup> Ann Jäderlund. „Efterord“. Í Emily Dickinson. *Gång på gång är skogarna rosa*, 2012, bls. 128.

<sup>467</sup> Vitnað eftir Sabine Selke. „„The Mind Alone?“. Reading Emily Dickinson in Germany, Austria and Switzerland“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 10.

<sup>468</sup> Sama rit, bls. 10.

<sup>469</sup> Stanislaw Baranczak. „„Because I could not stop for Death“ – Remarks of a Polish Translator“. *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 122.

Hér má enn fremur benda á þýðingar Paul Celans á ljóðum Dickinson. Bandaríski Dickinson-fræðingurinn Shira Wolosky hefur fjallað um líkindin í stílbrögðum þeirra skáldsystkina, ekki síst hina róttæku afmyndun beggja á hefðbundinni setningabyggingu. Túlkur Wolosky slík stílbrögð sem málfræðilega tjáningu brotakenndrar, módernískrar heimssýnar. Austurríski bókmenntafræðingurinn Bianca Rosenthal tekur í svipaðan streng; jafnvel þótt þau Dickinson hafi verið ólík skáld um margt, megi ímynda sér að tíminn og dauðinn sem helstu viðfangsefni Dickinson, efahyggja hennar og kaldhæðinn tónn, hafi höfðað til Celans. Þessi einkenni hafi Celan dregið fram í þýðingum sínum á þeim tíu ljóðum Dickinson sem til eru í þýskri gerð frá hans hendi, og fyrir vikið „umbreytt ljóðunum í há-móðernískan skáldskap.“<sup>470</sup> Ef til vill mun þó ofsagt að Celan hafi „umbreytt“ ljóðum Dickinson, þegar horft er til þeirra nútímalegu einkenna sem greina má þegar í aðferð hennar sjálftrar og viðfangsefnum. Þannig lætur portúgalska ljóðskáldið og Dickinson-þýðandinn Jorge de Sena svo um mælt árið 1958 að Emily Dickinson sé „óefað, í bókmenntasögu heimsins, sú fyrsta í röð hinna „móðernu“.“<sup>471</sup> Í umfjöllun sinni um fyrrnefnt þýðingasafn Ellen Löfmarck frá árinu 1950, *Emily Dickinson. En introduktion med lyriska tolkningar*, bendir sænski bókmenntagagnrýnandinn Hans Levander jafnframt á að „glöggskyggn uppreisn Dickinson gegn hefðbundnum brag, sá hæfileiki hennar að ljá hversdagslegu myndmáli margræða merkingu sem og ítarlegar lýsingar hennar á gangverki hugar og hugsunar, gera Dickinson að mikilvægum forsprakka nútímaljóðsins.“<sup>472</sup> Ekki síður áhugaverð eru ummæli norska ljóðskáldsins og ritstjórans Sverre Hovs, sem í umfjöllun sinni um þýðingasafn Löfmarck skrifar svo í menningartímaritið *Kirke og Kultur* árið 1951:

Hið undraverða við Emily Dickinson er að hún, um miðbik Viktoríutímabilsins, var forgöngumaður og frumherji *hins móðerníska ljóðs*. Já, sú bókmenntategund, stílbrögð og form sem hið móðerníska ljóð glímir við, oft með takmörkuðum árangri, var eitthvað sem hún var þegar byrjuð að ljá sköpulag 50 árum fyrr, og oftar en ekki með glæsilegum hætti. Það er vel réttlætlanlegt að tala hér um Eliot fyrir daga Eliots.<sup>473</sup>

Árið 1977 rifjaði norska skáldið og Dickinson-þýðandinn Inger Hagerup upp fyrstu kynni sín af Dickinson og ljóðum hennar – og enn er áherslan ekki síst á hinni nútímalegu tjáningu, og eins á þeirri miklu vídd sem ljóðaheimur Dickinson spannar:

<sup>470</sup> Bianca Rosenthal. „Paul Celan’s Translation of Emily Dickinson’s „Because I could not stop for Death –““. *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 134.

<sup>471</sup> Vitnað eftir Ana Luísa Amaral og Marinela Freitas. „Meteors, Prodigies, Sorcerers. Emily Dickinson in Portugal“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 129.

<sup>472</sup> Vitnað eftir Lennart Nyberg. „The Reception of Emily Dickinson in Sweden“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 110.

<sup>473</sup> Vitnað eftir Domhnall Mitchell. „Emily Dickinson in Norway“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 78.



Fyrstu kynni mín af Emily Dickinson lustu mig eins og elding.

Það var árið 1934, þegar ég las grein Margit Abenius í *Bonniers Litterära Magasin*. Form ljóðanna var með eindæmum nútímalegt, og afstaða hennar jafnvel enn frekar, þetta sambland af ástríðu, flugskarpri greind og heitum tilfinningum, settar fram allsendis án tilfinningasemi. Orðfæri hennar var einkennilega blátt áfram en þó ferskt, með djörfum samslætti skáldlegs tungutaks, lifandi talmáls og allt að því vísindalegrar hugtakanotkunar. Ég var líka hugfangin af andlegri vídd ljóðanna, frá dansandi orðaleikjum til miskunnarlausra játninga, frá guðlasti til djúpstæðrar trúarsannfæringar!<sup>474</sup>

Sjálf segir Abenius í umræddri grein frá árinu 1934:

Þegar Emily Dickinson víkur talinu að ljóðlistinni eða eigin verkum, er myndmál hennar undantekningalaust sótt til náttúruaflanna og hins líkamlega. Hún lét svo um mælt eitt sinn að hún skrifaði til að aflétta lömunninni sem birtan í aldingarði hennar eða nýr tónn í söng vindsins kallaði fram. Hún fangar hinn líkamlega skjálfta tilfinningalífsins, nær að rótum þess og uppruna. Fjörtíuogtveimur, fimmtíuogtveimur árum á undan módernistunum fer hún ótraud á svig við reglur, rím og lögmál setningarfræðinnar til að festa hendur á vöðvahreyfingum tilfinninganna; eftir að hafa hægt og örugglega byggt upp spennu í fyrstu erindum ljóða sinna, er það oftast en ekki í blálökun sem hún varpar fram hinni hversdagslegu, hnífskörpu mynd sem „húðflettir hina nöktu sál“.<sup>475</sup>

Þá mætti enn fremur benda hér á kynningartextann á bakkápu þýðinga Kurt Narvesens á heildarverki Dickinson á norsku, en þar segir:

Ef Walt Whitman er faðir módernismans, er Emily Dickinson móðirin, spaugsök, örvæntingarfull, opinská móðir, með greinilegt súrrealískt upplegg.<sup>476</sup>

Í ritgerð sinni „Breaking the Line. Emily Dickinson and William Carlos Williams“, sem birtist 60 árum síðar en ritgerð Abenius, færir bandaríski bókmenntafræðingurinn Jay Ladin rök fyrir því hvers vegna telja megi Dickinson það skáld sem öðrum fremur hafi rutt fyrrnefndum William Carlos Williams, Ezra Pound og öðrum braut hins móderníska ljóðforms, sem eins konar módernísk „for(m)-móðir“:

---

<sup>474</sup> Sama rit, bls. 76.

<sup>475</sup> Sama rit, bls. 77.

<sup>476</sup> Emily Dickinson. *Samlede Dikt I og II*. Þýð. Kurt Narvesen, 2008 og 2009.

Williams og önnur bandarísk skáld sem skipt hafa ljóðlínunum sínum með öðrum hætti en þeim sem setningarfræði, bragur eða öndun segja til um, eru meðvitað eða ómeðvitað formlegir afkomendur Emily Dickinson.<sup>477</sup>

Í sem stystu máli eru rök Ladins þau að þankastrik Dickinson – en ekki línuskiptingarnar sem slíkar – hafi, með áður óþekktum hætti, fært athygli lesandans „frá stærri einingum ljóðmálsins (þ.e.a.s. setningum og málsgreinum) til hinna smærri; afmarkaðs orðalags, orða eða jafnvel einstakra atkvæða.“<sup>478</sup> Með þankastrikum sínum, og að sumu leyti notkun hástafa, hafi Dickinson stuðlað að aukinni samþjöppun, margræðni og brotakenndari framsetningu en áður hafði þekkt í bandarískri ljóðagerð, og þar með breytt tilfinningu okkar og hugmyndum um möguleika mynd- og talmáls í nútímaljóðagerð. Þannig álitur Ladin að virkni *þankastriksins*, eins og því er beitt af Dickinson, megi jafna við formrænt hlutverk *línuskiptinga* í meðförum síðari tíma skálda úr röðum módernistanna:

Um leið og fallist hefur verið á að línuskiptingin sé tæknilegt verkfæri sem ætlað er að framkalla rof og skerpa á athygli lesandans, er ljóst að þankastrik Emily Dickinson (og í vissum skilningi hástafanotkun hennar) gegna í meginatriðum sama hlutverki, með því að skapa línuskiptingar innan sjálfra ljóðlínanna, og marka þau henni sess sem fyrsta og ef til vill róttækasta skáld bandarískra bókmennta sem gerir tilraunir með slíka textasundrun. Aðferð Dickinson er forsmekkurinn að því sem [Enikö] Bollobás hefur kallað „bragfræðilegt afrek Pounds og Williams“, „fínþússun hinnar málfræðilegu hrynjandi í átt að flæði og rofi, fyrirsjáanleika og ófyrirsjáanleika“.<sup>479</sup>

Í svipaðan streng tekur loks Kamilla Denham í grein sinni „Emily Dickinson’s Volcanic Punctuation“, þar sem greinarmerkjasetning Dickinson er sögð gegna „lykilhlutverki í rannsókn hennar á tungumálinu, beitt vísvitandi með þeim hætti að hefðbundin málfræðileg mynstur brotna upp og ný tengsl milli orða myndast[.]“<sup>480</sup> Það mun því ekki ofsagt að ýmsir hafa orðið til að greina í efnistöfum, orðabúskap og braglist Emily Dickinson módernísk einkenni „fyrir daga Eliots“.

Með þessa vitneskju í pokahorninu er einkar forvitnilegt að sjá með hvaða hætti Dickinson leikur sér á köflum með framsetningu ljóða sinna, svo sem nú mun vikið nánar að.

---

<sup>477</sup> Jay Ladin. „Breaking the Line. Emily Dickinson and William Carlos Williams“. *The Emily Dickinson Journal*. 3. árg., 1. tbl., 1994, bls. 41.


<sup>478</sup> Sama rit, bls. 42.

<sup>479</sup> Sama rit, bls. 43.

<sup>480</sup> Kamilla Denman. „Emily Dickinson’s Volcanic Punctuation“. *The Emily Dickinson Journal*. 2. árg., 1. tbl., 1993, bls. 24.

*Enn rýnt í handritin*

Óháð hinu móderníska tungutaki Dickinson, sem David Porter gerir að viðmiðunarpunkti í bók sinni *The Modern Idiom*, óhefðbundinni greinarmerkjasetningu og þeim róttæku, nútímalegu hugmyndum sem ljóðin tjá oftast en ekki, bregður Dickinson enn fremur á „núttímalegan“ leik með útlit ljóða sinna á handritssíðunni, líkt og fyrrgreind uppsetning ljóðs F403A, „I reason – Earth is short –“, er til marks um. Dæmi þessa eru fleiri, og mætti hér einnig benda á frístandandi línu í ljóði F654, „Beauty – be not caused –“, án þess að plássleysi eða annað ráði þar nokkru um:




Beauty – be not caused –  
It Is  
Chase it, and it ceases –  
Chase it not, and it  
abides –

Overtake the Creases

In the Meadow – when  
the Wind

Runs his fingers thro' it –  
Deity will see to it  
That You never do it –<sup>481</sup>

Sérstaklega áhugaverð er svo uppsetning Dickinson á lokaerindi hins kunna ljóðs F269, þar sem línuskiptingar í alveg módernískum anda hægja á framsetningunni. Allrasíðustu línun ljóðsins skiptir Dickinson með ráðnum hug þannig að áhersla brags og merkingar á lokaorðunum þremur þyngist til muna. Línuskiptingarnar ráðast ekki af plássleysi hér, heldur byggja þær upp þá spennu og eftirvæntingu sem ljóðið lýsir, þegar hápunkti þess erótíska samruna sem fantasía ljóðsins hverfist um er loksins náð:



Rowing in Eden –  
Ah – the Sea!  
Might I but moor –  
tonight –  
In thee!<sup>482</sup>

Í heildarútgáfu Franklins er þessari framsetningu ekki fylgt, þótt línuskiptinga handritsins sé getið í athugasemd.<sup>483</sup> En líkt og Helen Vendler bendir á, þá gefa skiptingar Dickinson og þankastrík, hér sem víðar, til kynna leitandi huga „sem gefur sér andartaksfrest til að meta eigið tilfinningalíf og tungutak.“<sup>484</sup>


Enn má hér benda á óvanalega endurtekningu Dickinson á lokalínu(m) ljóðs F1402:

<sup>481</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/235925](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/235925). Sótt 10. ágúst 2019.

<sup>482</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/235495](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/235495). Sótt 10. ágúst 2019.

<sup>483</sup> Emily Dickinson. *The Poems of Emily Dickinson* I. Ritstj. R.W. Franklin, 1998, bls. 288.

<sup>484</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 94.



His Heart was  
darker than  
the starless  
night  
For that there  
is a morn  
x some where is  
morn  
But in this  
black Receptacle  
Can be no  
Bode of Dawn

Can be no  
Bode of Dawn<sup>485</sup>

Í heildarútgáfu Franklins lítur ljóðið svo út, þegar búið er að „þýða“ rithönd Dickinson yfir á tungutak hins prentaða orðs, og er breytingin óneitanlega umtalsverð:

<sup>485</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/239081](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/239081). Sótt 10. ágúst 2019.

His Heart was darker than the starless night  
For that there is a morn  
But in this black Receptacle  
Can be no bode of Dawn<sup>486</sup>

Franklin tekur fram í athugasemd að Dickinson endurtaki lokalinu ljóðsins í handriti, en lætur ógert að endurspegla þá framsetningu sjálfur. Ólíklegt má þó telja að um handvömm af hálfu Dickinson sé að ræða. Með því að tvítaka niðurlagið er ljósleysið í „Kistlinum svarta“ undirstrikað enn frekar – endurtekningin tekur af öll tvímæli um að í þessu „myrka Hjarta“ rísi aldrei dagur. Í endurtekningunni, og syngjandi hrynjandi hennar, er jafnframt fólgin tvöföldun á *b*-, *k*- og *d*-hljóðum lokalinanna, sem herðir enn á sannfæringarmætti þeirra í eyrum lesanda:

But in this  
*black* Receptacle  
Can *be* no  
Bode of Dawn

Can *be* no  
Bode of Dawn

Í sem stystu máli er röksemdarfærsla Ann-Marie Vinde þó sannfærandi, svo langt sem hún nær: ljóð Emily Dickinson eru ekki *verse libre*, fríljóð, heldur hafa þau til að bera (misreglulega) byggingu hrynjandi, ríms og brags. Afstaða hennar til þeirrar ákvörðunar Jäderlund að brjóta upp línuskiptingar þýðinga sinna í samræmi við handritagerðir ljóðanna er þó ef til vill óþarflega þröng og neikvæð, og um leið afstaða hennar til Dickinson sjálfrar og þeirra umbrota sem hæglega má greina í ljóðum hennar, svo sem Domhnall Mitchell, John Shoptaw, Jay Ladin, Helen Vendler og ýmsir fleiri hafa fjallað um. Þá er vert að hafa í huga, líkt og fyrrnefndur Domhnall Mitchell bendir á í inngangi sínum að *The International Reception of Emily Dickinson*, að sitthvað í höfundarverki Dickinson virðist í gegnum tíðina hafa laðað að framsækna lesendur:

Raunin er sú að Dickinson virðist frá upphafi hafa höfðað til lesenda með frjálslynda skaphöfn – aftur og aftur á þeim blöðum sem hér fara á eftir má til að mynda sjá að þýðendur hennar hafa oft en ekki verið nýsköpunarmenn í eigin verkum sem og framsæknir í samfélagslegum viðhorfum sínum.<sup>487</sup>

<sup>486</sup> Emily Dickinson. *The Poems of Emily Dickinson* III. Ritstj. R.W. Franklin, 1998, bls. 1223.

<sup>487</sup> Domhnall Mitchell. „Introduction. Emily Dickinson Abroad“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 4.

Að mati Vinde er framsetning Jäderlund hins vegar allt að því fölsun á höfundarætlun Dickinson, án þess að Vinde taki með í reikninginn (eða viðurkenni, öllu heldur) hvað Jäderlund kunni að hafa áunnist með ákvörðun sinni:

Ég er hrædd um að þeir sem lesi þýðingar Jäderlund, án þess að vera meðvitaðir um hinar ólíku birtingarmyndir Dickinson, geti auðveldlega fengið þá mynd af henni að hér sé komið skáld sem hóf á loft móðerníska skáldskaparfræði að minnsta kosti hálfri öld áður en stefnan ruddi sér til rúms, með því að brjóta grundvallarreglur setningarfræðinnar. Sú er ekki raunin. Jafnvel þótt umfang orðaforða og setningagerða Dickinson sé bæði vítt og flókið, þá var hún harla íhaldssöm að forminu til. Til að mynda var hún hrifin af vissum úreltum ritháttum orða og málfræðiatríðum, svo sem viðtengingarhætti eða beygingarlausum sagnmyndum, og notast oftast en ekki við hefðbundinn brag.

Eflaust eru nokkrar ástæður fyrir því hvers vegna Jäderlund kaus að endurspegla línuskiptingar handritanna, jafnvel þótt þær séu órókrænar frá brag-, setningar- og fagurfræðilegu sjónarhorni séð. Ein ástæðan kann að vera sú að Dickinson hefur ekki verið sett fram með þessum hætti á sænsku áður; önnur vilji Jäderlund til að gera sýnilega þá upplifun sína að ljóðlist Dickinson sé „nærri ljóðlist okkar eigin tíma.“<sup>488</sup>

Sú afstaða Vinde að framsetning Jäderlund gefi ranglega til kynna „að hér sé komið skáld sem hóf á loft móðerníska skáldskaparfræði að minnsta kosti hálfri öld áður en stefnan ruddi sér til rúms“ gengur þvert á áður tilvitnuð orð Sverre Hovs um að það sé „vel réttlætlegt að tala hér um Eliot fyrir daga Eliots“, sem og þau ummæli Margit Abenius að „[f]jörtíuogtveimur, fimmtíuogtveimur árum á undan móðernistunum“ hafi Dickinson farið „ótraud á svig við reglur, rím og lögmál setningarfræðinnar til að festa hendur á vöðvahreyfingum tilfinninganna“. Hvað varðar hrifningu Dickinson á „úreltum ritháttum orða og málfræðiatríðum, svo sem viðtengingarhætti eða beygingarlausum sagnmyndum“, þá færir Cristanne Miller fyrir því rök í riti sínu *Emily Dickinson. A Poet's Grammar* frá árinu 1989 að það sé einmitt og ekki síst óvanaleg og samþjöppuð málfræðinotkun Dickinson sem geri ljóð hennar svo *framsækin* sem raun ber vitni. Eins og móðernistarnir sem fylgdu í kjölfarið, og byggðu margir hverjir verk sín svo mjög á samþjöppun sem og á arfi hins forna, má því segja að þess konar málbeiting Dickinson – að því leyti sem fyrningar og beygingarlausar sagnmyndir þjóna tilgangi samþjöppunar – sé á sinn hátt nútímaleg. Þá er afstaða Vinde enn til marks um hversu vítt bil hinar ólíku túlkanir á ljóðagerð Dickinson spanna, allt frá íhaldssemi og formfestu til framsækni og ófyrirsjáanleika. Ræðst þessi ólíka sýn ekki síst af því hvernig lesið er í handritageymdina og hún túlkuð, líkt og

---

<sup>488</sup> Ann-Marie Vinde. „Which Emily Dickinson in Translation?“, 2013, bls. 130–131.

nú mun að lokum vikið sérstaklega að, með dæmum af ólíkum þýðingarlausnum þeirra Vinde og Jäderlund.

*Nánar um „sjónrænar“ þýðingar og „bljóðrænar“*

Munurinn á þýðingum Ann-Marie Vinde og „orðréttum“ þýðingum Jäderlund býr öðru fremur í túlkun þeirra á handritageymdinni. Með áður nefndu orðalagi Cristanne Miller eru þýðingar Vinde *bljóðrænar*, með því að leggja til grundvallar línu- og erindaskipti í samræmi við heildrænt bragskema, á meðan þýðingar Jäderlund eru *sjónrænar*, með áherslu á að líkja eftir hinni „móðernísku“ framsetningu handritageymdarinnar.<sup>489</sup> Taka má dæmi af ljóði F219, sem raunar var fyrsta ljóð Dickinson sem birtist á íslenskum vettvangi, á síðum *Morgunblaðsins* árið 1924. Jäderlund, sem segir að „[þ]ar sem um ólíkar gerðir einstakra ljóða er að ræða hef ég á köflum leyft mér að blanda gerðunum saman“<sup>490</sup>, virðist byggja þýðingu sína á samsteypu ólíkra handritageymda ljóðsins (alls er það til í 3 gerðum frá höfundarins hendi, auk ólíkra gerða ritstjóra hennar), en leggja þó A og C-gerð þess til grundvallar:

*F219A*

My River runs to Thee –  
Blue Sea – wilt welcome  
me?  
My River waits reply –  
Oh Sea – look  
graciously!  
I'll bring thee *Brooks!*  
From dappled nooks!  
*Say* Sea – take *me?*

Mín Flod rinner till dig –  
Blåa Hav! Tar du  
emot mig?  
Mín Flod väntar på svar –

*F219C*

My River runs to thee –  
Blue Sea! Wilt welcome me?  
My River waits reply –  
Oh Sea – look graciously.  
I'll fetch thee Brooks  
From spotted nooks –  
*Say* – Sea –  
Take *Me!*

---

<sup>489</sup> Vitnað eftir Alexandra Socarides. *Dickinson Unbound. Paper, Process, Poetics*, 2012, bls. 18. Socarides vitnar til greinar Miller, „Controversy in the Study of Emily Dickinson“. Í *Literary Imagination. The Review of the Association of Literary Scholars and Critics*. 6. árg., 1. tbl., 2004, bls. 45–46.

<sup>490</sup> Ann Jäderlund. „Efterord“. Í *Emily Dickinson. Gång på gång är skogarna rosa*, 2012, bls. 127–128.



Áh Hav –  
var barmhærtigt!  
Jag ska hämta dig Bäckar  
Från brokiga krökar  
Nå – Hav –  
Ta Mig!<sup>491</sup>

Sjá má að Jäderlund endurskapar að mestu línuskiptingar A-gerðarinnar, en blandar saman greinarmerkjasetningu og uppsetningu beggja gerða, og er þar með hvorugri gerðinni alfarið „trú“. Upphrópunarmerki, skáletur, þankastrik – allt fer þetta á flot í þýðingu Jäderlund, þegar miðað er við frumtextana tvo sem hún hefur til hliðsjónar. Athyglisverðum inndrætti í lokálínum C-gerðarinnar fylgir hún þó eftir.

Vinde byggir á hinn bóginn þýðingu sína á B-gerð ljóðsins. Framsetning hennar – heilar braglínur, erindaskiptin milli tvíhendanna – er þó ekki „þýðing“ eða umritun á handritagerð Dickinson í þessu tilfelli. Ljóðið setur Dickinson sjálf fram með þessum hætti í *þeirri gerð* (F219B) sem Vinde hefur til hliðsjónar, og má þetta litla dæmi vera til marks um hve erfitt er að festa hendur á Dickinson í eitt skipti fyrir öll, hve erfitt er að njörva hana niður, enda er í þessu tilviki sama ljóðið hvorttveggja til með *sjónrænni* framsetningu (hin „villtari, frjálslegri öndun“ F219A og F219C) sem og *hljóðrænni* (órofin bragheild F219B) frá hennar eigin hendi:

#### F219B

My River runs to Thee –  
Blue Sea – Wilt welcome me?

Min flod flyter mot dig –  
blå hav – tar du emot mig?

My River waits reply.  
Oh Sea – look graciously!

Min flod vill ha ett svar.  
Å, hav – nådigt mot mig var!

I'll fetch thee Brooks  
From spotted nooks –

Jag bringar bäckar  
från skimrande vrår –

Say Sea – take me?

Hav! – Tar du mig?<sup>492</sup>

Sjá má að Vinde fylgir hrynjandi og rími Dickinson eins og kostur er, ólíkt Jäderlund, sem sækir áhrifamátt þýðingar sinnar fremur til „týpógrafískra“ þátta á borð við skáletranir og inndrátt. Í

<sup>491</sup> Sama rit, bls. 30.

<sup>492</sup> Emily Dickinson. *Min flod flyter mot dig. Sextio dikter av Emily Dickinson i överättning av Ann-Marie Vinde*. Þýð. Ann-Marie Vinde, 2010, bls. 13.

eftirmála við þýðingasafn sitt *Min flod flyter mot dig*, sem sækir titil sinn í ofangreint ljóð, segist Vinde hafa lagt megináherslu á að koma ljóðum Dickinson til skila með eins trúum hætti og henni hafi verið unnt á sænsku. Með því á hún við að hún hafi ekki lagt sig eftir því að útmála „hina dýpri merkingu ljóðanna“, heldur fremur freistað þess að koma orðunum til skila á *sama hátt* og Dickinson, með hliðsjón af formlegum þáttum á borð við hrynjandi og rím. Um „översättning“ sé að ræða, ekki „tolkning“. Er það skoðun Vinde að með *túlkunum* sé fremur kallað eftir því „að innstu merkingu ljóðs sé komið á framfæri“. <sup>493</sup> Þó er ekki örgrannt um að þessi skarpi greinarmunur Vinde á að „þýða“ annars vegar og „túlka“ hins vegar, feli í sér nokkuð varhugaverða áherslu; áherslu sem jafnvel má segja að kalli eftir vissri útþurrkun þýðandans og nálgist nokkuð þá fagurfræði ósýnileikans sem Lawrence Venuti hefur fjallað talsvert um og gagnrýnt. Þýðendur hafa þurft að berjast fyrir tilverurétti sínum, rétti sínum til skoðana og áherslna – í einu orði sagt, rétti sínum til *túlkana*. Um leið verður þátttaka þýðandans annars eðlis. Skynjun hans er gert herra undir höfði, án þess þó að horfið sé frá trúnaði við frumtexta.

Hugtakið „trúnaður“ er þó auðvitað vandasamt og harla illskilgreinanlegt þegar kemur að þýðingum. Raunar á ritgerðarhöfundur erfitt með að ímynda sér þýðingu sem ekki er „trú“ á einn eða annan hátt. Það er svo aftur spurningin – með ólíkum svörum frá einum þýðanda til annars – *hverju* þýðandi er trúr hverju sinni, og *hvernig* hann kemur trúnaði sínum á framfæri. Hér má hafa hugfast að „trúnaður“ þýðanda getur jafnvel falist í fylgispekt við pólitíska hugmyndafræði eða við ríkjandi bókmenntasmekk jafnt sem í merkingarfræðilega „rétttri“ endursköpun frumtexta, líkt og André Lefevere rekur í bók sinni *Þýðingar, endurritun og bagræðing bókmenntaarfsins* (þótt menn vilji kannski nota annað hugtak en „trúnað“ í slíkum tilfellum). Þýðingalistin og „vísindin“ henni að baki geta þó virst æði mótsagnakennd. Þannig er ritgerðarhöfundur sammála þeirri skoðun Ann-Marie Vinde að línuskiptingar í handritum Dickinson séu allajafna ekki af for-móðernískum toga (þótt slík dæmi fyrirfinnist vissulega), og þar með sé nálgun Ann Jäderlund í mörgum tilvikum á misskilningi byggð. Hins vegar er sá sem hér skrifar mun hrifnari af þýðingum Jäderlund en nöfnu hennar Vinde, þrátt fyrir þennan „skoðanaágreining“.

Í lokakafla ritgerðarinnar verður vikið nánar að glímu ritgerðarsmiðs við ljóð Emily Dickinson, ekki síst með áherslu á fyrnefnd atriði: *hverju* þýðandi hafi verið trúr í þýðingarferlinu, og *hvernig*. Áður en þar að kemur mun þó fyrst vikið að vissum þematískum áherslum þess sem hér skrifar og túlkunum hans á ljóðaveröld skáldsins frá Amherst.

---

<sup>493</sup> Ann-Marie Vinde. „Emily Dickinson på svenska“. Í Emily Dickinson. *Min flod flyter mot dig*, 2010, bls. 159.

# SÍRENUSÖNGUR NÁTTÚRUNNAR



„Paradís er hér!“ segir í ljóði Sigurðar Pálssonar „Sami staður“.<sup>494</sup> Að slíkri lífssýn víkur Dickinson aftur og aftur í ljóðum sínum og bréfum. „Það þarf ekki að leggja land undir fót til að finna Paradís, af því að Paradís er hið innra –“ segir í einu textabrota hennar, áður en hún bætir við: „en af þeirri sömu ástæðu er hún líka hin mesta Svaðilför“ (PF99). Á öðrum stað gengur Dickinson svo langt að segja að „það að vera mannlegur er mikilsverðara en að vera guðlegur, af því að þegar Kristur var guðlegur, var hann ekki í rónni uns hann hafði gerst maður“ (L592). Öllu afdráttarlausari verða vart endaskipti þessa skálds á handanheimslofordum og táradasguðfræði hennar tíma með hinu jarðneska fagnaðarerindi sjálfrar sín. Á meðan segja má að kennimönnum hinnar púritönsku lífssýnar sem Emily Dickinson ólst upp við hafi að mörgu leyti verið starsýnt á handanlífið og gefið andránni takmarkaðan gaum, þá freistaði Dickinson þess í ljóðum sínum að komast til botns í hlutskipti manneskjunnar hér og nú og upphelja um leið töfra augnabliksins. Handanlífið virðist hún á hinn bóginn hafa ímyndað sér sem kuldalega staðleysu, ef marka má ummæli Dickinson í kjölfar andláts móður sinnar (L785): „Hún rann úr fingrum okkar eins og snjóflygsa sem vindurinn hrifsar til sín, og er núna hluti af því fjúki sem kallast „óendanleikinn“. Við vitum ekki hvar hún er, þótt margir segi okkur það.“ Og raunar gerist Dickinson svo djörf að snúa grundvallarkenningu kristindómsins um himneska náð eftir þjáningarfullt lífshlaup á hvolf í einu bréfa sinna. Dauðinn er ekki endurlausnari í augum þessa skálds, heldur það gjald sem við greiðum fyrir hamingju lífsins (L523): „Að hafa lifað er svo rík Sæla – að við verðum að deyja – til að jafna reikninginn.“

Heimspæki sína reisti Dickinson að mestu án leiðsagnar tilbúinna hugsanakerfa „Herramanna sem *sjá!*“ eins og segir í kunnu ljóði frá þessum sömu árum, þegar lífssýn Dickinson var enn í mótun (F202B):

„Trú“ er ágætt tól  
fyrir Herramenn sem *sjá!*  
en *Smásjár* eru betri  
er bjátar á!

“Faith” is a fine invention  
For Gentlemen who *see!*  
But *Microscopes* are prudent  
In an Emergency!

„Uppfinningar“ guðfræðinnar kunna að nýtast ágætlega þeim sem taka hana trúanlega, en þær eru gagnslausar ef tálýsnið rofnar; ef trúin glatast. Þá kann að vera skynsamlegra að reiða sig á náttúruskoðun hins smæsta, og rannsaka í þaula, með allt að því vísindalegum hætti, gjafir þessa heims fremur en hins næsta. Og hér er raunar vert að hafa hugfast að sem ung kona lagði

---

<sup>494</sup> Sigurður Pálsson. *Ljóðlínusafn*, 2010, bls. 144.

Dickinson ekki síst áherslu á náttúruvísindafög í námi sínu við Amherst Academy, líkt og minnst hefur verið á.

Dickinson orti mörg eftirminnileg ljóð um voldug náttúrufrýrbrigði – norðurljósinn (F319), spúandi eldfjöll (F165), hinn „gula gaffal“ eldingarinnar á himninum (F1140), Alpana (F129) o.s.frv. En hún er ekki síður skáld hins smáa í náttúrunni. Hún beygir sig niður og skoðar það sem fyrir fótum hennar liggur, án þess að gera sérstaklega upp á milli þess sem fyrir augun ber – ánamaðkar (F359, F932), bjöllur (F1150), sveppir (F1350), liffur (F171, F1523), kóngulær (F90, F513, F1163, F1373), flugur (F591, F983), að fiðrildunum ógleymdum, sem virðast hafa verið í sérstöku uppáhaldi (F23, F98, F113, F571, F610, F661, F850, F863, F1305 og víðar). Jafnvel rottan á sér tryggnan samastað í ljóðaveröld Dickinson (F1369). Hrifning hennar og samkennd með öllu sem lifir og vex – blóm og plöntur þar á meðal – var alla tíð rík og auðgæði ljóðlist hennar með ýmsu móti, svo helst mætti ef til vill jafna við þá breiðu og næmu náttúruskynjun sem hvarvetna er sýnileg í verkum Gyrðis Elíassonar, skuli taka dæmi úr íslenskri bókmenntahefð til hliðsjónar. „Þetta er líka heimur“ segir í ljóði Gyrðis „Elegía“, um „undursmá[u] fíflablöð[in]“ sem vaxa á milli gangstéttarhellanna og fiðrildin á veggjum húsanna.<sup>495</sup> Um sambærilega náttúrusýn í verkum Dickinson segir samlandi hennar Dave Etter að „uppskera“ ljóða hennar hafi verið „leyndardómar hins smáa“.<sup>496</sup> Bæði Gyrðir og Dickinson eru nösk á þá heima sem sjást einna best í gegnum smásjár skáldskaparins, heimar sem þau magna upp með ljóðmyndum sínum, og eru raunar bæði á sinn hátt strangvísindalegir náttúrufræðingar í hópi skálda, því eins og Íslendingar þekkja vel af ljóðlist Jónasar Hallgrímssonar, þá getur vísindaleg náttúruskoðun og ljóðræn hrifning vel farið saman í einni og sömu manneskjunni.

Og raunar er það svo að náttúrufræðingurinn Dickinson stígur fyrir fram á sjónarsviðið en skáldið. 11 ára gömul tilkynnir hún vinkonu sinni með stolti: „Plönturnar mínar dafna vel“ (L3). Þá var fyrsta „bók“ Dickinson *herbarium* eða grasafraeðirit um flóru Nýja Englands, sem hún útbjó 14 ára gömul. Bókin geymir rúmlega 400 plöntur úr nærumhverfi Dickinson, sem hún safnaði, þurrkaði, pressaði og límdi á arkir stílabókar, ásamt því að tilgreina latneskt tegundarheiti hvers blóms samkvæmt grasafraeði Linneusar. Má þetta vera til marks um hve gerkunnug Dickinson var náttúru Nýja Englands strax frá unga aldri. Þá stundaði hún garðyrkjustörf alla tíð og sinnti af alúð margs konar sjaldgæfum og viðkvæmum plöntum í garði Dickinson-heimilisins. Eftir því sem einangrun hennar ágerðist, urðu ljóð Dickinson og bréf eins konar sendiboðar eða staðgenglar hennar og fluttu skilaboð til ástvina, hvort sem var við hátíðleg tækifæri eða á sorgarstundum. Og þá fylgdi bréfinu oftast en ekki þurrkað blóm úr garðinum – Dickinson „sagði það með blómum“, svo vitnað sé til þekkts auglýsingaorðalags (F829):

---

<sup>495</sup> Gyrðir Elíasson. *Nokkur almenn orð um kulnun sólar*, 2009, bls. 73.

<sup>496</sup> Dave Etter. „Vermont Summer“. Í *Visiting Emily*, 2000, bls. 27.

Milli Mín – og Hinna –  
liggur opið Haf –  
en Blómin – fara á milli –  
einsog Trúboðar.

Between My Country – and the Others –  
There is a Sea –  
But Flowers – negotiate between us –  
As Ministry.

Myndmál hverfulleika, fegurðar, endurnýjunarmátt, veðurs, árstíðaskipta, frjósemi, fölnunar og náttúrulífs hins smæsta – slíkt þekkti Dickinson frá fyrstu hendi, af garðyrkjustörfum sínum, sem rötudu með margvíslegum hætti inn í ljóðlist hennar og líf og mótuðu hugsun þessa náttúrufræðings í hópi skálda, þar til hún var „kölluð aftur“ í fadmi þeirrar jarðar sem hún yrkti og orti um.<sup>497</sup> Það er því óhætt er að segja að Emily Dickinson hafi „ræktað garðinn sinn“ eins og segir í *Birtíngi* Voltaires, og það raunar í fleiri skilningi en einum, ef túlka ber lokaorð þeirrar bókar sem svo að hamingjunnar skuli ekki leita langt yfir skammt – svo heimakær sem hún var. Enda hefur Sandra M. Gilbert vakið athygli á að Dickinson er ekki síður skáld hins *heimilislega* nærumhverfis en hins *náttúrulega*. Bendir Gilbert á að myndlíkingar og yrkisefni eru oftar en ekki sótt til skyldustarfa hennar á Dickinson-heimilinu, hvort sem þau sneru að brauð- og kökubakstri eða annars konar matargerð, að blómaskreytingum dúkaðra borða eða víninu sem hellt var í glösin.<sup>498</sup> Víst er að af nógu var að taka í þeim efnum, ef marka má orð Dickinson sjálfrar um annir sínar í bréfum, þar sem hún er ýmist „Drottningin við hirðina“ skrydd „ryki og óhreinindum“ við heimilisþrifin (L36) eða bundin við önnur störf, „á þönum allan Daginn, með tunguna lafandi út um munnvikið eins og Sumarhundur“ (L333).<sup>499</sup>

### *Í nafni Hunangsflugunnar. Tær ljóð og tyrfín*

Samhliða hinu heimilislega og hversdagslega tekst Dickinson á við stærstu spurningar mannlegs lífs í ljóðum sínum. Óhætt mun að segja að svo völdug og „þunglamaleg“ yrkisefni sem eilífðaróttinn, örvæntingin og kvölin eru, geri að verkum að ljóðlist Dickinson getur reynt á lesandann – bæði hugsun hans og taugar. Raunar má kalla Dickinson *þreytandi* ljóðskáld. Ekki af því að ljóð hennar séu leiðinleg (þótt auðvitað séu ekki eintómir „smellir“ í höfundarverki

---

<sup>497</sup> Um garðyrkjustörf Dickinson má frekar fræðast í bók Judithar Farr, *The Gardens of Emily Dickinson*, 2004, sem og í bók Mörtu McDowell, *Emily Dickinson's Gardens. A Celebration of a Poet and Gardener*, 2004.

<sup>498</sup> Sandra M. Gilbert. „The Wayward Nun beneath the Hill“. Í *Emily Dickinson. A Collection of Critical Essays*, 1996, bls. 34.

<sup>499</sup> Hér má jafnframt benda á bók Aífe Murray, *Maid as Muse. How Servants Changed Emily Dickinson's Life and Language*, 2009. Ræðir Murray með hvaða hætti skyldustörf Dickinson gátu hamlað afköstum hennar sem skáld. Þannig virðast „dalir“ og „hæðir“ í ljóðaframléiðslu Dickinson frá ári til árs haldast í hendur við hversu fjöl- eða þunnskipað Dickinson-heimilið var af þjónustuliði hvers konar á hverjum tíma, og munaði þar mestu um eldhússtörfin að mati Murray, sem jafnan voru á könnu Dickinson ef ráðs- eða vinnukonu naut ekki við.

sem telur tæplega 1800 ljóð), heldur sökum þeirrar áreynslu sem þau geta krafist af lesanda. Svo virðist sem eins hafi háttað um manneskjuna sjálfa á bak við orðin. Eftir fyrsta fund þeirra Higginsons, á heimili Dickinson-fjölskyldunnar í Amherst, skrifar Higginson eiginkonu sinni svo um upplifun sína af skáldkonunni dularfullu, sem hingað til hafði neitað að koma til móts við ferðaáætlanir hans, þar sem hún „[sté] ekki fæti út fyrir garð föður [s]íns“ (L330):

Hvorki fyrr né síðar hef ég fyrirhitt manneskju sem reynt hefur eins á taugar mínar.  
Hún dró úr mér allan mátt án þess að ég snerti hana. Ég er feginn að búa ekki nálægt henni. (L342a)

Þá segist Harold Bloom – einn kokhraustasti bókmenntapáfi Bandaríkjanna – iðulega fá „dúndrandi höfuðverk“ af því að taka ljóð Dickinson fyrir í kennslu, svo erfitt reynist honum að botna nokkuð í þeim.<sup>500</sup>

Það má hins vegar velja fyrir sér hvort ekki hafi verið of mikið gert úr meintum „óskiljanleika“ Dickinson og þeim erfiðleikum sem lesendur hennar standa frammi fyrir. „Ekkert okkar mun nokkru sinni komast nógu nærri Emily“ segir Jerome Charyn, með full-dramatískum hætti.<sup>501</sup> Eðli málsins samkvæmt einblína ritskýrendur ekki síst á það sem þarfnast skýringa við. Þeir velja sér myrkustu ljóðin úr staflanum og freista að varpa á þau nokkru ljósi, og má kannski segja að um leið gefist þeim færi á að láta sitt eigið ljós skína. Þannig leitast ritskýrendur við að hasla sér völl innan túlkunar-kanónsins sem verk Dickinson hafa getið af sér. Um þau ljóð sem „segja sig sjálf“ hafa ritskýrendur hins vegar færri orð, enda kannski fáu við þau að bæta. Einfaldari ljóð höfundarverksins hafa því síður ratað inn í það hefðarveldi ritskýringa á úrvalsljóðum Dickinson sem smám saman hefur hlaðist upp. Eins má velja fyrir sér hvort fordómar gagnvart *einfaldleikanum* í alvörugefnum háskóladeildum vestanhafs ráði ekki nokkru hér. Að minnsta kosti má efast um að eftirfarandi ljóð þyrfti að valda fyrrnefndum Harold Bloom „dúndrandi höfuðverk“ ef það væri hluti af námsefninu (F23):

Í nafni Hunangsflugunnar –  
og Fiðrildisins –  
og Andvarans – Amen!

In the name of the Bee –  
And of the Butterfly –  
And of the Breeze – Amen!

Þetta litla ljóð, eitt af þeim allrafyrstu sem Dickinson orti, snýr skírnar- og signingarversu kristninnar upp á frjósemiskraft náttúrunnar. Þannig felur það í sér þann jarðneska fögnuð sem einkennir svo mörg af ljóðum þessa skálds. Dickinson sver náttúrunni eið, með sama orðalagi

---

<sup>500</sup> Harold Bloom. *The Western Canon. The Books and Schools of the Ages*, 1995, bls. 277. 20 árum síðar, í bók sinni *The Daemon Knows*, 2015, segist Bloom of máttfarinn orðinn af elli til að taka ljóð Dickinson fyrir í kennslu svo vel sé, slík sé áreynslan sem hún krefjist.

<sup>501</sup> Jerome Charyn. *A Loaded Gun. Emily Dickinson for the 21<sup>st</sup> Century*, 2016, bls. 176.



og Kristur þegar hann gefur lærisveinum sínum fyrirmæli um að þeir fari og skíri þjóðir heims „í nafni föður, sonar og heilags anda“. Þegar haft er í huga hversu trúrækið samfélag Amherst-búa var á þessum tíma, má ímynda sér að þetta ljóð, sem við fyrstu sýn virðist svo meinleysilegt, sé í raun býsna djarft. Dickinson snýr ekki beinlínis faðirvorinu upp á andskotann, en tekur samt sem áður ein kunnustu orð kristinnar trúar og afbakar þau eftir eigin höfði, í samræmi við eigin lífsskoðun.

Slíkar afbakanir eða endurvinnsla á grundvallartextum bókmenntasögunnar setja reyndar iðulega mark sitt á móðerníska sagna- og ljóðagerð. Eitt skýrasta dæmið er án efa *Ódysseifur* (1922), stórvirki írski rithöfundarins James Joyce, sem endurskrifar Ódysseifskviðu Hómers, nema hvað framvindan á sér öll stað á tæpum sólarhring í Dublin þann 16. júní 1904. Nærtækara dæmi, úr íslenskri bókmenntasögu, eru titill og einkunnarorð ljóðabókar Ingibjargar Haraldsdóttur *Höfuð konunnar*, sem og ljóð sama heitis. Vísar Ingibjörg annars vegar í kunna ljóðlínu Sigfúsar Daðasonar, „Mannshöfuð er nokkuð þungt“, og hins vegar til frásagnar *Egils sögu* af fundi höfuðkúpu Egils og þess hversu þung hún reyndist. Gagnvart þessum þungu karlmannshöfðum leggur Ingibjörg sitt eigið höfuð að veði að segja má, og kallast með beinum hætti á við skáldbræður sína í ljóðinu „Höfuð konunnar“.<sup>502</sup> Um afstöðu hins nýja ljóðs til forvera sinna mætti ýmislegt segja – ljóðið er bæði *homage*, virðingarvottur, sem og eins konar (öðipískt) föðurmorð. Um slík áhrifatengsl sem skáldsaga Joyce og ljóð Ingibjargar eru dæmi um, hefur fyrrnefndur Harold Bloom talsvert fjallað, í bókum á borð við *Anxiety of Influence* og *A Map of Misreading*. Í grunninn má segja að kenning Blooms sé sú að yngri rithöfundar skapi sér olnbogaráymi með því að fremja föðurmorð á áhrifavöldum sínum, ekki síst með því að þröngva eigin (mis)skilningi og túlkun upp á verk þeirra. Yngri höfundar nærast á þeim eldri, leggi þá sér til munns. En að mati Blooms eru það aðeins þeir sterkustu sem lifa slíkt mataræði af – flestir eru að lokum étnir upp af föðurnum, þegar málin eru gerð upp í bókmenntasögulegu samhengi.

Með kenningu Blooms til hliðsjónar (sem hefur verið gagnrýnd fyrir að vera æði karlmiðuð, og er því hið „móðerníska“ ljóð skáldkonunnar Dickinson tekið til sérstakrar umfjöllunar hér) má segja að Dickinson fremji að þessu leyti föðurmorð allra föðurmorða með ljóði sínu – með því að ráðast til atlögu við sjálfan himnaföðurinn og afbaka hans heilaga orð. Þessar undureinföldu ljóðlínur eru um leið hennar eigið *póétíska manifestó* og veraldlega trúarjátning. Þær fela í sér grundvallarafstöðu Dickinson til veraldarinnar, sem hún ítrekar aftur og aftur í ljóðum sínum, allt til enda. Þannig kemur „hin heilaga þrenning“ Býflugunnar, Fiðrildisins og Andvarans víðar fyrir (F113):

---

<sup>502</sup> Um menningar- og bókmenntalegan samanburð á stöðu karls og konu í þessu ljóði Ingibjargar, sjá nánar Magnús Sigurðsson. „Átta atlögur að Höfði konunnar“. Í *Gleymiskunnar bók*, 2009, bls. 39–46.

Býflugan hræðist mig ekki.  
Ég þekki Fiðrildið –  
Börnin fögru í Skógunum  
fagna mér, innileg –

The Bee is not afraid of me.  
I know the Butterfly –  
The pretty people in the Woods  
Receive me cordially –

Lækurinn hjalar hærra  
þegar ég kem –  
og Andvarinn ærslast glaður;  
svo hví eru augu mín silfruð,  
hví, ó Sumardagur?

The Brooks laugh louder  
When I come –  
The Breezes madder play;  
Wherefore mine eye thy silver mists,  
Wherefore, Oh Summer's Day?

Þá yrkir Dickinson undir lok ævinnar eitt af sínum allra kunnustu ljóðum, og aftur skjóta býflugur upp kollinum (F1779):

Til að gera engi  
þarf býflugu og blóm,  
eina býflugu, og blóm,  
og dreyminn hug.  
Ef býflugurnar vantar  
er draumlyndið nóg.

To make a prairie it takes a clover  
and one bee,  
One clover, and a bee,  
And revery.  
The revery alone will do,  
If bees are few.

Til að yrkja og skapa veröldina upp á nýtt þarf ekki annað en dreyminn hug sem umbreytir heiminum í jarðneska paradís. Dickinson hefur því að segja má rutt Guði almáttugum úr sessi sem skapara himins og jarðar í ljóði F1779. Það er draumhygli hennar sjálfrar og ímyndunarafl sem skapar veröldina, engið þar sem hún liggur innan um „leyndardóma hins smáa“ í náttúrunni og lætur hugann reika. Athyglisvert er að Helen Vendler telur að það sé fyrst og fremst skortur á sambærilegri „draumhygli“, eða nánar tiltekið innlifunarhæfileikum ímyndunaraflsins, sem geri að verkum að ljóð Dickinson kunni að þykja hörð undir tönn:

Dickinson situr í gegnsæju húsi án sjáanlegra dyra, í félagsskap sérvalinna sálufélaga sem hafa fundið leið í gegnum glerið. Ef lesanda þykir ljóð hennar illskiljanleg, er skýringarinnar fremur að leita í skorti á innlifunarhæfileikum heldur en í þjóðfélagsstöðu eða menntunarskorti. Dickinson var ávallt reiðubúin að opna dyr sínar fyrir þeim sem gátu lifað sig inn í þær aðstæður sem ljóð hennar setja á svið. Með því að senda ljóð sín til vina og ættingja (sem voru oftast en ekki konur sem

höfðu hlotið litla æðri menntun), undirstrikaði hún þá trú sína að lesendur þessara ljóða þörfnuðust ekki sérstaks undirbúnings.<sup>503</sup>

Ef til vill er það um þetta „gegnþæja hús án sjáanlegra dyra“ sem Dickinson yrkir í ljóði F466:

Ég dvel í Húsi Möguleikans –  
fegurra en Prósans –  
veglegra að Dyrum –  
ríkara – að Ljórum –

I dwell in Possibility –  
A fairer House than Prose –  
More numerous of Windows –  
Superior – for Doors –

Þess Salir – Sedruskógar –  
svo langt sem augun ná –  
með Þaksperrurnar eilífu  
Himnum uppi á –

Of Chambers as the Cedars –  
Impregnable of eye –  
And for an everlasting Roof  
The Gambrels of the Sky –

Gestirnir – þeir fegurstu –  
og Iðjan – vís –  
að breiða út Hendur smáar  
til að fanga Paradís –

Of Visitors – the fairest –  
For Occupation – This –  
The spreading wide my narrow Hands  
To gather Paradise –

Vera kann að það vanti veggina, gluggana og dyrnar á hús skáldskaparins, en „það er þægilegt“ eins og Sigurður Pálsson kemst að orði ríflega einni og hálfri öld síðar í áþekku ljóði, „Húsið mitt“, og býður gestum sínum inn til að „dást að myndunum / á veggjunum“, sem virðast þó álíka „loftkenndir“ og hjá Dickinson:

Gjöríð svo vel  
gangið inn um dyrnar  
eða gluggana  
ef ekki bara veggina<sup>504</sup>

### *Sírenusöngur veraldarinnar*

Ári fyrir andlátið skrifar Dickinson í bréfi til vinkonu sinnar, sem hafði slasast alvarlega á fæti: „Ef ég kynni að biðjast fyrir, væri mér í lófa lagið að vera Fæti þínum til aðstoðar – en ég er

<sup>503</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 83.

<sup>504</sup> Sigurður Pálsson. „Húsið mitt“. *Ljóð námu völd*, 1990, bls. 7.

bara aumur Heiðingi –“ (L867). Bréfinu fylgdi eftirfarandi ljóð (F1675B), um „Töfraljómans þrísund“ þar sem við erum dæmd til að afplána okkar refsingu, þótt ekki vitum við í hverju brot okkar felst – og minnir hugmyndin helst á óljósa sekt og tilviljunar- eða geðþóttakennda refsigleði í skáldsögum Franz Kafka:

Við æskjum eins greiða af Guði, að fyrirgefa okkur – Hann einn veit, hversvegna – Glæpinn sjáum við ekki – innilokuð ævilangt í Töfraljómans þrísund iðrumst við líka Gleðinnar sem Himnaríki snýst um –	Of God we ask one favor, that we may be forgiven – For what, he is presumed to know – The Crime, from us, is hidden – Immured the whole of Life Within a magic Prison We reprimand the Happiness That too competes with Heaven –
---	---

Eins og gjarnan er raunin þegar yrkisefni Dickinson eru af trúarlegum toga er tónninn gamansamur en undirliggjandi gagnrýnin hvöss. Dickinson hæðist að guðfræði erfðasyndarinnar, sem dæmir okkur til refsivistar í hinni töfrandi „þrísund“ jarðlífsins. En sú vist er ekki alsæl. Töfrar jarðlífsins skína í gegn, sama hversu mjög hinn „rómaði kennimaður“ sem talar fyrir altari í ljóði F236 og annars staðar kann að leggja áherslu á lífsins táradal í predikunum sínum, en lofar þess í stað sæluvist á himnum. Töfrar og gleðistundir jarðlífsins rata inn fyrir vegg þrísundarinnar eins og sólarljós í gegnum sprungur múranna, með þeim afleiðingum að mesti glansinn fer af öllum annars heims lofordum – enda má njóta himnaríkis hér og nú, í sjálfu töfrangelsinu, líkt og Dickinson ítrekar svo víða í ljóðum sínum og bréfum:

Staðreyndin er sú að Jörðin er Himnaríki – [F1408]

Náttúran er Himnaríki – [F668]

Sá sem fór á mis, við Himnaríkið – niðri –  
fer líka á mis á Himnum –  
Því Englar leigja í næsta Húsi  
hvert sem við flytjum – [F1609]

Eden er Húsið forna  
sem við dveljum daglega í [F1734]

Ég velti því oft fyrir mér hvernig kærleikur Krists, er framkvæmdur – þegar sá –  
hér niðri – rígheldur – svo – (L262)

[E]f Guð hefði verið hérna í sumar, og séð það sem ég hef séð – þá held ég að  
Honum þætti Paradís sinni ofaukið. (L185)

Brottreksturinn úr Eden fölnar í návist svo yndislegra blóma, og með fullri  
virðingu fyrir Genesis, þá er Paradís hér og nú. (L552)

Ekki leggja þó allir ritskýrendur Dickinson áherslu á þann bjarta, einskæra lífsfögnuð sem hér birtist. „Í sem stystu máli, þá sýnir Dickinson okkur veröldina sem pyndingarklefa í ljóðum sínum“ segir Clark Griffith afdráttarlaust í bók sinni *The Long Shadow*.<sup>505</sup> „Á nánast hverri síðu mætir okkur tortíming, örvænting og sár og ófullnægð löngun“ kveður John Cody upp úr í bók sinni *After Great Pain*.<sup>506</sup> Sá sem hér skrifar og Griffith eiga þó sameiginlegt að sjá í verkum Dickinson vísi að því sem Griffith nefnir „hið nútímalega viðhorf“ í enskumælandi ljóðagerð. En á meðan ritgerðarhöfundur leggur einkum áherslu á hina tempruðu, kjarnyrту og myndvísu tjáningu Dickinson sem eins konar for-móðerníska eiginleika, er það „sú sýn að Náttúran sé í eðli sínu svikul og að hið illa beri ávallt sigur úr bítum sem markar Emily Dickinson sess á meðal hinna nútímalegu hugsuða“ að mati Griffiths.<sup>507</sup>

Togstreitan á milli syndsamlegrar gleði jarðlífsins og hreinsandi afls trúarinnar var til staðar sem tvö stríðandi öfl í hugsun Dickinson frá unga aldri, kannski í samræmi við þá púrítonsku sektarguðfræði sem gegnumskýrði allt samfélagið. Þannig skrifar hún æskuvinkonu sinni árið 1846:

Ég hafði ákveðið að helga líf mitt alfarið þjónustunni við Guð & óskaði þess að allir mættu drekka af þeirri uppsprettu lifandi vatns sem ég hafði svalað þorsta mínum við. En veröldin tældi mig & á viðkvæmu augnabliki hlýddi ég á sírenurödd hennar.  
[L11]

Þrátt fyrir hið stranga trúaruppeldi sem Dickinson hlaut, opnaði hún eyru sín fyrir sírenusöng náttúrunnar og vegsamaði gleði jarðlífsins í ljóðum sínum. En sársaukinn sem getur verið tilvistinni samhliða var Dickinson einnig nákominn. Ljóðlist hennar spannar vítt svið, fram og aftur á milli þessara tveggja andstæðu póla. Á milli þeirra er sú spenna sem knýr hugsun hennar áfram, kannski ekki ósvipað rafleiðninni sem mínus- og plúshleðslur mynda. Charles R.

<sup>505</sup> Clark Griffith. *The Long Shadow*, 1964, bls. 233.

<sup>506</sup> John Cody. *After Great Pain*, 1971, bls. 23.

<sup>507</sup> Clark Griffith. *The Long Shadow*, 1964, bls. 233. Sjá einnig bls. 269, þar sem Griffith ræðir hvernig Dickinson tókst að rífa sig lausa frá trúarviðhorfum og gildum samtímans og skoða veröldina með augum nútímamannsins.

Anderson vîkur að tengslum þessara póla í bók sinni *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, og slá orð hans botninn í umfjöllun þessa um handanheimsloforð, náttúru- og lífssýn í ljóðaveröld Emily Dickinson, áður en vikið verður að dekkri hliðum hennar:

Af innsæi andans hafði hún uppgötvað hversu náíð sambandið er á milli örvæntingar mannsins og þrár hans eftir sælu himnaríkis[.] Hinn meðvitaði hugur þrýsti sér þó staðfastlega þar á milli, sérkenni brennandi hugsunar sem freistaði þess að ljá hinni óskiljanlegu pílgrímsför okkar frá vöggu til grafar merkingu með því að skilgreina, afmarka, efast. Fyrir vikið verður Dickinson tilfinningaseminni ekki að bráð, sem hefði orðið raunin ef hún hefði gert annan hvorn pólinn – sælu mannsins eða örvæntingu – að heildarlífssýn sinni. Þess í stað skapaði hún ljóð sín úr spennunni sem leysist úr læðingi þegar svo öflugar andstæður rekast á.<sup>508</sup>

„Mæri – auðvelda Kvöl –“

F240B

Afmarka Vîl – og Lífin þola –  
Mæri – auðvelda Kvöl –  
Að vænta Ills – sem Væri án enda –  
umbæri hver?

Bound a Trouble – and Lives will bear it –  
Circumscription – enables Wo –  
Still to anticipate – Were no limit –  
Who were sufficient to Misery?

Viti hún Árin – upp á hár –  
böl sitt – þyldi – sæl  
Syngi við stritið, einsog þræll –  
undir hnígandi Sól –

State it the Ages – to a cipher –  
And it will ache contented on –  
Sing, at its pain, as any Workman –  
Notching the fall of the even Sun –

„Tungutak Dickinson er hér svo þétt, að fyrsta verk ritskýranda ætti í raun að vera að hleypta inn svolitlu lofti,“ segir Helen Vendler. Þegar búið er að leysa úr böndum og styttingum og „lofta“ um hugsun Dickinson í þessu hnitmiðaða ljóði, mætti umorða inntakið svo (í endursögn Vendler, en með hliðsjón af þýðingu ritgerðarsmiðs á ljóðinu):

Ef við hugsum okkur að hægt sé að gera sér grein fyrir umfangi veraldarvílsins, þá mun okkur, hverju og einu, fært að þola það; mæri í tíma og rúmi sem afmarka

---

<sup>508</sup> Charles R. Anderson. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, 1966, bls. 249.

kvölinu auðvelda okkur að bíta á jaxlinn. Það er óbærilegt að mega alltaf vænta illt – ef þjáningin er endalaus og án takmarkana, hver mun þá nógu sterkur til að umbera hana? En ef kvölin fengi að vita upp á háir hversu margar aldir enn hún stæði yfir, þá þyldi hún sæl sitt böll; þá syngi hún við stritið eins og þræll sem syngur við erfðisvinnu sína, á sama tíma og hann hefur auga á sólinni sem hnígur til viðar á himni, og gefur til kynna hversu langt er enn þar til hann hlýtur hvíld sína í lok vinnudags.<sup>509</sup>

Ritgerð bandaríska rithöfundarins William Styrons um þunglyndissjúkdóminn, *Sýnilegt myrkur. Frásögn um vitfyringu*, fjallar um þá óbærilegu, andlegu kvöl sem djúpstætt þunglyndi er, ástand sem sum af sterkustu ljóðum Emily Dickinson virðast spröttin af. Í bók sinni ræðir Styron enn fremur þá hugsvölun sem felst í vissunni um að sársaukanum muni linna, og má í raun hugsa sér eftirfarandi tilvitnun sem eins konar endursögn á ljóði F240 um hið „afmarkaða VÍ“, rétt eins og umorðun Vendler að framan:

Það fyrirfinnst svæði í reynsluheimi sársaukans þar sem vissan um að honum muni linna gerir oft ofurmannlega þrautseigju mögulega. Okkur lærist að lifa við mismikinn sársauka á hverjum degi, eða um lengri tíma, en við erum oftár en ekki blessunarlega laus við hann. [...] Að undanskildu þegar við er að etja illviðráðanlegan ólæknandi sársauka, er nánast alltaf til einhvers konar léttir; við hlökkum til þessarar líknar, hvort sem hún fæst í svefni eða með tylenoli eða sjálfsdáleiddslu eða þegar við skiptum um stellingu eða, sem algengast er, vegna getu líkamans til að lækna sjálfan sig, og við tökum með þökkum þessari hvíld, sem kemur um síðir[.]

Þessi trú á frelsun, á lausn að lokum, er víðs fjarri þegar maður er þunglyndur. Það dregur aldrei úr kvölunum, og það sem gerir ástandið óbærilegt er að maður veit fyrirfram að það er engin lækning í vændum – ekki eftir einn dag, klukkutíma, mánuð eða mínútu. Ef maður finnur til örhlítils léttis, veit maður að hann er aðeins tímabundinn; meiri kvalir koma í kjölfarið. Það er vonleysið, jafnvel fremur en sársaukinn, sem brýtur niður sálina.<sup>510</sup>

Það er von okkar um að „vílinu“ linni, að kvalirnar sem banka upp á í lífi hvers manns hafi sig að lokum á brott, sem gerir okkur kleift að bíta á jaxlinn, harka af okkur. Hér má hafa í huga að í *Gleðileiknum guðdómlega* er letrað á hlið Vítis: „Gefið upp alla von, þið sem um þetta hlið gangið“. Dante dæmir þá sem þar dvelja til eilífðarvistar, *án vonar* um að kvölum þeirra linni. Það er hið sanna helvíti. Latneska orðatiltækið *Dum spiro, spero* – „Svo lengi sem ég anda, þá

---

<sup>509</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 78.

<sup>510</sup> William Styron. *Sýnilegt myrkur. Frásögn um vitfyringu*. Þýð. Uggi Jónsson, 2010, bls. 92–93.

vona ég“ – mætti raunar allt eins lesa í hina áttina: *Dum spero, spiro* – „Svo lengi sem ég vona, þá anda ég.“ Það skiptast á skin og skúrir í lífi hvers manns, þótt öll él birti upp um síðir eins og sagt er. En er það endilega svo? Stundum sýna kvalirnar ekki á sér neitt fararsnið, svo þaulsetnar að þær virðast komnar til að vera um aldur og ævi. Sú tilhugsun að sársaukanum linni ekki, að þungbærar kvalir séu förunautur fyrir lífstíð, getur brotið baráttuþrek hvers manns.

Vonleysið og sú tilhugsun að það sé „engin lækning í vændum“, að ekkert lát muni á kvölunum; um þetta fjallar ljóð F240. En í ritgerð sinni er Styron raunar tíðrætt um að kvalir þunglyndisins sé ekki með góðu móti hægt að færa í orð, svo að „í verkum hinna mestu listamanna má skynja sér til skapraunar að einhvers er vant.“<sup>511</sup> Á þetta hafa fleiri bent, bæði hvað andlegan og líkamlegan sársauka varðar. Í minnispunktum sínum um þær óbærilegu kvalir sem hann leið af völdum langt genginnar sárásóttar, spyr franskir 19. aldar rithöfundurinn Alphonse Daudet hvort orð séu „yfirhöfuð til nokkurs nýt þegar lýsa skal raunverulegri líðan hins þjáða.“ Slíkar tilraunir, slík orð, „mega sín annaðhvort einskis eða eru ósönn.“<sup>512</sup> Í ritgerð sinni *On Being Ill* viku Virginia Woolf sömuleiðis að þeim áskorunum sem hinn þjáði stendur frammi fyrir þegar lýsa skal sárri kvöl:

Ensk tunga, sem getur tjáð hugsanir Hamlets og harmsögu Lés, á engin orð yfir skjálftann og höfuðverkinn. Allt ber að sama brunni. Ástfangin námsmær hefur Shakespeare eða Keats til að orða hug sinn. En reyni sá sem er kvalinn að lýsa sársaukastingnum í höfðinu fyrir læknum, þá er tungumálið þegar þurrausið. Það eru engir orðabankar sem hann getur sótt í. Hann neyðist til að smíða sitt eigið tungumál. Og því tekur hann kvöl sína í aðra höndina og hnelling af óspilltu hljóði í hina (eins og Babel-búar kunna að hafa gert forðum) og slær þeim saman, svo að glænýtt orð megi kvikna.<sup>513</sup>

Ófáir telja þó að í áhrifamestu ljóðum sínum takist Dickinson að færa í listrænan búning þann „ólýsanlega sársauka“ angistar og örvæntingar sem bók Styrons fjallar um. Dickinson bjó yfir „huga sem gat lýst sálarlífinu af meiri nákvæmni en nokkurt annað skáld, að Shakespeare einum undanskildum“ segir Adrienne Rich afdráttarlaust í ritgerð sinni „Vesuvius at Home“.<sup>514</sup> Afmarkaðri en keimlík eru ummæli David Porters, sem telur „listræna snilligáfu“ Dickinson meðal annars felast í „sálfræðilegri nákvæmni“ sem eigi sér ekki sinn líka í enskumælandi bókmenntum.<sup>515</sup>

---

<sup>511</sup> Sama rit, bls. 113.

<sup>512</sup> Alphonse Daudet. *In the Land of Pain*. Þýð. Julian Barnes, 2018, bls. 15.

<sup>513</sup> Virginia Woolf. *On Being Ill*, 2002, bls. 6. Ritgerð Woolf birtist upphaflega árið 1930.

<sup>514</sup> Adrienne Rich. „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“. *Parnassus. Poetry in Review*. 5. árg., 1. tbl., 1976. Sjá <http://parnassusreview.com/archives/416>. Sótt 30. okt. 2018.

<sup>515</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 4.



Porter gerir einnig að umtalsefni að í „bestu ljóðum“ Dickinson nái „tilfinningareynslan slíku spennustigi“ að styrk stjórn hennar á tjáningu sinni verði um leið ljós, enda komi „taumhald hennar í veg fyrir að ljóðin verði tilfinningasemi að bráð.“<sup>516</sup> Með slíkt taumhald í huga mætti kannski líka lýsa ákveðinni afstöðu í skáldskap Dickinson sem *karlmannlegri*, rétt eins og Adrienne Rich gerir í fyrirnefndu ljóði sínu „„Ég er í Hættu stödd – Herra““:

þú, kona, karlmannleg  
í einþykkni

Líkt og skáldhetjur Íslendingasagnanna bregður Dickinson sér hvorki við sár né bana, heldur gengst við örlögum sínum af því skorinorða æðruleysi sem sáemir tragískri hetju, með tilheyrandi úrdráttum í tilsvörum sínum (ljóðum) og kaldhæðni þegar við á. En líkt og háttar sömuleiðis um helstu skáld fornsagnanna, þá skortir ekkert upp á tilfinningar Dickinson, þótt segi megi að hún beri þær ekki utan á sér. Ljóð hennar „eru á meðal þeirra allra persónulegustu og um leið ópersónulegustu sem um getur,“ segir Jay Leyda í bók sinni *The Years and Hours of Emily Dickinson*.<sup>517</sup> „Aðferð Dickinson kann að virðast kaldhömruð á köflum“ bendir Charles R. Anderson jafnframt á, „en það er einfaldlega sá háttur sem hún tileinkaði sér til að geta skapað tilhlýðilega fjarlægð á milli eigin tilfinningalífs og listsköpunar sinnar. Aðferðin skilur hana rækilega frá tilfinningaseminni sem tíðkaðist í kveðskap hinnar eldri lýríska hefðar og varpar ljósi á skyldleika hennar við 20. öldina.“<sup>518</sup>

Þótt tilfinningasemi megi sjaldan greina í ljóðlist Dickinson, er hún eigi að síður tilfinningaríkt ljóðskáld. Hún finnur þeim stað í ljóðum sem hún stakk ýmist ofan í kistilinn góða eða „kóðaði“ með loftþéttu tungutaki á borð við það sem einkennir ljóð F240. Erfitt getur því reynst að ráða í merkinguna í fyrstu tilraun, rétt eins og vísur fornkappanna. Þó er tilgangur Dickinson ekki beinlínis að hamla skilningi lesenda sinna, öfugt við þær brynjuðu tilfinningar sem stundum leynast að baki kenninga-skrúði fornskáldanna. Ljóð Dickinson eru persónuleg og ópersónuleg í senn, en aldrei svo einkaleg að lesandanum sé ekki boðið inn í þetta „gegnsaþja hús án sjáanlegra dyra“, með orðalagi Helen Vendler. Í báðum tilvikum stafa skilningsörðugleikar lesanda þó af aðferðum skáldanna, þótt ólíkar séu. Fornskáldin klæða ljóð sín oftast en ekki í marglaga orðskruð sem flýsja þarf utan af þeim, lag fyrir lag. Dickinson á hinn bóginn yrkir sín ljóð af ítrustu sparsemi. Hún raðar saman strjálum lykilorðum í línur þar sem „nánast sérhvert atkvæði er þungt“ með orðum skáldkonunnar Madeline DeFrees.<sup>519</sup> Að sama skapi eru „úrfellingar á öllum stigum málsins“ eins og David Porter bendir á, „myndansins, frasans, orðsins, ljóðsins, textans, höfundarverksins og lífsins sem er grind þess.“ Úr verður

<sup>516</sup> Sama rit, bls. 66.

<sup>517</sup> Jay Leyda. *The Years and Hours of Emily Dickinson* I, 1960, bls. xx.

<sup>518</sup> Charles R. Anderson. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, 1966, bls. 229.

<sup>519</sup> Madeline DeFrees. „Emily Dickinson and Gerard Manley Hopkins“. Í *Visiting Emily*, 2000, bls. 20.

„kynlegt tungutak, fullt af eyðum og skuggum og glitrandi ljósglætum“ og hættan sú að með því að einblína um of á merkingu orðanna á síðunni fari lesandi á mis við það sem Dickinson lætur ósagt, það sem býr á milli línanna, sem er ekki síður merkingarbært að mati Porters.<sup>520</sup> Hér má raunar benda á frægt bréf Dickinson til föður síns sem hún „skrifaði“ í kjölfar andláts hans, og er meginmál þess *ósagt að öllu leyti*. Bréfið samanstendur af ávarpinu „Dear Father –“ og stórrí eyðu, áður en undirskriftin „Emily“ birtist neðar á síðunni. Það er því lesandans, hér sem annars staðar, að yrkja í eyðurnar, lifa sig inn í aðstæðurnar sem orð Dickinson, sögð og ósögð, hverfast um. „Að segja ekkert [...] segir stundum Mest“, líkt og þetta mikla þagnarskáld kemst að orði í öðru bréfi frá sama tíma (L408).

### *Nánar um úrfellingar og ímyndaðar persónur*

Sem annað og „hefðbundnara“ dæmi um úrfellingar Dickinson en hið óritaða bréf til föður hennar, má hér nefna ljóð F1387, örstutta elegíu sem hún orti eftir andlát föður síns:

To his simplicity  
To die – was little Fate –  
If Duty live – contented  
But her Confederate.

Dickinson beitir gjarnan eins konar „eimunarferli“ þegar kemur að framsetningu máls og merkingar; aðeins innsti kjarni yrkisefnisins lifir af, eftir að hismið hefur verið skilið frá. Um þetta ferli fjallar raunar eitt af hennar kunnari ljóðum, „Essential Oils are wrung“ (F772). Ljóðið lýsir því hvernig ilmkjarnaolíur eru eimaðar úr rótum, blöðum og blómum plantna, sem má túlka sem hliðstæðu við skáldskaparferlið sem býr að baki hinum „eimuðu“, kjarnyrta ljóðum Dickinson sjálfrar. Hin kjarnyrta aðferð felur þó í sér vissa erfiðleika gagnvart lesanda, sem oftar en ekki þarf í raun að yrkja ljóð Dickinson afturábak, þræða sig skref fyrir skref aftur að upphafsreit þeirra – að hugsuninni sem að baki býr, í málfræðilega heilum, „fullburða“ setningum. Hér að framan var vísað til þeirra orða Helen Vendler að „svo þétt“ sé tungutak Dickinson í ljóði F240 að „fyrsta verk ritskýranda ætti í raun að vera að hleypta inn svolitlu lofti.“ Þær tvær setningar sem ljóð F1387 samanstendur af endurskapar David Porter svo, og auðveldar lesanda þar með að draga andann í þessum ljóðaheimi:

---

<sup>520</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 5; 7; 98. Orðið „myndan“ er hér þýðing á „morpheme“.

Gagnvart hinni einföldu náttúru hans, var dauðinn enginn stórviðburður.

Ef Skyldan væri manneskja, væri hann sáll með að vera aðeins samverkamaður hennar.<sup>521</sup>

Lestraradferðinni sem ljóð Dickinson krefjast oftast en ekki útskýrir Porter almennt svo, og má segja að sú túlkun og textarýni sem hér er lýst nálgist mjög eins konar „normaliserandi“ þýðingu á markmiðum og merkingarsköpun höfundar:

Lesendur þurfa að svara tvenns konar grundvallarspurningum, annars vegar hvað viðkemur málsgreinabyggingunni og hins vegar eftir hvaða leiðum hið myndræna ímyndunarafli hennar ferðast. Í fyrsta lagi þurfum við að mynda „eðlilega“ setningu úr hinni knöppu, öfugsnúnu setningaskipan Dickinson og í kjölfarið – án þess að skipta á þessari setningu og ljóðlínum hennar – hafa hana á bakvið eyrað, til að átta okkur á með hvaða hætti Dickinson hefur snúið upp á hina hefðbundnu orðskipan tungumálsins. Í öðru lagi þurfum við að rekja slóð myndmálsins frá þeim myndum sem brugðið er upp allt aftur til hugmyndarinnar sem kveikti þær, með öðrum orðum að henda reiður á þeim tilvísunum [e. „referents“] sem hún hefur hlaupið yfir.<sup>522</sup>

Hinar málfræðilega „eðlilegu“ setningar sem Porter telur nauðsynlegt að hafa „á bakvið eyrað“ minna mjög á áðurtilgreind orð þýðingafræðingsins James S Holmes, að við lestur ljóða sé þýðanda (sem og öðrum lesendum) nauðsynlegt að hafa hugann „opinn fyrir margræðni á öllum sviðum“ og útiloka ekki „aðra merkingarmöguleika, heldur geym[a] þá á bakvið eyrað“.<sup>523</sup> Úr þessum merkingarmöguleikum þarf þýðandinn/lesandinn að greiða; velja og hafna, leggja áherslu á vissa þætti á meðan aðrir kunna að þokast í bakgrunn, í samræmi við þá stigveldisröð sem liggur þýðingarstarfinu/lestrarrýninu til grundvallar. Þá mætti einnig vísa til kenninga viðtökufraedingsins Wolfgang Iser hér, um þær „eyður“ eða „glufur“ sem bókmenntatextar einkennast af og sem hinn skapandi lesandi fyllir upp í með ýmsu móti; gengur að segja má í lið með höfundu og lýkur – með lestrarathöfninni – þeim margslungna vefnaði sem hver bókmenntatexti er.<sup>524</sup> En auðvitað „vefur“ hver lesandi (sem og þýðandi) með sínu eigin lagi. Hver lestur hefur sitt eigið fingrafar.

Hvað varðar hina „dickinsonísku“ lestrarathöfn sérstaklega, þá getur reynst nauðsynlegt – rétt eins og þegar kemur að dróttkvæðum íslenskra miðaldabókmennta – að „taka

---

<sup>521</sup> Sama rit, bls. 46.

<sup>522</sup> Sama rit, bls. 77.

<sup>523</sup> James S Holmes. *Translated!*, 1988, bls. 9.

<sup>524</sup> Sjá t.d. grein Isers „The reading process: a phenomenological approach“ í *Modern Criticism and Theory*, 2. útgáfa, 2000, bls. 188–204.

saman“ ljóðlínur hennar, grafast fyrir um tilvísanir hennar og leysa úr margslungnu myndmáli áður en örla tekur á merkingu. Að mati Porters sker ljóðmál Dickinson sig frá þeirri raunsæishefð sem tíðkaðist í bandarískri ljóðagerð um miðbik 19. aldar ekki síst fyrir þá sök að tungutak hennar er „staðfastlega það sjálft en ekki skýr endurspeglun eða eftirlíking [e. „mimesis“] þeirrar veraldar sem hún bjó í.“<sup>525</sup> Hér má einnig minna á ummæli Christopher Benfeys um hina „fráhverfu“ málbeitingu Dickinson, svo fjarri sem órætt ljóðmál hennar sé hefðbundnum framsetningarmáta máls og merkingar.<sup>526</sup>

Sú brotakennda, einkalega, skorinorða, torræða og að sumu leyti kaldhamraða skáldskaparlist sem af þessari aðferð Dickinson hlýst vísar um margt fram á veginn, til brotasýnar og fagurfræði skálda á borð við T.S. Eliot, Ezra Pound, Wallace Stevens og fleiri.<sup>527</sup> Kunnar eru hendingar Eliots úr *Eyðilandinu*, um „brot þessi“ sem ljóðmælandi segist hafa „borið að rústum [s]ínnum“, og hafa orðið að nokkurs konar einkennisorðum bálksins í hugum margra, og jafnvel hinnar módernísku skáldskaparaðferðar í heild sinni.<sup>528</sup> Þá leggur Eliot áherslu á tilfinningalega fjarlægð og temprun tjáningarinnar í grein sinni „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins“ með því að kalla eftir „útþurrkun persónuleikans“, nokkuð sem segja má að hið „kóðaða“ eða „fráhverfa“ orðfæri Dickinson og hin styrka tilfinningastjórnun hennar stuðli mjög að. Með málbeitingu slíkra ljóða er lesanda þrýst til að koma sér upp eins konar „raunsæiskóða“ eða „þýðingu“ með hefðbundnari endur- eða umorðun, líkt og Porter lýsir hér að framan.

Sterk hefð er fyrir því að líta á ljóðræna tjáningu, og þá ekki síst lýrísk kvæði á borð við þau sem Dickinson orti, sem einlæga opinberun innstu tilfinninga höfundar. En lýrísk ljóð geta ekki síður verið leikvöllur hins ímyndaða og mögulega, þar sem sjaldgæft tækifæri gefst til að vera annar og segja skilið við sjálfan sig, þegar ljóðið stækkar og kemur í höfundarins stað; verður sinn eigin veruleiki, líkt og nýrýnin lagði svo þunga áherslu á, óháð höfundinum sem leynist að baki orðunum. Í þessum efnum er vert að hafa í huga varnaðarorð Dickinson sjálfrar í bréfi til Higginsons, þegar hún biður hann að hafa hugfast að „[þ]egar ég tiltek mig, sem Fulltrúa þessara Ljóða – þá á ég ekki við – sjálfa mig – heldur ímyndaða persónu“ (L268). Þessar „ímynduðu persónur“ Dickinson er jafnframt freistandi að bera saman við þær leikrænu persónur sem taka til máls í „dramatískum einræðum“ enska 19. aldar skáldsins Robert Brownings og höfðu umtalsverð áhrif á „raddir“ hinna títtnefndu lykilskálda módernismans, T.S. Eliots og Ezra Pounds. Áður en kom að „raddsetningum“ þeirra Brownings, Eliots, Pounds og annarra, hafði Dickinson þó, á sinn hátt, beitt viðlíka aðferð í ljóðagerð sinni. „Ljóð hennar eru einræður nafnlauss sögumanns, hverra dýpsti brunnur er Shakespeare“ segir Susan Howe í bók sinni *My*

<sup>525</sup> Sama rit, bls. 79.

<sup>526</sup> Christopher Benfey. „Emily Dickinson and the American South“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 46.

<sup>527</sup> Um tengsl Dickinson og þessara höfunda, sjá Porter, *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 263–265.

<sup>528</sup> T.S. Eliot. *Eyðilandid*. Þýð. Sverrir Hólmarsson, 1990, bls. 37.

*Emily Dickinson*.<sup>529</sup> „Röddin sem talar í sálmabrag hennar er í sem stystu máli forverinn að þeim brotakenndu einræðum hugans sem einkennir móderníska ljóðagerð“ fullyrðir David Porter tæpitungulaust.<sup>530</sup> Þá undirstrikar Helen Vendler að þótt „freistandi“ sé að lesa ljóð Dickinson sem „milliliðalaus skýrslugerð“ um hennar eigið tilfinningalíf, þá sé nauðsynlegt að hafa hugfast „að ávallt eru tvær Dickinson á hverri síðu: sá „Fulltrúi“ sem talar, sem og skáldið sem skapar þá rödd.“<sup>531</sup> Ekki síst vegna þessarar hliðrunar eða margföldunar ljóðmælandans sem verður í hinum mállega speglasal ljóðanna getur reynst æði erfitt að spretta fingri að hinu ævisögulega sjálfi sem býr þeim að baki.

### *Shakespeare og spakmælistin*

„Segja má að ljóðlist Emily Dickinson sé öll, á einn eða annan hátt, tilraun til að halda nákvæma skrá (oftar en ekki með hjálp ýmissa áhaldna – áttavita, dýptarlóða, mælistokka) yfir hringiðu tilfinningalífsins“ segir Helen Vendler í bók sinni um Dickinson, og bætir við: „Í ljóðum sínum er Dickinson huggun í því að tjá (og lína) sársaukann með því að fanga inntak hans í spakmæli.“<sup>532</sup> Orðskviðir Dickinson takmarkast þó ekki við tilraunir hennar til að mæla sársauka sinn, hvort sem er í merkingunni „að orða“ eða „leggja mat á“. Formrænar eigindir á borð við hrynjandi, rím og stuðlasetningu, og hugsun sem leitaðist við að henda reiður á lífsins gangi í öllum þess margbreytileika, gerir að verkum að ljóðlist Dickinson er með eindæmum rík af ljóðlínunum sem staðið geta sjálfstæðar, sem kjarnyrði eða afórismar:

Water, is taught by thirst. (F93)

Success is counted sweetest  
By those who ne'er succeed. (F112)

Mirth is the mail of Anguish – (F181)

'Tis Beggars – Banquets best define –  
'Tis Thirsting – vitalizes Wine – (F283)

The Truth, is Bald – and Cold –

---

<sup>529</sup> Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. 71.

<sup>530</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 100.

<sup>531</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 8.

<sup>532</sup> Sama rit, bls. 80–81.

But that will hold – (F341)

Perception of an object costs  
Precise the Object's loss – (F1103)

Anger as soon as fed – is dead –  
’Tis Starving makes it fat – (F1539)

Ugglaustr hefur Dickinson lært spakmællistina af William Shakespeare öðrum fremur, þeim höfundu sem hún hafði í mestum metum. „Hún hafði sama óviðjafnanlega eyra og Shakespeare hafði fyrir tungumálinu“ segir Richard B. Sewall, og bætir við: „hún kann að hafa erfitt brageyra sitt frá honum.“<sup>533</sup> Sjálf skrifar Dickinson í einu bréfa sinna til Higginsons: „Á meðan Shakespeare heldur velli, standa Bókmenntirnar traustum fótum –“ (L368). Eftir 8 mánaða lestrarbann, sem augnlæknir Dickinson hafði fyrirskipað til að hlífa sjúkum augum hennar, voru það leikrit Shakespeares sem Dickinson greip fyrst úr bókaskáp sínum, eins og hún lýsir eftirminnilega í einu bréfa sinna:

Fyrir nokkrum árum mátti ég þola mikla kvöl, þá einu sem hefur fengið mig til að nótta á beinunum. Það var útlökun frá því allra kærasta, dyggustu vinum sálarinnar – BÓKUM. [...] Ég fékk því að upplifa 8 mánaða Síberíuvist.

Vel man ég tónlist heimboðsins sem kallaði mig úr útlegðinni. Það var á stofu læknisins. Hann blístraði á veiðihundana. Hann klappaði saman lófunum og sagði „*Sesame*“. Hve blóð mitt ólgaði! Shakespear[e] var sá fyrsti. [...] Þegar heim var komið þusti ég að bókaskápnunum og tætti gómsætustu kaflana í mig. Ég hélt að ég myndi rífa síðurnar þegar ég fletti þeim. Þegar mesta æðið var runnið af mér, var ég viljug að sjá á bak öllum nema William Shakespear[e].<sup>534</sup>

Þótt lýsing Dickinson sé ýkjkennd, er ástæðulaust að draga létti hennar í efa þegar lestrarbanninu lýkur. Ljóst er að dagar Dickinson meðan á „Síberíuvistinni“ stóð voru henni erfiðir, þegar búið var að svipta hana félagsskapnum sem hún hafði af „dyggustu vinum sálarinnar“. Bóklestur var hluti af hliðarveröld Dickinson, og kannski er forskeytinu *hliðar*-ofaukið hér. Í þeirri veröld var Shakespeare tímalaus samferðamaður sem dró úr einsemd hennar og einangrun og náði eyrum hennar, til að mynda í skorinorðum tilsvörum leikpersóna. Tilsvör, athugasemdir og hugsanir eru settar fram á meitlaðan hátt, af háum jafnt sem lágum, og fela oft en ekki í sér lífsvisku sem bitur reynsla hefur kennt þeim sem orðin mælir af vörum.

<sup>533</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2010, bls. 703.

<sup>534</sup> Vitnað eftir Richard B. Sewall. *The Lyman Letters. New Light on Emily Dickinson and Her Family*, 1965, bls. 76.

Dickinson hefur vafalítið lært að meitla hugsun sína með sambærilegum hætti af slíkum dæmum, en einnig má ætla að verk Emersons og Biblían – og þá ekki síst sjálfir Orðskviðirnir – hafi verið lærdómsríkar fyrirmyndir á þessu sviði.<sup>535</sup>

Örvæntingin er sammanleg reynsla. Hver örvænting er annarri lík, óháð því hverjar orsakir hennar eru. Þess vegna er kannski óþarfi að fá úr því skorið, í eitt skipti fyrir öll, hvaða sára reynsla býr að baki meistaraverkum Dickinson, ljóðum á borð við F340, „I felt a Funeral, in my Brain“, eða F372, „After great pain, a formal feeling comes –“. Við þekkjum sama sársauka á eigin skinni, þótt ástæður hans kunni að vera aðrar. Bandaríski smásagnahöfundurinn Raymond Carver mun hafa látið svo um mælt að sá sem þekki eina birtingarmynd örvæntingarinnar þekki þær allar.<sup>536</sup> Að þessari hugmynd virðist Dickinson sjálf víkja í bréfi sem hún skrifar undir lok ævinnar, með því að draga djarflega samasemmerki á milli harmræns hlutskiptis Jesú Krists og okkar manna (L932):

Þegar Jesús segir okkur af Föður sínum, vantreystum við honum. Þegar hann sýnir okkur Heimili sitt, snúum við okkur undan. En þegar hann trúir okkur fyrir því að hann sé „kunnugur Harminum“, þá hlustum við grannt, vegna þess að Harmurinn er líka Kunningi okkar sjálfra.

Manneskjan er krossfest daglega að mati Dickinson, eins og hún bendir á hér, í einu af sínum mögnuðustu krossfestingarljóðum (F670):

Ein Krossfesting – aðeins – er skráð – Hve margar til er staðfest hvorki af Stærðfræði – né Mannkynssögunni –	One Crucifixion is recorded – only – How many be Is not affirmed of Mathematics – Or History –
Ein Golgata – ókunnum sýnd – Þó jafnmargar til og Fólkið – eða Fjallstindar – Getsemane –	One Calvary – exhibited to stranger – As many be As Persons – or Peninsulas – Gethsemane –
Hérað – í Mannsins Miðju – Júdea – sem Krossfarartakmark, Leiðarlök – nær en svo –	Is but a Province – in the Being’s Centre – Judea – For Journey – or Crusade’s Achieving – Too near –

<sup>535</sup> Sjá t.d. Suzanne Juhasz. *The Undiscovered Continent. Emily Dickinson and the Space of the Mind*, 1983, bls. 32–34.

<sup>536</sup> Vítnað eftir David Leavitt. *Martin Bauman; or, A Sure Thing*, 2000, bls. 100.

Vor Herra – jú – Tvíþætt Vitni –  
Og þó –  
til nýrri – nærri Krossfesting  
en Sú –

Our Lord – indeed – made Compound Witness –  
And yet –  
There's newer – nearer Crucifixion  
Than That –

Richard Sewall bendir á að ljóð Dickinson séu oftast en ekki nokkurs konar bænir. „Leyfið Emily að syngja fyrir ykkur vegna þess að hún kann ekki að biðja“ skrifar hún sjálf Norcross-systrunum, frænkum sínum, eftir andlát föður þeirra (L278) og lætur fylgja með ljóð í huggunarskyni (F528). Þá talar hún skömmu síðar í öðru bréfi til hinna syrgjandi systra um „balsam-orðið“ sem græði hraðar og betur en læknishendur (L281). Af slíkum orðum átti Dickinson nóg, oftast en ekki felld í hrynföst viskukorn ljóðrænnar tjáningar.

### *Hin ríkulega örbirgð*

Það sem einkennir „græðandi“ kjarnyrði eða afórísma Dickinson öðru fremur er sá lærdómur sem hún dregur af *skorti* eða *örbirgð*. Á þetta hafa ýmsir bent og fjallað um, frá mismunandi sjónarhornum. Einna fyrstur til að vekja máls á þessu grundvallarstefi í skáldskaparhugsun Dickinson var bandaríska ljóðskáldið Richard Wilbur, í grein sinni „Sumptuous Destitution“ (1960). Orðin *sumptuous destitution* koma fyrir í einu bréfa Dickinson til Higginsons sem og í ljóði F1404, og mætti ef til vill þýða sem „ríkuleg örbirgð“. Að sumu leyti er Dickinson því á svipuðum slóðum og Kristur í Fjallræðu sinni, þar sem segir að sælir séu fátækir í anda, því að þeirra muni himnaríki (Matt 5: 3), þótt Dickinson haldi sig allajafna við hið jarðneska ríkidæmi í sínum „boðskap“.<sup>537</sup> Rétt eins og þjáningarguðfræðin linar armæðu hins trúaða með því að heita himneskri sælu að lokum, þá hefur Dickinson endaskipti á ýmsum grundvallartvenndum í ljóðum sínum: vont verður gott, ósigur verður sigur, trúleysi verður sáluhjálp, örbirgð verður ríkidæmi. Wilbur segir í ritgerð sinni:

En það var önnur aðferð [en gagnrýnin afstaða ED til ósýnilegs guðs] sem Emily Dickinson beitti til að takast á við skort-tilfinningu sína – önnur herkænka á tilfinningasviðinu sem hún beitti bæði oftast og með betri árangri. Ég á við síendurtekna staðhæfingu hennar á þeirri þversögn að í skortinum felist meiri gnótt en í gnóttinni; að með afsalinu aukist ríkidæmið; að „Gnægtarborð bindindisseminnar / taki Drykkjuveislunni fram“ [F1447]. Öll vitum við hvernig skáldið sýndi þessa meinlætþversögn í hegðun sinni, hvernig hún kaus á sínum efri

---

<sup>537</sup> *Biblían. Heilög ritning*, 1981.



árum að loka sig að mestu af og halda umheiminum – jafnvel þeim hliðum hans sem voru henni kærastar – í öruggri fjarlægð. Hún átti til að skrifa vinum sínum og lýsa því hversu mjög hún saknaði þeirra, en flýja svo til herbergis síns þegar þeir komu í heimsókn. Í kjölfarið sendi hún kannski afsökunarbeiðni, með þeirri undarlegu útskýringu að „Við forðumst af því að við metum mikils.“ [...] Í þeim ljóðum hennar sem þroskuðust eru, lýsir hún því ítrekað yfir að með því að glata eða verða af því sem við þráum, stöndum við á einhvern hátt ríkari eftir.<sup>538</sup>

Ríkídæmi örbirgðarinnar býr því ekki síst í ímyndunaraflinu, sem getur töfrað fram undraveraldir sem taka raunveruleikanum fram; kannski ekki síst þegar við upplifum og öðlumst loksins það sem við höfðum aðeins látið okkur dreyma um áður, og kann að valda sárum vonbrigðum.

Af öðrum en þó tengdum toga er hin kunna ljóðlína Dickinson um þorstann og vatnið:

Water, is taught by thirst. (F93)

Við þekkjum vatnið ekki af vatninu sjálfu, ef svo má að orði komast, heldur af *skorti* þess, þegar við þráum vatnssopann til að væta kverkarnar, til að slökkva þorstann – fyrst þá „skiljum“ við vatnið. Dickinson er vitaskuld ekki fyrst til að benda á að mikilvægi hlutanna komi ekki í ljós fyrr en þeirra nýtur ekki lengur við. „Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur“ er orðatiltæki sem fangar þá hugsun þrýðilega. Þá mætti hér aftur leita í smiðju Shakespeares og tiltaka sem dæmi myndmálið úr einræðu Hinriks prins, þar sem prinsinn ungi (sem hefur haldið sig til hlés í leiknum hingað til) líkir sér við skin sólarinnar, sem er enn velkomnara en ella þegar hún brýst loksins fram úr skýjunum eftir dumbungsveður. Þannig má segja að skýin kenni okkur að meta sólina á sama hátt og „þorstinn kennir vatnið“:

[...] en þá er sólin mér til fyrirmyndar,  
sem leyfir óheilmæmum skugga-skýjum  
að myrkva í heimsins augum yndi sitt,  
til þess að vekja, — þegar henni þóknast  
að verða á ný hún sjálf, sem jörðin saknar, —  
enn meiri fögnuð, er hún brýzt í gegn  
um svælu-mökk, þar sem hún virtist kæfð.<sup>539</sup>

---

<sup>538</sup> Richard Wilbur. „„Sumptuous Destitution““. Í *Emily Dickinson. A Collection of Critical Essays*, 1996, bls. 56. Ritgerð Wilburs birtist fyrst í bókinni *Emily Dickinson. Three Views*, 1960.

<sup>539</sup> William Shakespeare. *Hinrik fjórði. Fyrri leikritið*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Í *Leikrit II*, 1973, bls. 192.

Þetta tiltekna dæmi má jafnframt hafa í huga þegar allar þær ólíku myndir sem dregnar hafa verið upp af hinni „ósýnilegu“ Emily Dickinson eru íhugaðar. „[Þ]ú sveipar þig eldglæringamóðu svo ég get ekki nálgast þig, heldur aðeins glaðst yfir hinum sjaldgæfu ljósblossum“ segir Higginson í áður tilvitnuðu bréfi (L330a). „[Þ]að sér hana *aldrei* neinn,“ skrifar svo Mabel Loomis Todd foreldrum sínum árið 1881, þegar hún lýsir Ráðgátunni frá Amherst, „karakternum“ sem er „alskrýtnastur“ allra í Dickinson-fjölskyldunni.<sup>540</sup> Um þetta ósamræmi – hið litla sem vitað var og sást af henni, hið mikla sem um líf Emily Dickinson var (og er) gasprað – segir Richard Sewall:

Eins og jafnan er þegar um slíkt tómarúm er að ræða, og ekki síst þegar í hlut á jafn dularfull persóna og Emily Dickinson, manneskja sem orti stríð og tilfinningaþrungin ljóð sem ganga í berhögg við hið stillta og hlédræga líf hennar á ytra borði, þá hafa goðsagnirnar og kjaftasögurnar fyllt upp í tómarúmið. Rithöfundar hafa skrifað leikrit og sögur sem byggja á hæpnum forsendum; ævisagnaritarar hafa freistast til að beita forréttindum skáldsagnahöfundarins; sértrúarsöfnuðirnir og slúðurskjóðurnar hafa fylgt okkur frá upphafi; og nú síðast hafa aðferðir sálgreiningarinnar velt upp nýjum möguleikum.<sup>541</sup>

Við freistum þess að svala forvitni okkar í gegnum krafta ímyndunarafslsins. En þar sem svo mörgum spurningum verður aldrei fyllilega svarað, í eitt skipti fyrir öll (hvers vegna lokaði Emily sig af, áttu Emily og Sue í lesbísku ástarsambandi, hvern ávarpar Emily í hinum dularfullu „Master“-bréfum, hvað *þýða* þessi undarlegu ljóð?), þá virðist jafnframt tryggt að svörin muni halda áfram að hrannast upp. Að þessu leyti minnir Dickinson reyndar á eftirlætishöfund sinn, títtnefndan William Shakespeare, en þær takmörkuðu upplýsingar sem fræðimenn og aðrir hafa á að byggja um líf og störf Shakespeares virðast jafnframt óþrjótandi uppspretta nýrra kenninga.<sup>542</sup> Og rétt eins og Shakespeare, sem gat skapað hugsun sinni ófá mismunandi gervi, oftast en ekki hvert í hrópandi mótsögn við annað, þá búa ljóð Dickinson yfir sambærilegri fjölröddun, svo erfitt – ef ekki ómögulegt – er að „festa hendur á hennar raunverulega, ævisögulega sjálfi“ líkt og minnst hefur verið á, enda Dickinson jafnvíg á svo ólíkar rullur sem „hina barnalegu „Daisy“ til hinnar „höfðinglegu Keisaraynju“.<sup>543</sup> Í lífi sínu og verkum var Emily sannarlega „[e]in stor skodespelar“, eins og segir í dagbók Olav H. Hauges.<sup>544</sup>

---

<sup>540</sup> Sjá Söndru M. Gilbert. „The Wayward Nun beneath the Hill“. Í *Emily Dickinson. A Collection of Critical Essays*, 1996, bls. 20.

<sup>541</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 7.

<sup>542</sup> Hér mætti til að mynda benda á rit Samuel Schoenbaums, *Shakespeare's Lives*, 1970.

<sup>543</sup> David S. Reynolds. „Emily Dickinson and Popular Culture“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 182.

<sup>544</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band II)*, 2000, bls. 227.

## Huggun á hvolfi

Sem dæmi um „ríkulega örbirgð“, þegar ímyndunaraflíð skapar gnótt úr svo að segja engu, er eftirfarandi ljóð (F284B):

Frostmark kenndi Oss – Fosfórus –  
að meta Eldsins loft  
sem Strákur, kuldi Jökulíss  
og Tundursins – kraft

The Zeros taught Us – Phosphorus –  
We learned to like the Fire  
By handling Glaciers – when a Boy –  
and Tinder – guessed – by power

rédum við – af Andstæðum –  
Myrkvar – fela – Ljóshnetti –  
Stjarfínn – fremsti Meistari  
Okkar í – Lífsþrótti –

of Opposite – to equal Ought –  
Eclipses – Suns – imply –  
Paralysis – our Primer dumb  
Unto Vitality –

Gegnumgangandi myndmál kulda (frostmark, jökulís, myrkvar) og hita (fosfór, eldur, tundur, ljóshnettir), stigbreytist í andstæðupar stjarfa og þróttis. Dickinson ferðast í öllum tilvikum frá neikvæða hluta myndhverfingarássins til hins jákvæða, sem hún hefur ekki beina reynslu af, ólíkt þeim neikvæða. Kuldinn af jökulísnum hefur kennt ljóðmælanda (sem hér er „strákur“, líkt og víðar í ljóðum Dickinson og bréfum, sjá F231, F271, F284, F456, F547, F1271, F1538 og F1577<sup>545</sup>) að „meta“ hita eldsins. Að sama skapi verður sprengikraftur tundursins aðeins „ráðinn af“ andstæðum. Hér sem víðar felst *upplifunin* eða *skynjunin* því á mótsagnakenndan hátt í innlifunarhæfileikum ljóðmælandans fremur en beinni reynslu.

Dickinson virðist snemma hafa tileinkað sér þá lífsafstöðu sem felst í „ríkidæmi örbirgðarinnar“. Árið 1852, þá 21 árs að aldri, skrifar hún æskuvinkonu sinni:

Alltaf þegar ég hef orðið fyrir vonbrigðum, hugsa ég með sjálfri mér að ef ég hefði orðið ánægjunnar aðnjótandi, hefði það verið enn sorglegra, og með þess konar bollaleggjum öðlast ég *stundum* þónokkra huggun; huggun á hvolfi eins og ég kalla hana með stolti. (L69)

Þessa þversagnarkenndu afstöðu, þegar hlutunum er að segja má snúið „á hvolf“, má víða sjá í ljóðum Dickinson og bréfum, svo sem þegar hún segir að „Gnægtaborð bindindisseminnar /

---

<sup>545</sup> Af dæmum úr bréfum Dickinson þar sem hún vísar til sjálfrar sín sem stráks má tilgreina orðsendingu hennar til bróður síns Austins, þá 23 ára gömul: „Jæja – öll vorum við jú strákar eitt sinn [...]“ (L152). Svipuðum „kynusla“ bregður fyrir í bréfi L315, þegar Dickinson skrifar um bróðurson sinn fjögurra ára: „Ned segir að Klukkan mali og að kettlingurinn tifi. Frá Emily frænda sínum hefur hann erft dálæti á lygum.“

taki Drykkjuveislunni fram“ (F1447), að „það að hverfa“ auki „sýnileika“ einhvers (F1239), að „við töpum – hafandi unnið“ (F28), að „Nei“ sé „villtasta orðið sem í Tungumálinu býr“ (L562), eða þegar hún skrifar í einu bréfa sinna að henni þyki „sorglegt að eiga vin“, þar sem vináttan sé vís með „að valda Hjartasári“ (L243). Dickinson virðist því á öndverðum meiði við hina kunnu hendingu Tennysons lávarðs, að það sé betra að hafa elskað og misst en að hafa aldrei elskað yfirleitt. Þvert á móti sé viðbúinn missir og sársaukinn sem honum fylgir hamingjustundum ástarreynslunnar yfirsterkari. John Cody telur að Dickinson hafi á fullorðinsárum „vísvitandi forðast að upplifa ánægju“ og að slíkrar tilhneigingar til sjálfstýftunar hafi snemma tekið að gæta, sem ómeðvituð tilraun hennar til að friða og hreinsa þjakaða samvisku (þótt öllu óljósara sé hvað olli samviskubitinu).<sup>546</sup> Líklegra má telja að í hinni öfugsnúnu en áreiðanlegu „huggun á hvolfi“ megi sjá varnarviðbrögð Dickinson gagnvart hinni hverflyndu sælu lífsins, gagnvart hamingjustundum sem geta horfið jafnsnögglega og þær gefast. Sá sem á hinn bóginn leitar huggunar í „ríkidæmi örbirgðarinnar“ er ekki sviptur slíkri hugsvölun svo auðveldlega, og mætti að þessu leyti jafnvel snúa þversagnarkenndum orðum Dickinson sjálfar á haus (F28): Við vinnum – hafandi tapað.

Ljóð F284 hér að framan er ágætt dæmi um það sem Richard B. Sewall kallar „viskukorn“ (e. „wisdom pieces“) og segir að flokka megi allt að því helming höfundarverks Emily Dickinson undir.<sup>547</sup> Þetta eru eins konar skilgreiningar- eða niðurstöðuljóð sem oftast en ekki fela í sér spakmæli eða orðskviði. Annað dæmi þessa er ljóð F93, um þá kennsluadferð skortsins eða andhverfunnar sem hér hefur verið rædd, með hinni kunnu upphafslínu um vatnið og þorstann:

Vatn, af þorsta þekkjum.

Land – af Sjávarferðum.

Gleðina – af þrautum –

Frið, af stríðsins kveinum –

Ást, af bautasteinum –

Fuglana, af snjónum.

Water, is taught by thirst.

Land – by the Oceans passed.

Transport – by throe –

Peace, by its battles told –

Love, by memorial mold –

Birds, by the snow.

Dickinson miðlaði ríflega af lífsreynslu sinni í ljóðum sínum, þótt ævidagar hennar hafi verið með kyrrlátara móti á hinu ytra borði. Ekki þarf þó alltaf svaðilfarir og ævintýri til að öðlast djúptæka reynslu af veröldinni. Á þetta bendir Franz Kafka í hinum svokölluðu Züraukjarnyrðum, og hæfa orðin fáum betur en Emily Dickinson og ævi hennar. Þau fá því að standa

<sup>546</sup> John Cody. *After Great Pain*, 1971, bls. 266–267. Í niðurlagsorðum bókar sinnar virðist þó sem Cody hafi að nokkru horfið frá framangreindri kenningu, en leggur þess í stað áherslu á hve veigamiklu hlutverki skortur, þjáning og ófullnægðar langanir gegndu fyrir *listsköpun* Emily Dickinson; að það hafi verið úr „ríkidæmi örbirgðarinnar“ sem ljóð hennar hafi sprottið. Sama rit, bls. 495.

<sup>547</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 712.

hér, sem lokaorð þessarar umfjöllunar um viskukorn, örbirgð og lærdóm hins þungbæra í ljóðum Emily Dickinson, áður en nánar verður hugað að þeirri sæluríku veröld sem Kafka nefnir, og módernískum framsetningarmáta Dickinson á þeirri sömu veröld:

Ekki er nauðsynlegt að þú yfirgefir húsið. Vertu um kyrrt við borðið þitt og hlustaðu. Ekki einu sinni hlusta, bíddu bara. Ekki bíða, vertu alveg kyrr og í einrúmi. Veröldin mun bjóðast til að afhjúpa sig fyrir þér, annað getur hún ekki, frá sér numin mun hún engjast frammi fyrir þér.<sup>548</sup>

### *Emily og ímagisminn*

#### *F320*

Það er viss Hallfleytt birta  
Vetrarsíðdegi –  
sem íþyngir, einsog  
Kirkjuorgelið –

Himneskt Sár, hún veitir –  
okkur, allrainnst,  
þótt örið sjáist ekki –  
bara Merkingin, sem finnst –

og Enginn – getur skýrt –  
Örvæntingu brennd –  
þrenging tign, af Himnum  
okkur ofansend –

Landslagið hlustar, er hennar nýtur –  
Skuggarnir – draga ekki andann –  
Þegar hana þrýtur, er það sem Fjarskinn  
í Svipnum að Handan –

There's a certain Slant of light,  
Winter Afternoons –  
That oppresses, like the Heft  
Of Cathedral Tunes –

Heavenly Hurt, it gives us –  
We can find no scar,  
But internal difference –  
Where the Meanings, are –

None may teach it – Any –  
'Tis the Seal Despair –  
An imperial affliction  
Sent us of the Air –

When it comes, the Landscape listens –  
Shadows – hold their breath –  
When it goes, 'tis like the Distance  
On the look of Death –

---

<sup>548</sup> Franz Kafka. *Die Zürcher Aphorismen*, 2016, bls. 117. Óprentuð þýðing Ástráðs Eysteinsonar.

Öfugt við útleitnari skáld á borð við Walt Whitman, þar sem „ljóðlínudansinn“ er öllu frjálslægri og hömlulausari, þá byggir Dickinson ljóðhús sín úr færri og merkingarþyngri orðum. Þessu tengt er dálæti hennar á óhlutkenndum hugtökum (hér til dæmis „difference“, „Meanings“, „Despair“, „Distance“, „Death“), sem oftast en ekki er komið að úr óvæntri átt. Knappleiki Dickinson er þó ekki síður en mælska Whitmans forsmekkurinn að formbyltingu módernistanna um hálfri öld síðar. Whitman brýtur af sér hlekki formsins á sama tíma og Dickinson beitir hefðbundnum aðferðum á borð við rím og hrynjandi með „óhefðbundnum“ hætti, eftir eigin höfði, svo úr verður allsendis nýtt afbrigði af hefðbundnum kveðskap. Þetta „afbrigði“ er án málskrúðs og vísar fram á veg, til skálda á borð við Adelaide Crapsey, Lorine Niedecker, Marianne Moore, Kay Ryan og annarra, sem allar hafa unnið á nýstárlegan hátt með hefðbundið form og skorinorðan ljóðstíl. Einn af þeim vísunum að formbyltingu enskumælandi ljóðlistar á 20. öld sem greina má í ljóðum Emily Dickinson felst því ekki síst í málnotkun hennar og þeim merkingarþunga sem henni tekst að ljá einstaka orðum og myndum, oftast en ekki fyrir tilstilli tæknilegra atriða á borð við hrynjandi, greinarmerkjasetningu, hástafi og rím. En fleira má nefna, svo sem vikið verður að hér á eftir.

Óneitanlega ruddi Walt Whitman skáldum á borð við Ezra Pound, Hildu Doolittle (H.D.) og William Carlos William braut með frelsandi og lítt heftu andríki sínu. En þó er það öðru fremur *agi tungutaksins* og *myndvísi* þessara skálda sem gerir þau módern, samkvæmt þeirra eigin skilningi á því hvað teldist nútímaleg ljóðagerð. Svona hljómuðu reglurnar til að byrja með, í greininni „Imagisme“ eftir enska skáldið og þýðandann F.S. Flint, einn af frumkvöðlum ímagistahreyfingarinnar í London, sem birtist í tímaritinu *Poetry* árið 1913:

1. Bein meðhöndlun hlutarins, hvort sem hún er huglæg eða hlutlæg.
2. Að nota ekki eitt einasta orð sem ekki leggur neitt til framsetningarinnar.
3. Hvað viðvíkur hrynjandi: að semja út frá sjálfri laglínunni, ekki út frá taktmæli.<sup>549</sup>

Orð urðu dýrari en áður með fagurfræði ímagismans. Þeim var ekki lengur „spreðað“ af sömu léttúð, ekki síst í því augnamiði að hreinsa ljóðmálið af orðaklungri táknsæisstefnunnar og tilfinningasemi nýrómantíkurinnar. „[H]ún kom sér að kjarna málsins vafningalaust, allt að því óþreyjufull eftir sem fæstum orðum sem fangað gætu uppljómun hennar“ skrifar Susan Dickinson í minningargrein um mágkonu sína árið 1886, og kemst því sjálf ansi nærri kjarna hinnar ímagísku fagurfræði, um 30 árum áður en hún var færð í orð.<sup>550</sup> Um og eftir aldamótin 1900 voru ljóð Dickinson þó raunar enn svo til ókunn, og óvíst að helstu boðberar ímagismans

<sup>549</sup> Sjá Ezra Pound. „Nokkur bönn eftir ímagista“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Skírnir*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 287.

<sup>550</sup> Tilvitnun sótt til Jay Leyda. *The Years and Hours of Emily Dickinson* II, 1960, bls. 472–473. Minningargreinin birtist í *Springfield Republican* þann 18. maí 1886.

hafi þekkt náíð til verka hennar; fyrirmyndir þeirra voru fremur sóttar til klassískra skálda á borð við Saffó og Katúllus. Christopher Benfey segir:

Hvergi er minnst á Dickinson í stefnuyfirlýsingum T.S. Eliots eða Ezra Pounds. Gera hefði mátt ráð fyrir því að ljóð hennar hefðu haft áhrif á þennan lauslega samanskipaða hóp breskra og bandarískra skálda – þeirra á meðal Pound, H.D. og Amy Lowell – sem vildu segja skilið við „kurteislegar“ skáldskaparvenjur í enskri ljóðagerð. Þau kölluðu sig „Ímagista“ og lögðu áherslu á nýja nákvæmni í beitingu tungumálsins, þegar búið væri að skera burt allt það sem áður taldist „ljóðrænt“. En svo virðist sem Dickinson hafi ekki átt upp á pallborðið hjá þessum skáldum.<sup>551</sup>

Raunar er það svo að Dickinson er heldur ekki að finna í sýnisbók Ezra Pounds frá 1958, *From Confucius to Cummings*, þótt vegur hennar hefði þá vaxið mjög og fyrsta heildarútgáfa ljóða hennar birst þremur árum fyrr. Hins vegar er pláss fyrir samtímamenn Dickinson, skáldin John Greenleaf Whittier og James Whitcomb Riley, þótt tíminn hafi ekki farið um þá eins mjúkum höndum og „tíkarlegu litlu piparjónkuna“ frá Amherst, svo vitnað sé til orða Denise Levertov um skáldsystur sína frá árinu 1960.<sup>552</sup> Fálæti Pounds og nóturleg afstaða Levertov eru tvö lítil dæmi sem sýna að það er í raun og veru ekki fyrr en á síðustu áratugum 20. aldar sem staða Dickinson sem eitt af öndvegisskáldum Bandaríkjanna fer að teljast óumdeilanleg.

Ef til vill er það einna helst dálæti Dickinson á afstraksjónum<sup>553</sup> sem útilokar hana úr ímynduðum hópi „for-ímagista“ eftir á að hyggja. „Forðist hið óhlutbundna“ segir með skýrum hætti í grein Pounds „Nokkur bönn eftir ímagista“ frá árinu 1913.<sup>554</sup> Áður en fagurfræði ímagismans var boðuð, má þó segja að Dickinson hafi að ýmsu leyti „móderniserað“ sjálfa sig, ein og óstudd, hér um bil hálfri öld fyrr, ef sú forskrift sem boðuð var – breytileg hrynjandi, skýrar myndir, hemill á tilfinningasemi, sparsemi í málnotkun – er höfð til hliðsjónar, sem viðmið skáldanna sjálfra um einkenni móðernískis skáldskapar. Og þótt forsprakkinn Pound hafi aldrei talið hana tilheyra þeim hópi sem fyrirmynd, gerði Harriet Monroe það aftur á móti, stofnandi hins áhrifamikla tímarits *Poetry*, sem var vettvangur Pounds og annarra ímagista á þessum umbyltingarárum. Monroe lýsir Dickinson sem „ómeðvituðum og óskrásettum Imagiste“ árið 1914. Undir þau orð tók skáldkonan Amy Lowell, sem hélt merkjum ímagismans á lofti eftir að Pound sagði skilið við hreyfinguna. Skáldskap Dickinson lýsti Lowell sem „nú tímalegum“, og að rödd hennar hafi hljómað ein í „auðn“ bandarískrar ljóðagerðar um

---

<sup>551</sup> Christopher Benfey. „Emily Dickinson and the American South“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*, 2002, bls. 34–35.

<sup>552</sup> Tilvitnun sótt í Eliot Weinberger. „Preface“. Í Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. vii.

<sup>553</sup> Um hinar „kynlegu, óhlutbundnu myndir“ Dickinson fjallar David Porter í *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, sjá sérstaklega kafla hans „Strangely Abstracted Images“, bls. 25–37.

<sup>554</sup> Ezra Pound. „Nokkur bönn eftir ímagista“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Skírnir*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 288.

miðbik 19. aldar.<sup>555</sup> Þá mátti finna eitt af fyrstu ljóðasöfnum Dickinson í bókahillum skáldkonunnar H.D., þar sem ýmiss konar athugasemdir getur að líta á spássíum bókarinnar.<sup>556</sup>

Það verður því að teljast ofsagt að Dickinson hafi ekki „átt upp á pallborðið“ hjá ímagistunum, líkt og Christopher Benfey fullyrðir hér að framan. Og þegar betur er að gáð má raunar færa fyrir því nokkur rök að „afstraksjónir“ Dickinson – eitur í beinum hinna hlutbundnu ímagista – séu ekki eins óhlutbundnar og þær virðast við fyrstu sýn, heldur for-móðernískur framsetningarmáti flókinnar tilfinningareynslu.

### *Innra landslag og austræn ábrif*

Í grein sinni „Gönguskáldið“, um innra og ytra landslag í ljóðum Gyrðis Elíassonar, leggur Sveinn Yngvi Egilsson út af skrifum kanadíska fræðimannsins Marshall McLuhans um þá hliðstæðu myndhverfingarheima náttúru og sálarlífs sem gjarnan einkenni móðernískan skáldskap. Í grein Sveins Yngva segir:

McLuhan telur að megnið af engilsaxneskum og frönskum náttúru ljóðum 19. aldar einkennist af áherslunni á hið myndræna og feli í sér tilraun til að draga upp ytri landslagsmyndir með orðum. Það sé síðan með táknsæisstefnunni á síðari hluta 19. aldar og móðernismanum á fyrri hluta 20. aldar sem landslagið verði sálfræðilegra og því sé varpað inn á við. Táknsæisskáld og móðernistar hafi tekið sér mun meira frelsi gagnvart náttúrunni og umhverfinu[.] Í nútímaljóðum megi því greina huglæga kortlagningu sem sé á mörkum veruleika og ímyndunar; sálrænar stærðir séu umritaðar í landslag eða hinu ytra varpað inn á við. McLuhan kallar þessa nútímalegu tækni og afstöðu *innra landslag* (e. *interior landscape*, fr. *paysage intérieur*).<sup>557</sup>

Þessari „nútímalegu tækni“ beitir Emily Dickinson þegar í hinu kunna ljóði F320, um hina hallfleyttu vetrarsíðdegisbirtu. Innra og ytra landslag rennur saman, eins og Helen Vendler bendir á í umfjöllun sinni:

Ljóðið sýnir okkur að sérhvert ytra fyrirbrigði eigi sér innri samsvörun: ef birtan er Hallfleytt, þá kennum við Sársauka; Innsigli felur í sér Örvæntingu; Skuggarnir boða Dauða. Meginatriði ljóðsins er að ekki verði svo auðveldlega skilið á milli þeirra kennda sem landslagið annars vegar og örvæntingin hins vegar vekur. En kviknar

<sup>555</sup> Shira Wolosky. „A Syntax of Contention“. Í *Modern Critical Views. Emily Dickinson*, 1985, bls. 162.

<sup>556</sup> Tone Hødnebo. „Etterord“. Í *Emily Dickinson. Skitne lille hjerte*. Þýð. Tone Hødnebo, 2015, bls. 108.

<sup>557</sup> Sveinn Yngvi Egilsson. „Gönguskáldið“. Í *Okkurgulur sandur*, 2010, bls. 105.



ljóðið (eins og það virðist gera) af skynjun ytra umhverfis, sem í kjölfarið er léð táknræn merking, eða sprettur ljóðið af innri Örvæntingu sem leitar samsvarandi birtingarmynda í landslaginu? Við getum í rauninni ekki sagt af eða á.<sup>558</sup>

Víða í ljóðum Dickinson er tilfinningadoði eða vansæld tjáð með kulda (sjá t.d. ljóð F284 hér að framan), og svo er einnig hér. Myrkrið og kuldinn fyrir utan er til marks um vetrarkvíðann í sálinni og stjarfa dauðans, sem leggst yfir allt eins og snjórinn og frostið. Dickinson orti eftirminnileg ljóð um allar árstíðirnar, en kannski einna best um veturinn. Fögnuður vorsins, gleðistundir sumarsins og ljúfsár tregi haustsins eiga sína fulltrúa í skáldskap hennar, en miskunnarleysi og fegurð Nýja Englands í grimmdarfrosti um hávetur var kannski sú myndlist náttúrunnar – „Snow’s Tableau“ (F256) – sem best hæfði hugsun og skapgerð Dickinson, og rataði í mörg hennar hugstæðustu ljóða.

Í riti sínu um móðerníska ljóðagerð og íslensku atómskáldin styðst Eysteinn Þorvaldsson meðal annars við skilgreiningu sænska fræðimannsins Ingemar Algulins á þremur helstu eiginleikum nútímaljóða. Þessi meginleikni eru:

1. Óbundið form.
2. Samþjöppun í máli (kompression).
3. Frjálsleg og óheft tengsl myndmálsins.<sup>559</sup>

Séu tvö þessara meginleikna til staðar, má telja ljóð móðernt samkvæmt Algulín. Þá bendir Eysteinn á að skilgreining Algulins útiloki ekki háttbundna ljóðlist frá því að geta talist móðernísk:

Algulín getur þess sérstaklega að bundin ljóð og rímuð geti talist móðern, hafi þau hinar tvær eigindirnar, þ.e. samþjöppun máls og frumleg og frjáls tengsl myndmáls. Jafnframt tekur hann fram að óbundið form nægi engan veginn eitt sér til þess að gera ljóð móðernt.<sup>560</sup>

Það má liggja á milli hluta að sinni hvort ljóð Dickinson teljist háttbundin eða ekki, „samþjöppun í máli“ og „frjálsleg og óheft tengsl myndmálsins“ einkennir þau flest. Þau standast því Algulín-prófið. En það gerðu auðvitað fleiri skáld og skáldskaparhefðir áður en móðernisminn sem slíkur varð ríkjandi fagurfræði víðast hvar á fyrstu áratugum 20. aldar, bæði í Evrópu og vestanhafs. Áður hefur verið nefnt að ímagistarnir leituðu meðal annars fyrirmynda í grísk-rómverskri fornöld. Forn-austurlensk ljóðahefð stóð þeim einnig nærri, til dæmis

<sup>558</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 127.

<sup>559</sup> Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf móðernisma í íslenskeri ljóðagerð*, 1980, bls. 196.

<sup>560</sup> Sama rit, bls. 197.

knappar náttúrumyndir japönsku hækunnar, þar sem ytra umhverfi endurspeglar oft en ekki sálarlíf ljóðmælanda með hlutkenndum hætti. Hækuskáldin japönsku beita með öðrum orðum þeirri „nú tímalegu tækni“ sem McLuhan gerir að umtalsefni. Þá uppfylla þau sömuleiðis þrjú grunnskilyrði nútímaljóða samkvæmt skilgreiningu Algulins. Það var því ekki að ástæðulausu að hækufornið höfðaði til skálda á borð við Ezra Pound, sem byggði fagurfræði sína að mörgu leyti á myndvísi hækunnar og sparsemi í orðnotkun. En með hliðsjón af því skorinorða ljóði Dickinson sem hér er til umfjöllunar, um „birtuna Hallfleyttu“ þar sem innra og ytra landslag renna saman, og í ljósi annarra (for)-móðernískra eiginleika í ljóðagerð þessa skálds sem fjallað hefur verið um á þessum blöðum, þá er með nokkrum ólíkindum að Pound hafi látið Dickinson framhjá sér fara. Er það skoðun ritgerðarhöfundar að *frumkvæði* hinnar móðernísku tjáningar í enskumælandi ljóðagerð liggja að mörgu leyti hjá Dickinson – í fleiri en einni merkingu þess orðs. Og enn má nefna veigamikið atriði í ljóðlistariðju Dickinson sem sver hana í ætt við hina móðernísku skáldskaparhefð, nefnilega myndvísi hennar, sem nú mun nánar horft til.

### *Hin fullvalda mynd*

Ein mynd segir meira en þúsund orð, það á ekki síður við í ljóðlistinni en annars staðar. Ímagistarnir, eins og nafnið gefur til kynna, boðuðu sérstaklega mikilvægi myndvísinnar í ljóðagerð, eða eins og Ezra Pound segir í grein sinni „Nokkur bönn eftir ímagista“, þá er „meira vert að ná að bregða upp einni Mynd á heilli ævi en að framleiða fjölda langra ritverka.“<sup>561</sup> Oftar en ekki er það ljóðmyndin sem talar fremur en orðin sjálf í móðernískum skáldskap, hún er „fullvalda“ eins og Eysteinn Þorvaldsson segir í bók sinni:

Þó að móðern skáld séu sundurleitir hópur og ljóðasmíð þeirra ólík á margan hátt, þá eiga þau langflest það sameiginlega höfuðmarkmið að gera ljóðið að fullvalda mynd, byggðri upp sem heild með eigin merkingu óháða. Þessi stefna hefur gjörbreytt formgerð ljóða.<sup>562</sup>

Í kjölfarið vitnar Eysteinn til kunnra orða Einars Braga skálds um myndina í nútímaskáldskap:

Veruleiki ljóðs er ekki yrkisefnið sjálft, heldur mynd þess. Í góðu ljóði hverfur yrkisefnið í mynd sína, verður hún.<sup>563</sup>

<sup>561</sup> Ezra Pound. „Nokkur bönn eftir ímagista“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Skírni*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 286.

<sup>562</sup> Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin*, 1980, bls. 260–261.

<sup>563</sup> Vítnað eftir Eysteini Þorvaldssyni. *Atómskáldin*, 1980, bls. 261–262. Orðin koma fyrir í ritdómi Einars Braga um *Sjödægru* Jóhannesar úr Kötlum í *Birtingi* árið 1955.

Þessi áhersla Einars Braga og annarra úr hópi atómskáldanna á hina fullvalda mynd er að mörgu leyti arfur ímagistanna, þótt módernisminn berist fyrst og fremst hingað til lands frá Skandinavíu og Frakklandi, líkt og Eysteinn rekur í bók sinni. Raunar getur verið örðugt að þefa uppi krókaleiðir ljóðrænna áhrifa, og ekki skal því haldið fram hér að Einar Bragi eða aðrir hafi verið undir *beinum ábrifum* frá kennisetningum ímagistanna. Enduróminn af kenningum þeirra má þó heyra í ofangreindum orðum Einars Braga. Þá má greina áhrif fagurfræðinnar í ljóðunum sjálfum.

Pound og aðrir forkólfar ímagismans tóku ungum skáldum vara fyrir öllu því sem leiðir til ónákvæmni í framsetningu. Áhersla þeirra á „beina meðhöndlun hlutarins“ var að mörgu leyti viðbragð nýrrar kynslóðar skálda við „andleysi impressjónismans og dulrænu og torræðu myndmáli sýmbólismans“ með orðum Benedikts Hjartarsonar.<sup>564</sup> En með hvaða hætti tengist Emily Dickinson þessum bollaleggingum um formbyltingu í enskumælandi og síðar íslenskri ljóðlist, og tengslum sem greina má þar á milli? „Í góðu ljóði hverfur yrkisefnið í mynd sína“ segir í ritdómi Einars Braga, og eru orðin gjarnan höfð til marks um leiðarljós þeirrar skáldskaparstefnu sem atómskáldin íslensku fylgdu, hvert með sínum hætti auðvitað. En í heildina litið má segja að ímagísk fagurfræði hafi verið boðuð – með því að leggja áherslu á myndræna, aðhaldssama og hlutlæga framsetningu yrkisefnisins:

Móðernistar taka sér frelsi til að láta mynd og tilfinningu og skoðun renna saman í eitt og leitast við að skapa með því móti einingu inntaks og forms. [...] Í eldri ljóðategundum eru myndir einkum notaðar til útskýringar á ytra heimi og hugmyndum og tilfinningum og líka beinlínis til skreytingar. Í móðernum ljóðum er myndin hins vegar ekki einfalt útskýringartæki heldur flókið aðalatriði og ákvarðar heildarformgerðina.<sup>565</sup>

Um þessi einkenni á móðernískri ljóðagerð, sem lætur allt í senn mynd, tilfinningu og skoðun ljóðs renna saman í eitt – öfugt við tilhneigingu hinna síð-víktoríönsku ljóðskálda (samtímamanna Dickinson) til langorðra útskýringa, tilfinningasemi og orðskrúðs – er ljóð Dickinson „Það er viss Hallfleytt birta“ einkar skýrt dæmi. Myndir ljóðsins sýna okkur að „sérhvert ytra fyrirbrigði eigi sér innri samsvörun“ svo aftur sé vitnað í umfjöllun Helen Vendler. Charles R. Anderson segir enn fremur um þetta tiltekna ljóð:

Sú innri reynsla [sem ljóðið hverfist um] er ekki orðuð með beinum hætti heldur tjáð með vef mynda sem fela í sér staðhæfingu ljóðsins[.]<sup>566</sup>

---

<sup>564</sup> Benedikt Hjartarson. „Ímagismi og vortisismi. Stefnyufirlýsingar í íslenskri þýðingu“. *Skírnir*. 179. árg. (2005), bls. 282.

<sup>565</sup> Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin*, 1980, bls. 259.

<sup>566</sup> Charles R. Anderson. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, 1966, bls. 245.

Með öðrum orðum, þá „hverfur yrkisefnið í mynd sína“ svo fullkomlega að hvergi sér í saumana, um leið og rof og brotakennd framsetning eru lykilatriði. Þetta tekst ekki síst fyrir tilstilli þeirrar „nútímalegu tækni“ sem Marshall McLuhan kallar innra og ytra landslag, þegar sálarlíf og náttúra eru látin endurspegla hvort annað, líkt og svo gjarnan er raunin í japönskum hækum og tönkum, sem áttu eftir að hafa mótandi áhrif á þróun enskumælandi ljóðlistar frá og með fyrstu áratugum 20. aldar.

Hér um bil hálfri öld fyrr má þó segja að Emily Dickinson hafi „móderníserað“ sjálfa sig líkt og áður segir, með því að ná valdi á og tileinka sér þær öguðu aðferðir hins hnitmiðaða, sálfræðilega og myndvísa ljóðs sem áttu eftir að verða ríkjandi beggja vegna Atlantshafsins fram um miðbik síðustu aldar, fyrir tilstilli skálda á borð við Ezra Pound (hnitmiðun), T.S. Eliot (sálarlíf) og William Carlos Williams (myndvísi), svo arfleifð þessara skálda sé einfölduð með allgrófum hætti. Allt er þetta til marks um þá „for-módernísku“ eiginleika sem greina má í ljóðum Dickinson. Ljóð F320 er síður en svo einsdæmi.<sup>567</sup>

Að lokum er það forvitnileg tilviljun – ef það er þá *brein* tilviljun – að tvö af þekktari ljóðum Emily Dickinson, ljóð F320 sem hér hefur verið til umfjöllunar og ljóð F340 („I felt a Funeral, in my Brain“), skuli í raun renna saman í einu þekktasta ljóði Einars Braga, „Ljósín í kirkjunni“. Ljóð Einars Braga er ofið úr þeim meginþráðum sem ganga í gegnum ljóð Dickinson, útfararmyndmáli ljóðs F340 og vetrarlandslagi ljóðs F320. Áhrifin eru þó tæpast bein, heldur ráðast ef til vill fremur af þeim sameiginlegu fagurfræðiáherslum sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni: þeirri skýru, hlutlægu og tempruðu myndvísi sem átti eftir að verða líkt og dulvitund nútímaljóðlistar á 20. öld. Enn fremur er vert að hafa hugfast að ljóð Einars Braga taldi upphaflega 5 erindi, en í síðari útgáfum sleppti hann lokaerindinu. Móðernísk tjáning einkennist enda ekki síst af hinu undanskilda og ósagða, af brotakenndri framsetningu, af því sem gefið er í skyn fremur en tjáð með beinum hætti, og er Dickinson skýrt fordæmi í þeim efnum. „Það eru úrfellingar á öllum stigum málsins“, svo aftur sé vitnað til orða David Porters um líf hennar og list.<sup>568</sup>

Hvað verður um slíkar eyður þegar ljóðin eru þýdd er svo annað mál, sem nú verður vikið að, í lokakafli ritgerðar þessarar.

---

<sup>567</sup> Rétt er að hafa hugfast að móðernísk fagurfræði er viðtækari en svo að hana megi einskorða við myndvísi, hlutlæga miðlun tilfinninga og samþjöppun í máli. Allt eru þetta þó atriði sem ritgerðarsmiður telur vert að hafa til hliðsjónar, enda opna þau hvert um sig leið inn í ljóðaheim Dickinson.

<sup>568</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 5.

„HIÐ HARÐA, SKARPA GLIT“

*Umfjöllun um  
valin ljóð í þýðingu*



Ósjaldan hefur verið vikið hér að framan að því neikvæða viðhorfi sem þýðingar mæta gjarnan, allt frá hinum viðfrægu og langlífu ummælum bandaríska ljóðskáldsins Robert Frosts að ljóðlistin sjálf fari iðulega forgörðum í þýðingu til þeirra afdráttarlausu varnaðarorða að lesendur Emily Dickinson hér á landi reyni ekki „að hafa uppi á íslenskum þýðingum verkanna; ég veit ekki hvort þær fyrirfinnast og ég vona ekki. Sumt væri illa gert þó það sé vel unnið.“<sup>569</sup> Ögn vægari, en þó á sömu nótum vonleysis og vantrúar, eru eftirfarandi vangaveltur Sigurðar Nordal, um hvernig *Gerplu*, skáldsögu Halldórs Laxness, muni reiða af á erlendum vettvangi:

Annars verður næsta fróðlegt að vita, hvernig fer með bókina, þegar stíllinn þurrkast svo út sem hann hlýtur að gera í þýðingu, jafnvel þótt vel verði gerð[.]<sup>570</sup>

Þótt þýðingar séu vel unnar, *jafnvel þótt* þær séu vel gerðar, þá er einhvers vant. Hugmyndina um óþýðanleikann og að í þýðingarstarfinu sé óhjákvæmilega fólgin einhvers konar „rýrnun“ er erfitt að kveða niður, jafnvel þótt ýmsir þýðendur sjái í óþýðanleikanum sjálfum þá nauðsynlegu viðspyrnu og áskorun *sem geri þýðingarstarfið bæði mögulegt og eftirsóknarvert*. Þessa viðhorfs gætir meðal annars í grein Helga Hálfðanarsonar „Ögn um þýðingar“, sem og í ummælum Willis Barnstones, Patriciu Terry, José Ortega y Gasset og annarra sem áður hefur verið vikið að. Þegar horft er til alþjóðlegrar viðtökusögu Emily Dickinson er þó enginn hörgull á efasemdum um að ljóð hennar megi þýða á önnur mál (þótt ekki sé gengið svo langt að fordæma slíkar tilraunir fyrirfram). Í grein sinni um viðtökur Dickinson á hebresku og eigin þýðingar segir Lilach Lachman til að mynda:

Ég velti fyrir mér hvort ástæðan fyrir því að áhrifa Dickinson á hebreskar bókmenntir tekur að gæta svo seint og takmarkað sem raun ber vitni, megi að einhverju leyti útskýra með óþýðanleika hennar. [...] Því dýpra sem ég kafaði ofan í ljóðaheim hennar og því betur sem ég fínstillti verkfæri mín, þeim mun betri grein gerði ég mér fyrir því að hvað sjálfa mig varðaði, þá voru eiginleikar Dickinson óþýðanlegir, og að vera kynni að ekki yrði fallist á tilraunir mínar sem „Emily Dickinson“.<sup>571</sup>

<sup>569</sup> Höf. óþekktur. „Dánarfregnir“, <http://skottlaus.blogspot.is/2006/05/dnarfregnir.html>. Sótt 2. ágúst 2019.

<sup>570</sup> Ummælin koma fyrir í bréfi Sigurðar Nordal til Kristins E. Andréssonar árið 1952. Vitnað eftir Jóni Karli Helgasyni. *Mynd af Ragnari í Smára*, 2009, bls. 240.

<sup>571</sup> Lilach Lachman. „Called Back. Emily Dickinson in Hebrew“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 159 og 163.

Vangaveltur Lachman um ástæður þess hversu seint áhrifa Dickinson tekur að gæta í hebreskum bókmenntum minna nokkuð á þau ummæli Silju Aðalsteinsdóttur sem getið hefur verið, að henni þyki „trúlegt að sú hætta“ sem búi í formi og orðfæri Dickinson „hafi bægt [íslenskum] þýðendum frá.“<sup>572</sup> Japanski Dickinson-þýðandinn Masako Takeda hefur tekið í svipaðan streng:

Dickinson er nánast óþýðanleg, og það eru þrjár sérstakar áskoranir – hrynjandi hennar og rím, setningabygging ljóðanna og málnotkun.<sup>573</sup>

Þær Ana Luísa Amaral og Marinela Freitas hafa sömuleiðis vikið að málnotkun Dickinson í umfjöllun sinni um takmarkaðar viðtökur hennar í portúgölskum bókmenntum:

Erfiðleikarnir sem felast í málnotkun Dickinson hafa enn fremur torveldað viðtökur hennar. Sérkennilegar málfræðilegar ambögur ljóðanna, sem sett eru fram að því er virðist á ströngu formi og leiða af sér texta sem er allt í senn dulrænn, samþjappaður og fullur af úrfellingum, gera að verkum að mikil áskorun er fólgin í þýðingu þeirra. Sú margræðni og þau setningar- og merkingarfræðilegu frávik sem einkenna með eindæmum óvanalegt tungutak Dickinson krefst ekki aðeins traustrar kunnáttu af hálfu þýðanda á enskri tungu (sem er að byggingu mjög frábrugðin þeirri portúgölsku), heldur einnig nokkurs konar sveigjanleika undir styrku taumhaldi sem einkar erfitt er að ná fram á þýðingarmálinu. Til marks um þessar áskoranir er að sá fámenni hópur sem hefur gefið sig að þýðingum og kynningu á verkum Emily Dickinson á portúgölsku samanstendur einkum af ljóðskáldum og rithöfundum.<sup>574</sup>

Í inngangi að þýðingasafni sínu gerir brasilíski Dickinson-þýðandinn Nise Martins Laurindo sambærilegar áskoranir enn að umtalfni:

Það er vandasamt að þýða ljóð. Ég myndi segja að það að þýða ljóð Emily Dickinson sé nánast ómögulegt. Við getum þýtt orðin. Það er það sem ég gerði. En sú ljúfa barnslega einfaldni og þeir dularfullu töfrar og hárfínu undirtónar sem stafa frá ljóðunum, og endurspeglu hina blíðu, ástríðufullu sál hennar sem og þær einstöku gáfur sem hún ræktaði svo dyggilega, það er allt saman skuldlaust hennar.

---

<sup>572</sup> Silja Aðalsteinsdóttir. „Ég er engin. En þú?“ *Dagblaðið Vísir – DV*. 3. mars 1995, bls. 31.

<sup>573</sup> Masako Takeda. „Dickinson in Japan“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, 2009, bls. 173.

<sup>574</sup> Ana Luísa Amaral og Marinela Freitas. „Meteors, Prodiges, Soccerers. Emily Dickinson in Portugal“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, bls. 134.



Þýðing mun aldrei ná að endurskapa þau hárfínu blæbrigði sem í ljóðum hennar búa.<sup>575</sup>

Laurindo virðist gera sambærilegan greinarmun og Ann-Marie Vinde hér að framan á því að „þýða orðin“ annars vegar (*översättning*), og hins vegar að koma „innstu merkingu ljóðs“ (*tolkning*) á framfæri – og hún hafi látið sér nægja fyrrnefndu aðferðina.<sup>576</sup> Þá svipar afstöðu Laurindo til þeirra „hárfínu undirtóna“ og „blæbrigða“ sem í ljóðum Dickinson búa (og „mun aldrei“ unnt „að endurskapa“ í þýðingu, að hennar afdráttarlausa mati) allnokkuð til hugmynda Ezra Pounds um þau merkingarblæbrigði sem felast jafnan í sjálfri tónlist og andblæ orðanna, það er að segja í þeirri illþýðanlegu orðlist sem hann kallaði *logopoeia*:

*Logopoeia* er ekki hægt að þýða; þó má koma þeirri huglægu afstöðu sem í henni felst til skila með endurorðun. Eða réttara væri ef til vill að segja að ekki sé hægt að þýða hana „staðbundið“, en eftir að hafa ákvarðað hugarástand hins upprunalega höfundar, ætti þýðandi að geta apað það eftir eða fundið jafngildi þess.<sup>577</sup>

Segja má að með svo opinni jafngildisleit („endurorðun“, „ekki ... „staðbundið“, „apað eftir“, „fundið jafngildi“) veiti Pound þýðanda allrífleg umráð til túlkana í störfum sínum, enda nýtti Pound sér slíkt athafnafrelsi jafnan í eigin þýðingum. Um leið er óþýðanleikahugmyndin skoruð á hólmgang og henni mætt af djörfung og úrræðasemi fremur en með þeim uppgjafartóni sem óneitanlega býr í orðum þeirra Lachman, Takedos og Laurindo.

Árið 1997 var helsta tímarit Dickinson-fræðanna, *The Emily Dickinson Journal*, helgað þýðingum á verkum hennar, með framlögum fræðimanna og þýðenda víðs vegar að, frá Svíþjóð, Finnlandi, Japan, Brasilíu, Tælandi, Ungverjalandi og víðar. Í inngangi víkja ritstjórar tímaritsins að því hvað kunni að ávinnast með þýðingum á ljóðum Emily Dickinson, og er það ekki síst sú innsýn sem gefst inn í skáldskaparfræði hennar sem ritstjórnarnir leggja áherslu á:

Það er hverjum lesanda áskorun að skilja ljóðlist Emily Dickinson; að skilja þær ákvarðanir sem þýðendur hennar taka þegar ljóð hennar eru endursköpuð á öðrum tungumálum varpar ljósi á þau grundvallarlögmál sem skáldskaparfræði hennar lýtur og á þá ólíku merkingarmöguleika sem fólgnir eru í ljóðunum.<sup>578</sup>

---

<sup>575</sup> Vitnað eftir Carlos Daghljan. „Emily Dickinson in Brazil“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*, bls. 139.

<sup>576</sup> Ann-Marie Vinde. „Emily Dickinson på svenska“. Í *Min flod flyter mot dig*, 2010, bls. 159.

<sup>577</sup> Ezra Pound. „How to Read“. Í *Literary Essays*, 1968, bls. 25.

<sup>578</sup> Margaret H. Freeman, Gudrun M. Grabher, Roland Hagenbüchle. „Swearing by the Cuckoo. Translators on Translating Emily Dickinson's Poetry“. *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 1.

En eins og sænski Dickinson-þýðandinn Lennart Nyberg hefur bent á, þá getur reynst erfitt að gera grein fyrir eigin ákvörðunum í þýðingarferlinu – þýðandinn, rétt eins og frumhöfundur, stjórnast af eigin „huglægu afstöðu“ til *logopoeiunnar*, tónlistarinnar í málinu, í störfum sínum:

Ég tel vert að benda á að greiningin og þýðingarstarfið eru ekki alltaf heppilegir rekkjunautar. Fyrir mér er þýðingarstarfið ferli sem ræðst í það minnsta að hluta til af innsæi og ákvarðast, rétt eins og frumsköpunin, af hughrifum orða og skírskotanasviði [e. „frame of reference“] sem ekki er í öllum tilvikum hægt að leiða út með greiningu.<sup>579</sup>

Minnst hefur verið á hið þríþætta hlutverk „þýðingaskáldsins“ sem að mati James S Holmes þarf að bregða sér í „nokkur (en þó ekki öll) hlutverk bókmenntarýnisins, nokkur (en þó ekki öll) hlutverk ljóðskáldsins, sem og nokkur hlutverk sem allajafna er hvorki ætlast til að bókmenntarýnirinn né heldur ljóðskáldið uppfylli.“<sup>580</sup> Af orðum Nybergs um innsæi og mikilvægi hughrifa hvers konar, samhliða þeirri greiningu sem býr að baki hverri þýðingu, má enn fremur sjá með hvaða hætti verkefni bókmenntaþýðanda skarast í senn við frumsaminn skáldskap og við túlkunarstarf fræðimanna, en þýðingar myndi þó jafnframt sérstaka og að ýmsu leyti sjálfstæða gerð orðræðu.

Hitt er þó einnig vert að benda á að sumir hafa um margt lagt frumsköpunina og þýðingariðjuna að jöfnu. Afdráttarlaus eru til að mynda þau ummæli franska skáldsins Paul Valéry's að frumskapandi skrif „eru þýðingariðja sem er fullkomlega sambærileg því að umbreyta texta úr einu tungumáli á annað.“<sup>581</sup> Fyrir á þessum blöðum hefur verið minnst á að listaverk hvers konar eru sjaldnast „eingetin“. Efniviður nýrra listaverka er um margt aðfenginn og hugmyndir „yfirfærðar“ með margvíslegu móti. Hinn hreini frumtexti, hið eingetna verk, fyrirfinnst tæpast. Þá má að mati mexíkóska ljóðskáldsins Octavio Paz líta á þýðingar sem eins konar *prímusmótora* hinna ólíku bókmenntakerfa heimsins – allt megi rekja aftur til þýðinga:

Allir textar, verandi hluti af bókmenntakerfi sem á rætur að rekja til og tengist öðrum kerfum, eru þýðingar á þýðingum á þýðingum.<sup>582</sup>

Út frá svo víðu sjónarhorni fer allt tal um óþýðanleikann að hljóma nokkuð hjáróma. Enda er það ekki fyrir en sjónarhornið þrengist, þegar tekið er að einblína á afmarkaða þætti í málnotkun

---

<sup>579</sup> Lennart Nyberg. „„There's a certain Slant of light“ in Swedish“. Í *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 43.

<sup>580</sup> James S Holmes. *Translated! Papers on Literary Translation and Translation Studies*, 1988, bls. 11.

<sup>581</sup> Paul Valéry. „Variations on the *Eclogues*“. Þýð. Denise Folliot. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*, 1992, bls. 116.

<sup>582</sup> Vitnað eftir Marisu Bulgheroni. „„There came a Day at Summer's Full“. A Tale of Heretical Love“. Í *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 90. Bulgheroni vitnar til rits Paz, *Traducción. Literatura y literalidad*, 1971.

höfundar (og gjarnan einstaka orð), sem óþýðanleikahræðslan lætur á sér kræla. Ljóðlistin sem list hins nákvæma, list smáatriða og hárfinna blæbrigða, list *logopoeiunnar*, list *le bon mot*, hins rétta orðs, er því öllu jafna útsettari en prófskaldskapur fyrir efasemdum um hvort hana megi yfir höfuð þýða á önnur mál, öðruvísi en að útkoman verði dauf eftirmynd. Framangreind ummæli um óþýðanleika Emily Dickinson – höfundar sem leggur jafn þunga áherslu á orð sín, greinarmerkjasetningu og önnur smáatriði og raun ber vitni – þarf því kannski ekki að undrast. Títtnefndur Olav H. Hauge tók í svipaðan streng í dagbók sinni:

Að þýða Emily Dickinson er vandasamt. Ljóð hennar eru bergkristallar. Ef maður leysir þau upp, er vandasamt að kalla hið harða, skarpa glit þeirra aftur fram.<sup>583</sup>

Á öðrum stað líkir Hauge ljóðum Dickinson við „atóm af samþjappaðri orku“.<sup>584</sup> Ef til vill mætti því vísa til hennar sem eins konar „atómskálds“ hér um bil einni öld á undan atómskaldunum íslensku, sem mörg hver lögðu ekki síður áherslu á þétt, „orkuríkt“ tungutak, í anda þeirrar móðernísku skáldskaparfræði nákvæmni og aðhalds sem þá var að ryðja sér til rúms í íslensku ljóðagerð, og átti að mörgu leyti uppruna sinn í verkum skálda á borð við Ezra Pound, T.S. Eliot og fleiri eins og vikið hefur verið að, en oft með millilendingu á Norðurlöndunum og að sumu leyti einnig í Frakklandi.

#### *Nánar um orðabúskap Dickinson og athafnafrelsi þýðandans*

Í sem stystu máli má segja að með aukinni áherslu ýmissa forsprakka hins enskumælandi móðernisma á smærri byggingareiningar ljóðmálsins – greinarmerki, óhefðbundnar línuskiptingar, óreglulega hrynjandi, hin hárfínu merkingarblæbrigði orðanna – hafi *orðlistin* sjálf aukist að vægi. Aukið aðhald í málbeitingu þýddi að skáldin völdu orð sín af meiri kostgæfni en fyrirrennarar sínir, síð-víktörönsku skáldin, sem áttu til að sleppa skáldfáknum lausum. En þótt taumhald móðernistanna hafi verið styttra, voru þeir langt í frá fyrstir til að leggja sérstaka áherslu á sparsemi og kostgæfni í orðavali. Þá skáldskaparfræði má að minnsta kosti rekja allt aftur til Kallimakkusar, Katúllusar og annarra skálda fornaldar (sem voru jafnframt þær fyrirmyndir sem Pound og aðrir vísuðu gjarnan til). Eins og Olav H. Hauge bendir jafnframt á í dagbók sinni, þá verður ekki hjá því komist að byggja ljóðlistina á orðum, og vísar þar að öllum líkindum til þeirra ummæla franska skáldsins Stéphane Mallarmés að ljóð samanstandi ekki af hugmyndum, heldur sjálfum orðum tungumálsins:

<sup>583</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band II)*, 2000, bls. 546.

<sup>584</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band III)*, 2000, bls. 241.

Það er með orðum sem ljóðið er byggt. Ummæli Mallarmés rifjast upp fyrir mér. Það lítur út fyrir að mörg ljóðskáld hafi verið þessarar trúar, og lifað eftir henni. Emily Dickinson reiddi sig trúföst á Webster, og þreyttist aldrei á því.<sup>585</sup>

Eflaust hefur Hauge hér í huga þau (ögn ýkjukenndu) orð Dickinson í bréfi til Higginsons að „[s]vo árum skipti var Orðabókin minn eini vinur“ (L261). Nokkru síðar skrifar Hauge í dagbók sína:

Mikil skáld hafa alltaf verið miklir orðabókaþrælar. Emily Dickinson fletti fram og til baka í Webster.<sup>586</sup>

Sömu ættar eru þau orð Susan Howe að „líf Emily Dickinson var tungumálið og orðabókin landslag hennar“<sup>587</sup> sem og ummæli David Porters að enginn „fyrirrennari módernískrar ljóðagerðar einblíndi af viðlíka innsæi og af sama ákafa á orðin sem slík á kostnað annarra álitafna hvað form og innihald snertir.“<sup>588</sup> Þá fullyrðir Porter afdráttarlaust að „orð [hafi verið Dickinson] mikilvægari en félagslegar upplifanir“.<sup>589</sup> Þegar litið er til kunnra ummæla Dickinson sjálfur um magn og megin orða, er ljóst að þau Hauge, Howe og Porter hafa komist nokkuð nærri kjarna málsins:

Áður fyrir trúðum við því [...] að orðin væru ódýr & vanmáttug. Nú veit ég ekkert sem má sín jafn mikils. Fyrir sumum þeirra tek ég ofan hatt minn þegar ég sé þau sitja svo höfðingleg við hlið jafningja sinna á síðunni. Stundum festi ég orð á blað, og virði fyrir mér útlínur þess uns það tekur að glóa skærar en nokkur saffírsteinn.<sup>590</sup>

„Hversu yndisleg eru ekki klækjabrögð orðanna!“ segir jafnframt í einu bréfa Dickinson (L555). „En hvað Orðið „Vötn“ er fallet!“ segir í öðru (L833). Það er þó ekki síst *tónn* orðanna sem erfitt getur reynst að fanga í þýðingu, enda dugir í fæstum tilvikum að þýða stafrétt, frá orði til orðs. „Waters“ og „Vötn“ hafa mismunandi hljóm – annað kliðmjúkt og líðandi eins og vatnið sjálft, hitt hart eins og högg, og endurómar „vöttin“, hina verkfræðilegu (r)afurð vatnsmagnsins. Enn má vitna til dagbókarskrifa Hauges, sem um árabil las og velti fyrir sér verkum skáldsystur sinnar:

---

<sup>585</sup> Sama rit, bls. 53.

<sup>586</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band IV)*, 2000, bls. 535.

<sup>587</sup> Susan Howe. *My Emily Dickinson*, 2007, bls. 27.

<sup>588</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 113.

<sup>589</sup> Sama rit, bls. 124.

<sup>590</sup> Vitnað eftir Richard B. Sewall. *The Lyman Letters. New Light on Emily Dickinson and Her Family*, 1965, bls. 78. Hér má einnig benda á ljóð F1243, þar sem Dickinson yrkir um hvernig orðin koma til sín og hvernig hún velur á milli „saffírsteina“ sinna.

Sérkenni E.D. er tónninn. Stoltur, kaldur tónn sem tilheyrir þeim sem stóð til hliðar við lífið og veröldina, en fór sínar eigin leiðir[.]<sup>591</sup>

Lýsingarorðin sem Hauge velur þeim tóni sem „tilheyrir“ Dickinson – stoltur og kaldur – eru vitaskuld ekki tæmandi, enda heyrir hver og einn ljóð Emily Dickinson með sínu eyra og velur lýsingarorðin eftir því. Þannig myndi sá sem hér skrifar fremur lýsa ljóðum Dickinson og manneskjunni þar að baki sem *brekkejótttri* heldur en „hálf-klikkaðri“ eða „krampakenndri“ (Higginson), „tíkarlegri“ (Denise Levertov), „fráhverfri“ (Christopher Benfey), „látlausri“ (Hallberg Hallmundsson), „karlmannlegri“ (Adrienne Rich), eða með því að kalla hana „alskrýtnasta“ allra á Dickinson-heimilinu (Mabel Loomis Todd), svo vitnað sé til þeirra orða um skaphöfn Dickinson og ljóð sem sést hafa fyrr á þessum blöðum.

Skynjun hvers lesanda er óneitanlega einstaklingsbundin, sem og sá skilningur sem hann leggur í lesefni sitt hverju sinni. Þó munu margir vilja slá vissa varnagla gagnvart hinum „frjálsa“ skilningi og um leið gagnvart *afstaði* merkingarinnar, þeirri áherslu Roland Barthes og sporgöngumanna hans að með „dauða höfundarins“ búi merkingin nú alfarið hjá lesandanum. Þannig eru ýmsir reiðubúnir að færa rök fyrir föstum, „uppgötvanlegum“ merkingarkjarna hvers ljóðs, sem höfundur kemur þar kirfilega fyrir, og bíður lesandans sem leiðir hann út. Hér mætti benda á nýlega bók enska skáldsins og ritgerðahöfundarins Craig Raines, *My Grandmother's Glass Eye. A Look at Poetry* (2015), þar sem Raine ræðir meðal annars nokkur ljóða Emily Dickinson, og það sem hann telur beinlínis á mælisverðan öfugsnúning vissra gagnrýnenda á upprunalegri, *réttri* merkingu.<sup>592</sup> Í framhaldi slíkra vangaveltna má spyrja sig hvort þýðanda leyfist að haga störfum sínum huglægt. Er lestur þýðandans fyrst og síðast persónubundinn, einkalegur og frjáls gagnvart texta frumhöfundar, líkt og lestur hins almenna lesanda er orðinn, ekki síst í kjölfar „frelsunar“ hans úr viðjum fastrar höfundarmerkingar fyrir tilstilli kenninga Barthes og annarra? Eða er ætlast til þess að þýðandi sé fulltrúi sem flestra lesanda í störfum sínum? Nýtur þýðandi með öðrum orðum sama „athafnafrelsis“ til leiks og róttækrar túlkunar og hinn almenni lesandi, eða ber honum svo að segja diplómátísk skylda til að nálgast það sem í fyrsta kafla ritgerðar þessarar var nefnt „meðaltalstúlkun“ texta?

Ef til vill þarf eitt ekki að útiloka annað í þessum efnun. Lestur þýðanda getur verið huglægur, jafnvel róttækur, en þó staðið föstum fótum í merkingarheimi frumhöfundar, studdur af hlutlægre rannsókn. Þegar horft er sérstaklega til Emily Dickinson og höfundarverks hennar, með hliðsjón af áherslu Craig Raines og annarra á hinn fasta, uppgötvanlega merkingarkjarna, er jafnframt nauðsynlegt að hafa hugfast hversu ólíka „túlkunarskóla“ ljóð hennar hafa getið af sér. Túlkendur Dickinson skiptast í fjölmörg ólík horn, og eru raunar oftast en ekki allsendis á

<sup>591</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band III)*, 2000, bls. 614.

<sup>592</sup> Langt mál mætti skrifa um „réttmætar“ túlkanir bókmenntaverka. Í sem stystu máli má þó líta á afstöðu Raines og annarra sem viðbragð við þeirri upplausn (orðið er notað hlutlaust hér) merkingarinnar sem fræðikenningar Roland Barthes, Jacques Derrida og annarra kenningasmiða afbyggingarinnar stuðluðu að.

öndverðum meiði líkt og vikið hefur verið að. Þannig hafa ýmsir fært rök fyrir and-femínisma Dickinson á meðan aðrir líta á verk hennar og ævi sem mikilvæga feminíska fyrirmynd; ljóð hennar hafa hvorttveggja verið talin einkennast af for-móðernískum aðferðum og efnistöfum (líkt og gert er hér) sem og álitin tilheyra hinni rómantísku skáldskaparhefð. Þá er hart bitist um sál Dickinson á milli þeirra sem telja verk hennar lýsa kristinni trúarsannfæringu (með hinum óhjákvæmilega efa, þeim eldi sem sannfæringin er að lokum hert í) og hinna sem álíta Dickinson á meðal stærstu „frjálsu anda“ vestrænnar 19. aldar hugmynda- og bókmenntasögu. Og svo mætti lengi áfram telja.

Í rannsókn sem þessari, þar sem fara saman fræði og framkvæmd, er hlutverk þýðanda ef til vill ekki síst að gera grein fyrir þeim tóni *sem hann heyrir* í ljóðum frumhöfundarins, og hvernig hann freistar þess að framkalla þann tón á eigin tungu. Hvernig *skynjar* og *skilur* þýðandi frumhöfund sinn? Líkt og sænski Dickinson-þýðandinn Lennart Nyberg víkur að hér að framan, þá er þýðingarstarfið ferli „sem ræðst í það minnsta að hluta til af innsæi“. Það er því talsverð áskorun fólgin í því að gera grein fyrir hinum margvíslegum þýðingarlausnum, sem „ákvarðast, rétt eins og frumsköpunin, af hughrifum orða og forþekkingu sem ekki er í öllum tilvikum hægt að leiða út með greiningu.“<sup>593</sup> Með umfjöllun þess sem hér skrifar um verk Emily Dickinson út frá ólíkum þematískum og fagurfræðilegum sjónarhornum, út frá birtingarmyndum hennar í íslenskri prentsögu og með athugun á íslenskum jafnt sem erlendum þýðingum verka hennar, hefur ritgerðarhöfundur reynt að gera grein fyrir þeirri „forþekkingu“, því „skírskotanasviði“ sem býr að baki störfum hans. Hughrifin getur verið erfiðara að spretta fingri að, líkt og Nyberg segir. Í bók sinni *After Babel* gerir George Steiner enn fremur að umtalsefni þau „tón-gildi“ (e. „tone-values“) sem ráða oft en ekki minnsta merkingarblæ orða og texta. Að ráða í þessi tón-gildi er með eindæmum flókið ferli sem liggur öllu túlkunarstarfi til grundvallar að mati Steiners – og þar með þýðingarstarfinu.<sup>594</sup>

#### *List blíðstæðunnar*

Í „Prologus“ *Snorra-Eddu* er heimsmynd og skilningur heiðinna manna á eðli hinnar lifandi náttúru rakinn. Um þetta „túlkunarferli“ segir Snorri meðal annars:

Björg og steina þýddu þeir á móti tönnum og beinum kvikinda.<sup>595</sup>

---

<sup>593</sup> Lennart Nyberg. „There’s a certain Slant of light“ in Swedish“. *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 43.

<sup>594</sup> George Steiner. *After Babel. Aspects of Language & Translation*, 1998, bls. 6.

<sup>595</sup> Snorri Sturluson. *Snorra-Edda*, 2003, bls. 4.

Sögnin „að þýða“ virðist hér merkja *að sjá hliðstæðu með*. Með því að „þýða“ björg og steina móti tönnum og beinum dýra, öðlast hinn heiðni maður aukinn og dýpri skilning á tilveru sem segja má að tali eitt og sama tungumálið – veröld sem er lífræn heild, öll af einum og sama meidi; aðeins þurfi að koma auga á hliðstæður hennar til að skilja með hvaða hætti hún „hangi saman“. Viðleitni mannsins til að öðlast skilning og þýðingarferlið eru þannig tvær hliðar á sama peningi, eins og George Steiner leggur svo þunga áherslu á í bók sinni *After Babel*. Með því að koma auga á hliðstæður í hinum flókna merkingarvefnaði tilverunnar má segja að skilningur geti af sér skilning: við beitum forþekkingu okkar sem verkfærum til að öðlast dýpri skilning, hvort sem um er að ræða umhverfi okkar eða bókmenntaverk, samið á okkar eigin tungumáli eða erlendu.

Þá er freistandi að bera túlkunar- eða skilningsaðferð hliðstæðunnar saman við eitt helsta einkenni ljóðlistarinnar, allar götur frá hinni rósfringuðu morgungyðju Hómers; nefnilega myndlíkingar og myndhverfingar skáldskaparins – *myndmál* hvers konar – þar sem hin ýmsu svið mannlegrar tilveru eru „þýdd móti“ öðrum og þannig varpað á þau nýju skilningljósi þegar vel tekst til, eins og hér er gert, í hinu kunna ljóði Jónasar Hallgrímssonar „Alsnjóá“:

Dauðinn er hreinn og hvítur snjór<sup>596</sup>

Að myndhverfingin og þýðing séu í raun skyld fyrirbæri kemur glögglega í ljós þegar rýnt er í gríska og latneska stofna hinna alþjóðlegu orða. Bæði *translation* og *metaphor* (svo notast sé við hinar ensku orðmyndir) fela í sér, samkvæmt orðstofnanna hljóðan, að um „yfir-færslu“ sé að ræða. Þannig getur lesandi verið að segja má á tveimur stöðum samtímis í vel heppnaðri myndhverfingu, líkt og ljóðlína Jónasar er ágætt dæmi um. Myndin sem brugðið er upp býr yfir friðsæld sem lýsir *bæði* flekklausri og vitundarlausri handanvist *sem og* ósnortnu, alhvítu vetrarlandslagi. Eins er með þýðingar, sem geta opnað lesanda glugga inn í tvo heima samtímis; heim frumhöfundarins og það flókna samspil persónuleika, menningar, tungumáls, bókmenntahefðar og fjölda annarra þátta sem skapað hefur verk hans *sem og* heim þýðandans, sem fyrir sitt leyti mótast af annars konar persónuleika, menningu, tungumáli, bókmenntahefð og ótal fleiri þáttum. Þessir heimar eru ekki eins, og verða aldrei eins, enda leikurinn ekki til þess gerður. Þýðing er ekki list endurtekningarinnar heldur *hliðstæðunnar*. Rétt eins og um myndhverfingar er háttað, er veruleiki þýðinga sjálfstæður, en ber þó keim af „myndgjafa“ sínum: þýðingar þiggja líf sitt frá frumhöfundi, en það er þýðandinn sem elur þær upp, kemur þeim til manns, svo hér sé að nokkru skipt um myndsvið.

Framangreind hugtök um blæbrigði texta – *tónn* Hauges, *bugbrif* Nybergs, *tón-gildi* Steiners, *logopoeia* Pounds – skarast á ýmsa vegu. Einhverjir kynnu jafnframt að telja að hér sé einungis

---

<sup>596</sup> Jónas Hallgrímsson. „Alsnjóá“. *Ritsafn*, 1971, bls. 165. Í síðari útgáfum er línan tilgreind svo, samkvæmt yngra handriti Jónasar: „Dauðinn er hreinn og hvítur er snjór“. Um þessa breytingu og áhrif hennar á myndlíkingu Jónasar („[þ]að er eins og stílfagurt musteri hafi orðið fyrir sprengingu“) fjallar Helgi Hálfðanarson í greininni „Eilífur snjór“, *Molduxi*, 1998, bls. 100–107.

um mismunandi orð yfir sama fyrirbæri að ræða: það sem stundum er kallað *andi* ljóðs eða jafnvel *stíll* höfundar. Þýðingar eru að mörgu leyti list nákvæmninnar, en það getur reynst örðugt að gera *nákvæmlega* grein fyrir þeim margvíslegu og breytilegu lögmálum sem hún lýtur, frá einum þýðanda til annars, frá einum frumhöfundi til annars, frá ljóði til ljóðs, frá orði til orðs. Austurríski heimspekingurinn Ludwig Wittgenstein líkti raunar ljóðapýðingum við úrlausn stærðfræðilegs vandamáls:

Að þýða úr einu tungumáli á annað er stærðfræðilegt verkefni; að þýða lýriskt ljóð á erlenda tungu má líkja við stærðfræðilegt *vandamál*. Þetta vandamál má orða svo: „Hvernig er unnt að snara (þ.e. hafa skipti á) þessum brandara (til dæmis) með brandara á öðru tungumáli?“ Og jafnvel þótt þetta vandamál megi leysa, þá er ekki til nein kerfisbundin aðferð til að leysa það.<sup>597</sup>

George Steiner bendir á þann mikilvæga greinarmun sem Wittgenstein gerir á *lausn* og *aðferð*: enda þótt *aðferðin* liggi ekki á lausu, og fyrirfinnist ekki sem slík, þá er ætíð til *lausn* á hverju þýðingarvandamáli. Og þar með er óþýðanleikahugmyndinni snyrtilega vísað á bug.

Á þessum blöðum hefur téður óþýðanleiki nokkuð komið við sögu, og hefur ritgerðarhöfundur bent á með hvaða hætti hugmyndinni er ýmist hafnað eða henni að segja má snúið upp í andhverfu sína, þegar *viðnámið*, *ómöguleikinn*, er gerður að forsendu þess ávinnings sem í vel heppnaðri þýðingu er fólgin. Þetta er afstaða Helga Hálfðanarsonar, Willis Barnstones, Patriciu Terry, Rosemarie Waldrop, José Ortega y Gasset og margra annarra. Þeir sem gerst hafa „spámenn örvæntingarinnar“ eru þó engu færri. Nú þegar draga fer að lokum þessarar ritsmíðar má spyrja úr hvaða röðum þær „örvæntingarfullu“ raddir heyrast jafnan. Þótt finna megi skáld og þýðendur sem talað hafa á þessum nótum (Robert Bly og Sigfús Daðason eru dæmi þar um), sýnist ritgerðarhöfundi að alhæfingar um ómöguleika þýðingastarfsins séu aðallega af þrennum toga. Þær má ýmist rekja til harla einstrengingslegrar sýnar á formgerðarlegan ósamrýmanleika ólíkra tungumála, og því séu ljóðapýðingar „samkvæmt skilgreiningu“ ómögulegar, líkt og rússnesk-bandaríski formgerðarsinninn Roman Jakobson lét eitt sinn um mælt<sup>598</sup>; þær heyrast gjarnan úr röðum höfunda og kenningasmiða sem hafa litla eða enga reynslu sjálfir af ljóðapýðingum, og eru hin víðfrægu ummæli Robert Frosts að í þýðingu sé ljóðlistin það sem glattist eflaust skýrasta dæmið<sup>599</sup>; eða þær berast á bylgjum almannarómsins, í viðtökumenningu sem er gegnsýrð þýðingarótt, þar sem Höfundurinn drottnar enn sem altæk merkingarmiðja á meðan þýðandinn er undirskipaður, tortryggður handverksmaður. Á bölmóði og uppgjöf ber þó sjaldan meðal þýðendanna sjálfra, þeirra sem

<sup>597</sup> Vitnað eftir George Steiner. *After Babel*, 1998, bls. 290.

<sup>598</sup> Roman Jakobson. „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“. Þýð. María Sæmundsdóttir. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*. 3. hefti 2004, bls. 180.

<sup>599</sup> Sjá *Conversations on the Craft of Poetry*. Ritstj. Cleanth Brooks og Robert Penn Warren, 1961, bls. 7.



mestu reynsluna hafa, og ættu kannski fyrir vikið að hafa hvað mest „umsagnarvald“ í þessum efnum. Oftar en ekki er óþýðanleikahugmyndinni þó einfaldlega hafnað þegjandi og hljóðalaust, með því að láta verkin tala. Enda mun samkvæmt ensku máltæki „sönnun“ búðingsins felast í því einu hvernig hann bragðast.

\* \* \*

Í ritgerð þessari fara saman fræði og framkvæmd eins og áður segir. Mun þess því freistað hér á eftir, þvert á áður tilvitnuð orð Lennart Nybergs, að leiða greiningarvinnuna og þýðingarferlið í sömu rekkju, með umfjöllun um valin ljóð Emily Dickinson og þýðingar ritgerðarsmiðs á þeim. Það er von ritgerðarhöfundar að þau þýðingardæmi sem tekin eru til umfjöllunar bregði hvert með sínum hætti ljósi á þau margvíslegu álitæfni sem í ljóðabýðingum geta falist. Þýðingardæmin sem fylgja á eftirfarandi blöðum eru því valin með það að markmiði að veita sem margbreytilegasta innsýn inn í þær ólíku áskoranir sem þýðandi Emily Dickinson stendur frammi fyrir. Aðferðin er aldrei ein, föst og óbreytanleg – hún er ekki „kerfisbundin“, ekki fremur en vinnulag frumhöfundarins – heldur ræðst hún hverju sinni af fyrirbyggjandi úrlausnarefni: af þeim margbreytilegu áskorunum sem í ljóðum Emily Dickinson eru fólgnar. *Aðferðin* er ekki til þótt *lausnina* megi finna, eins og Wittgenstein benti á. Eða með orðum norska skáldsins og Dickinson-þýðandans Tone Hødnebo, sem ritgerðarhöfundur gerir hér að sínum, enda hefur Hødnebo kærkomin hausaskipti á óþýðanleikahugmyndinni lífseigu og *möguleikum* hvers texta: „Ég hef ekki fylgt einni ákveðinni aðferð, heldur reynt að koma auga á tækifærin í hverju einstöku ljóði.“<sup>600</sup>

---

<sup>600</sup> Tone Hødnebo. „Etterord til pocketutgaven 2015“. Í Emily Dickinson. *Skitne lille hjerte*. Þýð. Tone Hødnebo, 2015, bls. 116.

F184

Sé því blýants vant,  
prófi það minn –  
Uppétinn – nú – og *sjór* –  
hlýr, af skrifum til þín.  
Sé því orða vant –  
rissi það upp Daisy,  
jafnstóra mér –  
uppslitin af því?

If it had no pencil  
Would it try mine –  
Worn – now – and *dull* – sweet,  
Writing much to thee.  
If it had no word –  
Would it make the Daisy,  
Most as big as I was –  
When it plucked me?

Ljóð þetta hripaði Dickinson á pappírssnepil, sem hún svo vafði utan um blýantsstubb, nældi saman og sendi vini sínum, ritstjóranum Samuel Bowles árið 1861, til að hvetja hann til örari bréfaskrifa. Í „Master-bréfunum“ sem Dickinson skrifaði um þetta sama leyti en sendi aldrei – þrjú eldheit en með eindæmum torræð og brotakennd ástarbréf – vísar Dickinson oftast en ekki til sjálftrar sín sem „Daisy“, sem á íslensku hefur verið þýtt ýmist sem gæsablóm, freyjubrá eða fagurfífill. Hefur Dickinson ef til vill haft hin kunnu „daisy“-ljóð enska skáldsins William Wordsworths í huga, þar sem blómið er lofsungið (en „Daisy“ mun raunar einnig algengt nafn á kúm í Vesturheimil). Sumir telja að Bowles sé sá „Master“ sem Dickinson ávarpar í bréfunum – ýmist undirgefín, særð, sárbeinandi, ásakandi eða full ástríðuhita – þótt ekkert sé víst í þeim efnum. En það er að minnsta kosti enginn hörgull á kynferðislegum undirtónum í þessu ljóðabréfi Dickinson til Bowles; frá blýantsstubbinum fallíska sem hún lætur fylgja með bréfinu til orðalagsins „plucked me“, sem hér er þýtt „uppslitin“, sem eins konar málfræðilegt og tematengt rím við „uppétinn“ og „rissi það upp“, og má hæglega lesa sem kynferðislega tilvísun.

Ástarfuninn að baki ljóðinu virðist raunar eyðandi: bæði skriffæri Dickinson og fífillinn, staðgengill hennar, hafa látið á sjá; étist upp og skrælnað. Má eiginlega segja að orðalagið „að muna fífil sinn fegurri“ eigi hér bókstaflega við „Fífill“, sem kvenmannsnafn, er þó ónothæft í þýðingu, og því er Daisy-nafnið látið halda sér óbreytt. Hugsanlega hefði mátt velja íslenskt blómaheiti sem jafnframt er kvenmannsnafn, enda enginn skortur á slíkum: Sóley, Fjóla, Rósa ... Ritgerðarhöfundur taldi þó að hér færi best á að halda því nafni sem Dickinson velur sér (og lætur Daisy stuðla við eigið nafn).

Dickinson stefnir tveimur lýsingarorðum svo til andstæðrar merkingar saman í þriðju línu ljóðsins, „dull“ og „sweet“:

Worn – now – and *dull* – sweet,

Hrynjandinnar vegna færast síðara lýsingarorðið niður um línu í þýðingu:

Uppétinn – nú – og *sljór* –  
hlýr, af skrifum til þín.

Aðeins er „bragpláss“ fyrir einsatkvæðisorð í upphafi fjórðu línu þýðingarinnar. Með lýsingarorðinu „hlýr“ næst skothent rím við „sljór“ og „mér“ nokkru neðar, sem og sérhljóðarím við gegnumgangandi í-hljóð þýðingarinnar („því“, „hlýr“, „þín“, „Daisy“).

Eftirfarandi ljóð, F193A, sendi Dickinson Bowles sama ár (sem og móðursystur sínum tveimur):

*Tal* – er hrekkur  
*Dingheims* –

*Tárin* – prettir *tauga* –

En Hjartað  
með þyngsta baggann –

haggast – ekki –  
alltaf –

*Speech* – is a prank of *Parliament* –

*Tears* – a trick of the *nerve* –

But the Heart with the heaviest freight on –

Does’nt – always – move –

Ritgerðarhöfundur leyfir sér hér að stökkva á milli lína og „erinda“ í þýðingu sinni, ekki síst til þess að endurskapa hina höggþungu, stakkató-kenndu hrynjandi frumtextans, sem Dickinson undirstrikar með stuðlum í áhersluatkvæðum („prank“ og „Parliament“, „Tears“ og „trick“, „Heart“ og „heaviest“). Þá er innrím „baggann“ og „haggast“ eins konar hljómbotn fyrir sérhljóðarím gegnumgangandi a-hljóða í áhersluatkvæðum þýðingarinnar („Hjartað“, „baggann“, „haggast“, „alltaf“). Um ljóðið er það að segja að Dickinson virðist sverja af sér bæði „Tal“ og „Tár“, enda „Hjarta“ hennar – þrátt fyrir byrði sína – óhagganlegt. En þeirri byrði virðist Dickinson þó hafa viljað létta af sér – henni *lá eitthvað á hjarta* gagnvart Samuel Bowles um þetta leyti. Ljóð F194A, hið næsta sem hún orti samkvæmt heildarútgáfu Franklins, sendi hún Bowles ásamt eftirfarandi orðsendingu:

*Þetta* – er það sem ég vildi „segja þér“ – Þú segir engum? Heiðurinn – leggur sjálfan sig að veði. (L250)

En ljóðið hljómar svo:

Himnesk tign – er mín!  
 Án Jarteikns – Konan þín!  
 Æðstu Nafnbót – sæmd –  
 Krossins Keisaramær!  
  
 Konungleg – allt nema Krúnan!  
 Heitbundin – án svimans  
 sem Guð sendir okkur Konum –  
  
 er Gull og Granatsteinn  
 er dreginn – Hönd á Hönd –  
 Borin – Gefin – Grafín –  
 á einum Degi, Honum –  
  
 „Eiginmaður kær“  
 – segja þær –  
 og strjúka Hljóminn –  
  
 er þetta – rétti tónninn?

Title divine – is mine!  
 The Wife – without the Sign!  
 Acute Degree – conferred on me –  
 Empress of Calvary!  
 Royal – all but the Crown!  
 Betrothed – without the swoon  
 God sends us Women –  
 When you – hold – Garnet to Garnet –  
 Gold – to Gold –  
 Born – Bridalled – Shrouded –  
 In a Day –  
 “My Husband” – women say –  
 Stroking the Melody –  
 Is *this* – the way?

Um þýðinguna er það að segja að hin einkennandi æ-sérhljóð upphafslínanna („Title“, „divine“, „mine“, „Wife“, „Sign“) og í-hljóð lína 3-4 („Degree“, „me“, „Calvary“) er erfitt að leika eftir og halda um leið þungum, taktföstum slætti hrynjandinnar. Strax í fimmtu línu má þó greina visst flókt í takti ljóðsins, og það sem eftir lifir er hrynjandinn ójöfn sem og endarím Dickinson frjálst. Þennan óhefðbundna framsetningarmáta, þar sem bæði flæði og vélgengi er rofið með ýmsum hætti, nánast svo að unnið er gegn þjálfum lestri, freistar þýðandi að leika eftir með erindaskiptingum í þýðingu sinni. Fyrir vikið næst fram visst rof eða hik í flæði ljóðsins. Þá er áhersla lokalínunnar ef til vill enn þyngri fyrir vikið, þar sem Dickinson spyr – kankvís, óörugg, hæðin; allt eftir leshætti hvers og eins – hvort henni hafi tekist að nálgast „eiginkonutóninn“ í ljóði sínu.

Margt hefur verið skrifað um þetta ljóð og það túlkað á ýmsa vísu. Álíta sumir að hér játist Dickinson Jesú Kristi (gerist „Krossins Keisaramær“) og gangi í táknrænt hjónaband, sem brúður Krists. Aðrir líta svo á að sú „tign“ sem ljóðmælanda Dickinson hefur hlotnast sé skáldskaparins, að ljóðmælandi sé hér sæmdur (eða sæmi *síg*) „Æðstu Nafnbót“ sem skáld. Sá túlkunarmöguleiki sem kann að sýnast nærtækastur er að Dickinson ímynda sér sjálfa sig sem „Konu“ Bowles, en án „Jarteikns“, það er að segja hringsins sem táknar hjónaband þeirra, sem og „án svimans“ sem má ímynda sér að fylgi líkamlegri nálægð eða tilhugsuninni um hana, ef ekki hreinlega holdlegu samræði. Með hliðsjón af eignarfor nafni annarrar línu þýðingarinnar

(„Konan þín!“), og í ljósi þess að ljóðið var sent Bowles, er þeirri túlkun að einhverju leyti haldið á lofti í þýðingunni. Sú lausn sem felst í fornafnarími upphafslínanna („mín“ / „þín“) er þó að sumu leyti unnin í nauðvörn, enda má segja að hið beina ávarp ljóðmælanda („Konan *þín*“), sem ekki er að finna í frumtexta, takmarki merkingarsvið ljóðsins.

Næsta ljóð í heildarútgáfu Franklins, F195, var jafnframt sent Bowles, og aftur er framsetningarmáti Dickinson óvanalega frjálslegur. Línulengd og hrynjandi er jafnvel enn ójafnari og rím úr skorðum, og er hvorutveggja fylgt nokkuð náíð í eftirfarandi þýðingu. Talar David Porter um „afslappaðan samræðutón“ sem sé á mörkum „óbundins máls“<sup>601</sup>, en Dickinson virðist hér í hlutverki „Rauðbrystingsins“ og „Spörvans“ gagnvart hinum „níska Guði“ Bowles sem veitir sparlega af veisluborði sínu (þótt vitaskuld sé hægt að túlka ljóðið á ýmsa vegu):

Sigurinn berst seint,	Victory comes late,
og er borinn lágt að bláum vörum	And is held low to freezing lips
of frostbitnum	Too rapt with frost
til að bergja á honum!	To mind it!
Hve sætt hann hefði bragðast!	How sweet it would have tasted!
Bara einn drop!	Just a drop!
Var þá Guð svona nískur?	Was God so economical?
Borð hans of hátt dúkað	His table's spread too high
nema við snæddum á tám!	Except we dine on tiptoe!
Molar hæfa munnum smám –	Crumbs fit such little mouths –
Kirsuber – passa í Rauðbrystings nef –	Cherries – suit Robins –
hin gullna Arnarkrás – <i>blindar þá!</i>	The Eagle's golden breakfast – <i>dazzles them!</i>
Guð haldi eið sinn við „Spörva“	God keep his vow to “Sparrows”
sem af lítilli ást –	Who of little love –
þekkja hungrið sárt!	Know how to starve!

Segja má að þýðanda verði nokkuð hált á svellinu í fjórðu línu ljóðsins, enda talsvert vikið frá blátt áfram málnotkun Dickinson þar. Auk þeirrar talmálsvenju sem í orðalagi frumtextans er fólgin (svo sem þegar sagt er „never mind“ um eitthvað sem óþarft er að fást um), tengir Dickinson snarlega milli hugar og líkama í einu orði, og nær þýðingin ekki að leika sama leik.

Næsta ljóð til Bowles, og raunar þeirra hjóna, ljóð F198, er ort og sent í tilefni af fæðingu sonar þeirra síðla árs 1861:

<sup>601</sup> David Porter. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 99.

Barnið –

Kennið Honum – þegar *nöfnin* koma –  
nafn eitt – að bera fram –  
með sínum babblandi – Berja – vörum  
svo hljómi – fyrir mér –  
væri mitt Eyra – hreiðri hans jafn nærri –  
og *bugur* minn – nú er –  
sem hljómi –  
„Varnið ei því“ –  
eitthvað líkt  
og „Emily“.

Baby –

Teach Him – when He makes the *names* –  
Such an one – to say –  
On his babbling – Berry – lips –  
As should sound – to me –  
Were my Ear – as near his nest –  
As my *thought* – today –  
As should sound –  
“Forbid us not” –  
Some like “Emily.”

Ljóðið er eitt fárra sem Dickinson setti titil við. Á yfirborðinu er það hugljúf kveðja við hamingjuríkt tilefni. En þegar haft er í huga að Dickinson kann að hafa borið ástarhug til Bowles, þá er erfitt að loka eyrunum fyrir dapurleikatóninum sem býr á milli línanna. Dickinson er fjarverandi („væri mitt Eyra – hreiðri hans jafn nærri –“), hún er ekki þátttakandi í gleði hinna nýbökuðu foreldra, enda stendur hún utan þess kjarna sem fjölskyldan myndar. Og í raun þarf hún að höfða til samvisku foreldranna („Varnið ei því“ er vísun til Mark 10:14, „Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki“) <sup>602</sup> til að tryggja að barnið fái að heyra nafn hennar og læra að bera það fram „með sínum babblandi – Berja – vörum“. Vegna fjarlægðar sinnar er Dickinson áhrifalaus og ólíklegt að nafn hennar beri á góma þeirra sem umgangast barnið. Fyrir vikið er líka eins og máltaka nafnsins verði aldrei annað en dauft bergmál – það mun aðeins hljóma „eitthvað líkt / og „Emily“.

Tæpri öld síðar átti sama sagan eftir að endurtaka sig. Skáldkona gleðst á yfirborðinu yfir barnaláni nákomins vinar, en undir niðri má ímynda sér að búi söknuður yfir því sem aldrei varð. Hún hét Lorine Niedecker, og hlaut reyndar titilinn „Emily Dickinson okkar tíma“ af hálfu skáldsins William Carlos Williams, enda orti hún í sama skorinorða, myndríka og stundum torræða stílnum. Þá var Niedecker lítt um sviðsljósið gefið og lokaði sig að mestu af, í kofa sínum á bökkum Rock River-árinna í Wisconsin-fylki. Raunar urðu ljóð hennar til svo hljóðlátlega að nánustu fjölskyldumeðlimum var lítt kunnugt um skáldskapariðkun Niedecker, ekki ósvipað skáldsystur hennar frá Amherst. Á sama tíma stóð hún í bréfaskiptum við áhrifamikla bókmenntamenn. Einn þeirra var skáldið Louis Zukofsky, sem líkt og William Carlos Williams var hluti af skáldahóp *Objectivistanna* svokölluðu, en ljóð Niedecker sóru sig í ætt við „hlutlæga“ fagurfræði hópsins. Bréfaskiptin leiddu til ástarsambands á milli Niedecker og Zukofskys, og svo kom að hún varð ólétt að tvíburum. Zukofsky krafðist þess að fóstrunum

---

<sup>602</sup> *Bibían. Heilög ritning*, 1981.

yrði eytt, og fékk þeim vilja sínum framgengt þótt Niedecker hafi þráð að eignast börnin, og kallaði hún þessa ófæddu tvíbura sína „Lost“ og „Found“ alla tíð síðan. Þegar Zukofsky eignaðist soninn Paul ásamt eiginkonu sinni tæpum áratug síðar, varð Niedecker fyrst allra til að senda hinum nýbökudu foreldrum hamingjuóskir. Í kjölfarið tók hún slíku ástfóstri við drenginn að á árunum 1949–1953 orti hún röð ljóða til hans, undir heitinu „For Paul“. Ljóðin sendi hún Zukofsky jafnóðum, sem vildi þó ekkert hafa með þau að gera, enda þótti þeim hjónum sá innilegi tónn sem kom fram í þeim gagnvart syni þeirra óviðurkvæmilegur og úr öllu samhengi. Þá neitaði Zukofsky að skrifa inngang að ljóðunum þegar til stóð að gefa þau út á bók, sem varð til þess að Niedecker lét útgáfuna niður falla, og birtist ljóðaflokkurinn ekki fyrr en að henni látinni. Þá mun Paul sjálfur hafa látið sér fátt um ljóðin finnast, og raunar gott betur, því hann á að hafa tjáð Niedecker á sínum tíma að þau „kæmu óhugnanlega“ við hann (e. „make me feel creepy“).<sup>603</sup>

En því er saga Niedecker og Zukofsky rifjuð upp hér að skilningur ritgerðarhöfundar á ofangreindum ljóðum Dickinson mótast mjög af sögu Niedecker. Ástralska ljóðskáldið Clive James hefur raunar bent á að skortur á því að gerð sé grein fyrir „hinu andlega forðabúri sem lesandi reiðir sig á í þeim leik sem lestrarreynslan er“ sé það sem helst vanti „í flest það sem við köllum bókmenntaumfjöllun.“<sup>604</sup> Sá sem hér skrifar hefði ugglaust skilið með öðrum hætti þau ljóð sem Dickinson orti og sendi til Samuel Bowles ef honum væri saga Niedecker ekki kunn, og hefði ekki „þýtt“ hana yfir á þau Dickinson og Bowles. Forþekking og for-dómar hins lesandi hugar eru æði margir, og illrekjanlegir. En sú ljóðasyrpa sem hér hefur verið rakin, og þýðing ritgerðarsmiðs á henni, hefði vafalaust verið túlkuð og þýdd með öðrum hætti ef hin sorglegu örlög Lorine Niedecker hefðu ekki verið á kreiki einhvers staðar í dulvitund ritgerðarhöfundar, sem hér hefur reynt að toga þau upp á yfirborð hins meðvitaða hugar.

---

<sup>603</sup> Um þessa sögu, og skáldskap Lorine Niedecker, má fræðast frekar í bók Margot Peters, *Lorine Niedecker. A Poet's Life*, 2011, hér einkum bls. 125. Paul Zukofsky átti síðar meir eftir að hafa mikil áhrif á íslenskt tónlistarlíf og kom að tónlistaruppeldi margra íslenskra hljóðfæraleikara á síðustu þremur áratugum síðustu aldar, bæði í starfi sínu sem einkakennari og síðar sem hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar æskunnar.

<sup>604</sup> Clive James. *Poetry Notebook 2006–2014*, 2014, bls. 57.

F206

Minnstu Ár – að ós.

Mitt Kaspíahaf – ert þú.

Least Rivers – docile to some sea.

My Caspian – thee.

Fjögur þung áhersluatkvæði: *ár, ós, haf, þú* – öxlarnir sem þetta *epígramm* eða kvíðlingur snýst um, fjórar stöðir sem halda merkingunni uppi. Erfitt er að leika eftir rím tvíhendunnar á frummálinu. Í staðinn hefur ritgerðarhöfundur freistað þess að einangra þessa fjóra öxla eða stöðir sem ljóðið byggir á, tvær í hvorri línu, hvorumegin við þankastrikin tvö, meðal annars með því að þurrka lýsingarorðið „docile“ út í þýðingu, enda má segja að „undirgefnin“ felist í þeirri mynd sem brugðið er upp. Hér er því fylgt þeirri meginreglu ímagistanna að nota „ekkert óþarft orð, ekkert lýsingarorð sem ekki afhjúpar eitthvað.“<sup>605</sup> Þá má jafnvel heyra óm af tvíræðri merkingu í fyrri línu þýðingarinnar, skynji lesandi „Minnstu“ sem boðhätt sagnarinnar „að minnst“.

Í raun setur Dickinson upp eins konar stærðfræðilega jöfnu, milli fullyrðingar fyrri hendingarinnar og myndlíkingar þeirrar síðari. Líkt og viss fylgni er á milli „áa“ (*a*) og „ósa“ (*b*) ríkja sömu hlutföll í (valda)sambandi ljóðmælanda (*a*<sub>1</sub>) og þess „Kaspíahafs“ (*b*<sub>1</sub>) sem ort (og runnið) er til:

$$a/b = a_1/b_1$$

Um hálfri öld síðar átti Ezra Pound eftir að beita sömu aðferð, þegar eitt af einkennisljóðum ímagismans varð til. Ljóð hans „In a Station of the Metro“, sem lýsir eins konar vitrun á brautarpalli Metro-lestarinnar í París og hefur áður komið fyrir á þessum síðum, taldi upphaflega þrjátíu línur að sögn Pounds. Hálfu ári síðar skar hann það niður um helming. Ári síðar brá hann enn niðurskurðarhnífnum á loft, svo eftir urðu þessar tvær „jafngildu“ setningar sem birtust árið 1913 í tímaritinu *Poetry*:

*In a Station of the Metro*

The apparition of these faces in the crowd :  
Petals on a wet, black bough .<sup>606</sup>

<sup>605</sup> Þýðingin er Benedikts Hjartarsonar. Sjá grein hans „Ímagismi og vortisismi“. *Skírnir*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 287–288.

<sup>606</sup> Ezra Pound. „In a Station of the Metro“. <https://www.poetryfoundation.org/poetrymagazine/browse?contentId=12675>. Sótt 10. ágúst 2019.



Þegar hér var komið sögu hafði Pound kynnst hefð japanskra smáljóða og heillast af þeirri myndrænu skerpu og sparsemi í orðnotkun sem einkennir hækuna. Hvorttveggja rímaði ágætlega við þá fagurfræði sem Pound hafði tekið að boða um þetta leyti og átti að hreinsa enskt ljóðmál af orðavaðli og óþarfa skrauti. Og með aðferðum hækunnar tókst Pound loksins að koma orðum að vitruninni á brautarpallinum, eftir að hafa mistekist í tvígang að ljá skynjun sinni ljóðrænan búning með „gamaldags“ aðferðum. Í umfjöllun sinni um tilurð ljóðsins lýsir Pound því hvernig hann hafi upphaflega fundið eins konar myndlistarlega samsvörun í huga sér, án orða:

[S]kyndilega komst ég niður á tjáninguna. Ég á ekki við að ég hafi fundið réttu orðin, heldur uppgötvaði ég samsvörun [...] ekki mállega, heldur fólst hún í litlum litaslettum.<sup>607</sup>

Athygli vekur að Pound skuli nota orðið *equation*, sem hér er þýtt sem „samsvörun“, þegar sköpunarsaga þessa fræga ljóðs er rædd, enda er uppbygging þess í öllum aðalatriðum sú sama og í ljóði Dickinson, þar sem ljóðmælandi leggur sjálfa sig að jöfnu við minnstu ár sem streyma áleiðis til sjávar. Á sama hátt og ljómandi andlitssvipirnir (*a*) eru hluti af heild grámóskulegs skarans (*b*) og skera sig úr í mannhafinu, þá eru litrík blómblöðin (*a*<sub>1</sub>) hluti af hinni votu, svörtu grein (*b*<sub>1</sub>):

$$a/b = a_1/b_1$$

Á tungumáli stærðfræðinnar haldast hlutföllin óbreytt við vörpun stærðanna, en vörpunin í ljóðum þeirra Pounds og Dickinson verður fyrir tilstuðlan *myndbverfingar*, fyrir tilstilli þeirrar *blíðstaðu* sem skáldin sjá með ólíkum fyrirbærum. Áður hefur verið nefnt að gríska orðið *metafóra* þýðir bókstaflega „yfirfærsla“ – eða vörpun! Eins eru orðstofnar enska orðsins *translation*, hins spænska *traducción* sem og hins þýska *Übersetzung* dregnir af rótum sem þýða mætti með beinum hætti sem „yfirfærsla“. Þýðing er því eins konar yfirfærsla eða vörpun milli tungumála, þar sem æskilegt er að innbyrðis hlutföll á frummálinu haldist svo til óbreytt við yfirfærsluna. Til þess að svo megi verða freistar þýðandi þess að koma á fót *jafngildi* milli málveruleika, einkenna og skírskotunar frumtextans og þess texta á öðru máli sem til verður við þýðingu hans. Jafngildishugtakið, í víðum skilningi, tilgreinir viðleitni til að skapa texta sem leitast við að gera sig gildandi í senn sem nýr texti á öðru tungumáli og sem fulltrúi frumtextans, fyrir tilstilli þeirra mál- og menningarbundnu „samsvarana“ sem þýðandi finnur við „vörpunina“. Því mun þess vegna ekki haldið fram hér að þýðing *segi* eða *sé* það sama og frumtexti. Þýðingar umbreyta, endursegja, ýkja, rýra, útvíkka, afbyggja, hagræða – og *endurskapa*,

<sup>607</sup> Ezra Pound. *A Memoir of Gaudier-Brzeska*, 1970, bls. 87.

í einu orði sagt. Hvað verður þá um jafngildið, kunna einhverjir að spyrja (eða önnur „jafngild“ hugtök á borð við „pörun“, „samstæðni“, „samsvörun“, „hliðstæða“ o.fl.). Eins og rætt hefur verið getur þýðing tveggja ólíkra þýðenda byggt á ólíkri *jafngildisleit*, sem um leið stjórnast af ólíkri stigveldisröð þess *Skopos* eða tilgangs sem liggur þýðingarvinnunni til grundvallar. Þegar haft er í huga hversu margslungið og sveigjanlegt þýðingarstarfið er, hafa því bæði iðkendur og kenningasmiðir í seinni tíð mælst til þess að horfið sé frá óþarflega þröngum skilningi og skilgreiningu á því í hverju jafngildi þýðingar geti falist.<sup>608</sup> Þess í stað er undirstrikað að þýðingariðjan lúti ekki naum- eða nauðhyggju hvers konar, heldur sé hún vettvangur skapandi lausna. „Hlutverk þýðinga er annað og meira en að koma eintómum upplýsingum á framfæri,“ segir hinn reynslumikli þýðandi Mark Polizzotti í riti sínu *Sympathy for the Traitor*, og af þeim sökum sé „tilgangslaust að tala um „jafngildi“. Þess í stað er í starfi þýðandans, sem milligöngumanns og með-skapara, fólgin ný sýn [...] sem hefur í för með sér að nýtt bókmenntaverk lítur dagsins ljós, sköpunarverk sem er í senn bæði háð og sjálfstætt gagnvart því verki sem orsakaði það.“<sup>609</sup> En þótt Polizzotti látist þannig ekkert hafa með jafngildi að gera, má um leið segja að með orðum hans um hinn tvöfalda uppruna þýðingarverksins („bæði háð og sjálfstætt“) sé opnað á þann sveigjanleika sem jafngildishugtakið býr yfir, enda jafngildið það verkfæri og túlkunartæki sem sýnir með hvaða hætti tengslum frumtexta og þýðingar er háttað. Án slíkrar jafngildisleitar, svo sveigjanleg sem hún kann að vera, er hætt við að þau tengsl rofni. Um leið leggur Polizzotti áherslu á að „þýðendur skapa eitthvað nýtt, eitthvað sem rýrir ekki frumtextann heldur eykur fremur gildi þeirrar heildarsummu sem bókmenntir heimsins mynda í sameiningu.“<sup>610</sup> Undir þá sýn virðisauka og sköpunar tekur sá sem hér skrifar.

Sé kafað dýpra ofan í „epígrömm“ þeirra Dickinson og Pounds, má jafnvel segja að hvort um sig „þýði“ fyrri hendingar ljóða sinna hér að ofan með síðari línunni. Hið sama er tjáð, aðeins með öðrum hætti, á öðru „tungumáli“. Bæði freista þess að finna eins konar hliðstæðu eða jafngildi í heimi náttúrunnar – með myndlíkingu – sem varpar fullyrðingu fyrri hendingarinnar yfir á svið myndrænnar eða yfirfærðrar merkingar í þeirri síðari. Helsti munurinn er ef til vill sá að Pound veggjamað hið smáa, hlutann fremur en heildina, með því að leggja áherslu á andlitin fremur en skarann, á meðan Dickinson gerir lítið úr því sem heildin samanstendur af: ánum lítilfjörlegu, sem renna auðmjúkar í hið mikla Kaspíahaf, stærsta stöðuvatn jarðar.

<sup>608</sup> Ástráður Eysteinnsson vikur að efasemdum síðari tíma fræðimanna um jafngildishugtakið í riti sínu *Trímælum*, sjá einkum bls. 92–97. Um leið bendir Ástráður á að svo samslungið sé hugtakið orðið allri umfjöllun um þýðingar að vart verði komist af án þess. Hugtakið hefur enda í auknum mæli verið notað „á þann sveigjanlega hátt sem hæfir ósamhverfu tungumála og þeim óþýðanleika sem þýðendur fást sleitulaust við“ (bls. 94–95) og þau hugtök önnur sem kynnt hafa verið til sögunnar um tengsl frumtexta við þýðingu, til dæmis „samræmi“, „samsvörun“, „hliðstæða“ eða „pörun“, oftast en ekki notuð „þannig að þau gætu rúmast innan jafngildishugtaksins.“ (bls. 97)

<sup>609</sup> Mark Polizzotti. *Sympathy for the Traitor. A Translation Manifesto*, 2018, bls. 147.

<sup>610</sup> Sama rit, bls. 53.

Pound gekk í skóla japönsku hækumeistaranna og lærði að aga og ydda framsetningu sína að þeirra fordæmi. Þá mikilvægu lexíu má þó segja að hann hefði allteins getað numið af Dickinson. En líkt og áður er minnst á, þá kaus hann að líta framhjá fordæmi hennar. Whitman stóð honum nær, þótt færa megi fyrir því rök að ýmislegt í skáldskaparaðferð og áherslum Dickinson rími betur við þá fagurfræði sem Pound tók að aðhyllast upp úr 1910, í árdaga módernismans, og boðaði í kjölfarið af svo miklum krafti að enskumælandi ljóðagerð var ekki söm eftir.

Fleiri ljóð Dickinson sækja (kynferðislega þrungið?) myndmál til hafsins, þar sem hafið stóra gleypir undirgefna smásprænur. Eftirfarandi gerð ljóðs F219 sendi Dickinson Mary Bowles, eiginkonu áður nefnds Samuels (F219C):

Á mín rennur mót þér –	My River runs to thee –
Bláa Haf! Fagnarðu mér?	Blue Sea! Wilt welcome me?
Á mín bíður svars –	My River waits reply –
Ó Haf – ver góðhjartað.	Oh Sea – look graciously.
Ég sæk þér Sytrur	I'll fetch thee Brooks
um glitrandi gil –	From spotted nooks –
Svo <i>haf</i>	<i>Say</i> – Sea –
Þú – <i>Mig!</i>	Take <i>Me!</i>

Bréfinu sem geymir þetta ljóð lýkur Dickinson með þessum orðum (L235):

Ég færði mitt eigið – sjálf, til þín og hr. Bowles – Vinsamlegast minnst mín, því ég minnst ykkar – Ávallt.

Þá hljómar fyrsta erindi F255A svo, en það er ljóð sem Dickinson sendi Samuel Bowles sjálfum:

Dropi, sem flækist um Haf –	The Drop, that wrestles in the Sea –
hún gleymir eigin stað –	Forgets her own locality –
líkt og ég – gagnvart Þér –	As I – toward Thee –

Keimlíku myndmáli (sjávar)háska og öryggis, smæðar og verndar, bregður fyrir í þriðja Masterbréfinu, þar sem segir: „Ó hve sæfarinn berst, þegar bátur hans fyllist – Ó hve hinir dauðvona halda, uns engillinn birtist. Master – ljúktu upp lífi þínu, og hleyptu mér inn um aldur og ævi“ (L248). Einna skýrast er þó hið kynferðislega þrunga myndmál hafs og háska, ástleitni og unaðar í hinu kunna ljóði Dickinson um bátsferð í Eden (F269):

Villtar – Villtar nætur!  
ef ég væri þér við hlið  
Villtar nætur væru  
óhófsemi!

Wild nights – Wild nights!  
Were I with thee  
Wild nights should be  
Our luxury!

Til einskis – vindar –  
Hjarta í höfn –  
óþarfur er Kompás –  
óþarft er Kort!

Futile – the winds –  
To a Heart in port –  
Done with the Compass –  
Done with the Chart!

Að róa í Eden –  
Ah – sá Mar!  
Fyndi ég bara – var –  
í kvöld –  
í þér!

Rowing in Eden –  
Ah – the Sea!  
Might I but moor –  
tonight –  
In thee!

Fremur en „munaður“ eða „vellystingar“ er orðið „luxury“ hér þýtt sem „óhófsemi“, með hliðsjón af latneskum orðstofni þess, *luxus*, sem mun upphaflega hafa þýtt „óhóf“ eða „íburður“. Líklegt má telja að „orðabókaprælnum“ og latínukonunni Dickinson hafi verið kunnur sá vandlætingar- og siðferðispungi sem í stafkrókum orðsins leynist. Með „óhófseminni“ er því sannkristinni nægjusemi ögrað, um leið og ljóðið allt brýtur gegn þuríttönsku velsæmi, með þeirri jarðnesku, *líkamlegu* sælu sem lýst er – og það með vísun til sjálfra Edensgarða.

Í þeirri sjóferð á opnu hafi sem miðerindi ljóðsins vísar til hefur byr ráðið för, hvort sem vindarnir voru hagstæðir eða hættulegir. En núna eru þeir óviðkomandi „Hjarta í höfn“, sem og áttavitinn og sjókortin. Á áfangastað, í öryggri höfn, er nákvæmnisbúnaðar sjófarenda óþarfur. Að baki er langferð sem hefur krafist þeirrar kunnáttusemi og dirfsku sem sjóferð yfir reinghaf gerir. En þó er engu líkara en ljóðmælandi Dickinson sé staddur í höfn allan tímann, þaðan sem horft er til framtíðar. Því rómantíska ferli sem í aðskilnaði og sjávarháska er fólgið er því þokað til hliðar hér, áherslan er fremur á hinu ókomna, á tilvonandi ástarfundi sem ljóðmælandi vonast til að eiga á lygnum bárum Edensgarða.

Til marks um eftirvæntinguna er sæluandvarpið „Ah“, sem jafnframt tekur af allan vafa (ef einhver var) um kynferðislegan undirtón ljóðsins. Áhersla í íslensku fellur á fyrsta atkvæði orðs. Fyrir vikið er erfitt að endurskapa hinn svokallaða *cretic*-þrílið í annarri línu lokaerindisins („Ah – the Sea“) svo vel sé. „Ah – Hafið!“ gengur tæpast, þar sem áherslan verður að falla á þriðja atkvæði línunnar. „Ah – það Haf!“ er ef til vill skárri, en lokalínu ljóðsins er erfitt að þýða öðruvísi en „í þér“. Rímsins vegna mætti því hugsa sér að þýða línuna „Ah – sá Sær!“, sem óneitanlega kemst nærri merkingu frumtextans. En klunnalegt ábendingarforanafnið og

formleiki orðsins „Sær“ gerir að verkum að léttleiki Dickinson fer fyrir lítið. Það sem felur í sér ánægju og unað á frummálinu verður óneitanlega nokkuð stirt, hátíðlegt og fjarlægt í slíkri þýðingu. Ekki er þó örgrannt um að orðið „Sær“ sé kannski ívið „léttara á bárinni“ en „Mar“, sú lausn sem þó varð fyrir valinu, einkum vegna sérhljóðaríms a-hljóða „Ah“, „Mar“, „bara“ og „var“. Hér verður ritgerðarsmiður því að játa sig sigraðan gagnvart talmálsblæ þessara þriggja sáraeinföldu orða – „Ah – the Sea!“ – og sannast kannski enn að fátt muni vandasamara en einfaldleikinn.

Innrím „might“ og „tonight“ í næstsíðustu línu ljóðsins verður „bara“ og „var“ í þýðingu, auk þess sem þankastríkið á undan „var“ gefur örlítinn umhugsunarfrest til kynna, áður en kemur að lykilorði þeirrar erótíkur og/eða öryggiskenndar sem ljóðið lýsir. Í beinni þýðingu myndi „moor“ vera „að binda skip við landfestar“. Því myndi ekki fjarri lagi að þýða orðið með samstofna orði þess á íslensku, „mara“, líkt og fyrri þýðingarlausn ritgerðarsmiðs hljómaði. Sú þýðing felur þó ef til vill ekki í sér með eins skýrum hætti að báturinn/ljóðmælandi liggi við festar, í heilli höfn. Þá má ætla að fáir telji sögnina „að mara“ ýkja rómantíska eða þokkafulla!

Til gamans mætti bera ljóð Dickinson saman við kvæði Bjarna Thorarensen „Einn á báti“, þar sem myndheimurinn er að mörgu leyti sá sami, en innihaldið allt með öfugum formerkjum miðað við þá lygna sælu sem svífur yfir vötnunum í ljóði Dickinson. Fyrri erindi Bjarna hljómar svo:

Einn á báti úti hafi  
eg sit hér við norðurpól,  
mín vill kænán mara í kafi,  
megn er stormur, engin sóll

Ljóðmælandi er hér einn, líkt og raunin er í ljóði Dickinson, en hugsanleg/tilvonandi sameining elskenda er þó sjálft umfjöllunarefni Dickinson (þótt í viðtengingarhætti sé – „væri“, „gæti“). Þá er ljóðmælandi Bjarna eins fjarri veðursæld Edensgarða og hugsast má. Hann er einn „við norðurpól“ á bátskænu sinni, sem „mara[r] í kafi“ í þeim ólgusjó sem stormurinn magnar. Í síðara erindi ljóðsins glæðist þó heldur útlitið:

Enn á bátnum ekkert brast,  
ef eg sæki róðurinn fast  
faðir storma forðar grandí  
og fleytir öllu heilu að landi!<sup>611</sup>

---

<sup>611</sup> Bjarni Thorarensen. *Ljóðmæli*, 1935, bls. 168.

Haldreipi Bjarna og hjálpræði er hin guðlega forsjá. Dickinson á hinn bóginn rær sinn lífróður að mestu ein síns liðs, líkt og sjá má í svo mörgum ljóða hennar þar sem hjálparhendi Guðs og sáluhjálparorðræðu kristninnar er hafnað, en huggunar og hugsvölunar þess í stað leitað í ríki náttúrunnar – og, á stundum, í mannlegu samneyti, líkt og „Villtar – Villtar nætur!“ og önnur ljóð eru dæmi um. Með slík ljóð í huga má segja að sú mynd sem margir hafa af Dickinson sem einangraðri og sambandslausri við umheiminn, innilokuð í herbergi sínu, eigi tæpast við rök að styðjast, enda tekst Dickinson – þessu alræmda tveggja handa járnri – að vera hvorttvegga í senn „erkiskáld einsemdar og nándar“.<sup>612</sup>

Hafið getur líka verið táknmynd ógnar og dauða, ekki síður en undirgefni eða kynferðislegrar sælu, í ljóðaveröld Dickinson. Ljóð F227 sendi Dickinson títtnefndum Samuel Bowles, ásamt þessari knöppu orðsendingu: „Ég get ekki útskýrt það, hr. Bowles –“ (L219):

Two swimmers wrestled on the spar  
Until the morning sun –  
When One turned, smiling, to the land –  
Oh God! the other One!  
The stray ships – passing, spied a face  
Upon the waters borne,  
With eyes, in death, still begging – raised,  
And hands – beseeching – thrown!

Sérstaka athygli vekur að þegar Dickinson, rúmum áratug síðar, beitir áþekku myndmáli og í ljóði F219 („My River runs to thee –“), er undirgefnin og hin ójafna valdaafstaða sem felst í ljóðum F206, F219 og F255 með öllu horfin. Í staðinn fyrir þá óuppfylltu löngun sem fyrrgreind ljóð hverfast um, bregður Dickinson nú á gráglettinn leik, sem verður ef til vill best lýst með enska orðatiltækinu „be careful what you wish for“ (F1275C):

The Sea said “Come” to the Brook –  
The Brook said “Let me grow” –  
The Sea said “then you will be a Sea –  
I want a Brook – Come now”!

The Sea said “Go” to the Sea –  
The Sea said “I am he  
You cherished” – “Learned Waters –  
Wisdom is stale – to Me” –

---

<sup>612</sup> Jed Deppman. *Trying to Think with Emily Dickinson*, 2008, bls. 2.

Þrátt fyrir myndmál þeirra ljóða sem hér hafa verið tilgreind, þá leit Dickinson hafið aldrei berum augum. En eins og segir í ljóði F800, þá þekkti hún það vel, úr hugskoti ímyndunaraflsins:

Heiðina hef ég aldrei séð.	I never saw a Moor.
Aldrei Hafið –	I never saw the Sea –
Samt þekki ég Lyngið	Yet know I how the Heather looks
og Öldutrafíð –	And what a Billow be –

Um svipað leyti og Dickinson sendi Bowles-hjónunum (saman eða hvoru í sínu lagi) áðurnefnd ljóð (F206, F219, F227 og F255), fékk Samuel eftirfarandi ljóðsendingu (F253):

Þetta er Allt sem ég á	I've nothing Else, to bring, you know –
svo ég færi þér	So I keep bringing these –
einlægt það –	Just as the Night keeps fetching <i>stars</i> –
	To our <i>familiar</i> eyes.
einsog Nóttin sem færir	<i>Maybe</i> – we should'nt <i>mind</i> them –
<i>vönum</i> augum	Unless they did'nt <i>come</i>
einlægt <i>stjörnurnar</i> .	<i>Then</i> – maybe it would puzzle us
	To find our way Home!
En <i>kannski</i> – ef þær <i>hattu</i> að skína –	
tækjum við eftir þeim –	
og <i>þá</i> – reyndist okkur kannski	
erfitt að rata Heim!	

Eflaust vísar Dickinson til ljóða sinna í upphafslínunni. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur; Dickinson ber gjafir sínar saman við stjörnurnar á himninum, sem augu okkar hafa vanist að sjá kvikna, og ganga því að sem vísun. Án þeirra gæti okkur þó reynst erfitt að rata leið okkar – og þá fyrst tækjum við eftir þeim. Tæpum tveimur áratugum síðar, eða árið 1877, sendi Dickinson Bowles svo eftirfarandi ljóð (F1432B):

Ég á ekki annað Líf –	I have no Life but this –
að lifa hér –	To lead it here –
	Nor any Death – but lest
né annan Dauða en þann	Dispelled from there –
sem útskúfar mér –	Nor tie to Earths to come,
	Nor Action new
né tengsl við aðra Heima	Except through this Extent

né ókunn Skuldaskil,

The love of you.

nema að þessu Marki  
að elska Þig.

Þessi ástarjátning virðist nokkuð afdráttarlaus. En Dickinson er viðsjál og erfitt að „nappa“ hana, hér sem víðar, því sama ljóð sendi hún T.W. Higginson bókmenntaráðunauti sínum þetta sama ár, nema hvað orðinu „love“ í lokalinu ljóðsins var breytt í „Realm“. Svona „tvöföld“ gat hún verið, og það í orðsins fyllstu merkingu – að tjá ást sína (líkamlega eða platónska) á tveimur mönnum með því sem næst einu og sama ljóðinu!



F294

Bulla, með Nálum, að neðan –  
sem þrýsta, og bora –  
En standist Holdið Þungann –  
með Köldu blóði – rjúfa –

Undir – hver svitahola  
okkar Róðu-Grindar –  
Eins margföld fyrir Angist –  
og nöfn má – Skepnum – gefa.

A Weight with Needles on the pounds –  
To push, and pierce, besides –  
That if the Flesh resist the Heft –  
The puncture – Coolly tries –

That not a pore be overlooked  
Of all this Compound Frame –  
As manifold for Anguish –  
As Species – be – for name.

Dickinson ímyndar sér grimmúðlegt pyntingartól, sem minnir einna helst á aftökuvélina í hinni þekktu smásögu Franz Kafka „Í refsínýlendunni“, vél sem murkar smám saman lífið úr fórnarlömbum sínum með því að rita dómsorðið á líkama fanganna með hárbeyttum nálum. Helen Vendler bendir á að „angistin“ (e. „anguish“) sé voldugasta orðið í vopnabúri Dickinson, sem beitir því alls 32 sinnum til að koma orðum að nær ósegjanlegum kvölum, hvort heldur sem er líkamlegum eða andlegum.<sup>613</sup> Sársaukanum getur þó verið erfitt að lýsa svo vel sé, líkt og fjallað hefur verið um, með hliðsjón af orðum Alphonse Daudets, William Styrons og Virginíu Woolf, sem telja öll að tungumálið hrökkvi varla til þegar kemur að sársaukafyllstu hliðum „Holdsins stutta Harmleiks“ (F279). Líkingin sem Dickinson dregur af því hversu „margfaldlega“ hin „Samsetta Grind“ líkama og sálar getur upplifað „Angistina“ er engu að síður sótt í ríkidæmi tungumálsins hér, með tilvísun til frásagnar Biblíunnar af því þegar Adam gefur nöfn „öllum fénaðinum og fuglum loftans og öllum dýrum merkurinnar“ (Gen 2:20).<sup>614</sup> Ef til vill felst í líkingu Dickinson trú hennar á að öllu megi tilhlýðilegt nafn gefa, líka sársaukanum, en með því að einangra nafnorðið „Skepnum“ í lokalinu þýðingarinnar – þá einskæru þýðingarlegu slembilukku, í ljósi tvíráðrar merkingar orðsins á íslensku – má segja að sá „skepnuskapur“ sem ljóðið lýsir sé óbeint gefinn til kynna.

Cesáero Gabaráin, sem var á meðal helstu sálmaskálda Spánverja á síðustu öld, líkir í einu trúarljóða sinna lífinu við myllu sem mylur okkur mélinu smærra milli kvarnarsteina sársaukans:

<sup>613</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 110.

<sup>614</sup> *Biblían. Heilög ritning*, 1981.

un molino, la vida nos tritura con dolor<sup>615</sup>

Dickinson ímyndar sér sambærilega „mulningsvél“ í ljóði sínu, en án þeirrar huggunar og endurlausnar sem felst í hjálpræðisorðræðu kristninnar. Eins og svo víða í ljóðum sínum sækir hún þó orðfæri sitt og líkingamál í kristna hefð. Í þýðingunni er sama leið farin og hin mannlega þjáning undirstrikuð með tilvísun til Krists á krossinum, með því að þýða „Compound Frame“ (orðalag Dickinson um hina „tvöföldu“ grind líkama og sálar) sem „Róðu-Grind“ þá sem einstaklingurinn er negldur upp á. En um leið er trúarlegri afstöðu til þjáningar, sáluhjálpar og handanlífs hafnað. Sú „róða“ sem hér er innleidd nær ekki út yfir hið jarðneska. Líkaminn, andinn og krossinn eru eitt og hið sama, enda á sársaukinn – jafnvel sá andlegi – sér líkamlegar skýringar. Slík afstaða byggir á efnishyggi sem útilokar annan veruleika en þann sem felst í þeim eindum og kröftum sem eðlisfræðin lýsir. Innan þess veruleika eru fyrirbæri á borð við frjálsan vilja, tilfinningar, meðvitund og sársauka einungis afleiðing líkamlegra boðefna, sem fyrir sitt leyti lúta eðlisfræðilegum lögmálum. Andinn er því fyrst laus við „Angistina“, kvalirnar, eftir líkamsdauðann, þegar hann er losaður niður af líkams-krossinum, róðunni sem hinn þjáði ber og er vettvangur þeirra krafta sem á okkur verka í þessu lífi.

Orðið „Undir“ í fimmtu línu þýðingarinnar, sem myndar skothendingu á móti „Róðu-Grindar“, er þrennrar merkingar hér, sem þó skarast: (1) nafnorðið *sár* í fleirtölu; (2) forsetningin *undir* – að það sé hver svitahola „undir“ eða „fyrir neðan“ nálarnar (ein svitahola á hverja nál). En einnig má hugsa sér að „undir“ merki hér (3) að sérhver svitahola róðugrindar okkar sé „undir“, samanber orðalagið „að leggja undir“; og fyrir vikið að angistin, þjáningin, geti fundið sér leið í gegnum hverja og eina þeirra. Hvaða merking sem lögð er í orðið, má segja að ýkt myndmálið sé allt að því barróskt, í anda þess líkamlega sára- og vessamyndmáls sem finna má í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar þegar þínu Krists á krossinum er lýst.

Ljóð sem þetta telst seint „töfrandi“, ekki er beinlínis um *brifandi* skáldskap að ræða; lesandi á í fá hús að vanda. Hvorki myndir ljóðsins, rím (sem í þýðingu er „skert“ og takmarkast við hálfríms, „rjúfa“ og „gefa“, lokaorð hvors erindis, auk innríms „Holdið“, „Köldu“ og „margföld“, „blóði“ og „Róðu“ sem og „Undir“ og „Grindar“), höst hrynjandin né umfjöllunarefnið sem slíkt veitir skjól. En áhrifamátt sinn sækir það í viðfangsefnið, og þá ógnvænlegu, einstöku mynd af áður óþekktu pyntingartóli sem dregin er upp – með hliðsjón (í þýðingu) af „móður“ allra pyntingartóla í vestrænni menningarsögu: krossinum sem Kristur var negldur á.

---

<sup>615</sup> Cesáero Gabaráin. „Una espiga dorada por el sol“. <http://ingeb.org/spiritua/unaespig.html>. Sótt 12. ágúst 2019.

*Veröld full af skáldskap?*

F303

Ein, er ég aldrei –  
Herskarar – rata til mín inn –  
Óskráð Vinfang –  
sem snýr á Lykilinn –

Alone, I cannot be –  
The Hosts – do visit me –  
Recordless Company –  
Who baffle Key –

Sem hvorki á Nöfn, né Klæði –  
né Almanök – né Svæði –  
heldur Bústað víða  
handan Þjóða –

They have no Robes, nor Names –  
No Almanacs – nor Climes –  
But general Homes  
Like Gnomes –

Koman er kunnngjörð  
af innri Sendisvein –  
Brottförin – aldrei –  
því þau fara aldrei heim –

Their Coming, may be known  
By Courier within –  
Their going – is not –  
For they're never gone –

Brugðið er á leik með orðalaginu „að snúa á Lykilinn“ (e. „baffle Key“), í þeirri merkingu að þeir „Herskarar“ sem „rata [...] inn“ láta að því er virðist læstar dyr ekki stoppa sig. Orðið „Vinfang“ er smíði þýðanda, rétt eins og nýyrði Dickinson „Recordless“. Orðið felur að nokkru leyti í sér þýðingu enska orðsins „Company“, með hliðsjón af íslenska orðinu „vinfengi“, en ber einnig keim af orðum sem gefa staðsetningu til kynna (svo sem „heimilisfang“, „netfang“). Aukamerking orðsins undirstrikar að þeir „Herskarar“ sem sækja Dickinson heim – eða ásækja, eftir því hvort ljóðið er lesið jákvætt eða neikvætt – eiga sér hvergi fasta búsetu, enda gestir af öðru tilverustigi að því er virðist: án nafns, klæða, tíma og staðar. Sumir telja að hér lýsi Dickinson eins konar trúarlegu samneyti við engla, sem haldi henni félagsskap í þeirri einangrun sem orðin var hlutskipti hennar um þetta leyti, en ljóðið er ort árið 1862. Víst er að „Vinfang“ engla – bæði í merkingunni félagsskapur og þekkt staðsetning slíks vinnalegs samneytis – átti eftir að verða Dickinson að yrkisefni síðar meir. Svona hljómar ljóð F1609:

Sá sem fer á mis, við Himnaríkið – niðri –  
fer líka á mis á Himnum –  
Því Englar leigja í næsta Húsi  
hvert sem við flytjum –

Who has not found the Heaven – below –  
Will fail of it above –  
For Angels rent the House next ours  
Wherever we remove –

Aðrir telja að „Herskarar“ standi hér fyrir ljóð Dickinson, enda ljóðið ort á einu frjósamasta skeiði hennar sem skálds. En mætti ekki líka ímynda sér að ljóðið lýsi hugsunum? Óvelkomnum þráhyggjuhugsunum, sem gefa engin grið, sem „fara aldrei“? Sé ljóðið lesið með þeim hætti, sver það sig í ætt við flokk annarra þar sem Dickinson fjallar um þá ógn sem sálarheill manneskjunnar getur staðið af eigin huga (sjá t.d. F407); þegar meðvitundin losnar ekki undan kvíðvænlegum þönkum.

Öllu hugkvæmara er þó að líta svo á að það séu ljóðin sem eiga sér „Bústað víða“ fremur en kvíðvænlegar hugsanir, og höfundur lofi hér veröld fulla af skáldskap. Jafnframt má ljóð þetta enn vera til marks um þá ólíku og oftár en ekki andstæðu túlkunarmöguleika sem geta búið í skáldskap Dickinson.

F515

Til er kvöl – svo algjör –  
að vefnað heimsins gleypir –  
leggur svo Hyldýpið Stjarfa –  
svo Minnið geti gengið  
meðfram – yfir – á því –  
líkt og þeim í Dái  
er hættulaust – að stíga  
þar sem opið auga  
Bein af Beini – steypir –

There is a pain – so utter –  
It swallows substance up –  
Then covers the Abyss with Trance –  
So Memory can step  
Around – across – upon it –  
As One within a Swoon –  
Goes safely – where an open eye –  
Would drop Him – Bone by Bone –

„It swallows substance up –“. Þeim sem hér skrifar þótti merking línunnar ekki koma nógu sterkt fram í „beinni“ þýðingu – „að gleypir efnisheiminn“ – né var ritgerðarsmiður ánægður með fyrri þýðingarlausn: „að efnið þurrkast út“. Sú lausn sem varð fyrir valinu er óneitanlega nokkuð skruðmáli en frumtexti og stirðkveðnari, þegar horft er til eignarfallssamsetningar línunnar og uppásnúinnar orðaraðar. Þá er jafnframt nýtt myndsvið kynnt til sögunnar með orðalaginu „vefnað heimsins“; hin merkingarbæru *mynstur* veraldarinnar sem hverfa þegar „hin algjöra kvöl“ tekur yfir og þurrkar allt annað út, með þeim afleiðingum að „Hyldýpið“ sem opnast og umlykur virðist einsleitt, óendanlegt tóm. Margs konar merkingu má raunar lesa í hið hlaðna orð „substance“ hér; það getur táknað *efni*, *kjarna*, *inntak* eða *fyllingu* veruleikans. Til höfuðs þessu marggilda orði setur Dickinson „kvölin“ eða „sársaukann“, sem er um leið hluti af vefnaði heimsins. Og raunar er sársaukinn svo afkastamikill vefari að hið einsleita mynstur hans „gleypir“ vefnað (og þar með ákveðið verklag) heimsins. Þannig er „Stjarninn“ það mynstur sem kemur í staðinn fyrir alla þá myndríku og margvíslegu vefi sem hverfa í gin „Hyldýpisins“, þegar tilfinningadoði og tómlæti hins þjáða eða þungsinna lamar skynjun hans.

Um hið merkingarlausa, óbærilega tóm sársaukans, þegar varnarviðbrögð sjálfsins virðast ekki eiga annarra kosta völu en að slökkva á meðvitaðri hugsun einstaklingsins, yrkir Dickinson í eldra ljóði, F484, sem kalla má eins konar systurljóð F515:

Vélrænt þræddi ég –  
Þráðlausan Veg  
skref fyrir skref  
úr Hvítu í Hvítt –

From Blank to Blank –  
A Threadless Way  
I pushed Mechanic feet –  
To stop – or perish – or advance –  
Alike indifferent –

Stæði – eða færist –  
eða næði fram –  
jafn fánýtt –

Ef á enda kæmist  
væru endalokin bæði  
hulin og sýnd –

Svo ég þreifaði  
með augun lukt –  
Greiðar gekk  
Blind –

If end I gained  
It ends beyond  
Indefinite disclosed –  
I shut my eyes – and groped as well  
’Twas lighter – to be Blind –

Hinn „Þráðlausí Vegur“ hér er að mörgu leyti sá sami og „Minnið“ gengur „meðfram – yfir – á“ í ljóði F515, eftir að „Stjarfinn“ verður eins konar efniskennur staðgengill veraldarvefnaðarins og brúar þar með „Hyldýpi“ kvalarinnar. En litlu skiptir hvaða leið er valin eða farin („meðfram – yfir – á“, „Stæði – eða færist – / eða næði fram“), á þessu fyrirheitalausa ferðalagi er allt „jafn fánýtt“. Fyrir vikið stjórnast hinar „vélrænu“ hreyfingar fótleggjanna í hvorugu ljóðanna af fyrirmælum sjáandi auga sem leiðir veginn, heldur er ljóðmælandi þvert á móti „Blind[ur]“ eða líkt og í „Dái“ – og sækist ferðalagið betur svo. Til að hnykkja á hinu litlausa, einsleita ferðalagi um auðnarlegt landslag depurðar, örvæntingar eða kvalar, er sú „eyðuganga“ sem í „From Blank to Blank“ er fólgin hér þýdd „úr Hvítu í Hvítt“. Ritgerðarhöfundur vonast eftir að íslenskum lesanda sé þar með (meðal annars) opnuð tenging við landslag það og þá gönguför sem lýst er í hinu kunna ljóði Jónasar Hallgrímssonar „Alsnjó“, auk þess sem orðalagið hefur skýr tengsl við blindu.

Þriðja ljóðið í þessum flokki systurljóða sem lýsa eins konar *lifandi dauða* er jafnframt eitt hið þekktasta í höfundarverki Emily Dickinson. „After great pain“ (F372) er næm lýsing á þeim tilfinningadoða sem langvarandi sársauki og sálarþyngsli valda, og aftur er myndmálið dregið af eins konar þrautagöngu án enda. Sá „Trénaði vegur“ sem „Fætarnir, vélrænir“ feta í miðerindinu, yfir „Hyldýpi“ kvalarinnar, „úr Hvítu í Hvítt“ án þess að endamarkið virðist nálgast, má ætla að sé sambærilegur þeim í ljóðum F484 og F515 – það er hið minnsta „jafn fánýtt“ hvort hann er „Jarðar, eða Lofts, eða Neins“<sup>616</sup>:

Eftir mikla kvöl, er tilfinningin flöt –  
Taugarnar, háttvísar, einsog Legsteinar í röð –

---

<sup>616</sup> Hér er fylgt þeirri túlkun Helen Vendler og annarra að orðið „Ought“ í handriti Dickinson sé í raun misritun hennar fyrir fornafrnið „Aught“, það er að segja „ekkert“, „ekki neitt“. Víða í bréfum Dickinson og ljóðum er stafsetningu hennar ábótavant. Sjá Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 170.

Stirnað Hjartað spyr „var það Hann, sem bar,“  
og „í Gær, eða Öldum fyr?“

Fætarnir, vélrænir, fara um –  
Trénaðan veg  
Jarðar, eða Lofts, eða Neins –  
Samgrónir þeim,  
Kvarskennnd fró, einsog Steins –

Stundirnar eru úr Blýi –  
minnst, ef á lífi –  
sem Loppnir, muna Snjóinn –  
Fyrst – Frostið – svo Doðinn –  
svo losna tökin –

After great pain, a formal feeling comes –  
The Nerves sit ceremonious, like Tombs –  
The stiff Heart questions ‘was it He, that bore,’  
And ‘Yesterday, or Centuries before?’

The Feet, mechanical, go round –  
A Wooden way  
Of Ground, or Air, or Ought –  
Regardless grown,  
A Quartz contentment, like a stone –

This is the Hour of Lead –  
Remembered, if outlived,  
As Freezing persons, recollect the Snow –  
First – Chill – then Stupor – then the letting go –

Sú „Kvarskennnda fró“ sem í vélrænni endurtekningunni er fólgin – við heimilisverkin, hina venjubundnu rútínu skylduverkanna sem huggar með því að koma örlytlu skikki á veröldina? – er af sama toga í ljóðunum þremur. Hún er hörð og köld „einsog Steins“. Hinn vélræni stjarfi er aðeins örvæntingarfull leið einstaklingsins til að brynja sjálfan sig, þrauka, halda áfram, komast lífs af.

Þetta tímabil „Blýsins“ (þungt, kalt og grátt) er þríþætt, líkt og fram kemur í lokalínu ljóðsins, og kann að ná yfir ár eða áratugi jafnvel (sjaldan hafa þankastrík Dickinson falið í sér

jafnbreiða tímaskírskotun). En óljóst er hvort lokaorðin þrjú – „svo losna tökin“ – beri að túlka með jákvæðum eða neikvæðum hætti. Er það einstaklingurinn sem smám saman „losar um tökin“ á lífi sínu, á því dauðahaldi sem hann hefur gripið síðasta bláþráðinn, og hverfur „Loppinn“ á vit líknandi dauða „Frostsins“ – neytir með öðrum orðum „Réttar [s]íns til Frostsins – / Dauðans forréttinda“ eins og segir í ljóði F706? Eða er það „kvölin“/„Frostið“ sem losar hægt og rólega tak sitt á einstaklingnum í áranna rás, leysir hann úr klakaböndum svo hann vaknar aftur til lífsins? Í raun er engin leið að segja afdráttarlaust til um hvora merkinguna beri að leggja í hin sáræinföldu lokaorð, og því drjúgt sem hangir á þeim.

Að líkja lífshlaupinu við ferðalag er ein af grundvallarmyndlíkingum tungumálsins. Hana má sjá að verki í sjálfu orðinu „lífshlaup“, sem aftur er bein þýðing latneska orðaparsins *curriculum vitae*, svo ljóst er að hugsunin hvílir á gömlum merg. Dæmi má taka af fleiri ljóðum úr höfundarverki Dickinson sem byggja á þessari kunnu líkingu. Svona hefst til dæmis ljóð F312, nokkuð eldra en þau sem rædd hafa verið, og glittir hér þegar í hina „vélrænu fætur“ sem eru þaulvanir þrautagöngunni:

I can wade Grief –  
 Whole Pools of it –  
 I'm used to that –  
 But the least push of Joy  
 Breaks up my feet –

Af svipuðum toga er hið sérstæða ljóð Dickinson um „Pyttinn“ (F508) sem hvarvetna blasir við. Og enn er áhersla lögð á að hvers konar meðvituð hugsun, hið „opna auga“, er líklegri til að valda einstaklingnum fjörtjóni („steypa“ honum „Bein af Beini“ í „Hyldýpið“ eða „Pyttinn“) en hin stjarfa, vélræna endurtekning vanans:

To stir would be to slip –  
 To look would be to drop –  
 [...]
 The depth is all my thought –  
 I dare not ask my feet –  
 'Twould start us where we sit

Um lærdóminn sem af þrautagöngunni má draga yrkir Dickinson nokkru síðar, í kunnu ljóði (F926):

Ég sté af Fjöl á Fjöl  
 varkár, seinförul

I stepped from Plank to Plank  
 A slow and cautious way



Stjörnur léku um Höfuð mitt  
Hafið – mér við Il –

The Stars about my Head I felt  
About my Feet the Sea –

Óttinn – að sú næsta  
reyndist mín hinsta  
fékk mér grandvart Göngulag  
stundum kallað Reynsla –

I knew not but the next  
Would be my final inch –  
This gave me that precarious Gait  
Some call Experience –

En þótt líkingin um tilveruna sem „undarlegt ferðalag“ sé gömul og algeng í skáldskap, er það ekki síst áhersla Dickinson á hið auðnarlega landslag sem farið er um (svo bæði auðveldara og öruggara er að klemma aftur augun) og á sjálfan fótaborðinn, á fæturna sem dragnast áfram, sama hvað, „skref fyrir skref“, „Fjöl á Fjöl“, hvort heldur sem er „meðfram – yfir – á“ hinn „Trénaða veg“, sem slær nýjan tón. Ljóðmælendur Dickinson „vaða Sorgarvötnin“ umyrðalaust, fíkra sig stefnulaust áfram „Þráðlausan Veg“, þræða sig sjónlausir yfir „Hyldýpið“, án þess að komast nokkru sinni á leiðarenda að því er virðist. Fæturnir halda áfram, af gömlum vana, án þess að vita eða spyrja hvert förinni sé heitið. Bara það eitt *að halda áfram* virðist markmiðið, í óljósri von um „frelsun, [um] lausn að lokum.“<sup>617</sup> Þrautagangan virðist þó tilgangslaus, marklaus í eðli sínu; að minnsta kosti er hvergi litið svo á í ljóðunum að þrautir ljóðmælanda létti krossmæði Krists og að fyrir þær muni hinum þjáða umbunað að jarðlífinu loknu. Svo er að sjá sem hið eina sem haldi ljóðmælanda gangandi – í bókstaflegri merkingu – sé hinn meðfæddi lífsvilji, baráttuþrek manneskjunnar sem neitar að játa sig sigraða, neitar að láta stoppa sig, allt fram í rauðan dauðann.

Þessi mannlega, og allt að því grátbroslega þrákelkni andspænis tilgangslausum, linnulausum kvölum, minnir einna helst á tragískómísk efnistöð Samuel Becketts. Vaninn, endurtekningin og hin vonlitla píslarganga einstaklingsins sem streitist þó áfram, mega heita helstu yrkisefni hans, með sambærilegri áherslu á fyrirhaleysið og sjá má í ljóðum Dickinson. Skáldsögu Becketts *The Unnamable* lýkur til að mynda svo: „þú verður að halda áfram, ég get ekki haldið áfram, ég mun halda áfram.“<sup>618</sup> Þá er líkingamálið um þrautagönguna spunnið í gegnum heilu bækurnar, líkt og raunin er í hinni brotakenndu skáldsögu *How It Is*, sem að forminu til er einræða sögumanns sem skríður áfram um endalausa forarvilpu. Vettvangur lífsglímunnar er þannig einfaldaður, um leið og hann nær yfir heiminn allan, rétt eins og Dickinson gerir hér að framan, þar sem „Stjarninn“ og „Hyldýpið“ er hinn eini skynjanlegi veruleiki eftir að „kvölin“ hefur þurrkað út „vefnað heimsins“. Þá endar prósaveykið *Worstward Ho* á orðunum „Engin leið áfram. // Sagði engin leið áfram“, þar sem áframhaldið

<sup>617</sup> William Styron. *Sýnilegt myrkur*, 2010. bls. 92–93.

<sup>618</sup> Samuel Beckett. *Molloy. Malone Dies. The Unnameable*, 1959, bls. 418.

margumrædda felst í því að segja – að halda áfram för innan mæra tungumálsins, jafnvel þegar á enda er komið.<sup>619</sup>

Allt framangreint má segja að bandaríska ljóðskáldið Theodore Roethke dragi saman í einni af dagbókum sínum með eftirfarandi orðum (og vísar hér til hinnar kunnu forsendu René Descartes að heimspeki sinni): „Ég er; þess vegna held ég áfram.“<sup>620</sup> Sem við gerum öll, þar til „takið losnar“.

---

<sup>619</sup> Samuel Beckett. *Worstward Ho*, 1983, bls. 47. Fleiri hliðstæður má sjá í verkum þeirra Becketts og Dickinson. Sem dæmi má nefna hina brotakerndu, knöppu málfræði sem Beckett byggði prófastíl sinn í síauknum mæli á, þar sem segja má að hið undanskilda tali til jafns við orðin á síðunni, rétt eins og Dickinson gerir svo víða í ljóðum sínum.

<sup>620</sup> Theodore Roethke. *Straw for the Fire*, 2006, bls. 188.

F591

Ég heyrði Flugu suða –  
þegar ég dó –

Einsog Kyrrðin  
milli Hviða  
ríkti í Herberginu  
Ró –

\*

Augun í kring  
útgrátin  
og Loftið – þrungið  
beyg –

fyrir Lokaáhlaupið þegar  
Kóngurinn  
sýnir sig –

\*

Ég arfleiddi og framseldi  
mína Erfanlegu  
Hluta – og þá var það  
að skarst í leikinn  
áðurnefnd Flugu –

\*

með Bláu – óvissu – hrasandi – Suði  
á milli ljóssins og mín –

Og síðan brugðust Gluggarnir

I heard a Fly buzz – when I died –  
The Stillness in the Room  
Was like the Stillness in the Air –  
Between the Heaves of Storm –

The Eyes around – had wrung them dry –  
And Breaths were gathering firm  
For that last Onset – when the King  
Be witnessed – in the Room –

I willed my Keepsakes – Signed away  
What portion of me be  
Assignable – and then it was  
There interposed a Fly –

With Blue – uncertain – stumbling Buzz –  
Between the light – and me –  
And then the Windows failed – and then  
I could not see to see –

Og síðan, þá  
sýn mín til að sjá –

Aukið frelsi fæst með því að teygja á ljóðlínunum Dickinson, hlaupa með þær milli lína, en þó með vissri „heimild“ úr handritum hennar, þar sem línuskiptingar eru mun tíðari en í prentuðum útgáfum líkt og fjallað hefur verið um, þótt áhöld séu um hvort skiptingarnar séu allskostar af listrænum toga eða ráðist fremur af plássleysi pappírsarkarinnar. Línuskiptingar í móðernískum anda koma þó fyrir í handritum Dickinson, svo sem rætt hefur verið. Þá aukast möguleikar þýðanda þegar endarími Dickinson er ekki fylgt í hvívetna, heldur ljóðlínur hennar „hnýttar“ saman með öðrum hætti, jafnvel með innrímshendingum hvers konar (sem „arfleiddi“ og „Erfanlegu“ sem og „óvissu“ og „ljóssins“ eru dæmi um). Þýðingin hér að framan kann þó að sýnast tilraunakennd og laus í reipunum. En hún byggir eigi að síður á vissum formrænum eigindum sem eiga sér fyrirmyndir í aðferð(um) Dickinson sjálf, sem mun nú nánar vikið að.

Í bók sinni *Translation Studies* fjallar Susan Bassnett um línuskiptingar og þýðingar þegar kemur að óbragbundinni ljóðlist, og þá einkum að fríljóðum móðernismans, og tekur dæmi af þekktri setningu bandaríska málfræðingsins Noam Chomskys:

Sú áskorun sem felst í uppsetningu ljóðs á síðunni er sérstaklega áleitinn þegar kemur að fríljóðum, enda er uppsetningin sjálf merkingarbær. Hér má taka dæmi af hinni kunnu „merkingarlausu“ setningu Noam Chomskys *Colourless green ideas sleep furiously* og skipta henni með eftirfarandi hætti á milli lína:

Colourless  
green ideas  
sleep

furiously

Með þessu móti má vel ímynda sér að frumþættir setningarinnar, sem virðast skorta röklegan samhljóm, séu samþykktir þar sem sérhver „lína“ fæli í sér hugmynd og merkingin í heild sinni myndi ráðast af því hvernig órökrænir frumþættir tengjast innan formgerðar sem virðist rökræn og reglubundin. Merkingin myndi því af þessum sökum ekki vera *inntaksbundin* heldur fremur *táknbundin*, þar sem hvorttveggja einstök orð og hugmyndatengsl myndu hlaða utan á sig merkingu um leið og ljóðið er lesið.<sup>621</sup>

---

<sup>621</sup> Susan Bassnett. *Translation Studies*, 2014, bls. 112–113.

Ritgerðarhöfundur skilur orð Bassnett svo að línuskiptingar sem þessar höggvi skörð í heild setningagerðarinnar án þess að rjúfa hana alfarið. Þó er málsgreinin sem um ræðir ekki heildræn fyrir, sem prósamálgrein. Hins vegar má færa fyrir því rök, eins og Bassnett gerir, að hið móderníska ljóðform og þær tjáningarleiðir sem orðið hafa til í tímans rás færi henni aðra og „nýja“ heild. Í stað frumlagsins (*ideas*) og þeirra einkunna sem standa með því (*colourless, green*), umsagnarinnar (*sleep*) og atviksliðarins (*furiously*) sem setningin samanstendur af, séu línur „ljóðsins“ að einhverju leyti sjálfstæðar nú, en þó um leið hálfkveðnir merkingarkjarnar. Sé setning Chomskys sett upp sem fríljóð með þessum hætti getur „Colourless“ bæði staðið sem einkunn með frumlagi setningarinnar *en einnig* sjálfstætt, sem lýsing einhvers ósagðs, undanskilins veruleika. Til dæmis mætti, með vissum sveigjanleika, ímynda sér að hér séu orðin [I am] eða [The world is] undanskilin. Þessari aðferð úrfellingarinnar eða hins ósagða á sviði málfræðinnar beitir Dickinson víða, líkt og Cristanne Miller rekur í bók sinni *A Poet's Grammar*. Ljóðmál Dickinson er gjarnan málfræðilega ófullkomið, sagnir skortir beygingarendingar, setningarhlutar eru bjagaðir með ýmsu móti og orð undanskilin. Hér er því um *bókstaflegar* glufur eða eyður í textanum að ræða, svo lykilhugtak Wolfgang Iser's þegar kemur að gagnkvæmri merkingarsköpun höfundar og lesanda sé rífað upp.<sup>622</sup> Það er því oftast en ekki undir lesandanum komið að fylla upp í eyðurnar, rata „úr Hvítu í Hvítt“ með því að raða setningarhlutum saman og bæta við þeim orðum sem upp á vantar svo að úr verði málfræðilega „heilir“ setningarkjarnar.

Umsögnina „sleep“ er eftir sem áður hægt að lesa sem 3. persónu fleirtölu, í samræmi við „green ideas“ sem frumlag setningarinnar, *sem og* sem boðhátt sagnarinnar. Með inndrætti þriðju línunnar og erindaskiptingunni áður en kemur að atviksliðnum „furiously“, er hrynjandi og hraða „ljóðsins“ enn fremur stýrt. Fyrir vikið er stuðlun og sérhljóðarím „sleep“ og „furiously“ dregið betur fram en ella. Það sem hin ljóðræna framsetning einstakra setningarliða gerir, með línu- og erindaskiptingum Bassnett, er því að auka á margræðni setningarfræðinnar. Nýir leshættir verða til, það losnar um málfræðina, um leið og þeim túlkunarmöguleikum sem textinn felur í sér fjölgar.

Clive James telur að arfleifð hinnar módernísku tjáningar sé ekki síst sams konar leikur með frumþætti setningagerðarinnar og hér hefur verið rakinn:

Leikgleði þegar kemur að setningabyggingunni lætur ekki bara vel í eyrum, hún er orðin hluti af hvötinni. Ef spurt er hver séu skilgreinandi einkenni módernismans, þá er setningarfræðileg leikgleði vissulega ein af þeim. En þörfín fyrir að bregða á leik með setningarfræðina gat aðeins kviknað eftir aldalanga hefð þar sem hún var ávallt í hlédrægu þjónustuhlutverki.<sup>623</sup>

<sup>622</sup> Sjá t.d. grein Iser's „The reading process: a phenomenological approach“ í *Modern Criticism and Theory*, 2. útgáfa, 2000, bls. 188–204.

<sup>623</sup> Clive James. *Poetry Notebook 2006–2014*, 2014, bls. 90.

Að baki framangreindri þýðingu ritgerðarhöfundar, og öðrum í „móðernískum“ anda, er sú túlkunaráhersla hans og annarra að talsvert áður en rof, margræðni og sundruð málfræði varð einkenni hins móðerníska fríljóðs, hafði Emily Dickinson brugðið á þann leik í ljóðagerð sinni. Þetta er meðal annars einn af viðmiðunarpunktum David Porters í bók hans *The Modern Idiom*:

Margræðni á borð við þessa [í ljóði F762] er forboði þeirrar ljóðagerðar sem á eftir kom, þar sem einnig er brugðið á leik með setningarfræðilega skörun og ráðskast með leshætti, og hver ljóðlína þannig gædd fleiri merkingaraukum en virðist mögulegt. Virkni tungumálsins er tvöfölduð, og lék Emily Dickinson þennan tungumálaleik af stakri hind.<sup>624</sup>

Með hliðsjón af vangaveltum þeirra James og Porters um hina „setningarfræðilegu leikgleði“ er einnig athyglisverð sú kenning sænska málfræðingsins og þýðandans John Swedenmarks að „grunneining hins móðerníska ljóðs er *frasinn* [s. „frasen“].“<sup>625</sup> Swedenmark gengur þess ekki dulinn að frasin gegni veigamiklu hlutverki í annars konar skáldskapargerð sömuleiðis, en það sé með tilkomu hins móðerníska ljóðforms sem frasin sem slíkur verði að eins konar grunnbyggingareiningu sem megi einangra og bera kennsl á út frá ýmsum fómraenum þáttum, svo sem áherslu, þögn, hraða hrynjandinnar, „týpógrafískri“ uppsetningu ljóðsins á síðunni og öðru, og geti náð allt frá einu orði yfir nokkrar ljóðlínur. Að sama skapi felst í þýðingu móðernískra ljóða að horft sé á hvern frasa fyrir sig.<sup>626</sup> Þannig leggur Swedenmark ríka áherslu á, líkt og Susan Bassnett hér að framan, að „hið móðerníska ljóð [sé] byggt upp af einangruðum skynheildum [s. „gestalter“], sem í sameiningu mynda ljóðið.“<sup>627</sup>

Það er ekki síst sú *áhersla* sem lögð er á orðin, það er að segja ýmiss konar raddblæbrigði í (upp)lestri, sem aðgreinir frasana hverja frá öðrum og afmarkar hvern frasa fyrir sig að mati Swedenmarks. Swedenmark ræðir það ekki sérstaklega, en þessi áhersla á hljómfall, á tón og hárfín blæbrigði þegar kemur að eiginleikum frasans sem grunneiningar móðernískrar ljóðlistar, tengir móðerníska ljóðagerð með beinum hætti við *talað mál*, við hið hversdagslega, lifandi talmál sem áður hefur borið á góma á þessum síðum, og raunar legið mjög til grundvallar allri túlkun og störfum ritgerðarhöfundar þegar kemur að ljóðum Emily Dickinson í þýðingu. Áður hefur verið minnst á þá ráðleggingu bandaríska ljóðskáldsins Robert Bly til þýðenda að „spyrja

---

<sup>624</sup> David Porter. *Dickinson. The Modern Idiom*, 1981, bls. 92–93. Porter talar um „a doubling of the effect of the language“.

<sup>625</sup> John Swedenmark. „Frasen som den modernistiska poesins grundläggande enhet“. Í *Baklängesöversättning och andra texter*, 2011, bls. 103. Með „frasa“ í íslenskri þýðingu hins sænska hugtaks hér er ekki átt við „margtuggið orðalag“ heldur fremur „setningarhluta“ eða „yrðingu“.

<sup>626</sup> Sama rit, bls. 105.

<sup>627</sup> Sama rit, bls. 108.

eyrað út í sérhvert orðaval, spyrja það: „Hefurðu einhvern tíma heyrt einhvern segja þetta?“<sup>628</sup> Telur Bly að þeir Whitman, Pound og William Carlos Williams hafi fyrstir skálda „skerpt hlustir okkar fyrir ensku og bandarísku talmáli“ sökum „sannfæringar þeirra að ljóð megi yrkja með hrynjandi talaðs máls að vopni.“<sup>629</sup> Áherslu þeirra Whitmans, Pounds og Williams á hið lifandi talmál má þó einnig greina í ljóðum Emily Dickinson. Hér mætti til að mynda benda á upphafslínu ljóðs F591, því enda þótt efast megi um að nokkur hafi „einhvern tíma heyrt“ einhvern segja „I heard a Fly buzz – when I died –“, þá býr ljóðlínan eigi að síður yfir náttúrulegum, talmálskenndum blæ. Og raunar er það ekki síst í samslátt hins talmálskennda og óvænta sem ófáar ljóðlínur Dickinson sækja slagkraft sinn, og á stundum óhugnað. Hendingar á borð við „I felt a Funeral, in my Brain“ (F340), „Because I could not stop for Death – / He kindly stopped for me –“ (F479) og „I like a look of Agony, / Because I know it’s true –“ (F339) eru dæmi þar um; talmálskenndar yrðingar sem slá lesandann kaldan.

Á meðal þeirra fræðimanna sem vitnað hefur verið til sem málsvara þess viðhorfs að í ljóðagerð Dickinson megi sjá módernísk, eða öllu heldur *for*-módernísk einkenni, er bandaríski bókmenntafræðingurinn Jay Ladin. Í grein sinni „Breaking the Line“ færir Ladin rök fyrir því að þankastrík og málbeiting Emily Dickinson hafi með áður óþekktum hætti fært athygli lesandans „frá stærri einingum ljóðmálsins (þ.e.a.s. setningum og málsgreinum) til hinna smærri; afmarkaðs orðalags, orða eða jafnvel einstakra atkvæða.“<sup>630</sup> Þessi áhersla Ladins á *afmörkun* kemur heim og saman við hugmyndir Swedenmarks um frasann sem afmarkandi, einangraða byggingareiningu, sem og þá röksemd Susan Bassnett að í hinni módernísku uppsetningu óhefðbundinna línuskiptinga – sem Ladin segir að Dickinson sé óbeint forsprakkinn að í krafti þankastríka sinna – búi að „sérhver „lína“ [feli] í sér hugmynd“ og að „merkingin í heild sinni“ ráðist af því „hvernig órökræni frumþættir tengjast innan formgerðar sem virðist rökræn og reglubundin.“<sup>631</sup> Með öðrum orðum, þá er módernísk ljóðagerð samansett úr afmörkuðum heildum („frumþáttum“ eða „frösum“), og sú „allsherjarheild“ sem raðast upp stærri en einstakar heildir ljóðsins samanlagðar.

Hugmyndir þeirra Bassnett, James, Porters, Swedenmarks og Ladins skarast og tengjast á ýmsa vegu, og búa hver á sinn hátt að baki hinni „módernísku“ þýðingu ritgerðarhöfundar á ljóði F591:

- i. Hin móderníska, „týpógrafíska“ uppsetning línuskiptingarinnar og margföld merkingarbærni hennar, með hliðsjón af umfjöllun Bassnett;

<sup>628</sup> Robert Bly. „The Eight Stages of Translation“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*, 1984, bls. 76.

<sup>629</sup> Sama rit, bls. 77.

<sup>630</sup> Jay Ladin. „Breaking the Line. Emily Dickinson and William Carlos Williams“. *The Emily Dickinson Journal*. 3. árg., 1. tbl., 1994, bls. 42.

<sup>631</sup> Susan Bassnett. *Translation Studies*, 2014, bls. 112–113.

- ii. Clive James og David Porter og for(m)-módernískur leikur Dickinson að mál- og setningarfræði ljóða sinna, leikinn af „stakri hind“ að mati Porters;
- iii. John Swedenmark og frasinn sem afmörkuð grunneining hins móðerníska ljóðs, sbr. einnig umfjöllun Bassnett um þær afmörkuðu heildir sem línuskiptingar hins móðerníska fríljóðs skapa;
- iv. Robert Bly, William Carlos Williams (og að hluta til Swedenmark) og hrynjandi hins lífandi talmáls sem einkenni móðernískrar ljóðagerðar, nokkuð sem David Porter, Cristanne Miller, William Carlos Williams og fleiri telja að megi víða greina í ljóðum Dickinson;
- v. og loks Jay Ladin og áhersla hans á þankastrík og málbeitingu Dickinson sem eins konar forvera hinnar móðernísku línuskiptingar, með áherslu á hinar smærri, afmarkaðri eigindir ljóðmálsins, sbr. einnig umfjöllun Swedenmarks um frasann og Bassnett um hinar afmörkuðu „línu-heildir“ hins móðerníska fríljóðs.

Þessar bollaleggingar liggja að einhverju leyti til grundvallar þeirri aðferð ritgerðarhöfundar að skipta ferhendum Dickinson í ljóði F591 upp í sjálfstæðari línur og „erindi“ en raunin er í frumtexta, hvort sem litið er til framsetningar Johnsons og Franklins eða áherslu Susan Howe, Ann Jäderlund og annarra á framsetningu sjálfra handritanna.

Einhverja lesendur, sem eru nákomnir ljóðum Dickinson og þeim svokallaða „sálmabrag“ sem einkennir þau flest, kann að reka í rogastans andspænis hinni íslensku gerð ljóðs F591. Þýðingaradferðina mætti þó kannski í og með réttlæta með því að vísa til viðbragða fyrstu lesenda Dickinson við ljóðum hennar, þegar þau voru gefin út að henni látinni árið 1896. Víst er að margir ráku upp stór augu, svo óvanalegt sem form Dickinson, orðfæri, greinarmerkjasetning og efnistöð voru, jafnvel þótt búið hefði verið að „lagfæra“ eða „leiðrétta“ ljóð hennar á ýmsa vegu og færa nær viðteknum ljóðasiðum. Ætti þýðandi ef til vill að freista þess að endurskapa þessa undrun lesenda með einhverjum hætti – til dæmis með enn róttækari þýðingu en hér er boðið upp á – vilji hann vera trúr frumtexta sínum í hvívetna, og þá kannski ekki síst *upprunalegum ábrifum* hans?

Í aðferð ritgerðarsmiðs felast að sumu leyti tjáskipti í þýðingu; 19. aldar form Emily Dickinson er hér þýtt með öðru og nýlegra formi, þar sem í stað þess að þýða erindi fyrir erindi er þess freistað að „stemma af frasa fyrir frasa“ með móðernískum hætti.<sup>632</sup> Til að mynda er fyrsta lína lokaerindis frumtextans, „With Blue – uncertain – stumbling Buzz –“ látin standa heil í þýðingu, „með Bláu – óvissu – hrasandi – Suði“, enda má færa fyrir því rök að hér sé um

<sup>632</sup> John Swedenmark. *Baklängesöversättning och andra texter*, 2011, bls. 105.



afmarkaðan frasa að ræða, „óviss“ og „hrasandi“ þótt hrynjandi hans sé. Þó er ekki endilega svo, að mati Swedenmarks, að *frásinn* og *ljóðlínan* séu eitt og hið sama; frasi getur náð yfir margar ljóðlínur, hann fellur ekki endilega saman við bragheild vísuorðs. Þá getur einstakt orð í línu staðið sem frasi. Orðið „Assignable“ hér mætti til að mynda líta á sem afmarkaðan frasa, ekki síst sökum þeirrar brag- og merkingarþungu áherslu sem á það er lögð með línuhlaupi annarrar og þriðju línu erindisins:

I willed my Keepsakes – Signed away  
What portion of me be  
Assignable – and then it was  
There interposed a Fly –

Þennan frasa er orðið „Hluta“ að einhverju leyti látið endurspegla í þýðingu, og til að undirstrika vægi þess í hrynjandi og uppbyggingu þýðingarinnar er það látið mynda sérhljóðarím við orðið „Fluga“:

Ég arfleiddi og framseldi  
mína Erfanlegu  
Hluta – og þá var það  
að skarst í leikinn  
áður nefnd Flugu –

Grunnurinn að hinni módernísku línuskiptingu, að brotakenndri framsetningu, að rofinu sem merkingarbæru, að hinni módernísku, „týpógrafísku“ uppsetningu, að hrynjandi og raddblæ lifandi talmáls og að hinum afmarkaða frasa sem grunneiningu hins móderníska ljóðs – allt er þetta til staðar í ljóðum Emily Dickinson. Þýðingin endurspeglar þá túlkunaráherslu, enda sú áhersla hluti af „forþekkingu“ þýðanda; hún er hluti af þeim verkfærum sem hann hefur úr að velja þegar kemur að því að finna ljóðlínunum Dickinson „jafngildan“ búning á íslensku.

En jafngildið er viðsjálf, og aldrei eitt eða afmarkað. Annar þýðandi – annar *höfundur* – kann að sjá í ljóðum Emily Dickinson aðra virkni og leggja áherslu á aðra þætti. Benda má á þýðingar Hallbergs Hallmundssonar, sem byggja á annars konar jafngildisleit en þeirri sem hér hefur verið höfð til hliðsjónar. Það er ekki síst hin íslenska ferskeytluhefð sem Hallberg mátar Dickinson-þýðingar sínar við, með tilheyrandi áherslu á jafna hrynjandi og hljóðstafi eins og rætt er annars staðar í þessari ritgerð. Útkoman er talsvert frábrugðin þeirri þýðingu sem hér hefur verið til umfjöllunar. Dæmi má taka af fyrsta erindi ljóðs F591 í þýðingu Hallbergs:

Það suðaði fluga sem ég dó.  
Og svo var þögnin rík

I heard a Fly buzz – when I died –  
The Stillness in the Room

í kringum mig að kyrrð á milli  
kippa storms var lík.<sup>633</sup>

Was like the Stillness in the Air –  
Between the Heaves of Storm –

Í grunninn er hugsunin þó sú sama, þótt útkoman sé gerólík: að endurskapa í þýðingu vissa formlega hefð (hefð ferskeytlunnar í tilviki Hallbergs, hefð hins móðerníska fríljóðs í tilviki ritgerðarhöfundar) sem þýðandi telur sig sjá vísi að í ljóðagerð Emily Dickinson. Svo ólíkar „niðurstöður“, þótt jafngildisleit sé höfð að leiðarljósi, eru til marks um hversu sveigjanlegt þýðingarferlið er, enda má færa fyrir því rök að báðir þýðendur í þessu tilviki séu trúir frumtexta sínum – þótt ekki séu þeir trúir á sama hátt.

---

<sup>633</sup> Emily Dickinson. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson, 2002, bls. 66.

*Eilífðarhafið*

F720

Einsog Hafið myndi greinast  
og sýna annað Haf –  
og það – enn annað –

Og þau Þrjú væru bara  
til marks um ókunn Höf  
enn án Stranda –

Óorðin Höf  
Óorðinna Sanda –

Þannig  
um Aldir Alda –

As if the Sea should part  
And show a further Sea –  
And that – a further – and the Three  
But a Presumption be –

Of Periods of Seas –  
Unvisited of Shores –  
Themselves the Verge of Seas to be –  
Eternity – is Those –

Tvívæðnin sem felst í „Aldir Alda“, með hliðsjón af sjávarmyndmáli Dickinson, var í raun of freistandi til að grípa ekki tækifærið. Þá er sú tviéggjaða tenging við trúarorðræðu guðsþjónustunnar sem í orðalaginu er fólgin í góðu samræmi bæði við gamansemi Dickinson þegar kemur að kristinni kenningu sem og við þá leiki í meðförum máls og merkingar sem hún grípur gjarnan til. Með því að taka ekki fram, með beinum hætti, að hér sé átt við „Eilífðina“, má enn fremur segja að ljóðið (eða öllu heldur þýðingin – því frumtextinn tekur af öll tvímæli um yrkisefnið) sverji sig í ætt við gátuljóð Dickinson, þar sem lesanda er í reynd boðið að „leysa“ ljóðið; nokkuð sem fyrstu ritstjórar Dickinson gerðu allajafna sjálfir, með því að setja skýrandi titla við ljóðin.

Um „eilífðarhafið“ hafa önnur skáld ort. Þótt það sé einkum gert til gamans hér, má benda á að svona kemst Jón úr Vör til að mynda að orði í ljóði sínu „Lítill skel“ úr *Þorpinnu*, með nokkuð annarri áherslu en skáldsystir hans í Vesturheimi:

Eilífðarhafið  
er kannski  
lítill pollur.<sup>634</sup>

---

<sup>634</sup> Jón úr Vör. „Lítill skel“. *Þorpíð*, 1988, bls. 27.

*Hinn skapandi (mis)skilningur*

F785

Það féll svo lágt – í Áliti –  
að skall á botni Hugans –  
og brotnaði – svo mátti  
ei til annars duga –

En Örlögin sem mölvuðu  
áfelldist ég – *minna*  
en Sjálfa Mig,

að geyma Leir og Silfurstell  
hlið við hlið –

It dropped so low – in my Regard –  
I heard it hit the Ground –  
And go to pieces on the Stones  
At bottom of my mind –

Yet blamed the Fate that fractured – *less*  
Than I reviled Myself,  
For entertaining Plated Wares  
Opon my Silver Shelf –

Hvað „stjórnar“ misskilningi, hvaða óljósu hugrenningartengsl eru að störfum? Að öðlast skilning á einhverju – ljóði, stærðfræðisetningu, sagnfræðilegum atburðum, eigin tilfinningalífi eða öðru – er í eðli sínu ferli sem segja má að byggist á því að *raða saman brotum þar til heildarmyndin birtist*. Í sumum tilvikum er óhjákvæmilega um fleiri en eina slíka heildarmynd að ræða (ljóð eiga sér vissulega fleiri en eina, óskoraða, algilda skynheild) á meðan skilningsferlið í öðrum tilfellum á sér einn og aðeins einn lokapunkt (hinn algildi sannleikur stærðfræðisetningarinnar). Í sjálfu sér er ferli misskilningsins – þegar að ljóðalestri kemur hið minnsta – spegilmynd þessa skilningsferlis. Í viðleitni sinni til að öðlast skilning raðar lesandi saman ólíkum brotum, þeim vísbendingum sem hann telur sig koma auga á í texta ljóðsins, þar til sannfærandi heildarmynd hefur verið dregin upp. Lesandi getur með öðrum orðum fært rök fyrir birtingarmynd misskilnings síns, að baki henni eru meðvitaðar, rökréttar ákvarðanir. En ef til vill eru fleiri og umfram allt *duldari* öfl að verki í skilningsferlinu en hin kalda rökvísi – ekki síst þegar kemur að svo huglægri iðju sem lestur og túlkun ljóða óneitanlega er, þar sem *skynjunin* leikur svo stórt hlutverk. Systrasagnirnar *skilja* og *skynja* verða ekki svo auðveldlega skildar hvor frá annarri.

Í ljóði F785 virðist tekist á um orsakir þess að hið ótilgreinda *það* „féll svo lágt“ að ljóðmælandi heyrir það skella „á botni Hugans“. Hún áfellist þó „Örlögin sem mölvuðu“ ekki jafnhart og „Sjálfa [S]ig“ fyrir að svo hafi farið. Upphaflega áleit ritgerðarhöfundur að ljóðmælandi telji sökina sína þar sem hún hafi geymt *gullbryddað* (e. „plated“) stell á

„Silfurhillu“ sinni. Lýsingarorðið „plated“ getur þó einnig táknað bryddingu úr silfri.<sup>635</sup> Þá getur orðaparið „Plated Wares“ falið í sér borðbúnað sem er *alfarið* steiptur úr silfri, ekki eingöngu skreyttur gull- eða silfurröndum. Þegar nánar var að gætt ollu þessir mismunandi túlkunarmöguleikar þýðanda því talsverðum heilabrotum, að ákvarða hvort um *gull-* eða *silfur*bryddingu væri að ræða, sem og hvort álíta skyldi þann borðbúnað sem myndmál ljóðsins hverfist um *gegnbeilan* silfurborðbúnað eða eingöngu *bryddaðan* gulli eða silfri. Ástæðan fyrir hinum misráðna geymslustað „þess“ bögglaðist um leið fyrir brjósti ritgerðarhöfundar: eru mistök ljóðmælanda þau að hafa stillt *gullslegnum* borðbúnaði upp á *silfurhillu* sinni, eða þau að hafa lagt *bryddað* stell á sömu hillu og *gegnbeill* silfurborðbúnaður er geymdur á?

Orðaparið „Silver Shelf“ skildi sá sem hér skrifar umsvifalaust sem „hilluna undir silfurstellið“ fremur en „hillu úr silfri“ eða jafnvel „hillu undir skrautmuni úr silfri“, og réð þar vísast mestu sú íslenska talvenja að beita nafnhvörfum og tala um „silfrið“ þegar um silfurborðbúnað er að ræða. Fyrsta stig (mis)skilnings ritgerðarhöfundar, eins og áður segir, var því að álíta sem svo að í ljóði sínu stilli Dickinson upp eins konar andstæðum, hinum æðra góðmálmi gullinu og silfri sem óæðri málmum í samanburði, og að myndmál sitt dragi hún af borðbúnaði líkt og í ljóði F706, þar sem „Líf“ ljóðmælanda og elskhuga er líkt við „Bolla úr / sprungnu Sparistelli –“. Mistök ljóðmælanda hafi því verið að skipa hinu „gullbryddaða Stelli“ ekki í öndvegi í huga sér, á ótilgreindri „Gullhillu“, heldur skör lægra, á „Silfurhillunni“. Fyrsta uppkast að þýðingu ljóðsins hljómaði því svo, þar sem innrím „*brotna*“ og „*botni*“ og sérhljóðarím „*Örlögin*“ og „*mölvuðu*“, „*Mig*“ og „*Silfurhillunni*“ er látið duga:

Svo lágt – í mínum Augum

féll það til Jarðar –

að ég heyrði það brotna

á botni Hugans –

En ég áfelldist Örlögin

sem mölvuðu – *minna*

en Sjálfa Mig,

fyrir að geyma gullbryddað Stell

á Silfurhillunni –

Sú túlkun að með orðalaginu „Plated Wares“ sé vísað til *gullbryddaðs* kostagrips, og mistök ljóðmælanda hafa verið að geyma svo dýrmætt góss með hinu óæðra silfri, verður þó að teljast

---

<sup>635</sup> Að „plated“ geti hvorttveggja vísað til gull- og silfurbryddingar fær stuðning af ljóði F864, sem hefst svo: „A Plated Life – diversified / With Gold and Silver Pain“.

langsótt þegar nánar er að gáð. Reynslan kennir okkur að manneskjur „falla í Áliti“ vegna hegðunar sinnar, einhvers sem viðkomandi verður uppvís að. Því má ætla að breytni hins ótilgreinda „það“ í ljóði F785 hafi orsakað fall þess „í Áliti“ ljóðmælanda. Er hann reyndi að koma rökvisi ljóðsins betur heim og saman í huga sér, sá ritgerðarhöfundur því að í fyrri túlkun hans væri sitthvað mál(m)um blandið. Eðlilegra væri að rekja sjálfsásökun ljóðmælanda til bláeygðs sakleysis: að hafa treyst og talið sig sjá *gegnheilt* gull eða silfur í manneskju sem væri, þegar betur væri að gáð, úr óæðra efni en svo, fremur en að mistök ljóðmælanda hafi falist í því að staðsetja gullmuni „á Silfurhillu“ sinni. Þetta uppgötvar ljóðmælandi að fenginni sárrí reynslu. Orðaparið „Plated Wares“ má enda skilja sem „gull-/silfurbryddað stell“, með áherslu á *bryddinguna*, röndina, fremur en að um gegnheilan borðbúnað úr góðmálmi sé að ræða. Næsta þýðingaruppkast var því á þessa leið:

Það féll svo lágt – í Áliti –  
að skall á botni Hugans –  
og brotnaði – svo mátti  
ei til annars duga –

En Örlögin sem mölvuðu  
áfelldist ég – *minna*  
en Sjálfa Mig,

að geyma Leir og Silfurstell  
hlið við hlið –

Auk hálfríms „félfr“ og „skalfr“ bættist heilrími við fyrsta erindið með tilvísun til vísu Sigurðar Elíassonar um „Litlu fluguna“, þótt ýmsir kunni að telja að með þessum „innflutningi“ úr öðru kvæði sé nokkuð langt seilst. Þá hafa „Steinarnir / á botni hugans“ ekki skilað sér yfir þýðingarmærin. Á móti kemur að hljómfall erindisins er öllu klíðmýkra en áður, bæði með rími „botni“ og „brotnaði“, „Hugans“ og „duga“, sem og með á-hljóðum í þremur áhersluatkvæðum („lágt“, „Áliti“, „mátti“), sem tekin eru upp í miðerindi þýðingarinnar („áfelldist“, „Sjálfa“). Þá hefur orðaröð miðerindisins verið hnikað ögn til og hrynjandi þess gerð jafnari, auk þess sem þýðingin „skartar“ gegnumgangandi l-hljóðum.

Helsta breytingin er þó lokaerindi þýðingarinnar, sem er eftir sem áður aðskilið frá miðerindinu til áhersluauka, til að undirstrika þann lærdóms- eða spakmælatón sem í lokálinum Dickinson er fólgin. Í stað hins „gullbryddaða Stells / á Silfurhillunni“ er nú talað um „að geyma Leir og Silfurstell / hlið við hlið“. Sérhljóðarím i-hljóðanna („Mig“, „hlið“) er skýrara fyrir vikið og hin þunga áhersla lokaatkvæðisins eðlilegri en fyrr, auk þess sem skothending „áfelldist“ og „Silfurstell“ hefur bæst við rímskraut ljóðsins. Helsta frávikid felst þó í „Leirnum“.

Með andstæðupari hins lága „Leirs“ og hins dýra „Silfurs“, sem byggingarefni borðbúnaðarins, er dreginn upp enn afdráttarlausari samanburður en áður, í samræmi við þann upprunalega skilning ritgerðarhöfundar að með hinu „gullbryddaða Stelli“ og „Silfurhillunni“ hafi Dickinson viljað stilla upp tveimur gagnólíkum manngerðum. Munurinn er þó sá að í stað þess að mistök ljóðmælanda hafi verið að skipa kostagripi úr gulli *lagra* en efni standa til (á „Silfurhillunni“), eru þau nú fólgin í því að hafa stillt hinum fábrotna leir *hærra* en innihaldið segir til um: innan um gegnheila dýrgripi „Silfurhillunnar“. Það sem var áður mikils metið hefur ljóðmælandi áttað sig á að þolir illa hnjask, hvað þá fall.

En hvers vegna „Leir“, hvaða óljósu hugrenningatengsl eru hér að störfum? Eftir á að hyggja kunna „Leirkarlsvísur“ Hallgríms Péturssonar að hafa búið að baki. Hallgrímur líkir hinu forgengilega efni sjálfs sín við leirkrúsina sem hann drekkur öl sitt úr, með þeim orðum að „báðum er við broti hætt, / byltur þolum við ekki“.<sup>636</sup> Líkingamálið eiga þau Dickinson því sameiginlegt. Jafnframt kann hið brotgjarna eðli leirsins að hafa orkað á hugann. Matarstell úr postulíni sem skreytt er gull- eða silfurröndum brotnar vissulega ef það fellur til jarðar. Borðbúnaður sem alfarið er steypdur úr silfri lifir hins vegar fallið af – nokkuð sem „leirkarl“ Dickinson gerir sannarlega ekki þegar hann veltur fram af hillunni.

Þýðing ljóðsins er þó eftir sem áður „röng“. „Plated Wares“ merkir ekki „Leir[stell]“. Enn annar túlkunarmöguleiki er sá að „Plated Wares“, í merkingunni „borðbúnaður“, eigi ekki heima á „Silfurhillunni“, í merkingunni hilla undir „skartgripi úr silfri“. Þau mistök sem ljóðmælandi hefur gerst sek um eru því að hafa álitid hversdagslega nytjahluti á borð við súpuskálar og kökudiska eiga heima á sama stað og dýrmætir skrautmunir. En hvað sem allri ónákvæmni og frávikum frá beinni merkingu frumtexta líður, þá er sá sem hér skrifar ánægðari með síðari þýðingartilraun sína en þá fyrri, og telur að hún standi betur á eigin fótum, sem merkingarbært ljóð – að burtséð frá „Leirnum“, sem ekki er að finna í frumtexta Dickinson, sé síðari þýðingartilraunin ekki alveg sami leirburður og sú fyrri! Um leið hefur með „Leirnum“ nýju, sjálfsvísandi merkingarlagi verið lætt inn í þýðinguna, sem snýr að sjálfri ljóðlistinni.

Og nú þegar ritgerðarhöfundur rýnir aftur í frumtextann, sér hann enn eitt atriðið sem kann að hafa orkað með duldu hætti á undirvitund hans, stýrt skynjun hans á þeirri ótilgreindu manneskju sem Dickinson yrkir ljóð sitt um, stuðlað að (mis)skilningi hans eins og hann birtist í þýðingunni: enska orðið „Plated“ geymir í sjálfum stafkrókum sínum íslenska orðið „Plat“.<sup>637</sup>

---

<sup>636</sup> Hallgrímur Pétursson. „Skyldir erum við skeggkarl tveir“. *Hallgrímsskver. Ljóð og laust mál*, 2014, bls. 188.

<sup>637</sup> Hér mætti sömuleiðis vísa til upphafslína ljóðs F1514: „A Counterfeit – a Plated Person – / I would not be –“, sem rennir frekari stoðum undir þá túlkun að með orðalaginu „Plated Wares“ gefi Dickinson „falska“ eða „ógegnheila“ manngerð til kynna.

### *Eftirskrift við þýðingu F785*

Við glöggan yfirlestur á lokastigum þessarar ritgerðar var höfundi bent á að skilningur hans á „plated“ væri ekki allskostar réttur. Hvorki sé um gull- eða silfur**bryddingu** né þaðan af síður *gegnbeilan silfurborðbúnað* að ræða, heldur merkir lýsingarorðið „plated“ einfaldlega að sá borðbúnaður sem Dickinson lýsir er silfur**húðaður**. Og sú húð getur auðveldlega máðst af við meðhöndlun og notkun, og þar með afhjúpað öllu ómerkilegri málmblöndu. Ljóðmælandi átelur sig því fyrir að hafa lagt óekta, húðað „silfur“ á hilluna með gegnheilu silfurmununum sínum. Um leið liggur rökvísi ljóðsins mun skýrar fyrir og allar hinar þvældu bollaleggingar ritgerðarsmiðs hér að framan um bryddingar og málmtegundir óþarfar, skornar burt með rakhnífi Ockhams svo eftir stendur einföld skýring.

Hinn margfaldi misskilningur ritgerðarhöfundar á merkingu orðsins „plated“ kemur þó að einhverju leyti í sama stað niður, með hliðsjón af *réttri* merkingu orðsins. Í frumtexta jafnt sem þýðingu er stillt upp andstæðum og afleiðingum þess að láta blekkjast, að greina ekki hið rétta eðli, flagðið sem leynist undir hinu fagra skinni. Hvernig *sá* misskilningur kom til er skýrari í frumtexta, með því falska yfirborði sem silfurhúðin gefur til kynna. Ef til vill vinnst þó eitthvað með hinum brothætta, lága leir og merkingarsviðum hans í íslensku máli.

Um leið má framangreind umfjöllun, svo þvæld sem hún óneitanlega er, vera til vitnis um þá stöðugu skilningsbaráttu sem þýðandi heyr við texta sinn, og verður stundum undir í. En jafnvel þótt svo sé, líkt og raunin er í þýðingu ritgerðarhöfundar á ljóði F785, þá kann sá rökfasti, skapandi skilningsandi sem allajafna ræður för í störfum þýðandans að bæta upp fyrir misskilninginn. Jafnvel í „rangri“ þýðingu getur „réttri“ merkingu verið komið á framfæri.



*Hin ómælanlega ást*

F812

Ástin er eina  
Mælistika sín –

„Jafnstór og ég“ –  
mælir Sólin  
við Þann sem aldrei fann  
hennar skin –

En hún á sér ekki  
annan Líka  
að vin –

Love reckons by itself – alone –  
“As large as I” – relate the Sun  
To One who never felt it blaze –  
Itself is all the like it has –

Í orðalaginu „mælir Sólin“ býr tvíræðni; orðin geta bæði þýtt *segir Sólin* sem og táknað *málingu* Sólarinnar, í samræmi við umfjöllunarefni ljóðsins. Þá er orðalagið „hennar skin“ sömuleiðis tvírætt, enda getur „skinið“ vísað bæði til „Ástarinnar“ og „Sólarinnar“.

Ríflega öld síðar má segja að austurríska ljóðskáldið Erich Fried hafi tekið upp þráðinn frá Dickinson í kunnu ljóði, „Was es ist“, sem hljómar svo í þýðingu Gauta Kristmannssonar:

*Það sem það er*

Það er rugl  
segir skynsemin  
Það er það sem það er  
segir ástin

Það er óhamingja  
segir slægðin  
Það er bara sársauki  
segir óttinn

Það er vonlaust  
segir forsjálinn

Það er það sem það er  
segir ástin

Það er hlægilegt  
segir stoltið  
Það er léttúðarfullt  
segir varkárnin

Það er ómögulegt  
segir reynslan  
Það er það sem það er  
segir ástin<sup>638</sup>

Það er engu líkari en Fried spinni hér við örljóð Dickinson um ástina og hvernig best sé að gera grein fyrir henni – átta sig á, mæla umfang hennar og eðli. Hjá Dickinson er það einungis „Sólin“ sem leggur mat á ástina (fyrir utan afstöðu ljóðmælanda). Í ljóði Frieds taka aftur á móti skynsemin, slægðin, forsjálinn, stoltið, varkárnin og reynslan öll til máls – auk ástarinnar sjálfrar. Niðurstaðan er þó keimlík. „Itself is all the like it has“ segir Dickinson, „Es ist was es ist“ segir Fried. Ástartilfinningin er án hliðstæðu, án viðjöfnunar: „[H]ún á sér ekki / annan Líka / að vin“.

---

<sup>638</sup> Erich Fried. „Það sem það er“. <http://hugras.is/2011/01/erich-fried-ra%C3%B0stafanir/>. Þýð. Gauti Kristmannsson. Sótt 12. ágúst 2019. Ljóðið birtist fyrst í samnefndri bók Frieds, *Es ist was es ist*, 1983.

*Dauðans dýrðlega flokkun*

F836

Litaraft – Kirkjudeild – Stétt –  
Tíminn fæst  
við slíkt –

Dauðans  
dýrðlegri Flokkun  
ragar það lítt –

\*

Líkt og svefninn – gleymir Litnum –  
og um Lögmál  
ekki spurt –

má Dauðans stóru  
Altæku fingur  
Brennimarkið burt –

\*

Frá Kákasus – kærir sig  
jafn kollóttan – og  
skríði úr Púpu –

Ljós eða Dökk –  
Fiðrildi rís  
úr þeim Hjúpi –

upp úr  
Myrkursins djúpi –

\*

Color – Caste – Denomination –  
These – are Time’s Affair –  
Death’s diviner Classifying  
Does not know they are –

As in sleep – all Hue forgotten –  
Tenets – put behind –  
Death’s large – Democratic fingers  
Rub away the Brand –

If Circassian – He is careless –  
If He put away  
Chrysalis of Blonde – or Umber –  
Equal Butterfly –

They emerge from His Obscuring –  
What Death – knows so well –  
Our minuter intuitions –  
Deem unplausible

Því það sem Dauðinn – skilur –  
skiljum við, skilningssljórrí –  
miður

Ef til vill mætti draga ljóð Dickinson um „Dauðans dýrðlegri Flokkun“ saman með þekktri vísu Hallgríms Péturssonar um hið endanlega jafnræði manna, þegar „maktin minnkar“ og ytri aðgreining tímans („Litarhaft – Kirkjudeild – Stétt –“) hverfur í duftið:

Þó á þér skíni útlensk draktin,  
yfirlætis og visku praktin,  
trú þú mér að minnkar maktin  
af möðkunum þá snæðist.  
Hold er mold  
hverju sem það klæðist.<sup>639</sup>

Eins og Helen Vendler bendir á, er drjúgt sem hangir á spýtunni í þessari „hávaðalausú stefnuyfirlýsingu Dickinson gegn mismunun, hvort sem hún byggir á hörundslit, þjóðfélagsstétt eða trúarafstöðu“.<sup>640</sup> Leiðir Vendler að því líkur að „Brennimarkið“ vísi til þess níðingsskapar þrælaeigenda allt fram á daga Dickinson (ljóðið er ort 1864) að brennimerkja þræla sína með glóandi járnteini. Sú háleita þjóðfélagssýn sem hafði birst í „sannindum auðsæjum af sjálfum sér“, í þeim fyrirheitum Sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjanna frá árinu 1776 að sérhver einstaklingur sé „af skapara sínum gæddur ýmsum ósvifanlegum réttindum“, og að á meðal þeirra réttinda séu „líf, frelsi og viðleitni til velvegunar“, hefur ekki náð fram að ganga.<sup>641</sup> Það er aðeins hinn altæki, „demókratíski“ Dauði sem lítur alla sköpun jafna, allt frá byggiendum hinna framandi Kákasusfjalla Asíu til púpanna í trjágarði Dickinson sem fiðrildin klekjast út úr, og „skilur“ það jafnrétti sem við „skiljum miður“.

Lirfumyndmál Dickinson má svo lesa á tvenna ólíka vegu. Að því leyttinu til sem Dauðinn er frjómagn þess lífs sem nærast á og sprettur „upp úr Myrkursins djúpi“, er ljóð F836 strangheiðið og hringrásin sem lýst er jarðnesk. En fiðrildið er sömuleiðis gamalkunnugt ták sálarinnar, sem „rís upp“ af hinu jarðneska efni sínu, af hylkinu sem umlykur hana eins og púpa, en hefur við ævilok þjónað hlutverki sínu. Eins og svo víða í höfundarverkinu má því gera Dickinson talsmann tveggja innbyrðis ósamrýmanlegra lífsviðhorfa, í einu og sama ljóðinu.

---

<sup>639</sup> Hallgrímur Pétursson. „Sú er raun, það sannast víða“. *Hallgrímskver. Ljóð og laust mál*, 2014, bls. 249.

<sup>640</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 349.

<sup>641</sup> Hér er vitnað til þýðingar Jóns Ólafssonar ritstjóra á „Sjálfstæðis-uppkvæði Bandaríkjanna“ sem birtist árið 1887 í *Íslenskt vikublað. Sýnisblað*, 1. árg., 1. tbl., bls. 3.

*Orðin sem við segjum*

F913

Orðin sem við segjum –  
að ógrunduðu Máli –  
eru stundum Neistinn  
sem tendrar Bálið –

A Man may make a Remark  
In itself – a quiet thing  
That may furnish the Fuse unto a Spark  
In dormant nature – lain –

Deilum því – með hygð –  
Mælum því – af mildi –  
Í Kolunum býr Tundrið  
sem verður að Eldi –

Let us divide – with skill –  
Let us discourse – with care –  
Powder exists in Charcoal –  
Before it exists in Fire –

Fyrri þýðingartilraunir fóru nær orðum frumtextans, sem má segja að hafi verið á kostnað þeirrar hnitmiðunar og vissrar upphafningar sem spakmælatónn Dickinson getur krafist í þýðingu:

Stundum segir Einhver Eitthvað –  
og meinar – ekki neitt –  
sem þó kann að tendra Neista einhvers  
sem lá grafið og gleymt –

Deilum því – með hygð –  
Mælum því – af mildi –  
Púðrið býr í Kolinu –  
áður en það býr í Eldi –

Til að nálgast hina knöppu tjáningu Dickinson, sem kallast má „atómskáld“ á sína eigin vísu, með þeim sprengikrafti sem losnar úr læðingi þegar orðvör ljóð hennar eru krufin – og *klefín* – til mergjar, vék ritgerðarhöfundur í síðari atrennu nokkuð frá orðréttri merkingu frumtexta. Samþjöppunin í tungutaki fyrra erindisins varð meiri fyrir vikið (13 orð í stað 20 áður), auk þess sem innrím („ógrunduðu“, „stundum“, „tendrar“, „Tundrið“, „Deilum“, „Mælum“) hjálpuðu til við að undirstrika betur en áður að Dickinson ætlar ljóði sínu að standa sem eins konar kjarnyrði eða meitlað viskukorn.

Ritgerðarhöfundur skilur ljóð Dickinson svo að ef við gætum okkar ekki, „(i)grundum“ ekki „Orð“ okkar, getur „Tundrið“ sem í „Kolunum/Orðunum“ er fólgið – og

er hættulaust sem slíkt, eitt og sér, ef enginn er „Neistinn“ – orðið að skæðum, óviðráðanlegum „Eldi“, með óafturkræfum afleiðingum.

Um „atorðin“ og „andsvörin“ sem særa eigum við raunar þekkt dæmi úr okkar eigin bókmenntum, og kannski ekki örgrannt um að eftirfarandi erindi úr „Einræðum Starkaðar“ hafi orkað með duldu hætti á ritgerðarsmið, bæði á túlkun hans og þýðingu:

Eitt bros – getur dimmu í dagsljós breytt,  
sem dropi breytir veig heillar skálar.  
Þel getur snúizt við atorð eitt.  
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.  
Svo oft leyndist strengur í brjósti, sem brast  
við biturt andsvar, gefið án saka.  
Hve iðrar margt líf eitt augnakast,  
sem aldrei verður tekið til baka.<sup>642</sup>

Hver málsgrein í ljóði Einars Benediktssonar stendur hér sem eins konar málsháttur eða orðskviður, en líkt og vikið hefur verið að fyrir á þessum blöðum nálgast mörg ljóða Dickinson líka eins konar spaklegar „einræður“ á köflum.

---

<sup>642</sup> Einar Benediktsson. „Einræður Starkaðar“. *Kvæðasafn*, 1994, bls. 425.

Hið lífvæna ljóð

F930

Skáldin tendra Lampa –  
fjara sjálf út –  
en Kveikir sem þau baða  
í lífsins Grút

The Poets light but Lamps –  
Themselves – go out –  
The Wicks they stimulate  
If vital Light

brenna einsog Sólar –  
Sérhver Öld Linsa  
sem stafar þeirra Bjarma  
til hinna –

Inhere as do the Suns –  
Each Age a Lens  
Disseminating their  
Circumference –

„Ég hef engar áhyggjur af því að ljóðlistin deyi, ef hún gæti það væri hún löngu dauð [...] það er lýrik í mannlegu eðli sem er ómissandi og verður ekki drepin – en tímarnir kalla mismikið á hana.“<sup>643</sup> Þessi orð Hannesar Péturssonar skálds má í raun lesa sem eins konar endursögn á ljóði Dickinson, sem yrkir hér á sína vísu um hina óbrotgjörnu minnisvarða sem ljóðskáldin hlaða og eru „haldbetri“ en mynd úr eir“, eins og segir í kunnri ljóðlínu rómverska skáldsins Hórasar um sama efni, þýddri svo af Helga Hálfðanarsyni.<sup>644</sup> Og hér má raunar benda á að í ljóði F1232 virðist Dickinson vitna til þessa þekkta kvæðis:

Heiðarlegt tár  
er haldbetra en Eir –  
Sá Minnisvarði hlotnist  
hverjum sem deyr –

An honest Tear  
Is durabler than Bronze –  
This Cenotaph  
May each that dies –

Það rís af sjálfu sér –  
eitt og sér til minja –  
Þakklætið varir  
meðan Bautasteinar hrynja

Reared by itself –  
No Deputy suffice –  
Gratitude bears  
When Obelisk decays

Keimlíkri hugmynd bregður jafnframt fyrir í lokaorðum *Ummyndana* Óvíðs, sem Kristján Árnason hefur þýtt svo:

<sup>643</sup> „Endurminningin merlar æ.“ Viðtal á fréttasíðu *Vísis*. 14. des. 2011. <http://www.visir.is/g/2011712149975/-endurminningin-merlar-ae>. Sótt 12. ágúst 2019.

<sup>644</sup> Hóras. „Minnisvarði“. Í *Skugga lárviðar*. Þýð. Helgi Hálfðanarson, 1991, bls. 62.

Verk ég til lykta hef leitt sem hvorki eyðandi eldur,  
Júpíters bræði né járn né tímans tönn munu granda.<sup>645</sup>

Þótt skáldin sjálf „f(j)ari út“ – „go out“ eins og Dickinson segir svo óformlega – er eitthvað í ljóðum þeirra sem „verður ekki drep[ð]“, eitthvað í þeim „varir“, svo lengi sem verkin hafa verið böðuð í „lífsins Grút“. „[Þ]að sem er stöðuglegt stofna [...] skáldin“ segir í einu ljóða Friedrich Hölderlins, í þýðingu Hannesar Péturssonar.<sup>646</sup> Ugglaut er orðalaginu „if vital Light“ hjá Dickinson ætlað að greina á milli leirskáldanna og þeirra sem standast tímans tönn, þeirra sem með einhverjum hætti hafa komist að kjarna þeirrar „lýríkur“ sem býr í „mannlegu eðli“.

Í ljóðum sínum skipa þeir Hóras og Óvíð sér á bekk með ókomnum stórskáldum eilífðarinnar, með því að leggja áherslu á eigin óbrotlegu afrek á ritvellingum, og það gerir Shakespeare einnig hér (í þýðingu Helga Hálfðanarsonar):

Hver konungs gröf með gullinn bautastein  
mun gleymast fyrr en þetta styrka ljóð<sup>647</sup>

Þá talar Einar Benediktsson á svipuðum nótum í ljóði sínu „Öldulíf“, þar sem segir að sá „deyr ei, sem heimi gaf lífvænt ljóð.“<sup>648</sup> Dickinson er ekki jafn rogginn eða sjálfhverf og skáldbræður hennar, heldur leggur fremur áherslu á skáldskaparlistina sem slíka, með hvaða hætti *hún sjálf* lifir. Myndmálið er sótt til ljósfræða, líkt og víðar (sjá t.d. F830). Þá eru „Linsur“ tímans sagðar „dreifa Umfedmi“ skáldsólanna („Disseminating their / Circumference“); ljóðskáldin eru með öðrum orðum líkt og vitar sem stafa bjarma sínum til allra átta. Í þýðingu fellur „Circumference“ brott, eitt af einkennisorðum Dickinson. Ef til vill vinnst nokkuð með sögninni „stafar“, en auk grunnmerkingar hennar hér – að dreifa ljósi – má segja að merkingaraukar hennar eigi jafnframt við, bæði *ad lesa staf fyrir staf* og *ad stafa e-ð fyrir e-n* í merkingunni að „útskýra“ eða jafnvel „tyggja ofan í“.

Þá bar ritgerðarsmiður enn fremur von til þess að í lokaorðum þýðingarinnar mætti heyra daufan enduróm af vísu Þórarins Eldjárns um vöxt og viðgang ljóðlistarinnar, sem fyrir sitt leyti er höfuðhneiging til hinnar kunnu ljóðlínu Þorsteins frá Hamri um að *ljóðið rati til sinna*. Ljóð Þórarins hverfist því í raun um sama efni og ljóð F930, sem og önnur sem hér hafa stuttlega verið gerð að umtalsefni, hin „lífvænu ljóð“, þótt tónninn sé öllu gamansamari:

<sup>645</sup> Óvíð. „Lokaorð *Ummyndana*“. Þýð. Kristján Árnason. Í *Það sem lifir dauðann af er ástin*, 2017, bls. 33.

<sup>646</sup> Friedrich Hölderlin. Ótitlað ljóð. *Lauf súlnanna*. Þýð. Hannes Pétursson, 1997, bls. 29.

<sup>647</sup> William Shakespeare. „Eilíf líf“. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Í *Á bnotskógi. Ljóðapýðingar*, 1955, bls. 41.

<sup>648</sup> Einar Benediktsson. „Öldulíf“. *Kvæðasafn*, 1994, bls. 410.



Víst er það löngu ljóst og bert  
að ljóðið ratar til sinna.  
Samt finnst mér ekki einskisvert  
að ýta því líka til hinna<sup>649</sup>

---

<sup>649</sup> Þórarinn Eldjárn. „Hagmælisgrei um ljóðið“. *Flattir og mörk*, 2005, bls. 26.

F1140

Eldingin er gulleitur Gaffall  
sem klaufskir fingur missa

yfir Borðum á Himnum,  
Stellið ógurmikla

á Setrinu sem aldrei sést að fullu  
né er að fullu myrkvað

Sú Vél Myrkraheimsins  
sem hulunni er svipt af –

The Lightning is a yellow Fork  
From Tables in the Sky  
By inadvertent fingers dropt  
The awful Cutlery

Of mansions never quite disclosed  
And never quite concealed  
The Apparatus of the Dark  
To ignorance revealed –

Ef til vill má „afsaka“ rímleysu „missa“/„-mikla“ með því að sömu sérhljóð, *i* og *a*, eru endurtekin í síðari erindum ljóðsins („myrkvað“ / „svípt af“). Hvað skiptingu ljóðsins í fjögur tveggja-lína erindi varðar, þá kom slík erindaskipting að mati ritgerðarsmiðs betra „skikki“ á hrynjandi þess; á flæði, áherslur og þagnir þýðingarinnar.

Um hvorugkynsmyndina „ógurmikla“ er það að segja að lýsingarorð þetta er að sönnu óvanalegt, og engar orðabækur sem leggja blessun sína yfir það. En Dickinson var þekkt fyrir að bregða út af alfaraleiðum tungumálsins, og þýðanda því ef til vill betur stætt en ella á þessari smíð. Orðsifjar „ógur-“ hafa verið raktar aftur til *ogre* á frönsku, „risi“, en risar geta sannarlega verið *ógur-legir*. Einnig er hugsanlegt að stofninn mega rekja til latneska orðsins *Orcus*, eða Hadesarheima, stað hinna dauðu, sem var réttnefndur „Myrkraheimur“. En æfingar á borð við þessar, þar sem orðsifjar eru raktar af mikilli veiðigleði á sem hentugasta staði út frá orðavali þýðingar, má nánast öruggt telja að séu víðs fjarri í huga lesanda, sem kemur ekki brynjaður slíkri forvitneskju að ljóðum Dickinson eða annarra skálda, hvort sem er í þýðingu eða á frummáli. Það má því heita varasamt að tefla fram slíkum „eltingarleikjum“ við orðsifjar sem rökstuðningi eða réttlætingu fyrir orðavali. Hins vegar eru þær, á sinn hátt, hluti af þýðingarferlinu, þær eru hluti af hugsun og þankagangi þýðanda, og því færðar hér til bókar.

*Hin þýða tónlist*

F1146

Mild sem fjöldamorð Sóla  
felldar af bjúgsverðum Kvöldsins

Soft as the massacre of Suns  
By Evening's Sabres slain

Ritgerðarsmiður skilur þetta hámoderníska ljóð Dickinson – myndin ein talar, í sem fæstum orðum, sem þar að auki búa yfir sinni eigin „blístrandí“ tónlist endurtekinnna s-hljóða – þannig að með „fjöldamorð[í] Sóla“ sé átt við að *sólirnar séu felldar*, ekki sé verið að vísa til þess sem *sólirnar fell*. Að „Sólirnar“ séu í fleirtölu virðist jafnvel geta vísað út fyrir okkar eigið sólkerfi, til annarra sólkerfa og þeirra glóandi himinhnatta þar sem einnig eru „felldir“ með geislum „bjúgsverðanna“. Þó má einnig líta svo á að „Sólirnar“ séu hér hinar mismunandi dagssólir, ólíkar frá degi til dags og ganga undir, þótt alltaf sé það sama Sólin sem skíni á himninum.

Hin undarlega, kosmólógíska mynd Dickinson virðist gera ráð fyrir því að geislarnir leiti *upp*, fremur en að þeir berist *að ofan*. Ef til vill mun þó slíkur lestur helstil bókstaflegur eða þröngur; víst er að ekki er um bókstafleg „stungusár“ að ræða, og enginn sem þrýstir sverðsoddunum, hvorki upp á við né niður. Yfir slíkar ímyndaðar stungur, í kviku sólarinnar, mætti þá hafa orðið „sólarlag“, í alveg nýrri merkingu! En nærtækara er að líta svo á að „bjúgsverð Kvöldsins“, hin hallfleytta birta kvöldgeislanna, sé hreinlega til marks um að degi er tekið að halla og líftími sólar þann daginn sé á enda runninn – skuggarnir lengjast og boða sólarlagið, líkt og í ljóði F487:

Forboðinn er Skugginn – á Flötinni – sem stækkar –  
til marks um að Sólin á himninum lækkar –

Presentiment – is that long Shadow – on the Lawn –  
Indicative that Suns go down –

Erfitt reyndist ritgerðarsmiði að endurskapa tónlist Dickinson í hinu sérdeilis knappa ljóði F1146. Í stað hinna endurteknu s-hljóða („Soft“, „as“, „massacre“, „Suns“, „Evening’s“, „Sabres“, „slain“) mætti þó koma við þónokkrum b-hljóðum án of mikils fórnarkostnaðar hvað merkingarvið ljóðsins varðar – ef unnt er, á annað borð, að skilja svo snyrtilega á milli forms og inntaks; að merkingin, eða hluti hennar alltént, sé ekki á einhvern óljósan en um leið ótvíræðan hátt bundin í hina formrænu þætti skáldskaparins:

Blítt sem blóðbað Sóla  
bragnar bjúgsverðum Kvöldsins

Ef til vill nálgast þessi þýðingartilraun þó ofstuðlun fremur en „þýða“ tónlist.

Þess í stað vonaðist ritgerðarhöfundur til að einhverjum vísi að hljómburði frumtextans mætti koma á framfæri með skothendingum í þýðingu, með hinni íslensku rímhefð dróttkvæðanna, þótt vissulega sé þar með leikið á annað hljóðfæri en upphaflega er gert (og mætti jafnvel hugsa sér að skipta „Mild“ út fyrir „Bljúg“, og kalla þar með fram innrím við „*bjúgsverðin*“):

*Mild* sem *fjöldamorð* Sóla  
*felldar* af *bjúgsverðum* *Kvöldsins*

*Dýrleg febrúartíð*

F1193

Pípurótarhvít

Lóbelíurauð

Hádegismánadýrleg

Febrúartíð –

White as an Indian Pipe

Red as a Cardinal Flower

Fabulous as a Moon at Noon

February Hour –

Febrúarmánudur getur orðið ansi grimmur á Nýja Englandi. Dickinson dregur þó upp litríka og „dýrlega“ mynd af þessum tíma árs. Einhverjir kunna að sjá í þessu sárafaldra ljóði (hripað með blýanti á blaðsnepil og sent Susan Dickinson) svokallaðan „blóðmána“ á frosthvítum himni, svo ljóðmyndin minnir einna helst á þjóðfána Japana, þótt á þeim „pípurótarhvíta“ fleti sé það sólin sem er „lóbelíurauð“. En hvernig svo sem myndin er túlkuð, er óhætt að segja að Dickinson sé hér ansi fjarri skáldsystur sinni Ingibjörgu Haraldsdóttur, sem öðru fremur undirstrikar *gráma* þessa mánaðar í einu ljóða sinna:

Fráleitt að eiga sér draum

í febrúar

fjúka um strætin

frá sér numin

í febrúar

– fráleitt<sup>650</sup>

Í þýðingu sinni hefur ritgerðarhöfundur lagt áherslu á *knappleikann* sem allajafna einkennir tjáningarmáta Dickinson. Til samanburðar hljómar þýðing Ann-Marie Vinde svo, með áherslu á svo til orðrétta endursköpun (en þó með athyglisverðri viðbót þankastriksins í þriðju línu):

Vit som spöklomman

röd som kardinallobelian

sällsam som en måne mitt på dan –

februaritimman –<sup>651</sup>

---

<sup>650</sup> Ingibjörg Haraldsdóttir. „Febrúar“. *Hvar sem ég verð*, 2002, bls. 22.


<sup>651</sup> Emily Dickinson. *Min flod flyter mot dig*. Þýð. Ann-Marie Vinde, 2010, bls. 55.

*Hin fátæklega veröld*

F1195

Veröldin er  
svo fátækleg  
frá því að Þú  
hlotnaðist mér –

Society for me  
my misery  
Since Gift of  
Thee –



652

Í fyrstu kann þetta brot eða „epígramm“ Dickinson að virðast fjarstæðukennt – að „Veröldin“ (sem má heita nokkuð frjálslæg þýðing á „Society“, en verður hér fyrir valinu sökum þess að orðið er atkvæði styttra en „Samfélagið“ eða „Mannfélagið“, auk þess sem kvenkynsnafnorð tryggir langt e-hljóð í „fátækleg“, til samræmis við önnur löng sérhljóð í lok ljóðlínanna fjögurra) sé „fátækleg[ri]“ eftir að ljóðmælandi kynnist þeirri manneskju sem í ljóðinu virðist ávörpuð. Ugglaut má skilja ljóðið sem svo að „samfélagslegar“ skyldur séu ljóðmælanda til ama, sem þrái aðeins að vera ein(n) með þeirri hjartfólgnu manneskju sem ort er til. Þó má einnig ímynda sér að Dickinson vegi herna á vogarskálum annars vegar „Veröldina“ og hins vegar þá manneskju sem hún hefur eignast, fengið að gjöf, og að í þeim samanburði sé jafnvel sjálf ver-öldin – manntíminn – fátækleg.


Enn önnur túlkunartilgáta væri loks sú að með orðinu „Gift“ vísi Dickinson til náðargjafar skáldskaparins (samanber orðalagið „to be gifted“). Hugsanlegt er því að í örljóði sínu ávarpi Dickinson hér skáldskapargáfuna, sem sé mannlegu samneyti betri, og má hér enn rifja upp þau orð Susan Dickinson að mágkona hennar hafi gjarnan haft félagsskap af „hinu mikla ríkidæmi eigin ímyndunarafls“ og setið „í skini eigin elds“.<sup>653</sup> Í þeim efnum mætti jafnframt vitna til ljóðs F1204:

<sup>652</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/239467](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/239467). Sótt 28. maí 2018.

<sup>653</sup> Richard B. Sewall. *The Life of Emily Dickinson*, 2000, bls. 671.

Skyldu þau koma – hef ég gripið til varna  
ljúft innilokuð – hérna

Lest they should come – is all my fear  
When sweet incarcerated – here



654

Hin nauðsynlega „ljúfa innilokun“ sem ljóðlistin krefst kemur hér skýrt fram. Um leið birtist Dickinson sem gerandi; hún skapar aðstæður sínar, líkt og rætt hefur verið fyrr á þessum blöðum, í stað þess að vera fórnarlamb óviðráðanlegra aðstæðna.

---

<sup>654</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/239367](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/239367). Sótt 28. maí 2018.

*Vitund og veigrun*

F1325

Ég frétti aldrei andlát  
án tilhugsunar um  
að Lífslíkurnar sanna  
útþurrkun,

svo sönn, í Dagsins önn,  
að hugurinn sem plægir  
það Hyldýpi, stöðugt,  
sturlast, annað slagið –

Feigðin hjúpar Beyginn  
Veigrunarorðum,  
Lífið deyðir  
lítið berum Augum –

Því veit ég engan dirfast  
að mæta í myrku Sundi  
þeim skæða fjanda – Vitund sinni  
vísvitandi –

I never hear that one is dead  
Without the chance of Life  
A fresh annihilating me  
That mightiest Belief,

Too mighty for the Daily mind  
That tilling its abyss,  
Had Madness, had it once or, Twice  
The yawning Consciousness,

Beliefs are Bandaged, like the Tongue  
When Terror were it told  
In any Tone commensurate  
Would strike us instant Dead –

I do not know the man so bold  
He dare in lonely Place  
That awful stranger – Consciousness  
Deliberately face –

Helen Vendler um- eða endurorðar ljóð F1325 svo, og má sú merkingartilfærsla að einhverju leyti kallast „þýðing“ hennar á ljóðinu:

Aldrei berst mér til eyrna að einhver hafi látið lífið, án þess að ófyrirsjáanleiki („tilviljun“) Lífsins tortími mér að nýju – berskjaldi mig fyrir hinni voldugustu Sannfæringu (að allir tortímast að lokum, munu þurrkaðir út, deyja alfarið) – Sannfæring sem er of voldug fyrir hinn Daglega hug, sem við það að þæla hyldýpi sjálfs sín upplifði Sturlun, sturlaðist einu sinni eða tvisvar [af að sjá] í hyldýpi hugans (meðan á sturluninni stóð) hina gapandi Meðvitund [hinnar opnu grafar]. Við bindum fyrir – Fjötrum – augu okkar til þess að sjá ekki (eins og við myndum gera með augun opin) dauðlegt hold okkar sem ferst, til þess að þurfa ekki að standa andspænis Sannfæringum (til dæmis þeirri að við tortímumst við Dauðann) sem hinn Daglegi hugur getur ekki umborið. Á sama hátt Fjötrum við (bindum) Tungu



okkar til að koma í veg fyrir að hún víki að Dauðanum. Ef hinn versti Ótti væri tjáður með Orðalagi sem samsvarar honum í raun, myndi það umsvifalaust ríða okkur að fullu. Ég veit ekki um neinn sem er svo hugdjarfur að hann þori, á einmanalegum stað, að horfast vísvitandi í augu við þennan skelfilega ókunnuga mann, Meðvitundina.<sup>655</sup>

Dickinson fjallar hér um hinar *lífsnaðsynlegu* tálsýnir, þau „Veigrunarorð“ sem gera okkur tilveruna þolanlega með því að bjaga hana. Fleiri hafa orðið til að benda á að tálsýnir eða tálvonir stappa í okkur stálinu, halda okkur gangandi. Ítalska stórskáldið Giacomo Leopardi heldur því til að mynda víða fram í hinni gríðarmiklu dag- og hugrenningabók sinni *Zibaldone* að sökum þess að tilveran er, þegar öllu er á botninn hvolft, allsendis merkingarlaus, þá eru tálvonir hvers konar eins raunverulegar og hvað annað í lífi sérhvers manns. Og raunar eru þær jafnvel *raunverulegri* en margt annað, enda sæki manneskjan í þær bæði huggun og drifkraft. Að keimlíkri niðurstöðu virðist Dickinson komast í ögn eldra ljóði, F903, þar sem hin „miskunnsama Blekking“ er það haldreipi sem „í verstu Neyð [...] gerir lífið kleift“:

Vafi að sé  
Við sem styðjum  
valtan Hug  
í verstu Neyð  
uns hann nær  
fótfestu –

Óveruleiki  
er léður,  
miskunnsöm Blekking

sem gerir lífið kleift  
með lífi  
sem er ekki.

A Doubt if it be Us  
Assists the staggering Mind  
In an extremer Anguish  
Until it footing find –

An Unreality is lent,  
A merciful Mirage  
That makes the living possible  
While it suspends the lives.

Norska ljóðskáldið Tor Ulven tók ýmislegt í arf frá Leopardi<sup>656</sup>, þar á meðal heimspeki tálvönarinnar, og má jafnvel segja að afstaða Ulvens til hinna „miskunnsömu Blekkinga“ hafi verið enn afdráttarlausari, svo sem sjá má af ummælum hans í viðtali við norska bókmenntatímaritið *Vagant* árið 1993:

<sup>655</sup> Helen Vendler. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*, 2010, bls. 449–450. Við þýðingu á endurorðun Vendler er ekki tekið mið af íslenskrí þýðingu ljóðsins.

<sup>656</sup> Sjá t.a.m. Tor Ulven. „Randbemerkingar til Leopardis uendelighet“. Í *Essays*, 1997, bls. 85–90.

Leopardi var þeirrar skoðunar að manneskjan yrði því hamingjusamari sem tálvonum hennar fjölgaði. Sjálfur var hann þó niðurrifsmaður hvers konar tálvona. [...] En grundvallarafstaða hans var sem sagt að því fleiri tálvonir sem manneskjan hefði, því hamingjusamari yrði hún. Sem kannski er rétt. En flestar hinna gömlu tálvona bjóðast okkur ekki lengur. Sem er ástæða þess að við reynum örvæntingarfull að skapa nýjar. Líttu bara á alla rassvasasálfræðina sem nú tíðkast, þar sem ótrúlegustu hlutum er haldið fram í fullri alvöru. Það er nauðsynlegt að veita slíkum skrípaleikjum móstöðu, slíkum einföldunum á þeim heimi sem við byggjum. Þess vegna er rík ástæða til þess að þúkka upp á forgengileikann. Meðal annars.<sup>657</sup>

Undir þau hugdjörfu orð Ulvens að það sé nauðsynlegt að „þúkka upp á forgengileikann“ – að viðhalda meðvitundinni um dauðleika sérhvers okkar án þess að „hjúpa“ heiminn „Veigrunarorðum“, án þess að taka þátt í „skrípaleikjum“ með hinstu rök tilverunnar – hefði Dickinson ugglaust getað tekið. Auk allra þeirra fjölmörgu ljóða hennar sem gera einmitt það, „þúkka upp á“ eða víkja með einum eða öðrum hætti að „forgengileikanum“, má hér hafa hugfast að við tálvon allra tálvona, Himnaríki Guðs og eilíft líf hinna útvöldu, virðist hún ekki hafa getað lagt nafn sitt sem ung kona, verandi „handan vonar“ eins og það hét í flokkunarkerfi Mount Holyoke-kvennaskólans.

Um þýðingu ljóðs F1325 er það helst að segja að ritgerðarhöfundur vildi sem fyrr leggja áherslu á þann spakmælatón sem oftast en ekki hljómar í ljóðagerð Dickinson, og gerir það einna skýrast í þriðja erindi ljóðsins. Auk þeirrar speki sem felst í sjálfum orðunum, má hér benda á hin harðmæltu t-hljóð sem neita að mýkja hljóm orðanna – neita fyrir sitt leyti að „binda Tunguna“:

Beliefs are Bandaged, like the Tongue  
When Terror were it told  
In any Tone commensurate  
Would strike us instant Dead –

Með því að tálga orðfæri Dickinson enn frekar og skreyta kjarnyrði erindisins sérhljóðarími ei- og ey-hljóða, auk skothendinga *eig-*, *eyg-* og *Aug-* og stuðlasetningar „Lífið“ og „litið“, vonaðist ritgerðarsmiður til að herða enn á spakmælablænum, þótt á sama tíma sé nokkuð vikið frá hinni orðréttu merkingu frumtextans:

---

<sup>657</sup> Alf van der Hagen og Cecilie Schram Hoel. „Et språk som gløder, men later som det ligger under kaldt, ildfast glass“. <http://www.vagant.no/et-sprak-som-gloder-men-som-later-som-om-det-ligger-under-kaldt-ildfast-glass/>. Sótt 12. ágúst 2019. Tilvitnun sótt í Magnús Sigurðsson. „Með útdauðum rómi ísaldar“. Í Tor Ulven. *Steingerð vængjapör*. Þýð. Magnús Sigurðsson, 2012, bls. 321–322.

Feigðin hjúpar Beyginn  
veigrunarorðum,  
Lífið deyðir  
lítið berum Augum –

*Fimm skref að lausn*

F1384E

Á Hjartanu þrífst Andinn  
einsog Afæta –  
ef því er feitt um Rætur  
er Andinn feitur af –

The Mind lives on the Heart  
Like any Parasite –  
If that is full of Meat  
The Mind is fat –

En skyldi Hjartað svelta  
horast líka Skynið –  
Viðurværi þess  
svo viðurhlutamikið.

But if the Heart omit  
Emaciate the Wit –  
The Aliment of it  
So absolute.

Fimm megin skref voru að þýðingarlausn ljóðsins:

- i. Upphaflega hafði ritgerðarsmiður þýtt lokaorðið „absolute“ sem „veigamikið“, og byrjaði þannig á öfugum enda, eins og sænski ljóðapýðandinn John Swedenmark ráðleggur þýðendum að gera í bók sinni *Baklängesöversättning*, einkum ef fyrirséð þykir að ljóð muni reynast torsótt í þýðingu. Sú var ekki endilega raunin hér; hin djarfa, óvanalega aðferð Swedenmarks er þó góðra gjalda verð, enda getur reynst hjálplegt að koma að ljóði úr ólíkum áttum. Því var hér byrjað á öfugum enda.
- ii. Eftir að hafa fest orðið „veigamikið“ á blað, flaug ritgerðarhöfundi orðið „viðurhlutamikið“ í hug, sem svo til jafngild þýðing merkingarfræðilega séð, en ef til vill nokkuð gamansamari, en „veigamikið“. Ljóð F1384E fjallar sannarlega um næringu mannsandans og þær *veigar* sem í sjálfum stafkrókum „veigamikið“ voru fólgnar því við hæfi. Með orðinu „viðurhlutamikið“ fannst ritgerðarhöfundi þó sem blær þýðingarinnar nálgast betur hinn spaugsama tón Dickinson, hér sem víðar, en gamansemi Dickinson vill oft gleymast. Eins og Olav H. Hauge bendir á í dagbókum sínum, þá var „kímnigáfa Emily Dickinson rík“, og bætir við að „á hið lýriska“ í gamansemi hennar „hafí glitrað“. <sup>658</sup> Því taldi ritgerðarsmiður við hæfi að bregða ögn á leik, með hinu ábúðarfulla orði „viðurhlutamikið“, sem er þeim sem hér heldur á penna einna helst kunnugt af málflutningi alvörubrúnginna manna í þing- eða réttarsölum.

---

<sup>658</sup> Olav H. Hauge. *Dagbok 1924–1994 (Band III)*, 2000, bls. 554.

- iii. Þegar orðið „viðurhlutamikið“ stóð nú sem lokaorð þýðingarinnar, þurfti að „fylla“ aðrar stöður ljóðsins. Ljóst er að auðveldara er að finna rímorð á móti *íð*-endingu en *-ill* eða *-il*, og því ástæðulaust að breyta hvorugkynsmynd orðsins „viðurhlutamikið“ í karl- eða kvenkyn. Þar með var jafnframt ljóst að orðið „Aliment“, sem stendur með orðinu „absolute“ í frumtexta, yrði sömuleiðis að vera hvorugkynsorð. Upphafleg þýðingarlausn ritgerðarhöfundar var því hvorugkynsorðið „Eldi“, og hljómuðu lokálnurnar svo:

Eldi þess  
svo viðurhlutamikið.

- iv. Af „Eldi“ kviknaði (!) því næst tvítekning *viður*-forskeytisins, enda stutt á milli „Eldi“ og „Viðureldi“:

Viðureldi þess  
svo viðurhlutamikið.

- v. Orðið „Viðureldi“ verður þó að teljast almenn lýsing á uppihaldi og viðgangi, til dæmis fjárstofns, fremur en að vísað sé til fódurs eða næringar („Aliment“) sérstaklega. Þó er til orð sem það gerir, og er í hvorugkyni, og viðheldur þeirri tvítekningu *viður*-forskeytisins sem ritgerðarsmiður hafði að kalla má fengið upp í hendurnar með þeim hætti sem að framan greinir – nefnilega orðið „Viðurværi“:

Viðurværi þess  
svo viðurhlutamikið.

Um aðrar þýðingarlausnir er það helst að segja að „Skynið“ er látið ríma á móti „-mikið“; önnur hugsanleg lausn væri „Vitið“, sem myndi þó ræna þýðinguna hljóðstaf við „skyldi“.

Hvað þriðju línu fyrra erindisins varðar, þá gafst ritgerðarhöfundur þar kostur á að vísa til hinna kunnna lokaorða Þormóðar Kolbrúnarskálds úr *Fóstbræðrasögu*, án þess að hvikað sé mjög frá merkingu frumtexta: „Vel hefir konungurinn alið oss, hvítt er þessum karli um hjartarætur.“<sup>659</sup>

---

<sup>659</sup> *Fóstbræðrasaga*, 1995, bls. 121.

*Tveir heimar*

F1463

Skapari minn –

lof þú mér

Heim

eða tveim

að vera

frá þér –

Ef ég væri

öllu nær

saknaði ég meir –


My Maker – let me be

A World or two from thee –

But nearer this –

I more should miss –

Dálæti Dickinson á þessum heimi má glöggst sjá af þessu knappa ljóði; hún vill hafa Skapara sinn og hans heima í öruggri fjarlægð svo ekki skyggi á hina jarðnesku paradís – og má kannski segja að hún sýni Skaparanum *í tvo heimana* hér!




<sup>660</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/238814](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/238814). Sótt 28. maí 2018.

F1478

Fuglsrödd, ein  
er meira verð  
en milljón orð

Slíðrið ber  
bara eitt  
sverð


One note from  
One Bird  
Is better than  
A million words  
A scabbard  
has –/needs/holds  
but one  
sword



Hvort kemur á undan, ljóðið eða snepillinn? Tekur ljóðið mið af pappírnum sem Dickinson notast við, eða velur hún pappírssnepilinn með hliðsjón af umfangi ljóðsins, sem þegar er að einhverju leyti ort í huga hennar, og því viti hún hversu stór snepillinn þurfi að vera? Þá kynnu einhverjir fræðimenn að vilja sjá fuglsgogg í bréfsnifsínu sem Dickinson hefur ort ljóð F1478 á, og þar með sameinað inntak ljóðsins sjálfri lögun pappírsins – hér myndi það því „blaðgoggurinn“ sjálfur sem hefur upp söng sinn.

<sup>661</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/240435](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/240435). Sótt 28. maí 2018.

Í þessum efnum mætti einnig taka dæmi af ljóði F1512, um „Húsið“ sem „Vonin“ byggir, þar sem lögun umslagsins sem Dickinson hefur flatt út (og má segja að „hýsi“ ljóð hennar) minnir óneitanlega á sjálft innihaldið, og þá sérstöku áherslu sem Dickinson leggur á „Turnspíru“ vonarhússins eða „Mæni“ (e. „Pinnacle“) í ljóði sínu:



The way  
Hope builds his  
House  
It is not with a sill –  
Nor Rafter – has that  
Edifice  
But only Pinnacle –

Abode in as supreme  
This superficies  
As if it were of  
Ledges smit  
Or mortised with the  
And  
Laws –

---

<sup>662</sup> Sjá [http://www.edickinson.org/editions/1/image\\_sets/240245](http://www.edickinson.org/editions/1/image_sets/240245). Sótt 28. maí 2018.



F1489G

Um Hverfandinnar Slóð  
þyrlast stöðugt Hjól –  
með Óm af Smaragðsgrænu,  
og Þyt af Kókíní –  
Og Blómabreiðan réttir  
Krónur sínar við –  
Tíðindin frá Túnis – vísast,  
greiðfær Morgunreið –

A Route of Evanescence,  
With a revolving Wheel –  
A Resonance of Emerald  
A Rush of Cochineal –  
And every Blossom on the Bush  
Adjusts its tumbled Head –  
The Mail from Tunis – probably,  
An easy Morning's Ride –

Þetta er hið kunna ljóð Dickinson um kólibrífluglinn. „Hverfandin“ er hér að líkindum nýyrði, sem þýðing á „Evanescence“, myndað á sama hátt og kvenkynsnafnorðið „verðandi“. Dickinson velti ýmsum lýsingarorðum fyrir sér til að lýsa „Hjóli“ kólibrífluglsins („delusive“, „dissolving“, „dissembling“, „renewing“), áður en „revolving“ varð fyrir valinu. Þetta lýsingarorð reyndist ritgerðarhöfundu sambærilegur höfuðverkur. Heldur ankannalegt verður að teljast að tala um „hringsnúandi Hjól“ á íslensku; kannski er merking Dickinson í og með sú að hér sé um „a revolving Wheel“ að ræða (áherslan er þung á hinum óákveðna greini í skanderingu), sem sagt að það sé aðeins *eitt hjól* undir vagni kólibrífluglsins. Að lokum varð þýðingarlausn ritgerðarsmiðs sú að nýta tvíræðni lýsingarorðsins „stöðugur“: bæði er að vængir kólibrífluglsins („Hjól“ hans) eru á *stöðugri* hreyfingu, og halda honum líka *stöðugum*.

Ljóðstafi Dickinson (einkum r-hljóð upphafslínanna) freistaði þýðandi að bæta upp með gegnumgangandi aðalhendingum („Leid“, „Blómabreiðan“, „greiðfær“, „Morgunreið“) sem og sérhljóðarími endurtekkinna ó-hljóða („Slóð“, „Hjól“, „Óm“, „Kókíní“, „Blómabreiðan“, „Krónur“). En þrátt fyrir að geta „réttlætt“ þýðingarlausnir sínar með framangreindum hætti, telur ritgerðarsmiður að enn sé einhvers vant. Bæði er að lítaorðið „Kókíní“ (sem dregur nafn sitt af samnefndri bjöllutegund sem rautt litarefni er unnið úr) er ankannalegt á íslensku, auk þess sem síðustu tvær línur ljóðsins (sem munu geyma tilvitnun í *Ofviðri* Shakespeares, um hina snöru „póstþjónustu“ sólarinnar<sup>663</sup>) ná ekki fyllilega að slá sannfærandi lokatón. Þá reyndist þýðanda ógerningur að endurskapa sagnleysi upphafslínanna, en með sagnleysinu má segja að Dickinson líki eftir „hamagangi“ kólibrífluglsins; lesandi stekkur í óðagoti á milli lína ljóðsins í leit að umsögn setningabyggingarinnar, rétt eins og fuglinn skýst frá einni blómkrónu til þeirrar

<sup>663</sup> Um Klaríbellu drottningu, sem dvelur í Túnis, og þar með „í ævileiðar fjarska“ frá Neapel, heimkynnum sínum, segir að hún „[frétti] ekkert / að heiman — nema sólin bæri boð“. Sjá William Shakespeare. *Ofviðrið*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikerit* II, 1973, bls. 132.

næstu. Það er ekki fyrr en í þriðju síðustu línu ljóðsins sem sögnin „Adjusts“ verður fyrir augum lesanda, og um leið dregur líka úr hraðanum, yfir hrynjandina kemur aukin ró – enda fuglinn floginn í línulok.

Dálæti sitt á fimi og iðni kólibrífuglsins hafa önnur ljóðskáld tjáð með líkum hætti. Svona yrkir til að mynda samlanda Dickinson, Mary Oliver:

Ekki einusinni spyrja hversu óðfluga kólibrífuglinn  
lífir lífi sínu.

Það er handan skilnings. Þúsund blóm á dag,  
örlítill blundur, aftur sami skammtur, svo  
er hann horfinn.

Ég dái hann.<sup>664</sup>

Um ljóð Dickinson er það loks að segja að hún sendi það til að minnsta kosti sex ólíkra viðtakenda, svo ánægð virðist hún hafa verið með það.

---

<sup>664</sup> Mary Oliver. „Of Time“. *Swan*, 2011, bls. 2.

F1646

„Fyrsta, annað, þriðja“  
hrópar Uppboðshaldarinn  
af Krossinum – svo aðskilur  
okkur, Hamarinn –  
Hann selur bara Auðnina,  
Örvæntingin kostar  
eitt Hjarta, kannski tvö  
hið allramesta –

The Auctioneer of Parting  
His “Going, going, gone”  
Shouts even from the Crucifix,  
And brings his Hammer down –  
He only sells the Wilderness,  
The prices of Despair  
Range from a single human Heart  
To Two – not any more –

Hinn magnaða orðaleik aðskilnaðar og uppboðshalds í upphafslínunum Dickinson er illmögulegt að endurskapa á íslensku. Hið fasta orðalag þegar uppboðshaldari slær hæstbjóðanda uppboðsmun má líta á sem eins konar þýðingarfasta hér, orðalag sem ekki verður með góðu móti vikið frá. Á ensku er talað um að munur sem boðinn er upp sé „going once, going twice, sold!“ eða „going, going, gone!“, en á íslensku er að segja má talið niður með því að telja upp: „fyrsta, annað og þriðja – selt!“

Það sem verið er að selja á uppboði Dickinson (auk „Auðnarinnar“) eru þó ekki listmunir af neinu tagi, heldur aðskilnaður ástvina sem *fara* (e. „go“), og í því liggur hinn snjalli orðaleikur Dickinson – hinn „eftirtektarverðasti í enskumælandi bókmenntum 19. aldar“ að mati Charles R. Andersons.<sup>665</sup> Hvort um hinn endanlega aðskilnað við dauðans dyr er að ræða eða einungis tímabundinn er óljóst. Krossfestingarmyndmál Dickinson gefur dauðann vissulega til kynna og hin örvæntingarfullu orð Krists á krossinum: „Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig?“ (Matt 27:46).<sup>666</sup> Að „Örvæntingin“ kosti aðeins „eitt Hjarta, kannski tvö / hið allramesta“ er þó ef til vill vísbending um að hér sé aðeins um tímabundinn aðskilnað nánna vina eða elskenda að ræða, enda fjöldi „Hjartanna“ takmarkaður við tvö. Við andlát má ætla að hjörtun sem til „Örvæntingar“ finni séu fleiri. Eitt útilokar þó ekki annað hér.

---

<sup>665</sup> Charles R. Anderson. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*, 1966, bls. 222.

<sup>666</sup> *Biblían. Heilög Ritning*, 1981.

*Þýðing sem höfn*

L386

Þótt Höfnunum fjölgi  
minnka ekki Höfn.

To multiply the Harbors  
does not reduce the Sea.

Orðskvið þennan mætti kannski að lokum heimfæra upp á þá umræðu sem fram hefur farið á þessum blöðum, með því að segja að þótt *gerðunum* af Emily Dickinson fjölgi, með þýðingum eða annars konar túlkunum á HÖFundarverkinu, þá minnkar frumtextinn ekki eða skerðist, þrátt fyrir allar þær mörgu og ólíku „hafnir“ sem komið er upp með þýðingarstarfinu. Þá mun því enn fremur haldið fram hér að þýðingar sýni hversu óræð stærð verk á borð við ljóð Emily Dickinson eru. Með ólíkum túlkunum og því margháttða könnunarstarfi sem í þýðingum á erlend mál er fólgið kemur sú stærð betur í ljós. Um leið verða þýðingarnar hluti af margbreytileika og möguleikum verksins – sjálfum frumleika þess – sem afmarkast ekki við frumtextann, heldur á sér framhaldslíf – viðbót – á vettvangi hins þýdda texta, svo sem rætt hefur verið í ritgerð þessari.

## AÐ LOKUM

Mannskepnan er skilningsgáfu gædd. Frá náttúrunnar hendi erum við þannig úr garði gerð að hverja vakandi stund *leggjum við skilning* í umhverfi okkar; þau margvíslegu boð og áreiti sem skynfæri okkar nema og vinna úr, og eru textaboð þar á meðal. Sá skilningur getur þó verið af margvíslegum toga – jafnvel rangur, þegar slíkum mælikvörðum verður við komið, þótt allajafna sé svigrúm til margvíslegra og jafnvel innbyrðis ósamrýmanlegra túlkana, hið minnsta þegar að bókmenntatextum kemur. Um það er höfundarverk Emily Dickinson glöggt dæmi. En jafnvel misskilningurinn byggir á rökrænu skilningsferli, á *viðleitni* til skilnings, eins og tæpt var á í umfjöllun um ljóð F785, „Það féll svo lágt – í Áliti –“, fyrir á þessum blöðum. Víst er að út frá þróunarfræðilegu sjónarhorni hefur skilningsgáfan aukið lífslíkur okkar. En hin sífellda skilningsþrá kann einnig að tengjast þeirri öryggiskennd sem við upplifum þegar við teljum okkur hafa öðlast skilning á einhverju; að þar með höfum við treyst bólfestu okkar í viðsjárverðum, illskiljanlegum heimi og stöndum nú traustari fótum en áður, reiðubúnari en ella að standa af okkur áhlaupsveður ýmiss konar, í krafti þeirrar vissu og visku sem við teljum okkur hafa öðlast. Kannski er þessi eftirsóknarverða öryggiskennd ástæðan fyrir því hversu ginnkeypt mannskepnan er fyrir algildum kennisetningum og áróðri hvers konar – auðskiljanlegum, einföldum svörum við flóknum spurningum, sem við grípum fegins hendi og ríghöldum í svo að örugg heimsmynd okkar riðlist ekki. En það er önnur saga, þótt hér sé vert að hafa í huga þá baráttu sem Emily Dickinson háði til að losa sig undan kredduföstum þankagangi samtíðar sinnar.

Leið þýðandans í átt til skilnings hefur að einhverju leyti verið vörðuð í þessari ritgerð. Rakið hefur verið á hverju hann byggir í rannsókn sinni, sem styðst allt í senn við hlutlæga athugun, vopnabúr forþekkingarinnar, innsæi, huglæga skynjun, möguleika frumtextans hverju sinni og smekk. En samhliða hinni bókmenntafræðilegu umfjöllun hefur sú rannsókn einnig farið fram í þýðingararennum ritgerðarsmiðs og í ýmsum tilvikum í endanlegum þýðingartextum. Þannig byggir fyrirbyggjandi doktorsritgerð á langvarandi samræðu doktorsnema, bæði í hlutverki rannsakanda og þýðanda, við verk Emily Dickinson. Sú samræða og glíma hefur mótað ritgerðina, rétt eins og ýmsir rannsóknarþættir verksins hafa haft áhrif á hina endanlegu þýðingartexta.

Um þessa margháttuðu viðleitni til og framsetningu á skilningi má meðal annars segja að þegar ein túlkunarleið er farin í þýðingu eru aðrar leiðir að sumu leyti útilokaðar, eða þær í það minnsta hafðar aftar í forgangsörð þýðandans. Ef til vill má líkja þessu við tvíeðli ljóss, sem er hvorttveggja í senn eind og bylgja, en einungis annað hvort þegar mæling er framkvæmd. Þannig er sérhver þýðing rannsókn eða mæling á frumtexta sem kallar fram eina hlið hans á kostnað annarra(r). En hér er nauðsynlegt að hafa hugfast að hinn þýddi texti getur sömuleiðis verið tvíeða margeðla, og þarf raunar að vera það, ef vel á til að takast. Af þeim ástæðum hefur verið lögð áhersla á það í þessari ritgerð að þýðingarstarfið sé nýskapandi úr- og endurvinnsla á

„fundnum“ textum; að þýðandinn sé eins konar listamaður sem vinni með aðfengið stofnefni, *ready made*-efnivið, og skapi úr honum ný listaverk. Um leið varpar þýðandinn með listsköpun sinni nýju ljósi á frum-efnið, enda er þýðingarferlið tvíátta þegar vel tekst til. Sérhver þýðing sem er vel heppnuð eða áhrifarík á einhvern hátt hníkar til frumtexta sínum, kemur róti á fyrirbyggjandi túlkunarhefð, veltir við nýjum steinum í rannsókn höfundarverksins.

Með slíkri frjálssleika- og sköpunarsýn á þýðingarstarfið og vinnuferlið því að baki mælist ritgerðarhöfundur þó síður en svo til þess að þýðandinn vinni störf sín af sjálfumgleði, né heldur á *kostnað* frumtextans. Öðru nær, framangreint viðhorf til „verkefni þýðandans“ hefur verið boðað á þessum blöðum til þess að honum séu færð sem öflugust verkfæri í hendur til að sinna sínum störfum af þeim heiðarleika, samviskusemi, ástríðu og skapandi hugviti sem ritgerðarhöfundur telur einkenna góðar þýðingar, án þess að „tryggð“ og „trúmennska“ gagnvart frumtexta séu látin lönd og leið. Telur ritgerðarsmiður enn fremur að með því að stuðla að breyttri sýn á hlutverk þýðandans og „leyfileg“ vinnubrögð hans – frá þræslund og þjónustuhlutverki til sjálfstæðra, nýskapandi efnistaka – megi um leið vinna nokkuð gegn hinni alltumlykjandi tortryggni sem störfum þýðandans (og þá einkum þess sem sýslar við þýðingar ljóða) er gjarnan mætt með, og nálgast algjört vantraust á köflum. Með því að líta á hverja þýðingu sem sjálfstætt listaverk (sem þó á líf sitt að þakka frumtextanum) fremur en útvatnaða, ónákvæma eftirlíkingu, telur sá sem hér skrifar að lesendur þýðinga muni líklegri til að meta verðleika og kosti þýðinga *á þeirra eigin forsendum* fremur en með einstrengingslegum samanburði við frumtexta. Í þeim samanburði hafa þýðingar jafnan farið halloka, þegar g(r)átlistinn er dreginn fram, enda samviskusamlega fært til bókar það sem glatast en síður það sem hefur áunnist, þegar forsendur frumtextans öðlast breytta stöðu og nýtt samhengi í menningu þýðingartextans.

Hlutverk þýðandans í aldanna rás hefur tekið breytingum, og var til að mynda sú áhersla á þjónustu og ósýnileika sem nú tíðkast síður áberandi fyrir á öldum, þegar þýðingar og frumskrif sköruðust með ýmsum hætti, til dæmis með ýmiss konar endurvinnslu frumskapandi höfunda á eldri textum. Skemmst er að minnast vinnubragða þess höfundar sem hæst hefur risið í bókmenntasögunni, William Shakespeares, og þeirra margvíslegu nota sem hann hafði af eldri, „fundnum“ textum í leikritum sínum. Með því að endurvirkja – með textahagræðingu sem kemst ansi nærri því að „enduryrkeja“ – eldri frumtexta bókmenntasögunnar, verða til nýir, sjálfstæðir frumtextar. Þó er ekki þar með sagt að ekki skuli gera greinarmun á „frumtexta“ og „þýðingu“. Hins vegar eru þau skil að nokkru leyti fljótandi og óljós – eða voru það hið minnsta, fyrir á öldum, hvað sem líður öllu snyrtilegri aðskilnaði í seinni tíð.

Með hinum víðfræga „dauda höfundarins“ á sínum tíma var um leið „fæðing lesandans“ boðuð. Spyrja má hvort síðari tíma áhersla á þjónustu og ósýnileika, sem og sú viðvarandi tortryggni og þýðingarfélmi sem rædd hefur verið í ritgerð þessari, gefi ekki tilefni til að ætla að „fæðing þýðandans“ sé brýnni en nokkru sinni fyrir, og kannski löngu tímabær. Minnst hefur verið á brautryðjendastarf Ezra Pounds og annarra í þeim efnunum á fyrri helmingi

síðustu aldar, sem og á brýningarraddir fræðimanna og iðkenda á borð við Lawrence Venuti og Mark Polizzotti í seinni tíð. En eftir sem áður má segja að mynd þýðandans, í huga hins almenna lesanda, sé af handverksmanni – og það handverksmanni sem oftast en ekki séu æði mislagðar hendur í sínum störfum, þegar mælistiku glötunarinnar er brugðið á verk hans. Á sama tíma eru aðrir mælikvarðar látnir óhreyfðir. Ritgerðarsmiður telur að þessari ímynd og viðhorfi þurfi að breyta.

Með „þýðingu“ hefur ritgerðarhöfundur fremur átt við *endurgerð* en *afsteypu* á þessum blöðum. Framkvæmd hvernar þýðingar, hin endanlega útkoma *endurgerðarinnar*, er vitaskuld aldrei yfir gagnrýni hafin. En vinnuaðferðina sem slíka vill ritgerðarhöfundur verja. Og sú vörn, þrátt fyrir áherslu á sjálfstæði og nýsköpun, er ekki síst fólgin í tryggð við frumtextann; í þessu tilviki tryggð við hinn margslungna, viðsjála ljóðaheim Emily Dickinson sem svo erfitt er að njörva niður, en býður um leið upp á margháttaðan leik í túlkun og (endur)sköpun merkingar. Dickinson orti ljóð sín af innri tjáningar- og skilningsþörf, en ávallt með leik- og sköpunargleðina að vopni. Hún tók list sína alvarlega, en missti aldrei sjónar á mikilvægi hins leikræna sköpunaranda. Ritgerðarhöfundur hefur í sínum störfum freistað að beita sömu aðferð, að sínum hætti. Árangurinn verður að fá að tala sínu eigin máli. En með því að stilla sig inn á bylgjulengd leiksins og skilningsþrárinnar vonast doktorsnemi til þess að honum hafi að nokkru auðnast að sýna skáldskap Emily Dickinson tryggð, bæði í hinni bókmenntafræðilegu rannsókn og eins í þýðingartextum sínum. Skapandi tryggð.





VIÐAUKI



F23

Í nafni Hunangsflugunnar –  
og Fiðrildisins –  
og Andvarans – Amen!

In the name of the Bee –  
And of the Butterfly –  
And of the Breeze – Amen!

F28

Við töpum – hafandi unnið –  
Þess minnugur – leggur –  
Gamblarinn aftur undir!

We lose – because we win –  
Gamblers – recollecting which –  
Toss their dice again!

F24

Af og til eru skógarnir bleikir –  
af og til brúnir.  
Af og til skiptir ásinn um föt  
bakvið heimatúnið –  
Oft er hlíðin klædd,  
fannbreiðu þakin –  
og jafnoft er gnípan  
þarundir nakin –  
Og Jörðin – er mér sagt  
snýst um sjálfa sig!  
Dásamlega hringsvið –  
með *tólf* veraldir!

Frequently the woods are pink –  
Frequently, are brown.  
Frequently the hills undress  
Behind my native town –  
Oft a head is crested  
I was wont to see –  
And as oft a cranny  
Where it used to be –  
And the Earth – they tell me  
On its axis turned!  
Wonderful rotation –  
By but *twelve* performed!

F37

Með agnarsmárri Ástúð,  
Blómi, eða Bók,  
er brosfraejunum sáð –  
sem blómstra um nótt.

By Chivalry as tiny,  
A Blossom, or a Book,  
The seeds of smiles are planted –  
Which blossom in the dark.

F39

Í tvígang hirti jörðin –  
allt sem ég átti til.  
Í tvígang hef ég hímt  
og betlað við Guðs dyr!

I never lost as much but twice –  
And that was in the sod.  
Twice have I stood a beggar  
Before the door of God!

Í tvígang – endurguldu  
Englarnir minn sjóð –  
Bankamaður! Þjófur – Faðir!  
Ég er aftur snauð!

Angels – twice descending  
Reimbursed my store –  
Burglar! Banker – Father!  
I am poor once more!

F51

Þegar ég tel fræin  
sem í jörðu er sáð –  
svo blómstra meg, síðar –

When I count the seeds  
That are sown beneath –  
To bloom so, bye and bye –

Þegar ég lít fólkið  
sem í jörðu er lagt –  
svo upp meg stíga –

When I con the people  
Lain so low –  
To be received as high –

Þegar ég trúi á garðinn  
sem dauðlegir sjá ekki í –  
tíni, fróm, blóm hans  
og forðast hans Bý,  
skal ég sjá af þessu sumri –  
vissu minni í.

When I believe the garden  
Mortal shall not see –  
Pick by faith its blossom  
And avoid its Bee,  
I can spare this summer – unreluctantly.

F76

Regnboginn orðlengir aldrei við mig  
að rofað hafi til –  
Þó er mál hans skýrara  
en hvaða Heimspeki.

The rainbow never tells me  
That gust and storm are by –  
Yet is she more convincing  
Than Philosophy.

Blóm mín forðast Torgin –  
en flytja þó mál sitt svo vel  
að vart segðist Kató betur  
nema *fuglarnir* syngju með!

My flowers turn from Forums –  
Yet eloquent declare  
What Cato could'nt prove me  
Except the *birds* were here!

F80

Ég fel mig í blómi mínu  
sem þú nælir í hnappagat þitt –  
Grunlaus – þér við hjartastað –  
Englarnir vita hitt!

I hide myself within my flower  
That wearing on your breast –  
You – unsuspecting, wear me too –  
And angels know the rest!

F93

Vatn, af þorsta þekkjum.  
Land – af Sjávarferðum.  
Gleðina – af þrautum –  
Frið, af stríðsins kveinum –  
Ást, af bautasteinum –  
Fuglana, af snjónum.

Water, is taught by thirst.  
Land – by the Oceans passed.  
Transport – by throe –  
Peace, by its battles told –  
Love, by memorial mold –  
Birds, by the snow.

F109

Fyrir hverja sælustund  
greiðum við angistargjald  
Dýru verði er  
sælan ofurseld –

Fyrir sérhvern glaðan dag,  
hungurlús af Árum –  
Mylsna sem slegist er um –  
Kistur fullar af tárur!

For each extatic instant  
We must an anguish pay  
In keen and quivering ratio  
To the extasy –

For each beloved hour  
Sharp pittances of Years –  
Bitter contested farthings –  
And Coffers heaped with tears!

F119

Ef þetta er „að dofna“  
megi ég „dofna“ strax!  
Ef þetta er „að deyja“  
grafið – mig, í slíkum kufli  
roðasólarlags!

Ef þetta er „svefn“, í enda dags  
hve stolt að mega  
loka þá sínu auga!

Far vel, kæru Samferðamenn!  
*Páfugl* býr sig undir  
að deyja!

If this is “fading”  
Oh let me immediately “fade”!  
If this is “dying”  
Bury – me, in such a shroud of red!  
If this is “sleep,”  
On such a night  
How proud to shut the eye!  
Good evening, gentle Fellow men!  
*Peacock* presumes to die!

F124F

Óhult í Alabastursþrónum –  
ósnerf af Morgni –  
ósnerf af nóni –  
sefur auðmjúk Upprisubjóðin,  
Þilin úr Silki, Þakið úr Steini –

Árin sigla Stór,  
yfir Himinhvelin –  
Heimar – hringsóla –  
og Festingar – róa –  
Kórónur – falla –  
og Keisarar – hníga –  
hljóðlaust sem Doppur,  
á Skífu úr Snjó.

Safe in their Alabaster Chambers –  
Untouched by Morning –  
And untouched by noon –  
Sleep the meek members of the Resurrection,  
Rafters of Satin and Roof of Stone –

Grand go the Years,  
In the Crescent above them –  
Worlds scoop their Arcs –  
And Firmaments – row –  
Diadems – drop –  
and Doges – surrender –  
Soundless as Dots,  
On a Disc of Snow.

F129

Líf vor Sviss –  
svo kyrr – svo Köld –  
uns kvöld eitt að Alparnir gleyma  
að draga fyrir Tjöldin  
og við blasa nýir heimar!

Handan – *Ítalía!*  
En æði varðmannslegir –  
siðgæðis-Alparnir –  
sírenu-Alparnir  
standa æ í vegi!

Our lives are Swiss –  
So still – so Cool –  
Till some odd afternoon  
The Alps neglect their Curtains  
And we look farther on!

*Italy* stands the other side!  
While like a guard between –  
The solemn Alps –  
The siren Alps  
Forever intervene!

F138

Að berjast upphátt, er afar djarft –  
en *bugaðri* veit ég, er sá  
sem mætir Hermdarsveitum  
innanfrá –

Sigri hann, sér það enginn –  
falli hann – berst engin frétt –  
því dauðablikið mærir engin  
Stjórnmálastétt –

Við treystum að Englarnir, skreyttir  
fiðri, og klæddir í snjó,  
standi Heiðursvörð  
honum sem þannig dó.

To fight aloud, is very brave –  
But *gallanter*, I know  
Who charge within the bosom  
The Cavalry of Wo –

Who win, and nations do not see –  
Who fall – and none observe –  
Whose dying eyes, no Country  
Regards with patriot love –

We trust, in plumed procession  
For such, the Angels go –  
Rank after Rank, with even feet –  
And Uniforms of snow.

F156

Skurðlæknar stundi gát  
þegar þeir munda hnífinn!  
Undir oddinum hrærist  
Sökudólgurinn – *Líf!*

Surgeons must be very careful  
When they take the knife!  
Underneath their fine incisions  
Stirs the Culprit – *Life!*

F168

Ó, Ljúfa Kuk!  
Ó, lærða Norn!  
kenndu mér þá list

að stilla kvöl  
sem enginn læknir linar,  
né nokkur Urt  
fær styt!

Ah, Necromancy Sweet!  
Ah, Wizard erudite!  
Teach me the skill,

That I instill the pain  
Surgeons assuage in vain,  
Nor Herb of all the plain  
Can heal!



F193

Tal – er hrekkur  
Þingheims –

Tárin – þrettir tauga –

En Hjartað  
með þyngsta baggann –

haggast – ekki –  
alltaf –

F194

Himnesk tign – er mín!  
Án Jarteikns – Konan þín!  
Æðstu Nafnbót – sæmd –  
Krossins Keisaramær!

Konungleg – allt nema Krúnan!  
Heitbundin – án svimans  
sem Guð sendir okkur Konum –

er Gull og Granatsteinn  
er dreginn – Hönd á Hönd –  
Borin – Gefin – Grafin –  
á einum Degi, Honum –

„Eiginmaður kær“  
– segja þær –  
og strjúka Hljóminn –

er þetta – rétti tónninn?

Speech – is a prank of Parliament –  
Tears – a trick of the nerve –  
But the Heart with the heaviest freight on –  
Does'nt – always – move –

Title divine – is mine!  
The Wife – without the Sign!  
Acute Degree – conferred on me –  
Empress of Calvary!  
Royal – all but the Crown!  
Betrothed – without the swoon  
God sends us Women –  
When you – hold – Garnet to Garnet –  
Gold – to Gold –  
Born – Bridalled – Shrouded –  
In a Day –  
“My Husband” – women say –  
Stroking the Melody –  
Is *this* – the way?

F198

Barnið –

Kennið Honum – þegar *nöfnin* koma –  
nafn eitt – að bera fram –  
með sínum babblandi – Berja – vörum  
svo hljómi – fyrir mér –  
væri mitt Eyra – hreiðri hans jafn nærri –  
og *bugur* minn – nú er –  
sem hljómi –  
„Varnið ei því“ –  
eitthvað líkt  
og „Emily“.

Baby –

Teach Him – when He makes the *names* –  
Such an one – to say –  
On his babbling – Berry – lips –  
As should sound – to me –  
Were my Ear – as near his nest –  
As my *thought* – today –  
As should sound –  
“Forbid us not” –  
Some like “Emily.”

F202B

„Trú“ er ágætt tól  
fyrir Herramenn sem *sjá!*  
En *Smásjár* eru betri  
er bjátar ál!

“Faith” is a fine invention  
For Gentlemen who *see!*  
But *Microscopes* are prudent  
In an Emergency!

F206

Minnstu Ár – að ós.  
Mitt Kaspíahaf – ert þú.

Least Rivers – docile to some sea.  
My Caspian – thee.

F219C

Á mín rennur mót þér –  
Bláa Haf! Fagnarðu mér?  
Á mín bíður svars –  
Ó Haf – ver góðhjartað.  
Ég sæki þér Sytrur  
um glitrandi gil –  
Svo *haf*  
    Þú – *Mig!*

My River runs to thee –  
Blue Sea! Wilt welcome me?  
My River waits reply –  
Oh Sea – look graciously.  
I'll fetch thee Brooks  
From spotted nooks –  
*Say* – Sea –  
    Take *Me!*

F220

Að gráta er létt verk  
og löðurmannlegt –

Stutt verk,  
að gefa upp vonir –

Og þó er Verka-  
skiptingin *slík*

er deyjum,  
karlar og konur!

It's such a little thing to weep –  
So short a thing to sigh –  
And yet – by Trades – the size of *these*  
We men and women die!

F240B

Afmarka Víl – og Lífin þola –  
Mæri – auðvelda Kvöl –  
Að vænta Ills – sem Væri án enda –  
umbæri hver?

Viti hún Árin – upp á hár –  
böl sitt – þyldi – sæl  
Sangi við stritið, einsog Þræll –  
undir hnígandi Sól –

Bound a Trouble – and Lives will bear it –  
Circumscription – enables Wo –  
Still to anticipate – Were no limit –  
Who were sufficient to Misery?

State it the Ages – to a cipher –  
And it will ache contented on –  
Sing, at its pain, as any Workman –  
Notching the fall of the even Sun –

F243B

Hættan á – að hverfa  
án minnsta Fyrirboða –  
í Óvissunnar rann  
er einsog Gríma úr Stáli  
skyndilega stari  
með málmtenntu brosi  
á okkur, og bori  
Dauðans Veisluboði  
Alúðlega inn –

The possibility – to pass  
Without a moment's Bell –  
Into Conjecture's presence  
Is like a Face of Steel –  
That suddenly looks into ours  
With a metallic grin –  
The Cordiality of Death –  
Who drills his Welcome in –

F254

Þetta er Allt sem ég á  
svo ég færi þér  
einlægt það –

einsog Nóttin sem færir  
*vönum* augum  
einlægt *stjörnur*.

En *kannski* – ef þær *hættu* að skína –  
tækjum við eftir þeim –  
og *þá* – reyndist okkur kannski  
erfitt að rata Heim!

I've nothing Else, to bring, you know –  
So I keep bringing these –  
Just as the Night keeps fetching *stars* –  
To our *familiar* eyes.  
*Maybe* – we should'nt *mind* them –  
Unless they did'nt *come*  
*Then* – maybe it would puzzle us  
To find our way Home!

F259 (*brot*)

Klukka hætti að slá –  
þó ekki sú sem stóð  
Arinhillunni á –

Og til að brúðan  
sem lafir núna  
spretti upp aftur, spert –

ekkert sem Genf  
getur gert –

A Clock stopped –  
Not the Mantel's –  
Geneva's farthest skill  
Can't put the puppet bowing –  
That just now dangled still –

F268

Hví vísa þau mér – úr Eden?  
Söng ég – of hátt?  
En – ég get tíst, einsog feiminn Fugl  
ósköp lágt!

Bara að Englarnir fengjust  
til að fella Slagbrandinn!  
Til að – sjá – hvort ég ónáði þá –  
Bara – einu sinni – enn –

Ó, ef Ég – væri Herrann  
íklædd „Kyrtilinum Hvíta“ –  
og þau væru – Hnúinn – sem knúði –  
myndi – Ég – undan líta?

Why – do they shut me out of Heaven?  
Did I sing – too loud?  
But – I can say a little “minor”  
Timid as a Bird!

Would’nt the Angels try me –  
Just – once – more –  
Just – see – if I troubled them –  
But don’t – shut the door!

Oh, if I – were the Gentleman  
In the “White Robe” –  
And they – were the little Hand – that knocked –  
Could – I – forbid?

F269

Villtar – Villtar nætur!  
ef ég væri þér við hlið  
Villtar nætur væru  
óhófsemi!

Til einskis – vindar –  
Hjarta í höfn –  
óþarfur er Kompás –  
óþarft er Kort!

Að róa í Eden –  
Ah – sá Mar!  
Fyndi ég bara – var –  
í kvöld –  
í þér!

Wild nights – Wild nights!  
Were I with thee  
Wild nights should be  
Our luxury!

Futile – the winds –  
To a Heart in port –  
Done with the Compass –  
Done with the Chart!

Rowing in Eden –  
Ah – the Sea!  
Might I but moor –  
tonight –  
In thee!

F276

Menningin – Hlébarðann – hundsar! Var hún of – dirfskufull? Sandarnir – smána ekki Satínfeld hennar – né Eþíópí – hennar Gull –	Civilization – spurns – the Leopard! Was the Leopard – bold? Deserts – never rebuked her Satin – Ethiop – her Gold – Tawny – her Customs – She was Conscious – Spotted – her Dun Gown – This was the Leopard’s nature – Signor – Need – a keeper – frown?
Siðirnir – jú – Okkurgulir – Kjöllinn – Gulfleckkóttur – En þannig – frá Guðs hendi – Signor – Samt grettir eigandi sig?	
Aumka – Pardus – sem kvaddi Asíuheimkynni sín! Minningu Pálmanna bæla engin Deyfilyf –	Pity – the Pard – that left her Asia! Memories – of Palm – Cannot be stifled – with Narcotic – Nor suppressed – with Balm –
Né linar – Balsamið –	

F278

Sagt er orðið dauðt, segja sumir. Ég segi það megí sín mest frá og með þeim degi.	A word is dead When it is said, Some say. I say it just Begins to live That day.
--	---

F279

Af öllum Sálum skapaðra –  
hef ég Valið – Eina –  
er Skyn og Andi – skiljast að –  
og Undanbrögðin – enda –  
er það sem er – og það sem var –  
aðgreint – algert – stendur  
og Holdsins stutti Harmleikur  
blæs burt – einsog Sandur –  
er Ásjónan fær Tíginn blæ –  
og Þokan – skafin frá,  
sjá það Atóm – sem ég kaus –  
af öllum Leirsins skrá!m!

Of all the Souls that stand create –  
I have Elected – One –  
When Sense from Spirit – files away –  
And Subterfuge – is done –  
When that which is – and that which was –  
Apart – intrinsic – stand –  
And this brief Tragedy of Flesh –  
Is shifted – like a Sand –  
When Figures show their royal Front –  
And Mists – are carved away,  
Behold the Atom – I preferred –  
To all the lists of Clay!

F282

Við leikum með Leir –  
uns Perluhæfni, náum –  
hendum þá Leirnum –  
af skömm, á okkur sjálfum –

En Formin – voru keimlík –  
Okkar nýju Hendur –  
*Gimsteina*-færni  
námu – af *Sandi*

We play at Paste –  
Till qualified, for Pearl –  
Then, drop the Paste –  
And deem ourself a fool –

The Shapes – though – were similar –  
And our new Hands  
Learned *Gem*-tactics –  
Practising *Sands*



F284B

Frostmark kenndi Oss – Fosfórus –  
að meta Eldsins loft  
sem Strákur, kuldi Jökulíss  
og Tundursins – kraft

réðum við – af Andstæðum –  
Myrkvar – fela – Ljóshnetti –  
Stjarninn – fremsti Meistari  
Okkar í – Lífsþrótti –

The Zeros taught Us – Phosphorus –  
We learned to like the Fire  
By handling Glaciers – when a Boy –  
and Tinder – guessed – by power

of Opposite – to equal Ought –  
Eclipses – Suns – imply –  
Paralysis – our Primer dumb  
Unto Vitality –

F294

Bulla, með Nálum, að neðan –  
sem þrýsta, og bora –  
En standist Holdið Þungann –  
með Köldu blóði – rjúfa –

Undir – hver svitahola  
okkar Róðu-Grindar –  
Eins margföld fyrir Angist –  
og nöfn má – Skepnum – gefa.

A Weight with Needles on the pounds –  
To push, and pierce, besides –  
That if the Flesh resist the Heft –  
The puncture – Coolly tries –

That not a pore be overlooked  
Of all this Compound Frame –  
As manifold for Anguish –  
As Species – be – for name.

F296

Þar sem Purpuraskipin  
við Bryggju  
vagga hljóð –

á Páskaliþúsó –

kallast  
hinir draumkenndu  
Sæfarendur á –

Og svo  
ríkir Ró!

Where Ships of Purple – gently toss –  
On Seas of Daffodil –  
Fantastic Sailors – mingle –  
And then – the Wharf is still!

F303

Ein, er ég aldrei –  
Herskarar – rata til mín inn –  
Óskráð Vinfang –  
sem snýr á Lykilinn –

Sem hvorki á Nöfn, né Klæði –  
né Almanök – né Svæði –  
heldur Bústað víða  
handan Þjóða –

Koman er kunnigjörð  
af innri Sendisvein –  
Brottförin – aldrei –  
því þau fara aldrei heim –

Alone, I cannot be –  
The Hosts – do visit me –  
Recordless Company –  
Who baffle Key –

They have no Robes, nor Names –  
No Almanacs – nor Climes –  
But general Homes  
Like Gnomes –

Their Coming, may be known  
By Courier within –  
Their going – is not –  
For they're never gone –

F314

„Vonin“ er fiðraða veran –  
sem á sér í sálinni stað –  
og syngur sinn orðlausa lagstúf –  
sama hvað –

Sem gleggst – í Stormum – heyrir –  
og hvasst er það bál –  
sem yfirgnæfði Smáfugl þann  
sem yljaði ófám –

Í frostbyljum – á Furðusjóm –  
var mér röddin nær –  
sem aldrei – þó – í Nauðum bað,  
um brauðmola – frá mér.

F320

Það er viss Hallfleytt birta  
Vetrarsíðdegi –  
sem íþyngir, einsog  
Kirkjuorgelið –

Himneskt Sár, hún veitir –  
okkur, allrainnst,  
þótt örið sjáist ekki –  
bara Merkingin, sem finnst –

og Enginn – getur skýrt –  
Örvæntingu brennd –  
þrenging tign, af Himnum  
okkur ofansend –

Landslagið hlustar, er hennar nýtur –  
Skuggarnir – draga ekki andann –  
Þegar hana þrýtur, er það sem Fjaraskinn  
í Svipnum að Handan –

“Hope” is the thing with feathers –  
That perches in the soul –  
And sings the tune without the words –  
And never stops – at all –

And sweetest – in the Gale – is heard –  
And sore must be the storm –  
That could abash the little Bird –  
That kept so many warm –

I’ve heard it in the chilliest land –  
And on the strangest Sea –  
Yet – never – in Extremity,  
It asked a crumb – of me.

There’s a certain Slant of light,  
Winter Afternoons –  
That oppresses, like the Heft  
Of Cathedral Tunes –

Heavenly Hurt, it gives us –  
We can find no scar,  
But internal difference –  
Where the Meanings, are –

None may teach it – Any –  
’Tis the Seal Despair –  
An imperial affliction  
Sent us of the Air –

When it comes, the Landscape listens –  
Shadows – hold their breath –  
When it goes, ’tis like the Distance  
On the look of Death –

F340

Mér fannst – Útför – fara fram  
og Líkmenn, til og frá  
í Heila mínum – þramma – uns  
ég gat – fundið – þá

Og þegar allir settust  
kvað Messutrumban við –  
og drundi – drundi – uns mér þótti  
dofna Hugsunin

Og síðan heyrðust Blýklossarnir  
undir Kistunni  
klöngrast, yfir Sál mína,  
svo glumdu – Himnarnir

heyrandi, ærandi  
Alheimsklukkuspil,  
og ég, og Kyrrðin, furðukyns,  
brotin, einsöm, til –

Og síðan brast, í Vitund minni  
fjöl, og fall mitt hófst –  
Og skall á Veröld, við hvert högg,  
uns – vitið – Grófst –

I felt a Funeral, in my Brain,  
And Mourners to and fro  
Kept treading – treading – till it seemed  
That Sense was breaking through –

And when they all were seated,  
A Service, like a Drum –  
Kept beating – beating – till I thought  
My Mind was going numb –

And then I heard them lift a Box  
And creak across my Soul  
With those same Boots of Lead, again,  
Then Space – began to toll,

As all the Heavens were a Bell,  
And Being, but an Ear,  
And I, and Silence, some strange Race  
Wrecked, solitary, here –

And then a Plank in Reason, broke,  
And I dropped down, and down –  
And hit a World, at every plunge,  
And Finished knowing – then –

F358

Kannski var ósk mín of stór –  
Ég fúlga – við öðru en himnum –  
því af Jörðum er krökkt, einsog Berjum  
í Fæðingarbænum mínum –

Mín Karfa rúmar – aðeins  
Himinfestingar –  
Á handlegg mínum – dingla  
þær – svo hæglega,

á meðan smærri böggjar  
Íþyngja.

Perhaps I asked too large –  
I take – no less than skies –  
For Earths, grow thick as  
Berries, in my native Town –

My Basket holds – just – Firmaments –  
Those – dangle easy – on my arm,  
But smaller bundles – Cram.

F362B

Eitt Hjarta, bara – og dagdraumar –  
og Sólskin – útivið –  
er Nægjusömum – Nóg –  
og Gestkvæmt – tvennt til þrennt –  
er Helgistund jafnfjölmenn  
og Sakrament –

Bækur – þegar Næði gefst –  
frá Hússins – geraskal –  
Ljósmynd – Ein og Sér  
sem leiðir Hugann um  
Myndasal –

Blóm – sem hlífa – Augunum –  
þegar úti snjóar –  
Fugl – ef menn svo kjósa –  
þótt okkur þyki – Vetrareldur –  
syngja eins snjallt – og Lóa –

Landslag – án þess þó að  
Augað kæfi –  
kannski örlítill Hæð –  
kannski Mylluspaði  
sem vindurinn bærir –  
*slíkt* – meira en *nægir* –

Hjörtu, tvö – og draumur um –  
Eden – ofanvið –  
sem væri – einsog hér –  
latur vel í Eyrum –  
og Ódauðleikinn væri  
næstum – Bærilegur –

It's thoughts – and just One Heart –  
And Old Sunshine – about –  
Make frugal – Ones – Content –  
And two or three – for Company –  
Opon a Holiday –  
Crowded – as Sacrament –

Books – when the Unit –  
Spare the 'Tenant – long eno' –  
A Picture – if it Care –  
Itself – a Gallery too rare –  
For needing more –

Flowers – to keep the eyes – from going awkward –  
When it snows –  
A Bird – if they – prefer –  
Though winter fire – sing clear as Plover –  
To our – ear –

A Landscape – not so great  
To suffocate the eye –  
A Hill – perhaps –  
Perhaps – the profile of a Mill  
Turned by the wind –  
Tho' *such* – are *luxuries* –

It's thoughts – and just two Heart –  
And Heaven – about –  
At least – a Counterfeit –  
We would not have Correct –  
And Immortality – can be almost –  
Not quite – Content –

F371

Er Sælan þá, slík Gjá –  
að stigið sé með gát  
svo skórinn, haldist á?

Ég þjóna fætinum frekar  
en bjarga Bússunum –  
því annað Par má kaupa  
á hvaða útsölu –

En hugfast skyldi hafa  
að Sælan er til sölu,  
eitt sinn bara.  
Einkaleyfið glatað  
aldrei höndluð frammar –

Svo Fótur, segðu till!  
Hrekkur – stekkur – Dama?

Bússum dæmt í vil!

Is Bliss then, such Abyss –  
I must not put my foot amiss  
For fear I spoil my shoe?

I'd rather suit my foot  
Than save my Boot –  
For yet to buy another Pair  
Is possible,  
At any store –

But Bliss, is sold just once.  
The Patent lost  
None buy it any more –  
Say, Foot, decide the point!  
The Lady cross, or not?  
Verdict for Boot!

F372

Eftir mikla kvöl, er tilfinningin flöt –  
Taugarnar, háttvísar, einsog Legsteinar í röð –  
Stirnað Hjartað spyr „var það Hann, sem bar,“  
og „í Gær, eða Öldum fyr?“

After great pain, a formal feeling comes –  
The Nerves sit ceremonious, like Tombs –  
The stiff Heart questions ‘was it He, that bore’  
And ‘Yesterday, or Centuries before?’

Fætturnir, vélrænir, fara um –  
Trénaðan veg  
Jarðar, eða Lofts, eða Neins –  
Samgrónir þeim,  
Kvarkskennd fró, einsog Steins –

The Feet, mechanical, go round –  
A Wooden way  
Of Ground, or Air, or Ought –  
Regardless grown,  
A Quartz contentment, like a stone –

Stundirnar eru úr Blýi –  
minnst, ef á lífi –  
sem Loppnir, muna Snjóinn –  
Fyrst – Frostið – svo Doðinn –  
svo losna tökin –

This is the Hour of Lead –  
Remembered, if outlived,  
As Freezing persons, recollect the Snow –  
First – Chill – then Stupor – then  
the letting go –

F380B

Engin minna bréfa  
eru fegri þessu –  
Atkvæðin úr Flaueli –  
Setningar úr Plussi,  
Rúbíndjúpin, óbergðu,  
boðin Vörum þínum –  
Ó að væru Kólibrí –  
og sypu bara á – mínum –

All the letters I can write  
Are not fair as this –  
Syllables of Velvet –  
Sentences of Plush,  
Depths of Ruby, undrained,  
Hid, Lip, for Thee –  
Play it were a Humming Bird –  
And just sipped – me –



F403

Ég hef fyrir satt –  
Jarðlífið er knappt –  
og Angistin – allt –  
og mörgum – kvöð –  
*En, Hvað um það?*  
Ég hef fyrir satt –  
sérhver skal

*deyja* –  
hin *þróttmesta* – Seigla –  
lýtur *loks* í *Gras* –  
*En Hvað um það?*  
Ég hef fyrir satt –  
að á „Himnum“ –  
*jafnist* skuldirnar –  
gefið autt, *nýtt Blað* –  
*En – Hvað um það!*

I reason –  
Earth is short –  
And Anguish – absolute –  
And many – hurt –  
*But, What of that?*  
I reason –  
We should  
*die* –  
The *best* – Vitality  
Could not *excel Decay* –  
*But What of that?*  
I reason –  
That in “Heaven” –  
*Somehow* – it will be *even* –  
Some *new Equation* – given –  
*But – What of that!*

F409

Sálin velur sitt Samfélag –  
dregur sig því næst – í Hlé –  
til heilags Meirihluta –  
nægileg –

Sér óhrærð – Vagnana – stöðvast –  
við sitt lága Hlið –  
Óhrærð – Keisara krjúpa á kné  
sér frammivið –

Úr fríðum flokki – veit að hefur –  
útvalið Einn –  
því næst – Gáttum athygli sinnar –  
lokað – einsog Steinn –

The Soul selects her own Society –  
Then – shuts the Door –  
To her divine Majority –  
Present no more –

Unmoved – she notes the Chariots – pausing –  
At her low Gate –  
Unmoved – an Emperor be kneeling  
Opon her Mat –

I've known her – from an ample nation –  
Choose One –  
Then – close the Valves of her attention –  
Like Stone –

F413

Himnaríkið er Huganum háð,  
ef Hugurinn máðist út  
gæti ekki – Arkitektinn  
bent á hvar það stóð –

Eins vítt – og Hugur nær –  
svo frítt – sem hugsast má –  
Þeim sem þrá það, nóg  
gefst það, Hér, að sjá –

F428

Við venjumst Myrkuhjúpnunum –  
þegar Ljosið fer –  
líkt og Skriðlukt Nágrannans  
sem sagt hefur Far vel –

Við tvístígum – um Stund  
svo ný er þessi nótt –  
svo venjast – Augun – Myrkrinu –  
og greikkum Sporið skjótt –

Eins með stærri – Myrkur –  
þessi Heilans Kvöld –  
er Máninn bærir hvergi á sér –  
og sérhver Stjarna – köld –

Hin hugprúðustu – fálma –  
og lenda kannski á Tré  
rakleiðis með Ennið –  
en fá loks betur séð –

við það að Myrkrið breytist –  
eða sjónin fær greint  
Miðnættið – og Lífið gengur  
næstum beint.

Heaven is so far of the Mind  
That were the Mind dissolved –  
The Site – of it – by Architect  
Could not again be proved –

'Tis Vast – as our Capacity –  
As fair – as our idea –  
To Him of adequate desire  
No further 'tis, than Here –

We grow accustomed to the Dark –  
When Light is put away –  
As when the Neighbor holds the Lamp  
To witness her Good bye –

A Moment – We uncertain step  
For newness of the night –  
Then – fit our Vision to the Dark –  
And meet the Road – erect –

And so of larger – Darknesses –  
Those Evenings of the Brain –  
When not a Moon disclose a sign –  
Or Star – come out – within –

The Bravest – grope a little –  
And sometimes hit a Tree  
Directly in the Forehead –  
But as they learn to see –

Either the Darkness alters –  
Or something in the sight  
Adjusts itself to Midnight –  
And Life steps almost straight.

F432

Dóm minn las ég – æðrulaus –  
lét augun doka við,  
viss um að ég skildi  
þyngsta ákvæðið –  
um Dag, og eðli, feilsporsins –  
og svo hið Fróma Skjal  
um „Guðs náð“ Sál á valdi  
Kviðdómenda –  
Og sálu minni gerði ljóst –  
hvað nú stæði til –  
svo henni myndi alltént ekki  
óvænt Kvalræði –  
heldur Bana, einsog vini,  
tæki hæglega,  
heilsaði, með kurt og pí –  
og Málinu Ljúki, þar –

I read my sentence – steadily –  
Reviewed it with my eyes,  
To see that I made no mistake  
In its extremest clause –  
The Date, and manner, of the shame –  
And then the Pious Form  
That “God have mercy” on the Soul  
The Jury voted Him –  
I made my soul familiar –  
with her extremity –  
That at the last, it should not be  
A novel Agony –  
But she, and Death, acquainted –  
Meet tranquilly, as friends –  
Salute, and pass, without a Hint –  
And there, the Matter Ends –

F444

Bitmý hefði soltið –  
að lifa eins spart og ég –  
Þó var mér, lifandi barni,  
Næring, nauðsynleg –

Hungrið var sem Kló –  
sem ég gat ekki skekið  
frekar en Iglu, dekrað af –  
né Dreka – burt – rekið –

Né átti ég – sem Mýið –  
kost á loftins Veg  
að leita eigin Kvöldverðar –  
Hve máttugri – en Ég!

Né síður, Færni Hans  
uppvið Gluggans Gler,  
að ganga, fyrir Fullt og Fast  
frá henni – Litlu Mér –

F445

Þau læstu mig í Prósa –  
líkt og áður fyrr  
er ég var sett í Skápinn –  
til að vera „kyrr“ –

Kyrr! En hefðu kíkt –  
og séð – hve Heilinn – snýst –  
Þau gætu allteins, fyrir Landráð  
Fugl – í Gerði – hýst –

Hann þarf bara að vilja  
og hæglega sem Stjarna  
hlær hann hátt, að Prísundinni –  
líkt og ég – hérna –

It would have starved a Gnat –  
To live so small as I –  
And yet, I was a living child –  
With Food's necessity

Upon me – like a Claw –  
I could no more remove  
Than I could coax a Leech away –  
Or make a Dragon – move –

Nor like the Gnat – had I –  
The privilege to fly  
And seek a Dinner for myself –  
How mightier He – than I!

Nor like Himself – the Art  
Upon the Window Pane  
To gad my little Being out –  
And not begin – again –

They shut me up in Prose –  
As when a little Girl  
They put me in the Closet –  
Because they liked me “still” –

Still! Could themselves have peeped –  
And seen my Brain – go round –  
They might as wise have lodged a Bird  
For Treason – in the Pound –

Himself has but to will  
And easy as a Star  
Look down upon Captivity –  
And laugh – No more have I –

F446

Þetta var Skáld –  
Það er Sá  
sem eimar dýrlegt mál  
úr Hversdagsins Orðum –  
og Ilm svo höfugan

úr blómunum sem visnuðu  
við okkar eigin Dyr –  
að undrumst, að Okkur  
yfirsáust – fyr –

Skáldið – Hann er sá –  
sem Myndirnar fær gert –  
til Samanburðar – líðum Við –  
sífelldan Skort –

Svo rænulaus – um Kynstrin –  
Heill – þótt missti Alls –  
Hann – sér Sjálfum – Auður –  
handan – Tímatal –

This was a Poet –  
It is That  
Distills amazing sense  
From Ordinary Meanings –  
And Attar so immense

From the familiar species  
That perished by the Door –  
We wonder it was not Ourselves  
Arrested it – before –

Of Pictures, the Discloser –  
The Poet – it is He –  
Entitles Us – by Contrast –  
To ceaseless Poverty –

Of Portion – so unconscious –  
The Robbing – could not harm –  
Himself – to Him – a Fortune –  
Exterior – to Time –

F466

Ég dvel í Húsi Möguleikans –  
fegurra en Prósans –  
veglegra að Dyrum –  
ríkara – að Ljórum –

Þess Salir – Sedruskógar –  
svo langt sem augun ná –  
með Þaksperrurnar eilífu  
Himnum uppi á –

Gestirnir – þeir fegurstu –  
og Iðjan – vís –  
að breiða út Hendur smáar  
til að fanga Paradís –

I dwell in Possibility –  
A fairer House than Prose –  
More numerous of Windows –  
Superior – for Doors –

Of Chambers as the Cedars –  
Impregnable of eye –  
And for an everlasting Roof  
The Gambrels of the Sky –

Of Visitors – the fairest –  
For Occupation – This –  
The spreading wide my narrow Hands  
To gather Paradise –

F469

Garðurinn minn – einsog Ströndin –  
felur í sér – Haf –  
og það er Sumarið –

Líkt og Þessar hér  
Perlurnar sem Hann  
færir Mér

My Garden – like the Beach –  
Denotes there be – a Sea –  
That's Summer –  
Such as These – the Pearls  
She fetches – such as Me

F484

Vélrænt þræddi ég –  
Þráðlausan Veg  
skref fyrir skref  
úr Hvítu í Hvítt –

Stæði – eða færast –  
eða næði fram –  
jafn fánýtt –

Ef á enda kæmist  
væru endalokin bæði  
hulin og sýnd –

Svo ég þreifaði  
með augun lukt –  
Greiddar gekk  
Blind –

From Blank to Blank –  
A Threadless Way  
I pushed Mechanic feet –  
To stop – or perish – or advance –  
Alike indifferent –

If end I gained  
It ends beyond  
Indefinite disclosed –  
I shut my eyes – and groped as well  
’Twas lighter – to be Blind –

F487

Forboðinn er Skugginn – á Flötinni – sem stækkar –  
til marks um að Sólin á himninum lækkar –

Vari fyrir skelkað Strá  
að brátt – skellur Myrkrið – á –

Presentiment – is that long Shadow – on the Lawn –  
Indicative that Suns go down –

The Notice to the startled Grass  
That Darkness – is about to pass –

F498

Ég lifði á Ugg –  
Hver sem þekkir  
hvaða örvun býr  
í Beygnum – veit  
að önnur hvöt  
er dauf – og rýr –

Sem Spori í – Sálina –  
keyrir Óttinn hana  
þangað sem  
Örvæntingin  
án vofunnar  
vogar ekki að fara.

I lived on Dread –  
To Those who know  
The stimulus there is  
In Danger – other impetus  
Is numb – and vitalless –

As 'twere a Spur – upon the Soul –  
A Fear will urge it where  
To go without the spectre's aid  
Were challenging Despair.

F499

Verðmætin mestu – teljast þau fyrst –  
sem Missisprófið – stóðust.

Best Gains – must have the Losses' test –  
To constitute them – Gains.

F502

Lífið er dauði sem við lengjum á,  
Dauðinn hjörin sem það hangir á.

Life is death we're lengthy at,  
Death the hinge to life.



F515

Til er kvöl – svo algjör –  
að vefnað heimsins gleypir –  
leggur svo Hyldýpið Stjarfa –  
svo Minnið geti gengið  
meðfram – yfir – á því –  
líkt og þeim í Dái  
er hættulaust – að stíga  
þar sem opið auga  
Bein af Beini – steypir –

There is a pain – so utter –  
It swallows substance up –  
Then covers the Abyss with Trance –  
So Memory can step  
Around – across – upon it –  
As One within a Swoon –  
Goes safely – where an open eye –  
Would drop Him – Bone by Bone –

F519

Þetta er bréf mitt til Heimsins  
sem aldrei skrifaði Mér –  
Tíðindin ljósu sem Náttúran flutti –  
svo blíð og Tignarleg

Boðskap hennar fel ég  
Höndum fjarri sýn –  
Af ást á Henni – Kæru – landar –  
hyggið blítt – til Mín

This is my letter to the World  
That never wrote to Me –  
The simple News that Nature told –  
With tender Majesty

Her Message is committed  
To Hands I cannot see –  
For love of Her – Sweet – countrymen –  
Judge tenderly – of Me

F533

Ég teldi – Ef ég teldi –  
Skáldin – Fyrst – Svo Sólin –  
Svo Sumarið – Svo Guðsríkið –  
Og þá – er Listinn búinn –

En bíðum hæg – hið Fyrsta  
Felur í sér Hin  
Annað virðist þarflaust Skraut –  
svo ég tel – Skáldin – Ein –

Þess Sumar – varir Árið kring –  
Sól þess – ríkari –  
en Austrið – gæti gumað af –  
og sé Hitt Guðsríkið

eins Glæst og Skáldin segja  
Þeim, sem dýrka Þau –  
þá er sú Náð of staðlaus –  
til að réttlæta þann Draum –

I reckon – When I count at all –  
First – Poets – Then the Sun –  
Then Summer – Then the Heaven of God –  
And then – the List is done –

But, looking back – the First so seems  
To Comprehend the Whole  
The Others look a needless Show –  
So I write – Poets – All –

Their Summer – lasts a solid Year –  
They can afford a Sun  
The East – would deem extravagant –  
And if the Further Heaven –

Be Beautiful as they prepare  
For Those who worship Them –  
It is too difficult a Grace –  
To justify the Dream –

F557

Ég sendi tvö – Sólarlög –  
Við kepptumst – Dagur og ég –  
Ég skóp tvö, og Stjörnufjöld  
Hann – á meðan – Drög –  
Þótt Hans sé stærra – hef ég áður  
getið þess hve  
hagkvæmt er að bera Mín –  
í Hendi sér –

I send two Sunsets –  
Day and I – in competition – ran –  
I finished Two, and several Stars  
While He – was making One –  
His Own is ampler – but as I  
Was saying to a friend –  
Mine – is the more convenient –  
To carry in the Hand –

F558

Marmarasleginn Gestur –  
sem Blómum hagræðir –  
uns Brjóstmyndum líkjast –  
Glæst – sem Gler –

Sem heimsækir að Nóttu –  
og fyrr en Sólin snýr –  
sínu glitrandi samtali lýkur –  
strýkur blítt – og flýr –

En hvað sem fingur hans snertu –  
og hvert sem fætur hans bar –  
og hvaða Munn sem kyssti –  
er sem aldrei var –

A Visitor in Marl –  
Who influences Flowers –  
Till they are orderly as Busts –  
And Elegant – as Glass –

Who visits in the Night –  
And just before the Sun –  
Concludes his glistening interview –  
Caresses – and is gone –

But whom his fingers touched –  
And where his feet have run –  
And whatsoever Mouth he kissed –  
Is as it had not been –

F563

Heilinn gengur – snurðulaus  
í sinni Rás –  
en sveigi Flís af leið –  
væri minna mál –

að snúa Flóði við –  
sem gróf í Ásinn skarð –  
Veginn rauf, og jafnaði  
Myllurnar við Jörð –

The Brain, within its Groove  
Runs evenly – and true –  
But let a Splinter swerve –  
‘Twere easier for You –

To put a Current back –  
When Floods have slit the Hills –  
And scooped a Turnpike for Themselves –  
And trodden out the Mills –

F581

Ég bað – að sjálfsgöðu –  
og Kærði Drottinn sig?  
Jafnkollóttan og Fugl  
fæti – stappaði –  
og æpti „Gefðu Mér“ –

Ástæðan – Lífið –  
sem ég hlaut – úr hendi Þér –

Stærri Náðargjöf  
ef lægi óröskuð  
í Atómsins Gröf –

Glöð, og tóm, og sæl, og sljó –  
en þessi  
klára Kvöl.

F588

Hjartað krefst  
Gleði – fyrst –

Því næst – að Líða ekki –  
Þar næst – Balsamsins góða  
sem linar verkinn –

Síðan – að festa svefninn –

Loks – þess frelsis  
að mega  
með vilja Ákærvaldsins

njóta þeirra forréttinda  
að deyja –

Of Course – I prayed –  
And did God Care?  
He cared as much as on the Air  
A Bird – had stamped her foot –  
And cried “Give Me” –  
My Reason – Life –  
I had not had – but for Yourself –  
’Twere better Charity  
To leave me in the Atom’s Tomb –  
Merry, and nought, and gay, and numb –  
Than this smart Misery.

The Heart asks Pleasure – first –  
And then – excuse from Pain –  
And then – those little Anodynes  
That deaden suffering –

And then – to go to sleep –  
And then – if it should be  
The will of its Inquisitor  
The privilege to die –

F591

Ég heyrði Flugu suða –  
þegar ég dó –

Einsog Kyrrðin  
milli Hviða  
ríkti í Herberginu  
Ró –

\*

Augun í kring  
útgrátin  
og Loftið – þrungðið  
beyg –

fyrir Lokaáhlaupið þegar  
Kóngurinn  
sýnir sig –

\*

Ég arfleiddi og framseldi  
mína Erfanlegu  
Hluta – og þá var það  
að skarst í leikinn  
áður nefnd Flugu –

\*

með Bláu – óvissu – hrasandi – Suði  
á milli ljóssins og mín –

Og síðan brugðust Gluggarnir  
Og síðan, þá  
sýn mín til að sjá –

I heard a Fly buzz – when I died –  
The Stillness in the Room  
Was like the Stillness in the Air –  
Between the Heaves of Storm –

The Eyes around – had wrung them dry –  
And Breaths were gathering firm  
For that last Onset – when the King  
Be witnessed – in the Room –

I willed my Keepsakes – Signed away  
What portion of me be  
Assignable – and then it was  
There interposed a Fly –

With Blue – uncertain – stumbling Buzz –  
Between the light – and me –  
And then the Windows failed – and then  
I could not see to see –

F598

Hlið við hlið, þá er Heilinn  
víðari en – Himinhvelið –  
því Heilinn rúmar Himininn  
með hægd – og Þig – með –

Heilinn er dýpri en Hafið –  
því hafsins – Blái – flötur –  
er Dropi sem heilinn – drekkur í sig –  
einsog – Svampar – Fötur –

Á metunum er Þyngd  
Heilans – jafnvæg – Guði –  
því munurinn – ef einhver  
er Atkvæðis – frá Hljóði –

The Brain – is wider than the Sky –  
For – put them side by side –  
The one the other will contain  
With ease – and You – beside –

The Brain is deeper than the sea –  
For – hold them – Blue to Blue –  
The one the other will absorb –  
As Sponges – Buckets – do –

The Brain is just the weight of God –  
For – Heft them – Pound for Pound –  
And they will differ – if they do –  
As Syllable from Sound –

F609

Nóttin – sem liggur  
Daganna á milli –

Dagsins í gær –  
og Dagsins, senn –

sem saman renna –  
Og nú – var Nóttin –  
var enn –

\*

Hæga – Nótt  
sem líður,  
líkt og Sandkornin  
sem eyðast –

án þess að Augun greini –

\*

uns birtir  
(ekki frammar)  
af Degi –

A Night – there lay the Days between –  
The Day that was Before –  
And Day that was Behind – were One –  
And now – 'twas Night – was here –

Slow – Night – that must be watched away –  
As Grains upon a shore –  
Too imperceptible to note –  
Till it be Night – no more –

F620

Klíkkun er guðleg Spekt –  
hinu glögga Auga –

Spektin – klár Klíkkun –

Álit meirihluta  
ræður hér, sem fyrr –

Samþykkið – með Sönsum  
Einþykkið – ekki –

færð  
í Hlekkinn –

Much Madness is divinest Sense –  
To a discerning Eye –  
Much Sense – the starkest Madness –  
'Tis the Majority  
In this, as all, prevail –  
Assent – and you are sane –  
Demur – you're straightway dangerous –  
And handled with a Chain –

F632

Að glata Trúnni – er verra  
en að missa sitt Bú –  
Því Bú má vinna að nýju  
ekki – sína trú –

Barnatrúna fáum við  
í Arf – sem Lífsins auð –  
Minnsta klausa hrakin –  
og eftir stöndum snauð –

To lose One's faith – surpass  
The loss of an Estate –  
Because Estates can be  
Replenished – faith cannot –

Inherited with Life –  
Belief – but once – can be –  
Annihilate a single clause –  
And Being's – Beggary –

F647

Til að fylla upp í Gat  
settu inn Hlutinn sem skóp það –  
Fylltu það  
með Öðru – og það gapir sama Hvofti –  
Ekki er hægt að lóða saman  
Hyldýpið með Lofti –

To fill a Gap  
Insert the Thing that caused it –  
Block it up  
With Other – and 'twill yawn the more –  
You cannot solder an Abyss  
With Air –



F648

Deyjandi Auga hef ég séð  
æða til og frá  
um Herbergið – líkt og  
vænti Einhvers – þá –

Síðan – fyllast Skýjum –  
Því næst – Þokusvart –  
Þar næst – lóðast fast –

En hvaða Blessun  
vitraðist  
var ósagt –

I've seen a Dying Eye  
Run round and round a Room –  
In search of Something – as it seemed –  
Then Cloudier become –

And then – obscure with Fog –  
And then – be soldered down  
Without disclosing what it be  
’Twere blessed to have seen –

F654

Híð fagra – gerist ekki –  
Fegurðin – Er –

Eltu  
og hún fer –  
Eltu hana ekki,  
og hún varir

Gárurnar er Vindurinn  
fer Fingrum  
gegnum Engið –

Guðdómurinn bannar  
að Þú leikir það eftir –

Beauty – be not caused – It Is –  
Chase it, and it ceases –  
Chase it not, and it abides –

Overtake the Creases

In the Meadow – when the Wind  
Runs his fingers thro’ it –  
Deity will see to it  
That You never do it –

F659

Skylda hinna Frelsuðu  
skyldi Frelsun – hinna –  
af sjálfnuminni Færni –  
Fræði Grafarinnar

fær enginn Maður skilið  
en Sá sem hefur reynt  
Upplausnina – á eigin Skinni –  
Þeim Manni – er unnt

að lina hinna Óreyndu  
nýja Hugarvél –  
sem telja – hvert Tjón – Dauðadóm –  
uns þeir venjast – því –

The Province of the Saved  
Should be the Art – To Save –  
Through Skill obtained in Themselves –  
The Science of the Grave

No Man can understand  
But He that hath endured  
The Dissolution – in Himself –  
That Man – be qualified

To qualify Despair  
To Those who failing new –  
Mistake Defeat for Death – Each time –  
Till acclimated – to –

F663

Ég óttast Mann fárra orða –  
Ég óttast hinn Þöglá –  
Orðhák – get ég átt við –  
skemmt – hinum Sögla –

En Hann sem vegur – meðan Hinir –  
spreða, karpa, þjarka –  
á Honum – hef ég vara –  
óttast – að sé Merkur –

I fear a Man of frugal speech –  
I fear a Silent Man –  
Haranguer – I can overtake –  
Or Babblers – entertain –

But He who weigheth – While the Rest –  
Expend their furthest pound –  
Of this Man – I am wary –  
I fear that He is Grand –

F664

Að rifja upp þá Gleði  
sem Haldið var frá Oss –  
veitir Manndrúpssælu –  
Almáttug – og Hvöss –

Við sleppum Hnífnum ekki –  
því Við elskum Sárið  
Blaðið er – sjálft Vitni þess  
að Við höfum dáið –

Rehearsal to Ourselves  
Of a Withdrawn Delight –  
Affords a Bliss like Murder –  
Omnipotent – Acute –

We will not drop the Dirk –  
Because We love the Wound  
The Dirk Commemorate – Itself  
Remind Us that We died –

F670

Ein Krossfesting – aðeins – er skráð –  
Hve margar til  
er staðfest hvorki af Stærðfræði –  
né Mannkynssögunni –

Ein Golgata – ókunnum sýnd –  
Þó jafnmargar til  
og Fólkið – eða Fjallstindar –  
Getsemane –

Hérað – í Mannsins Miðju –  
Júdea –  
sem Krossfarartakmark, Leiðarlok –  
nær en svo –

Vor Herra – jú – Tvíþætt Vitni –  
Og þó –  
til nýrri – nærri Krossfesting  
en Sú –

One Crucifixion is recorded – only –  
How many be  
Is not affirmed of Mathematics –  
Or History –

One Calvary – exhibited to stranger –  
As many be  
As Persons – or Peninsulas –  
Gethsemane –

Is but a Province – in the Being's Centre –  
Judea –  
For Journey – or Crusade's Achieving –  
Too near –

Our Lord – indeed – made Compound  
Witness –  
And yet –  
There's newer – nearer Crucifixion  
Than That –

F687

Ekkert annað bað um –  
né annað – neitað um –  
Líf mitt bauð – í skiptum –  
Kaupmaðurinn – „Hm –

Brasil?“ og sneri Tölu –  
og horfði framhjá mér –  
„Frú mín góð – er ekkert annað  
hægt að bjóða Þér?“

I asked no other thing –  
No other – was denied –  
I offered Being – for it –  
The Mighty Merchant sneered –

Brazil? He twirled a Button –  
Without a glance my way –  
“But – Madam – is there nothing else –  
That We can show – Today?”

F700

Á þessa Vegu – les ég Bréf –  
Fyrst læsi ég að Mér –  
Klappa svo á Vasann –  
viss um hvar það er –

Fer svo út í horn  
skyldi knúð og spurt –  
dreg fram Bréfið, og dirka  
lásinn varkár upp –

Svo gaumgæfi ég Vegginn –  
og gólfíð, inn og út –  
sannfærð um að þar sé engin  
óbannfærð Mús –

Loks les ég, les hve óendanleg  
ég er – ókunnum Þér –  
Og dæsi af þrá eftir Himnaríki –  
öðru en þessu hér –

The Way I read a Letter's – this –  
’Tis first – I lock the Door –  
And push it with my fingers – next –  
For transport it be sure –

And then I go the furthest off  
To counteract a knock –  
Then draw my little Letter forth  
And slowly pick the lock –

Then – glancing narrow, at the Wall –  
And narrow at the floor  
For firm Conviction of a Mouse  
Not exorcised before –

Peruse how infinite I am  
To no one that You – know –  
And sigh for lack of Heaven – but not  
The Heaven God bestow –

F709

Að bannfæra Mig – frá Mér  
ef Ég kynni –  
mitt Vígi – óvinnandi  
hvaða Manni –

En fyrst Ég – herja á Mig –  
hvernig finn Ég frið  
nema með undirokun á  
Meðvitundinni?

Og fyrst Við deilum Völdum  
ógerlegt er  
nema með Afsögn –  
Minni – á Mér – ?

Me from Myself – to banish –  
Had I Art –  
Invincible My Fortress  
Unto All Heart –

But since Myself – assault Me –  
How have I peace  
Except by subjugating  
Consciousness?

And since We're Mutual Monarch  
How this be  
Except by Abdication –  
Me – of Me – ?

F714

Örvæntingin er áttalaus –  
líkt og um Marklausan Veg  
Förumaður, hring eftir hring  
þumlungist, skref fyrir skref –

Grunlaus um Víðáttuna –  
Grunlaus að Sólin mun brátt  
setjast niður á framför Hans –  
á svo nákvæman hátt

metur sá Kvöl sem fetar  
nýr í hennar Lönd –  
Fávíska Hans – Engillinn sem  
leiðir Hann við hönd –

No Man can compass a Despair –  
As round a Goalless Road  
No faster than a mile at once  
The Traveller proceed –

Unconscious of the Width –  
Unconscious that the Sun  
Be setting on His progress –  
So accurate the one

At estimating Pain –  
Whose own – has just begun –  
His ignorance – the Angel  
That pilot Him along –

F720

Einsog Hafið myndi greinast  
og sýna annað Haf –  
og það – enn annað –

Og þau Þrjú væru bara  
til marks um ókunn Höf  
enn án Stranda –

Óorðin Höf  
Óorðinna Sanda –

Þannig  
um Aldir Alda –

As if the Sea should part  
And show a further Sea –  
And that – a further – and the Three  
But a Presumption be –

Of Periods of Seas –  
Unvisited of Shores –  
Themselves the Verge of Seas to be –  
Eternity – is Those –

F729B

Stoðirnar halda við Húsið  
uns Húsið er byggt  
að Stoðirnar halda brott  
og sjálfbært, reisulegt  
Húsið stendur eitt  
Nafurinn gleymdur  
Smíðshögginn hætt –  
Eins með fullnað Líf  
sem býr að sömu smíð –  
Fortíð úr Nagla og Fjöl  
og hægd – uns stillansinn, frá  
staðfestir Sál –

The Props assist the House  
Until the House is built  
And then the Props withdraw  
And adequate, erect,  
The House support itself  
And cease to recollect  
The Auger and the Carpenter –  
Just such a retrospect  
Hath the perfected Life –  
A Past of Plank and Nail  
And slowness – then the scaffolds drop  
Affirming it a Soul –

F737

Oft hélt ég Friðinn runninn upp  
þótt fjarri væri –  
svo sem Skipbrotsmenn – sjá Land –  
úti á Reginsævi –

Og berjast veikar – til þess eins  
að skiljast, líkt og Mér  
að Landsýn hver er tálsýn  
sem Vonin augum ber –

I many times thought Peace had come  
When Peace was far away –  
As Wrecked Men – deem they sight the Land –  
At Centre of the Sea –

And struggle slacker – but to prove  
As hopelessly as I –  
How many the fictitious Shores –  
Or any Harbor be –

F747

Létt er að búa til Líf  
Guð gerir það – hvern Dag –  
Sköpunin – bara Leikur  
í Höfundarveldi Hans –

Létt er að má það út –  
Ráðdeildarsamur Guð  
má illa sjá af Eilífð handa  
Bráðlyndinu –

Hin Útmáðu Mynstur malda –  
en Óhikað heldur Hann  
áfram – eina Sól – Hérna –  
þurrkar þarna út – Mann –

It's easy to invent a Life –  
God does it – every Day –  
Creation – but the Gambol  
Of His Authority –

It's easy to efface it –  
The thrifty Deity  
Could scarce afford Eternity  
To Spontaneity –

The Perished Patterns murmur –  
But His Perturbless Plan  
Proceed – inserting Here – a Sun –  
There – leaving out a Man –

F754

Leikum Gærdagsleikinn –  
Skólastúlkan – Ég –  
Þú – og Eilífðin –  
hið ósungna Stef –

Hungur mitt saddi  
Orðabókin –  
til Drykkjar – Lógariþmar –  
þurrt var það Vín –

Á öðru þörf – Af Draumum  
fær Svefninn lit –  
Af lymsku Morgunroðans  
stökkva Blindir – til –

Enn á stigi Eggsins –  
í Skurninni öll –  
er Sporöskjunni raskaðir –  
og Fuglinn féll –

Sagt – að Hlekkjum gleymi –  
hver sem Nýfrjáls er –  
En aldrei – gæti Frelsið –  
sjálfsagt – mér –

Að kvöldi – fyrir svefninn –  
hinna þökk mín –  
að morgni – fyrsta Undrið –  
sem Ljósíð skein –

Kæmist Lævirkinn – aftur  
inum – Eggsins dyr –  
sviðu ekki Böndin þá  
meir en fyr?

Let Us play Yesterday –  
I – the Girl at School –  
You – and Eternity –  
The untold Tale –

Easing my famine  
At my Lexicon –  
Logarithm – had I – for Drink –  
’Twas a dry Wine –

Somewhat different – must be –  
Dreams tint the Sleep –  
Cunning Reds of Morning  
Make the Blind – leap –

Still at the Egg-life –  
Chafing the Shell –  
When you troubled the Ellipse –  
And the Bird fell –

Manacles be dim – they say –  
To the new Free –  
Liberty – commoner –  
Never could – to me –

’Twas my last gratitude  
When I slept – at night –  
’Twas the first Miracle  
Let in – with Light –

Can the Lark resume the Shell –  
Easier – for the Sky –  
Would’nt Bonds hurt more  
Than Yesterday?



Særðu ekki Járnin sárar  
þann sem gengur frjáls –  
um stund – uns kastað aftur  
bakvið lás og slá –

Guð hinna Frjálsu,  
Hlekkjanna Guð –  
sviptu Mig ekki  
Frelsinu –

*F763*

Mér gafst ekki tóm til að Hata –  
af því að  
Gröfin hindraði mig –  
og Lífið ekki  
svo ríflegt að  
Fjandskap – útkljáði –

Né gafst mér tóm til að Elska –  
en úr því að  
eitthvað þarf að fást við –  
taldi ég  
meira en nóg  
Ástarbaslið að kljást við –

Would'nt Dungeons sorer grate  
On the Man – free –  
Just long enough to taste –  
Then – doomed new –

God of the Manacle  
As of the Free –  
Take not my Liberty  
Away from Me –

I had no time to Hate –  
Because  
The Grave would hinder me –  
And Life was not so  
Ample I  
Could finish – Enmity –

Nor had I time to Love –  
But since  
Some Industry must be –  
The little Toil of Love –  
I thought  
Be large enough for Me –

F766

Enginn Fugl þagni  
þótt aleina Tréð  
sem Hann vildi búa í

af Bóndanum sé  
hoggið að Rótum –  
og útséð með

Framtíðarlöndin víðu –  
Fríða Sjónarrönd –

Hugumprúðu Fuglar –

Sönglistin er  
það eina  
sem huggar –

No Bobolink – reverse His Singing  
When the only Tree  
Ever He minded occupying  
By the Farmer be –

Clove to the Root –  
His Spacious Future –  
Best Horizon – gone –  
Brave Bobolink –  
Whose Music be His  
Only Anodyne –

F778

Fjögur tré – á afskekktu Engi –  
án Ætlunar  
né Skipulags, né Augljóss Starfa –  
Viðhalda –

Sólin – heilsar þeim að Morgni –  
og Blærinn –  
enginn Nágranni – nærri –  
en Drottinn –

Af Enginu þiggja – Stað –  
Það – af Þeim – Athygli Ferðalangs –  
Skugga, eða Íkorna, kannski –  
eða Drengs –

Hvaða Hlutverki þau gegna  
í Náttúrunni Almennt –  
hvaða Tilgangi þau þjóna – eða hamla –  
hvert um sig –

á því kann Enginn skil –

Four Trees – upon a solitary Acre –  
Without Design  
Or Order, or Apparent Action –  
Maintain –

The Sun – upon a Morning meets them –  
The Wind –  
No nearer Neighbor – have they –  
But God –

The Acre gives them – Place –  
They – Him – Attention of Passer by –  
Of Shadow, or of Squirrel, haply –  
Or Boy –

What Deed is Theirs unto the General Nature –  
What Plan  
They severally – retard – or further –  
Unknown –

F785

Það féll svo lágt – í Áliti –  
að skall á botni Hugans –  
og brotnaði – svo mátti  
ei til annars duga –

En Örlögin sem mölvuðu  
áfelldist ég – *minna*  
en Sjálfa Mig,

að geyma Leir og Silfurstell  
hlið við hlið –

It dropped so low – in my Regard –  
I heard it hit the Ground –  
And go to pieces on the Stones  
At bottom of my mind –

Yet blamed the Fate that fractured – *less*  
Than I reviled Myself,  
For entertaining Plated Wares  
Upon my Silver Shelf –

F800

Heiðina hef ég aldrei séð.  
Aldrei Hafíð –  
Samt þekki ég Lyngið  
og Öldutrafíð –

I never saw a Moor.  
I never saw the Sea –  
Yet know I how the Heather looks  
And what a Billow be –

Aldrei rætt við Guð  
né heimsótt, upp á Topp –  
Samt þekki ég staðinn  
líkt og Lestarstopp –

I never spoke with God  
Nor visited in Heaven –  
Yet certain am I of the spot  
As if the Checks were given –

F801

Sem Sleðabjöllur að Sumri  
eða Býflugnasuð, á Jólum –  
svo fjarstætt – svo fráleitt –  
sýnast okkur þau  
sem eru fjarri Sjónum –  
Áður svo nærri –  
skyndilega fjarlægari nú  
en Dögun í Timbuktú –

As Sleigh Bells seem in Summer  
Or Bees, at Christmas show –  
So fairy – so fictitious –  
The individuals do  
Repealed from Observation –  
A Party that we knew –  
More distant in an instant  
Than Dawn in Timbuctoo –

F806

Njóttu einsog Býflugan –  
svo lítilþæg –  
Rós er Gnægð  
á Sikiley –

Partake as doth the Bee –  
Abstemiously –  
A Rose is an Estate  
In Sicily –

F812

Ástin er eina  
Mælistika sín –

„Jafnstór og ég“ –  
mælir Sólin  
við Þann sem aldrei fann  
hennar skin –

En hún á sér ekki  
annan Líka  
að vin –

Love reckons by itself – alone –  
“As large as I” – relate the Sun  
To One who never felt it blaze –  
Itself is all the like it has –

814C

Soto! Kannaðu þig!  
Þig sjálfan er þar að finna  
„Ókannaða Álfan“ –  
býr hið Innra.

Soto! Explore Thyself!  
Therein thyself shalt find  
The “Undiscovered Continent” –  
No Settler had the Mind.

F829

Milli Mín – og Hinna –  
liggur opið Haf –  
en Blómin – fara á milli –  
einsog Trúboðar.

Between My Country – and the Others –  
There is a Sea –  
But Flowers – negotiate between us –  
As Ministry.

F830

Um Tignun – og Forsmán – tímans –  
er Opin Gröf – best til sanns –  
Fráfall – einsog Fjall sem byltir  
Áliti Manns  
Það sem Okkur missást  
blasir nú við –  
og sjáum að mestu ekki  
það sem sáum fyr –  
Sjónin er Samþætt –  
Ljós – af Ljósi fætt –  
Endalokin – gerð  
Óendanleg –  
Kúpt – og Íhvolft Vitni –  
Tímans Endurlit –  
og framávið –  
Hans Guði andspænis –

The Admirations – and Contempts – of time –  
Show justest – through an Open Tomb –  
The Dying – as it were a Hight  
Reorganizes Estimate  
And what We saw not  
We distinguish clear –  
And mostly – see not  
What We saw before –  
'Tis Compound Vision –  
Light – enabling Light –  
The Finite – furnished  
With the Infinite –  
Convex – and Concave Witness –  
Back – toward Time –  
And forward –  
Toward the God of Him –

F833

Kvölin – þenur Tímann –  
Aldirnar hringast saman  
innan í agnarsmáu  
Ummáli Heilans –

Pain – expands the Time –  
Ages coil within  
The minute Circumference  
Of a single Brain –

Kvölin herpir – Tímann –  
Af djúpri Und  
eru heilar Eilífðir  
sem Örskotsstund –

Pain contracts – the Time –  
Occupied with Shot  
Gammuts of Eternities  
Are as they were not –

F836

Lítaraft – Kirkjudeild – Stétt –  
Tíminn fæst  
við slíkt –

Dauðans  
dýrðlegri Flokkun  
ragar það lítt –

\*

Sem svefninn – gleymir Litnum –  
og um Lögmál  
ekki spurt –

má Dauðans stóru  
Altæku fingur  
Brennimarkið burt –

\*

Frá Kákasus – kærir sig  
jafn kollóttan – og  
skríði úr Púpu –

Ljós eða Dökk –  
Fiðrildi rís  
úr þeim Hjúpi –

upp úr  
Myrkursins djúpi –

\*

Því það sem Dauðinn – skilur –  
skiljum við, skilningssljórri –  
miður

Color – Caste – Denomination –  
These – are Time’s Affair –  
Death’s diviner Classifying  
Does not know they are –

As in sleep – all Hue forgotten –  
Tenets – put behind –  
Death’s large – Democratic fingers  
Rub away the Brand –

If Circassian – He is careless –  
If He put away  
Chrysalis of Blonde – or Umber –  
Equal Butterfly –

They emerge from His Obscuring –  
What Death – knows so well –  
Our minuter intuitions –  
Deem unplausible

F850

Hinn lögmæti – Erfingi –  
Fiðrildið –  
svikið fyrir Þig –

Defrauded I a Butterfly –  
The lawful Heir –  
for Thee –

F854

Af Örvæntingu hefur maður hag  
þoli maður – Örvæntinguna –  
Mótlætið – hjálpar þeim –  
sem umber það –

Despair's advantage is achieved  
By suffering – Despair –  
To be assisted of Reverse  
One must Reverse have bore –

Virði Kvalar einsog Virði  
Dauðans er  
meðal rammt – en aðeins  
eigin Vör

The Worthiness of Suffering like  
The Worthiness of Death  
Is ascertained by tasting –  
As can no other Mouth

finnur Bragð – þess sem er –  
látið innfyrir –  
Eymdin virðist efnislaus  
uns slegin – Við –

Of Savors – make us conscious –  
As did ourselves partake –  
Affliction feels impalpable  
Until Ourselves are struck –

F861

Sagt er að „Tíminn lini“ –  
Tíminn linar aldrei –  
Sönn kvöl, einsog Sinar,  
styrkist með Aldri –

They say that “Time assuages” –  
Time never did assuage –  
An actual suffering strengthens  
As Sinews do, with Age –

Tíminn er Prófsteyn Rauna –  
ekki Lyfjagras –  
Reynist hann svo, er raunin sú  
að ekkert var að –

Time is a Test of Trouble –  
But not a Remedy –  
If such it prove, it prove too  
There was no Malady –



F862

Ég sáði Blómum  
í minn snauða Svörð –  
og uppskar – um síðir  
úr Grýttri Jörð

Vínþrúgur  
og Korn –

Höndin sem erjar  
Tinnusteinslandið –  
uppsker sitt Blóð –

Pálmatré í Sandi –  
undir Líbúsól –

On the Bleakness of my Lot  
Bloom I strove to raise –  
Late – my Garden of a Rock  
Yielded Grape – and Maise –

Soil of Flint, if steady tilled  
Will refund the Hand –  
Seed of Palm, by Lybian Sun  
Fructified in Sand –

F867B

Ég fann Hugann klofna –  
einsog Heilinn hefði rifnað –  
Ég lagði Bút við Bút  
en Saumarnir vildu ekki passa –

Ég reyndi að þræða saman  
Hugsanir og Orð –  
En Samhengið raknaði upp –  
einsog Hnyklar – sem rúlla út á Gólf –

I felt a Cleaving in my Mind –  
As if my Brain had split –  
I tried to match it – Seam by Seam –  
But could not make them fit –

The thought behind, I strove to join  
Unto the thought before –  
But Sequence unravelled out of Sound –  
Like Balls – upon a Floor –

F871

Sársaukans helgun  
líkt og Himnaríkis  
heimtir líf og limi –  
Tindurinn til sýnis –

Þeim í miðjum Hlíðum  
sem áfram skreiðist –  
en Sá sem Fjallið sigrar –  
Allt – með Öllu greiðir –

The hallowing of Pain  
Like hallowing of Heaven,  
Obtains at a corporeal cost –  
The Summit is not given –

To Him who strives severe  
At middle of the Hill –  
But He who has achieved the Top –  
All – is the price of All –

F873

Einmana Gleði –  
en styrkir þó Geðið –  
með ljúfri kennd  
í Vindsins streng

að greina  
Fuglasöng –

Fögnuður sem enga  
Skýringu á –  
sem enginn hamlar  
né Augu sjá –

Gjöf  
Himnum frá.

It is a lonesome Glee –  
Yet sanctifies the Mind –  
With fair association  
Afar upon the Wind

A Bird to overhear –  
Delight without a Cause –  
Arrestless as invisible –  
A Matter of the Skies.

F883

Í Sunnanblænum býr  
Raddblær engum líkur –  
Einsog í tónfalli Aðkomufólks  
sem af Skipsfjöl stígur –

Vottur af Hafí og Háttum  
í tungnanna torskilda kliði –  
Því fegurri – fyrir fjarskann –  
og framandi siði –

F898

Ein Klukkustund er opið Haf  
milli mín, og nokkurra –  
Með þeim, myndi Var –

F903

Vafi að sé  
Við sem styðjum  
valtan Hug  
í verstu Neyð  
uns hann nær  
fótfestu –

Óveruleiki  
er léður,  
miskunnsöm Blekking

sem gerir lífið kleift  
með lífi  
sem er ekki.

A South Wind – has a pathos  
Of individual Voice –  
As One detect on Landings  
An Emigrant's address –

A Hint of Ports – and Peoples –  
And much not understood –  
The fairer – for the farness –  
And for the foreignhood –

An Hour is a Sea  
Between a few, and me –  
With them would Harbor be –

A Doubt if it be Us  
Assists the staggering Mind  
In an extremer Anguish  
Until it footing find –

An Unreality is lent,  
A merciful Mirage  
That makes the living possible  
While it suspends the lives.

F906

Okkur skildi að  
hvorki Haf né Hauður –  
Viljinn ræður stað –  
ekki – Miðbaugur –

That Distance was between Us  
That is not of Mile or Main –  
The Will it is that situates –  
Equator – never can –

F908

Þau krefjast bara Gleði –  
Foldarinnar Skart –  
Og endurgjalda aðsjált Bros  
Þúsundfalt –

They ask but our Delight –  
The Darlings of the Soil  
And grant us all their Countenance  
For a penurious Smile –

F910

Fyrsta Mál er að finna  
Týna svo,  
Þriðja, sækja „Gullna Reifið“

Finding is the first Act  
The second, loss,  
Third, Expedition for the “Golden Fleece”

Fjórtða, grípa í Tómt –  
Fimmta, ekkert Skip –  
Að lokum, ekkert Reifi –  
né, Jason, til –

Fourth, no Discovery –  
Fifth, no Crew –  
Finally, no Golden Fleece –  
Jason, sham, too –

F913

Orðin sem við segjum –  
að ógrunduðu Máli –  
eru stundum Neistinn  
sem tendrar Bálið –

A Man may make a Remark  
In itself – a quiet thing  
That may furnish the Fuse unto a Spark  
In dormant nature – lain –

Deilum því – með hygð –  
Mælum því – af mildi –  
Í Kolunum býr Tundrið  
sem verður að Eldi –

Let us divide – with skill –  
Let us discourse – with care –  
Powder exists in Charcoal –  
Before it exists in Fire –

F926

Ég sté af Fjöl á Fjöl  
varkár, seinförul  
Stjörnur léku um Höfuð mitt  
Hafið – mér við Il –

I stepped from Plank to Plank  
A slow and cautious way  
The Stars about my Head I felt  
About my Feet the Sea –

Óttinn – að sú næsta  
reyndist mín hinsta  
fékk mér grandvart Göngulag,  
stundum kallað Reynsla –

I knew not but the next  
Would be my final inch –  
This gave me that precarious Gait  
Some call Experience –

F930

Skáldin tendra Lampa –  
fjara sjálf út –  
en Kveikir sem þau baða  
í lífsins Grút

The Poets light but Lamps –  
Themselves – go out –  
The Wicks they stimulate  
If vital Light

brenna einsog Sólar –  
Sérhver Öld Linsa  
sem stafar þeirra Bjarma  
til hinna –

Inhere as do the Suns –  
Each Age a Lens  
Disseminating their  
Circumference –

F931

Silfur, hvert sem litið er  
með Kaðla úr Sandi  
svo útmáist ekki  
Útlínur Landsins –

An Everywhere of Silver  
With Ropes of Sand  
To keep it from effacing  
The Track called Land –

F954

Sá sem vill öðlast  
Velvild Blóms  
þarf fyrst að votta  
sinn Helgidóm.

The good Will of a Flower  
The Man who would possess  
Must first present Certificate  
Of minted Holiness

F980

Ástin – er undanfari Lífsins –  
Ástin – lifir Dauðann af –  
Ástin – er Skapari Heimsins –  
Ástin – Margfaldar –

Love – is anterior to Life –  
Posterior – to Death –  
Initial of Creation, and  
The Exponent of Earth –

F983

Bý! Ég bíð og bíð!  
Að þú sért ókomin enn  
ræddi ég síðast í Gær  
við Félaga þinn –

Bee! I'm expecting you!  
Was saying Yesterday  
To Somebody you know  
That you were due –

Langt síðan Froskarnir komu –  
á kafi núna í sínu –  
Fuglarnir flestir mættir –  
Smárinn bústinn að nýju –

The Frogs got Home last Week –  
Are settled, and at work –  
Birds mostly back –  
The Clover warm and thick –

Bréf mitt berst þér innan  
Sautjándá; svaraðu þegar  
eða, sem betra er, komdu –  
Einlæglega,

You'll get my Letter by  
The Seventeenth; Reply  
Or better, be with me –  
Your's, Fly.

*Fluga.*

F990

Goggur hans er Bor  
hans Kollur, Húfa og Pífur  
Hann erfiðar í hverju Tré  
Ormar, áfram drífur –

His Bill an Augur is  
His Head, a Cap and Frill  
He laboreth at every Tree  
A Worm, His utmost Goal –

F998

Að eiga örlitla Þrá,  
ef ekki þeim mun fjær,  
er Höfuðstóll gegn Kvöl –

Somewhat, to hope for,  
Be it ne'er so far  
Is Capital against Despair –

Að kenna örlítið til,  
ef ekki þeim mun ver –  
má þola, líði það hjá –

Somewhat, to suffer,  
Be it ne'er so keen –  
If terminable, may be borne –

F1010

Ekkert molnar á Augabragði  
sem mikilsháttar rof  
ferli Hrunsins er  
skipulagt Niðurbrot –

Crumbling is not an instant's Act  
A fundamental pause  
Dilapidation's processes  
Are organized Decays –

Sálin safnar Skúmi  
Annögl af Ryki  
Bor sem nagar Öxulinn  
undirleggur Ryði –

'Tis first a Cobweb on the Soul  
A Cuticle of Dust  
A Borer in the Axis  
An Elemental Rust –

Eyðing er formfast – Djöfuls verk  
hægt og fellt –  
Engum fatast snögglega  
Fall – er lögmál Skells –

Ruin is formal – Devil's work  
Consecutive and slow –  
Fail in an instant, no man did  
Slipping – is Crashe's law –

*F1021*

Hvort mun betra? Paradís –  
eða Paradísarsetrið  
með Klásúlunni gömlu um Efann?  
Ég get ekki annað en metið

„Fugl í Hendi“ betri  
en þann sem „Skógurinn“ býður  
kannski – og kannski ekki –  
Of seint að velja að nýju.

Which is best? Heaven –  
Or only Heaven to come  
With that old Codicil of Doubt?  
I cannot help esteem

The “Bird within the Hand”  
Superior to the one  
The “Bush” may yield me  
Or may not –  
Too late to choose again.

*F1027*

Að deyja – án þess að Deyja  
og lifa – án Lífsins núna  
er Kraftaverkið snúnasta  
lagt fyrir Trúna.

To die – without the Dying  
And live – without the Life  
This is the hardest Miracle  
Propounded to Belief.

*F1049*

Ég get lesið Símskeytin  
en best er Bréfsins pír  
Ris og hníg í Kauphöllum  
og Markaðsspár

Veðrið – hvernig Rigningin  
fellur núna í grennd.  
Þetta eru marklaus Tíðindi,  
en betri en engin send.

Myself can read the Telegrams  
A Letter chief to me  
The Stock’s advance and retrograde  
And what the Markets say

The Weather – how the Rains  
In Counties have begun.  
’Tis News as null as nothing,  
But sweeter so, than none.



*F1050*

Ég óttast að eiga Líkama –  
Ég óttast að eiga Sál –  
Djúpstæð – tvísýn Yfirráð –  
Forráð, ósjálfráð –

I am afraid to own a Body –  
I am afraid to own a Soul –  
Profound – precarious Property –  
Possession, not optional –

Arfleidd að Tvöföldu Búi  
óvarandi, Við –  
Furstar í landi Ófeigra  
Útvörðurinn, Guð.

Double Estate, entailed at pleasure  
Upon an unsuspecting Heir –  
Duke in a moment of Deathlessness  
And God, for a Frontier.

*F1055*

Þeim sem Morgnarnir virðast Nætur,  
hvað ætli Miðnættin – séu!

To Whom the Mornings stand for Nights,  
What must the Midnights – be!

*F1070*

Það lögmál Efnisheimsins  
að Ekkert ferst  
styður í Raunum  
mitt laskaða Traust –

The Chemical conviction  
That Nought be lost  
Enable in Disaster  
My fractured Trust –

Atómanna Andlit  
fái ég að sjá  
hve meir þann Heila Skapnað  
sem hvarf Mér frá!

The Faces of the Atoms  
If I shall see  
How more the Finished Creatures  
Departed Me!

*F1081C*

Alla sem ég sé  
rannsaka ég –  
Geymir skurnin Kjarna?  
Hneta hvers Trés

Experiment to me  
Is every one I meet  
If it contain a Kernel?  
The Figure of a nut

að utanverðu er  
jafntrúanleg  
En innihaldið gildir  
hjá Íkornum og mér

Presents upon a Tree  
Equally plausibly  
But meat within is requisite  
To Squirrels and to me

*F1082*

Að Slíkir dóu, léttir  
Okkur Dauðann –  
Að Slíkir lifðu, sannar  
Ódauðleikann.

That Such have died enable Us  
The tranquilizer to die –  
That Such have lived,  
Certificate for Immortality.

*F1091*

Þá List að kunna í Sálu sér  
að skemmta Sálu sinni  
með Þögnina að Félagsskap  
og viðhalda Veislunni

To own the Art within the Soul  
The Soul to entertain  
With Silence as a Company  
And Festival maintain

í auðum Sölum – sú List er  
Eign sem næst því kæmist  
að ganga í Sjóð sem rýrnar ei,  
Námu er aldrei tæmist.

In an unfurnished Circumstance  
Possession is to One  
As an Estate perpetual  
Or a reduceless Mine.

F1104

Krybburnar sungu  
lagstúf Sólarlagsins  
og Vinnumenn stungu  
hinstu Saumspor Dagsins.

Grasstráin snöggslegnu hlóðu á sig Dögg,  
Húmið, einsog Komumaður, stóð –  
kurteis og nýr, með Hatt sinn í Hönd  
óviss hvar hann bjó.

Uns Granni okkar, Óravíddin, birtist –  
Gáta sem er Nafn- og Andlitslaus –  
um Jarðarhvelin kyrrlátu sem ferðast  
Næturlanga braut –

The Crickets sang  
And set the Sun  
And Workmen finished, one by one  
Their Seam the Day upon.

The low Grass loaded with the Dew,  
The Twilight stood as Strangers do –  
With Hat in Hand, polite and new  
To stay as if, or go.

A Vastness, as a Neighbor, came –  
A Wisdom without Face or Name –  
A Peace, as Hemispheres at Home –  
And so, the Night became –

*F1121*

Himinninn er lágur –  
Skýin yggld á brá.

Tvíráð Flygsa af Snjó  
bollaleggur för

um Hlöðu  
eða Skurð –

Pröngsýnn Vindur  
kvartar

daglangt yfir órétti  
gegn sér –

Einsog Við,  
þá skartar

Náttúran ekki  
alltaf

Kórónunni –

The Sky is low – the Clouds are mean.  
A Travelling Flake of Snow  
Across a Barn or through a Rut  
Debates if it will go –  
A Narrow Wind complains all Day  
How some one treated him  
Nature, like Us is sometimes caught  
Without her Diadem –

*F1123*

Á milli Lífs og Lífs  
er munurinn ekki minni  
en Vinsins sem leikur um Varir  
og vinsins í Vínflöskunni  
Hið síðarnefnda – geymist –  
en Þeim sem sælu leita  
veitist hið korklausu betur –  
veit ég – hafandi reynt það

Between the form of Life and Life  
The difference is as big  
As Liquor at the Lip between  
And liquor in the Jug  
The latter – excellent to keep –  
But for extatic need  
The corkless is superior –  
I know for I have tried

*F1125B*

Í Paradís er Forkaupsréttur –  
hver sem vill  
getur nýtt hann, þrátt fyrir  
Adams Syndafall.

Paradise is of the Option –  
Whosoever will  
Own in Eden notwithstanding  
Adam, and Repeal.

*F1127*

Er Sólin hefur brotist fram  
hve Veröldin breytist –  
Vagnarnir skjótast sem boðberar um  
Gærdagurinn gleymist –

After the Sun comes out  
How it alters the World –  
Wagons like messengers hurry about  
Yesterday is old –

Mennirnir heilsast líkt og þeir  
stórtíðindi boði –  
Fersk einsog Farmur frá Belís  
Náttúrunnar gæði –

All men meet as if  
Each foreclosed a news –  
Fresh as a Cargo from Balize  
Nature's qualities –

*F1140*

Eldingin er gulleitur Gaffall  
sem klaufskir fingur missa  
  
yfir Borðum á Himnum,  
Stellið ógurmikla

The Lightning is a yellow Fork  
From Tables in the Sky  
By inadvertent fingers dropt  
The awful Cutlery

á Setrinu sem aldrei sést að fullu  
né er að fullu myrkvað

Of mansions never quite disclosed  
And never quite concealed  
The Apparatus of the Dark  
To ignorance revealed –

Sú Vél Myrkraheimsins  
sem hulunni er svipt af –

*F1146*

Mild sem fjöldamorð Sóla  
felldar af bjúgsverðum Kvöldsins

Soft as the massacre of Suns  
By Evening's Sabres slain

*F1163*

Kónguló saumaði að Kveldi  
fjarri Eldi  
brot af sínu Hvíta veldi –

A Spider sewed at Night  
Without a Light  
Upon an Arc of White –

Hvort heldur nú  
Skyrtu á Dverg, eða Kraga á Frú  
veit enginn nema hún –

If Ruff it was of Dame  
Or Shroud of Gnome  
Himself himself inform –

Um Ódauðleikann  
hennar áætlan  
ásjónan –

Of Immortality  
His strategy  
Was physiognomy –

*F1170*

Af Náttúrunni fæ ég  
mína fylli

Of Nature I shall have enough  
When I have entered these  
Entitled to a Bumble bee's  
Familiarities –

er ég hef  
þessum kynnst

á sama veg  
og Býflugan

sem Tryggðarböndum  
binst –

*F1180*

Frá auðráðinni Gátu  
hverfum við fljótt –  
Nýmeti svarsins  
þránar of skjótt.

The Riddle that we guess  
We speedily despise –  
Not anything is stale so long  
As Yesterday's Surprise.

*F1182*

Glaðar Stundir hverfa á braut,  
leysast sporlaust upp –  
En Kvölin, sem er Fjaðurlaus  
er of þung til flugs –

Too happy Time dissolves itself  
And leaves no remnant by –  
'Tis Anguish not a Feather hath  
Or too much weight to fly –

*F1184*

Við kynnum okkur fyrir  
Plánetum og Blómum

En gagnvart  
okkur sjálfum

kjánaleg, stíf  
og á nálum

We introduce ourselves  
To Planets and to Flowers  
But with ourselves  
Have etiquettes  
Embarrassments  
And awes

*F1193*

Pípurótarhvít  
Lóbelíurauð  
Hádegismánadýrleg  
Febrúartíð –

White as an Indian Pipe  
Red as a Cardinal Flower  
Fabulous as a Moon at Noon  
February Hour –

*F1195*

Veröldin er  
svo fátækleg  
frá því að Þú  
hlotnaðist mér –

Society for me  
my misery  
Since Gift of  
Thee –

*F1202*

Svo guðdómlegan Missi  
bókum við sem Hagnað,  
Skaðleysi gegn Einsemd  
að áttum slíkan Fagnað.

Of so divine a Loss  
We enter but the Gain,  
Indemnity for Loneliness  
That such a Bliss has been.

*F1204*

Skyldu þau koma – hef ég gripið til varna  
ljúft innilokuð – hérna

Lest they should come – is all my fear  
When sweet incarcerated – here

*F1228*

Ég get ekki þráð það meira –  
Ég get ekki þráð það minna –  
af öllum Lífs og Sálar kröftum  
vil ég til þess vinna.

I cannot want it more –  
I cannot want it less –  
My Human Nature's fullest force  
Expend itself on this.

Og er þó einskis vert  
þeim sem hæglega á –  
hvers Virði er, þó Harðsótt sé –  
skilja þeir sem fá.

And yet it nothing is  
To him who easy owns –  
Is Worth itself or Distance –  
He fathoms who obtains.



F1232

Heiðarlegt tár  
er haldbetra en Eir –  
Sá Minnisvarði hlotnist  
hverjum sem deyr –

Það rís af sjálfu sér –  
eitt og sér til minja –  
Þakklætið varir  
Bautasteinar hrynja

An honest Tear  
Is durabler than Bronze –  
This Cenotaph  
May each that dies –

Reared by itself –  
No Deputy suffice –  
Gratitude bears  
When Obelisk decays

F1233

Ég þyrði ekki að vera  
döpur aftur  
Árin löng –

Byrðin er fyrst  
óbærileg  
niðurlögð –

Hið Ofurmennska vikur  
og sá  
sem aldrei sá

Risann, hinumegin  
byrjar að deyja  
þá.

I should not dare to be so sad  
So many Years again –  
A Load is first impossible  
When we have put it down –

The Superhuman then withdraws  
And we who never saw  
The Giant at the other side  
Begin to perish now.

*F1234D*

Minnið á Bak- og Framhlið.  
Það minnir helst á Hús –  
á því er líka Ris  
fyrir Rusl og Mús –

og undir dýpsti Kjallari  
sem Múrari hefur lagt –  
Hafðu vara á Víddum þess  
svo ekki sæki að –

Remembrance has a Rear and Front.  
’Tis something like a House –  
It has a Garret also  
For Refuse and the Mouse –

Besides the deepest Cellar  
That ever Mason laid –  
Look to it by its Fathoms  
Ourselves be not pursued –

*F1249*

Væri ég Sólinni ókunn  
hefði myrkrið hert  
En Ljosið hefur að nýrri Auðn  
Auðn mína gert –

Had I not seen the Sun  
I could have borne the shade  
But Light a newer Wilderness  
My Wilderness has made –

*F1250*

Sökkvi mitt Fley, siglir það  
annað Haf –  
Á Jarðhæð Dauðans opnast inn  
til Ófeigra –

If my Bark sink  
’Tis to another Sea –  
Mortality’s Ground Floor  
Is Immortality –

*F1251*

Líttu Tímann  
ljúfum Augum –

Hann gerði eins vel  
og hann gat –

Hve mjúklega sekkur  
hin skjálfandi Sól

í Mannsins  
Vesturhaf –

Look back on Time, with kindly Eyes –  
He doubtless did his best –  
How softly sinks that trembling Sun  
In Human Nature's West –

*F1259A*

Jafn gömul og Kvölin –  
Hve gömul er hún?  
Rétt Átján þúsund ár –

Jafn gömul og Gleðin  
Hve gömul er hún  
Eins, upp á háár –

Og fara jafnan saman,  
en sjaldan hlið við hlið –

Og þótt Menn reyni  
fá þeir ekki  
fyrir þeim falið sig

As old as Woe –  
How old is that?  
Some Eighteen thousand years –  
As old as Bliss  
How old is that  
They are of equal years –

Together chiefest they are found  
But seldom side by side –  
From neither of them tho' he try  
Can Human nature hide

*F1260*

Er Himnaríki Læknir?  
Sagt er að Lækning fáist –  
En Lyf undir Grænni torfu  
eru ekki á hverju strái –  
Er Himnaríki Sjóður?  
Við erum sögð óverð –  
En ég er ekki Hluti  
af þeirri samningsgerð –

Is Heaven a Physician?  
They say that He can heal –  
But Medicine Posthumous  
Is unavailable –  
Is Heaven an Exchequer?  
They speak of what we owe –  
But that negotiation  
I'm not a Party to –

*F1267*

Eignum okkar sjálfra –  
þótt okkar séu –

ættum við að safna  
upp á nýtt –

Mínnug alls sem Brotið er  
og Týnt.

Our own possessions – though our own –  
’Tis well to hoard anew –  
Remembering the Dimensions  
Of Possibility.

*F1292*

Í þessu skamma Lífi  
sem slokknar bráðum  
Hve miklu –  
hve litlu –  
við ráðum

In this short Life  
that only lasts an hour  
How much – how  
little – is  
within our  
power

*F1300B*

Þögnin er það sem við óttumst.  
Mannsrödd er Lausnarfé –  
En Þögnin – Óendanleikinn  
sem enginn sér.

Silence is all we dread.  
There's Ransom in a Voice –  
But Silence is Infinity.  
Himself have not a face.

*F1313*

Útskriftarræða September  
samanstendur af  
Krybbum – Krákum – Minningum  
og fölskum Andvara

sem ýjar óeindreginn –  
Tvíveðrungur þur  
svo Hjartað lýkur Leik –  
og gerist Spekingur.

September's Baccalaureate  
A combination is  
Of Crickets – Crows – and Retrospects  
And a dissembling Breeze

That hints without assuming –  
An Innuendo sear  
That makes the Heart put up its Fun –  
And turn Philosopher.

*F1325*

Ég frétti aldrei andlát  
án tilhugsunar um  
að Líflíkurnar sanna  
útþurrkun,

svo sönn, í Dagsins önn,  
að hugurinn sem plægir  
það Hyldýpi, stöðugt,  
sturlast, annað slagið –

Feigðin hjúpar Beyginn  
Veigrunarorðum,  
Lífið deyðir  
lítið berum Augum –

Því veit ég engan dirfast  
að mæta í myrku Sundi  
þeim skæða fjanda – Vitund sinni  
vísvitandi –

I never hear that one is dead  
Without the chance of Life  
A fresh annihilating me  
That mightiest Belief,

Too mighty for the Daily mind  
That tilling its abyss,  
Had Madness, had it once or, Twice  
The yawning Consciousness,

Beliefs are Bandaged, like the Tongue  
When Terror were it told  
In any Tone commensurate  
Would strike us instant Dead –

I do not know the man so bold  
He dare in lonely Place  
That awful stranger – Consciousness  
Deliberately face –

*F1327*

Lífið að eiga –  
af Lífinu að teygja –  
að tæma aldrei þær Veigar –

Of Life to own –  
From Life to draw –  
But never touch the Reservoir –

F1332

Að drepa  
skipunin gall –  
Ísak var Unglamb –  
Abraham karl

Hiklaust hlýddi  
Abraham –  
en Fylgispektin mýkti  
Harðstjórnann –

Ísak – lifði að ráða  
sínnum Börnum heilt:

stundum getur  
Bolabítur  
Mannasiði lært.

Abraham to kill him  
Was distinctly told –  
Isaac was an Urchin –  
Abraham was old –

Not a hesitation –  
Abraham complied –  
Flattered by Obeisance  
Tyranny demurred –

Isaac – to his Children  
Lived to tell the tale –  
Moral – with a Mastiff  
Manners may prevail.

F1334

Hvort þau hafi gleymt  
eða gleymi brátt  
eða mundu aldrei –  
Óvissan er skást –

Ágiskanavíðinn  
hefur mýkra bit  
en Staðreyndarjárníð  
hvesst með Ég veit –

Whether they have forgotten  
Or are forgetting now  
Or never remembered –  
Safer not to know –

Miseries of Conjecture  
Are a softer wo  
Than a Fact of Iron  
Hardened with I know –

*F1338*

Tíminn heldur áfram –  
brýni ég fyrir þeim  
sem núna þjást –

Þau munu lifa af –  
og Sólin mun skína –

Þau trúá mér ekki núna –

Time does go on –  
I tell it gay to those who suffer now –  
They shall survive –  
There is a Sun –  
They dont believe it now –

*F1343*

Að flýja minnið  
ættum við Vængi  
flygju margir  
Stiltari hlutum vanari  
litu hreldir Fuglarnir  
á það skelfda Flug  
Menn á flótta undan  
mannsins hug

To flee from memory  
had we the Wings  
Many would fly  
Inured to slower things  
Birds with surprise/dismay  
Would scan the cowering Van  
Of men escaping  
From the mind of man

*F1373*

Aldrei hefur Kóngulóin  
birst sem Listamaður –  
þótt Verðleikinn – afburða –  
sé fúslega – vottaður –

The Spider as an Artist  
Has never been employed –  
Though his surpassing Merit  
Is freely certified

af Kústi og Kvenmannsörmum  
um allt vort Kristna Land –  
Hundsaði Snillingssonur  
Ég leiði þig við Hönd –

By every Broom and Bridget  
Throughout a Christian Land –  
Neglected Son of Genius  
I take thee by the Hand –



*F1378*

Skítuga Hjartarskömmin  
er fúslega mín  
Ég vann hana með Brauðsnúð –  
Freknótt helgiskrín –

This dirty – little – Heart  
Is freely mine –  
I won it with a Bun –  
A Freckled shrine –

En maklega frítt  
þeim sem sér  
Sálarinnar Ásjónu  
og ekki Hnén.

But eligibly fair  
To him who sees  
The Visage of the Soul  
And not the knees.

*F1381C*

Hjartað er Höfuðborg Andans.  
Sjálfstætt Ríki Andinn.  
Samband Hjarta og Anda  
myndar Meginlandið.

The Heart is the Capital of the Mind.  
The Mind is a single State.  
The Mind and the Heart together make  
A single Continent.

Manntalið – er Einn –  
Nægilega margt –  
Finndu þessa sælu  
Þjóð – sem Þú ert.

One – is the Population –  
Numerous enough –  
This ecstatic Nation  
Seek – it is Yourself.

*F1384E*

Á Hjartanu þrífst Andinn  
einsog Afæta –  
ef því er feitt um Rætur  
er Andinn feitur af –

The Mind lives on the Heart  
Like any Parasite –  
If that is full of Meat  
The Mind is fat –

En skyldi Hjartað svelta  
horast líka Skynið –  
Viðurværi þess  
svo viðurhlutamikið.

But if the Heart omit  
Emaciate the Wit –  
The Aliment of it  
So absolute.

F1385

Er þú sópar „Minnið“ –  
þann heilaga Skáp –  
gerðu það í hljóði –  
með auðmjúkum Sóp –

Það Verk mun leyna á sér –  
Auk Einkennis  
á öðrum Viðmælendum  
líkindi –

Tígið er Ryk þess Ríkis –  
láttu það óhreyft –  
það getur bælt þig niður,  
en verður ekki fægt.

That sacred Closet when you sweep –  
Entitled “Memory” –  
Select a reverential Broom –  
And do it silently –

’Twill be a Labor of surprise –  
Besides Identity  
Of other Interlocutors  
A probability –

August the Dust of that Domain –  
Unchallenged – let it lie –  
You cannot supersede itself,  
But it can silence you.

F1402

Hjarta hans  
var myrkara  
en stjörnulausa nóttin

Hennar bíður  
Morgunninn  
rétt strax

En í þessum svarta Kistli  
boðar ekkert  
birtu Dags

Boðar ekkert  
birtu Dags

His Heart was darker than the starless night  
For that there is a morn  
But in this black Receptacle  
Can be no Bode of Dawn

Can be no Bode of Dawn

*F1403*

Snert Náttúrunnar  
ljúfa Gítar létt

Kunnirðu ekki Lagið  
bendir sérhver  
Fugl á þig

sem Skáld af bráðu tagi

Touch lightly Nature's sweet Guitar  
Unless thou know'st the Tune  
Or every Bird will point at thee  
Because a Bard too soon –

*F1405*

Augnablikið fyllir upp  
Aðskilnað – um Aldur  
Þótt fjarri sé, rofnar ekki  
Nornarinnar galdur –

Þúsund Ára glóðir  
sem skarað er í  
af Hendinni sem kynti  
kvikna á ný

Long Years apart – can make no  
Breach a second cannot fill –  
The absence of the Witch does not  
Invalidate the spell –

The embers of a Thousand Years  
Uncovered by the Hand  
That fondled them when they were Fire  
Will gleam and understand

*F1424*

Fjölmúlavíl er Vonin –  
Hjartans Einkaleyfi –  
sem ávallt er í notkun  
án þess að á sjái –

Um þessa mjúku meðhjálp  
vitum við það eitt  
að hennar ríka starfsþrek  
fegrar allt –

Hope is a strange invention –  
A Patent of the Heart –  
In unremitting action  
Yet never wearing out –

Of this electric adjunct  
Not anything is known  
But its unique momentum  
Embellish all we own –

*F1425*

Mín þarfnast þau ekki,  
og kannski þó –

Að Hjarta mitt sé nærri,  
til þess skal ég sjá –

Kannski veltur mikið  
mínu litla brosi á –

They might not need me, yet they might –  
I'll let my Heart be just in sight –  
A smile so small as mine might be  
Precisely their necessity –

*F1432B*

Ég á ekki annað Líf –  
að lifa hér –

né annan Dauða en þann  
sem útskúfar mér –

né tengsl við aðra Heima  
né ókunn Skuldaskil,

nema að þessu Marki  
að elska Þig.

I have no Life but this –  
To lead it here –  
Nor any Death – but lest  
Dispelled from there –  
Nor tie to Earths to come,  
Nor Action new  
Except through this Extent  
The love of you.

*F1451*

Að flúið hafi á dyr  
Gestur um Nótt í Hugskoti –  
er ekki vitað til –

Sú leynda – kræfa Krá  
tryggir að enginn má  
sleppa henni frá –

No Passenger was known to flee –  
Who lodged a Night in memory –  
That wily – subterranean Inn  
Contrives that none go out again –

*F1452*

Gistingin með Eindæmum  
en Gesturinn svipull

Incredible the Lodging  
But limited the Guest

*F1463*

Skapari minn –

lof þú mér

Heim

eða tveim

að vera

frá þér –

Ef ég væri

öllu nær

saknaði ég meir –

My Maker – let me be

A World or two from thee –

But nearer this –

I more should miss –

*F1464*

Lít þessa litlu Plágu –

Náðargjöfin stærst –

algeng bæði og vanskýrð

og ber nafnið Ást –

Að skorta hana er Angur –

að eiga hana er Önn –

hvergi – þótt í Paradís

á hún Líka sinn –

Behold this little Bane –

The Boon of all alive –

As common as it is unknown

The name of it is Love –

To lack of it is Woe –

To own of it is Wound –

Not elsewhere – if in Paradise

Its Tantamount be found –

F1467

Þessa Stríðu Daga – að ganga til Skógar  
þar sem Vatnið svala kringum mosann skríður –  
og skuggsældin það eina sem kyrrðina rýfur  
Slíkar yrðu vísast bjargirnar nógar –

These Fevered Days – to take them to the Forest  
Where Waters cool around the mosses crawl –  
And shade is all that devastates the stillness  
Seems it sometimes this would be all –

F1468

Til er fögur nál  
sem bætir slitna Trú  
sem saumsporin þræðir  
Loftinu úr –

To mend each tattered Faith  
There is a needle fair  
Though no appearance indicate –  
’Tis threaded in the Air –

Og þótt hún klæðist ekki  
sem væri Óslitin  
er sú sauðagæra  
þægileg sem fyrr –

And though it do not wear  
As if it never Tore  
’Tis very comfortable indeed  
And specious as before –

F1478

Fuglsrödd, ein  
er meira verð  
en milljón orð

Slíðrið ber  
bara eitt  
sverð

One note from  
One Bird  
Is better than  
A million words  
A scabbard  
has  
but one  
sword

F1486

Þeir lifa ei sem efast um  
að lifi upp á nýtt –  
„Upp á nýtt“ er tvítekning  
en þetta allt – er eitt –  
Skípið undir Vindubrúnni  
kennir það – Grunnur?  
Eins er – Dauðinn – Bandstrik Hafsins –  
Djúp er Áætlun  
þess Disks sem koma skal –  
Vitund án Voða,  
hann er það –

Those not live yet  
Who doubt to live again –  
“Again” is of a twice  
But this – is one –  
The Ship beneath the Draw  
Aground – is he?  
Death – so – the Hyphen of the Sea –  
Deep is the Schedule  
Of the Disk to be –  
Costumeless Consciousness,  
That is he –

F1489G

Um Hverfandinnar Slóð  
þyrlast stöðugt Hjól –  
með Óm af Smaragðsgrænu,  
og Þyt af Kókíníl –  
Og Blómabreiðan réttir  
Krónur sínar við –  
Tíðindin frá Túnis – vísast,  
greiðfar Morgunreið –

A Route of Evanescence,  
With a revolving Wheel –  
A Resonance of Emerald  
A Rush of Cochineal –  
And every Blossom on the Bush  
Adjusts its tumbled Head –  
The Mail from Tunis – probably,  
An easy Morning's Ride –

F1491

Sumarhimin að sjá  
er Ljóðlist, jafnvel þó  
enginn lettri Blámann á  
Bókfellin grá –

To see the Summer Sky  
Is Poetry, though never in a Book it lie –  
True Poems flee –

*F1496*

Blóm svo fagurt  
hryggir hugann  
líkt og Raun sé af –  
Er Fegurðin – þá Angur?  
Spyrjum Hefðina –

So gay a Flower  
Berieves the mind  
As if it were a Woe –  
Is Beauty an Affliction – then?  
Tradition ought to know –

*F1503B*

Brjótum við Skipið á Útsævi Hugans  
hvar er þá Naustið?  
Bátskelin sem bæri okkur  
er Einfaldleikinn – trausti –

If wrecked upon the Shoal of Thought  
How is it with the Sea?  
The only Vessel that we shunned  
Is safe – Simplicity –

*F1523*

Hve mjúk eru Lirfunnar skref  
eftir minni Hönd –  
Hún kemur úr veröld Flaelis –  
um Flossins lönd  
Svo hljóðlaust að vart nemur  
mín hæga – jarðneska sýn –  
Svo stefnuföst að varla  
þarfnast mín –

How soft a Caterpillar steps –  
I find one on my Hand  
From such a Velvet world it comes –  
Such plushes at command  
Its soundless travels just arrest  
my slow – terrestrial eye –  
Intent upon its own career –  
What use has it for me –

*F1533*

Nafn svo kært  
af eyrum heyrð  
ljómar sem Glóð  
Eins náíð – eins hverfult  
og Kvöldsól á snjó –

Of whom so dear  
The name to hear  
Illumines with a Glow  
As intimate – as fugitive  
As Sunset on the snow –



*F1539C*

Fjandi minn er roskinn –  
loks er Hefndin mín –  
Gómsætt Hatrið dofnar –  
Sá sem hefnir sín

geri það um leið –  
Í Hatrið slær  
einsog úldið Kjöt –  
Reiðin deyr, um leið og hún er nærð –  
af Seyru – verður hún feit –

Mine Enemy is growing old –  
I have at last Revenge –  
The Palate of the Hate departs –  
If any would avenge

Let him be quick –  
The Viand flits –  
It is a faded Meat –  
Anger as soon as fed – is dead –  
'Tis Starving makes it fat –

*F1561*

„Slástu í för með okkur!“

*Hín* megi  
dag eftir dag

ferðast sæluveginn  
í Kvöldsins Haf –

“Go traveling with us”!

*Her* Travels daily be  
By routes of ecstasy  
To Evening's Sea –

F1564

Margt er það sem aldrei kemur aftur –  
Æskan – sumar Vonir – hver sem Dó –  
En Gleðistundir leggja stundum  
land undir fót  
og staldra þó –

Við syrgjum hvorki Sjó- né Flökkumann –  
fríð er þeirra För –  
en hugsum – stærri – til alls sem þeir  
munu segja frá  
kominir aftur hér –

„Hér“! Til eru staðgóð Hér –  
sem spáð er fyrir um –  
og þangað ferðast Andinn –  
Þótt djúpum Rótum standi í  
sínu Föðurlandi –

The Things that never can come back, are several –  
Childhood – some forms of Hope – the Dead –  
But Joys like men may sometimes make a Journey  
And still abide –

We do not mourn for Traveler or Sailor –  
Their Routes are fair –  
But think – enlarged – of all that they will tell us –  
Returning here –

“Here”! There are typic Heres –  
Foretold Locations –  
The Spirit does not stand –  
Himself – at whatsoever Fathom  
His Native Land –

F1577C

Biblían er Bindi fornt –  
sem fölnaðir skrifuðu Menn  
af Heilögum Öndum innblásnir –  
Þemun – Betlehem –  
Eden – úrgamla Býlið –  
Satan – Hershöfðinginn –  
Júdas – Liðhlaupinn Mikli –  
Davíð – Trúbadorinn –  
Syndin – vel þekkt Dýpi  
sem aðrir verða að varast –  
Drengir sem „trúa“ eru einmana mjög –  
aðrir Drengir „farast“ –  
En væri Sagan blístruð –  
Drengirnir allir koma –  
Messa Orfeifs gantók –  
án þess að dæma –

The Bible is an antique Volume –  
Written by faded Men  
At the suggestion of Holy Spectres –  
Subjects – Bethlehem –  
Eden – the ancient Homestead –  
Satan – the Brigadier –  
Judas – the Great Defaulter –  
David – the Troubadour –  
Sin – a distinguished Precipice  
Others must resist –  
Boys that “believe” are very lonesome –  
Other Boys are “lost” –  
Had but the Tale a warbling Teller –  
All the Boys would come –  
Orpheu’s Sermon captivated –  
It did not condemn –

F1581

Þeir – sem dóu þá  
vissu að leiðin lá  
Guði á Hægri Hönd –  
Sú Hönd er afsneidd nú  
og Guð er hvergi að sjá –

Those – dying then,  
Knew where they went –  
They went to God’s Right Hand –  
That Hand is amputated now  
And God cannot be found –

Að hafna Trúnni gerir  
Hegðunina smáa –  
Betra er mýrarljósið  
en myrkrið bláa –

The abdication of Belief  
Makes the Behavior small –  
Better an ignis fatuus  
Than no illumine at all –

*F1586*

Ljóssins Mynd, Far vel –  
takk fyrir samtalið –  
svo langt – svo knappt –  
Leiðsegjandi alls –  
Förunautur Sanns –  
Gafst – Yfirgafst –

Image of Light, Adieu –  
Thanks for the interview –  
So long – so short –  
Preceptor of the whole –  
Coeval Cardinal –  
Impart – Depart –

*F1598*

Rétt eftir Tvö  
slær Klukkan Eitt –  
Summan er á Hvolfi –  
Flækingur úr Mósebók  
eyðilagði Kólfinn –

The Clock strikes One  
That just struck Two –  
Some Schism in the Sum –  
A Vagabond from Genesis  
Has wrecked the Pendulum –

*F1604*

Tek ekki á móti Gestum  
segir Nakta Tréð –  
Hatt minn fæ í Apríl –  
Lífið vel –

Not at Home to Callers  
Says the Naked Tree –  
Bonnet due in April –  
Wishing you Good Day –

*F1609B*

Sá sem fer á mis, við Himnaríkið – niðri –  
fer líka á mis á Himnum –  
Því Englar leigja í næsta Húsi  
hvert sem við flytjum –

Who has not found the Heaven – below –  
Will fail of it above –  
For Angels rent the House next ours  
Wherever we remove –

*F1611*

Með heimagerðum gjöfum  
og hjálparvana orðum  
er hjarta mannsins frá  
engu sagt –  
Í „Engu“ felst aflið  
sem endurnýjar  
Allt –

By homely gifts and hindered words  
The human heart is told  
Of nothing –  
“Nothing” is the force  
That renovates the World –

*F1612*

Í Gálganum héngu  
Galdrakindur  
áður fyrr –

En ég finn nógan  
Galdraskap  
alltumkring –

Witchcraft was hung, in History,  
But History and I  
Find all the Witchcraft that we need  
Around us, Every Day –

*F1618 (lokalínur)*

Hve margt getur komið  
og farið,  
og Veröldin þó staðið!

How much can come  
And much can go,  
And yet abide the World!

*F1624*

Hverf þú  
á Fund þinn  
við Ljosið,  
þrautalaust  
nema okkur –  
sem hægt  
vöðum fyrir  
Leynardóminn  
sem þú  
stökkst yfir!

Pass to thy Rendezvous of Light,  
Painless except for us –  
Who slowly ford the Mystery  
Which thou hast leaped across!

*F1639B*

Fáir, en nógir,  
nógir er Einn –  
Eigum við ekki skilið  
að tilheyra í laumi  
þeim himneska glaumi?

Few, yet enough,  
Enough is One –  
To that ethereal throng  
Have not each one of us the right  
To stealthily belong?

*F1646*

„Fyrsta, annað, þriðja“  
hrópar Uppboðshaldarinn  
af Krossinum – svo aðskilur  
okkur, Hamarinn –  
Hann selur bara Auðnina,  
Örvæntingin kostar  
eitt Hjarta, kannski tvö  
hið allræmsta –

The Auctioneer of Parting  
His “Going, going, gone”  
Shouts even from the Crucifix,  
And brings his Hammer down –  
He only sells the Wilderness,  
The prices of Despair  
Range from a single human Heart  
To Two – not any more –

*F1647*

Ég opna,  
óviss  
hvenær Morgnar

Not knowing when the Dawn will come –  
I open every Door  
Or has it Feathers like a Bird  
or Billows like a Shore –

hverja Gátt –

Fljúgi hann  
sem Fuglinn  
hátt

Brotni hann  
sem Báran  
lágt –

*F1650B*

Um Hunangsins Stétt  
hirðir Býið lítt –  
Hver Smári, fyrir því  
er af Aðalsætt –

The Pedigree of Honey  
Does not concern the Bee –  
A Clover, any time, to him  
Is Aristocracy

F1655

Minnstu ekki á Sumartrén við mig  
í laufskrúði andans  
er Samkomustaður Fugla  
af líkamslausu standi  
og vinda sem halda um miðdagsstund  
til sinna Himnesku Landa  
Hornið mun kalla hin minnstu af oss  
til þeirra ókunnna Stranda

Talk not to me of Summer Trees  
The foliage of the mind  
A Tabernacle is for Birds  
Of no corporeal kind  
And winds do go that way at noon  
To their Etherial Homes  
Whose Bugles call the least of us  
To undepicted Realms

F1659

Ég hélt því of fast, sagði Barnið  
um Fiðrildið sem dó –  
Um margan stærri Feng er sungið  
sama Tregaljód –

I held it so tight that I lost it  
Said the Child of the Butterfly  
Of many a vaster Capture  
That is the Elegy –

F1668

Það virðist furða Blómið lítt  
sem unír glatt  
við sitt  
  
að vera af slysi í Frostsins leik  
höfuðstytt –  
  
Og Launmorðinginn ljósi  
heldur brott –

Apparently with no surprise  
To any happy Flower  
The Frost beheads it at its play –  
In accidental power –  
The blonde Assassin passes on –  
The Sun proceeds unmoved  
To measure off another Day  
For an Approving God –

og Dagur fylgir Nótt

Og óhrærð Sólin skín á það  
sem Guð  
segir Gott –



*F1672*

Bréf er Jarðnesk gleði –  
Guðirnir kynnast henni aldrei –

A Letter is a joy of Earth –  
It is denied the Gods –

*F1675B*

Við æskjum eins greiða af Guði,  
að fyrirgefa okkur –  
Hann einn veit, hversvegna –  
Glæpinn sjáum við ekki –  
innilokuð ævilangt  
í Töfraljómans þrísund  
iðrumst við líka Gleðinnar  
sem Himnaríki snýst um –

Of God we ask one favor,  
That we may be forgiven –  
For what, he is presumed to know –  
The Crime, from us, is hidden –  
Immured the whole of Life  
Within a magic Prison  
We reprimand the Happiness  
That too competes with Heaven –

*F1720*

Veturinn er til ræktunar  
jafn gróðursæll og Vorið

Winter under cultivation  
Is as arable as Spring

*F1752*

Afbryðisamur er Guð –  
Hann afber ekki að sjá  
að fremur en við Hann  
leikum við tvö og tvö.

God is indeed a jealous God –  
He cannot bear to see  
That we had rather not with Him  
But with each other play.

F1779

Til að gera engi  
þarf býflugu og blóm,  
eina býflugu, og blóm,  
og dreyminn hug.  
Ef býflugurnar vantar  
er draumhyglin nóg.

To make a prairie it takes a clover  
and one bee,  
One clover, and a bee,  
And revery.  
The revery alone will do,  
If bees are few.

F1788

Frægðin er bý.  
Hún á sinn söng –  
Hún á sinn sting –  
Ah, já, og væng.

Fame is a bee.  
It has a song –  
It has a sting –  
Ah, too, it has a wing.

ORÐSKVIÐIR OG HENDINGAR ÚR BRÉFUM EMILY DICKINSON

L 185

Ef rósinar hefðu ekki fölnað  
og frostin ekki bitið  
og ekki hér og þar hnigið  
þau sem ég get ekki vakið,  
væri ekki þörf á Himnaríki  
öðru en því sem lifir.

If roses had not faded,  
and frosts had never come,  
and one had not fallen here and there  
whom I could not waken,  
there were no need of other Heaven  
than the one below.

L 194

Við gæfum ekki sólinni gaum,  
ef ekki *settist* –

We would'nt mind the sun, dear,  
if it did'nt *set* –

L 220

Þetta *Berhöfða líf* –  
undir grænni torfu –  
taugatrekkir einsog  
suð í Vespu.

That *Bareheaded life* – under the grass –  
worries one like a Wasp.

L 265

Sæfarinn sér ekki Norðrið –  
en veit að það getur Nálin –

The Sailor cannot see the North –  
but knows the Needle can –

L 273

Hjartað er eina hjúið  
sem enginn kemst af án.

The heart is the only workman  
we cannot excuse.

L 277

Minnsta byrði – er hvímléið –  
trosnuðum Kaðli –

A small weight – is obnoxious –  
upon a weary Rope –

L 288

Ekkert er fyrst, eða síðast, í Alltaf –  
Miðjan er þar, endalaus –

There is no first, or last, in Forever –  
It is Centre, there, all the time –

L 311

Nóvember þótti mér alltaf  
Noregur ársins.

November always seemed to me  
the Norway of the year.

L 311

Þar sem Dauðinn fær heimboð,  
er hann heimagangur.

I notice where Death has been introduced,  
he frequently calls.

L 318

Flötin er barnafull af suðri  
og margskonar angan,  
og í dag heyri ég aftur  
árniðinn í trjánnum.

The lawn is full of south  
and the odors tangle,  
and I hear today for the first  
the river in the tree.

L 319

Náttúran, virðist mér  
að leiki, ein, með sér.

Nature, seems it to myself,  
plays without a friend.

L 330

Þakklæti er bljúgur auður  
þeirra sem ekkert eiga.

Gratitude is the timid wealth  
of those who have nothing.

L 332

Að deyja er hamslaus Nótt  
og nýr Vegur.

Dying is a wild Night  
and a new Road.

L 337

Við upplifum duftið, öll,  
en döggin er gefin.

We all have moments with the dust,  
but the dew is given.

L 338

Hver veit Hjartans djúp  
og hvað það geymir?

Who knows how deep the Heart is  
and how much it holds?

L 342

Hið ótrúlega undrar okkur aldrei  
af því að það er hið ótrúlega.

The incredible never surprises us  
because it is the incredible.

L 347

Makalaus Jörð – Við vanmetum  
að mega dvelja í Þér.

Oh Matchless Earth – We underrate  
the chance to dwell in Thee.

L 351

Landið virðir Frostið,  
þótt takið losni.

Landscapes reverence the Frost,  
thought its gripe be past.

L 353

Í Hættum Ódauðleikans  
býr kannski seiðmagn hans –

The Risks of Immortality  
are perhaps its charm –

L 355

Sælan á engan Keppinaut,  
og er því ávallt mest.

Delight has no Competitor,  
so it is always most.

L 362

Gátur eru heilnæm fæða.

Riddles are healthful food.

L 379

Orð skyldi nota með gát.  
Eggið afklekst ekki.

We must be careful what we say.  
No bird resumes its egg.

L 386

Þótt Höfnunum fjölgi  
minnka ekki Höfin.

To multiply the Harbors  
does not reduce the Sea.

L 395

Vísindin munu ekki treysta okkur fyrir  
annarri Veröld.

Science will not trust us  
with another World.

L 399

Aðskilnaður er eitt af því  
sem Dauðleg Tilvist kostar.  
Sorglegt er það – einsog Dauðinn  
en gerist oftar.

Parting is one of the exactions  
of a Mortal Life.  
It is bleak – like Dying,  
but occurs more times.

Sumir, sem flýja hið fyrra,  
bjóða heim því síðra.  
Risanum í Mannsins Hjarta  
mætti enginn hið ytra.

To escape the former,  
some invite the last.  
The Giant in the Human Heart  
was never met outside.

L 416

Þjáninguna skilur aðeins Sá  
sem þekkir hana eigin Skinni á.

For the comprehension of Suffering  
One must ones Self have Suffered.

L 428

Raunir örva  
Víni frammar.

Trial as Stimulus  
far exceeds Wine.

L 435

Ófáir englar, með nálum,  
strita undir snjónum.

Many an angel, with its needle,  
toils beneath the snow.

L 435

Að þrenningarfjólan fölni  
er hennar eina kvöl.  
Það, í hins stað,  
er hin sanna náð.

That a pansy is transitive,  
is its only pang.  
This, precluding that,  
is indeed divine.

L 450

Hve ríkulega sólbráðin drýpur  
af Febrúar-ufsunum!  
Fölbleikan roða ljær hún  
okkar hugsunum –  
  
og boðar Þrastarsönginn –  
og syrgir um leið  
að Febrúar rennur sitt skeið –

How luscious is the dripping  
of February eaves!  
It makes our thinking Pink –  
  
It antedates the Robin –  
Bereaving in prospective  
that February leaves –

L 471

Glaðar stundir eru ávallt sameiginlegar;  
þær eru glaðar af þeim sökum.

Good times are always mutual;  
that is what makes good times.

L 471

Hið óþekkt er það sem vitundin hefur  
dýpsta þörf fyrir.

The unknown is the largest need  
of the intellect.

L 472

„Við þökkum þér Ó Faðir“ fyrir kynlega Hug  
sem fjörga oss gegn þér.

“We thank thee Oh Father” for these strange  
Minds,  
that enamor us against thee.



L 510

Hve kynlegt að Náttúran skuli ekki banka,  
og trani sér þó aldrei!

How strange that Nature does not knock,  
and yet does not intrude!

L 520

Rauðu Laufin koma  
í stað hinna Grænu,  
og Landslagið hverfur.  
Við sofnum með Ferskjuna  
í Lófanum  
og vöknum með Steininn.  
En Ferskjusteinninn heitir  
ókomnum Sumrum –

The Red Leaves take the Green Leaves Place,  
and the Landscape yields.  
We go to sleep with the Peach in our Hands  
and wake with the Stone.  
But the Stone is the pledge  
of Summers to Come –

L 521

Dýrmæti eru Hugsun og Mál!  
„Himnesk náðargjöf.“

How precious Thought and Speech are!  
“A present so divine.”

L 541

Aðdáun er ódýr  
nema þeim sem nýtur.

Adulation is inexpensive  
except to him who accepts it.

L 554

Þetta er sú Veröld sem opnast og lokast,  
einsog Auga Vaxbrúðunnar –

This is the World that opens and shuts,  
like the Eye of the Wax Doll –

L 564

Hið smæsta má sín mest –  
Spörvinn gefur sig ekki –

The tiniest ones are the mightiest –  
The Wren will prevail –

L 575

Þar til hún elskar – mun  
hver manneskja ófullnuð –

Till it has loved – no man or woman  
can become itself –

L 609

Náttúran er okkar elsta móðir,  
hún mun ekki gera okkur mein.

Nature is our eldest mother,  
she will do no harm.

L 619

Hvað annað er Jörðin en Hreiður,  
og við fallandi af brún þess?

What indeed is Earth but a Nest,  
from whose rim we are all falling?

L 735

Hollt er að muna  
að Víðfeðmið –  
er aðeins Skuggi Heilans  
sem býr það til –

It is solemn to remember  
that Vastness –  
is but the Shadow of the Brain  
which casts it –

L 742

Hjörtun falla sem aldrei hallast.  
Að barma, varnar.

The hearts that never lean, must fall.  
To moan is justified.

L 748

Setningarnar litlu sem ég hóf  
og lauk aldrei við –  
brunnarnir litlu sem ég gróf  
og fyllti aldrei –

The little sentences I began  
and never finished –  
the little wells I dug  
and never filled –

L 788

Sá vinur sem Angistin afhjúpar  
er síðastur til að gleyma.

The friend Anguish reveals is  
the slowest to forget.

L 788

Mér hefur alltaf þótt  
Bréf vera Ódauðleikinn,  
því er það ekki Hugurinn einn,  
líkamslaus, á kreiki?

A Letter always seemed to me  
like Immortality,  
for is it not the Mind alone,  
without corporeal friend?

L 794

Bók er Portrett Hjartans –  
sérhver Síða Slag –

A Book is only the Heart's Portrait –  
every Page a Pulse –

L 820

Verum ekki Rökkur  
henni sem missti sinn Dag –

We must bring no Twilight  
to one who lost her Dawn –

L 863

Et kökubitann í garði þínum,  
svo Þrestirnir fá sitt.

Eat the bit of cake in your garden,  
and let the Robins taste.

L 891

Ég vinn til að hrekja burt óttann,  
samt vinnur óttinn verkið.

I work to drive the awe away,  
yet awe impels the work.

L 899

Tómið á engan Ævisagnaritara –  
Ef svo væri, væri það ekki Tómið.

Abyss has no Biographer –  
Had it, it would not be the Abyss.

## TEXTABROT AF LAUSUM BLÖÐUM

PF 16

Að deyja áður en maður óttast að deyja kann að vera gustuk.

To die before one fears to die may be a boon.

PF 32

Að stíga út úr Tóminu og ganga inn í það aftur – það er Lífið, ekki satt?

Emerging from an Abyss and entering it again – that is Life, is it not?

PF 34

Guð getur ekki lagt niður [ógilt] sjálfan sig.

Stundum er sá skelfilegi áreiðanleiki það eina sem eftir stendur –

God cannot discontinue [annul] himself.

This appalling trust is at times all that remains –

PF 71

Ef við fyndum (græddum) ekki um leið og við glötum, yrðum við skjótt harla óásjálæg.

Did we not find (gain) as we lost we should make but a threadbare exhibition after a few years.

PF 74

Blóm freista mín svo að ég óttast að þau séu syndir – einsog fjárhættuspil eða guðsafneitun.

Flowers are so enticing I fear that they are sins – like gambling or apostasy.

PF 82

Ég sá tvo Runna í áflogum rétt í þessu – Vindinum var um að kenna – en að sjá þá takast á var fagurt einsog Dómsmál

náttúran er svo kvik að hún gerir fornmuni úr okkur öllum –

I saw two Bushes fight just now – The wind was to blame – but to see them differ was pretty as a Lawsuit

nature is so sudden she makes us all antique –

PF 91

Náttúran, þetta Ljúfa Sóknarbarn, treystu *henni* –

Nature, that Sweet Parishoner, trust *her* –

PF 105

Dofinn er hryllilegri (skelfilegri) en sorgin, því að hann er hálmleggir akursins þar sem sorgin spratt áður

Stolidity is more dreadful (terrible) than sorrow, for it is the stubble of the soil where sorrow grew

PF 113

Þeir eru til  
sem eru grunnhyggjir  
af ráðnum hug  
og djúpvitir aðeins  
fyrir tilviljun

There are those  
who are shallow  
intentionally  
and only  
profound  
by  
accident

PF 114

að vita hvort við erum stödd í Himnaríki eða á Jörðu niðri er huganum ofviða, [og] en ég held að vogarskálarnar hallist alltaf hinu neikvæða í vil – ef Himnaríki er þá neikvætt

to know whether we are in Heaven or on Earth is one of the most impossible of the minds decisions, [and] but I think the balance always leans in favor of the negative – if Heaven is negative





## HEIMILDASKRÁ



- Agnes Lára Magnúsdóttir. „Ekkert val?“. *Morgunblaðið*. 27. maí 2000, bls. 58.
- Amaral, Ana Luísa og Freitas, Marinela. „Meteors, Prodigies, Sorcerers. Emily Dickinson in Portugal“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og Maria Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 127–137.
- Anderson, Charles R. *Emily Dickinson's Poetry. Stairway of Surprise*. New York: Anchor Books, 1966.
- Anný Ingimarsdóttir. „Minningargrein“. *Morgunblaðið*. 11. okt. 2008, bls. 43.
- Apter, Ronnie. *Digging for the Treasure. Translation after Pound*. New York: Paragon House Publishers, 1987.
- Árni Grétar Finnsson. *Leikur að orðum. Ljóð og þýðingar*. Hafnarfjörður: Bókaútgáfan Rauðskinna, 1982.
- Árni Grétar Finnsson. *Ljósþor. Ljóðasafn Árna Grétars Finnssonar*. Hafnarfjörður: Lovísa Árnadóttir, Finnur Árnason, Ingibjörg Árnadóttir, 2010.
- Árni Matthíasson. „Erlendar bækur“. *Morgunblaðið*. 30. jan. 2011, bls. 44.
- Ástráður Eysteinnsson. *Orðaskil. Í heimi þýðinga*. Reykjavík: Bókmennta- og Listfræðastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 2017.
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun/Háskólaútgáfan, 1996.
- Ástráður Eysteinnsson. „Úr pokahorni Poes. Edgar Allan Poe í íslenskum bókmenntaheimi“. *Andvari*, 2014, bls. 131–161.
- Ástráður Eysteinnssonar og Eysteinn Þorvaldsson. „Gest ber að garði. Um „Hrafninn“ eftir Edgar Allan Poe og sjö íslenskar þýðingar kvæðisins“. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*. 11. árg., 2. hefti, 2011, bls. 15–51.
- Ástráður Eysteinnsson og Weissbort, Daniel, ritstj. *Translation – Theory and Practice. A Historical Reader*. Oxford: Oxford University Press, 2006.
- Ágren, Gösta. *Voraldir. Þýð. Lárus Már Björnsson*. Reykjavík: Hringskuggar, 1992.
- Balmer, Josephine. *Piecing Together the Fragments. Translating Classical Verse, Creating Contemporary Poetry*. Oxford: Oxford University Press, 2013.
- Baranczak, Stanislaw. „„Because I could not stop for Death“ – Remarks of a Polish Translator“. *The Emily Dickinson Journal*. Maryland: John Hopkins University Press, 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 120–126.
- Barnstone, Willis. „Preferences in Translating Poetry“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*. Ritstj. William Frawley. Newark: University of Delaware Press, 1984, bls. 49–54.
- Barnstone, Willis. „Rilke and the Ecstasy of Creation. On the Translation of *Sonnets to Orpheus*“. Í *Rainer Maria Rilke. Sonnets to Orpheus*. Þýð. Willis Barnstone. Boston & London: Shambhala, 2013. Inngangur, blaðsíðutal vantar.

- Barthes, Roland. „Frá verki til texta“. Í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar. Frá Sbklovskj til Foucault*. Þýð. Guðlaug Richter. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 1991, bls. 181–190.
- Bassnett, Susan. *Translation Studies*. 4. útg. London; New York: Routledge, 2014.
- Baudelaire, Charles. „Ölvið ykkur“. Í *Ljóðastund á Signubökkum. Þýðingar og ágríp af franskri ljóðsögu á nítjándu og tuttugustu öld*. Þýð. Jón Óskar. Reykjavík: Menningarsjóður, 1988.
- Beckett, Samuel. *Molloy. Malone Dies. The Unnameable*. London: Calder and Boyars, 1959.
- Beckett, Samuel. *Worstward Ho*. London: John Calder, 1983.
- Benedikt Gröndal. *Ljóðmáli. Úrval*. Kristinn Jóhannesson bjó til prentunar. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menningarsjóður, 1985.
- Benedikt Hjartarson. „Ímagismi og vortisismi. Stefnyfirlýsingar í íslenski þýðingu“. *Skírnir*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 279–303.
- Benfey, Christopher. „Emily Dickinson and the American South“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*. Ritstj. Wendy Martin. Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 30–51.
- Benjamin, Walter. *Fagurfræði og miðlun. Úrval greina og bókakafla. Ýmsir þýðendur*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2008.
- Benjamin, Walter. „Verkefni þýðandans“. Þýð. Ástráður Eysteinnsson. Í Walter Benjamin. *Fagurfræði og miðlun. Úrval greina og bókakafla. Ýmsir þýðendur*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan: Reykjavík, 2008, bls. 185–201.
- Bennett, Paula. *Emily Dickinson. Woman Poet*. Iowa City: University of Iowa Press, 1990.
- Berryman, John. *The Heart is Strange. New and Selected Poems*. Farrar, Straus and Giroux: New York, 2014.
- Berryman, John. „Your Birthday in Wisconsin You Are 140“. Í *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*. Ritstj. Sheila Coghill og Thom Tammaro. Iowa City: University of Iowa Press, 2000.
- Biblían. Heilög ritning*. Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag, 1981.
- Bingham, Millicent Todd. *Ancestor's Brocade. The Literary Debate of Emily Dickinson*. New York: Harper & Brothers, 1945.
- Bjarni Thorarensen. *Ljóðmáli*. Jón Helgason bjó til prentunar. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1935.
- Bloom, Harold. *A Map of Misreading*. New York: Oxford University Press, 1975.
- Bloom, Harold. *Anxiety of Influence. A Theory of Poetry*. London: Oxford University Press, 1975.
- Bloom, Harold, ritstj. *Modern Critical Views. Emily Dickinson*. New York: Chelsea Publishing Company, 1985.
- Bloom, Harold. *The Daemon Knows. Literary Greatness and the American Sublime*. Oxford: Oxford University Press, 2015.

- Bloom, Harold. *The Western Canon. The Books and Schools of the Ages*. New York: Riverhead Books, 1995.
- Bly, Robert. „The Eight Stages of Translation“. Í *Translation. Literary, Linguistic and Philosophical Perspectives*. Ritstj. William Frawley. Newark: University of Delaware Press, 1984, bls. 67–89.
- Bogi Þór Arason. „Dickinson í þröngum stuðlastakk“. *Morgunblaðið*. 21. nóv. 2012, bls. 38.
- Brautigan, Richard. „Rússneskan hennar Dickinson“. Í *Tunglið braust inn í húsið*. Þýð. Gyrðir Elíasson. Akranes: Uppheimar, 2011.
- Brock-Broido, Lucie. *The Master Letters. Poems*. New York: Knopf, 1997.
- Brooks, Cleanth og Warren, Robert Penn, ritstj. *Conversations on the Craft of Poetry*. New York: Holt, Rinehart and Winston, 1961.
- Bulgheroni, Marisa. „„There came a Day at Summer’s Full“. A Tale of Heretical Love“. *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 90–94.
- Cameron, Sharon. „Dickinson’s Fascicles“. Í *The Emily Dickinson Handbook*. Ritstj. Gudrun Grabher, Roland Hagenbüchle og Cristanne Miller. Boston: University of Massachusetts Press, 1998, bls. 138–161.
- Charyn, Jerome. *A Loaded Gun. Emily Dickinson for the 21<sup>st</sup> Century*. New York: Bellevue Literary Press, 2016.
- Charyn, Jerome. *The Secret Life of Emily Dickinson*. New York: W. W. Norton & Company, 2011.
- Clancy, Joseph P. „Ann Griffiths and Emily Dickinson“. *Other Words. Essays on Poetry and Translation*. Cardiff: University of Wales Press, 1999, bls. 17–41.
- Cody, John. *After Great Pain. The Inner Life of Emily Dickinson*. Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press, 1971.
- Coghill, Sheila og Tammara, Thom, ritstj. *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*. Iowa City: University of Iowa Press, 2000.
- Cole, Peter. „Making Sense in Translation. Toward an Ethics of the Art“. Í *In Translation. Translators on Their Work and What It Means*. Ritstj. Esther Allen & Susan Bernofsky. New York: Columbia University Press, 2013, bls. 3–17.
- Collins, Billy. „Taking Off Emily Dickinson’s Clothes“. *Poetry. A Magazine of Verse*. Febrúar 1998, bls. 277–278.
- Daghlian, Carlos. „Emily Dickinson in Brazil“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og Maria Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 137–152.
- Dagný Björg Þórgnýsdóttir. *Orðræða í þýðingum á Íslandi í dag. Rannsókn meðal þýðenda, útarviðtöl og spurningakönnun um viðhorf þýðenda til starfs síns*. Ritgerð til M.A.-prófs lögð fram við Háskóla Íslands, 2011.
- Dahlgren, Marta. „„Preciser what we are:“ Emily Dickinson’s poems in translation. A study in literary pragmatics“. *Journal of Pragmatics*. 37. árg., 7. tbl., 2005, bls. 1081–1107.

- Damrosch, David. *What Is World Literature?* Princeton: Princeton University Press, 2003.
- Daudet, Alphonse. *In the Land of Pain*. Þýð. Julian Barnes. London: Vintage, 2018.
- Day, Frances. „Vaxtarverkir“. Þýð. ótilgreindur. *Vikan*. 25. nóv. 1982, bls. 18–20.
- DeFrees, Madeline. „Emily Dickinson and Gerard Manley Hopkins“. Í *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*. Ritstj. Sheila Coghill og Thom Tamaro. Iowa City: University of Iowa Press, 2000.
- Denman, Kamilla. „Emily Dickinson’s Volcanic Punctuation“. *The Emily Dickinson Journal*. Maryland: John Hopkins University Press, 2. árg., 1. tbl., 1993, bls. 22–46.
- Deppman, Jed. *Trying to Think with Emily Dickinson*. Amherst: University of Massachusetts Press, 2008.
- Deppman, Jed. „Trying to Think with Emily Dickinson“. *The Emily Dickinson Journal*. Maryland: John Hopkins University Press, 14. árg., 1. hefti, 2005, bls. 84–103.
- Derrida, Jacques. „Formgerð, tákn og leikur í orðræðu mannvísindanna“. Í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar. Frá Skelovskj til Foucault*. Þýð. Garðar Baldvinsson. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir, 1991, bls. 129–152.
- Dickinson, Emily. *Gång på gång är skogarnar rosa. Dikter av Emily Dickinson i översättning av Ann Jäderlund*. Þýð. Ann Jäderlund. Stockholm: Albert Bonniers Förlag, 2012.
- Dickinson, Emily. *Min flod flyter mot dig. Sextio dikter av Emily Dickinson i översättning av Ann-Marie Vinde*. Þýð. Ann-Marie Vinde. Stockholm: Bokverket, 2010.
- Dickinson, Emily. *Samlede Dikt I og II*. Þýð. Kurt Narvesen. Oslo: Bokvennen, 2008 og 2009.
- Dickinson, Emily. *Skitne lille hjerte*. Þýð. Tone Hødnebo. Oslo: Kolon forlag, 2015. Frumútgáfa 1995.
- Dickinson, Emily. *The Manuscript Books of Emily Dickinson. A Facsimile Edition*. Ritstj. R.W. Franklin. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University, 1982.
- Dickinson, Emily. *The Poems of Emily Dickinson*. Ritstj. Thomas H. Johnson. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University, 1955.
- Dickinson, Emily. *The Poems of Emily Dickinson. Variorum Edition*. Ritstj. R.W. Franklin. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University Press, 1998.
- Dickinson, Emily. *100 kvæði*. Þýð. Hallberg Hallmundsson. Reykjavík: Brú, 2012. Frumútgáfa 1994.
- Dryden, John. „On Translation“. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*. Ritstj. John Biguenet og Rainer Schulte. Chicago og London: The University of Chicago Press, 1922, bls. 17–32.
- Eco, Umberto. *Experiences in Translation*. Þýð. Alastair McEwen. Toronto: University of Toronto Press, 2001.
- Eco, Umberto. *Mouse or Rat? Translation as Negotiation*. London: Weidenfeld & Nicolson, 2003.
- Einar Benediktsson. *Kvæðasafn*. Pétur Sigurðsson bjó til prentunar. Reykjavík: Mál og menning, 1994.

- Einar Falur Ingólfsson. „Að þýða ljóð er eins og að leysa krossgátur.“ *Morgunblaðið*. Menning. 19. nóv. 1994, bls. 8–9.
- Einar Már Guðmundsson. *Englar alheimsins*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1993.
- Eiríkur Örn Norðdahl. „Speaking Like A God“. *Reykjavík Grapevine*. 25. sept. 2009, bls. 38.
- Eliot, T.S. *The Sacred Wood. Essays on Poetry and Criticism*. London: Methuen & Company Ltd., 1920.
- Eliot, T.S. *Eyðilandið*. Þýð. Sverrir Hólmarsson. Reykjavík: Iðunn, 1990.
- Emmerich, Karen. *Literary Translation and the Making of Originals*. New York: Bloomsbury Academic, 2017.
- Erkkila, Betsy. „The Emily Dickinson Wars“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*. Ritstj. Wendy Martin. Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 11–30.
- Erlendur Jónsson. „Þjóðvinafélagsrit“. *Morgunblaðið*. 10. mars 1992, bls. 15.
- Etter, Dave. „Vermont Summer“. Í *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*. Ritstj. Sheila Coghill og Thom Tammaro. Iowa City: University of Iowa Press, 2000.
- Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin. Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenski ljóðagerð*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1980.
- Eysteinn Þorvaldsson. *Grunað vængjatak. Um skáldskap Stefáns Harðar Grímssonar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2000.
- Farr, Judith. *I Never Came to You in White*. Boston: Houghton Mifflin, 1996.
- Farr, Judith. *The Gardens of Emily Dickinson*. Cambridge, MA; London: Harvard University Press, 2004.
- Felstiner, John. *Translating Neruda. The Way to Macchu Picchu*. Stanford: Stanford University Press, 1980.
- Fóstbræðrasaga*. Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson önnuðust útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 1995.
- Freeman, Margaret H. „Ljóðlist og víðfemi myndhvarfa. Drög að hugrænni bókmenntakenningu“. Þýð. María Bjarkadóttir. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*. 6. árg., 2. tbl., 2006, bls. 189–227.
- Freeman, Margaret H., Grabher, Gudrun M. og Hagenbüchle, Roland. „Swearing by the Cuckoo. Translators on Translating Emily Dickinson’s Poetry“. *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 1–2.
- Friman, Alice. „Of Women Who Wear White“. Í *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*. Ritstj. Sheila Coghill og Thom Tammaro. Iowa City: University of Iowa Press, 2000.
- Fríða Björk Ingvarsdóttir. „Tvítýngt gólf og jöklar í útrýmingarhættu“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 5. maí 2007, bls. 4–5.

- Garbowsky, Maryanne M. *Double Vision. Contemporary Artists Look at the Poetry of Emily Dickinson*. Chester, VT: Putnam Hill Press, 2002.
- Garbowsky, Maryanne M. *The House without the Door. A Study of Emily Dickinson and the Illness of Agoraphobia*. New Jersey: Fairleigh Dickinson University Press, 1989.
- Garðar Baldvinsson, þýð. *Blóð á striga. Ljóðafýðingar*. Reykjavík: GB útgáfa, 2008.
- Gardner, Thomas. *A Door Ajar. Contemporary Writers and Emily Dickinson*. Oxford: Oxford University Press, 2006.
- Gauti Kristmannsson. *Literary Diplomacy I. The Role of Translation in the Construction of National Literatures in Britain and Germany 1750–1830*. Peter Lang: Frankfurt am Main, 2005.
- Gauti Kristmannsson. „Teoría, tryggð og túlkun“. *Jón á Bægisá*, 2. árg., 1995, bls. 5–22.
- Gauti Kristmannsson. „Pegar hagrætt er í menningunni“. Í André Lefevere. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir. Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013, bls. 7–17.
- Gilbert, Sandra M. og Guber, Susan. *The Madwoman in the Attic. The Woman Writer and the Nineteenth-Century Literary Imagination*. New Haven: Yale University Press, 2000.
- Gilbert, Sandra M. „The Wayward Nun beneath the Hill. Emily Dickinson and the Mysteries of Womanhood“. Í *Emily Dickinson. A Collection of Critical Essays*. Ritstj. Judith Farr. New Jersey: Prentice Hall, 1996, bls. 20–40.
- Gordon, Lyndall. *Lives Like Loaded Guns. Emily Dickinson and Her Family's Feuds*. London: Virago Press, 2010.
- Griffith, Clark. *The Long Shadow. Emily Dickinson's Tragic Poetry*. Princeton: Princeton University Press, 1964.
- Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. „Fyrirmyndir, tilvitnanir og ein milljón dollara“. *Morgunblaðið*. 12. apríl 2008, bls. 6.
- Gyrðir Elíasson. *Hugarfallið*. Reykjavík: Mál og menning, 1999.
- Gyrðir Elíasson. *Nokkur almenn orð um kulnun sólar*. Akranes: Uppheimar, 2009.
- Habegger, Alfred. *My Wars Are Laid Away in Books. The Life of Emily Dickinson*. New York: Modern Library, 2002. Frumútgáfa 2001.
- Hale, W.M. „Pegasus Impounded“. *Poetry. A Magazine of Verse*. Apríl 1919, bls. 52–55.
- Hall, Donald og Plimpton, George, ritstj. *Poets at Work. The Paris Review Interviews*. London: Penguin Books, 1989.
- Hallberg Hallmundsson. „Eftirmáli þýðanda“. Í *Emily Dickinson. 100 kvæði*, bls. 141–142.
- Hallberg Hallmundsson. „Nokkur orð um Emily Dickinson“. *Andvari*. 1. jan. 1991, bls. 63–64.
- H[allberg] H[allmundsson]. „Orðabelgur“. *Fjarðarpósturinn*. 20. okt. 1994, bls. 9.
- Hallberg Hallmundsson. „Um höfund *Svartra riddara* og íslenska gerð þeirra“. Í Stephen Crane. *Svartir riddarar og aðrar hendingar. Stephen Crane í íslenskum búningi eftir Hallberg Hallmundsson*. Reykjavík; New York: Brú, 1992, bls. 9–18.



- Halldór Laxness. „Únglingurinn í skóginum“. *Eimreiðin*, 1. jan. 1925, bls. 70.
- Hallgrímur Helgason. „Ísland er mitt andlega heimili“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 21. apríl 1990, bls. 2.
- Hallgrímur Pétursson. *Hallgrímskever. Ljóð og laust mál*. Margrét Eggertsdóttir sá um útgáfuna. Reykjavík: Forlagið, 2014.
- Hannes Pétursson. *Steingrímur Thorsteinsson – Líf hans og list*. Reykjavík: Menningarsjóður, 1964.
- Harris, Marguerite, ritstj. *Emily Dickinson. Letters from the World*. New York: Corinth Books, 1970.
- Hauge, Olav H. *Dagbok 1924–1994 (Band I–V)*. Oslo: Det Norske Samlaget, 2000.
- Hauge, Olav H. *Dropar i austavind*. Oslo: Noregs boklag, 1966.
- Hauge, Olav H. *Glermeistarinn*. Þýð. Óskar Árni Óskarsson. Reykjavík: Bjartur, 2000.
- Heisler, Eva. *Reading Emily Dickinson in Icelandic*. Tucson: Kore Press, 2012.
- Heisler, Eva. „Svörður atkvæðanna, setningar úr pappa“. Þýð. Fríða Björk Ingvarsdóttir. *Lesbók Morgunblaðsins*. 5. feb 2005, bls. 4–5.
- Helga Kress. „„Sáuð þið hana systur mína?“ Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar“. Í *Speglanir. Konur í íslenskeri bókmenntabefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 2000, bls. 315–349.
- Helgi Hálfðanarson. *Molduxi. Rabb um kveðskap og fleira*. Reykjavík: Mál og menning, 1998.
- Helgi Sæmundsson. „Sendibréf til séra Jóns“. *Alþýðublaðið*. 3. mars 1957, bls. 7.
- Holm, Bill. „In China, Loving Lady Chatterley“. *Lögberg – Heimskringla*. 9. mars 1990, bls. 7.
- Holmes, James S. *Translated! Papers on Literary Translation and Translation Studies*. Amsterdam: Rodopi, 1988.
- Homans, Margaret. *Women Writers and Poetic Identity. Dorothy Wordsworth, Emily Brontë, Emily Dickinson*. Princeton: Princeton University Press, 1980.
- Howard, William. „Emily Dickinson’s Poetic Vocabulary“. Í *PMLA*. 72. árg., 1. tbl., 1957, bls. 225–248.
- Howe, Susan. *My Emily Dickinson*. New York: New Directions Books, 2007. Frumútgáfa 1985.
- Howe, Susan. *The Birth-Mark. Unsettling the Wilderness in American Literary History*. Hanover: Wesleyan University Press of New England, 1993.
- Hólmfríður Gísladóttir. „Leyndarmál konunnar í hvíta kjólnum“. *SunnudagsMogginn*. 21. feb. 2010, bls. 53.
- Hóras. *Í skugga lærviðar. Þrjátíu ljóð eftir Hóras*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1991.
- Humboldt, Wilhelm von. „From the Introduction to His Translation of *Agamemnon*“. Þýð. Sharon Sloan. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*. Ritstj. John Biguenet og Rainer Schulte. Chicago og London: The University of Chicago Press, 1992, bls. 55–60.

- Hødnebo, Tone. „Etterord“. Í Emily Dickinson. *Skitne lille hjerte*. Þýð. Tone Hødnebo. Oslo: Kolon forlag, 2015, bls. 106–114.
- Hødnebo, Tone. „Etterord til pocketutgaven 2015“. Í Emily Dickinson. *Skitne lille hjerte*. Þýð. Tone Hødnebo. Oslo: Kolon forlag, 2015, bls. 114–116.
- Hölderlin, Friedrich. *Lauf súlnanna. Fáein ljóð*. Þýð. Hannes Pétursson. Reykjavík: Haukur Hannesson, 1997.
- Inga Dóra Björnsdóttir. „Kvennaveislan (eða konuboðið)“. *Helgarpósturinn*. 30. jan. 1981, bls. 9.
- Ingibjörg Haraldsdóttir. „Ávarp á degi íslenskrar tungu“. *Jón á Bægisá*, 6. árg., 2001, bls. 6–8.
- Ingibjörg Haraldsdóttir. *Hvar sem ég verð*. Reykjavík: Mál og menning, 2002.
- Ingibjörg Haraldsdóttir. *Höfuð konunnar*. Reykjavík: Mál og menning, 1995.
- Iser, Wolfgang. *The Act of Reading. A Theory of Aesthetic Response*. Baltimore: John Hopkins University Press, 1978. Titill á frummáli *Der Akt des Lesens*.
- Iser, Wolfgang. „The reading process: a phenomenological approach“. Í *Modern Criticism and Theory. A Reader*. 2. útgáfa. Ritstj. David Lodge og Nigel Wood. Harlow: Pearson, 2000, bls. 188–204. Frumútgáfa 1988.
- Jakobson, Roman. „Um málvísindalegar hliðar þýðinga“. Þýð. María Sæmundsdóttir. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*. Árg. 4, 3. hefti, 2004, bls. 173–180.
- James, Clive. *Poetry Notebook 2006–2014*. London: Picador, 2014.
- Jamison, Kay Redfield. *Touched with Fire. Manic-Depressive Illness and the Artistic Temperament*. New York: Simon and Schuster, 1996.
- Johnson, Thomas H. *Emily Dickinson. An Interpretative Biography*. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University Press, 1963. Frumútgáfa 1955.
- Jóhann Hjálmarsson. „Rödd einsemdar og einlægni“. *Morgunblaðið*. 9. sept. 1994, bls. 20.
- Jóhann Hjálmarsson. „Ungverjar fyrstir í Frankfurt“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 9. okt. 2010, bls. 8.
- Jóhannes úr Kötlum. *Sjödægra*. Reykjavík: Heimskringla, 1955.
- Jónas Hallgrímsson. *Ritsafn*. Tómas Guðmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Heimskringla, 1971.
- Jónas Hallgrímsson. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Svart á hvítu, 1989.
- Jón Karl Helgason. *Mynd af Ragnari í Smára*. Reykjavík: Bjartur, 2009.
- Jón Ólafsson, þýð. „Sjálfstæðis-uppkvæði Bandaríkjanna“. *Íslensket vikublað. Sýnisblað*, 1. árg., 1. tbl., 1887, bls. 3.
- Jón úr Vör. *Dorpið*. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1988.
- Jón Yngvi Jóhannsson. *Landnám. Ævisaga Gunnars Gunnarssonar*. Reykjavík: Mál og menning, 2011.

- Juhasz, Suzanne. *The Undiscovered Continent. Emily Dickinson and the Space of the Mind*. Bloomington: Indiana University Press, 1983.
- Jäderlund, Ann. „Efterord“. Í *Emily Dickinson. Gång på gång är skogarna rosa. Dikter av Emily Dickinson i översättning av Ann Jäderlund*. Þýð. Ann Jäderlund. Stockholm: Albert Bonniers Förlag, 2012, bls. 125–129.
- Kafka, Franz. *Die Züräuer Aphorismen*. Ritstj. Roberto Carlasso. Frankfurt am Main: Suhrkamp Verlag, 2016.
- Kaufmann, Paola. *The Sister*. London: Alma Books Ltd., 2006.
- Keller, Karl. *The Only Kangaroo Among the Beauty. Emily Dickinson and America*. Baltimore og London: The John Hopkins University Press, 1979.
- Kenner, Hugh. *The Pound Era*. Berkeley: University of California Press, 1971.
- Kinnell, Galway. „The Deconstruction of Emily Dickinson“. Í *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*. Ritstj. Sheila Coghill og Thom Tammaro. Iowa City: University of Iowa Press, 2000.
- Kierkegaard, Søren. *Uggur og ótti. Þrætubókarljóð eftir Johannes de Silentio*. Þýð. Jóhanna Þráinsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000.
- Koenig, Laird. *Litla stúlkan við endann á trjágöngunum*. Þýð. Auður Haralds. *Vikan*. 9. nóv. 1978, bls. 27; 11. jan. 1979, bls. 19; 18. jan. 1979, bls. 27.
- Kolbrún Bergþórsdóttir. „Skáldskapur er ástríða“. *Dagur*. 23. des. 2000, bls. 6–7.
- Kolbrún Bergþórsdóttir. „Þorsteinn frá Hamri birtist í draumi“. *Morgunblaðið*. 20. feb. 2012, bls. 26.
- Kristinn Friðriksson. „Vonin heimtar fjaðrir“. *Morgunblaðið*. 16. mars 2012, bls. 4.
- Lachman, Lilach. „Called Back. Emily Dickinson in Hebrew“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og Maria Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 152–173.
- Ladin, Jay. „Breaking the Line. Emily Dickinson and William Carlos Williams“. *The Emily Dickinson Journal*. Maryland: John Hopkins University Press, 3. árg., 1. tbl., 1994, bls. 41–58.
- Lamber, Robert Graham. *The Prose of a Poet. A Critical Study of Emily Dickinson's Letters*. Lewiston N.Y.: Mellen University Press, 1996.
- Leavitt, David. *Martin Bauman; or, A Sure Thing*. New York: Houghton Mifflin Company, 2000.
- Lefevere, André. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. Þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir. Reykjavík: Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013.
- Levine, Suzanne Jill. *The Subversive Scribe. Translating Latin American Fiction*. Champaign, Ill: Dalkey Archive Press, 2009.
- Leyda, Jay. *The Years and Hours of Emily Dickinson I og II*. New Haven: Yale University Press, 1960.

- Lindberg-Seyersted, Brita. *The Voice of the Poet. Aspects of Style in the Poetry of Emily Dickinson*. Cambridge, MA: Harvard University Press, 1968.
- Lorenz, Konrad. *Talað við dýrin*. Þýð. Símon Jóh. Ágústsson. Reykjavík: Heimskringla, 1953.
- Lowenberg, Carlton. *Musicians Wrestle Everywhere. Emily Dickinson and Music*. Lanham, Maryland: Scarecrow Press, 1992.
- Magnús Sigurðsson. „Átta atlögur að Höfði konunnar“. Í *Gleymiskunnar bók*. Og aðrar ritgerðir. Akranes: Uppheimar, 2009, bls. 39–46.
- Magnús Sigurðsson. „Með útdauðum rómi ísaldar“. Í Tor Ulven. *Steingerð vangjapör*. Þýð. Magnús Sigurðsson. Akranes: Uppheimar, 2012, bls. 293–357.
- Margrét Sveinbjörnsdóttir. „Tengsl orða og ímyndunar“. *Morgunblaðið*. 14. okt. 1999, bls. 37.
- M[atthías Johannessen]. „Helgispjall“. *Morgunblaðið*. 26. maí 1991, bls. 22.
- Maugham, William Somersaut. „Eiginkona ofurstans“. Þýð. ókunnur. *Vikan*, 17. júní 1971, bls. 16–19 og 43–47.
- McCarthy, Lee. „In the Flesh“. Í *Visiting Emily. Poems Inspired by the Life and Work of Emily Dickinson*. Ritstj. Sheila Coghill og Thom Tammaro. Iowa City: University of Iowa Press, 2000.
- McDowell, Marta. *Emily Dickinson's Gardens. A Celebration of a Poet and Gardener*. New York: McGraw-Hill, 2004.
- Miller, Cristanne. „Controversy in the Study of Emily Dickinson“. *Literary Imagination. The Review of the Association of Literary Scholars and Critics*. 6. árg., 1. tbl., 2004, bls. 39–50.
- Miller, Cristanne. *Emily Dickinson. A Poet's Grammar*. Cambridge, MA: Harvard University Press, 1987.
- Miller, Ruth. *The Poetry of Emily Dickinson*. Middletown, CT: Wesleyan University Press, 1968.
- Mitchell, Domhnall. „Emily Dickinson, Ralph Franklin, and the Diplomacy of Translation“. *The Emily Dickinson Journal*. Maryland: John Hopkins University Press, 8. árg., 2. tbl., 1999, bls. 39–52.
- Mitchell, Domhnall. „Emily Dickinson in Norway“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og Maria Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 71–100.
- Mitchell, Domhnall. „Introduction. Emily Dickinson Abroad“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og Maria Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 1–6.
- Mossberg, Barbara Antonina Clarke. *Emily Dickinson. When a Writer is a Daughter*. Bloomington, IN: Indiana University Press, 1982.
- Moore, Marianne. „Emily Dickinson“. *Poetry. A Magazine of Verse*. Janúar 1933, bls. 219–226.
- Murray, Aife. *Maid as Muse. How Servants Changed Emily Dickinson's Life and Language*. Durham, New Hampshire: University of New Hampshire Press, 2009.

- Nabokov, Vladimir. „Problems of Translation. *Onegin* in English“. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*. Ritstj. John Biguenet og Rainer Schulte. Chicago og London: The University of Chicago Press, 1992, bls. 127–144.
- Nida, Eugene A. *Toward a Science of Translation. With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating*. Leiden: E.J. Brill, 1964.
- Niedecker, Lorine. *Collected Works*. Ritstj. Jenny Penberthy. California: University of California Press, 2002.
- Nyberg, Lennart. „The Reception of Emily Dickinson in Sweden“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og Maria Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 100–127.
- Nyberg, Lennart. „„There’s a certain Slant of light“ in Swedish“. Í *The Emily Dickinson Journal*. 6. árg., 2. tbl., 1997, bls. 38–43.
- Nye, Naomi Shihab. „Rebellion against the North Side“. *Words Under the Words*. Portland: The Eighth Mountain Press, 1995.
- Oates, Joyce Carol. *Wild Nights!* New York: HarperCollins, 2008.
- Oberhaus, Dorothy Huff. *Emily Dickinson’s Fascicles. Method & Meaning*. University Park: Pennsylvania State University Press, 1995.
- Oliver, Mary. *Swan*. Highgreen, Tarsset: Bloodaxe Books, 2011.
- Origo, Iris. *A Study in Solitude. The Life of Leopardi*. London: Pushkin Press, 2017.
- Orr, Gregory. „From the Province of the Saved. Emily Dickinson and Healing“. Í *Wider than the Sky. Essays and Meditations on the Healing Power of Emily Dickinson*. Ritstj. Barbara Dana og Cindy MacKenzie. Kent, Ohio: The Kent State University Press, 2007, bls. 11–27.
- Orri Páll Ormarsson. „Þar sem hjartað slær“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 19. sept. 1998, bls. 6–7.
- Ortega y Gasset, José. „The Misery and Splendor of Translation“. Þýð. Elizabeth Gamble Miller. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*. Ritstj. John Biguenet og Rainer Schulte. Chicago og London: The University of Chicago Press, 1992, bls. 93–113.
- Óvíd. „Lokaorð *Ummyndana*“. Þýð. Kristján Árnason. Í *Það sem lifir dauðann af er ástin*. Reykjavík: Mál og menning, 2017.
- Paz, Octavio. *Traducción. Literatura y literalidad*. Barcelona: Tusquets Editores S.A., 1971.
- Peters, Margot. *Lorine Niedecker. A Poet’s Life*. Madison, Wisconsin: The University of Wisconsin Press, 2011.
- Peterson, David. *Ezra Pound and Roman Poetry. A Preliminary Survey*. Amsterdam – Atlanta: Rodopi Bv, 1995.
- Petrakis, Harry Mark. „Augu ástarinnar“. Þýð. ótilgreindur. *Vikan*. 25. mars 1964, bls. 13; 36–41.
- Polizzotti, Mark. *Sympathy for the Traitor. A Translation Manifesto*. Cambridge, MA: The MIT Press, 2018.

- Porter, David. *Emily Dickinson. The Modern Idiom*. Cambridge, MA: Harvard University Press, 1981.
- Pound, Ezra. *ABC of Reading*. New York: New Directions, 2010. Frumútgáfa 1934.
- Pound, Ezra. *A Memoir of Gaudier-Brzeska*. New York: New Directions Book, 6. prentun, 1970. Frumútgáfa 1916.
- Pound, Ezra. *Literary Essays*. Ritstj. T.S. Eliot. New York: New Directions, 1968.
- Pound, Ezra. „Nokkur bönn eftir ímagista“. Þýð. Benedikt Hjartarson. *Skírnir*. 179. árg. (haust), 2005, bls. 286–293.
- Pound, Ezra. *Söngvarnir frá Písa*. Þýð. Magnús Sigurðsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2007.
- Pound, Ezra. *The Selected Letters of Ezra Pound. 1907–1941*. Ritstj. D.D. Paige. New York: New Directions, 1971.
- Pound, Ezra. *Translations*. New York: New Directions, 1963.
- Rabassa, Gregory. „If This Be Treason. Translation and Its Possibilities“. Í *Translation. Literary, Linguistic, and Philosophical Perspectives*. Ritstj. William Frawley. Newark: University of Delaware Press, 1984, bls. 21–30.
- Ragna Sigurðardóttir. „Þegar einn plús einn verða þrír“. *Morgunblaðið*. 7. ágúst 2003, bls. 22.
- Raine, Craig. *My Grandmother's Glass Eye. A Look at Poetry*. London: Atlantic Books, 2015.
- Reiss, Katharina og Vermeer, Hans J. *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*. Tübingen: Niemeyer, 1991. Frumútgáfa 1984.
- Reynolds, David S. „Emily Dickinson and Popular Culture“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*. Ritstj. Wendy Martin. Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 167–191.
- Rich, Adrienne. „I Am in Danger – Sir –“. *Necessities of Life. Poems 1962–1965*. New York: W.W. Norton, 1966.
- Rich, Louise Dickinson. „Kattarkrilið“. *Húsfreyjan*. Þýð. S. Th. 1. júlí 1968, bls. 31–32.
- Robinson, Peter. *Poetry & Translation. The Art of the Impossible*. Liverpool: Liverpool University Press, 2010.
- Roethke, Theodore. *Straw for the Fire. From the Notebooks of Theodore Roethke*. Ritstj. David Wagoner. Port Townsend, WA: Copper Canyon Press, 2006.
- Rosenthal, Bianca. „Paul Celan's Translation of Emily Dickinson's „Because I could not stop for Death –““. *The Emily Dickinson Journal*. Maryland: John Hopkins University Press, 6. árg., 2. tbl, 1997, bls. 133–139.
- Rosina Myrtle Vilhjálmsdóttir. „Minningargrein“. *Morgunblaðið*. 11. des. 1988, bls. 32.
- Ruffel, Barton. *The Art of Translating Poetry*. University Park: Pennsylvania State University Press, 1988.
- Rúnar Helgi Vignisson. „Hvers vegna þýðum við úr ensku?“. *Lesbók Morgunblaðsins*, 27. okt. 2007, bls. 11.

- Schleiermacher, Friedrich. „Um hinar mismunandi þýðingaraðferðir“. Þýð. Martin Ringmar. *Jón á Bægisá*. 14. árg., 2010, bls. 5–29.
- Schoenbaum, Samuel. *Shakespeare's Lives*. Oxford: Clarendon Press, 1970.
- Schopenhauer, Arthur. „On Language and Words“. Þýð. Peter Mollenbauer. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*. Ritstj. John Biguenet og Rainer Schulte. Chicago og London: The University of Chicago Press, 1922, bls. 32–36.
- Sewall, Richard B. *The Life of Emily Dickinson*. Cambridge, MA: Harvard University Press, 2000. Frumútgáfa 1974.
- Sewall, Richard B. *The Lyman Letters. New Light on Emily Dickinson and Her Family*. Amherst: University of Massachusetts Press, 1965.
- Shakespeare, William. „Eilíf líf“. Þýð. Helgi Hálfðanarson. Í *Á bnotskógi. Ljóðþýðingar*. Reykjavík: Heimskringla, 1955.
- Shakespeare, William. *Hamlet Danapríns*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikrit V*. Reykjavík: Heimskringla, 1970.
- Shakespeare, William. *Hinrik fjórði. Fyrri leikritið*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikrit II*. Reykjavík: Heimskringla, 1973.
- Shakespeare, William. *Makebeð*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikrit III*. Reykjavík: Heimskringla, 1964.
- Shakespeare, William. *Ofviðrið*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikrit II*. Reykjavík: Heimskringla, 1973.
- Shakespeare, William. *Ópelló*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikrit IV*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986.
- Shakespeare, William. *Ríkharður III*. Þýð. Helgi Hálfðanarson. *Leikrit II*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1983.
- Shoptaw, John. „Listening to Dickinson“. *Representations*. Berkeley: University of California Press, 86. árg., 1. tbl., 2004, bls. 20–53.
- Shurr, William H. *The Marriage of Emily Dickinson. A Study of the Fascicles*. Lexington, KY: University of Kentucky Press, 1983.
- Sielke, Sabine. „„The Mind Alone?“. Reading Emily Dickinson in Germany, Austria and Switzerland“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og María Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 6–29.
- Sigfús Daðason. *Ritgerðir og pistlar*. Ritstj. Þorsteinn Þorsteinsson. Reykjavík: Forlagið, 2000.
- Sigurbjörg Prastardóttir. „Höfuð Gyrðis. Hellaskoðun í ljóðasafni frá 1987“. Í *Okkurgulur sandur*. Ritstj. Magnús Sigurðsson. Akranes: Uppheimar, 2010, bls. 85–99.
- Sigurbjörg Prastardóttir. „Snæuglan er blönk“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 16. des. 2006, bls. 14.
- Sigurður A. Magnússon. „Whitman in Iceland. Í *Walt Whitman of Mickle Street. A Centennial Collection*. Ritstj. Geoffrey M. Sill. Knoxville: The University of Tennessee Press, 1994.
- Sigurður Hróarsson. „Fyndin og beitt, háð og spott“. *Fréttablaðið*. 14. okt. 2008, bls. 14.

- Sigurður Pálsson. *Ljóðlínusafn*. Reykjavík: JPV-útgáfa, 2010.
- Sigurður Pálsson. *Ljóð námu völd*. Reykjavík: Forlagið, 1990.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Formbylting og módernismi“. *Íslensk bókmenntasaga*. 5. bindi. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Reykjavík: Mál og menning 2006, bls. 17–174.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Ég er engin. En þú?“ *Dagblaðið Vísir – DV*. 3. mars 1995, bls. 31.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Kónguló sem spinnur inn í tómið. Viðtal við Matthías Johannessen“. *Tímarit Máls og Menningar*. 57. árg., 3. hefti, 1996, bls. 5–42.
- Smith, Martha Nell. *Rowing in Eden. Rereading Emily Dickinson*. Austin, Texas: University of Texas Press, 1992.
- Snorri Hjartarson. *Kvæði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Heimskringla H.F., 1944.
- Snorri Sturluson. *Snorra-Edda*. Heimir Pálsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Mál og menning, 2003.
- Socarides, Alexandra. *Dickinson Unbound. Paper, Process, Poetics*. Oxford: Oxford University Press, 2012.
- Sólveig Eggerz. „Minningargrein“. *Morgunblaðið*. 20. maí 1994, bls. 28.
- Spiller, Robert E. „T.S. Eliot“. *Sunnudagsblaðið*. Þýð. ótilgreindur. 21. feb. 1965, bls. 131–134.
- Spires, Elizabeth. *The Mouse of Amberst*. New York: Farrar, Straus and Giroux, 2001.
- Stefán Hörður Grímsson. *Yfir heðan morgun. Ljóð '87–'89*. Reykjavík: Mál og menning, 1989.
- Stein, Gertrude. *The Making of Americans*. 3. útgáfa. Illinois: Dalkey Archive Press, 1995. Frumútgáfa 1925.
- Steiner, George. *After Babel. Aspects of Language & Translation*. Oxford: Oxford University Press, 1998. Frumútgáfa 1975.
- Stephan G. Stephansson. *Andvökur I*. Þorkell Jóhanesson bjó til prentunar. Reykjavík, 1953.
- Stevens, Wallace. *Snjókarlinn og önnur ljóð*. Þýð. Hallberg Hallmundsson. Reykjavík: Brú, 2001.
- Styron, William. *Sýnilegt myrkur. Frásögn um vutferringu*. Þýð. Uggi Jónsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2010.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „Að yrkja bók. Ljóðabókin sem „litræn heild““. Í *Heimur ljóðsins*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 274–293.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „Gönguskáldið“. Í *Okkurgulur sandur*. Ritstj. Magnús Sigurðsson. Akranes: Uppheimar, 2010, bls. 109–119.
- Swedenmark, John. *Baklängesöversättning och andra texter*. Stockholm: Ariel förlag, 2011.
- Szyborska, Wislawa. *Útópía – Fyrirmyndarlandið*. Þýð. Þóra Jónsdóttir. Reykjavík: Fjölvi, 1996.
- Söderblom, Staffan. „Förord“. Í *Emily Dickinson. Gång på gång är skogarna rosa. Dikter av Emily Dickinson i översättning av Ann Jäderlund*. Þýð. Ann Jäderlund. Stockholm: Albert Bonniers Förlag, 2012, bls. 9–14.



- Södergran, Matilda. „Jäderlund som kannibal? Den litteraturkritiska diskursen kring poesiöversättarens röst i fyra svenska Dickinsonöversättningar“. Lokaritergerð til meistarafráðu í þýðingafræði við Háskólann í Lundi, 2013.
- Takeda, Masako. „Dickinson in Japan“. Í *The International Reception of Emily Dickinson*. Ritstj. Domhnall Mitchell og Maria Stuart. London: Continuum, 2009, bls. 173–189.
- Tarsis, Valeriy. *Deild 7*. Þýð. Siglaugur Brynleifsson. *Tíminn*. 29. okt. 1965, bls. 11.
- Terry, Patricia. „The Invisible Difference. Notes on the Translation of Poetry“. Í *Translation. Literary, Linguistic, and Philosophical Perspectives*. Ritstj. William Frawley. Newark: University of Delaware Press, 1984, bls. 54–67.
- Tryggvi V. Líndal. *Gyðjuljóð og -sögur*. Reykjavík: Valtýr, 2003.
- Ulven, Tor. „Randbemerkninger til Leopardis uendelighet“. Í *Essays*. Ritstj. Henning Hagerup og Morten Moi. Oslo: Gyldendal, 1997, bls. 85–90.
- Valéry, Paul. „Variations on the *Eclogues*“. Þýð. Denise Folliot. Í *Theories of Translation. An Anthology of Essays from Dryden to Derrida*. Ritstj. John Biguenet og Rainer Schulte. Chicago og London: The University of Chicago Press, 1992, bls. 113–127.
- Vendler, Helen. *Dickinson. Selected Poems and Commentaries*. Cambridge, MA: The Belknap Press of Harvard University Press, 2010.
- Venuti, Lawrence. *The Translator's Invisibility. A History of Translation*. London og New York: Routledge, 1995.
- Venuti, Lawrence. *Translation Changes Everything. Theory and Practice*. London og New York: Routledge, 2013.
- Vésteinn Lúðvíksson. *Sumir láta einsög holdið eigi sér takmörk*. Reykjavík: Bjartur, 2006.
- Viðar Hreinsson. *Landneminn mikli. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar*. Fyrri bindi. Reykjavík: Bjartur, 2002.
- Vinde, Ann-Marie. „Emily Dickinson på svenska“. Í Emily Dickinson. *Min flod flyter mot dig*. Stockholm: Bokverket, 2010, bls. 154–162.
- Vinde, Ann-Marie. „Which Emily Dickinson in Translation?“ *Moderna språk*. Uppsala: Institution för moderna språk, 107. árg., 2. tbl., 2013, bls. 115–132.
- Vistdal, Oskar. „Straumar og stefnur í norskum bókmenntum“. *Alþýðublaðið*. 5. des. 1989, bls. 9.
- Waldrop, Rosmarie. „The Joy of the Demiurge“. Í *Translation. Literary, Linguistic, and Philosophical Perspectives*. Ritstj. William Frawley. Newark: University of Delaware Press, 1984, bls. 41–49.
- Walsh, John Evangelist. *The Hidden Life of Emily Dickinson*. New York: Simon and Schuster, 1971.
- Wardrop, Daneen. „Emily Dickinson and the Gothic in Fascicle 16“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*. Ritstj. Wendy Martin. Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 147–162.

- Weinberger, Eliot. „Anonymous Sources (On Translators and Translations)“. Í *In Translation. Translators on Their Work and What It Means*. Ritstj. Esther Allen & Susan Bernofsky. New York: Columbia University Press, 2013, bls. 17–31.
- Weinberger, Eliot. „Preface“. Í Susan Howe. *My Emily Dickinson*. New York: New Directions Books, 2007. Frumútgáfa 1985.
- Weisbuch, Robert. „Nobody’s Business. Dickinson’s Dissolving Audience“. Í *Dickinson and Audience*. Ritstj. Martin Orzeck og Robert Weisbuch. Ann Arbor: University of Michigan Press, 1996, bls. 57–77.
- Whitman, Walt. *Söngurinn um sjálfan mig*. Þýð. Sigurður A. Magnússon. Reykjavík: Bjartur, 1994.
- White, Fred D. *Approaching Emily Dickinson. Critical Currents and Crosscurrents since 1960*. Rochester: Camden House, 2008.
- Wilbur, Richard. „Sumptuous Destitution“. Í *Emily Dickinson. A Collection of Critical Essays*. Ritstj. Judith Farr. New Jersey: Prentice Hall 1996, bls. 53–62.
- Wolosky, Shira. „A Syntax of Contention“. Í *Modern Critical Views. Emily Dickinson*. Ritstj. Harold Bloom. New York: Chelsea Publishing Company, 1985, bls. 161–187.
- Wolosky, Shira. „Emily Dickinson. Being in the Body“. Í *The Cambridge Companion to Emily Dickinson*. Ritstj. Wendy Martin. Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 129–142.
- Woodruff, James R. „Chaplain’s Column: Alert!!!“. *The White Falcon*. 26. mars 1955, bls. 2.
- Woolf, Virginia. *On Being Ill*. Ashfield, MA: Paris Press, 2002. Frumútgáfa 1930.
- Zukofsky, Celia og Louis. *Catullus*. London: Cape Goliard Press, 1969.
- Þorsteinn Gylfason. *Að hugsa á íslensku*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar, 1996.
- Þórarinn Eldjárn. *Hattir og mörk*. Reykjavík: Vaka Helgafell, 2005.

#### *Vefsíður og aðrir miðlar*

- Árni Blandon. „Söngfugl sálarinnar“. Útvarpsþáttur um líf og ljóð Emily Dickinson. Ríkisútvarpið, 1993.
- Björn Th. Björnsson. *Á hljóðbergi*. „Sjálfsmynd á æskudögum. Úr bréfum og ljóðum bandarísku skáldkonunnar Emily Dickinson frá árabílinu 1845 til 1858“. Útvarpsþáttur um líf og ljóð Emily Dickinson. Ríkisútvarpið, 1976.
- Bruni, Carla. *No Promises*. Hljómplata með lögum samín við ljóð Emily Dickinson. 2007.
- Chicago, Judy. „The Dinner Party“. Innsetningarverk um 39 merkiskonur úr sögu mannkyns. 1979.

- „Chinese publisher pulls ‘vulgar’ translation of Indian poet“. Grein um kínverskar þýðingar á ljóðum Rabindranath Tagores. Höf. óþekktur. <http://www.theguardian.com/world/2016/jan/01/chinese-publisher-pulls-vulgar-translation-indian-poet-rabindranath-tagore>. Sótt 2. ágúst 2019.
- Copland, Aaron. *Twelve Poems of Emily Dickinson*. Tónverk samið við ljóð Emily Dickinson. 1950.
- Davies, Terence. *A Quiet Passion*. Kvikmynd um líf og ljóð Emily Dickinson. Þýð. Freydís Ósk Daniélsdóttir. Frumsýn í Bretlandi, 2016.
- „Dánarfregnir“. Höf. óþekktur. Umfjöllun um þýðingar á ljóðum Emily Dickinson. <http://skottlaus.blogspot.is/2006/05/dnarfregnir.html>. Sótt 2. ágúst 2019.
- Eiríkur Örn Norðdahl. „507“. Umfjöllun um og þýðing á ljóði Emily Dickinson. <http://fjallabaksleidin.norrdahl.org/2017/12/11/1440/>. Sótt 7. ágúst 2019.
- „Emily Dickinson Archive. An Open-Access Website for the Manuscripts of Emily Dickinson“. Ljósmyndir af handritum Emily Dickinson. <http://edickinson.org/>.
- „Endurminningin merlar æ.“ Viðtal við Hannes Pétursson. *Vísir*. 14. des. 2011. <http://www.visir.is/g/2011712149975/endurminningin-merlar-ae>. Sótt 12. ágúst 2019.
- „Existentialism“. Grein á vef *Stanford Encyclopedia of Philosophy* um tilvistarstefnuna. <https://plato.stanford.edu/entries/existentialism/>. Sótt 6. ágúst 2019.
- Flood, Alison. „Anthea Bell, ‘magnificent’ translator of Asterix and Kafka, dies aged 82“. Grein um þýðandann Antheu Bell. <https://www.theguardian.com/books/2018/oct/18/-anthea-bell-magnificent-translator-of-asterix-and-kafka-dies-aged-82>. Sótt 19. okt. 2018.
- Fried, Erich. „Það sem það er“. Þýðing á ljóði Erich Frieds. <http://hugras.is/2011/01/erich-fried-ra%C3%B0stafanir/>. Þýð. Gauti Kristmannsson. Sótt 12. ágúst 2019.
- Fríða Björk Ingvarsdóttir. „Konur, geðveiki og sköpunarþráin“. Útvarpsþáttaröð um kvenrithöfunda. Ríkisútvarpið, 2011.
- Gabaráin, Cesáero. „Una espiga dorada por el sol“. Trúarljóð Gabaráin Cesáeros. <http://ingeb.org/spiritua/unaespig.html>. Sótt 12. ágúst 2019.
- Hagen, Alf van der og Hoel, Cecilie Schram. „Et språk som gløder, men later som det ligger under kaldt, ildfast glass“. Viðtal við Tor Ulven. <http://www.vagant.no/et-sprak-som-gloder-men-som-later-som-det-ligger-under-kaldt-ildfast-glass/>. Sótt 12. ágúst 2019.
- Heisler, Eva. „The Artist as Reader / Reading as Sculpture“. Fyrirlestur um áhrif ljóða Emily Dickinson á listsköpun Roni Horn. Listaháskóli Íslands. 1999.
- Heisler, Eva. „Roni Horn and the Doubling of Emily Dickinson“. Fyrirlestur um áhrif ljóða Emily Dickinson á listsköpun Roni Horn. Rannsóknastofa í kvennafræðum. 1999.
- Jarmusch, Jim. *Paterson*. Kvikmynd um skáldmæltan strætitsvagnsstjóra í borginni Paterson. Frumsýnd í Þýskalandi, 2016.

- Jensen, Carl Jóhan. „Eg síggi teg betur – í myrkri –“. Þýðing á ljóði Emily Dickinson. <http://www.listaportal.com/bokmentir-/2014/8/6/eg-sggi-teg-betur-myrkri->. Sótt 9. ágúst 2019.
- Kolbrún Bergþórsdóttir. „Nixon leikur Dickinson“. Umfjöllun um kvikmyndina *A Quiet Passion*. <http://www.dv.is/folk/2017/3/31/-nixon-leikur-dickinson/>. Sótt 20. feb. 2018.
- „Lavinia Norcross Dickinson“. Grein um Laviníu Norcross Dickinson á vef *Emily Dickinson Museum*. <https://www.emilydickinsonmuseum.org/lavinia-norcross-dickinson-1833-1899-sister/>. Sótt 6. ágúst 2019.
- Linn, Allison. „Microsoft reaches a historic milestone, using AI to match human performance in translating news from Chinese to English“. Grein um vélþýðingar. <https://blogs.microsoft.com/ai/machine-translation-news-test-set-human-parity/>. Sótt 10. maí 2018.
- „Lög um bókasafnssjóð höfunda“. Lög nr. 33/1997. <https://www.althingi.is/lagas/133a/-1997033.html>. Sótt 2. ágúst 2019.
- Luce, William. *The Belle of Amherst*. Leikrit um líf og ljóð Emily Dickinson. Frumsýnt í Bandaríkjunum, 1976.
- Misfeldt, Mai. <http://prmdn.dk/min-emily-dickinson/>. Umfjöllun um danskar þýðingar á ljóðum Emily Dickinson. Sótt 16. jan. 2017.
- Mujeres Célebres – Emily Dickinson*. Mexíkósk teiknimyndasaga um Emily Dickinson. <http://revisteriaponchito.com/mcelebres/59/>. Höf. ókunnur. Sótt 2. ágúst 2019.
- „Portúgalski keppandinn alvarlega hjartveikur“. Viðtal Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur við Luisu Sobral. 11. maí 2017. <http://ruv.is/frett/portugalski-keppandinn-alvarlega-hjartveikur>. Sótt 13. maí 2017.
- „Oversettelse“. Skilgreining hugtaksins „oversettelse“ í *Store norske leksikon*. <https://snl.no/oversettelse>. Sótt 2. ágúst 2019.
- Pound, Ezra. „In a Station of the Metro“. Ljóð. <https://www.poetryfoundation.org/-poetrymagazine/browse?contentId=12675>. Sótt 10. ágúst 2019.
- Rich, Adrienne. „Vesuvius at Home. The Power of Emily Dickinson“. Grein Adrienne Rich um ljóðlist Emily Dickinson. <http://parnassusreview.com/archives/416>. Sótt 6. ágúst 2019.
- Smith, Alena. *Dickinson*. Sjónvarpsþáttaröð um líf og ljóð Emily Dickinson. 2019.
- Smith, Martha Nell. <http://www.clemson.edu/cedp/Tech%20Colloquium%202001/-Martha%20Nell%20Smith.htm>. Grein um handrit Emily Dickinson. Sótt 8. ágúst 2016.
- Spaide, Christopher. „Poetry in Review. *Half-light. Collected Poems, 1965–2016*, by Frank Bidart“. Umfjöllun um ljóðlist Frank Bidarts. <https://yalereview.yale.edu/poetry-review-half-light-collected-poems-1965-2016-frank-bidart>. Sótt 25. okt. 2018.

- „Susan Sontag, The Art of Fiction No. 143“. Viðtal Edward Hirsch við Susan Sontag. Í *The Paris Review*, 137. tbl., 1995. <https://www.theparisreview.org/interviews/1505/susan-sontag-the-art-of-fiction-no-143-susan-sontag>. Sótt 17. feb. 2017.
- „The Manuscript Books of Emily Dickinson“. Kynningartexti á vef Harvard University Press-útgáfunnar. Höf. óþekktur. <http://www.hup.harvard.edu/catalog.php?isbn=9780674548-282>. Sótt 6. ágúst 2019.
- „The Secret War of Lisa Simpson“. 25. þáttur 8. þáttaraðar um Simpson-fjölskylduna. Höfundur Richard Appel. Leikstjóri Mike B. Anderson. 1997.
- „Titanic Operas. A Poet’s Corner of Responses to Dickinson’s Legacy“. Gagnagrunnur ljóða sem ort hafa verið Emily Dickinson til heiðurs. Ritstj. Martha Nell Smith, Laura Elyn Lauth og Joseph Donahue. <http://www.emilydickinson.org/titanic-operas>. Sótt 6. ágúst 2019.
- Úlfhildur Dagsdóttir. „Höggstaður“. Umfjöllun um ljóðabók Gerðar Kristnýjar. <https://bokmenntaborgin.is/umfjollun/hoggstadur>. Sótt 4. júlí 2018.
- Wichern, Lynn. *Breath. The Passionate Life and Extraordinary Language of Emily Dickinson*. Dansverk byggt á lífi og ljóðum Emily Dickinson. 1996.

#### *Heimildir án höfundar*

- „Aldrei að gefast upp!“ *Dagblaðið Vísir – DV*. 26. okt. 2012, bls. 42.
- „Amerískir rithöfundar“. *Vikan*. 14. des. 1944, bls. 27.
- „Auglýsing“. *Lögberg-Heimskringla*. 4. nóv. 1994, bls. 16.
- „Besti vinur mannsins“. *Vikan*. 18. jan. 2000, bls. 30.
- „Blessuð veröldin“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 26. apríl 1995, bls. 44.
- „Blessuð veröldin“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 20. ágúst 1992, bls. 37.
- „Bókmenntalíf“. *Tíminn*. 7. júní 1981, bls. 32.
- „Bragð af landslaginu“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 31. maí 1997, bls. 2.
- „Bækur ársins í Bretlandi“. Þýð. ótilgreindur. *Morgunblaðið*. 26. feb. 1977, bls. 15.
- „Erlendar bækur“. Þýð. ótilgreindur. *Lesbók Morgunblaðsins*. 20. okt. 2001, bls. 2.
- „Galli eða gjöf“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 4. apríl 2012, bls. 64.
- „Hitt og þetta“. *Morgunblaðið*. 18. sept. 1924, bls. 2.
- „Hvert stefnir hjónabandið?“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 14. júlí 2010, bls. 43.
- „Ja hérna!“ *Austurland*. 14. sept. 1994, bls. 5.
- „Joseph Allard heldur fyrirlestur“. *Morgunblaðið*. 29. mars 1987, bls. 40.
- „Kvæði Dickinson á íslensku“. *Tíminn*. 8. sept. 1994, bls. 11.
- „List, eldur og Ísland“. *Morgunblaðið – Daglegt líf*. 31. mars 1995, bls. 7.
- „Ljóðskáldið Emily Dickinson“. *Morgunblaðið*. 18. des. 1988, bls. 40.

- „Lokaorð dagsins“. *Alþýðublaðið*. 22. feb. 1995, bls. 2.
- „Með morgunkaffinu“. *Morgunblaðið*. 4. nóv. 1948, bls. 14.
- „Menning og listir“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 17. des. 1988, bls. 68.
- „Movie. Belle of Amherst“. *The White Falcon. Entertainment Weekly*. 1. ágúst 1980, bls. 2.
- „Niður með meðalmennskuna!“ *Skólablaðið*. 1. okt. 1960, bls. 18–19.
- „Nýrri með hverjum deginum“. *Morgunblaðið*. 9. sept. 2006, bls. 4.
- „Spakmæli“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 13. mars 1990, bls. 29.
- „Söngfugl sálarinnar“. *Dagblaðið Vísir – DV*. 2. feb. 1993, bls. 24.
- „Tímamót“. *Fréttablaðið*. 15. maí 2006, bls. 22.
- „Tímamót“. *Fréttablaðið*. 15. maí 2008, bls. 38.
- „Tímamót“. *Fréttablaðið*. 10. des. 2009, bls. 42.
- „Um fegurð“. *Samtíðin*. 1. okt. 1942, bls. 14.
- „Vissir þú“. *Fréttablaðið*. 20. apríl 2004, bls. 8.
- „Þetta gerðist“. *Fréttablaðið*. 10. des. 2003, bls. 22.
- „Þetta gerðist“. *Fréttablaðið*. 10. des. 2004, bls. 40.
- „Þróun bandarískara [sic] bókmennta – stutt yfirlit“. Þýð. ótilgreindur. *Alþýðublaðið*. 4. júlí 1976, bls. 14.